HÆSTARÉTTARDÓMAR 1995

Efnisskrá til bráðabirgða

3. hefti

Bls.

Aðfarargerð 1900
Aðfinnslur 1715, 2001, 2002, 2277, 2336, 2461
Aðför 1997, 2016, 2026, 2169, 2214, 2282, 2372
Aðild 1706, 1799, 1994
Afréttur 2091
Almannatryggingar 2208
Andmælaréttur 2300
Ábyrgð 2130
Ávana- og fíkniefni 2474
Bankar 1807
Biðlaun 2342
Bifreiðar:
Einkamál 1727, 2194, 2249, 2288
Opinber mál 2081
Bráðabirgðalög 2417
Brot gegn 4. mgr. 220. gr. laga nr. 19/1940 2244
Dánarbú 1963
Dómarar 1673, 1676, 1846, 1847, 1977, 1978, 1979, 1980, 1981, 1982, 1983, 1984, 2079, 2080
Dómkröfur 1814, 2038
Dómstólar 2012, 2023
Eignarréttur 1819
Endurgreiðsla 2328
Farbann 1961, 2377
Fasteigna- og skipasala 1692
Fasteignakaup 1807, 1879, 2315
Févíti 2175
Fjárdráttur 2049
Fjármál hjóna 2003
Fjárnám 2003, 2214, 2270
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1752, 1789, 1887, 1963
b) frá Hæstarétti 1678, 2001, 2002, 2026,
Frávísun að hluta 1819, 2410
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 1785, 1859, 1994, 2012, 2031, 2038
Frávísunarúrskurður staðfestur 1851, 1936, 1940, 2023

Rafræn útgáfa hæstaréttardóma

Þetta PDF skjal er hluti afrakstrar skönnunar á prentuðum eintökum af dómum Hæstaréttar Íslands. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.stuff.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur þessa skjals afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Útgáfa 2.0
Önnur skönnun.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Bls.
Frelsissvipting 2351
Fyrning 2190, 2288
Galli 1879, 2148, 2315,
Gerðardómur 2034
Gjafsókn 1727, 1807
Gjaldþrot 2433, 2445
Gjaldþrotaskipti 1700, 2001, 2002, 2383
Grandleysi 2226
Greiðsla 1966, 2264
Greiðslusamningur 1760
Greiðslustaður 1706
Gæsluvarðhald:
2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1673, 1932, 1934
A-liður 103. gr. l. nr. 19/1991 1915
A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 1911, 1923
A- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991 2224
A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 1849, 1920, 1927
C-liður 103. gr. laga nr. 19/1991 2021
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1905, 1917, 2172
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 2277
Gæsluvarðhaldsvist 1908
Gögn 1890
Handveð 2445
Heimvísun 1676, 1783, 1814, 1817, 1846, 1847, 1900, 1976, 1977, 1978
1979, 1980, 1981, 1982, 1983, 1984, 2077, 2079, 2080
Hlutafélög 1777, 2328
Hótanir 2336
Hreppamörk 2091
Innsetningargerð 2026, 2282
Játningarmál 2474
Jöfnunarhlutabréf 2328
Kaup 2101
Kaupmáli 2433
Kaupsamningur 2467
Kröfugerð 1940
Kröfuréttur 2208, 2214
Kynferðisbrot 2081, 2351, 2355
Kærumál:
Aðfarargerð 1900
Aðfinnslur 2001, 2002, 2277
Aðför 1997, 2016, 2026, 2169, 2214, 2282, 2372
Aðild 1994
Dánarbú 1963

Bls.
Dómarar ... 1673, 1676, 1846, 1847
Dómkröfur ... 2038
Dómstólar ... 2012, 2023
Farbann ... 1961, 2377
Fjármál hjóna ... 2003
Fjárnám ... 2003, 2214, 2270
Frávísun:
a) frá héraðsdómi ... 1789, 1963
b) frá Hæstarétti ... 2001, 2002, 2026
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 1785, 1859, 1994 2012, 2031, 2038
Frávísunarúrskurður staðfestur ... 1851, 1936, 1940, 2023
Gerðardómur ... 2034
Gjaldþrotaskipti ... 2001, 2002
Greiðsla ... 1966, 2264
Gæsluvarðhald:
2 mgr 103 gr laga nr 19/1991 ... 1673, 1932, 1934
A-liður 103 gr laga nr 19/1991 ... 1915
A-liður 1 mgr 103 gr laga nr 19/1991 ... 1911, 1923
A- og c-liður 103 gr laga nr 19/1991 ... 2224
A- og c-liður 1 mgr 103 gr laga nr 19/1991 ... 1849, 1920, 1927
C-liður 103 gr laga nr 19/1991 ... 2021
C-liður 1 mgr 103 gr laga nr 19/1991 ... 1905, 1917, 2172
Gæsluvarðhald fellt úr gildi ... 2277
Gæsluvarðhaldsvist ... 1908
Heimvísun ... 1676, 1846, 1847, 1900
Innsetningargerð ... 2026, 2282
Kröfugerð ... 1940
Kröfuréttur ... 2214
Lagaskil ... 2163
Leigusamningur ... 2372
Leit ... 1913
Lögbann ... 1952
Lögveð ... 1966
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 2172
Málskostnaðartrygging ... 2379
Málskostnaður ... 1851
Nauðungarsala ... 1789, 1966, 1985, 2163, 2264
Nauðungasamningur staðfestur ... 1945
Opinber skipti ... 1963
Ómerking ... 1676, 1846, 1847, 1900
Samlagsaðild ... 1785
Sjómenn ... 1994

Bls.
Skjöl ... 1936
Skuldajöfnuður ... 2270
Stefnubirting ... 2031
Stjórnarskrá ... 2172, 2277
Útburðargerð ... 1997, 2016, 2372
Úthlutun söluverðs ... 1966, 2163
Veðleyfi ... 1789
Vitni ... 2169
Þjóðaréttur ... 2023
Lagaskil ... 2163
Landamerki ... 1819, 2120
Lausafjárkaup ... 1715
Lánssamningur ... 1863
Leigusamningur ... 2372
Leit ... 1913
Líkamsárás ... 2081, 2355
Líkamstjón ... 2194, 2288
Lögbann ... 1952
Lögmaður ... 1692
Lögmannsþóknun ... 2456
Lögreglurannsókn ... 2336
Lögveð ... 1966
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 2172
Matsgerð ... 2392
Málefni fatlaðra ... 1890
Málsástæður ... 1752
Málskostnaðartrygging ... 2220, 2222, 2280, 2379
Málskostnaður ... 1851
Meðdómendur ... 1783, 1817
Miskabætur ... 2081, 2355
Nauðasamningur staðfestur ... 1945
Nauðungarsala ... 1682, 1789, 1966, 1985, 2163, 2264, 2461
Nauðungaruppboð ... 2433
Opinber fjársöfnun ... 2410
Opinber skipti ... 1963
Opinberir starfsmenn ... 2336, 2342
Ógildi samninga ... 2467
Ógilding ... 2300
Ólögleg meðferð á fundnu fé ... 2235
Ómerking ... 1676, 1752, 1783, 1814, 1817, 1846, 1847, 1887
1900, 1976, 1977, 1978, 1979, 1980, 1981, 1982, 1983
1984, 2077, 2079, 2080
Peningalán ... 2190

Bls.
Prókúra 1777
Ráðgjöf 2130
Ráðningarsamningur 2342
Refsiákvörðun 2474
Riftun 2383, 2433
Sakartæming 2336
Samlagsaðild 1785
Samningalög 2101
Samningur 1745, 1749, 2042, 2154
Sekt 2244
Sératkvæði 1752, 1760, 1807, 1840, 1863, 1890, 2120, 2130, 2194 2249, 2328, 2417, 2445
Sjómenn 1994, 2208
Skaðabótamál 1840, 2288
Skaðabætur 1692, 1739, 1760, 1807, 2194, 2315, 2480
Skattar 2328
Skilorð 2235, 2244
Skipakaup 1745, 1749
Skipsleiga 2154
Skipting sakarefnis 1739
Skjalafals 1722
Skjöl 1936
Skotvopn 2244
Skriflega flutt mál 1739, 1887, 1890
Skuldabréf 1760, 1807, 1887, 2059, 2467
Skuldajöfnuður 1700, 2059, 2270, 2445
Skuldamál 1792, 2115
Slysatrygging ökumanns 2194
Stefnubirting 2031
Stjórnarskrá 2172, 2277, 2417
Stjórnsýsla 1890, 2300
Sveitarfélög 2091
Sönnun 1792, 2042, 2049, 2115, 2148
Tilboð 2130
Tilraun 2355
Tómlæti 1715
Tryggingarbréf 2064, 2226
Umboð 1777, 1799
Upptaka 2244, 2474
Upptaka eigna 2410
Útburðargerð 1997, 2016, 2372
Útgerð skips 1799
Úthlutun söluverðs 1966, 2163

Bls.
Úthlutun uppboðsandvirðis 1682
Vanefndir 2101, 2461
Vanheimild 1715
Vanhæfi 1817
Vátrygging 1727
Vátryggingasamningur 2249
Veðleyfi 1789, 1807
Veðréttur 2064, 2226
Veðsetning 1760
Veðskuldabréf 1863, 2480
Veiðiheimildir 2154
Verðtrygging 2064
Verksamningur 1739, 1756, 1783, 2101, 2130, 2148, 2175, 2392
Verslunarskuld 1799
Vextir 1682, 2064, 2328
Viðskiptabréfareglur 1887
Vinnusamningur 1739
Vinnuslys 1840
Vitni 2169
Víxilmál 1678, 1706
Þagnarskylda 1890
Þinglýsing 2064, 2226, 2480
Þjóðaréttur 2023
Þjófnaður 2235
Þungaskattur 2300
Ökuleyfissvipting 2081
Ökumannstrygging 2249
Ölvun við akstur 2081, 2249
Örorka 1727
Örorkubætur 2194
Örorkumat 2194, 2288

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXV. árgangur. 3. hefti. 1995

Þriðjudaginn 13. júní 1995.

Nr. 198/1995. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Joseph Georg Adessa
(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1990. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Jóni Finnbjörnssyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í greinargerð til Hæstaréttar hefur varnaraðili talið það fara í bága við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 80/1995, að fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi kveðið upp hinn kærða úrskurð. Hefði settur eða skipaður héraðsdómari átt að fjalla um kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila.

Svo sem 6. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, er úr garði gerð, verður hún ekki talin girða fyrir, að fulltrúar við héraðsdómstóla kveði upp rannsóknarúrskurði í opinberum málum, þar á

meðal gæsluvarðhaldsúrskurði. Var að þessu álitaefni sérstaklega vikið við meðferð frumvarps til síðastnefndra laga á Alþingi, svo sem álit allsherjarnefndar frá 29. maí 1995 ber með sér. Verður því að miða við, að fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi verið bær til að kveða upp úrskurð um, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi.

Hinn 30. maí 1995 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila, meðal annars fyrir líkamsárás, sem þar er talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Brot þetta, sem varnaraðili hefur játað aðild að, getur varðað fangelsi allt að 16 árum. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Það athugast, að upphafstími gæsluvarðhaldsvistar varnaraðila var ekki tilgreindur í hinum kærða úrskurði, sbr. 2. mgr. 105. gr. laga nr. 19/1991, en hann hafði við uppkvaðningu hans enn ekki lokið afplánun eftirstöðva 12 mánaða fangelsisrefsingar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 1995.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Joseph Georg Adessa, kt. 190977-4639, Aðallandi 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi frá sunnudeginum 11. júní nk., þar til dómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 5. júlí nk. kl. 8.00.

Kærði og verjandi hans mótmæltu kröfunni.

Með ákæru, dags. 30. maí 1995, er höfðað opinbert mál á hendur kærða. Honum eru þar gefin að sök þrjú brot gegn almennum hegningarlögum. Eru brotin heimfærð í ákærunni til 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. auk brots gegn 2. mgr. 218. gr., sem er lýst svo:

„. . . líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. febrúar við hús númer 18 við Hafnarstræti stungið Kristján Braga Valsson, fæddan 14. nóvember 1978, með hnífi í vinstri síðu ofan við mjaðmarspaða, svo að hann hlaut holsár inn undir ósæð aftan við kviðarhol".

Við þingfestingu málsins, sem skráð er nr. S-594/1995, játaði kærði hnífstungu þessa svo og brot það, sem heimfært er til 217. gr.

Þá er til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins ætlað brot ákærða

gegn 1. mgr. 106. og 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga með árás á fangavörð í Síðumúlafangelsi.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1994 var kærða gert að sæta fangelsi 12 mánuði fyrir brot og tilraun til brots gegn 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga. Hann hóf afplánun á þeirri refsingu, en var veitt reynslulausn skilorðsbundið 9. nóvember 1994. Vegna skilorðsrofa hóf hann afplánun eftirstöðva refsingarinnar 12. febrúar sl., og lýkur þeirri afplánun 11. þ. m.

Niðurstaða.

Ríkissaksóknari styður kröfu um gæsluvarðhald við 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði hefur afplánað refsingu, frá því að hann var handtekinn vegna ofangreindrar hnífstungu. Brot þetta er alvarlegt, þó að afleiðingar þess sýnist hafa orðið minni en búast mátti við, en kærði beitti hnífi með 13 cm löngu blaði. Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. er nauðsynlegt, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, og verður því markaður upphafstími og lok í samræmi við kröfugerð ákæruvalds.

Úrskurðarorð:

Kærði, Joseph Georg Adessa, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nr. S-594/1995, þó ekki lengur en til miðvikudags 5. júlí nk. kl. 8.00.

Miðvikudaginn 14. júní 1995.

Nr. 202/1995. **Vilhjálmur Thomas**
(Ingólfur Hjartarson hrl.)
gegn
Stellu Jóhannsdóttur

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. júní sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. maí 1995, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 12. september 1994 um að stöðva nauðungarsölu á eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Skipasundi 31 í Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hrundið verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 12. september 1994. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 352/1993. **Bergljót Ólafsdóttir og Jón Franklín**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1993. Þau krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þingsókn féll niður í héraði af hálfu áfrýjandans Jóns Franklín í þinghaldi 16. júní 1993. Honum er því óheimilt að áfrýja héraðsdóminum vegna ákvæða 4. mgr., sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, hvað áfrýjun hans varðar.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandinn Bergljót Ólafsdóttir uppi nýjum málsástæðum, sem stefndi hefur mótmælt sem of seint fram komnum. Þar sem skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, er ekki fullnægt, koma aðrar málsástæður ekki til álita fyrir Hæstarétti en þær, sem áfrýjandinn hafði uppi í héraði.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar áfrýjandann Bergljótu Ólafsdóttur. Verða áfrýjendur dæmd sameiginlega til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti, að því er varðar áfrýjandann Jón Franklín.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er varðar áfrýjandann Bergljótu Ólafsdóttur.

Áfrýjendur, Bergljót Ólafsdóttir og Jón Franklín, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní sl., höfðaði Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Laugavegi 31, Reykjavík, með stefnu, birtri 10. júní 1992, gegn A.b.m.-umboðinu hf., kt. 500588-1529, Gljúfraseli 8, Reykjavík, Guðmundi Franklín Jónssyni, kt. 191149-4089, Gljúfraseli 8, Reykjavík, Bergljótu Ólafsdóttur, kt. 300616-4969, Álfheimum 42, Reykjavík, og Jóni Franklín, kt. 160414-2359, Hrafnistu v/Kleppsveg, Reykjavík.

Undir rekstri málsins féll stefnandi frá kröfum á hendur stefndu Guðmundi Franklín og A.b.m.-umboðinu hf.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu Bergljót Ólafsdóttir og Jón Franklín verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda 5.858.247 kr. auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu Bergljótar Ólafsdóttur eru krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnað [...].

Stefndi Jón Franklín lét sækja þing og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar. Undir rekstri málsins féll niður þingsókn af hálfu stefnda Jóns. Verður því skv. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið, að því er stefnda Jón varðar, eftir fram komnum kröfum, gögnum og málatilbúnaði stefnanda með tilliti til þess, sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

Málavextir og málsástæður stefnanda.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skuldar samkvæmt víxli, að fjárhæð 5.858.247 kr., út gefnum 2. janúar 1992 af Guðmundi Franklín Jónssyni og samþykktum af A.b.m.-umboðinu hf., til greiðslu við sýningu í Iðnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík, ábektum af útgefanda, Bergljótu Ólafsdóttur, og Jóni Franklín. Víxillinn var afsagður 8. maí 1992.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1933. Málið var höfðað skv. XVII. og XX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Um dráttarvexti á málskostnað er vísað til 3. mgr. 175. gr. laga nr.

85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er stefnandi ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Af hálfu stefnanda er tekið fram, að málið sé höfðað og rekið sem víxilmál, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 118. gr. Frekari varnir en þar eru heimilaðar fái ekki komist að í málinu. Ósannað sé, að víxillinn sé á einhvern hátt greiddur, enda beri hann ekkert slíkt með sér.

Við munnlegan málflutning var öllum vörnum stefndu mótmælt og því haldið fram, að þær fengju ekki komist að í máli, sem rekið væri eftir XVII. kafla einkamálalaga.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að víxilkrafa þessi sé greidd. Samið hafi verið 8. febrúar 1992 (svo í greinargerð) af hálfu stefnda Guðmundar Franklín Jónssonar og Sigurðar Ólasonar við stefnanda um, að skuld vegna erlendrar ábyrgðar, sem stefnandi tókst á hendur vegna stefnda A.b.m.-umboðsins hf., sem víxilkrafa þessi er risin af, skyldi greidd með andvirði fjögurra íbúða ásamt bílskýlum að Lækjargötu 34, E-húsi, Hafnarfirði, sbr. fram lagða yfirlýsingu.

Þeirri ráðstöfun stefnanda að nota ekki andvirði fyrrgreindra íbúða til greiðslu á hinni umstefndu skuld hafi verið skotið til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. dskj. 5. Stefndi Guðmundur Franklín Jónsson og Sigurður Ólason hafi margsinnis krafið stefnanda svara um grundvöll fyrrgreindrar ráðstöfunar bankans og einnig um nákvæmt uppgjör vegna viðskipta þeirra við stefnanda, en án árangurs.

Verði ekki fallist á ofangreinda málsástæðu, er sýknukrafa stefndu rökstudd með því, að víxileyðublaðið, sem málið er af risið, hafi verið afhent stefnanda „in blanco" í ágúst 1988 til tryggingar erlendri ábyrgð fyrir stefnda A.b.m.-umboðið, sbr. ódagsetta yfirlýsingu stefndu á dskj. 6, sem stefndu Jón Franklín og Bergljót Ólafsdóttir hafa ábekt. Víxileyðublaðið hafi verið án útgáfudags, gjalddaga og fjárhæðar. Stefnanda hafi verið óheimilt að fylla út víxileyðublaðið, þ. e. ekki fyrr en a. m. k. tveimur og hálfu ári eftir, að umrætt víxileyðublað var afhent bankanum. Þá hafi stefnda A.b.m.-umboðið hf. verið fyrir allnokkru hætt allri starfsemi. Beiðni um gjaldþrotaskipti hafi borist skiptarétti Reykjavíkur á hendur stefnda Guðmundi Franklín Jónssyni 19. júní 1991 á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Úrskurður um skipti hafi verið upp kveðinn 19. febrúar

1992. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að A.b.m.-umboðið hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 16. mars 1993.

Í þriðja lagi er sýknukrafa stefndu rökstudd með því, að víxilkrafan, sem málið er af risið, hafi verið til tryggingar erlendri ábyrgð stefnanda fyrir SEK 538.760, og hafi ábyrgðin átt að gilda til 1. ágúst 1990. Stefnanda hafi eftir það tímamark verið óheimilt að fylla út víxileyðublað það, sem málið er af risið, auk þess sem fjárhæðin sé röng.

Niðurstaða.

Fullyrðing af hálfu stefndu um, að víxilkrafan sé greidd, er rökstudd með vísan til fram lagðs skjals, dags. 8. febrúar 1991, þar sem Sigurður Ólason og Guðmundur F. Jónsson lýsa sig samþykka hugmynd Íslandsbanka þess efnis, að Íslandsbanki kaupi af Guðmundi Franklín Jónssyni og Sigurði H. Ólasyni fjórar íbúðir að Lækjargötu 34. Yfirlýsing þessi er ekki sönnun um, að víxillinn, sem málið er af risið, sé greiddur. Fram lagt bréf lögmanns stefndu til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og svar bankaeftirlitsins breytir ekki þessari niðurstöðu.

Hafi stefnanda verið afhent víxileyðublaðið „in blanco", verður að telja, að í þeirri afhendingu hafi falist heimild handa stefnanda til þess að útfylla blaðið, sbr. 10. gr. laga nr. 93/1933. Eigi hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi farið út fyrir þá heimild.

Sú varnarástæða stefndu, að stefnanda hafi verið óheimilt að skrá þann útgáfudag á víxilinn, sem skráður er, fær gegn andmælum stefnanda ekki komist að í máli þessu. Sama er um varnarástæðu á því reista, að fjárhæð víxilsins sé röng.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ber að taka kröfur stefnanda, sem er handhafi víxilsins, sem er lögformlegur sýningarvíxill, út gefinn, eins og að framan hefur verið rakið, 2. janúar 1992 og afsagður sökum greiðslufalls 8. maí 1992, til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Eftir atvikum telst málskostnaður hæfilega ákveðinn 250.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Bergljót Ólafsdóttir og Jón Franklín, greiði in solidum stefnanda, Íslandsbanka hf., 5.858.247 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 8. maí 1992 til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 8. maí 1993. Stefndu greiði stefnanda 250.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 137/1993. **Stálskip hf.**
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf.
(Sveinn Sveinsson hrl.)

Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1993. Hann krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnda, til vara, að sér verði aðeins gert að greiða 1.669.863 krónur og til þrautavara 2.066.164 krónur, í báðum tilvikum með hlutfallslegum vöxtum, sem fallið hafa á innstæðu á geymslureikningi nr. 13955 í Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti en um málskostnað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal verað óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Stálskip hf., greiði stefnda, þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Sveinn Sveinsson hdl., kt. 020248-2979, skiptastjóri þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., höfðað fyrir dóminum f. h. þrotabúsins á hendur Ágústi Sigurðssyni, Birkihvammi 3, Hafnarfirði, stjórnarformanni í Stálskipum hf., kt. 580271-0149, Trönuhrauni 6, Hafnarfirði, f. h. Stálskipa hf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.230.313 kr. og til að hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem lagt var inn á geymslureikning (deponerað) við Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein, dags. 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25.

Enn fremur er þess krafist, að allir áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni við útborgun hennar falli til stefnanda.

Þá er þess krafist, að málskostnaður verði dæmdur skv. gjaldskrá LMFÍ og virðisaukaskattur á hann, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga og að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

1. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu hluta, 1.669.863 kr., af geymslufé því, sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt hlutfallslegum áföllnum vöxtum, allt skv. nánari ákvörðun dómsins.

2. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu hluta, 2.066.164 kr., af geymslufé því, sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt hlutfallslegum áföllnum vöxtum, allt skv. nánari ákvörðun dómsins.

3. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu alls þess geymslufjár, 5.230.313 kr., sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt áföllnum vöxtum.

4. varakrafa: Að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og vaxtafótur færður niður.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda ásamt virðisaukaskatti.

Dómari leitaði sátta með aðilum, en án árangurs.

Í greinargerð stefnda var aðalkrafa hans frávísun málsins. Frá þeirri kröfu féll stefndi í þinghaldi 15. október sl. Er aðalkrafa stefnda því nú hin sama og 1. varakrafa hans skv. greinargerð o. s. frv.

Í stefnu krafðist stefnandi upphaflega dráttarvaxta af stefnufjárhæð frá 28. 8. 1989 til greiðsludags, en við aðalmeðferð breytti hann kröfu sinni að þessu leyti í það horf, sem hún er í skv. framanskráðu.

I.

Málavextir eru þeir, að á nauðungaruppboði, sem haldið var af sýslumanni Barðastrandarsýslu 28. ágúst 1989 á Patreksfirði á bv. Sigurey, BA-25, sem var í eigu stefnanda, var stefndi hæstbjóðandi. Bauð hann 275.500.000 kr. í skipið, og skv. uppboðsskilmálum var uppboðskaupendum boðið að greiða 1/4 hluta uppboðsverðsins, strax og tilboð væri samþykkt, en afganginn innan tveggja mánaða, að svo miklu leyti sem það fengi ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign.

Tilboð stefnda var samþykkt 11. september 1989, og greiddi hann þá 1/4 uppboðsfjárhæðarinnar, 64.375.000 kr.

Skipið var afhent stefnda 21. september 1989.

Stefndi greiddi uppboðsrétti Barðastrandarsýslu 68.336.442 kr. 10. nóvember 1989, og daginn áður lagði hann 5.230.313 kr. inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði. Ástæða þess var sú, að stefndi tók á sig skuldir við Fiskveiðasjóð Íslands, Landsbanka Íslands og ríkissjóð Íslands, sem á uppboðsdegi námu samtals 119.558.245 krónum, en námu hins vegar 124.788.558 kr. 7. 11. 1989, er þær voru útreiknaðar. Mismunurinn er því umræddar 5.230.313 kr., sem stefndi „deponeraði". Ágreiningslaust er með aðilum, að stefndi hafi gert full skil á uppboðsandvirðinu, ef frá er skilin ofangreind deponeringarfjárhæð, sem er sú tala, er stefndi telur, að greiðsla til þrotabús stefnanda eigi að lækka um vegna hækkunar yfirtekinna skulda frá uppboðsdegi til 7. 11. 1989. Stefnandi telur aftur á móti, að miða beri við uppboðsdag við alla útreikninga.

Í uppboðsafsali til stefnda, dagsettu 8. 12. 1989, segir m.a.:

„Uppboðskaupandi hefur skilyrt greiðslu af hluta uppboðsandvirðisins, að fjárhæð 5.230.313 kr.; er gerður fyrirvari við útgáfu uppboðsafsalsins um vexti og dráttarvexti á nefndum eftirstöðvum."

Yfirteknar skuldir voru gengis- og verðtryggðar.

Í bréfi stefnda til Útvegsbanka Íslands hf., dagsettu 9. 11. 1989, þar sem umræddar 5.230.313 kr. eru geymdar, segir svo:

„Stálskip hf., Hafnarfirði, leyfir sér að setja sem geymslufé, depositum, skv. lögum nr. 9/1978, inn á reikning hjá stofnun yðar 5.230.313 kr. með eftirfarandi skilmálum:

Á nauðungaruppboði, sem fram fór á Patreksfirði 28. 8. 1989, keypti Stálvík hf. bv. Sigurey, BA-25, fyrir 257.500 kr. Ágreiningur hefur risið um það, við hvaða tímamark eigi að miða yfirtöku áhvílandi veðskulda við Landsbanka Íslands, lán nr. 01-02-0132, nr. 12-03-0132, nr. 01-97-5301, Fiskveiðasjóð Íslands, lán nr. 20290, 6911, BS-28, og við ríkissjóð Íslands, áhvílandi 5. veðr. Bv. Sigurey. Sýslumaður Barðstrendinga telur, að miða eigi við uppboðsdag 28. 8. 1989, en Stálskip hf. vill miða við 7. 11. 1989, þegar lánin voru reiknuð út. Skv. hjálögðum útreikningi á lánunum er mismunur á þessum 7 lánum, hvort miðað er við uppboðsdaginn 28. 8. 1989 annars vegar og 7. 11. 1989 hins vegar 5.230.313 kr., hvað lánin eru hærri á síðari tímapunktinum. Eigi að miða við síðari tímapunkt, lækkar greiðsla Stálskips hf. til þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. um sömu upphæð. Mál þetta verður lagt til úrskurðar uppboðsréttar Barðastrandarsýslu. Verði niðurstaða réttarins og þá á eftir Hæstaréttar, verði málinu áfrýjað, sú, að miða beri við fyrri tímapunkt, skal upphæðin ásamt vöxtum greidd sýslumanninum í Barðastrandarsýslu vegna þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. Verði niðurstaðan hins vegar sú, að miða beri við síðari tímapunkt, ber að endurgreiða Stálskipi hf. upphæðina ásamt vöxtum. Verði farin millileið, skal upphæðin skiptast í samræmi við endanlegan dóm."

Í þinghaldi 15. október sl. var eftirfarandi bókað eftir lögmönnum aðila:

„Aðilar komast að eftirfarandi samkomulagi: Þrátt fyrir ákvæði á dskj. 11 um að greind deponering standi á bak við úrskurð uppboðsréttar Barðastrandarsýslu, samþykkja aðilar, að deponeringin standi á bak við dóm í þessu bæjarþingsmáli, eins og það hefði upphaflega verið sett í texta deponeringarinnar, enda verði kvittun fyrir deponeringunni lögð fram í næsta þinghaldi. Með þessu samkomulagi fellur stefndi frá frávísunarkröfu í málinu."

Í málinu var lögð fram svohljóðandi yfirlýsing sýslumanns Barðastrandarsýslu, dagsett 20. nóvember 1990:

„Uppboðshaldarinn í Barðastrandarsýslu lýsir því hér með yfir, að hann sé samþykkur því, að málið:

Þrotabú Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf.

gegn

Stálskipum hf.

verði flutt og dæmt á bæjarþingi Hafnarfjarðar og dómur, sem þar fellur, taki til þeirrar deponeringar, sem fram hefur verið lögð í málinu."

Framangreindir skilmálar vegna deponeringarinnar voru lagðir fram sem dskj. 11, kvittun fyrir deponeringu sem dskj. 19 og framangreind yfirlýsing uppboðshaldarans í Barðastrandarsýslu sem dskj. 17.

II.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á þeim málsástæðum og rökum, að ekki leiki vafi á, að stefnda beri að greiða stefnanda stefnufjárhæðina. Stefndi hafi boðið 257.500.000 kr. í skipið á uppboðsþingi 28. 8. 1989. Af þeirri fjárhæð hafi hann nú greitt 252.261,87 kr., sbr. dskj. 3, endurrit úr uppboðsbók Barðastrandarsýslu, en sú fjárhæð hafi skipst þannig, að 232.234.101 kr. hafi verið greidd veðhöfum, en 25.265.899 kr. hafi verið greiddar stefnanda. Stefndi hafi sjálfur greitt kröfur veðhafa að mestu.

Þá komi skýrt fram í úthlutunargerð uppboðsréttar Barðastrandarsýslu, skráðri í uppboðsbók 21. 11. 1989, hvaða fjárhæðir í krónum talið það séu, sem kröfuhafar hafi gert kröfu um í uppboðsandvirðið, bæði hvað varðar lögveðskröfur og veðkröfur.

Sömu kröfur komi og fram í uppboðsafsali í uppboðsbók 8. 12. 1989, sbr. dskj. 4. Þessi tvö endurrit úr uppboðsbók, þ. e. dskj. 3 og 4, beri svo skýrt með sér sem verða megi, hverjar kröfur uppboðsbeiðendur og aðrir veðhafar telji sig eiga til uppboðsandvirðisins. Þeir geti aldrei fengið hærri greiðslu af uppboðsandvirðinu en krafa þeirra hljóðaði um, enda hafi enginn þeirra síðar gert slíka kröfu fyrir uppboðsréttinum.

Þá séu fullyrðingar stefnda um, að við frágang á kröfum við veðhafa hafi hann orðið að greiða eða taka á sig hærri fjárhæðir en kröfur þeirra í uppboðsandvirðið námu, uppboðsréttinum og stefnanda óviðkomandi. Stefnandi sem eigandi þess, er upp var boðið, geti ekki þurft að gjalda fyrir það, enda þótt veðhöfum hafi tekist að hlunnfara stefnda við uppgjör hans á kröfunum. Uppboðsskilmálarnir hafi verið skýrir. Samkvæmt 3. gr. þeirra hafi uppboðskaupanda verið boðið að skipta greiðslu uppboðsverðsins þannig:

1. „Kaupandi borgi, um leið og boð hans er samþykkt, 1/4 hl. kaupverðs.

2. Innan tveggja mánaða, frá því að boð hans er samþykkt, greiði hann eftirstöðvar kaupverðsins, að svo miklu leyti sem það fær ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign."

Stefndi hafi kosið að notfæra sér greiðsluskilmála uppboðsandvirðisins að öðru leyti en því, að hann hafi ekki talið sig eiga að standa skil á 5.230.313 kr. Stefnandi telji það á hinn bóginn algera fjarstæðu, að stefndi

geti sloppið við að greiða tilboðsfjárhæð sína, sem ákveðin hafi verið í íslenskum krónum. Stefndi geti því aldrei sem uppboðskaupandi komið sér hjá því að greiða uppboðsandvirðið miðað við þær forsendur, sem verið hafi til staðar á uppboðsdeginum. Kröfur veðhafa hafi verið ákveðin krónutala á uppboðsdegi, og byggir uppgjör við þá vegna uppboðsmálsins á sömu forsendum. Þeir hafi lýst kröfum sínum í uppboðsandvirðið miðað við stöðu lánanna á uppboðsdegi, og samkvæmt uppboðsskilmálunum hafi þeir því orðið að sætta sig við að fá sömu fjárhæð greidda í lok tveggja mánaða frestsins, eins og fjárhæð þeirra hafi staðið á uppboðsdegi. Þá geti það, að stefndi semji beint við veðhafana, ekki skert rétt síðari veðhafa eða þrotabúsins, eins og ástatt sé í máli þessu. Uppboðskaupandi verði að standa uppboðsréttinum skil á nákvæmlega þeirri krónutölu, sem hann hafi boðið í uppboðsandlagið á uppboðsdegi. Vísitölubreytingar eða gengisbreytingar á veðskuldum frá uppboðsdegi til greiðsludags geti aldrei haft áhrif á heildargreiðslur til veðhafa. Þá sé ljóst, hvort sem um veðhafa eða uppboðsþola sé að ræða, að óhugsandi sé annað en þeir megi treysta þeirri uppboðsfjárhæð, sem fram komi á uppboðsdegi, og fyrir veðhafa, sem sjái þannig kröfu sinni borgið, sé óþolandi og fái ekki staðist, að síðar geti hann átt von á því að fá lítið eða ekkert upp í kröfu sína.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til uppboðslaga nr. 57/1949, s. s. 35. gr. og 2. mgr. 47. gr.

III.

Stefndi rökstyður aðalkröfu sína um sýknu með því, að það séu grundvallarreglur í lögfræði, að við úthlutun uppboðsandvirðis beri að hafa eftirfarandi grundvallarreglur í huga: Fyrst greiðist sjóveðs- og lögveðskröfur, næst greiðist að fullu kröfur 1. veðréttarhafa, áður en nokkuð greiðist upp í kröfur 2. veðréttarhafa, o. s. frv. Ekki sé hægt án samþykkis 1. veðréttarhafa að skerða kröfur hans til þess að ívilna síðari veðhöfum.

Uppboðsskilmálar og uppboðslög geri ráð fyrir því, að uppboðsverð geti uppboðskaupandi greitt á tvennan hátt, annars vegar með peningum og hins vegar með yfirtöku veðskulda. Oftast sé því svo farið, að hluti sé greiddur með peningum og hluti með yfirteknum skuldum.

Samkvæmt uppboðsskilmálum, dskj. 5, skyldi kaupverð greitt þannig, að 1/4 hluta skyldi greiða við samþykkt tilboðs, og hafi það verið gert. Þá segi á sama dskj., að innan tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs skuli greiða eftirstöðvar með peningum, að svo miklu leyti sem það verði ekki gert með yfirtöku skulda. Óumdeilt sé, að þessar eftirstöðvar, sem nema 3/4 hlutum uppboðsverðsins, skuli greiða án vaxta, vísitölu eða annarra verðbóta, svo framarlega sem þær séu greiddar innan þessara tveggja mánaða. Greiðsla

þessi hafi farið fram innan tveggja mánaða, svo að ágreiningslaust sé, að hefði stefndi kosið að greiða allar eftirstöðvarnar í peningum, 193.125.000 kr., hefði engin krafa verið gerð á hendur honum um neinar viðbætur. Uppboðskaupverðið, 257.500.000 kr., sé óhagganleg fjárhæð í þessu sambandi, sem vinna verði út frá.

Í kröfulýsingum Fiskveiðasjóðs, Landsbanka Íslands og ríkissjóðs Íslands, sbr. dskj. 8, 9 og 10, sé kröfum lýst eins og þær stóðu á uppboðsdegi 28. 8. 1989, en í þeim sé engin yfirlýsing í þá átt, að þessir aðilar falli frá hækkun skuldanna fram til afsalsdags eignarinnar eða þess dags, sem krafa þeirra verði greidd. Þeir eigi því rétt á greiðslu kröfunnar á gengi þess dags, sem greiðsla fari fram, og það þótt gengismunur skerði hlut síðari veðhafa. Þá sé ágreiningslaust, að þessi munur, þ. e. miðað við uppboðsdag annars vegar og 7. 11. 1989 hins vegar í útreikningum, nemi stefnufjárhæðinni, 5.230.313 kr.

Stefndi hafi tekið við þessum skuldum innan tveggja mánaða frá samþykkt tilboðsins, þ. e. 10. nóvember 1989, og beri þess vegna að reikna út kröfuna, bæði hvað gengi og vexti varði, út frá þeim degi. Af hagkvæmnisástæðum hjá stefnda hafi útreikningur hins vegar farið fram 7. 11. 1989, og sé stefndi reiðubúinn að hlíta því, jafnvel þótt útreikningur þremur dögum síðar hefði komið honum betur. Þetta hafi verið staðfest við uppboðsrétt Barðastrandarsýslu. Kröfuhafar hafi hins vegar ekki verið reiðubúnir til þess að fella niður kröfur sínar, sem nemi hækkun skulda á nefndu tímabili. Þennan mismun verði stefndi því að greiða, og ef viðurkenna ætti sjónarmið stefnanda í málinu, myndi kaupverð skipsins hækka um 5.230.313 kr. Sú geti hins vegar ekki orðið raunin.

1. varakröfu sína miðar stefndi við útreikninga á yfirteknum skuldum framangreindra þriggja aðila miðað við afhendingu skipsins 21. 9. 1989, og hefði munurinn þá orðið 1.669.863 kr., sem stefnda bæri að greiða, en varðandi 2. varakröfu, sem miðaðist við samþykktardag tilboðs, væri munurinn 2.066.164 kr., sem stefnda bæri að greiða. En að öðru leyti yrði stefndi þá sýknaður, því að telja verði, að með greiðslu sinni inn á geymslureikning skv. 1. gr. laga nr. 9/1978 svo og skv. öðrum greinum laganna yrði að telja, að stefndi hefði staðið við skuldbindingar sínar að fullu. Stefnandi geti þá gengið að þeirri fjárhæð, sem rétturinn úrskurði, ásamt áföllnum vöxtum á þá fjárhæð.

3. varakröfu sína miðar stefndi við, að fallist dómurinn ekki á 1. eða 2. varakröfu, verði litið svo á, að með greiðslu á öllu geymslufénu hafi stefndi fullnægt að öllu leyti skyldum sínum við stefnanda, og beri því að sýkna hann gegn því, að stefnandi fái geymslufé greitt út.

4. varakrafa stefnda varðaði vaxtafót í kröfum stefnanda, og þar sem stefnandi hefur fallið frá dráttarvaxtakröfu sinni, en heldur sig við áfallna vexti af geymslufénu, kemur þessi varakrafa ekki til álita.

IV.

Niðurstaða réttarins.

Eins og að framan er rakið, snýst ágreiningur málsaðila um það í grófum dráttum, hvort uppboðskaupanda, stefnda, hafi verið heimilt að draga frá greiðslu uppboðsandvirðis bv. Sigureyjar, BA-25, þær 5.230.313 kr., sem hann deponeraði og eru sama fjárhæð og yfirtekin lán þriggja aðila hækkuðu frá uppboðsdegi til 7. 11. 1989, er þau voru uppreiknuð m. v. yfirtökudag, sem var reyndar þremur dögum síðar, eða hvort stefndi verði að taka þá hækkun á sig og beri því að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð.

Ágreiningslaust er með aðilum, að miðað við uppboðsskilmála hafi veðhafar og aðrir kröfuhafar einungis átt kröfu í uppboðsandvirðið miðað við stöðu krafna þeirra á uppboðsdegi, svo fremi þær væru greiddar innan tveggja mánaða frá samþykkt kauptilboðs.

Ágreiningslaust er einnig, að þeir þrír aðilar, sem sömdu við stefnda um, að lán þeirra stæðu áfram á hinni seldu eign, lýstu kröfum sínum í uppboðsandvirðið m. v., hvernig þær stóðu á uppboðsdegi.

Boð stefnda í skipið, að fjárhæð 257.500.000 kr., var samþykkt af uppboðsrétti. Það er því sú fjárhæð, sem stefnda bar skilyrðislaust að sýna uppboðsrétti fram á, að hefði verið greidd innan þeirra tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs, sem uppboðsskilmálar kváðu á um, annaðhvort með greiðslum til uppboðsréttarins með því að sýna skilríki fyrir greiðslu til einstakra veðhafa eða með því að sýna skilríki fyrir heimild til yfirtöku lána, sem áfram mættu standa á uppboðsandlaginu.

Veðhafar og aðrir þeir, sem rétt áttu til greiðslu af uppboðsandvirðinu, lýstu kröfum sínum fyrir uppboðshaldara. Hann deildi uppboðsandvirðinu niður á kröfuhafa eftir því, sem lög stóðu til og uppboðsandvirði hrökk til, og þá í samræmi við kröfugerð þeirra. Það, sem eftir stóð, skyldi síðan renna til uppboðsþola.

Þeir aðilar, sem samþykktu, að lán þeirra stæðu áfram á hinu selda skipi, gerðu kröfu til uppboðsandvirðisins miðað við stöðu krafna þeirra á uppboðsdegi og áskildu sér ekki vexti, vísitöluhækkanir eða aðrar verðbætur í kröfugerð sinni.

Uppboðshaldari úthlutaði uppboðsandvirði á grundvelli kröfugerða í það. Uppboðskaupandi átti því að standa skil á uppboðsandvirðinu í samræmi við úthlutun uppboðsréttar. Óumdeilt er, að þeir, sem áttu rétt til uppboðsandvirðisins, áttu ekki rétt til vaxta eða annarra verðbóta frá upp-

boðsdegi til greiðsludags, væru greiðslur inntar af hendi innan umrædds tveggja mánaða tíma. Telja verður hið sama eiga við, þegar um yfirtekin lán er að ræða, að því er varðar rétt til uppboðsandvirðisins. Þótt yfirtekin lán hafi hækkað frá uppboðsdegi til yfirtökudags þeirra eða annarra þeirra tímamarka, er í varakröfum stefnda getur, er ekki fallist á þann skilning stefnda, að sú hækkun skuli bætt af uppboðsandvirðinu. Slíkt myndi leiða til skerðingar á rétti annarra veðhafa eða uppboðsþola í þessu tilviki, sem hafi mátt treysta því, að úthlutunargerð yrði í samræmi við kröfur þær, sem lýst var í uppboðsandvirðið og tóku mið af stöðu krafna á uppboðsdegi.

Gagnvart uppboðsandvirðinu verður uppboðskaupandi því að hlíta þeim rétti, sem þeir veðhafar, er samþykktu, að lán þeirra stæðu áfram á hinu selda, áttu til þess miðað við kröfugerð þeirra. Uppboðskaupandi getur aldrei öðlast meiri rétt en þeir, hvað þetta varðar, enda væri óeðlilegt í alla staði og raskaði rétti annarra kröfuhafa, sem greiðslur eiga að fá af uppboðsandvirðinu, að uppboðskaupandi gæti dregið yfirtöku lána til síðasta dags og með því skert það, sem í hlut annarra ætti að koma af uppboðsandvirðinu vegna hækkunar á yfirteknum lánum frá uppboðsdegi. Það verður því að telja uppboðskaupanda í sjálfsvald sett, hvort hann tekur á sig áfallandi vexti og aðrar verðbætur vegna yfirtekinna lána frá uppboðsdegi eða hvort hann kýs að losna við slíkt með því að greiða þau lán upp m. v. gengi þeirra á uppboðsdegi. Þessi skilningur er í samræmi við 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1949, en þar segir:

„Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu af veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji."

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða réttarins sú, að kröfur stefnda um sýknu hvort sem er að öllu leyti eða að hluta skv. varakröfum, eru ekki teknar til greina, enda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á rétt sinn með þeim málsástæðum, er kröfur hans eru reistar á, og breytir það í engu þessari niðurstöðu, við hvaða tímamörk er miðað varðandi kröfur stefnda; samþykktardag tilboðs, afhendingu skips eða yfirtökudag skulda.

Stefndi verður því talinn hafa vanefnt uppboðsskilmála með því að greiða ekki þann hluta uppboðsandvirðisins, sem mál þetta snýst um, þ. e. umræddar 5.230.313 kr., innan þeirra tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs, sem uppboðsskilmálar kváðu á um. Geymslugreiðsla stefnda haggar því ekki, að um vanefnd af hans hálfu var að ræða. Hún var bundin skilyrðum, eins og að framan er rakið, svo að stefnandi átti ekki annarra kosta völ en höfða mál til heimtu kröfu sinnar.

Þá leiðir það ekki til sýknu, þótt síðasta varakrafa stefnda sé samhljóða endanlegri dómkröfu stefnanda varðandi fjárhæð og áfallna vexti.

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða réttarins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 5.230.313 kr. og hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla tildæmdrar fjárhæðar allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem stefndi lagði inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein með deponeringu, dags. 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, og að áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni falli til stefnanda við útborgun geymslufjárins.

Málskostnaður, er stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 600.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, og skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Stálskip hf., greiði stefnanda, þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. 5.230.313 kr., og skal stefndi hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem stefndi lagði inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands hf., Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein með deponeringu, dagsettri 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, og að áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni falli til stefnanda við útborgun geymslufjárins.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, og skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 90/1993. **Haraldur hf.**
(Jón Sólnes hrl.)
gegn
Bergi Guðnasyni
(Örn Höskuldsson hrl.)

Skaðabætur. Fasteigna- og skipasala. Lögmaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1993 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.536.064 krónur með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Stefndi skýrir frá því fyrir héraðsdómi, að Gunnlaugur Símonarson hafi fyrst leitað til sín vegna aðstoðar við gerð skattframtals. Síðan hafi Gunnlaugur óskað þess, að hann sæi um skjalagerð út af viðskiptum, sem Gunnlaugur hugðist eiga við áfrýjanda. Kveðst stefndi hafa falið löglærðum fulltrúa sínum að annast þessa skjalagerð. Um viðskipti Gunnlaugs og áfrýjanda og afskipti sín af samningsgerð skýrir stefndi m. a. svo frá fyrir dómi, að viðskiptin „höfðu citthvað með að gera kvóta sem ég veit ekki nokkurn skapaðan hlut um og vissi ekki hvað í raun og veru lá á bak við, nema að auðvitað las ég yfir samninginn þegar hann var fullbúinn. . .".

Af málflutningi af hálfu stefnda fyrir Hæstarétti og gögnum málsins verður að telja ljóst, að stefnda var fullkunnugt um, að ætlun samningsaðila var sú, að Gunnlaugur seldi stefnda aflaheimild, er fylgdi skipi því, sem kaupsamningar voru gerðir um 25. október 1990. Í héraðsdómi er nánar lýst, hvernig kaupsamningar þessir

voru formlega gerðir úr garði, svo og, að tilætlun samningsaðila var í raun ekki eigendaskipti á skipinu sjálfu.

Stefndi heldur því fram, að verkefni það, sem hann tók að sér að vinna fyrir Gunnlaug Símonarson, hafi takmarkast við skjalagerð, þ. e. að ganga formlega frá samkomulagi, sem Gunnlaugur og áfrýjandi höfðu áður gert. Telur hann sig ekki bera ábyrgð á tjóni áfrýjanda, sökum þess að sér hafi ekki borið skylda til að sinna annarri hagsmunagæslu fyrir samningsaðila.

II.

Stefndi er héraðsdómslögmaður og rak fasteigna- og skipasölu samkvæmt sérstakri löggildingu eftir lögum nr. 34/1986. Hann tók að sér að annast gerð skriflegs samnings, þar sem tilgangur samningsaðila var framsal aflaheimildar. Fyrirsvarsmenn áfrýjanda eru ólöglærðir svo og Gunnlaugur Símonarson. Stefnda bar að kynna sér vandlega réttarreglur á því sviði, sem hér um ræðir, svo og að veita samningsaðilum ráð um, hvernig þeir gætu náð markmiðum sínum með löglegum hætti.

Í héraðsdómi er því lýst, að almennt hafi verið óheimilt að framselja varanlega aflahlutdeild fiskiskipa, áður en lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða öðluðust gildi 1. janúar 1991. Greind lög eru frá 15. maí 1990, og lá því fyrir, þegar kaupsamningar um vélskipið Hildi Ara voru gerðir, að frá ársbyrjun 1991 var heimilt með vissum skilyrðum að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, sbr. 6. mgr. 11. gr. laganna.

Ekki verður annað séð en eiganda Hildar Ara hafi í október 1990 verið heimilt að selja aflahlutdeild eina sér, þannig, að kaupin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en árið 1991. Þegar af þeirri ástæðu bar stefnda að velja aðra leið en þá, sem farin var. Í stað þess léði stefndi atbeina sinn til málamyndagerninga, sem þannig var gengið frá, að hætta var á, að a. m. k. annar samningsaðilinn yrði fyrir verulegu fjártjóni, eins og nú verður nánar vikið að.

III.

Stefndi hefur lagt fram yfirlit, sem sýnir vanskil skulda, tryggðra með veði í skipinu, samtals að fjárhæð 5.459.847 krónur. Yfirlitið er dagsett 25. október 1990 og var lagt fram í málinu af stefnda. Sam-

kvæmt kaupsamningnum, sem dagsettur er sama dag, lofaði seljandi, Gunnlaugur Símonarson, að greiða að fullu veðskuld, upphaflega að fjárhæð 1.538.025 krónur. Aðrar veðskuldir skyldu fylgja skipinu bæði eftir greindum samningi og samningi, dagsettum 31. janúar 1991, um „endursölu" skipsins til Gunnlaugs. Stefndi tók við 3.500.000 krónum, sem áfrýjandi greiddi við undirritun samnings. Af því fé greiddi stefndi fyrrgreinda veðskuld, sem nam 1.221.000 krónum með vöxtum og kostnaði, eftir að eftirgjöf kröfuhafa hafði verið dregin frá. Stefndi greiddi síðan Gunnlaugi Símonarsyni mismuninn að frádreginni þóknun, að fjárhæð 39.000 krónur, fyrir lögfræðilega aðstoð, eða 2.240.000 kr. Hins vegar voru engar ráðstafanir gerðar í því skyni að koma í veg fyrir, að aðrir lánardrottnar leituðu fullnustu í skipinu vegna hinna miklu vanskila, sem fyrr var getið.

Í málinu liggur fyrir veðbókarvottorð frá embætti bæjarfógeta í Keflavík um skipið, sem þá bar nafnið Dagur, KE-88. Veðbókarvottorðið er dagsett 4. október 1990, en nýrra veðbókarvottorð um skipið mun ekki hafa verið til á skrifstofu stefnda. Ekki virðist hafa verið leitað upplýsinga um veðbönd á skipinu hjá yfirborgarfógeta í Reykjavík, þótt í kaupsamningunum sé skipið nefnt Hildur Ara, RE-880. Ef svo hefði verið gert, myndi væntanlega hafa komið í ljós, að fjárnám var gert 30. nóvember 1989 í Hildi Ara, RE-880. Endurrit af fjárnáminu var móttekið til þinglýsingar 18. janúar 1990.

Ekki verður séð, að stefndi eða starfsmaður hans hafi kynnt sér, hvar skipið var, þegar gengið var frá skjölum um kaupin, en á þeim tíma var það til viðgerðar hjá skipasmíðastöð á Ísafirði. Beitti skipasmíðastöðin haldsrétti í skipinu til tryggingar viðgerðarkostnaði, að fjárhæð 1.373.063 krónur, og hélt því í sínum vörslum, þar til það var selt á nauðungaruppboði 1. mars 1991.

Af því, sem nú var rakið, verður að telja, að hegðun stefnda hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur, sem gera verður almennt til lögmanna, er annast verkefni í tengslum við sölu skipa. Má hér m. a. líta til ákvæða laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, einkum 8. gr., 5. tl. 1. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. 10. gr., svo og 2. mgr. 12. gr. þeirra.

Við það bætist sú vanræksla stefnda að kynna sér ekki lagareglur um sölu aflahlutdeildar, en samkvæmt V. lið ákvæðis til bráðabirgða

í lögum nr. 38/1990 er óheimilt að framselja aflahlutdeild skips eftir 6. mgr. 11. gr. laganna, án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra, sem áttu samningsveð í skipinu 1. janúar 1991. Ef stefndi hefði kynnt sér lagaákvæði þessi, hefði honum mátt vera ljóst, að vegna vanskila eiganda skipsins voru miklir annmarkar á, að unnt væri að ná markmiðum samningsaðila með þeirri aðferð, sem valin var.

IV.

Samkvæmt þessu þykir stefndi bera skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem áfrýjandi varð fyrir vegna framangreindra viðskipta. Ekki verður talið, að áfrýjanda sjálfum verði að einhverju leyti kennt um tjónið. Bótafjárhæð hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Ber að taka dómkröfur áfrýjanda til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Bergur Guðnason, greiði áfrýjanda, Haraldi hf., 3.536.064 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar sl., höfðaði Haraldur hf., kt. 481184-1269, Hafnarbraut 7, Dalvík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. mars 1992, gegn Bergi Guðnasyni, kt. 290941-2619, Haðalandi 11, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.536.064 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 25. október 1990 hafi hann keypt vélbátinn Hildi Ara, RE-880, af Gunnlaugi Símonarsyni fyrir 8.865.546 kr., sem hafi átt að greiða þannig, að kaupandi greiddi við undirritun kaupsamnings 3.500.000 kr. og við afhendingu og afsal 31. janúar 1991 2.100.000 kr. Að öðru leyti skyldi greiða kaupverðið með yfirtöku áhvílandi veðskulda, samtals að fjárhæð 3.265.546 kr. Stefnandi hafi greitt kaupsamningsgreiðsluna, 3.500.000 kr., til Húsafells hf., sem hafi tekið að sér að greiða vanskil og áhvílandi veðskuldir, sem kaupandi (sic) hafi átt að aflétta.

Sama dag hafi verið gerður kaupsamningur milli sömu aðila, sem reyndar sé dagsettur 31. janúar 1991, þar sem stefnandi hafi selt Gunnlaugi Símonarsyni bátinn Hildi Ara, RE-880, aftur fyrir 3.265.546 kr. Kaupverðið skyldi Gunnlaugur greiða með því að taka á sig áhvílandi veðskuldir að sömu fjárhæð. Í viðauka við síðari kaupsamninginn, sem einnig sé dagsettur 31. janúar 1991, sé tekið fram, að stefnandi selji Gunnlaugi bátinn í því ástandi, sem tilgreint sé í kaupsamningi, að undanskildum fiskveiðiheimildum, sem hafi samsvarað 40 tonnum af slægðum þorski, sem bátnum yrði úthlutað á árinu 1991. Ætlun stefnanda hafi verið að kaupa kvóta, en ekki bátinn sjálfan. Starfsmaður stefnda, Þórey Aðalsteinsdóttir, hafi samið báða kaupsamningana.

Um málavexti þessa eru aðilar sammála að öðru leyti en því, að stefndi kveður hafa verið um það talað, að skrifstofa sín annaðist aðeins greiðslu veðskuldar á 3. veðrétti, en að öðru leyti hafi stefndi átt að greiða útborgunargreiðslu til seljanda bátsins.

Stefnandi kveður tekið fram í kaupsamningnum, dags. 25. október 1990, að báturinn sé seldur án annarra kvaða eða veðbanda en greini í kaupsamningnum, og tekið sé fram, að seljandi ábyrgist, að öll lán séu í skilum fyrir afsalsdag og ekki hvíli á bátnum sjóveðskröfur. Haft hafi verið samband við stefnanda í byrjun janúar 1991 af Skipasmíðastöð Marsellíusar á Ísafirði og hann krafinn um 1.154.042 kr. vegna viðgerðar, sem stöðin taldi sig hafa haldsrétt í bátnum fyrir. Komið hafi í ljós, að vélina, sem seld hafi verið með bátnum, hafi seljandi haft á leigu, svo að hún hafi ekki getað fylgt með í kaupunum. Einnig hafi komið í ljós, að á bátnum hvíldi fjárnám, að fjárhæð 264.747 kr.

Í janúar 1991 hafi stefnandi fengið tilkynningu frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík um það, að selja ætti Hildi Ara, RE-880, á öðru og síðara nauðungaruppboði 1. febrúar 1991. Hafi stefnandi þá farið að kanna, hvaða skuldir hvíldu á bátnum, og komist að því, að vanskil á lánum hafi verið svo mikil, að greiðslur, sem hann hefði átt eftir að greiða, dygðu engan veginn

til að koma lánunum í skil. Hafi svo virst sem báturinn hefði verið veðsettur langt umfram raunvirði, þegar kaupsamningurinn var gerður. Þar sem svo mikil vanskil hafi verið á áhvílandi lánum, hafi verið útilokað að flytja veiðiheimildir af bátnum, en til þess hafi þurft samþykki veðhafa. Auk þessa hafi báturinn aðeins fengið úthlutað veiðiheimildum, sem svari til 37 tonna af slægðum þorski.

Óskað hafi verið eftir atbeina Gunnlaugs Símonarsonar, til að unnt væri að efna samninginn samkvæmt efni sínu, en ekkert svar borist frá honum. Bú hans muni hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að starfsmanni stefnda, Þóreyju Aðalsteinsdóttur lögfræðingi, sem samið hafi báða kaupsamningana, hafi orðið á stórfelld mistök við samningsgerðina. Þórey hafi verið fulltrúi stefnda og starfað á hans ábyrgð. Stefndi hafi verið löggiltur fasteignasali og borið ábyrgð á rekstri fasteignasölunnar Húsafells hf. Mistökin hafi leitt til þess, að stefnandi hafi orðið fyrir verulegu tjóni. Svo virðist sem við gerð kaupsamninganna hafi ekki verið gengið úr skugga um, hver veð væru áhvílandi á bátnum, en ljóst sé, að þau hafi numið rúmlega átta milljónum króna, þegar salan fór fram. Þá hafi vél bátsins ekki verið eign seljanda, og loks virðist ekki hafa verið kannað, hvort kvóti fengist fluttur af bátnum, en til þess hafi þurft leyfi veðhafa, sbr. lög nr. 38/1990, ákvæði til bráðabirgða V. Kaupsamningurinn hafi því verið óframkvæmanlegur, nema til kæmu verulegir fjármunir frá seljanda, sem hafi mátt telja nánast óhugsandi, þar eð hann hafi verið nánast ógjaldfær.

Skaðabótakröfu sína styður stefnandi við reglur skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð. Þá vísar hann til 3. gr. laga nr. 61/1942, 8. gr., 5. tl. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1986, sbr. 3. mgr. 1. gr. sömu laga og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 520/1987. Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 (nú 129. gr. laga nr. 91/1991) og kröfu um dráttarvexti á málskostnað á 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvaxta á stefnufjárhæð er krafist með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. og 15. gr. sömu laga.

Stefndi kveður óumdeilt, að stefnandi hafi einungis ætlað að kaupa kvóta, og sé því ljóst, að kaupsamningarnir séu málamyndagerningar, sem hafi allan tímann verið hugsaðir sem slíkir af aðilum samninganna. Því hafi ekkert verið lagt upp úr því, hvernig yfirteknar veðskuldir voru tilgreindar, þótt báðum aðilum hafi verið fullkunnugt um, hvernig þeim var háttað. Stefndi hafi greitt þriðjaveðréttarskuldina með 1.221.000 kr., en greitt Gunnlaugi Símonarsyni 2.240.000 kr., sem hafi verið eftirstöðvar útborgunargreiðslunnar, að frádregnum 39.000 kr. í kostnað.

Stefndi neitar því, að leynt hafi verið haldsréttarkröfu Skipasmíðastöðvar Marsellíusar. Sú krafa hafi ekki orðið til fyrr en eftir, að kaupin voru gerð, en skipasmíðastöðin hafi talið, þar til viðgerðinni var lokið í nóvember 1990, að um tryggingartjón væri að ræða. Þá neitar stefndi, að sér eða skrifstofu sinni hafi verið kunnugt um, að fjárnám hvíldi á bátnum. Fjárnáminu hafi verið þinglýst í Reykjavík 18. janúar 1990, en báturinn hafi verið skráður í Keflavík á kaupsamningsdegi, og hafi skráningarskjöl fyrir hann ekki verið send til Reykjavíkur fyrr en í desember 1990.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að allur frágangur kaupsamninganna hafi verið unninn í fullu samráði beggja aðila að þeim og endanleg gerð þeirra unnin með vitund og vilja beggja. Útborgunargreiðslu hafi verið ráðstafað eins og um hafi verið talað, og hafi engu verið leynt við kaupin, sem skrifstofu stefnda hafi mátt vera kunnugt, þegar kaupin fóru fram.

Niðurstöður.

Í málatilbúnaði sínum hefur stefnandi lýst því, að ætlun sín með viðskiptum við Gunnlaug Símonarson hafi verið að kaupa fiskveiðikvóta, en ekki bátinn Hildi Ara, RE-880. Hafi stefnandi snúið sér til Gunnlaugs og falast eftir kaupunum, eftir að hann hafði séð auglýsingu hans um kvóta til sölu.

Í október 1990, á þeim tíma, sem kaupin voru ráðin, voru í gildi lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990, en samkvæmt þeim var óheimilt að selja hluta af aflakvóta skips. Þá var samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga einnig óheimilt að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa, en í 2. grein kaupsamninganna segir, að báturinn hafi verið á sóknarmarki á árinu 1990. Sala á hluta af aflakvóta var fyrst heimiluð með 11. gr. laga nr. 38/1990, sem komu til framkvæmda 1. janúar 1991.

Í frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 38/1990, segir svo meðal annars: „Í 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er það nýmæli að heimilt er að framselja hluta varanlegrar aflahlutdeildar skips. Fram til þessa hefur varanlegt framsal aflahlutdeildar verið óheimilt nema skipið væri afmáð af skipaskrá ..." Nefnd 4. mgr. varð síðan að 6. mgr. laganna.

Af öllum gögnum máls þessa svo og skýrslum aðila og vitnis fyrir dóminum er ljóst, að kaupsamningar þeir, sem stefnandi og Gunnlaugur Símonarson gerðu í októberlok 1990, voru hreinir málamyndagerningar. Verður að ætla, að þeir hafi verið gerðir í þessu formi af þeirri ástæðu einni, að hin fyrirhuguðu viðskipti með kvóta voru á þessum tíma ólögmæt. Ætla verður einnig, að síðari kaupsamningurinn og viðaukinn við hann hafi verið dagsettir rúma þrjá mánuði fram í tímann í þeim tilgangi að láta líta svo út sem viðskiptin með kvótann hafi ekki verið gerð, fyrr en eftir að þau voru orðin heimil að lögum.

Vitnið Gunnlaugur Símonarson hefur borið fyrir réttinum, að kaupsamningarnir um bátinn hafi verið gerðir vegna þess, að ekki hafi mátt á þessum tíma selja neinn kvóta, og hafi það borist í tal milli hans og stjórnenda Haralds hf., að viðskiptin væru óheimil.

Stjórnendur stefnanda gengu að eigin frumkvæði til samninga við Gunnlaug Símonarson um viðskipti, sem þeim var ljóst eða mátti vera ljóst, að voru ólögmæt. Er það álit dómsins, eins og mál þetta er vaxið, að stefnandi eigi sjálfur að bera það fjárhagstjón, er hann varð fyrir vegna viðskipta þessara, enda verður ekki talið, að tjónið verði rakið til afskipta stefnda eða starfsmanns hans af þeim.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jónas Gústavsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bergur Guðnason, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Haralds hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 241/1993. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Sundi hf.
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1993. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Ágreiningur málsaðila er um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til að skuldajafna við þá kröfu, sem stefndi sækir hann til að greiða, með reikningskröfum á hendur Skrifstofuvélum – Gísla J. Johnsen hf. fyrir farmgjöldum, geymslugjöldum og akstri, en reikningarnir eru fyrir tímabilið frá apríl til júní 1990. Bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta 4. júlí 1990, og keypti stefndi af þrotabúinu rekstur þess og viðskiptakröfur, þar á meðal kröfuna á hendur áfrýjanda, sem stefndi leitar dóms fyrir í málinu. Styðst krafan við reikninga fyrir vörum og þjónustu tímabilið frá 14. mars til 3. júlí 1990.

Nánar tiltekið deila málsaðilar um, hvort það skilyrði fyrir skuldajöfnuði við kröfu þrotabús, sem mælt var fyrir um í 2. málslið 1. mgr. 32. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að lánardrottinn þrotamanns þurfi að hafa eignast kröfu sína, áður en þrír mánuðir voru til frestdags við gjaldþrotaskiptin, girði fyrir, að áfrýjandi fái í málinu notið almennu heimildarinnar til skuldajafnaðar samkvæmt 1. málslið sama ákvæðis. Áfrýjandi telur þetta skilyrði ekki standa í vegi rétti sínum til skuldajafnaðar. Fyrir því færir hann aðallega þau

rök, að skilyrðið hafi aðeins gilt um þá, sem eignuðust kröfu á hendur þrotamanni fyrir aðilaskipti, en ekki upphaflegan eiganda kröfu. Þá færir áfrýjandi einnig fram þau rök, að skilyrðið hafi ekki átt við, ef þrotabú framseldi kröfu sína.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms segir, að ágreiningur sé ekki á milli aðila um það, að vegna ákvæða 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 hafi krafa áfrýjanda ekki verið hæf til skuldajafnaðar við kröfu stefnda, á meðan hún tilheyrði enn þrotabúi Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. Standi deila þeirra aðeins um, hvort heimild til skuldajafnaðar hafi orðið virk vegna framsals þrotabúsins á kröfunni til stefnda. Fyrir Hæstarétti eru aðilar sammála um, að þessi afmörkun á ágreiningsefni þeirra í hinum áfrýjaða dómi sé röng. Þeir hafi einnig deilt fyrir héraðsdómi um þá röksemd áfrýjanda fyrir heimild til skuldajafnaðar, sem hann ber aðallega fyrir sig samkvæmt framansögðu.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki tekin afstaða til þeirrar aðalröksemdar áfrýjanda fyrir kröfum sínum, sem hér um ræðir. Til þess verður hins vegar að líta, að röksemdin lýtur aðeins að lögskýringu. Girðir 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, því ekki fyrir það, að röksemdinni mætti fyrst halda fram í máli fyrir Hæstarétti. Málsaðilar eru einnig einhuga um að óska efnisdóms. Er því ekki alveg næg ástæða til að láta þennan annmarka á hinum áfrýjaða dómi varða ómerkingu hans án kröfu.

II.

Samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 var það skilyrði fyrir rétti til skuldajafnaðar við kröfu þrotabús, að lánardrottinn þess hefði eignast kröfu sína á hendur þrotamanni, áður en þrír mánuðir voru til frestdags. Með fortakslausu orðalagi ákvæðisins var í þessum efnum ekki gerður greinarmunur á því, hvort lánardrottinn eignaðist kröfu sína með aðilaskiptum eða vegna einhverra þeirra atvika, sem leiða til þess, að ný kröfuréttindi verði til. Verður því ekki fallist á aðalröksemdina, sem áfrýjandi heldur fram fyrir rétti sínum til skuldajafnaðar.

Eftir orðalagi sínu varðaði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 aðeins heimildina til skuldajafnaðar við þrotabú, þar á meðal það sérstaka

skilyrði, sem málsaðilar deila um. Í ákvæðinu var hins vegar ekki beinlínis tekin afstaða til þess, hvort réttur lánardrottins til skuldajafnaðar yrði á annan veg, ef þrotabú framseldi kröfuréttindi sín á hendur honum. Sá kostur um skýringu á þögn ákvæðisins um þetta, að lánardrottinn ætti að öðlast rýmri rétt til skuldajafnaðar vegna framsals á kröfu þrotabús, er hins vegar ekki tækur, þegar litið er til þess, hvernig lánardrottnum gæti þá verið mismunað um aðgang til skuldajafnaðar vegna aðgerða, sem væri að öllu leyti á valdi gagnaðila þeirra að taka ákvörðun um. Af þessari ástæðu er ekki unnt að taka til greina þá röksemd, sem áfrýjandi ber að þessu leyti fyrir sig.

Þar sem málsaðila greinir ekki á um fjárhæðir, verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest um annað en málskostnað. Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Sundi hf., 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 5. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sundi hf., kt. 580483-0549, Vagnhöfða 13, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. 7. 1991, á hendur Eimskipafélagi Íslands hf., kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 307.545 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. 9. 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður [...].

II.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt reikningsyfirliti vegna viðskiptaskuldar stefnda við þrotabú Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf., en

stefnandi hafi keypt rekstur og viðskiptakröfur þrotabúsins og reki nú starfsemina undir nafninu Skrifstofuvélar – Sund hf. að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Viðskiptaskuld stefnda við stefnanda skv. reikningsyfirlitinu sé að fjárhæð 307.545 kr.

Stefnandi vísar til 1. nr 39/1922, l. nr. 7/1936 og XX. kafla l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988. Dráttarvaxtakrafa er gerð á grundvelli III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989. Krafa um dráttarvexti á málskostnað er reist á 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður atvik vera þau, að áður en Skrifstofuvélar – Gísli J. Johnsen hf. voru teknar til gjaldþrotaskipta 4. 7. 1990, hafi verið viðhöfð reikningsviðskipti milli félaganna, sem gerð hafi verið upp mánaðarlega. Stefndi hafi keypt ýmis skrifstofutæki og þjónustu af Skrifstofuvélum – Gísla J. Johnsen hf. jafnframt því, sem stefndi hafi séð um flutning á vélum og tækjum fyrir fyrirtækið og aðra þjónustu í því sambandi.

Stefnandi hafi krafið stefnda um greiðslu skulda við þrotabú Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf., að fjárhæð 316.954 kr., með bréfi, dags 20. 8. 1990. Þessari kröfu hafi stefndi hafnað, með því að ógreiddir reikningar frá Skrifstofuvélum – Gísla J. Johnsen hf. hafi verið notaðir til lækkunar á skuld fyrirtækisins við stefnda. Hafi umleitan Skrifstofuvéla – Sunds hf. um frekari greiðslur verið hafnað og jafnframt tilkynnt, að eftirstöðvar skuldar Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. við stefnda, sem þá hafi numið 134.148,83 krónum, hafi verið sendar lögmönnum félagsins til úrvinnslu, og hafi þeirri skuld loks verið lýst í þb. Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf.

Sýknukröfu sína styður stefndi 49. gr. l. nr. 85/1936 um skuldajöfnuð, en stefndi hafi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 307.545 kr., skv. viðskiptayfirlitum á dskj. nr. 7 og 8., sbr. dskj. nr. 2, eftir því sem til þurfi.

Allar gagnkröfurnar hafi stofnast, áður en stefnandi eignaðist hina umstefndu kröfu sína fyrir framsal, og séu öll skilyrði skuldajafnaðar fyrir hendi, enda um að ræða kröfur milli sömu aðila, samkynja, gildar og hæfar til að mætast. Stefnanda hafi verið tilkynnt um skuldajöfnuðinn með bréfi, dags 3. 9. 1990.

Við munnlegan málflutning kvaðst lögmaður stefnda enn fremur benda á, að ekki væri verið að skuldajafna við þrotabú, og gæti stefnandi því ekki borið fyrir sig 1. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978, en stefnandi hefði fyrst vísað til 32. gr. laganna í greinargerð sinni, sem lögð hefði verið fram, eftir að greinargerð stefnda var komin fram.

Af hálfu stefnanda var málsástæðu þessari mótmælt sem of seint fram kominni.

Greinargerð stefnanda.

Stefnandi hafnar kröfu stefnda um skuldajöfnuð. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 þurfi lánardrottinn, sem hyggst skuldajafna við þrotabú, að hafa eignast kröfu sína, áður en þrír mánuðir séu til frestdags. Bú Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 4. júlí 1990. Allar skuldajafnaðarkröfur stefnda, sem fram séu settar í þessu máli, hafi stofnast eftir 4. apríl 1990. Því sé ekki um skuldajafnaðarrétt að ræða.

Það sé meginregla við gjaldþrotaskipti, að allir kröfuhafar skuli sitja við sama borð. Allar undantekningar frá þeirri reglu beri að skýra þröngt. Skýra verði því ákvæði 1. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978 eftir orðanna hljóðan þannig, að reglan eigi jafnt við um kröfur, sem stofnast hafi frá fyrstu hendi, og kröfur, sem lánardrottinn hafi eignast fyrir framsal frá þriðja manni.

Því er mótmælt, að viðskipti milli Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. og stefnda hafi verið með þeim hætti, að gert hafi verið upp mánaðarlega. Fram lögð gögn stefnda beri með sér, að stefndi hafi ávallt greitt skuldir sínar við Skrifstofuvélar – Gísla J. Johnsen hf. með tékkum og það fyrirtæki greitt skuldir sínar eftir atvikum með samþykkt víxla.

Fram lögðum reikningum stefnda er ex tuto mótmælt sem röngum.

Stefnandi kveðst hafa öðlast kröfu sína á hendur stefnda fyrir löglegt framsal þrotabús Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf., frá 5. júlí 1990. Með því að stefndi hafi ekki skuldajafnaðarrétt samkvæmt framansögðu, beri að taka kröfur stefnanda til greina að fullu.

III.

Niðurstaða.

Með aðilum er ekki ágreiningur um málsatvik. Þá er ágreiningslaust, að krafa stefnda var ekki hæf til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, meðan sú krafa var í eigu þrotabúsins, vegna sérreglna 1. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978. Ágreiningurinn er í raun um það, hvort skuldajafnaðarheimildin hafi orðið virk að nýju við það, að krafa þrotabúsins var framseld stefnanda.

Ekki er fallist á það með stefnanda að málsástæða, sem bókuð var eftir lögmanni stefnda við munnlegan málflutning, sé of seint fram komin.

Í 1. mgr. 31. gr. l. nr. 6/1978 felst það annars vegar, að skuldari þrotabús geti skuldajafnað gagnkröfu á þrotabúið við skuld sína, hvernig sem skuld og gagnkröfu er annars farið, þ. e., þótt kröfurnar væru ekki að lögum bærar til að mætast undir venjulegum kringumstæðum. Hins vegar gildir sú sérregla, að lánardrottinn þarf að hafa eignast gagnkröfuna, áður en þrír mánuðir voru til frestdags, ella er krafan ekki hæf til skuldajafnaðar, enda þótt

hún hefði verið það undir venjulegum kringumstæðum. Í fyrra tilviki er ljóst, að það væri andstætt tilgangi laganna, ef þrotabúið gæti framselt kröfuna á hendur skuldara, án þess að skuldajafnaðarheimildin fylgdi með, og þannig komið í veg fyrir, að skuldari fengi kröfu sína á hendur þrotabúinu greidda. Á sama hátt verður krafa samkvæmt síðari lið 1. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978 einungis framseld til þriðja manns með þeim takmörkunum, sem giltu, meðan hún var í eigu búsins. Önnur niðurstaða væri í andstöðu við tilgang lagagreinarinnar og myndi leiða til óeðlilegrar mismununar skuldara/kröfuhafa þrotabúsins. Við framsal á kröfum þessum fær þriðji maður þannig þá kröfu, sem búið átti, og hvorki meira né minna.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu stefnda um skuldajöfnuð og taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, en ágreiningur er hvorki um fjárhæðir né vexti.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 84.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, greiði stefnanda, Sundi hf., Vagnhöfða 13, Reykjavík, 307.545 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. 9. 1990 til greiðsludags og 84.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól og málskostnað 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 40/1994. **Valdimar Elíasson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
Einar Magnússon og
Þórir Magnússon
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Aðild. Greiðslustaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandinn Valdimar Elíasson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1994 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendurnir Einar og Þórir Magnússynir skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1994 og krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandinn Einar Magnússon hefur auk þess uppi þá varakröfu, að hann verði dæmdur til að greiða 2.791.292,26 kr. með dráttarvöxtum frá 26. október 1993 og að málskostnaður falli þá niður.

Stefndi gerir þær kröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Allir áfrýjendur krefjast sýknu á grundvelli aðildarskorts með sömu rökum og greind eru í héraðsdómi. Ekki verður talið, að útibú Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði geti verið aðili dómsmáls í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi galli á málatilbúnaði varðar þó ekki frávísun málsins eða sýknu vegna aðildarskorts. Varnaraðili máls þessa telst því Íslandsbanki hf.

II.

Aðilar eru sammála um, að víxilskjal það, sem um er deilt í málinu, hafi verið afhent útibúi Iðnaðarbanka Íslands hf., Strandgötu 1, Hafnarfirði, til tryggingar greiðslu á yfirdrætti á tékkareikningi áfrýjandans Einars Magnússonar. Aðalefni yfirlýsingar, sem allir áfrýjendur undirrituðu og afhentu bankanum með víxilskjalinu, er rakið í héraðsdómi.

Ágreiningur er um, hversu víðtækt umboð bankanum var fengið með fyrrnefndri yfirlýsingu. Áfrýjendur halda því fram, að hana beri að skýra svo, að með henni hafi bankinn einungis fengið umboð til þess að gera skjalið að sýningarvíxli, og hafi hann því ekki haft heimild gagnvart áfrýjendum til þess að setja ákveðinn gjalddaga á víxilinn. Mótbárur um efni umboðs, sem bankinn fékk með yfirlýsingunni, eru ekki meðal varna þeirra, sem heimilaðar eru í 118. gr. laga nr. 91/1991. Komast mótbárurnar því ekki að í málinu, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla þeirra laga.

Tryggingarvíxillinn var stimplaður á útgáfudegi eftir reglum um stimpilgjald. Ekkert bendir til annars en gjalddagi og víxilfjárhæð hafi verið skráð á víxilinn, um leið og hann var gefinn út. Eiga ákvæði 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 því ekki við í málinu. Samkvæmt meginreglum víxilréttar hafði bankinn umboð til að rita gjalddaga á víxilskjalið og fylla það út að öðru leyti og gera það þannig að fullgildum víxli í merkingu 1. og 2. gr. laga nr. 93/1933.

III.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, voru fjórir nánar tilgreindir viðskiptabankar, þeirra á meðal Iðnaðarbanki Íslands hf., sameinaðir 2. janúar 1990 í einn banka, Íslandsbanka hf. Þess er og getið í héraðsdómi, að eftir sameininguna færðist greiðslustaður eldri skuldaskjala bankanna sjálfkrafa í Íslandsbanka hf. Með afhendingu víxileyðublaðs, sem ekki var ritað að fullu, tóku áfrýjendur á sig fjárskuldbindingu gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. Við sameiningu bankanna fjögurra tók stefndi við réttindum þeirra og skyldum. Öðlaðist stefndi þar með rétt Iðnaðarbanka Íslands hf. til að ljúka útfyllingu víxileyðublaðsins. Verður sú krafa ekki gerð til stefnda, að hann færi þess á leit, að áfrýjendur endurnýjuðu skuldbindingu sína á eyðublað Íslandsbanka hf. gegn afhendingu eldra skjalsins.

Hinn umdeildi tryggingarvíxill er prentaður á eyðublaðsform Iðnaðarbankans, og greiðslustaður er tilgreindur Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði. Hann var til húsa á Strandgötu 1, þar sem útibú stefnda hefur verið, frá því að bankarnir voru sameinaðir. Geta áfrýjendur því ekki haft uppi mótbárur við breyttum greiðslustað.

IV.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara um, að stefndi hafi ekki glatað víxil- eða fullnusturétti sínum á hendur áfrýjendum vegna atvika, er varða annars vegar skyldu til að sýna víxilinn samkvæmt 1. mgr. 38. gr., sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 93/1933, eða hins vegar tilkynningarskyldu eftir 45. gr. sömu laga.

V.

Eftir því sem best verður séð, styðst varakrafa áfrýjandans Einars Magnússonar um lækkun höfuðstóls kröfufjárhæðar við þau rök, að starfsmenn stefnda hafi ritað hærri fjárhæð á víxilinn en heimilt var gagnvart áfrýjendum. Vörn þessi varðar gildissvið útfyllingarumboðs stefnda, og kemst hún því ekki að í víxilmáli af sömu ástæðum og greinir í II. kafla hér að framan.

Ekki eru rök til að taka til greina þá varakröfu áfrýjandans Einars, að dráttarvextir reiknist frá þingfestingu málsins í héraði 26. október 1993.

VI.

Um fjárhæð dómkröfu má að öðru leyti vísa til forsendna hins áfrýjaða dóms. Héraðsdómi hefur ekki verið gagnáfrýjað, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um upphafstíma dráttarvaxta.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Valdimar Elíasson, Einar Magnússon og Þórir

Magnússon, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. janúar 1994.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl., var höfðað með stefnu, út gefinni 28. september sl.

Stefnandi er Íslandsbanki hf., útibú í Hafnarfirði, Strandgötu 1, kt. 411289-4179.

Stefndu eru Einar Magnússon, kt. 110836-3419, Torfufelli 25, Reykjavík, Valdimar Elíasson, kt. 230249-2109, Starrhólma 18, Kópavogi, og Þórir Magnússon, kt. 200544-4209, Engihjalla 25, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.869.020 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 30. 4. 1993 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda Þóris eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Einars eru aðallega þær, að hann verði sýknaður, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu 2.791.292,26 kr. með dráttarvöxtum frá 26. október 1993 skv. ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987. Í aðalkröfu er krafist málskostnaðar og virðisaukaskatts, en í varakröfu, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómkröfur stefnda Valdimars eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

2. Hin umstefnda skuld er samkvæmt víxli, að fjárhæð 2.870.713 kr., út gefnum 22. 3. 1993 af stefnda Valdimar, samþykktum af stefnda Einari, til greiðslu 1. 4. 1993 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., og ábektum af útgefanda Valdimar og stefnda Þóri. Víxillinn var áritaður við nafn útgefanda: „Án afsagnar". Stefnandi kveður víxilinn ekki hafa verið greiddan á gjalddaga, en greitt hafi verið inn á hann 39.787,14 kr. 30. 4. 1993. Stefnandi sundurliðar stefnukröfur því þannig:

Höfuðstóll	kr.	2.870.713,00
Drv. 1/4 '93 - 30/4 '93	–	38.157,00
	kr.	2.908.807,00
Innborgað 30/4 '93	–	39.787,14
	Kr.	2.869.020,00

Í þessari sundurliðun hefur stefnanda reyndar orðið á samlagningarskekkja, og er rétt sundurliðun þannig:

Höfuðstóll	kr.	2.870.713,00
Dráttarvextir 1/4 '93 - 30/4 '93	–	38.157,00
	kr.	2.908.807,00 (?)
Innborgað 30/4 '93	–	39.787,00
	Kr.	2.869.083,00

Albert Sveinsson, útibússtjóri stefnanda í Hafnarfirði, kom fyrir dóm. Hann kvað „víxilinn" hafa verið lagðan inn sem tryggingu fyrir yfirdrætti á tékkareikningi nr. 1506 hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, áður en Íslandsbanki hf. tók til starfa. Þá hefur komið fram í málinu, að við afhendingu „víxilsins" til bankans hafi hann verið óútfylltur að öðru leyti en því, að stefndu höfðu ritað nöfn sín á hann. Útgáfudagur, gjalddagi og fjárhæð voru skráð 22. mars 1993, og var það gert í samræmi við eftirfarandi yfirlýsingu stefndu:

„Víxill þessi er óútfylltur (in blanco) að því er varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð. Víxillinn er afhentur bankanum til tryggingar lánaviðskiptum okkar við bankann, sem er yfirdráttarheimild á tékkareikningi nr. (10) 1506 og um er samið sérstaklega hverju sinni og getur bankinn, hvenær sem hann sér ástæðu til, sett útgáfudag og fjárhæð á víxilinn, sýnt hann til greiðslu og innheimt hann á venjulegan hátt, ef greiðslufall verður. Víxilfjárhæðin, sem færð yrði á víxilinn, má ekki varða önnur viðskipti mín í bankanum en tilgreind eru í yfirlýsingu þessari, auk alls kostnaðar og vaxta af sömu ástæðum."

Að sögn stefnanda var send greiðslutilkynning í samræmi við reglur bankans. Tilkynnt hafi verið um gjalddaga, greiðslustað og fjárhæð.

3. Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1933, og um réttarfar vísar hann til 17. kafla laga nr. 91/1991. Dráttarvaxtakröfuna styður stefnandi við III. kafla laga nr. 25/1987 og málskostnaðarkröfu við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, beri honum nauðsyn að fá dóm fyrir skattinum, og vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 í því sambandi.

Málsástæður stefnda Þóris eru tvær. Annars vegar heldur hann því fram, að um aðildarskort sóknar megin sé að ræða. Lögpersónan Íslandsbanki hf. er aðeins ein og ber kennitöluna 411289-5069 og hefur aðsetur í Kringlunni 7, Reykjavík. Útibúinu í Hafnarfirði er óheimilt að standa eitt að málsókninni, og beri því að sýkna vegna aðildarskorts.

Hins vegar er málsástæða stefnda sú, að sýkna beri, þar sem greiðslustað-

ur víxilsins er Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, en ekki Íslandsbanki hf. Er víxileyðublaðið varð víxill að lögum, var Iðnaðarbanki Íslands ekki til. Skv. 5. tl. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 skal greina greiðslustað víxils. Skjalið hefur því ekki víxilgildi, sbr. 1. mgr. 2. gr. s. l., og þar sem greiðslustaður hins umstefnda víxils var svo óljós, bar skv. 3. mgr. 2. gr. víxillaga að líta svo á, að greiðslustaður hans hafi verið á heimili samþykkjanda. Hefði því átt að sýna hann þar, en ekki í Íslandsbanka hf. Víxillinn var því ekki sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr. víxillaga. Víxilréttur sé því niður fallinn fyrir vangeymslu skv. 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr. og 1. mgr. 38. gr. víxillaga. Skv. 1. mgr. 45. gr. laganna bar stefnanda að tilkynna stefnda um greiðslufall. Áritunin „Án afsagnar" breyti engu hér um, sbr. 2. mgr. 46. gr. s. l.

Aðalkrafa stefnda Einars er studd sömu málsástæðu og sýknukrafa stefnda Þóris. Varakrafa Einars er reist á því, að stefnandi hafi fyllt fjárhæð víxilsins ranglega út. Stefnandi hafi keypt víxilinn óumbeðið, sbr. fram lagða kaupnótu, og lagt andvirði hans að frádregnum forvöxtum og kostnaði inn á tékkareikning stefnda nr. 1506. Reikningi þessum hafi verið lokað 15. mars 1993, en stefnandi hafi þá tekið út af honum 39.787,14 kr. til lækkunar víxilsins.

Varakrafan er reist á því, að kröfugerð stefnanda sé of há um 328.387,90 kr., sem sundurliðast þannig: Mismunur á 2.869.020 kr. og 2.791.292,26 kr. er 77.727,74 kr., dráttarvaxtamunur frá 30/4 1993 til 16/11 1993 250.660,16 kr., þegar annars vegar eru reiknaðir dráttarvextir af 2.869.020 kr. frá 30/4 1993 til 16/11 1993, 282.837,55 kr., og hins vegar, þegar dráttarvextir eru reiknaðir af 2.791.292,26 kr. frá 26/10 1993 til 16/11 1993, 32.177,39 kr.

Við útfyllingu víxilfjárhæðar hefði átt að gæta þess, að hún væri rétt og sem virðist hafa átt að vera 2.791.292,26 kr., þ. e. 2.870.713 kr. – 39.633,60 kr., sem eru forvextir og bankakostnaður, er bankanum var óheimilt að taka sér, – 39.787,14 kr., sem var inneign á reikningi stefnda nr. 1506 hjá stefnanda. Vegna meðferðar stefnanda á víxlinum, þ. e., að sýning hans fór ekki fram lögum samkvæmt, ber stefnda aðeins að greiða dráttarvexti frá 26. október 1993, frá þeim tíma að víxillinn var sýndur í rétti við þingfestingu málsins.

Málsástæður stefnda Valdimars eru hinar sömu og málsástæður Einars. Auk þess byggir stefndi Valdimar sjálfstætt á því, að lagaskilyrðum sé ekki fullnægt, að því er varðar sýningu og tilkynningarskyldu, og beri því að sýkna af þeirri ástæðu. Skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 hefði átt að sýna víxilinn til greiðslu á heimili samþykkjanda, en ekki í svokölluðu útibúi Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði.

4. Stefnandi styður mál sitt víxli, sem hann hefur löglega undir höndum og fullnægir formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933.

Fram hefur komið í málinu, að víxillinn var til reiðu hjá stefnanda á gjalddaga, og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Stefndu reisa málsvörn sína m. a. á því, að víxillinn hafi verið vistaður í Iðnaðarbanka Íslands hf., sem hafi ekki verið til, þegar víxillinn var gefinn út. Er stefnandi fyllti víxileyðublaðið út og víxillinn fullnægði fyrst formskilyrðum laga, var búið að leggja niður Iðnaðarbanka Íslands hf. Því hafi borið að sýna víxilinn á heimili samþykkjanda, en ekki í Íslandsbanka hf., Hafnarfirði.

Í 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka er að finna fyrirmæli um samruna hlutafélagabanka og sameiningu bankastarfsemi. Segir svo í 1. mgr., að við gildistöku sameiningar bankastarfsemi taki hinn sameinaði viðskiptabanki við allri starfsemi, réttindum og skyldum þess viðskiptabanka, sem hætti bankastarfsemi.

Þá segir í 3. mgr., að auglýsa skuli sameiningu viðskiptabanka í Lögbirtingablaði og greina þar ýmis nánar tilgreind atriði, s. s., hvenær sameining taki gildi, og hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala.

Slík auglýsing um starfsleyfi Íslandsbanka hf. birtist í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 19. janúar 1990. Var öllum þeim, er töldu til eignar eða skuldar hjá Alþýðubankanum hf., Iðnaðarbankanum hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf., tilkynnt, að viðskiptaráðuneytið hefði með leyfisbréfi, dags. 2. janúar 1990, heimilað bönkum að sameina rekstur sinn í Íslandsbanka hf., sem tekið hefði við allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri frá og með 1. janúar 1990.

Fjórða málsgrein auglýsingarinnar hljóðar svo: „Greiðslustaður skuldaskjala, áður í þeim bönkum sem nú hafa sameinað bankarekstur sinn, er eftirleiðis í Íslandsbanka hf."

Gera má ráð fyrir, að mikill fjöldi skuldaskjala hafi verið vistaður hjá bönkunum fjórum, er Íslandsbanki hf. tók til starfa. Skuldaskjölin hafa væntanlega kveðið á um, að greiðslustaður þeirra væri í viðkomandi banka. Því er það tekið fram í auglýsingunni frá 3. janúar 1990, að greiðslustaður þessara skuldaskjala skuli framvegis vera hjá Íslandsbanka hf.

Auglýsingin þykir taka af öll tvímæli um, að greiðslustaður allra skuldaskjala, þ. m. t. víxilsins, sem deilt er um í þessu máli, hafi eftir sameiningu bankanna verið hjá Íslandsbanka hf. Enda þótt víxillinn hafi ekki orðið lögformlegur fyrr en í mars 1993, var þó um skuldaskjal að ræða í merkingu framangreindrar auglýsingar. Víxileyðublaðið var lagt inn hjá Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, og hélst starfsemi bankaútibúsins að Strand-

götu 1, Hafnarfirði, í óbreyttri mynd, en undir nýju nafni, þ. e. Íslandsbanka hf.

Víxillinn þykir því hafa verið sýndur til greiðslu á réttum greiðslustað á gjalddaga hans.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi sent stefndu tilkynningu um greiðslufall víxilsins. Því er mótmælt af stefndu. Það þykir þó ekki skipta máli, því að skv. 6. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1933 glatar stefnandi ekki fullnusturétti sínum, þótt tilkynning hafi brugðist.

Þá reisa stefndu málsvörn sína á þeirri málsástæðu, að útibú Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði sé ekki sjálfstæð lögpersóna og skorti því aðildarhæfi. Lögpersóna Íslandsbanka hf. sé aðeins ein skv. tilkynningu til Hlutafélagaskrár, og hafi sú lögpersóna aðeins eina kennitölu skv. vottorði Hagstofu Íslands.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Hlutafélagaskrár, þar sem fram kemur, að útibú Íslandsbanka hf. eru ekki sérstaklega tilgreind í stofngögnum, en í 2. gr. samþykkta félagsins er þó gert ráð fyrir tilvist þeirra. Þá hefur verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, þar sem fram kemur, að Íslandsbanki hf. hafi aðeins eina kennitölu, en að ósk félagsins hafi útibúum þess verið úthlutað sérstökum kennitölum. Jafnframt er tekið fram í vottorðinu, að útibúin séu ekki launagreiðendur, heldur sé það Íslandsbanki hf. (höfuðstöðvar), sem sé einn launagreiðandi félagsins.

Almennt er útibú hlutafélags skilgreint svo, að það teljist ekki sjálfstæð lögpersóna, heldur einungis hluti eða deild af fyrirtæki með sérstakri stjórn, sem geti skuldbundið félagið vegna starfsemi útibúsins. Samkvæmt fram lögðum gögnum hefur annað ekki verið leitt í ljós en að stefnandi, útibú Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, falli undir þessa skilgreiningu. Ekki hefur verið upplýst í málinu, hvert valdsvið útibússtjóra stefnanda er eða í hvaða mæli honum er heimilt að skuldbinda bankann. Ætla verður þó, að þær heimildir taki til allra venjulegra viðskipta, sem í slíku útibúi fara fram.

Þótt stefnandi sé í raun aðeins hluti af lögpersónunni Íslandsbanka hf. og ekki sé beinlínis hægt að tala um, að stefnandi eigi réttindi og beri skyldur óháð lögpersónunni, þá ber á hinn bóginn til þess að líta, að stefnandi er í raun sérstök rekstrareining, sem fer í veigamiklum atriðum með eigin málefni, lýtur sérstakri stjórn, sem henni er sett af félaginu, og getur bundið félagið gagnvart þriðja manni í málum, sem eðli sínu samkvæmt falla undir verksvið eignarinnar.

Þá ber einnig að líta til þess, að hlutafélagið hefur látið skrá útibú sín sérstaklega hjá Hagstofu Íslands, þar sem þeim hefur hverjum um sig verið úthlutað sérstakri kennitölu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi fullnægi skilyrðum til að geta sótt sem aðili mál, er varða viðskipti, sem falla undir verksvið hans. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. og 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 þykja ekki vera þessari niðurstöðu til fyrirstöðu.

Stefnandi fyllti út víxilinn með heimild í 10. gr. laga nr. 93/1933 og skv. umboði stefndu. Víxillinn var fylltur út með fjárhæðinni 2.870.713 kr., og á þeirri fjárhæð verða stefndu að standa skil. Varakrafa stefnda Einars verður því ekki tekin til greina.

Ekki þykir sannað í málinu, að stefndu hafi borist tilkynning um greiðslu víxilskuldarinnar fyrr en með bréfi stefnanda, dags. 18. maí 1993. Dráttarvextir verða því ekki dæmdir fyrr en frá og með 18. júní s. á., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 2.830.926 kr. (2.870.713–39.787) með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 18. júní 1993 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað án virðisaukaskatts.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Magnússon, Valdimar Elíasson og Þórir Magnússon, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 2.830.926 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 18. júní 1993 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 368/1993. **Helga Hjördís Sigurðardóttir**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Guðmundi Páli Ólafssyni
(Sigurmar Albertsson hrl.)

Lausafjárkaup. Vanheimild. Tómlæti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1993. Endanleg kröfugerð hans er, að stefndi verði dæmdur til að greiða 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 580.000 krónum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraði voru óskiptar kröfur gerðar á Bílasölunni Starti sf. og eigendum hennar persónulega, þeim Þorvaldi Jenssyni og Einari Bergi Pálmarssyni, auk stefnda hér fyrir dómi. Dómsátt var gerð við Einar Berg í þinghaldi 2. október 1991, og á grundvelli hennar varð það samkomulag 27. febrúar 1995, að hann greiddi áfrýjanda 600.000 krónur sem fullnaðargreiðslu samkvæmt dómsáttinni þannig: 100.000 krónur 2. mars og 500.000 krónur 31. mars 1995. Af þeim fjárhæðum gengu 20.000 krónur til greiðslu kostnaðar vegna fjárnámstilrauna hjá Einari Bergi.

Málinu var ekki áfrýjað gagnvart Þorvaldi Jenssyni, sem dæmdur var til greiðslu stefnufjárhæðar í héraði.

Fyrir Hæstarétt hafa m. a. verið lögð endurrit yfirheyrslna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. október – 26. október 1989.

II.

Málavextir eru að nokkru raktir í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti er aðeins um það deilt, hvort áfrýjandi hafi glatað rétti til efndabóta vegna tómlætis, eftir að honum varð kunnugt um, að á bifreið þeirri, er hann keypti af stefnda, reyndust hvíla veðbönd, enda þótt bifreiðin hafi átt að vera veðbandalaus samkvæmt ákvæði í afsali 14. október 1988.

Bótakröfuna styður áfrýjandi meðal annars 59. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndi telur, að hér sé um að ræða málsástæðu, sem sé of seint fram komin, þar sem hún hafi fyrst verið höfð uppi við munnlegan málflutning í héraði. Hér er um lagaatriði að ræða, og verða þessi mótmæli stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Viðurkennt er, að í mars 1989 átti faðir áfrýjanda símtal við stefnda, þar sem hann gerði athugasemd við, að bifreiðin hefði verið veðsett gagnstætt áskilnaði, þá er kaupin gerðust, en um veðsetninguna hefði áfrýjanda ekki verið kunnugt fyrr vegna dvalar erlendis. Viðbrögð stefnda voru þau að hafa samband við bifreiðasalann, er annaðist kaupin, áðurnefndan Einar Berg, sem hafi sagst ætla „að kippa þessu í liðinn".

Hinn 5. maí 1989 ritaði lögmaður áfrýjanda stefnda bréf, þar sem m. a. segir: „Hér með er skorað á yður að aflýsa áhvílandi veðskuldum þegar í stað og eigi síðar en 12. maí nk. svo komast megi hjá frekari aðgerðum, en kaupanda er þá nauðugur sá kostur að rifta kaupunum og krefjast endurgreiðslu kaupverðs að fullu. . . . Óhjákvæmilegt er að senda kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls". Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. október 1989 viðurkenndi stefndi að hafa fengið þetta bréf og í framhaldi af því haft samband við Einar Berg, sem hafi lofað, „að þetta skyldi lagfært".

Kærubréf lögmanns áfrýjanda til Rannsóknarlögreglu ríkisins er dagsett 14. júní 1989. Í því er áskilnaður um að krefja stefnda síðar um skaðabætur vegna bifreiðakaupanna. Málið var til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni til 26. október 1989, en með bréfi 5. febrúar 1990 var áfrýjanda tilkynnt, að ríkissaksóknari krefðist ekki frekari aðgerða í málinu. Héraðsstefna var birt 31. janúar 1991.

III.

Því er ekki haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi vitað um veðsetningu bifreiðarinnar fyrr en í mars 1989. Honum hafi hins vegar borið að setja fram við stefnda formlega kröfugerð án ástæðulauss dráttar, hygðist áfrýjandi bera fyrir sig vanheimild stefnda. Það hafi hann í raun ekki gert fyrr en með stefnu í héraði og með því sýnt slíkt tómlæti, að bótaréttur, sem hann kynni að hafa átt, væri fallinn niður.

Á þetta verður ekki fallist. Svo sem rakið hefur verið hér að framan, fékk stefndi viðvaranir og tilkynningar með þeim hætti, að honum gat ekki dulist, að áfrýjandi hygðist bera fyrir sig vanefndir hans, en það er ekki skilyrði bótaréttar vegna vanheimildar eins og þeirrar, er hér um ræðir, að formleg bótakrafa hafi verið sett fram. Þegar allt þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjandi hafi, eins og á stóð, sýnt af sér slíkt tómlæti, að varða eigi hann missi bótaréttar vegna þessara vanefnda stefnda.

IV.

Höfuðstóll dómkrafna áfrýjanda er kaupverð bílsins samkvæmt samningi aðila. Viðurkennt er, að áfrýjandi hafði umráð bifreiðarinnar frá kaupdegi 14. október 1988 allt til þess, að hún var seld á nauðungaruppboði 23. febrúar 1990. Við ákvörðun bótafjárhæðar er tekið tillit til þessa. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 700.000 krónur.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu frá fyrri tíma en stefnubirtingardegi í héraði. Í samræmi við málsúrslit verður stefndi dæmdur til að greiða vexti, eins og krafist er. Þá ber að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Í þinghaldi 20. júní 1991 frestaði héraðsdómari málinu til 18. september 1991 og tók það fyrir 2. október 1991, en hafði þá frestað því utan réttar. Fóru þá fram skýrslutökur. Málinu var síðan frestað til sátta til 20. janúar 1992, en ekki tekið fyrir fyrr en 17. mars 1992 og engra skýringa getið. Þá var því frestað til 12. maí 1992 og aftur til 8. september 1992 án skýringa. Málið var þó ekki tekið fyrir fyrr en 6. október 1992 og þá bókað, að því hefði verið frestað utan réttar.

Málið var þá dómtekið, en síðan endurupptekið án nokkurra skýringa 7. júní 1993 og dómur kveðinn upp.

Er þessi málsmeðferð aðfinnsluverð.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Páll Ólafsson, greiði áfrýjanda, Helgu Hjördísi Sigurðardóttur, 700.000 krónur með 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, með 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum 2. mars 1995, að fjárhæð 80.000 krónur, og 31. mars 1995, 500.000 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. janúar 1991 og 6. febrúar 1991.

Stefnandi er Helga H. Sigurðardóttir, kt. 270468-3229, Hegranesi 31, Garðabæ.

Stefndu eru Guðmundur Páll Ólafsson, kt. 281252-8019, Miðvangi 16, Hafnarfirði, Start sf., bílasala, kt. 650685-0409, Skeifunni 8, Reykjavík, en fyrir hönd firmans og persónulega er stefnt eigendum þess, Þorvaldi Jenssyni, kt. 271156-3919, Álftamýri 44, Reykjavík, og Einari Bergi Pálmarssyni, kt. 160161-5829, Efstalandi 24, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu Guðmundur og Þorvaldur verði dæmdir in solidum til að greiða henni 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist annars upphafstíma vaxta að mati réttarins.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Guðmundar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Í þinghaldi 2. október 1991 varð sátt með stefndu Einari Bergi Pálmarssyni

persónulega og fyrir einkafirma hans, Start, annars vegar og stefnanda hins vegar.

Málavextir.

Stefnandi keypti bifreiðina G-12790, sem er BMW-318i, árgerð 1986, af stefnda Guðmundi Páli Ólafssyni 14. október 1988. Kaupverðið, 780.000 krónur, var greitt með skuldabréfi og annarri bifreið, G-24984, sem stefnandi átti fyrir. Kaup þessi fóru fram fyrir meðalgöngu og á Bílasölunni Starti sf., og sá Einar Bergur um frágang viðskiptanna. Stefnandi kvaðst hafa verið boðuð með skömmum fyrirvara á bílasöluna laust fyrir kl. 19.00 að kvöldi föstudagsins 14. október 1988 til að ganga frá kaupunum. Veðbókarvottorð lá ekki frammi, en stefnandi kvaðst hafa spurst sérstaklega fyrir um það, hvort einhverjar veðkröfur hvíldu á bifreiðinni, en Einar Bergur og stefndi Guðmundur Páll kveðið svo ekki vera. Hins vegar hafi það komið í ljós, eftir að kaupin voru um garð gengin, að þrjár löghaldskröfur, dagsettar 6. september 1988, hvíldu á bifreiðinni, samtals að höfuðstólsfjárhæð 700.000 krónur. Var fjárnám síðan gert í bifreiðinni fyrir löghaldskröfunum í fógetarétti Reykjavíkur 16. mars 1989. Lögmaður kröfuhafa vörslusvipti bifreiðina síðan, og var hún seld á nauðungaruppboði 23. febrúar 1990. Stefnandi hafði oftsinnis reynt að fá stefndu til að afléttа veðunum, áður en til nauðungarsölu kom, en án árangurs.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar vísa til.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda Guðmundi Páli á því, að stefndi hafi vitað um eða a. m. k. mátt vita um löghaldskröfur þær, er hvíldu á bifreiðinni G-12790. Hann hafi gefið henni rangar upplýsingar við söluna og þannig fengið hana til að kaupa af sér bifreiðina. Bifreiðin hafði því ekki þá eiginleika, sem gert var ráð fyrir við kaupin. Hinar áhvílandi kröfur voru stefnanda allsendis óviðkomandi, og hafi stefnda borið að afléttа þeim, sem hann þó ekki gerði, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Vanefndir stefnda hafi valdið því, að bifreiðin var seld á nauðungaruppboði og lögð út kröfuhafa til handa.

Stefnandi vísar í greinargerð sinni til kaupalaga nr. 39/1922, einkum 42. gr., 2. mgr. 44. gr. svo og almennra reglna skaðabótaréttar, þ. m. t. almennu skaðabótareglunnar. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fyrir sig ákvæði 59. gr. kaupalaga um vanheimild seljanda.

Kröfu sína á hendur stefnda Þorvaldi sem eiganda Starts sf., bílasölu, styður stefnandi því, að firmað hafi haft meðalgöngu um bifreiðakaupin og því borið að kynna sér, hvort veðbönd hvíldu á bifreiðinni, og upplýsa stefnanda um það. Vanrækslа í þessu efni, sem leitt hafi til tjóns stefnanda, hljóti að leiða til þess, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart henni.

Sýknukrafa stefnda Guðmundar P. Ólafssonar er reist á reglum um tómlæti. Viðskiptin hafi farið fram 14. október 1988 og hvorki gengið né rekið fyrr en við nauðungarsölu 26. febrúar 1990, sem stefndi hafi ekki vitað af. Ár hafi liðið, þar til stefna var birt, og þá liðið vel á þriðja ár, frá því að viðskiptin voru gerð.

Í þessu sambandi er vísað til 52. gr. laga nr. 39/1922, en kæra til Rannsóknarlögreglu ríkisins geti ekki skoðast sem tilkynning samkvæmt greininni, og auk þess kannast stefndi ekki við að hafa fengið ábyrgðarbréf, dagsett 5. maí. Reyndar hafi því bréfi aldrei verið fylgt eftir, eins og ljóst sé af skjölum málsins, og hafi því enga þýðingu.

Vegna varakröfu sé ljóst, að tjón stefnanda hljóti að takmarkast við 470.000 krónur, sem eru uppboðsverð bifreiðarinnar 26. febrúar 1990, enda eðlilegt, að notkun bifreiðarinnar frá kaupdegi til uppboðsdags hafi rýrt verðgildi hennar, og auk þess liggja ekki fyrir upplýsingar um ástand hennar vegna notkunar í máli þessu. Hljóti stefnandi að bera skaðann af því.

Þá sé ljóst, að stefnandi hafi bakað stefnda tjón með ótímabærum og óþörfum kærum til rannsóknarlögreglu og sinnuleysi um kröfur sínar allan þann tíma, sem málið hafi tekið, m. a. með því að láta hann ekki vita af fyrirhuguðu uppboði.

Af hálfu stefnda var þeirri málsástæðu stefnanda, að tilvik þetta ætti undir 59. gr. kaupalaga, sérstaklega mótmælt sem of seint fram kominni.

Ekki var sótt þing af hálfu stefnda Þorvalds Jenssonar í máli þessu.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnanda var stefnda Guðmundi Páli Ólafssyni ritað bréf, dagsett 5. maí 1989, þar sem skorað er á hann að aflýsa veðskuldum þessum, en stefndi fékk aldrei bréf þetta, og fram kemur í málinu, að það var sent honum í ábyrgðarpósti, en ekki vitjað, og að sendanda bréfsins var tilkynnt þetta af póststofu. Aðrar tilkynningar frá stefnanda bárust ekki stefnda, fyrr en stefnan í máli þessu var birt honum 31. janúar 1991, en þá var á fjórða ár liðið frá sölu bifreiðarinnar.

Enda þótt stefnandi hafi sent Rannsóknarlögreglu ríkisins kæru vegna viðskipta þessara, þykir ekki fram komið, að af hálfu stefnanda hafi verið sett fram skýrlega, hverjar kröfur hún gerði á hendur stefnda og hvaða réttarheimildir hún bæri fyrir sig í því efni. Lítur dómurinn svo á, að ekki hafi verið sýnt fram á, að fullnægjandi tilkynning samkvæmt ákvæðum kaupalaga hafi borist stefnda Guðmundi vegna viðskipta þeirra stefnanda. Verður því fallist á það með stefnda, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti um kröfu þá, sem hún kann að hafa átt á hendur honum vegna viðskipta þeirra, að hún sé fallin niður samkvæmt reglu 52. gr. kaupalaga, og verður hann

því sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður milli þeirra falli niður.

Svo sem að framan greinir, var ekki sótt þing af hálfu stefnda Þorvalds Jenssonar, og var honum þó löglega stefnt. Verður málið á hendur honum því dæmt eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og með því að þau eru í samræmi við stefnukröfur, verða þær teknar til greina, enda verður að fallast á þá meginmálsástæðu stefnanda, að Bílasalan Start sf. beri á því ábyrgð, að vanrækt var að afla gagna og upplýsa stefnanda um veðbönd þau, er hvíldu á bifreiðinni, er bílasalan annaðist sölu á.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma Þorvald til að greiða stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Guðmundur Páll Ólafsson skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Helgu Hjördísar Sigurðardóttur.

Málskostnaður milli stefnda Guðmundar og stefnanda fellur niður.

Stefndi Þorvaldur Jensson persónulega og f. h. Bílasölunnar Starts sf. greiði stefnanda, Helgu Hjördísi Sigurðardóttur, 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Þorvaldur greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 50/1995. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Gunnari Gunnarssyni
(Jón Magnússon hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með vísan til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og verði hún að öllu leyti skilorðsbundin.

Ákæruvaldið áfrýjaði með stefnu 14. febrúar 1995 og krefst þyngingar refsingar.

Í hinum áfrýjaða dómi er vísað til álitsgerðar Maríu Bergmann skjalarannsóknara. Álitsgerð þessi hefur ekki verið lögð fram í málinu, og verður því ekki til hennar litið.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 1995.

Ár 1995, mánudaginn 16. janúar, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. S 638/1994: Ákæruvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. desember sl., endurupptekið að frumkvæði dómarans og dómtekið að nýju í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, út gefnu 4. október sl. og birtu 4. þ. m., á hendur Gunnari Gunnarssyni, Barmahlíð 26, Reykjavík, f. 24. janúar 1953, fæðingarnúmer 548, fyrir skjalabrot með því að hafa í september 1989 selt í Verslunarbankanum, Þarabakka 3, Reykjavík, veðskuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefið af ákærða og Kristjáni Kristjánssyni vegna hljómtækjaverslunarinnar Opus hf., kt. 460988-1019, með veði í þriggja herbergja íbúð á 3. hæð hússins nr. 18 A við Laufásveg í Reykjavík, sem ákærði blekkti Jón Benediktsson, kt. 100816-3779, þinglýstan eiganda íbúðarinnar, til að rita nafn sitt á undir texta neðst á bréfinu um samþykki þinglýsts eiganda á veðsetningunni með því að brjóta saman veðskuldabréfið ofan textans um samþykki þinglýsts eiganda og leyna Jón þannig efni bréfsins og sýna Jóni jafnframt afrit veðskuldabréfs vegna láns, sem dóttir Jóns hafði áður tekið, einnig með veði í íbúðinni að Laufásvegi 18 A, og telja Jóni þannig trú um, að hann væri að undirrita skuldbreytingu vegna eldra lánsins.

Telst þetta varða við 156. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, og hefur málið verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði átti dóttur Jóns Benediktssonar og var hluthafi í Opus hf., sat í stjórn þess og var prókúruhafi. Hann virðist hafa annast rekstur fyrirtækisins ásamt tveimur öðrum aðaleigendum þess. Félagið hafði bankaviðskipti við Verslunarbankann. Árið 1989 keypti bankinn ofangreint skuldabréf af hlutafélaginu til að hindra, að bankinn gerði virka ábyrgð, sem hann hafði fengið til tryggingar skuldbindingum félagsins við bankann. Bréfið fór í vanskil 5. desember 1989, og varð félagið gjaldþrota skömmu síðar svo og ákærði. Bankinn krafðist uppboðs á hinni veðsettu eign 19. ágúst 1991. Uppboðsmálinu var frestað um tíma, á meðan Rannsóknarlögregla ríkisins rannsakaði, hvort undirskrift Jóns væri fölsuð. Síðar var ákveðið af hálfu bankans að halda fast við uppboðskröfuna. Jón Benediktsson mótmælti því, að uppboðið færi fram á þeim forsendum, að uppboðsheimild Íslandsbanka hf. væri fölsuð, en sýslumaður tók mótmælin ekki til greina, og fór uppboð fram 29. nóvember 1993. Jón leitaði úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur og krafðist þess, að uppboðið yrði úrskurðað ógilt og fellt úr gildi, þar sem undirritun sín væri fölsuð og/eða röng, annaðhvort algerlega fölsuð, þ. e. dregin upp af öðrum eftir ljósaborði og jafnvel með aðstoð tölvu, eða blað með undirritun hans á annars auðu og óútfylltu blaði tekið ófrjálsri hendi

og texti skuldabréfsins færður yfir á það með prentun eða ljósritun. Kannaðist hann ekki við að hafa ritað nafn sitt sjálfur á skuldabréfið og taldi sig aldrei hafa samþykkt, að Opus hf. eða fyrrverandi tengdasonur sinn veðsetti fasteign sína. Jafnframt hélt hann því fram, að ef því væri játað, að hann hefði ritað nafn sitt eigin hendi á skuldabréfið, væri ljóst, að hann hefði verið beittur blekkingum. Lyktir málsins urðu þær í héraði, að kröfu sóknaraðila var hafnað. Málið er nú undir áfrýjun.

Í málinu hafa verið lagðar fram þrjár skýrslur Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns, sem hefur sérmenntað sig í skjalarannsóknum. Í fyrstu skýrslu, sem er dagsett 19. júlí 1993, kemur fram, að yfirgnæfandi líkur séu á, að Jón Benediktsson hafi skrifað nafn sitt á skuldabréfið. Lögreglumaðurinn kom fyrir dóm í uppboðsmálinu, staðfesti skýrslu sína og sagðist sannfærður um, að Jón hefði skrifað nafn sitt á bréfið og aðrir kæmu ekki til greina. Dómarinn áleit fullgilda sönnun fram komna fyrir því, að nafnritun Jóns á skuldabréfinu væri rituð eigin hendi. Í skýrslu, dags. 19. mars 1994, er lýst því áliti, að skjalið sé frumrit, þ. e. prentað skjal, en ekki ljósrit af slíku, og að undirskrift Jóns Benediktssonar hafi verið handskrifuð með skriffæri á skjalið, en ekki yfirfærð á það með tölvu- og/eða tæknibúnaði. Það er einnig niðurstaða lögreglumannsins, að á skjalinu séu ummerki, sem túlka megi sem vísbendingar blekkingargjörnings í tengslum við undirskrift Jóns, en á grundvelli fyrirliggjandi gagna taldi hann ekki verða tekna afstöðu til þess, hvort svo væri eða ekki. Í þriðja álitinu, sem sett var fram 19. maí 1994, eftir úrskurð héraðsdóms, greinir frá því, að skjalið hafi verið meðhöndlað með svokölluðu ESDA-tæki með það í huga, að leidd yrðu í ljós þrýstiför á bréfinu, sem sýndu, að skjalið hefði verið brotið saman. Rannsóknin leiddi ekki í ljós slík för, en sú niðurstaða var ekki talin girða fyrir, að skjalið hefði verið undirritað samanbrotið. Í uppboðsmálinu var lögð fram álitsgerð Maríu Bergmann skjalarannsóknara, þar sem fram kemur það álit hennar, að brot í bréfinu „gæti hugsanlega gefið vísbendingu um, að ritari orðanna Jón Benediktsson hafi ekki vitað, á hvaða pappír hann var að rita nafn sitt."

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi hefur ákærði ekki neitað því að hafa lagt bréfið fyrir Jón til undirritunar. Jón kannast við, að nafnið á bréfinu sé ritað eins og hann skrifaði nafn sitt á þeim tíma, sem gengið var frá bréfinu. Hann segist ekki muna eftir að hafa skrifað á bréfið, en hafi ákærði gert það, sem hann er sakaður um, segir hann, að hann hafi getað skrifað þetta. Samkvæmt þessum skýrslum verður að telja fullsannað, að Jón hafi ritað nafn sitt á bréfið og ákærði lagt það fyrir hann til undirskriftar.

Afstaða ákærða fyrir dóminum er sú, að hann hafi gert þetta í ógáti og

misgripum, hann hafi ætlað að fá tengdaföður sinn til að rita á annað skuldabréf, að fjárhæð 100–200.000 kónur, vegna skuldbreytingar á lífeyrissjóðsláni eiginkonu sinnar. Hann kveðst hafa uppgötvað mistökin einum til tveimur dögum eftir undirskrift Jóns, en segir bréfið ekki hafa komist til bankans með sínum vilja og vitund; hann hafi ekki látið útbúa bréfið.

Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða 24. september 1993, lögreglunni barst yfirlýsing hans um málið 16. maí 1994, og hann var yfirheyrður að nýju 19. september 1994. Loks gaf hann skýrslu við aðalflutning málsins 8. desember sl. Mikið ósamræmi er í þessum skýrslum, sem ákærði skýrir að hluta með því, að hann hafi verið miður sín og kærulaus um hagsmuni sína vegna óreglu og andlegrar vanheilsu, auk þess sem sér hafi verið ofarlega í huga að afstýra því, að Jón yrði fyrir tjóni vegna mistaka sinna, og látið sér í léttu rúmi liggja, þótt það kostaði sig refsingu. Þá hefur hann haldið því fram, að lögreglan hafi sagt, að hann yrði að segja það, sem haft er eftir sér í síðari lögregluskýrslu. Engin ástæða er til að álíta, að ákærði hafi verið knúinn til þess að játa á sig sakir með ólögmætum þrýstingi, og fráhvarf hans frá viðurkenningum, sem fram koma í rannsóknargögnum, er ótrúverðugt. Í skýrslu 16. september sl. viðurkenndi ákærði að hafa brotið skuldabréfið saman og látið Jón rita nafn sitt á það, án þess að hann hefði hugmynd um annað en hann væri að samþykkja skuldbreytingu; Jón hafi ekki vitað neitt um skuldabréfið. Ákærði kvað ásetning sinn hafa vaknað, meðan hann var að ræða við Jón um skuldbreytinguna. Verður að telja, að þessi skýrsla, sem studd er öðrum gögnum málsins, feli í sér fulla sönnun um, að ákærði hafi blekkt Jón til að rita nafn sitt á skuldabréfið í þeim tilgangi, að bankinn fengist til að taka við bréfinu.

Hinn 24. september 1993 viðurkenndi ákærði, að hann hefði látið útbúa skuldabréfið í Verslunarbankanum með veði í íbúð tengdaföður síns til að greiða með því erlenda bankaábyrgð. Þá viðurkenndi hann jafnframt að hafa farið með bréfið í bankann eða látið Kristján gera það. Í yfirlýsingu, dags. 13. maí 1994, kveðst ákærði hafa farið með bréfið í bankann til að kanna, hvort bankinn tæki við því, fengið jákvæðar undirtektir, en verið bent á, að samþykki þinglýsts eiganda skorti. Hann hafi því tekið við því aftur, farið með það heim og síðan til Jóns, sem bjó í sama húsi, og látið hann rita undir af misgáningi. Daginn eftir kveðst hann hafa áttað sig á mistökunum, en hvorki látið Jón né félaga sína vita, heldur skilið bréfið eftir á lögmannsstofu á Seltjarnarnesi, þar sem félagar hans höfðu starfsstöð og bréfið hafði verið undirritað og vottað. Hélt hann því fram, að bréfið hefði síðan komist til bankans, án þess að stjórn félagsins vissi af því. Hér fyrir dómi hefur ákærði ítrekað þessa frásögn með því tilbrigði, að hann hafi

annaðhvort skilið bréfið eftir á Seltjarnarnesi eða á skrifstofu hlutafélagsins í Reykjavík. Útibússtjóri bankans hefur vottað, að ákærði hafi jafnan komið fram fyrir hönd félagsins í fjármálum þess. Eftir endurupptöku komu þrjú vitni fyrir dóminn og voru innt eftir því, hvort þau gætu upplýst um, hvernig skjalið komst úr vörslum ákærða í bankann. Ekkert, sem máli skipti, upplýstist við þessar yfirheyrslur.

Þegar virtar eru þær skýrslur, sem raktar hafa verið, þykir verða að leggja til grundvallar, að ákærði hafi annað tveggja sjálfur farið með bréfið í bankann, eftir að ritað hafði verið á það samþykki þinglýsts eiganda veðsins, eða skilið það eftir, þar sem hann mátti treysta því, að því yrði komið til bankans án frekari aðgerða af hans hendi. Verður því að leggja til grundvallar, að ákærði hafi haft fullan vilja til að ráðstafa bréfinu til bankans. Samkvæmt þessu þykir ákærði hafa gabbað Jón Benediktsson til að undirrita skjalið í þeirri trú, að það væri annað skjal með öðru efni, og notað skjalið þannig til að blekkja með því í lögskiptum og brotið með þessu gegn fyrirmælum 156. gr. alm. hegningarlaga. Þykir þá verða að fallast á kröfur ákæruvaldsins í málinu.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu fyrr, svo að kunnugt sé. Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7., 8. og 9. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga, eiga ekki við um ákærða. Þykir þá refsing hæfilega ákveðin eftir málavöxtum sex mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu fjögurra mánaða refsingarinnar, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði sakarkostnað og skaðabætur, eins og nánar greinir í dómsorði (sic).

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, sæti fangelsi í sex mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar hdl., 45.000 kr., en fullnustu fjögurra mánaða af refsivistinni skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 11/1993. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Guðfinni Einarssyni
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
og gagnsök

Bifreiðar. Vátrygging. Örorka. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. febrúar 1993. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 8.206.034 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1990 til 1. mars sama ár, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% ársvöxtum frá þeim degi til til 1. ágúst sama ár, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. desember 1993.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings á örorkutjóni gagnáfrýjanda, dags. 26. maí 1995, en þar er reiknað með 4,5% framtíðarávöxtun bóta vegna varanlegrar örorku.

I.

Gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar á hlutlægri fébótareglu 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hún kom að sínu leyti í stað 71. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968, en fól í sér nýmæli, þar sem vátrygging samkvæmt henni er ekki heföbundin slysatrygging, heldur skaðatrygging með hámarksfjárhæð vegna hvers einstaks tjónsatburðar á sama hátt og ábyrgðartrygging samkvæmt 91. gr. laganna. Með lögum nr. 104/1992 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 voru ákvæði þeirra um tryggingu ökumanna felld úr gildi frá 1. janúar 1994, án þess að það raskaði 92. gr. umferðarlaga, og eru ökumenn ekki lengur sérstaklega slysatryggðir innan almannatryggingakerfisins. 92. gr. tekur samkvæmt orðalagi sínu og stöðu innan umferðarlaga til þess starfa ökumanns að stjórna bifreið í notkun, sbr. og 1. mgr. 88. gr. laganna. Á það verður fallist með héraðsdómi, að merking ákvæðisins verði ekki þrengd með orðalagsskýringu vátryggingarskilmála.

II.

Atvikum málsins og orsök slyssins er lýst í héraðsdómi. Gagnáfrýjandi var að flytja jarðveg á vörubifreiðinni umrætt sinn og hugðist afferma bifreiðina. Þar sem sjálfvirkur losunarbúnaður í stýrishúsi bifreiðarinnar stóð á sér, varð gagnáfrýjandi að fara aftur fyrir hana og losa gaflloku á palli. Voru það réttmæt viðbrögð hans sem atvinnubifreiðarstjóra að reyna slíkt, og hafði hann áður gert hið sama. Losun og lestun vörubifreiðar er þáttur í notum hennar. Eins og hér háttaði til, verður að telja, að bifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum, og gagnáfrýjandi að störfum við stjórn hennar í skilningi 92. gr. umferðarlaga. Ósannað er, að hann hafi staðið ranglega að þessu einfalda verki eða sýnt af sér ógætni. Ber aðaláfrýjandi því fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

III.

Samkvæmt hinum nýja örorkutjónsútreikningi nemur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku 1.284.600 krónum á slysdegi. Fram er komið, að hann naut launa frá vinnuveitanda sínum, að fjárhæð 1.027.600 krónur, á þeim tíma, sem hér um ræðir. Á það verður fallist með héraðsdómi, að

gagnáfrýjandi hafi ekki sannað tímabundið atvinnutjón sitt, og verða honum ekki dæmdar bætur vegna þess.

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku er reiknað 8.476.900 krónur og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 508.600 krónur. Höfuðstólsverðmæti bóta frá Tryggingastofnun ríkisins reiknast 580.900 krónur. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og með hliðsjón af nýjum tjónsútreikningi og bótum frá Tryggingastofnun ríkisins þykir tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega metið 5.200.000 krónur.

Þegar virt eru meiðsli gagnáfrýjanda og afleiðingar þeirra, verða miskabætur ákveðnar 200.000 krónur. Er þá litið til þess, að vaxtatímabil er rúm fimm ár.

Samkvæmt framansögðu nemur bótaskylt tjón gagnáfrýjanda 5.400.000 krónum. Ber aðaláfrýjanda að gjalda honum þá fjárhæð með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 723.370 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og segir í dómsorði. Fram er komið, að útlagður kostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti er 14.940 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Guðfinni Einarssyni, 5.400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. febrúar 1990 til uppsögu þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi skal greiða í ríkissjóð samtals 723.370 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda í héraði, gagnáfrýjanda hér fyrir dómi, 458.430 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans í héraði, Hrundar Hafsteinsdóttur héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, 264.940 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans fyrir réttinum, Hafsteins Hafsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. desember 1992, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 21. nóvember 1991, af Guðfinni Einarssyni, kt. 140653-4709, Löngumýri 18, 210 Garðabæ, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 8.206.034 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og beri málskostnaðarkrafa dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 10. febrúar 1990 hafi hann unnið við að aka uppgrefti úr lóð á sorphaugana í Gufunesi á vörubifreiðinni G-9573, sem var eign vinnuveitanda hans, Háfells hf. Í eitt sinn, þegar hann hafi ætlað að losa afturgafl bifreiðarinnar fyrir affermingu með þar til gerðu handfangi, sem sé inni í bifreiðinni, hafi gaflinn ekki opnast. Stefnandi kveðst þá hafa farið aftur fyrir bifreiðina og opnað gaflinn með því að slá á lofttjakk (loftstrokk), sem tengdur sé við gafllokuna. Þegar gaflinn opnaðist, hafi hluti farmsins, sem var mikið frosinn og með frostklumpum í, hrunið á stefnanda. Pallinum hafði þá ekki verið lyft.

Stefnandi kveðst hafa slasast mjög alvarlega á vinstra fæti. Hafi hann strax eftir slysið verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, en síðan sendur til aðgerðar á Landspítalann. Þar hafi hann dvalist næstum þrjá mánuði og gengist undir margar aðgerðir vegna afleiðinga slyssins. Af slysinu hafi stefnandi hlotið tímabundna og varanlega örorku og mikinn miska, þ. á m. veruleg lýti, og orðið fyrir margháttaðri röskun. Samkvæmt mati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis sé örorka stefnanda vegna slyssins metin 100% í tíu mánuði, 65% í tvo mánuði og síðan varanleg örorka 30%. Af hálfu stefnda er ofangreindri málavaxtalýsingu ekki mótmælt.

II.

Stefnandi skírskotar til þess, að eigandi bifreiðarinnar G-9573 hafi keypt lögboðnar vátryggingar samkvæmt umferðarlögum hjá hinu stefnda vátryggingafélagi, þar á meðal slysatryggingu fyrir ökumann bifreiðarinnar skv. 92. gr. laganna. Stefnandi hafi slasast við starfa sinn sem ökumaður greindrar bifreiðar. Stefndi hafi hafnað bótaskyldu.

Stefnandi kveður kröfugerð sína sundurliðast þannig, og sé þá stuðst við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings á örorkutjóni stefnanda, dags. 6. ágúst 1991, að viðbættu 50% álagi á verðmæti varanlegs örorkutjóns og tapaðra lífeyrisréttinda vegna væntanlegra launahækkana í landinu:

1. Bætur fyrir tímabundna örorku		kr.	1.293.600
– Laun frá vinnuveitanda	kr. 1.027.600	–	266.000
2. Bætur fyrir varanlega örorku samkvæmt útreikningi + 50% álag		–	8.667.900
– 25% vegna skattfrelsis	– 2.166.975	–	6.500.925
– Örorkubætur frá Trygginga-stofnun ríkisins, slysd. verðm.	– 580.891	–	5.920.034
3. Töpuð lífeyrisréttindi vegna örorkutjóns		–	520.000
4. Miskabætur		–	1.500.000
	Samtals	kr.	8.206.034 (?)

Stefnandi kveður 50% hækkun kröfugerðar vera gerða í ljósi þess, að ef málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, sé ekki hægt að hækka kröfur á grundvelli nýs útreiknings. Vísist í þessum efnum til Hrd. 1977, bls. 516. Verði að líta á stefnufjárhæð með þessi réttarfarssjónarmið í huga.

Krafa um bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku grundvallist á örorkutjónsútreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, sem miðist við örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis. Samkvæmt örorkumatinu sé örorka stefnanda af völdum slyssins metin 100% í 10 mánuði, 65% í tvo mánuði og síðan 30% varanleg örorka.

Af slysinu hafi stefnandi hlotið auk tímabundinnar og varanlegrar örorku stórfelldan miska, bæði tímabundinn og varanlegan, svo sem fram komi í fram lögðu læknisvottorði og örorkumati. Vegna slyssins hafi hann dvalist á sjúkrahúsi nærri þrjá mánuði og gengist þar undir margar aðgerðir. Hann hafi liðið þjáningar og röskun orðið á lífi hans, bæði hvað varði starfsmöguleika og frístundir. Þá sé fótur hans bólginn og mikið lýtur af stórum örum.

Stefnandi kveðst hafa slasast alvarlega á vinstra fæti við starfa sinn sem

ökumaður vörubifreiðarinnar G-9573. Orsök slyssins hafi verið sú, að losunarbúnaður bifreiðarinnar hafi ekki verkað. Nánar tiltekið hafi lofttjakkur, sem tengdur sé við gaflloku bifreiðarinnar og opnaður með handfangi inni í bifreiðinni, staðið á sér. Losunarbúnaður þessi tengist loftkerfi bifreiðarinnar, sem aftur sé knúið af vélarafli hennar, og hafi vélin verið í gangi, þegar slysið varð. Þar sem tjakkurinn hafi staðið á sér, hafi stefnandi orðið að fara aftur fyrir bifreiðina og slá á tjakkinn með handafli. Hafi þá gaflinn opnast skyndilega og hluti farmsins hrunið yfir stefnanda með greindum afleiðingum.

Eigandi bifreiðarinnar, Háfell hf., vinnuveitandi stefnanda, hafi keypt lögboðna vátryggingu á ökumann bifreiðarinnar samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hjá stefnda. Í 92. gr. sé kveðið á um skyldu eiganda ökutækis auk slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar að tryggja ökumann þess. Vátryggingin skuli gilda fyrir hvern þann ökumann, sem ökutækinu stjórni, og skuli tryggja bætur fyrir slys, sem ökumaður kunni að verða fyrir við starfa sinn.

Byggt sé á því, að slys stefnanda falli undir gildissvið lögboðinnar slysatryggingar ökumanns, sem sé hið sama og gildissvið slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Bifreiðin hafi verið í notkun og stefnandi við stjórn hennar, þegar slysið varð, en afferming vörubifreiðar sé eðlilegur þáttur í notkun og stjórnun hennar, sbr. Hrd. 1962, bls. 907. Slysið hafi hlotist af eðlilegum búnaði hennar. Opnun og lokun gaflsins sé stjórnað af loftkerfi bifreiðarinnar, en loftpressa bifreiðarinnar sé knúin af vélarafli hennar, enda hafi vélin verið höfð í gangi, þegar stefnandi opnaði gaflinn með því að slá á tjakkinn.

Þá jafngildi það slysi við stjórnun ökutækis, sbr. 27. gr. laga um almannatryggingar, ef stjórnandi verði fyrir slysi í beinu sambandi við viðhald eða aðra meðhöndlun tækisins.

Gildissvið slysatryggingar ökumanns ákvarðist af 92. gr. umferðarlaga. Í vátryggingarskilmálum stefnda fyrir slysatryggingu ökumanns segi, að félagið greiði bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss, sem ökumaður verði fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í 92. gr. komi hugtakið umferðarslys ekki fyrir. Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að jafnvel þótt í vátryggingarskilmálum væri talin felast takmörkun frá 92. gr., væri slík takmörkun ógild. Þá hafi stefnandi notið vátryggingarverndar sem þriðji maður. Hann hafi enga aðild átt að vátryggingarsamningi milli stefnda og eiganda bifreiðarinnar, en samkvæmt meginreglu 6. gr. reglugerðar nr. 307/1988 megi vátryggingafélag ekki takmarka ábyrgð sína gagnvart þriðja manni.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á vátryggingarsamningi milli stefnda og eiganda bifreiðarinnar G-9573 um lögboðna slysatryggingu á ökumanni bifreiðarinnar. Því er varði gildissvið vátryggingarinnar, vísist til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1978, sbr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og 6. gr. reglugerðar nr. 307/1988.

Til stuðnings kröfufjárhæðum vísist til vátryggingarskilmála stefnda, almennra reglna skaðabótaréttar um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón og 264. gr. laga nr. 19/1940. Ekki sé kveðið á um reglur um ákvörðun bótafjárhæða í 92. gr. umferðarlaga, en í vátryggingarskilmálum sé kveðið á um, að ákvörðun bóta fari eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Samkvæmt því eigi stefnandi rétt til bóta, sem samsvari tjóni hans. Um tjón stefnanda af völdum slyssins vísist til fram lagðs læknisvottorðs, örorkumats og örorkutjónsútreiknings, sbr. einnig rökstuðning við kröfugerð hér að framan.

Um vaxtakröfu vísist til dómvenju um vexti af kröfum um skaðabætur fyrir líkamstjón, vaxtalaga nr. 25/1987 og auglýsinga Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Krafa um málskostnað og vexti á málskostnað sé studd 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 og III. kafla laga nr. 25/1987. Hinn 10. september 1991 hafi dómsmálaráðherra veitt stefnanda gjafsókn í fyrirhuguðu bótamáli gegn stefnda. Í gjafsóknarleyfi segi, að við rekstur málsins beri að gera þá réttarkröfu, að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III.

Af hálfu stefnda er ekki gerður ágreiningur um aðdraganda slyssins, en ágreiningur er um lagalegar forsendur bótakröfu.

Stefndi telur, að í 1. gr. vátryggingarskilmála, sem lagðir séu fram í málinu, sé tekið fram, að félagið greiði bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss, sem ökumaður verði fyrir við stjórn ökutækis, samanber 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ákvæði 92. gr. umferðarlaga lúti að því, að trygging taki til hvers þess ökumanns, sem tækinu stjórni, og skuli tryggingin tryggja bætur vegna slyss, sem ökumaður kunni að verða fyrir við starfa sinn, og virðist undanskilið „við þann starfa sinn að stjórna ökutækinu". Slys stefnanda falli því ekki undir slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Hann hafi ekki verið við stjórn ökutækisins, og slysið hafi ekki verið

umferðarslys. Ákvæði 92. gr. sé nýmæli í umferðarlögum, sem hafi ekki verið í upphaflegu frumvarpi, og sé augljóslega ætlað að veita stjórnendum skráningarskyldra ökutækja rétt, sem væri nokkurn veginn sambærilegur bótarétti farþega, sem slasist í ökutæki; bótaréttur ökumanns virðist þó vera þrengri. Því sé enn fremur mótmælt, að aðgerðir stefnanda rétt á undan hafi verið þáttur í notkun bifreiðarinnar í skilningi umferðarlaga.

Stefndi telur tilvísanir stefnanda til 27. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar vera lögfræðilega rangar. Bótareglan í 27. gr. laga um almannatryggingar sé sérregla, sem almenn regla verði ekki leidd af.

Því er eindregið mótmælt af hálfu stefnda, að sá verknaður stefnanda að fara aftur fyrir vörubifreið, sem hann stjórnaði, og slá þar á tjakk, tengdan lokubúnaði, sem ekki verkaði, falli undir stjórn ökutækis eða notkunarhugtak umferðarlaga nr. 50/1987. Eins og að ofan sé sagt, verði við það að miða, að ætlunin hafi verið sú að gera bótastöðu ökumanns svipaða og farþega, samanber 91. gr. sömu laga. Þótt bifreiðin hafi, skömmu áður en slysið varð, verið í eðlilegri notkun sem vörubifreið, samanber Hrd. 1962, bls. 907 (sjá héraðsdóm), hafi slysið ekki orðið af völdum þess eðlis bifreiðarinnar, sem sé orsök hlutlægrar ábyrgðar, heldur af ógætilegri hegðun stefnanda sjálfs.

Því sé mótmælt, að í tryggingarskilmálum felist takmörkun, sem óheimil sé gagnvart þriðja manni samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Ef til ákvörðunar bóta komi, verði að líta til þess, að því er varði kröfufjárhæð, hvernig höfuðstóll kröfu sé fundinn.

Ekki sé efast um, að örorka stefnanda sé rétt metin eftir tíðkanlegum aðferðum. Því sé hins vegar mótmælt, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, er hlutfallstala örorkumatsins beri með sér.

Verði bætur dæmdar, sé rétt að taka tillit til skattfrelsis af bótafjárhæð með því sjónarmiði, að bótaþegi verði jafnsettur og væru bætur skattskyldar, það er að taka tillit til 39,79% staðgreiðsluskatts. Einnig beri að taka tillit til þess hagræðis, sem af því hljótist að fá bætur í einni greiðslu, og virðist það ekki vera minna virði en 10%.

Því sé ekki sérstaklega andmælt, að maður, sem orðið hefur fyrir jafnalvarlegu slysi og stefnandi, hafi einnig orðið fyrir miska. Miskabótakrafan sé hins vegar ekki í samræmi við sjúkrasögu stefnanda og dómvenju. Þrátt fyrir allt hafi sár stefnanda hafst vel við, og því fari fjarri, að sjúkrasaga hans réttlæti óvenjulega háar miskabætur. Verði bótaskylda lögð á stefnda, hljóti miskabætur að verða lækkaðar mjög verulega, og vísist um það til dómvenju.

Dráttarvöxtum sé mótmælt frá fyrra degi en dómsuppsögu.

Stefndi áréttar sérstaklega ákvæði 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, að „sá, er tapar máli í öllu verulegu, skal dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað". Líti dómstólar í vaxandi mæli fram hjá þessu ákvæði í málskostnaðarákvörðunum sínum, sé hætt við, að það leiði til óhóflegrar málsóknargleði, sem sé þjóðfélagslega óhagkvæm.

IV.

Aðila greinir á um, hvort tjónsatburðurinn sé bótaskyldur samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt orðalagi 92. gr., 1. mgr.: „(Auk) slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar . . .", og af meðferð frumvarpsins hjá löggjafanum þykir ljóst, að ökumanni er með ákvæðinu tryggður bótaréttur umfram það, sem hann á rétt á samkvæmt 27. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga skal tryggja ökumann vegna slyss, „sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn", þ. e. þann starfa að stjórna ökutækinu. Þar sem um lögboðna tryggingu er að ræða, verður merking ákvæðisins ekki þrengd með orðalagsskýringu vátryggingarskilmála.

Stefnandi var í vinnu við að flytja jarðveg á vörubifreiðinni G-9573. Slysið varð, þegar losunarbúnaður, nánar tiltekið lofttjakkur á gafllloku bifreiðarinnar, stóð á sér og stefnandi fór þess vegna út úr bifreiðinni og aftur fyrir hana og sló á lofttjakkinn í þeim tilgangi, að gafllokan opnaðist. Um leið og lokan opnaðist, hrundi hluti farmsins hins vegar á stefnanda, og er ekki ágreiningur um, að þetta hafi verið orsök slyssins.

Lokubúnaðurinn er knúinn af loftpressu, sem er knúin af aflvél bifreiðarinnar. Lokubúnaðurinn er hluti losunarbúnaðar og verður að teljast eðlilegur hluti vörubifreiðar, sem notuð er til flutninga á farmi. Stjórn gafllokunnar fellur því undir stjórn bifreiðar og notkun í skilningi umferðarlaga.

Það kann hins vegar að vera álitamál, hvort sú aðgerð stefnanda að fara út úr bifreiðinni og slá á gafllokuna falli undir hugtakið „stjórn bifreiðar". Það er álit dómsins, að það hafi verið hlutverk stefnanda sem stjórnanda vörubifreiðarinnar í umrætt sinn að opna gafllokuna. Þar sem hinn sjálfvirki búnaður stóð á sér, kveðst hann ekki hafa getað opnað lokuna með öðrum hætti en berja á hana. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefnda, að stefnandi hefði getað farið öðruvísi að við það en hann gerði. Stefnandi þykir því hafa verið að sinna eðlilegri og tilætlaðri stjórn vörubifreiðarinnar, er slysið varð, og verður ekki til dæmis talinn hafa verið að gera við bilun í þessum búnaði hennar. Með vísan til þessara raka þykir slys

stefnanda falla undir ákvæði 92. gr. umferðarlaga, og á hann því bótarétt úr hendi stefnda.

Stefnandi bar fyrir dóminum, að hann starfaði hjá sama fyrirtæki og áður og væri í sams konar starfi. Þrátt fyrir áskoranir stefnda hefur hann ekki lagt fram skattframtal ársins 1991. Hins vegar þykir sannað með gögnum málsins, að hann hafi orðið fyrir miska og örorkutjóni, sem hefur skert starfshæfni hans. Örorkumat er gert af Birni Önundarsyni lækni 12. apríl 1991, og segir svo í niðurstöðu þess: „Það er um að ræða tæplega þrjátíu og átta ára gamlan vörubílstjóra, sem hinn 10. febrúar 1990 brotnaði illa á vinstri fótlegg, er hann varð undir þungu hlassi af vörubíl. Gera hefur orðið margar aðgerðir vegna afleiðinga slyssins, en engu að síður ber slasaði umtalsvert heilsufarslegt tjón af afleiðingum þess.

Slasaði haltrar nú á vinstri fót. Dofi er á ákveðnu svæði, sem að framan er frá greint, og hreyfiferill bæði í vinstri ökkla og vinstra hné er skertur, einnig eins og að framan er lýst. Húðskyn er óeðlilegt (hyperesthesia) á vinstri kálfa og slasaði ber nokkurt kuldaóþol.

Hætt er við, að slasaði muni fá ótímabærar slitgigtarbreytingar bæði um vinstra hné og vinstri ökkla vegna afleiðinga slyss þessa. Hvenær til slíkra slitbreytinga kann að koma, verður nú ekki sagt og verður tíminn að leiða í ljós hvað úr því verður.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því eðlilegt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir sú örorka hæfilega metin, sem hér segir:

Í tíu mánuði 100%
Í tvo mánuði 65%
Varanleg örorka ..... 30%“.

Örorkutjón var reiknað af Jóni E. Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi 6. ágúst 1991. Grundvöllur þess er vinnutekjur stefnanda samkvæmt skattframtölum árin 1987–1989 og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og metin örorka. Notaðir eru einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, en frá þeim degi 6% vextir og vaxtavextir. Niðurstaða örorkutjóns útreiknings er, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknist nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.293.600
Vegna varanlegrar örorku	–	5.778.600
Samtals	kr.	7.072.200

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins er áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku, eða 346.700 kr. Stefnandi

fékk frá Tryggingastofnun ríkisins örorkubætur, 607.090 kr., og reiknast höfuðstólsverðmæti þeirra á slysdegi 580.900 kr. Ekki var tekið tillit til launa í veikindum eða skatta.

Stefnanda var veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefnandi krefst 266.000 kr. vegna tímabundinnar örorku, og hafa þá verið dregnar frá 1.028.600 kr., sem eru laun frá vinnuveitanda. Atvinnutjóni er mótmælt af hálfu stefnda. Stefnandi hefur ekki orðið við áskorun um að gera grein fyrir tekjum sínum árið 1991. Þykir stefnandi ekki hafa sannað tímabundið atvinnutjón sitt, og er þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Að því er varðar bætur vegna varanlegrar örorku, er sýnt, að meiðslin eru til þess fallin að skerða starfsorku hans til frambúðar. Þykir því rétt og í samræmi við dómvenju að leggja til grundvallar örorkumat það, sem liggur frammi í málinu, enda hefur það ekki verið vefengt, og hafa hliðsjón af greindum örorkutjónsútreikningi. Fram kom hjá stefnanda við aðalflutning málsins, að hann er enn í vinnu hjá sama vinnuveitanda í sambærilegu starfi og áður, og er því litið til þess, að vinnutekjutaps virðist ekki vera farið að gæta. Enn fremur er tekið tillit til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, og litið til hagræðis af eingreiðslu bóta. Samkvæmt þessu þykja bætur til handa stefnda vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðnar 3.500.000 kr. Frá dragast greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 580.891 króna.

Við mat á miskabótakröfu er litið til lýta stefnanda, sjúkrasögu og þess, að litið hefur verið svo á, að í læknisfræðilegu örorkumati gæti miskasjónarmiða sérstaklega, þegar um lágt örorkustig er að ræða. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 200.000 kr.

Stefndi greiði stefnanda samkvæmt ofansögðu samtals 3.119.109 kr. með vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði. Örorkutjónsútreikningur er dagsettur 6. ágúst 1991, en dráttarvaxta er krafist frá þingfestingardegi. Ekki þykja rök fyrir því að taka mótmæli stefnda við upphafsdegi dráttarvaxta til greina.

Stefnandi hefur hlotið gjafsókn í undirrétti í máli þessu. Útlagður kostnaður stefnanda vegna málsins, 58.430 (sic) kr., greiðist því úr ríkissjóði sem og málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hrundar Hafsteinsdóttur hdl., 530.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Guðfinni Einarssyni, 3.119.109 kr. með 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1990 til 1.

mars 1990, með 5% frá þeim degi til 1. apríl 1990, með 3% frá þeim degi til 1. október 1990, með 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, með 3,5% frá þeim degi til 21. janúar 1991, með 5% frá þeim degi til 1. júní 1991, með 6% frá þeim degi til 1. ágúst 1991, með 7% frá þeim degi til 21. nóvember 1991, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 588.430 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hrundar Hafsteinsdóttur hdl., 530.000 kr.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 265/1993. **Húseigendaþjónustan S. Sigurðsson hf.**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Elíasi R. Sveinssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabætur. Verksamningur. Vinnusamningur. Skipting sakarefnis. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1993. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur vegna kostnaðar, sem á áfrýjanda hafi fallið vegna tjóns, sem varð vegna leka á þaki hússins nr. 84 við Kleppsveg í Reykjavík aðfaranótt 1. september 1990. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að bera nokkurn hluta tjónsins, telji dómurinn, „að beita eigi reglum um sakarskiptingu eða öðrum reglum, sem heimila niðurfærslu á fjárhæð bóta". Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var málið skriflega flutt fyrir Hæstarétti.

I.

Í þinghaldi 18. janúar 1993 ákvað héraðsdómari að ósk aðila og með heimild í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 að skipta sakarefni málsins. Samkvæmt bókun í þingbók skyldi fyrst dæmt um bótaskyldu í málinu, eins og það var reifað, áður en til gagnstefnu kom. Í sama þinghaldi féll stefndi frá kröfu um frávísun málsins.

Í héraði reisti áfrýjandi kröfur sínar í aðalsök einvörðungu á því, að stefndi hefði verið undirverktaki hjá áfrýjanda og bæri sem slíkur

ábyrgð á tjóni, sem varð við það, að ekki var gengið frá þaki hússins nr. 84 við Kleppsveg í lok vinnudags 31. ágúst 1990 með þeim hætti, að það héldi regnvatni. Í skriflegri sókn sinni fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi hins vegar haldið því fram, að hvort sem stefndi hafi verið undirverktaki eða launþegi í starfi hjá áfrýjanda, leiði það til sömu niðurstöðu.

Stefndi mótmælir því, að þessi málsástæða komist að fyrir Hæstarétti. Grundvelli málsins yrði raskað verulega með því, en málatilbúnaður áfrýjanda í héraði hafi ekki gefið neitt tilefni til málsvarnar með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, sem við eigi um hugsanlega bótaskyldu stefnda sem launþega í starfi hjá áfrýjanda.

Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, getur sú málsástæða ekki komið til úrlausnar, að stefndi hafi verið launþegi í starfi hjá áfrýjanda og beri með þeim hætti ábyrgð á umræddu tjóni. Breytir engu í því sambandi, þótt þetta hafi komið fram í greinargerð áfrýjanda í gagnsök í héraði, en í henni var skorið úr um launakröfu stefnda á hendur áfrýjanda. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er dómur í gagnsök, sem gekk stefnda í vil, ekki til endurskoðunar.

II.

Stefndi réðst í vinnu hjá áfrýjanda í byrjun júní 1990. Er ágreiningslaust, að hann hafi þá verið ráðinn starfsmaður áfrýjanda. Talsmaður áfrýjanda hefur hins vegar borið fyrir dómi, að á þessu hafi orðið breyting frá og með 1. ágúst sama ár samkvæmt munnlegu samkomulagi aðila. Hafi stefndi frá þeim tíma tekið að sér einstök verkefni fyrir áfrýjanda sem undirverktaki hans. Þessu hefur stefndi mótmælt. Hann telur sig frá upphafi hafa verið launþega hjá áfrýjanda. Á því hafi engin breyting orðið til 21. september 1990, er hann hætti störfum hjá áfrýjanda.

Í málinu liggur fyrir launamiði, út gefinn af áfrýjanda, og skattframtal stefnda 1991. Samkvæmt launamiðanum telur áfrýjandi fram vinnulaunagreiðslur til stefnda, að fjárhæð 63.800 krónur, en frá þeirri fjárhæð er dregin staðgreiðsla skatta og greiðsla í lífeyrissjóð. Um önnur fram talin vinnulaun eða verktakagreiðslur áfrýjanda til stefnda er ekki að ræða. Að þessu virtu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms hefur áfrýjandi á engan hátt

rennt stoðum undir þá staðhæfingu, að stefndi hafi starfað að viðgerð á þaki umrædds húss við Kleppsveg sem undirverktaki áfrýjanda og beri á grundvelli réttarreglna um verksamninga ábyrgð á því, sem þar fór úrskeiðis. Samkvæmt því verður ekki fallist á þau sjónarmið, er áfrýjandi hefur fært fram til stuðnings kröfum sínum.

Eftir þessum úrslitum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að málið er verulega vanreifað af hálfu áfrýjanda, svo sem málatilbúnaður hans var úr garði gerður við þingfestingu. Þykir þrátt fyrir það ekki alveg næg ástæða að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Húseigendaþjónustan S. Sigurðsson hf., greiði stefnda, Elíasi R. Sveinssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1993.

I.

Stefnandi er Húseigendaþjónustan S. Sigurðsson hf., kt. 461189-1139, Skemmuvegi 34, Kópavogi, en stefndi Elías R. Sveinsson, kt. 100152-7468, Langholtsvegi 90, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru sem hér segir:

„Þess er krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 254.792 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta p. a. skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga:

Af 254.792 kr. frá 10. 11. 1990 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar [...].

Upphaflegar dómkröfur stefnda voru:

Aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskostnaður [...]. Til vara gerði stefndi þá dómkröfu að verða alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður eins og í aðalkröfu.

Með gagnstefnu 28. september 1992 gerði aðalstefndi þær dómkröfur, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða 93.903 kr. með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Af hálfu gagnstefnda var krafist sýknu af kröfum aðalstefnda í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi gagnstefnanda.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1992, en 24. september s. á. var málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur skv. 164. gr. laga nr. 91/1991. Á dómþingi 10. desember sl. var eftir árangurslausar sáttatilraunir ákveðinn málflutningur um frávísunarkröfu aðalstefnda 18. janúar sl., en við upphaf þinghalds þann dag féll aðalstefndi frá kröfu sinni um frávísun, og var þá ákveðið að ósk aðila að skipta sakarefni þannig, að fyrst yrði dæmt um bótaskyldu aðalstefnda í málinu, eins og málið hafði verið reifað fyrir gagnstefnu. Þá lýstu lögmenn aðila öflun sýnilegra sönnunargagna lokið í aðalsök. Þannig búið var málið flutt 1. þessa mánaðar og dómtekið að þessu leyti.

Dómkröfur stefnanda eru á þessu stigi máls, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur vegna kostnaðar stefnanda af tjóni, sem varð vegna leka á þaki Kleppsvegar 84 hér í borg aðfaranótt 1. september 1990. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður [...].

II.

Málsatvik: Að Kleppsvegi 84 í Reykjavík varð tjón af völdum leka aðfaranótt laugardags 1. september 1990. Þak hússins hafði verið rofið vegna viðgerða föstudaginn 31. ágúst 1990, en ekki gengið þannig frá því, er vinnu viðgerðarmanna lauk þann dag, að það héldi vatni, þá er rigndi næstu nótt. Húseigendaþjónustan S. Sigurðsson hf. hafði tekið að sér að gera við þakið. Þennan dag vann aðalstefndi að þessari viðgerð ásamt öðrum á vegum félagsins.

III.

Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi beri ábyrgð á því, að ekki var gengið frá þakinu sem skyldi, áður en vinnu lauk umræddan dag. Reisir aðalstefnandi kröfu á hendur aðalstefnda á reikningum fyrir efni og vinnu, sem til þess hafi farið að bæta húseigandanum tjón, sem varð af völdum lekans.

Af hálfu aðalstefnanda er staðhæft, að aðalstefndi hafi unnið sem undirverktaki hjá aðalstefnanda við viðgerðarverkefnið að Kleppsvegi 84, þegar umrætt tjón varð, og hafi hann brugðist trúnaði með því að ganga frá verki á þann hátt, að þakið hélt ekki vatni, og tjónið, sem þarna varð, megi rekja til vítaverðrar vanrækslu aðalstefnda, sem sé smiður að mennt. Orsök lekans kveður aðalstefnandi hafa stafað af því, að aðalstefndi hafi ekki fyllt upp í plötusamskeyti á þakinu með til þess ætluðu efni, sem honum hafi verið fengið af aðalstefnanda, en verk aðalstefnda hafi falist í því að losa kítti á plötusamskeytum og hreinsa þakið, áður en ákveðin klæðning yrði lögð yfir. Mistök aðalstefnda hafi verið að losa kíttið án þess að ljúka við að fylla aftur upp í samskeytin, áður en hann gekk frá verki þennan dag.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að hann hafi starfað sem launþegi hjá aðalstefnanda við verkefnið að Kleppsvegi 84, en Sigurður Sigurgeirsson, sem er faðir Sigurgeirs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarmanns aðalstefnanda, hafi stjórnað verkinu. Aðalstefndi segir, að hann, Sigurður og Guðni Hannesson, sem með þeim starfaði, hafi allir hætt störfum um svipað leyti, um það bil klukkan hálfþrjú síðdegis, en þá hafi Sigurður litið yfir verkið og talið, að þeir gætu hætt störfum þann dag. Guðni hafi orðið samferða Sigurði í burtu, en sjálfur hafi hann orðið eftir skamma stund til að taka til kringum húsið.

Sigurður Sigurgeirsson, kt. 310331-2959, Hverfisgötu 42, Hafnarfirði, kom fyrir rétt sem vitni. Hann bar fyrir réttinum, að hann hefði haft með höndum umsjón með verkinu að Kleppsvegi 84 umrætt sinn. Hefði hann falið aðalstefnda að ganga þannig frá verki umræddan dag, að ekki væri rofið meira af þakinu en gengið væri frá að loka með efni, sem til þess var ætlað og hann hefði afhent honum. Hann kveðst hafa horfið af staðnum einsamall klukkan um það bil tvö síðdegis, en þá hefði aðalstefndi og Guðni enn verið að verki í samræmi við það, sem ákveðið hefði verið.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að ekki komi fram í málinu, að húseigandi, þ. e. tjónþoli, hafi framselt stefnanda bótakröfu sína. Þá liggi ekki fyrir hlutlaust mat á umfangi hins ætlaða tjóns, og ekki hafi verið sannað, að hann beri ábyrgð á þeim atvikum, sem urðu til þess.

IV.

Aðalstefnandi, sem er bókhaldsskyldur, hefur ekki sýnt fram á, að aðalstefndi hafi starfað hjá sér sem undirverktaki við viðgerðarvinnuna að Kleppsvegi 84. Því verður að telja staðhæfingu aðalstefnda rétta að svo komnu, að hann hafi starfað sem launþegi hjá aðalstefnanda, þá er tjónið varð.

Telja verður, að betur hefði mátt upplýsa en gert er, hvernig að verklokum var staðið 31. ágúst 1990, og verður aðalstefnandi að bera hallann af því. Ekki verður því gegn andstæðum framburði aðalstefnda talið sannað, að aðalstefndi hafi gengið frá verki án þessa að ljúka störfum á þann hátt, sem fyrir hann hafði verið lagt af tilsjónarmanni aðalstefnanda með verkinu. Þá verður að fallast á það með aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi að öðru leyti ekki sýnt með tryggum hætti samhengið milli ætlaðra mistaka eða vanrækslu aðalstefnda og tjónsins.

Samkvæmt framangreindu er aðalstefndi sýknaður af kröfum aðalstefnanda.

Eftir þessum málalokum ber aðalstefnanda að greiða aðalstefnda 70.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Elías R. Sveinsson, er sýknaður af kröfum aðalstefnanda, Húseigendaþjónustunnar S. Sigurðsson hf.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda 70.000 krónur í málskostnað með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 42/1993. **Birgir Guðjónsson**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Samherja hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Skipakaup. Samningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar samkvæmt heimild í þágildandi 2. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.340.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjanda ekki tekist að sanna, að samkomulag það, sem gert var milli Sæfinns hf. og stefnda 30. ágúst 1989, hafi verið víðtækara en orðalag þess benti til. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Birgir Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., hefur Birgir Guðjónsson, kt. 270740-2869, Hrísholti 9, Garðabæ, höfðað með stefnu, þingfestri 5. nóvember 1991, á hendur Þorsteini Vilhelmssyni, kt. 030552-3509, Kotárgerði 17, Akureyri, stjórnarformanni Samherja hf., kt. 671272-2859, Glerárgötu 30, Akureyri, fyrir hönd félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 4.340.000 kr., með [dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans [...].

II.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld upphaflega hafa verið skuld Sæfinns hf. við Eimskipafélag Íslands hf., en stefnandi hafi leyst hana til sín sem ábyrgðarmaður.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að 30. ágúst 1989 hafi stefndi, Samherji hf., keypt togarann Arinbjörn, RE-34, af hlutafélaginu Sæfinni hf. í Reykjavík. Kaupverðið samkvæmt afsalinu hafi verið 300.903.735 kr., og hafi það verið greitt með yfirtöku á skuldum. Þá hafi verið gert samkomulag, dagsett sama dag, þar sem meðal annars sé það loforð gefið af hálfu Samherja hf., að hluthafar í Sæfinni hf. verði leystir úr persónulegum ábyrgðum við Landsbanka Íslands vegna Sæfinns hf. Hinn 1. febrúar 1990 hafi verið undirrituð yfirlýsing af Ólafi G. Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, Sigurði G. Guðjónssyni hrl. og hluthöfum í Sæfinni hf., þ. e. stefnanda, Birgi Guðjónssyni, Magnúsi Gestssyni, Sesselju Gunnarsdóttur og Guðmundi Heiðari Guðjónssyni um, að forsendur sölunnar hafi verið þær, að hluthafar Sæfinns hf. yrðu leystir undan persónulegum ábyrgðum, er þeir voru í vegna skulda Sæfinns hf., bæði við Landsbanka Íslands hf. og aðra kröfuhafa.

Stefnandi kveður forsendur fyrir sölu á togaranum hafa verið þær, að hann og aðrir hluthafar Sæfinns hf. yrðu leystir undan persónulegum ábyrgðum. Sæfinnur hf. hafi verið skuldum vafinn, og hafi það hlutafélag verið gert gjaldþrota. Hafi því raunveruleg ástæða þess, að skipið var selt, verið sú að losa hluthafa úr persónulegum ábyrgðum.

Um lagarök vísar stefnandi til samningalaga, en um vaxtakröfu til laga nr. 25/1987.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að talsmenn stefnda hafi ekki fallist á að taka á sig aðrar skuldir en þær, er greini í kaupsamningi og samningsviðauka. Samið hafi verið um að taka við skuldum við Landsbankann, er hvíldu með veðum á húseignum þeirra. Þessar skuldir hafi verið sýndar á uppgjöri, er fyrir lá. Enn fremur hafi verið fallist á að taka við víxilskuldum við Landsbanka, sem þá hafi ekki verið vitað, hverjar endanlega væru. Af

þeim sökum hafi verið gengið frá samningsviðaukanum með því orðalagi, sem hann ber. Hafi fulltrúar kaupanda verið fullvissaðir um það af Sigurði G. Guðjónssyni hrl., sem annast hafi skjalagerð, að orðalagið næði ekki til annarra skulda en þeirra, sem samið hefði verið um að yfirtaka, þ. e. veðskuldanna og víxlanna. Sú skuld, sem krafa sé gerð um greiðslu á í máli þessu, hafi verið skýrt greind í uppgjöri því, sem fyrir lá við samningsgerðina. Ef ætlunin hefði verið, að kaupendur tækju á sig þessa skuld, og kaupverðið hækkaði sem henni næmi, hefði orðið að færa hana inn á kaupsamninginn eða samningsviðaukann eins og aðrar yfirteknar skuldir. Sú rúma túlkun 2. gr. samkomulagsins í samningsviðaukanum, er virðist koma fram hjá stefnanda og styðst við yfirlýsingu hluthafa og starfsmanna félagsins, þ. e. lögmanns og endurskoðanda, fái ekki staðist gegn mótmælum kaupanda. Ákvæðið sé skýrt og beri að gagnálykta frá því.

Um lagarök vísar stefndi til samningalaga nr. 7/1936. Kröfu um vexti og vaxtavexti styður stefndi lögum nr. 25 frá 1987. Kröfu um málskostnað reisir stefndi á 177. gr. l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

III.

Kröfur sínar í máli þessu miðar stefnandi, Birgir Guðjónsson, við það, að við sölu skuttogarans Arinbjarnar, RE-54, til Samherja hf. hafi kaupandi tekið að sér að greiða allar þær skuldir seljanda, Sæfinns hf., sem hluthafar Sæfinns voru í persónulegum ábyrgðum fyrir.

Um var að ræða sölu á skipi og mikla fjárhagslega hagsmuni henni tengda, enda naut seljandi aðstoðar endurskoðanda og lögmanns við samningsgerðina.

Við söluna var gerður kaupsamningur, nefndur afsal, dagsettur 30. ágúst 1989, og samningsviðauki, dagsettur sama dag, sem lagðir hafa verið fram sem dómskjöl nr. 3 og 4. Í samningum þessum er skýrt kveðið á um kaupverð skipsins og hvernig það skuli greitt. Samkvæmt fram lögðu afsali var kaupverð skipsins greitt með yfirtöku á þar tilgreindum skuldum. Í samkomulagi, gerðu í tengslum við söluna sama dag, lofar kaupandi, að hluthafar í Sæfinni hf. verði leystir úr persónulegum ábyrgðum við Landsbanka Íslands vegna Sæfinns hf. Um aðrar ábyrgðir er ekki getið í samningsviðaukanum, og í samningnum sjálfum er ekkert kveðið á um skyldu kaupanda til að aflétta ábyrgðum af hluthöfum í Sæfinni hf.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að forsendur sölunnar hafi verið þær að losa hluthafana undan persónulegum ábyrgðum. Til að sanna þá fullyrðingu sína hefur stefnandi lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 1. febrúar 1990, undirritaða af hluthöfum í Sæfinni hf., seljanda, endurskoðanda hlutafélagsins Sæfinns hf. og lögmanni þeim, er aðstoðaði seljanda við söluna og ann-

aðist skjalagerð. Yfirlýsingin er gefin út löngu eftir samningsgerðina og hefur ekki sönnunargildi.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu þeir aðilar, er viðstaddir voru samningsgerðina, auk þess Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja hf., Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Seifs hf., og Kristinn Hallgrímsson hdl.

Framburður þessara aðila hefur ekki leitt í ljós, að munnlegt samkomulag hafi tekist um það með aðilum, að stefndi tæki að sér greiðslu annarra skulda en þeirra, er tilgreindar eru í fram lögðum samningum. Það er enn fremur ljóst, að ef ætlunin hefði verið að semja um annað en skýr ákvæði afsals og samningsviðauka bera með sér, hefði seljanda verið í lófa lagið að hlutast til um skýrara orðalag samningsins.

Þegar allt er virt, verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sanna gegn andmælum stefnda, að stefndi hafi lofað greiðslu á umstefndri skuld. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 500.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður ákveðst án virðisaukaskatts, þar sem stefndi hefur enga grein gert fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Samherji hf., Glerárgötu 30, Akureyri, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Birgis Guðjónssonar, Hrísholti 9, Garðabæ.

Stefnandi, Birgir Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 500.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 43/1993. **Guðmundur Heiðar Guðjónsson**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Samherja hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Skipakaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar samkvæmt heimild í þágildandi 2. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.860.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjanda ekki tekist að sanna, að samkomulag það, sem gert var milli Sæfinns hf. og stefnda 30. ágúst 1989, hafi verið víðtækara en orðalag þess leiðir í ljós. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Guðmundur Heiðar Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., hefur Guðmundur Heiðar Guðjónsson, kt. 290545-3829, Ystaseli 21, Reykjavík, höfðað með stefnu, þingfestri 5. nóvember 1991, á hendur Þorsteini Vilhelmssyni, kt. 030552-3509, Kotárgerði 17, Akureyri, stjórnarformanni Samherja hf., kt. 671272-2859, Glerárgötu 30, Akureyri, fyrir hönd félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.860.000 kr., með [dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans [...].

II.

– – –

[Sbr. II. kafla í dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu: Birgir Guðjónsson gegn Samherja hf., bls. 1745–1748 hér að framan.]

III.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi, Guðmundur Heiðar Guðjónsson, á því, að við sölu skuttogarans Arinbjarnar, RE-54, til Samherja hf. hafi kaupandi tekið að sér að greiða allar þær skuldir seljanda, Sæfinns hf., sem hluthafar Sæfinns voru í persónulegum ábyrgðum fyrir.

Um var að ræða sölu á skipi og mikla fjárhagslega hagsmuni henni tengda, enda naut seljandi aðstoðar endurskoðanda og lögmanns við samningsgerðina.

Við söluna var gerður kaupsamningur, nefndur afsal, dagsettur 30. ágúst 1989, og samningsviðauki, dagsettur sama dag, sem lagðir hafa verið fram sem dómskjöl nr. 3 og 4. Í samningum þessum er skýrt kveðið á um kaupverð skipsins og hvernig það skuli greitt. Samkvæmt fram lögðu afsali var kaupverð skipsins greitt með yfirtöku á þar tilgreindum skuldum. Í samkomulagi, gerðu í tengslum við söluna sama dag, lofar kaupandi, að hluthafar í Sæfinni hf. verði leystir úr persónulegum ábyrgðum við Landsbanka Íslands vegna Sæfinns hf. Um aðrar ábyrgðir er ekki getið í samningsviðaukanum, og í samningnum sjálfum er ekkert kveðið á um skyldu kaupanda til að aflétta ábyrgðum af hluthöfum í Sæfinni hf.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að forsendur sölunnar hafi verið þær að losa hluthafana undan persónulegum ábyrgðum. Til að sanna þá fullyrðingu sína hefur stefnandi lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 1. febrúar 1990, undirritaða af hluthöfum í Sæfinni hf., seljanda, endurskoðanda hlutafélagsins Sæfinns hf. og lögmanni þeim, er annaðist skjalagerð. Yfirlýsingin er gefin út löngu eftir samningsgerðina og hefur ekki sönnunargildi.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu þeir aðilar, er viðstaddir voru

samningsgerðina, auk þess Þorsteinn Már Baldvinsson framkvæmdastjóri Samherja hf., Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Seifs hf., og Kristinn Hallgrímsson hdl.

Framburður þessara aðila hefur ekki leitt í ljós, að munnlegt samkomulag hafi tekist um það með aðilum, að stefndi tæki að sér greiðslu annarra skulda en þeirra, er tilgreindar eru í fram lögðum samningum. Það er enn fremur ljóst, að ef ætlunin hefði verið að semja um annað en skýr ákvæði afsals og samningsviðauka bera með sér, hefði seljanda verið í lófa lagið að hlutast til um skýrara orðalag samningsins.

Þegar allt er virt, verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sanna gegn andmælum stefnda, að stefndi hafi lofað greiðslu á umstefndri skuld.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 317.000 kr. í málskostnað.

Málskostnaður ákveðst án virðisaukaskatts, þar sem stefndi hefur enga grein gert fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Samherji hf., Glerárgötu 30, Akureyri, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Heiðars Guðjónssonar, Ystaseli 21, Reykjavík.

Stefnandi, Guðmundur Heiðar Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 317.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 162/1993. **Kristján Pálsson**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Snæfellsbæ
(Jónatan Sveinsson hrl.)
og gagnsök

Málsástæður. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1993. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar dómsálagningar, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, og til þrautavara, að kröfur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 30. apríl 1993. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 772.450 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. maí 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að aðaláfrýjandi greiði 450.810 krónur auk dráttarvaxta og málskostnaðar, en til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með auglýsingu nr. 301/1994, birtri 10. júní 1994, um nafn á sveitarfélagi því, sem til varð við sameiningu gagnáfrýjanda og þriggja annarra sveitarfélaga, varð nafn hins nýja sveitarfélags Snæfellsbær.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms reisir aðaláfrýjandi einkum á því, að í niðurstöðu sé miðað við sjónarmið og rök, sem hvergi hafi komið fram í kröfum og málsástæðum stefnanda í héraði, þvert gegn ákvæðum III. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Héraðsdómari hafi lagt til grundvallar atriði, sem ekki hafi verið til

athugunar við flutning málsins, og í forsendum komi fram atriði, sem tilefni hefði verið til að spyrja um við skýrslugjöf aðila og vitna, en slíkt hafi af eðlilegum ástæðum ekki verið gert. Héraðsdómari hafi meðal annars reist niðurstöðu sína á því, að aðaláfrýjanda hafi borið tímakaup fyrir vinnu sína, sem ekki hafi verið haldið fram, og einnig byggt á óeðlilegu tímakaupi og tímafjölda. Héraðsdómari hafi og gert ráð fyrir færri orlofsdögum en byggt hafi verið á, en í héraði hafi fjöldi ótekinna orlofsdaga verið óumdeildur.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að kröfu um ómerkingu og heimvísun verði hafnað. Bendir hann á, að héraðsdómari hafi fallist á þá meginmálsástæðu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi ofreiknað sér laun fyrir ótekið orlof á starfstíma sínum. Héraðsdómari leggi tímaútreikning til grundvallar. Það sé þekkt aðferð í þessum efnum og talin nákvæm, en jafnframt flókin. Aðaláfrýjandi hafi reiknað rétt sinn í mánaðarlaunum. Gagnáfrýjandi hafi mótmælt þeirri útreikningsaðferð sem rangri á sama útreikningsgrunni, bæði hvað varði fjölda mánaða, sem meðal annars hafi verið byggður á 20 virkum vinnudögum í mánuði í stað 22, og einnig, að mánaðarlaun í orlofi væru ofreiknuð, auk mótmæla við reikning orlofslauna í stað orlofsauka og bílastyrks í mánuðum. Héraðsdómari hafi reiknað út ótekið orlof aðaláfrýjanda með öðrum hætti en aðilar málsins, en hann hafi ekki farið út fyrir kröfur eða málsástæður þeirra.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, snýst ágreiningur málsaðila mestmegnis um endurgreiðslukröfu gagnáfrýjanda vegna uppgjörs í lok starfs aðaláfrýjanda sem bæjarstjóra í Ólafsvík, vegna ótekinna sumarleyfa hans árin 1987, 1988 og 1989 svo og vegna sumarleyfis árið 1990. Ágreiningslaust er með aðilum, að um launakjör aðaláfrýjanda hafi farið eftir ráðningarsamningi hans 1. ágúst 1986, en þar er kveðið á um, að orlof skyldi vera í samræmi við kjarasamninga opinberra starfsmanna á hverjum tíma. Koma kjarasamningarnir því til fyllingar ráðningarsamningi. Í stað þess að taka afstöðu til kröfugerðar á grundvelli þessa leitast héraðsdómari við að meta með eigin reikningsaðferðum, hvaða endurgreiðsla gagnáfrýjanda hefði borið úr hendi aðaláfrýjanda.

Fallast ber á með aðaláfrýjanda, að leið sú til úrlausnar ágreiningi aðila, sem valin var af héraðsdómara, hafi að nokkru verið reist á

málsástæðum, sem ekki hafi komið fram við meðferð málsins. Héraðsdómi er áfátt í ýmsum öðrum atriðum. Framsetning dómsins er óskipuleg, og er afstaða dómara til krafna málsaðila eigi nægilega skýr. Í dóminum er ekki heldur leyst úr öllum málsástæðum, og um sum ágreiningsefni er fjallað á ógreinilegan hátt. Dómurinn er því í verulegum atriðum andstæður grundvallarreglum 111. gr. og 114. gr. laga nr. 91/1991.

II.

Í niðurlagi hins áfrýjaða dóms segir réttilega, að greinargerð gagnáfrýjanda sé að mestu leyti endurtekning á stefnu. Við það bætist, að uppbygging aðalkröfu hans er ruglingsleg, varakrafa ekki dómhæf og málsástæður ekki hnitmiðaðar og lögfræðilega reifaðar. Þá er skriflegur málflutningur fólginn í framlagningu sérstakrar álitsgerðar af hálfu gagnáfrýjanda, sem hafði í för með sér skrifleg andsvör aðaláfrýjanda. Framlagning skjala er og að öðru leyti tilviljanakennd. Tekur héraðsdómari því réttilega fram, að torvelt hafi verið að ná tökum á málinu á grundvelli málflutningsskjala, og bætir við, að munnleg málsreifun umboðsmanns stefnanda í héraði hafi ekki varpað nægilega skýru ljósi á málið. Er og annars staðar tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að ágreiningur aðila lúti að flóknum álitaefnum, en í málflutningi aðila hafi meginhersla verið lögð á að sýna fram á, að reikningsaðferðir þeirra væru réttar, en minna hirt um að leiða rök að niðurstöðu út frá reglum um endurgreiðslu fjár.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, brýtur málsmeðferð í héraði svo mjög í bága við grundvallarreglur laga nr. 91/1991, að ekki verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Arnljóts Björnssonar

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda aftur að II. kafla dómsins. Hins vegar tel ég ekki vera rök til þess að vísa málinu frá héraðsdómi. Með vísun til þess tel ég, að vegna þeirra galla á málsmeðferð, sem lýst er í I. kafla dómsins, verði ekki komist hjá því að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins í héraði frá og með aðalmeðferð þess og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum þykir mér rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 218/1994. **Zophonías Antonsson**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Halli Steingrímssyni
(Hreinn Pálsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, gerðu aðilar munnlegan samning sín á milli um, að stefndi tæki að sér framkvæmdir í þágu áfrýjanda, sem þá hafði á grundvelli tilboðs gengist undir samning við Vegagerð ríkisins um gerð vegarkafla í Svarfaðardal. Þáttur stefnda fólst einkum í því að ýta út fyllingarefni, sem ekið var í veginn, en stefndi lagði sjálfur jarðýtu til verksins. Í munnlegri skýrslu fyrir dómi taldi áfrýjandi þann þátt nema nálægt 10% heildarverksins. Einnig vann stefndi með ýtunni við skeringu og snyrtingu vegkanta. Þá vann stefndi nokkuð við verkið með veghefli, sem áfrýjandi tók á leigu frá öðrum vegna framkvæmdanna. Telur stefndi, að samtals hafi hann varið 525 klukkustundum til verksins. Hefur sú tímatalning ekki sætt andmælum áfrýjanda.

Aðilar málsins bera hins vegar hvor á sinn veg um, hvaða endurgjald skyldi koma fyrir framlag stefnda til verksins samkvæmt hinum munnlega samningi þeirra. Miðar stefndi kröfur sínar við tímagjald samkvæmt sérstökum töxtum, sem Vegagerð ríkisins hefur útbúið og notar í vissum tilvikum. Áfrýjandi hafnar greiðslu samkvæmt þessum töxtum og telur, að til grundvallar uppgjöri aðila

beri að leggja greiðslur samkvæmt magntölum, og sé það í samræmi við samning þeirra. Í skriflegu svari við kröfubréfi stefnda, áður en til málshöfðunar kom, hefur áfrýjandi engu að síður boðið fram greiðslu samkvæmt tímagjaldstaxta Vegagerðar ríkisins til uppgjörs á 184 klst., sem stefndi hafi varið í skeringu og snyrtingu vegkanta. Frá því skyldi hins vegar draga 30%, sem ekki hefur verið skýrt sérstaklega.

Svo sem málið liggur fyrir, verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að dæma beri um ágreining aðila svo sem eigi hafi fyrir fram verið samið um verð fyrir verk stefnda. Að því virtu, sem að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Zophonías Antonsson, greiði stefnda, Halli Steingrímssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., hefur Hallur Steingrímsson kt. 290348-2939, Skáldalæk, Svarfaðardalshreppi, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 24. mars 1993, á hendur Zophoníasi Antonssyni, kt. 220546-2769, Goðabraut 17, Dalvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 971.738 kr. með dráttarvöxtum [svo og málskostnað].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Til vara gerir stefndi þá kröfu, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá felldur niður.

Málsatvik eru þau, að vorið 1992 bauð Vegagerð ríkisins út verk við veg milli Holts og Húsabakka í Svarfaðardal. Nam kostnaðaráætlun vegagerðarinnar 12.891.213 kr. Lægsta tilboð í verkið barst frá stefnda, 6.424.050 kr., tæp 50% af kostnaðaráætlun vegagerðarinnar. Samdi vegagerðin við stefnda um verkið á grundvelli tilboðs þessa. Stefndi samdi síðan munnlega við stefnanda um, að stefnandi legði fram menn og vélar til vinnu við tiltekinn þátt verksins. Samkvæmt tímaskýrslum, sem fram eru lagðar í málinu, innti stefnandi verkið af hendi í mánuðunum júlí, ágúst, september og október 1992.

Stefnandi kveður samið hafa verið um, að verð fyrir verkið skyldi miða við taxta vegagerðarinnar, þ. e. svonefnt mánaðargjald. Samkvæmt því gjaldi nemi heildargreiðsla fyrir verkið 1.661.738 krónum. Inn á þessa fjárhæð hafi stefndi greitt 690.000 kr., og séu eftirstöðvar því 971.738 kr., sem eru stefnufjárhæðin. Kveðst stefnandi reisa kröfu sína um greiðslu á fjárhæð þessari á almennum reglum samningaréttar.

Stefndi kveðst hafa gert tilboð í verkið hjá Vegagerð ríkisins, svo sem að framan er rakið. Til þess að vinna verkið hafi hann fengið nokkra aðila til liðs við sig, þ. á m. stefnanda. Öllum þessum aðilum og stefnanda einnig hafi verið kunnugt um, að tilboð í verkið var langt undir kostnaðaráætlun og greiðslur til þeirra yrðu að nokkru leyti í samræmi við það. Allir aðrir en stefnandi hafi sætt sig við það. Stefndi hafi samið við stefnanda um, að svonefndur tonnataxti yrði hafður til viðmiðunar við greiðslur fyrir verkið, og samkvæmt þeim útreikningi hafi stefnandi fengið að fullu greitt fyrir sinn þátt í verkinu. Þar sé með talinn hlutur stefnanda í snyrtingu í köntum og skering, en þar hafi verið gert ráð fyrir, að stefnandi ynni á grundvelli tilboðsins, sem hann hafi í raun orðið aðili að. Styður stefndi sýknukröfu sína með framangreindu.

Varakröfu sína styður stefndi því, að hann hafi boðist til að greiða stefnanda 129.144 kr. til samkomulags, og verði ekki á sýknukröfuna fallist, sé sú viðbótargreiðsla fullnægjandi.

Auk aðila málsins hafa vitnin Birkir Bragason, Sverrir Björgvinsson, Hallgrímur Hreinsson og Sigurður Oddsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra, gefið skýrslur hér fyrir dóminum.

Ekki er ágreiningur um vinnutímafjölda manna og véla, er stefnandi lagði til verksins og hann miðar kröfu sína við. Aðila greinir hins vegar á um, hvort miða eigi greiðslur við tímagjald eða magngjald. Hér fyrir dóminum hefur hvorugur aðila fært fram fullnægjandi sönnur á staðhæfingar sínar um þetta atriði. Gegn andmælum stefnanda er einnig ósannað, að hann hafi á einhvern hátt gerst aðili að samningi stefnda við vegagerðina. Verður að dæma mál þetta svo sem eigi hafi verið fyrir fram samið um verð fyrir verk stefnanda.

Stefnandi miðar verðlagningu verksins við svonefnda viðmiðunargjaldskrá vegagerðarinnar, sem samkvæmt framburði vitnisins Sigurðar Oddssonar er til afnota fyrir vegagerðina, en ekki út gefin til almennra afnota.

Vitnið Sigurður Oddsson ber, að í einstaka tilvikum sé viðmiðunarverðskrá þessi notuð í samningum vegagerðarinnar, einkum ef um minni háttar verk er að ræða. Stefnandi hefur sýnt fram á, að hann hafi gjarnan stuðst við viðmiðunargjaldskrá þessa við verðlagningu á verkum sínum.

Hlutfall greiðslu þeirrar, er stefnandi áskilur sér, og kostnaðaráætlunar Vegagerðar ríkisins er svipað hlutfalli tilboðs stefnda og þeirrar greiðslu, er hann telur sig eiga að greiða stefnanda.

Með vísan til framangreinds verður verðlagning stefnanda á verki sínu eigi talin ósanngjörn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 ber að taka kröfur stefnanda til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Zophonías Antonsson, greiði stefnanda, Halli Steingrímssyni, 971.738 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1992 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxtanna, og 100.000 kr. í málskostnað.

Dómurinn er aðfararhæfur.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 416/1992. **Trygging hf.**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)

Skuldabréf. Veðsetning. Greiðslusamningur. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1992. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér „skuld samkvæmt dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Kópavogs 16. mars 1989", í málinu nr. 158/1989: Trygging hf. gegn Hafeldi hf., Finnboga Kjeld og Skipafélaginu Víkum hf., eins og tiltekið sé í dómsorði hans, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Auk þess krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi skýrt þetta svo, að krafist sé greiðslu úr hendi stefnda á 17.132.273 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. október 1988 til greiðsludags, og sé það fjárhæð þeirrar skuldar, sem fyrrnefndum aðilum hafi verið gert að greiða honum með umræddum bæjarþingsdómi. Jafnframt sé krafist greiðslu á fjárhæð þess málskostnaðar, er dæmdur var á hendur aðilunum, 784.906 krónum, með sömu dráttarvöxtum frá 31. mars 1989 til greiðsludags.

Við málflutninginn hefur áfrýjandi enn fremur krafist þess til vara, að stefnda verði gert að greiða sér 638.798 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. mars 1989 til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krafðist þess í greinargerð, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur. Hann krefst þess nú aðallega, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öll-

um kröfum áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Krafa hans um ómerkingu og frávísun er á því reist, að héraðsdómara hefði borið að vísa málinu frá dómi ex officio, og eigi ástæður þess enn við. Kröfur áfrýjanda varði sakarefni, sem þegar hafi sætt bindandi dómsúrlausn á bæjarþingi Kópavogs, sbr. þá 1. mgr. 195. gr. og 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jafnframt sé kröfugerð áfrýjanda óljós, þar sem krafa hans hljóði um greiðslu á tiltekinni skuld, er búið hafi verið að dæma aðra aðila til að greiða, en skýringar á kröfunni leiði í ljós, að hún sé byggð á veðrétti í eldisfiski eins aðilans og skaðabótaskyldu stefnda vegna tjóns á veðinu. Sé kröfugerðin þá einnig reist á röngum forsendum, þar sem ljóst megi vera, að gildur veðréttur hafi ekki komið til greina.

Sýknukrafa stefnda er í samræmi við niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en stefndi telur kröfu um beina staðfestingu dómsins ekki eiga við, þar sem tilteknar forsendur hans varði álitaefni, er komið hafi til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar 6. október 1994 í máli nr. 175/1991: Sölusamtök lagmetisiðnaðarins gegn Landsbanka Íslands, og hafi Hæstiréttur þar metið þau að nokkru á annan veg en héraðsdómari gerði í máli þessu.

Í kröfugerð áfrýjanda er skírskotað til dóms í máli á bæjarþingi Kópavogs, er hann höfðaði þar til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi á grundvelli XVII. kafla laga nr. 85/1936 gegn þremur aðilum, sem sóttu ekki þing í málinu. Orðar áfrýjandi kröfur sínar á þá leið í stefnu í héraði og greinargerð fyrir Hæstarétti, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld samkvæmt þessum dómi, og er skuldinni lýst með beinni tilvitnun í dómsorð hans, sem tekið er upp í heild. Þessi kröfugerðarháttur er óviðeigandi þegar af þeirri ástæðu, að stefndi var ekki aðili að málinu og því ekki bundinn af umræddum dómi, sbr. áður 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 og nú 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Um grundvöll kröfugerðarinnar hefur það á hinn bóginn legið fyrir frá öndverðu, að áfrýjandi telur stefnda hafa bakað sér ábyrgð

á greiðslu þeirrar fjárkröfu, sem áfrýjandi hafi átt á hendur aðilum dómsmálsins, annars vegar vegna vanefndar á samningum um skil og skiptingu á söluandvirði eldisfisks í eigu Hafeldis hf. og hins vegar fyrir þá sök, að óseldur eldisfiskur hafi tapast óvátryggður, eftir að vörslur á honum hafi verið komnar í hendur stefnda. Geti áfrýjandi krafið stefnda um greiðslu, er svari allri fjárhæð skuldarinnar, eins og hún var viðurkennd í umræddum dómi. Jafnframt hafi dómurinn þau áhrif, að stefndi geti hvorki borið brigður á skuldina né þann veðrétt, sem áfrýjandi hafi átt yfir eldisfiskinum samkvæmt áskilnaði í skuldabréfi og ákvæðum dómsins. Þótt reifun málsins á þessum grundvelli sé ekki hnökralaus, er hún eftir atvikum nægilega skýr til þess, að dómur verði á það lagður, og verður stefndi talinn hafa átt kost á að halda uppi vörnum. Þykir það einnig eiga við um varakröfu áfrýjanda, þótt hún sé seint fram komin, en mótun hennar nú sem aðgreindrar kröfu er byggð á málsástæðum, sem lýst var þegar við málshöfðun í héraði, og má telja hana rúmast innan aðalkröfunnar. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með stefnda, að efni séu til frávísunar málsins ex officio frá héraðsdómi.

II.

Kröfur áfrýjanda eru að undirstöðu reistar á skuldabréfi, að fjárhæð 15.448.398 krónur, sem Hafeldi hf. í Kópavogi gaf út 13. júlí 1988 til handa Skipafélaginu Víkum hf. með sjálfskuldarábyrgð Finnboga Kjeld, er var fyrirsvarsmaður beggja hlutafélaganna. Til tryggingar greiðslu var skuldareiganda einnig áskilinn veðréttur í stofni eldislaxa í svonefndri Bridgestone-flotkví Hafeldis hf. í Straumsvíkurhöfn, er næmi um 80.000 fiskum að heildarþyngd um 84 tonn, og átti það að vera sjálfsvörsluveð. Bréfið var framselt áfrýjanda þegar við útgáfu með sjálfskuldarábyrgð skipafélagsins. Jafnhliða framsalinu gaf Hafeldi hf. út yfirlýsingu um skuldbindingu í þágu áfrýjanda, þar sem félagið heimilaði og skuldbatt sig til að hlíta, að 40% af heildargreiðslum fyrir eldislax, sem Sölustofnun lagmetis í Reykjavík myndi kaupa af félaginu samkvæmt kaupsamningi, gerðum sama dag, yrðu greidd beint til áfrýjanda úr hendi stofnunarinnar og vera til innborgunar á umrætt skuldabréf, sem hann hefði eignast. Með áritun af hálfu stofnunarinnar var staðfest, að hún féllist á þessa greiðslutilhögun.

Með kaupsamningi var hér átt við samkomulag, sem gert var til bráðabirgða þennan dag milli Sölustofnunar lagmetis og Hafeldis hf., en síðan leyst af hólmi með ýtarlegum umsýslusamningi, sem gerður var 17. ágúst 1988 milli sömu aðila. Samkvæmt honum tók stofnunin að sér með einkarétti að selja alla framleiðslu Hafeldis hf. af íslenskum eldislaxi á tímabilinu ágúst-desember 1988 í umsýslusölu til Norway Foods Inc., sem myndi selja hann á markaði í Bandaríkjunum. Yrði skilaverð hverrar vörusendingar gert upp við Hafeldi hf. af hálfu stofnunarinnar á tilteknum fresti. Um leið var svo um samið, að Hafeldi hf. fengi fyrirframgreiðslu upp í viðskiptin, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadali, sem lán frá stofnuninni. Skyldi því varið með umsömdum hætti til greiðslu skulda og áfallandi kostnaðar við rekstur fiskeldisins, sem var í stórfelldri fjárþröng. Til tryggingar láninu skyldi stofnunin fá veð í öllum eldisfiski félagsins.

Með yfirlýsingu, sem Hafeldi hf., Sölustofnun lagmetis, stefndi og áfrýjandi undirrituðu 17. ágúst 1988 og taldist hluti af umsýslusamningnum, var það staðfest af hálfu stefnda og áfrýjanda, að þeir hefðu kynnt sér samninginn og væru samþykkir því, að Hafeldi hf. veitti fyrirframgreiðslunni viðtöku án frádráttar. Jafnframt var svo um samið, að skilaverði hverrar vörusendingar samkvæmt samningnum skyldi skipt milli aðilanna fjögurra í tilteknum hlutföllum. Átti áfrýjandi í fyrstu að fá 15% til greiðslu upp í kröfu sína samkvæmt fyrrnefndu skuldabréfi, en síðar 40%. Um framkvæmd skiptingarinnar var svo á kveðið, að hluti Sölustofnunar lagmetis skyldi dreginn frá greiðslum Norway Foods Inc., en að öðru leyti yrði fé lagt inn á bankareikning hjá stefnda, sem skyldi skipta fénu, þar til hann sjálfur og áfrýjandi hefðu fengið umræddar kröfur sínar að fullu greiddar.

Með samkomulagi, sem stefndi og Sölustofnun lagmetis gerðu sín í milli 25. ágúst 1988, var kveðið á um breytta tilhögun umræddrar fyrirframgreiðslu og frá því horfið, að stofnunin léti hana sjálf af hendi gegn eigin veði. Í þess stað skyldi greiðslan lögð inn á lokaðan gjaldeyrisreikning hjá stefnda, sem hefði einn ráðstöfunarrétt á innstæðunni, en stefndi myndi veita Hafeldi hf. afurðalán sömu fjárhæðar gegn veði í eldisfiski og öðrum afurðum félagsins. Afurðalánasamningur milli stefnda og Hafeldis hf. á þessum grundvelli var

gerður sama dag, og innborgun 250.000 bandaríkjadala á bankareikning og útborgun láns fór fram daginn eftir.

III.

Framvinda mála hjá Hafeldi hf. og umsýsluaðilanum varð síðan með öðrum hætti en áætlað var. Slátrun í eldisstöðinni seinkaði, og engar greiðslur komu fram til stefnda fyrir útfluttan lax. Í byrjun nóvember 1988 fékk stefndi þá tilkynningu frá þáverandi framkvæmdastjóra Hafeldis hf., að félagið væri þess ekki lengur umkomið að greiða laun eða fóðra eldislaxinn. Eftir viðræður þessa vegna lagði stefndi fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, þar sem krafa var gerð um afhendingu til bankans á rekstrarvörubirgðum og framleiðslu samkvæmt 7. gr. afurðalánasamnings aðilanna. Þegar beiðnin var tekin fyrir í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember 1988, varð samkomulag með aðilum um, að Hafeldi hf. framseldi stefnda fiskeldisafurðir með vísan til afurðalánasamningsins. Stefndi féll þar með frá beiðni um gjaldþrotaskipti. Síðari atvik leiddu til þess, eins og í héraðsdómi segir, að eldisfiskur félagsins glataðist í ofviðri, áður en frekari útflutningur varð og án þess að bætur kæmu fyrir tjónið.

Áfrýjandi telur, að stefndi hafi ekki efnt skyldur sínar samkvæmt samningi um skil og skiptingu á andvirði eldislax Hafeldis hf., sem staðfestur var með yfirlýsingu 17. ágúst 1988. Jafnframt hafi hann vanefnt skyldu til að halda laxinum vátryggðum, sem á hann hafi fallið gagnvart öðrum veðhöfum, eftir að hann hafi tekið við framsali á laxinum með samkomulagi 11. nóvember 1988 á grundvelli afurðalánasamnings síns við Hafeldi hf. Er aðalkrafa áfrýjanda við það miðuð, að verðmæti hins framselda hefði átt að nægja til að tryggja greiðslu á allri skuld við hann og aðra, er aðild áttu að umræddri yfirlýsingu, og sé það fyrir gáleysi stefnda, að greiðsla brást.

IV.

Ósannað er, að stefndi hafi með samkomulaginu 17. ágúst 1988 skuldbundið sig til annars gagnvart áfrýjanda en milligöngu um greiðslur til hans. Ekki er fram komið, að þessar greiðslur hafi borist stefnda, og á áfrýjandi því ekki kröfu á hendur honum þeirra vegna.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887 er óheimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni. Í 4. mgr. sömu greinar er sú undanþága meðal annars veitt frá þessu ákvæði, að framleiðanda er heimilað með ákveðnum takmörkunum að setja ríkissjóði, bönkum eða öðrum lánastofnunum eldisfisk að sjálfsvörsluveði.

Sem fyrr segir, hafði áfrýjandi keypti skuldabréf af Skipafélaginu Víkum hf., sem Hafeldi hf. hafði gefið út og var með veði í eldislaxi félagsins. Skipafélagið var ekki lánastofnun í skilningi veðlaga, og var því veðsetningin ólögmæt. Stefndi mátti því ekki gera ráð fyrir veðsetningu til handa áfrýjanda fyrir skuldinni. Áfrýjandi getur þannig ekki reist skaðabótakröfu á hendur stefnda á því, að tryggingum eldislaxins var ekki haldið við. Af þessu leiðir, að staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og sýkna stefnda bæði af aðalkröfu og varakröfu.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Trygging hf., greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

I.

Ég er samþykkur efni I. - III. kafla í atkvæði annarra dómenda.

Eins og fram kemur í II. kafla, eru kröfur áfrýjanda risnar af skuldabréfi Hafeldis hf. 13. júlí 1988, sem honum var framselt við útgáfu, og skuldbindingu sama dag um framsal á 40% hlutdeild í andvirði seldra afurða félagsins. Var skuldbindingin tengd samningi félagsins þennan dag við Sölustofnun lagmetis, sem síðan var leystur af hólmi með umsýslusamningi 17. ágúst 1988. Í honum voru nánari ákvæði um fyrirframgreiðslu til félagsins, sem endurgreiða átti með svipaðri hlutdeild í söluandvirði afurða og áfrýjanda hafði verið áskilin, ásamt loforði um veð handa stofnuninni í eldislaxi félagsins

til tryggingar greiðslunni. Við þessa samningsgerð kom stefndi til skjalanna, enda þurftu hinir aðilarnir á samþykki hans og atbeina að halda til að koma fram ráðagerðum um bindingu afurðanna og skiptingu útflutningsandvirðis, þar sem bankinn átti veð í öllum birgðum og afurðum félagsins vegna eldri afurðalána samkvæmt 4. og 5. mgr. veðlaga. Varð stefndi aðili að sameiginlegri yfirlýsingu, þar sem kveðið var á um skiptingu skilaverðs milli hans, stofnunarinnar og áfrýjanda auk ráðstöfunar á afgangi til Hafeldis hf.

Á tilhögun mála samkvæmt umsýslusamningnum var gerð breyting 25. sama mánaðar, þegar stefndi gerði nýjan afurðalánasamning við Hafeldi hf. að beiðni Sölustofnunar lagmetis og umrædd fyrirframgreiðsla var lögð á bankareikning hjá honum. Af gögnum málsins verður ekki séð, hvort þessi frekari samningsgerð fór fram í samráði við áfrýjanda að svo stöddu, og hagsmuna hans er þar ekki sérstaklega getið. Liggur það eitt fyrir, að afurðalánasamningnum var þinglýst 5. september 1988, en áfrýjandi þinglýsti fyrrnefndu skuldabréfi sínu degi síðar, án þess að séð verði, hvort stefnda eða stofnuninni var gert viðvart um þá ráðstöfun.

Í viðskiptum aðila urðu síðan þáttaskil 11. nóvember 1988 við samkomulag milli stefnda og Hafeldis hf. á grundvelli afurðalánasamningsins. Í kjölfar þess höfðu stefndi og Sölustofnun lagmetis uppi nýjar ráðagerðir um skiptingu söluandvirðis, þar sem hlutdeild áfrýjanda virðist hafa átt að falla niður. Áfrýjanda sýnist ekki hafa verið tilkynnt um samkomulagið þegar í stað, en stefndi segir honum hafa verið gerð grein fyrir stöðu mála í símtölum og á fundi um áramótin 1988-1989. Engin skrifleg erindaskipti höfðu þá farið fram milli stefnda og áfrýjanda, en með bréfi 8. febrúar 1989 benti áfrýjandi á það, að engar greiðslur hefðu enn borist sér á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 17. júlí 1988, og óskaði greinargerðar um skil á afurðaverði. Þessu erindi svaraði stefndi þannig í bréfi, rituðu 10. sama mánaðar, áður en kunnugt varð um tjónið á laxi Hafeldis hf.: „Tilvitnuð yfirlýsing okkar vegna sölu á eldislaxi á vegum Sölustofnunar lagmetis er niður fallin vegna gagnkvæmra vanefnda Hafeldis og Sölustofnunar lagmetis. Á þeim tíma, sem samningurinn var í gildi, það er frá 17. ágúst til byrjunar nóvember 1988, mun sölustofnunin hafa selt lax til USA fyrir um $ 92.000,- brúttó. Þrátt fyrir ítrekanir hefur sölustofnunin ekki skilað bankanum uppgjöri fyrir þessa sölu. Um leið og það hefur verið gert mun yður verða

sendur sá hluti skilaverðsins sem um var samið. Um frekari greiðslur verður ekki að ræða frá Landsbankanum. Hluti yðar er tryggður í gjaldeyrisinnstæðu hér í bankanum."

Hinn 4. mars 1989 höfðaði áfrýjandi mál á bæjarþingi Kópavogs gegn útgefanda og ábyrgðarmönnum að skuldabréfi sínu, og gekk dómur 16. sama mánaðar. Með bréfi 22. maí 1989 til stefnda kynnti áfrýjandi honum dóminn og gerði kröfu til þess, að stefndi stæði sér full skil á hlutdeild sinni í andvirði laxa úr flotkví Hafeldis hf. Erindi þessu var ekki svarað skriflega, og höfðaði áfrýjandi síðan mál þetta í febrúar 1990. Áður höfðu bú beggja ábyrgðarmanna að skuldabréfi hans verið tekin til gjaldþrotaskipta, en Hafeldi hf. var úrskurðað gjaldþrota í júlí 1990.

II.

Um viðskipti þau, er mál þetta varða, hefur einnig verið fjallað í dómsmáli, sem Sölusamtök lagmetisiðnaðarins, er tóku við réttindum og skyldum Sölustofnunar lagmetis í nóvember 1988, höfðuðu á bæjarþingi Reykjavíkur í janúar 1990 á hendur stefnda til endurheimtu á fyrrnefndri innstæðu, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, sem lögð var á innlendan gjaldeyrisreikning í bankanum 26. ágúst 1988 vegna fyrirframgreiðslu til Hafeldis hf. Staðfest var í því máli, að stofnunin og samtökin hefðu fram til 6. mars 1989 fengið greidda samtals 81.740 bandaríkjadali sem skilaverð á laxi frá Hafeldi hf. án þess að láta það fé renna til stefnda, og var sú fjárhæð dregin frá endurheimtukröfunni. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar 6. október 1994, þar sem stefnda var gert að afhenda samtökunum innstæðuna með áföllnum vöxtum og vaxtavöxtum að frádregnum 81.740 bandaríkjadölum með sömu vöxtum og vaxtavöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags.

III.

Sem fyrr segir, átti stefndi hagsmuna að gæta við samningsgerðina 17. ágúst 1988 vegna áhvílandi afurðalána og nokkurra annarra skulda Hafeldis hf. Hann samþykkti fyrir sitt leyti, að félagið tæki við óskertri fyrirframgreiðslu frá Sölustofnun lagmetis vegna væntanlegs útflutnings til að létta á greiðslubyrði í rekstrinum, en samkvæmt samningi um afurðalánin hefði verulegur hluti hennar átt að

ganga upp í þau. Jafnframt samþykkti hann að hliðra til fyrir stofnuninni og áfrýjanda við skil á andvirði seldra afurða, þannig, að hlutdeild handa þeim í væntanlegu útflutningsandvirði gæti komið til greiðslu samtímis niðurgreiðslu hinna eldri skulda til hans, sem áttu að njóta nokkurs forgangs. Umfram þetta tók stefndi að sér að sjá um skiptingu milli aðila á greiðslum fyrir útfluttan lax, sem skilað yrði til hans, eftir umsömdum hlutföllum. Að svo stöddu voru það skipti milli hans, áfrýjanda og Hafeldis hf., þar sem Sölustofnun lagmetis hugðist láta hlut sinn ganga beint til Norway Foods Inc., sem hafði útvegað fé til umræddrar fyrirframgreiðslu. Fyrir lá þó, að sem handhafi afurðaveðs hafði stefndi aðstöðu til að tryggja eðlileg greiðsluskil frá hendi stofnunarinnar. Verður að ætla, að aðilar hafi litið til þessa, þegar stefnda var falið þetta hlutverk, þótt að því væri ekki sérstaklega vikið.

Með afurðalánasamningnum 25. ágúst 1988 og því samkomulagi við Sölustofnun lagmetis, sem honum lá til grundvallar, tók stefndi að sér það frekara hlutverk að klæða umrædda fyrirframgreiðslu í búning sérstaks afurðaláns, sem yrði á hendi hans. Var tilgangurinn greinilega sá að leysa úr þörf stofnunarinnar fyrir tryggingu greiðslunnar með veði í eldisfiskinum, sem lýst hafði verið í umsýslusamningnum, og virðast þessir aðilar hafa verið sammála um, að ákvæði hans um veð handa stofnuninni væru óraunhæf, þar sem hún ætti ekki kost á að neyta heimildar 4. og 5. mgr. 4. gr. veðlaga til töku afurðaveðs. Engin breyting á umsaminni skiptingu útflutningsverðs fylgdi þessari tilhögun, en hins vegar aukin áhersla á aðstöðu stefnda til eftirlits með greiðsluskilum. Engin sönnunarfærsla hefur farið fram um viðhorf aðilanna á þessu stigi, en stefndi og stofnunin virðast að minnsta kosti hafa litið svo á, að nýja afurðalánið ætti ekki að raska stöðu hans að öðru jöfnu.

Telja verður, að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um meginefni þeirrar kröfu, sem réð aðild áfrýjanda að samningsgerðinni 17. ágúst 1988, þ. e. skuldabréfsins frá 13. fyrra mánaðar og skuldbindingarinnar um framsal á hlutdeild í andvirði seldra afurða. Á hinn bóginn hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að stefndi hafi miðað við, að krafan nyti veðréttar í eldislaxinum sjálfum, þótt svo væri um mælt í skuldabréfinu. Gögn málsins benda mjög til, að hugmyndir um þennan veðrétt áfrýjanda hafi verið óljósar, svipað og

raun reyndist um áformað veð Sölustofnunar lagmetis, og hans er hvergi getið í öðrum samningsskjölum. Meðal annars verður ekki séð, að athugasemd í umsýslusamningnum um eldri veð hafi náð til hans, og í afurðalánasamningnum er ekki á hann minnst. Bendir það til þess, að Sölustofnun lagmetis hafi ekki talið stöðu áfrýjanda hliðsetta sinni að þessu leyti, en áfrýjandi hefur ekki fært fram nein gögn um afstöðu stofnunarinnar til dómkrafna sinna. Loks er þess að gæta, að áfrýjandi sjálfur þinglýsti ekki skuldabréfinu á lögmæltum fresti, sbr. 48. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, og hann hefur ekki sannað, að þinglýsingin hafi verið studd samráði við aðra hagsmunaaðila.

Við flutning málsins hefur stefndi lýst þeirri skoðun, að veðákvæði skuldabréfsins hafi verið gildislaus, þar sem hið umgetna veð hafi farið í bág við heimildir veðlaga. Verður að efast um, að stefndi hafi verið annarrar skoðunar á þeim tíma, hafi honum í raun verið kunnugt um ákvæðin.

Á grundvelli þess, sem hér var rakið, verður við það að miða, að stefndi hafi ekki litið svo á, að áfrýjandi ætti veðrétt í hinum umdeilda eldisfiski, og haft til þess réttmætar ástæður. Hafi hann með samningsgerðinni í ágúst 1988 ekki skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til annars en þess að virða rétt hans til hlutdeildar í útflutningsverðmæti fisksins og sjá til þess fyrir sitt leyti, að hún kæmist til skila.

Telja verður með skírskotun til forsendna í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 6. október 1994, að við samkomulag milli stefnda og Hafeldis hf. í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember hafi farið fram afhending til stefnda á afurðabirgðum félagsins, svo að þau mál, er vörðuðu vörslur eldislaxins, hafi færst undir stjórn og ábyrgð stefnda, eins og áfrýjandi heldur fram. Samkomulagið var gert á grundvelli afurðalánasamningsins 25. ágúst 1988, þar sem áfrýjandi átti ekki sannaða aðild. Virðist stefndi hafa litið svo á, að forsendur væru brostnar fyrir óbreyttri framkvæmd upphaflegra samninga, og bæri honum að stefna að því að tryggja þá hagsmuni, sem tengdir væru afurðaláninu, ásamt greiðslu hinna eldri afurðalána. Umdeilt er, hvenær áfrýjanda var kynnt þessi afstaða, en ekki eru efni til að hafna þeirri staðhæfingu stefnda, að það hafi gerst fljótlega. Um það má deila, hvort hinar breyttu forsendur nægðu til að hafna hlut-

deild áfrýjanda í andvirði síðari útflutnings, en á það reyndi ekki, þar sem fiskurinn glataðist, áður en sala færi fram. Á hinn bóginn hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að samningar aðila hafi veitt honum rétt til hlutdeildar í bótum fyrir tjón á fiski í eldisstöðinni. Jafnframt verður að fallast á það með stefnda, að umráð hans yfir fiskinum hafi ekki leitt til þess, að hann yrði bótaskyldur gagnvart áfrýjanda eftir almennum lagareglum, þótt vátrygging á stöðinni færist fyrir. Hefur dómur á bæjarþingi Kópavogs ekki áhrif á þá niðurstöðu.

Á þessum forsendum er ég samþykkur því, að hafna beri aðalkröfu áfrýjanda í málinu.

IV.

Varakrafa áfrýjanda varðar skil á greiðslum fyrir lax úr eldisstöð Hafeldis hf., sem fluttur var út mánuðina ágúst-nóvember 1988 á grundvelli umsýslusamningsins við Sölustofnun lagmetis. Vísar hann til þess, að samkvæmt óumdeildum gögnum úr fyrrgreindu hæstaréttarmáli hafi Sölusamtök lagmetisiðnaðarins og forveri þeirra tekið við greiðslum á nettóverði fyrir þennan lax, sem numið hafi samtals 81.740 bandaríkjadölum miðað við 6. mars 1989 eða 4.258.654 íslenskum krónum miðað við gengi á þeim degi (1:52.100). Lýtur krafan að því, að stefndi geri skil á umsaminni hlutdeild hans í þessu söluandvirði samkvæmt samningi aðila frá 17. ágúst 1988 með því að greiða honum 15% síðarnefndu fjárhæðarinnar, 638.798 krónur, ásamt vöxtum frá fyrrnefndum viðmiðunardegi. Jafnframt samningnum er krafan á því byggð, að stefndi beri bótaábyrgð vegna vanhalda á heimtu fjárins jafnóðum úr hendi umsýsluaðilans.

Óumdeilt er, að þessar greiðslur runnu ekki inn á bankareikning hjá stefnda, eins og samningar stóðu til. Hins vegar hefur stefndi ekki skýrt, hvers vegna það gerðist eða var látið líðast af hans hálfu án annarra aðgerða en áskorana til umsýsluaðilans. Verður að ætla, að trygging sú, sem sett hafði verið með gjaldeyrisinnstæðu hjá stefnda, hafi ráðið nokkru í því efni. Sem áður segir, var innstæðan ígildi fyrirframgreiðslu upp í afurðir frá Hafeldi hf. Um hana liggur það einnig fyrir samkvæmt yfirlýsingu í fyrrgreindu bréfi til áfrýj-

anda 10. febrúar 1989, að stefndi hafi litið svo á, að hlutdeild áfrýjanda í skilaverði afurða væri eftir atvikum tryggð með henni.

Fallast verður á það með áfrýjanda, að eftir stöðu sinni í samningum aðila hafi hann átt tilkall til þess, að heimtu og skilum á umræddu söluandvirði yrði fylgt eftir af hálfu stefnda, og geti stefndi ekki byggt á því einu, að vanhöld á greiðslum verði rakin til annars samningsaðila. Aðstaðan er nú sú, að stefndi hefur í raun tekið við skilagrein um þetta andvirði og greiðslu á því úr hendi Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, sem afsalaði tilkalli til 81.740 bandaríkjadala af fyrrnefndri gjaldeyrisinnstæðu í dómsmáli samtakanna gegn stefnda. Þegar litið er til þessa ásamt því, sem fyrr var rakið, þykir stefndi eiga að bæta áfrýjanda hlutdeild hans í þessu söluandvirði, eins og hann hefur krafist, án þess að úr því þurfi að leysa jafnframt, hvernig rétti málsaðila gagnvart umsýsluaðilanum kunni að vera háttað.

Samkvæmt því ber að taka varakröfu áfrýjanda til greina þannig, að stefndi greiði honum 638.798 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum af almennum sparisjóðsreikningum frá 6. mars 1989 til uppsögudags dóms þessa, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags ásamt hæfilegum málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Tryggingu hf., Laugavegi 178, Reykjavík, gegn Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. febrúar 1990.

Kröfur aðila.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld skv. dómi, upp kveðnum í bæjarþingi Kópavogs 16. mars 1989 í bæjarþingsmálinu nr. 158/1989: Trygging hf. gegn Hafeldi hf., Finnboga Kjeld og Skipafélaginu Víkum hf., en dómsorðið hljóðar svo:

„Stefndu, Hafeldi hf., kt. 571085-0549, Kársnesbraut 106, Kópavogi, Finnbogi Kjeld, Hjarðarhaga 17, Reykjavík, kt. 251038-2529, og Skipafélagið Víkur hf., Kársnesbraut 124, Kópavogi, kt. 530570-0299, greiði stefnanda, Tryggingu hf., kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík, in solidum 17.132.273 kr. ásamt 33,5% drv. á ári af þeirri fjárhæð frá 25. 10. '88 til 1. 11. '88, 27,6% drv. á ári frá þ. d. til 1. 12. '88, 24% drv. á ári frá þ. d. til 1. 1. '89,

21,6% drv. á ári frá þ. d. til 1. 3. '89, 24% drv. á ári frá þ. d. til þingfestingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 25. 10. '89, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Staðfestur er veðréttur í stofni eldislax í Bridgestone-flotkví Hafeldis hf. í Straumsvíkurhöfn, sem í eru um 80.000 fiskar, að heildarþyngd um 84 tonn, og 784.906 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. lög nr. 54/1988, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum."

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Þá krefst hann þess, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar, sem svari til virðisaukaskatts á málskostnað, sbr. lög nr. 50/1988. Loks krefst stefndi þess, að dæmt verði, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Helstu atvik, sem liggja að baki máli þessu, eru þau, að stefnandi heldur því fram, að hann hafi átt veð í stofni eldislax í eigu Hafeldis hf., sem voru í Bridgestone-flotkví í Straumsvíkurhöfn, samtals 80.000 laxar, heildarþyngd 8,4 tonn. Veð þetta hafi stofnast með skuldabréfi, út gefnu 13. júlí 1988 af Hafeldi hf. til Skipafélagsins Víka hf., en var framselt stefnanda sama dag. Veðréttur stefnanda var staðfestur með dómi bæjarþings Kópavogs, sem kveðinn var upp 16. mars 1989, en það er sá dómur, sem stefnandi reisir fjárkröfur sínar á í máli þessu.

Sama dag og ofangreint skuldabréf var gefið út gerði Sölustofnun lagmetis og Hafeldi hf. samkomulag um, að Sölustofnunin annaðist sölu á eldislaxi fyrir hlutafélagið til Bandaríkjanna. Hinn 17. ágúst 1988 var gerður umsýslusamningur um nánari skilmála varðandi söluna, greiðsluhætti o. fl. Í samningnum er gert ráð fyrir því, að Sölustofnunin lánaði Hafeldi hf. jafnvirði 250.000 $ sem fyrirframgreiðslu. Endurgreiðsla skyldi fara fram þannig, að dregið væri frá skilaverði vegna fisksölunnar. Jafnframt var gert sérstakt samkomulag milli Hafeldis hf., Sölustofnunar lagmetis og aðila máls þessa um, að söluverð hverrar sendingar af eldislaxi skiptist í tilteknum hlutföllum milli þeirra. Greiðsla til stefnanda væri vegna skuldar Hafeldis hf. við hann samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 15.448.398 kr., auk vaxta frá

1. júlí 1988. Greiðslur til stefnda voru tilgreindar vegna afurðalánaskulda Hafeldis hf. við stefnda, að fjárhæð 8.108.940 kr., og vegna skuldar að hluta samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 31. maí 1988, að fjárhæð $ 81.967,22. Hluti Sölustofnunar skyldi dreginn frá greiðslum kaupandans í New York, en hinn hlutinn yrði lagður inn á reikning hjá stefnda, sem átti að skipta fénu í samræmi við samkomulagið.

Hinn 25. ágúst 1988 var gerður afurðalánssamningur vegna 250.000 kr. láns stefnda til Hafeldis hf. Hinn 11. nóvember 1988 lagði stefndi fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Hafeldis hf. í skiptarétti Kópavogs. Samkomulag varð í réttinum milli stefnda og fyrirsvarsmanna Hafeldis hf. „um að Hafeldi hf. framseldi Landsbanka Íslands fiskeldisafurðir", og var vísað í því sambandi til afurðalánssamningsins frá 25. ágúst 1988. Með þessu féll stefndi frá kröfunni um gjaldþrotaskipti.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi engar greiðslur fengið vegna skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu, sem hann fékk framselt 13. júlí 1988, og er því ekki mótmælt af hálfu stefnda. Við athugun á flotkvínni í febrúar 1989 kom í ljós, að eldislaxinn hafði sloppið út. Stefnandi telur stefnda eiga að bæta tjónið, þar sem hann hafi ekki hirt um að endurnýja tryggingar, eftir að hann tók við veðinu samkvæmt yfirlýsingunni í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember 1988. Stefnandi hefur krafið stefnda um skilagreinar vegna sölunnar til Bandaríkjanna, en stefndi hafi engum greiðslum skilað stefnanda, eins og samkomulagið frá 17. ágúst 1988 geri ráð fyrir. Stefndi hefur upplýst, að engar greiðslur hafi borist frá Sölustofnun lagmetis, og því hafi hann ekki skilað stefnanda neinum greiðslum. Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann beri nokkra bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna tjónsins, er eldislaxinn slapp úr kvínni. Stefndi telur, að sér hafi ekki borið skylda til að tryggja veðið, eins og stefnandi haldi fram, heldur hafi það með öllu verið á ábyrgð skuldarans, Hafeldis hf., að hafa veðið tryggt.

Málsástæður aðila og helstu réttarheimildir.

Málsókn stefnanda er reist á því, að veðréttur hans í eldislaxinum hafi verið staðfestur með dómi bæjarþings Kópavogs fyrir skuldinni, sem hann telur stefnda eiga að greiða. Stefnda hafi borið að skila hluta af skilaverðinu samkvæmt samkomulaginu, sem gert var þar um. Stefndi verði að bera hallann af því að hafa ekki veitt upplýsingar um þær greiðslur, sem hafi fengist vegna sölu á eldislaxinum, en samkvæmt gögnum málsins liggi fyrir, að Sölustofnun hafi selt eldislax fyrir 92.000 $. Stefnanda hafi verið nauðugur einn kostur að höfða málið til að fá gögn, sem stefndi hafi ekki fengist til að láta af hendi.

Þá hafi stefnda sem vörslumanni eldislaxins borið skylda til að sjá svo

um, að tryggingar væru keyptar eða þeim tryggingum, sem fyrir voru, yrði haldið í gildi. Samkomulagið í skiptaréttinum verði ekki skilið öðruvísi en svo, þegar litið er til 7. gr. í afurðalánssamningnum, að Hafeldi hf. hafi framselt stefnda hið veðsetta til eignar. Með því að taka á sig veðið hafi stefndi tekið á sig ákveðna ábyrgð gagnvart öðrum veðhöfum. Stefnda hafi verið kunnugt um hagsmuni annarra veðhafa af forsvaranlegri varðveislu veðsins. Stefndi geti ekki borið fyrir sig að hafa ekki vitað af skuldinni, en hennar sé getið á yfirlýsingunni frá 17. ágúst 1988 á dskj. nr. 6. Tryggingin hafi runnið út 31. janúar 1989, þ. e., eftir að stefndi tók við umráðum eldislaxins, og hafi stefndi vitað um það. Stefnandi hafi fengið dóm fyrir skuldinni og staðfestingu á veðinu. Hann hafi sannað tjónið, þar sem hann hafi lýst kröfunni í þrotabú allra dómþola, en skiptum hafi lokið, án þess að hann fengi greitt. Hann telur, að fiskurinn, sem var í kvínni, þegar tryggingin rann út, hafi verið nægjanlega mikill til að greiða skuldina. Aðrar veðskuldir, þ. e. skuldir vegna afurðalánasamninga Hafeldis hf. og stefnda, væru þegar greiddar með öðrum hætti, og er ekki um það deilt í málinu. Tjón stefnanda liggi því nægjanlega ljóst fyrir.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli sín og stefnanda. Stefndi telur sig ekki hafa átt nokkra aðild að samkomulaginu um hlutfallslega skiptingu á skilaverði eldislaxins aðra en þá, að hann hafi tekið að sér að deila út þeim peningum, sem inn kæmu. Hann hafi ekki tekið neina ábyrgð á greiðslum. Stefndi hafi ekki haft af þessu nokkra hagsmuni, en hann hafi fyrir beiðni þeirra, sem hlut áttu að máli, fallið frá víðtækum veðrétti með því að leyfa, að aðrir fengju greitt af skilaverðinu. Stefndi fullyrðir, að engar greiðslur hafi komið til bankans vegna sölu á umræddum fiski.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi haft vörslur eldislaxins. Ekkert skjal hafi verið lagt fram í málinu, sem staðfesti það, að stefndi hafi verið rekstraraðili Hafeldis hf. Samkomulagið í skiptaréttinum hafi verið á þá leið, að stefndi hefði eftirlit með rekstrinum og annað ekki. Framkvæmdastjóri Hafeldis hf. hafi haft með höndum rekstur fyrirtækisins allan þann tíma, sem hér skiptir máli. Stefndi heldur því fram, að hann hafi átt sjálfsvörsluveð í eldislaxinum, en ekki handveð, eins og stefnandi virðist halda fram, en stefndi bendir á, að banki geti ekki haft fisk að handveði.

Stefndi (sic) heldur því fram, að sér hafi verið ókunnugt um, að stefndi ætti veð í eldislaxinum, enda væri með öllu óheimilt að veðsetja hann samkvæmt 2. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887. Í yfirlýsingunni á dskj. nr. 6 sé einungis talað um skuld eða skuldabréf, en ekki veðskuld.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi

upplýsingar frá sér. Stefndi hafi strax svarað fyrirspurn stefnanda frá 8. febrúar 1989 með bréfi, dags. 10. s. m., þar sem fram komi, að samkomulagið um skiptingu á skilaverðinu hafi fallið niður í byrjun nóvember 1988 „vegna gagnkvæmra vanefnda Hafeldis og Sölustofnunar lagmetis". Þar komi einnig fram, að Sölustofnunin hafi engu uppgjöri skilað vegna sölu á umræddum eldislaxi, en að svo komnu máli muni bankinn ekki skila neinum greiðslum. Stefndi hefur ekki andmælt því, að sala hafi farið fram á eldislaxi fyrir 92.000 $, en þrátt fyrir það hafi Sölustofnun lagmetis engum greiðslum skilað stefnda, eins og samkomulagið geri ráð fyrir.

Stefndi hefur bent á, að kröfugerð stefnanda væri óskýr. Dómur í öðru máli milli annarra aðila verði ekki lagður til grundvallar hér. Hann mótmælir sérstaklega dráttarvaxta- og málskostnaðarkröfu í því sambandi. Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni. Ósannað væri, að trygging hefði fallið niður. Veðréttur stefnanda hafi verið marklaus, enda veðsetningin óheimil, og þar að auki hafi henni ekki verið þinglýst innan þriggja vikna, eins og skylt sé samkv. þinglýsingalögum.

Niðurstöður.

Ekki þykir ástæða til að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna óljósrar kröfugerðar stefnanda.

Eins og að framan er rakið, er kröfugerð stefnanda reist á því, að á stefnda hafi fallið sú skylda gagnvart öðrum veðhöfum að sjá um, að tryggingar væru í gildi, er hann fékk framseldar fiskeldisafurðir Hafeldis hf. 11. nóvember 1988. Í gögnum málsins kemur fram, að stefndi hirti ekki um að láta stefnanda vita fyrr en í febrúar 1989, að samkomulagið frá 17. ágúst 1988 um skiptingu á greiðslum hafði fallið úr gildi í byrjun nóvember 1988, en málsaðilar voru báðir aðilar að samkomulaginu. Einnig hefur komið fram í málinu, að einhver óvissa var um það, hvað samkomulagið í skiptaréttinum 11. nóvember 1988 fól nákvæmlega í sér. Þó virðist vera ljóst af því, sem fram hefur komið, að ekki var um að ræða, að stefndi tæki algerlega að sér þau verðmæti, sem stefnandi telur sig hafa átt veð í, eða að stefndi bæri einn alla ábyrgð á rekstri Hafeldis hf. Þegar litið er jafnframt til þess, að ósannað er, að stefnda hafi verið kunnugt um svokallað veð, sem stefnandi telur sig hafa átt í umræddum eldislaxi, sem var óheimilt að veðsetja samkvæmt 2. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, verður ekki unnt að líta svo á, að stefndi hafi með samkomulaginu í skiptarétti bakað sér sérstaka ábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir, vegna þess að vátryggingum á umræddum eldislaxi var ekki

haldið við. Þá hefur stefnandi ekki fært fram sönnun fyrir því, að stefndi hafi vanefnt samkomulagið frá 17. ágúst 1988 um að skipta greiðslum þannig, að stefnandi fengi sinn hluta samkvæmt samkomulaginu. Verður því samkvæmt þessu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að stefnandi greiði stefnda hluta málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr., auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingar hf., í málinu.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 384/1993. **Þorláksvör hf.**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Umboð. Prókúra. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1993 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.139.315 krónur, en til vara 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 16. febrúar 1991. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi tók við réttindum og skyldum Iðnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1990.

Í héraðsdómi er rakið efni yfirlýsingar, sem Karl Karlsson, þáverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áfrýjanda, undirritaði 10. nóvember 1986 „pr. pr. Þorláksvör hf.“. Meginefni yfirlýsingar þessarar er að tryggja greiðslu, eftir því sem til hrekkur, á skuldum Hafnarbergs hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf. Óumdeilt er, að Karl Karlsson hafði prókúruumboð fyrir áfrýjanda, er hann skrifaði undir yfirlýsinguna, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Ekki verður talið, að með því að gangast undir skuldbindingu, sem fólst í yfirlýsingunni, hafi Karl Karlsson farið út fyrir heimild þá, er hann hafði gagnvart þriðja manni samkvæmt 1. málslið 25. gr. nefndra laga, til að annast allt það, sem snertir rekstur atvinnu áfrýjanda. Er hér einnig á það að líta, að ákvæði 2. málsliðar fyrrnefndrar lagagreinar um takmörkun á prókúruumboði get-

ur ekki átt við um hina umdeildu skuldbindingu, hvorki eftir orðanna hljóðan né með lögjöfnun.

Samkvæmt þessu er áfrýjandi bundinn gagnvart stefnda af yfirlýsingunni frá 10. nóvember 1986. Skiptir ekki máli um réttarstöðu aðila í dómsmáli milli þeirra, hvort hún verður talin jafngilda veðsetningu.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki þörf á að fjalla um ákvæði 2. mgr. 52. gr. eða 61. gr. þágildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

II.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, segir í margnefndri yfirlýsingu, að til tryggingar greiðslu skuldar Hafnarbergs hf. við lönaðarbanka Íslands hf. afhendi áfrýjandi bankanum fullan aðgang að nánar tilgreindum sparireikningi „með innstæðu kr. 1.000.000,00 . . .". Af orðalagi yfirlýsingarinnar verður ekki ráðið, að útgefanda hennar sé skylt að ábyrgjast vanskil félagsins umfram þessa fjárhæð, þótt heildarskuld Hafnarbergs hf. við bankann kynni að nema hærri fjárhæð, sökum þess að vextir, verðbætur eða kostnaður legðust við höfuðstól. Eru ekki rök til þess að leggja rýmri skilning í yfirlýsinguna, enda þykir eðlilegt, eins og atvikum er hér háttað, að bankinn beri halla af því, að ekki var tekið fram, að skuldbindingin gæti orðið hærri en 1.000.000 krónur, ef svo bæri undir.

Af hálfu áfrýjanda er ekki vefengt, að bankinn hafi varið umdeildri fjárhæð til greiðslu vanskilaskulda Hafnarbergs hf.

III.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Jafnframt þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu á samtals 250.000 krónum í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Þorláksvör hf., 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1991.

Stefndi greiði áfrýjanda alls 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1993.

Ár 1993, föstudaginn 25. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-7838/1992: Þorláksvör hf. gegn Íslandsbanka hf., en málið var dómtekið 21. þ. m.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 9. júlí 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, verði gert að greiða aðallega 2.139.315 kr., en til vara 1.139.315 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1991 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. febrúar 1992. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af stefnukröfum. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Málavextir.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að fyrirtækið Hafnarberg hf. var í bankaviðskiptum við útibú Iðnaðarbanka Íslands á Selfossi haustið 1986. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar Hafnarbergs hf. við Iðnaðarbankann á Selfossi undirritaði Karl Karlsson, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf., yfirlýsingu 10. nóvember 1986, en yfirlýsingin er svohljóðandi:

„Undirritað firma, ÞORLÁKSVÖR hf., nnr. 9668-8806, Þorlákshöfn, gjörir kunnugt:

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld, sem Hafnarberg hf., nnr. 3503-3076, kemur til með að skulda Iðnaðarbanka Íslands hf., Selfossi, í hvaða formi sem er, hvort sem það er höfuðstóll, vextir eða kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, réttargjöld, málskostnaður, vátryggingargjöld, er bankinn greiðir, eða annað, að engu undanskildu eftir reikningi bankans, hef ég afhent bankanum fullan aðgang að sparireikningi mínum númer 50596 hér við útibúið að innstæðu kr. 1.000.000,00 – ein milljón 00/100-.

Innstæða þessi skal standa óhreyfð þar til allar skuldir fyrirtækisins hafa verið uppgreiddar.

Bankinn má, ef vanskil verða, nota innstæðu þessa til að koma láni eða lánum í skil eða á hvern þann hátt, sem honum sýnist henta. Meðan bank-

inn hefur fullan yfirráðarétt yfir innstæðu á sparireikningi nr. 50596, er fyrirtækinu skylt að greiða það, sem greiða ber, til þess að rétturinn, sem fylgir yfirráðaréttinum yfir innstæðunni, falli ekki niður eða rýrni.

Selfossi, 10. 11. '86,
pr. pr. Þorláksvör hf.,
Karl Karlsson (sign)".

Hinn 15. febrúar 1991 voru teknar út 2.139.315,59 kr. af sparireikningi þeim, sem getið er um í yfirlýsingunni hér að framan, og er það stefnukrafa máls þessa, en stefnandi reisir málsókn sína á því, að yfirlýsing Karls Karlssonar f. h. Þorláksvarar hf. sé ekki skuldbindandi fyrir félagið. Stefndi heldur hinu gagnstæða fram. Óumdeilt er, að fjármunirnir, sem teknir voru út af reikningnum 15. febrúar 1991, voru notaðir til að greiða skuldir Hafnarbergs hf.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi heldur því fram, að ráðstöfun Karls Karlssonar, sem um getur að framan, sé ekki skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf., þar sem ráðstöfun Karls hafi verið utan heimilda, sem framkvæmdastjórar hlutafélaga hafa skv. hlutafélagalögum, svo og andstæð reglum laga um prókúruumboð.

Stefnandi telur, að ekki hafi stofnast gild handveðssetning, þar sem veðsetning á stofnskírteini bankabókarinnar hafi verið andstæð reglum bankans, sem fram kom á stofnskírteini reikningsins, og þá uppfylli veðsetningin ekki almennar reglur um handveðssetningu.

Þá telur stefnandi, að yfirlýsingin hafi verið samin af starfsmönnum Iðnaðarbankans og við henni tekið gegn betri vitund, þar sem eignir Þorláksvarar hf. hafi verið veðsettar fyrir skuldum alls óskylds aðila, sem engin viðskiptatengsl hafi haft við Þorláksvör hf.

Stefndi telur, að um fullgildan veðsamning hafi verið að ræða með yfirlýsingunni frá 10. nóvember 1986, enda hafi verið veðsett innstæða tilgreinds bankareiknings, en ekki stofnskírteini hans, sem sjálft ber ekki með sér, hver innstæðan sé á hverjum tíma. Reglur bankans hafi verið þannig, að ekki hafi verið unnt að taka út af reikningnum öðruvísi en skilja eftir innstæðu, sem væri í samræmi við yfirlýsinguna frá 10. nóvember 1986.

Verði ekki á það fallist, að um gildan handveðssamning hafi verið að ræða, taldi stefndi, að um fullgildan samning milli aðila hefði verið að ræða.

Stefndi mótmælti því þannig, að yfirlýsingin hefði ekki verið skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf., þar sem Karl Karlsson hefði sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi haft fullt umboð til að skuldbinda félagið með þessum hætti.

Stefndi telur, að ekki hafi verið í verkahring stefnda að grafast fyrir um

tengsl milli Þorláksvarar hf. og Hafnarbergs hf., og telur stefndi, að slík tengsl skipti ekki máli, eins og hér stendur á, enda alþekkt í bankaviðskiptum, að ábyrgð sé fengin hjá þriðja manni eins og í máli þessu.

Niðurstöður.

Samkvæmt gögnum málsins var Karl Karlsson, Heinabergi 24, Þorlákshöfn, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf., er hann undirritaði framangreinda yfirlýsingu.

Samkvæmt efnahagsreikningi Þorláksvarar hf. fyrir árið 1986 var mestur hluti eigna félagsins innstæða á reikningi nr. 50596, en það er sami reikningur og um getur í yfirlýsingunni hér að ofan. Karl Karlsson undirritaði yfirlýsinguna sem prókúruhafi. Prókúruumboð nær til allra ráðstafana, sem snerta þá starfsemi, er félagið rekur, og lúta að daglegum rekstri. Með því að Karl Karlsson var með ráðstöfun innstæðu á framangreindum reikningi að ráðstafa mestum hluta af eignum Þorláksvarar hf. í þágu Hafnarbergs hf., telur dómurinn, að sú ráðstöfun hafi fallið utan prókúruumboðs hans, enda tilgangur Þorláksvarar hf. skv. Hlutafélagaskrá rekstur fasteigna, fiskverkun, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur. Hið sama á við, ef litið er til 2. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, að þessi ráðstöfun Karls Karlssonar var fyrir utan heimild hans til að skuldbinda félagið sem framkvæmdastjóri. Ráðstöfunin var mikils háttar og óvenjuleg í skilningi ofangreinds lagaákvæðis og fyrir utan tilgang félagsins og hefði því þurft að vera samkvæmt sérstakri heimild félagsstjórnar. Dómurinn telur, að Iðnaðarbankinn hafi verið í góðri trú, er hann tók við yfirlýsingunni, undirritaðri af Karli Karlssyni, sem var stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf. Vegna þessa verður ekki virt sú málsástæða stefnanda, að yfirlýsingin sé ekki skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf. vegna grandsemi bankans, sbr. 61. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Þrátt fyrir það að fallist sé á þá málsástæðu stefnanda, að Karl Karlsson hafi farið út fyrir prókúruumboð sitt og út fyrir heimild þá, sem hann hafði til að skuldbinda félagið sem framkvæmdastjóri, telur dómurinn, að ekki séu efni til að telja yfirlýsinguna óskuldbindandi fyrir Þorláksvör hf. Helgast það einkum af þeirri málsástæðu stefnda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins og leiða má af gögnum málsins, að tæplega fimm ár liðu frá undirritun yfirlýsingarinnar, þar til gerð var athugasemd við ráðstöfun bankans, sem styðst við yfirlýsinguna. Allan tímann, allt frá því í nóvember 1986 og fram í október 1991, gegndi Karl Karlsson þeim störfum fyrir Þorláksvör hf., sem getið var um að framan, og sat í stjórn með sama fólki. Allan tímann var hugsanlegt, að bankinn gengi að tryggingunni, sem studdist við yfirlýsinguna. Hluthafar og stjórnarmenn Þorláksvarar hf. höfðu allan

þennan tíma tækifæri til að gera athugasemd við ráðstöfun Karls Karlssonar í þágu Hafnarbergs hf. á aðalfundum Þorláksvarar hf., sem skylt var að halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, sbr. 67. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, eða á stjórnarfundum félagsins. Þar sem ekki kom fram athugasemd við ráðstöfun Karls Karlssonar fyrr en rúmum fimm árum eftir undirritun yfirlýsingarinnar og eftir að Karl og aðrir stjórnarmenn höfðu sagt sig úr stjórn félagsins, telur dómurinn, að líta beri á þögnina sem samþykki stjórnarmanna fyrir ráðstöfuninni og hún hafi þar með verið skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf.

Samkvæmt þessu ber að sýkna Íslandsbanka hf. af kröfum stefnanda og gera stefnanda að greiða 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Þorláksvarar hf.

Stefnandi, Þorláksvör hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 400/1993. **Örn Úlfar Andrésson**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Einari S. Svavarssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Verksamningur. Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1993. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Fyrsta varakrafa er um sýknu af kröfum stefnda, en önnur varakrafa, að honum verði aðeins gert að greiða 706.790 krónur. Í þessum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að stefndi greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þrautavarakrafa er, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla. Loks krefst áfrýjandi þess, að viðurkennd verði skuldajafnaðarkrafa sín, að fjárhæð 840.000 krónur.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, krefst stefndi greiðslu úr hendi áfrýjanda samkvæmt reikningi, er hann samdi að loknu verki við jarðvinnu í húsgrunni við Stuðlaháls hér í borg. Í héraði bar áfrýjandi meðal annars fram þá málsástæðu, að magntölur frá stefnda væru ekki réttar. Lagði áfrýjandi sjálfur fram uppgjörsblað frá verkfræðistofu, sem hann kveður sýna réttar magntölur. Héraðsdómari tók ekki afstöðu til þessarar málsástæðu. Telja verður, að við úrlausn þessa ágreiningsefnis sé þörf á sérkunnáttu. Héraðsdómari nýtti sér ekki heimild 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að kveðja til setu í dóminum meðdómsmenn, svo sem rétt hefði verið. Ber því, eins og máli þessu er háttað, að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð frá og með aðalmeðferð í þinghaldi 14. júní 1993 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 14. júní 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 20. júní 1995.

Nr. 177/1995. **Þingeyrarkirkjusókn**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Arnóri H. Hannessyni
Múrklæðningu hf.
(Þorsteinn Einarsson hdl.) **og**
Vélsmiðjunni Þristi hf.

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. maí 1995, er barst réttinum 26. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 2. maí 1995. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunarúrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast allir staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta vegna viðgerða, sem fram fóru á Þingeyrarkirkju sumarið 1988 og fram á haustið. Við þær framkvæmdir tóku varnaraðilarnir Múrklæðning hf. og Vélsmiðjan Þristur hf. að sér ákveðin verk, svo sem lýst er í hinum kærða úrskurði.

Í málatilbúnaði sóknaraðila felst, að varnaraðilum verði gert að greiða óskipt skaðabætur vegna galla, sem í ljós hafi komið á kirkjunni eftir nefndar framkvæmdir varnaraðila. Vísar hann til heimildar í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að sækja alla varnaraðila til greiðslu bóta í einu dómsmáli. Fallast ber á með sóknaraðila, að það sé ekki skilyrði samlagsaðildar samkvæmt nefndri lagagrein, að um óskipta sakarábyrgð varnaraðila þurfi að vera að ræða. Þá verður að telja, að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðilum tengist með þeim hætti, að fullnægt sé að öðru leyti skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Sætir málið því ekki frávísun frá héraðsdómi af þessum sökum.

Fallast má á það með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðila sé áfátt og að á skorti, að hann hafi gert svo skýra grein sem skyldi fyrir málsástæðum sínum og kröfum á hendur einstökum varnaraðilum. Á þessu stigi er þó ekki loku fyrir það skotið, að sóknaraðila takist að bæta úr þessu við efnismeðferð málsins. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 2. maí 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 2. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-16/1995: Sóknarnefnd Þingeyrarsóknar gegn Arnóri H. Hannessyni persónulega og fyrir hönd Múrklæðningar hf. og gegn Vélsmiðjunni Þristi hf., sem tekið var til úrskurðar 21. f. m. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfur stefndu.

Málið höfðaði sóknarnefnd Þingeyrarsóknar, kt. 710269-1309, Þingeyri, Dýrafirði, óskipt til heimtu skaðabóta á hendur Arnóri H. Hannessyni, kt. 210140-2639, Móaflöt 41, Garðabæ, bæði persónulega og sem stjórnarformanni f. h. stefnda Múrklæðningar hf., kt. 701282-1169, Smiðsbúð 3, Garðabæ, og gegn Jóni Páli Halldórssyni, kt. 021029-4759, sem stjórnarformanni f. h. stefnda Vélsmiðjunnar Þrists hf., kt. 510386-1249, Sindragötu 8, Ísafirði, með stefnu, út gefinni 4. janúar 1995, sem birt var stefndu Arnóri og Múrklæðningu hf. 30. s. m., en stefnda Vélsmiðjunni Þristi hf. 2. febrúar s. á., en málið var síðan þingfest hér fyrir dómi 8. s. m.

Stefndu gera þær kröfur um formhlið málsins, að því verði vísað frá dómi og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum reikningum að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, að því er varðar stefnda Arnór. Af hálfu stefnanda er þess krafist, að frávísunarkröfum stefndu verði hrundið og þeir dæmdir sérstaklega til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins samkvæmt fram lögðum reikningi.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 95. gr. einkamálalaga ber stefnanda við þingfestingu máls að leggja fram stefnu og þau skjöl, sem varða málatilbúnað hans eða hann reisir annars kröfur sínar á. Er þannig lagður grunnur að meðferð máls fyrir dómi. Sæki stefndi þá þing, á hann rétt á hæfilegum fresti til að taka afstöðu til krafna stefnanda og kanna fram komin gögn, sbr. 1. mgr. 99. gr. sömu laga. Haldi stefndi uppi vörnum í máli, skal hann leggja fram skriflega greinargerð og önnur þau gögn, er hann styður við málsvörn sína, innan þess frests, er dómari hefur ákveðið, sbr. 2. mgr. Ber dómara síðan að fylgjast með rekstri máls í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem óljóst kann að þykja og þýðingu að hafa við síðari úrlausn málsins, sbr. 3. mgr. 101. gr. einkamálalaga. Dómara ber þó einatt að gæta þess að móta ekki málatilbúnað annars eða beggja aðila, áður en dómur er lagður á mál.

Stefnandi styður óskipta kröfugerð í máli þessu við 1. mgr. 19. gr. einkamálalaga, en þar segir, að heimilt sé að sækja fleiri en einn til ábyrgðar í sama máli, ef dómkröfur eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Tilgangur þessa ákvæðis er að veita ákveðið réttarfarshagræði, sem fæst af því að þurfa ekki að reka mörg mál og endurtaka í lítt breyttri mynd lýsingu málsatvika og málsástæðna, sem reist eru á sömu eða líkum sönnunargögnum. Lagaákvæðið tryggir hins vegar ekki eitt sér, að ábyrgð hinna stefndu verði einatt óskipt. Henni getur verið hagað með ýmsum hætti, þannig, að ýmist eigi við að gera eina kröfu á hendur stefndu öllum eða að gera sjálfstæðar kröfur á hendur hverjum þeirra fyrir sig. Er lagt á herðar stefnanda að sýna fram á grundvöll krafna sinna og hvernig þær tengist, ef slíku er að skipta. Þykir stefnandi máls þessa ekki hafa fært fram rök fyrir óskiptri ábyrgð stefndu í málinu, en það eitt, að þeir áttu allir hlut að máli við framkvæmdir á Þingeyrarkirkju, getur ekki orðið grundvöllur óskiptrar bótaábyrgðar. Verður því fallist á sjónarmið stefndu í málinu.

Þegar litið er til málsatvika, eins og þeim er að framan lýst, og virt eru fram lögð gögn, telur dómurinn einnig mega fallast á það með stefndu, að málatilbúnaði stefnanda sé áfátt. Kemur þá til álita, hvort annmarkarnir séu slíkir, að ekki verði úr bætt í rekstri málsins. Við mat á því er til eftirfarandi atriða að líta: Óljóst er, hvern þátt Steinverk hf. átti að viðgerð Þingeyrarkirkju jafnt sem samningsaðili gagnvart stefnanda beint og sem undirverktaki á vegum stefnda Múrklæðningar hf. Verulega þykir skorta á upplýsingar um efni og atvik að baki verksamninga, annars vegar milli stefnanda og stefnda Múrklæðningar hf. og hins vegar milli stefnanda og stefnda Múrklæðningar hf. og hins vegar milli stefnanda og stefnda Þrists hf. Eins þykir skorta mjög upplýsingar um, hvaða viðgerðir voru gerðar

á Þingeyrarkirkju árið 1992 og hver tildrög voru að þeim framkvæmdum. Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi ákveðið að mála kirkjuna þegar árið 1988 og að stefndi Arnór H. Hannesson hafi lagt ríka áherslu á, að slíkt væri gert án tafar og til þess notuð sérstök gerð málningar. Hvort svo hafi verið gert og þá hvenær, liggur hins vegar ekki fyrir um í málinu.

Um framangreind atriði mátti stefnanda vera kunnugt, er hann óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna 25. maí 1993. Þrátt fyrir þetta hefur lítið verið bætt úr þeim annmörkum í matsgerð. Hvergi er þar reynt að leggja mat á aðskilda verkþætti stefndu Múrklæðningar hf. og Þrists hf. og því engin tilraun gerð til að sundurgreina tjón stefnanda með tilliti til fleiri en eins tjónvalds. Þá þykir skorta rökstuðning fyrir þeim tillögum, sem gerðar eru til úrbóta í niðurstöðukafla matsgerðar og rakin hafa verið hér að framan undir töluliðum 1–6 í málavaxtalýsingu. Kostnaður af viðgerð á grundvelli nefndrar matsgerðar er áætlaður 1.130.000 krónur. Hefur stefnandi gert þá fjárhæð að höfuðstólskröfu í máli þessu án þess þó að rökstyðja, með hvaða hætti stefndu skuli greiða in solidum fyrir málun kirkjunnar, sem þó virðist frá upphafi hafa verið verksamningum þeirra með öllu óviðkomandi.

Að öllu þessu virtu þykja kröfugerð stefnanda og málsástæður svo óljósar og vanreifaðar, að ekki verði úr bætt í framhaldi rekstrar málsins. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins og með vísan til 129., 130. og 132. gr. einkamálalaga ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hverjum fyrir sig málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur til stefnda Þrists hf. og 100.000 krónur til stefndu Múrklæðningar hf. og Arnórs hvors fyrir sig. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts á þóknun hins síðastnefnda.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, sóknarnefnd Þingeyrarsóknar, greiði stefnda Vélsmiðjunni Þristi hf. 150.000 krónur í málskostnað og stefndu Múrklæðningu hf. og Arnóri H. Hannessyni hvorum fyrir sig 100.000 krónur.

Þriðjudaginn 20. júní 1995.

Nr. 205/1995. **Kaupþing hf.**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Sigþórsdóttur og
Guðmundi Inga Jónssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Veðleyfi. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí sl., þar sem ómerkt var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 9. mars 1995 um, að nauðungarsala næði fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila á eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Grenimel 14 í Reykjavík. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumanns verði staðfest og varnaraðilum gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í málinu er deilt um það, hvort nauðungarsala eigi að ná fram að ganga á eignarhluta varnaraðila í Grenimel 14 til fullnustu á kröfu samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, sem nam samtals 3.926.866 krónum við ritun beiðni um nauðungarsölu 28. október 1994. Um heimild til að krefjast nauðungarsölu í þessu tilviki án undangenginnar dómsúrlausnar eða fjárnáms vísar sóknaraðili til ákvæða í skuldabréfunum svo og 2. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991.

Umrædd skuldabréf voru gefin út til handhafa af Skúla Sigurðssyni 13. nóvember 1990, og var upphafleg fjárhæð þeirra samtals 1.850.000 krónur. Til tryggingar var fasteignin Selbraut 70 á Seltjarnarnesi sett að veði með 8. og 9. veðrétti. Fasteignin var þá í eigu varnaraðila, en með tveimur yfirlýsingum frá 5. nóvember 1990

höfðu þau veitt Skúla Sigurðssyni leyfi til að veðsetja hana til tryggingar lánum að framangreindri fjárhæð. Yfirlýsingar þessar eru ritaðar á prentuð eyðublöð. Eins og þær liggja fyrir í málinu, hefur verið strikað yfir þann skilmála í prentuðum texta, að veðleyfi sé veitt til að tryggja lán, sem leyfishafinn „ætlar að fá úr veðdeild Landsbanka Íslands í Reykjavík eða bankanum sjálfum". Þá hefur verið vélritað inn á eyðublöðin, að veðleyfi nái og til undirritunar lánsskjala. Varnaraðilar halda því fram, að Skúli Sigurðsson hafi í heimildarleysi breytt yfirlýsingunum að þessu tvennu leyti eftir undirritun þeirra og misnotað þær til að setja fasteignina að veði með þeim skuldabréfum, sem sóknaraðili eignaðist síðan og leitar nú fullnustu á. Þessu til stuðnings vísa varnaraðilar til þess, að Skúli var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1993 sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu athæfi sínu.

Varnaraðilar seldu fasteignina Selbraut 70 árið 1992, en keyptu um sömu mundir efri hæð og ris að Grenimel 14 í Reykjavík. Með samkomulagi málsaðila var veðtrygging fyrir umræddum skuldabréfum flutt af fyrrnefndu eigninni á hina síðarnefndu, og voru bréfin árituð af hálfu sóknaraðila 1. október 1992 um veðbandslausn. Ágreiningur var þá þegar kominn upp á milli málsaðila um gildi veðleyfanna, sem veðsetning fasteignarinnar að Selbraut 70 var reist á. Fram er komið, að sóknaraðili hafi vegna ágreiningsins samþykkt, að veðtrygging sín yrði flutt á aðra fasteign í stað þess, að krafa samkvæmt skuldabréfunum yrði greidd upp. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing sóknaraðila 20. júní 1995 þess efnis, að við veðflutninginn hafi orðið samkomulag þess efnis, að hann „raskaði ekki mótmælarétti Guðmundar Inga Jónssonar og Guðrúnar Sigurðardóttur (svo), að því er varðaði upphaflega veðsetningu skuldabréfanna í eigninni að Selbraut 70".

II.

Varnaraðilar reisa andmæli sín gegn framgangi nauðungarsölu á því, að Skúli Sigurðsson hafi falsað veðleyfi, sem þau veittu honum í því skyni, að hann hefði meðalgöngu um að útvega þeim lánafyrirgreiðslu við veðdeild Landsbanka Íslands. Skúli hafi hagnýtt veðleyfin til að setja fasteignina Selbraut 70 að veði fyrir skuldabréfum,

sem hann seldi sóknaraðila í eigin þágu. Verður málatilbúnaður varnaraðila skilinn svo, að þau telji ákvæði um veðtryggingu í skuldabréfum sóknaraðila ógild sökum þess, að veðsetningin eigi stoð í fölsuðu veðleyfi, og standi það heimild sóknaraðila til nauðungarsölu í vegi.

Andmæli varnaraðila beinast samkvæmt þessu að annmörkum á veðsetningu fasteignarinnar Selbrautar 70. Beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu, sem mál þetta er sprottið af, beinist hins vegar að allt annarri fasteign, sem honum var síðar veitt veðtrygging í með atbeina varnaraðila sjálfra. Annmarkar á heimild Skúla Sigurðssonar til að veðsetja fyrri fasteign varnaraðila hafa ekki áhrif að lögum á gildi hinnar síðari veðsetningar.

Máli þessu beindu varnaraðilar til héraðsdóms til að fá úrlausn eftir sérreglum 4. þáttar laga nr. 90/1991 um það, hvort sóknaraðila sé heimilt að koma fram nauðungarsölu á eignarhluta þeirra í fasteigninni Grenimel 14. Málatilbúnaður varnaraðila hefur samkvæmt framansögðu að engu leyti beinst að gildi veðréttinda sóknaraðila í þeirri eign, heldur að eldri veðsetningu, sem er ekki lengur fyrir hendi. Úr þeim lögskiptum að baki núverandi réttarsambandi aðilanna verður ekki leyst í dómsmáli, sem er rekið eftir fyrrnefndri lagaheimild, enda breyta þau engu um formlega heimild sóknaraðila til að krefjast þeirrar nauðungarsölu, sem hér um ræðir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru kröfur varnaraðila aðeins studdar við málsástæður, sem efnisleg afstaða verður ekki tekin til í máli samkvæmt 4. þætti laga nr. 90/1991. Að þeim málsástæðum frágengnum eru kröfur varnaraðila svo órökstuddar, að dómur verður ekki felldur á þær. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 345/1994. **Steinunn B. Garðarsdóttir**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Páli Egilssyni
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Skuldamál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1994. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.000 krónur með dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi heldur því fram, að hún hafi átt kröfu á hendur stefnda vegna alls starfstíma síns sem ráðskona á heimili hans, þegar hún lét af þeim störfum árið 1989, auk kröfu vegna tveggja lána, sem hún hafi veitt honum, annars vegar að fjárhæð 400.000 krónur og hins vegar 335.673 krónur. Einnig hafi stefndi átt að greiða henni fyrir tiltekin tæki, sem hún hafi skilið eftir á heimilinu þegar hún fór þaðan. Eru aðilar sammála um að telja andvirði tækjanna vera 263.560 krónur. Um fjárhæð launakröfu hefur ekkert komið fram af hálfu áfrýjanda.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi fengið ýmsar greiðslur fyrir ráðskonustörf sín, og styður hann þá staðhæfingu meðal annars við fram lögð gögn um skattskil aðila. Stefndi neitar þó ekki, að eitthvað hafi skort á, að áfrýjandi hafi fengið laun greidd að fullu, þegar hún lét af störfum. Í skýrslu fyrir dómi vefengdi stefndi ekki, að áfrýjandi hefði veitt sér lán, að fjárhæð 335.673 krónur, en hann hefur mótmælt því að hafa fengið fyrrnefndar 400.000 krónur að láni hjá henni. Þá hefur stefndi viðurkennt, að áfrýjandi hafi átt til-

kall til greiðslu fyrir áðurnefnd tæki, sem hafi orðið eftir hjá sér, þegar hún lét af störfum.

II.

Óumdeilt er, að stefndi greiddi áfrýjanda 1.263.560 krónur 5. júlí 1990. Stefndi heldur því fram, að þessi greiðsla hafi verið fullnaðaruppgjör á öllu því, sem hafi staðið ógreitt á milli aðilanna, og hafi áfrýjandi ákveðið fjárhæðina.

Í skýrslugjöf fyrir héraðsdómi var áfrýjandi spurð að því, fyrir hvað stefndi innti þessa greiðslu af hendi. Svaraði hún á þann veg, að hún héldi, að hann hefði verið að endurgreiða áðurgreind tvö lán, samtals að fjárhæð 735.673 krónur, og andvirði fyrrnefndra tækja.

III.

Stefndi gaf út 6. og 14. júní 1990 tvær skuldaviðurkenningar til áfrýjanda, hvora fyrir 500.000 krónum, með gjalddaga 20. júní og 20. nóvember 1990. Áfrýjandi rekur þetta mál til greiðslu samkvæmt síðari skuldaviðurkenningunni, en um skuld samkvæmt hinni fyrri höfðaði hún mál á hendur stefnda 27. september 1991, og voru kröfur hennar teknar til greina í óáfrýjuðum dómi aukadómþings Árnessýslu 22. maí 1992.

Stefndi hefur gefið þá skýringu á skuldaviðurkenningunum, að um þær mundir, sem þær voru gerðar, hafi hann og áfrýjandi ákveðið að ljúka uppgjöri sín á milli, en hann hafi ekki haft fé undir höndum til greiðslu þá þegar. Áfrýjandi hafi um líkt leyti haft hug á fasteignakaupum og ætlað að afla sér greiðslumats fyrir húsbréfaláni. Í því skyni hafi hún beðið stefnda um staðfestingu á inneign hennar, og hafi skuldaviðurkenningarnar verið gerðar til þeirra þarfa. Í framburði fyrir dómi hefur stefndi ekki hvikað frá því, að tilgangur viðurkenninganna hafi eingöngu verið þessi og að skuld samkvæmt þeim hafi að fullu verið gerð upp með fyrrnefndri greiðslu 5. júlí 1990. Stefndi kvaðst hafa leitað eftir því, að áfrýjandi afhenti sér þær að lokinni greiðslu, en því hafi hún neitað.

Áfrýjandi gaf aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi í fyrra máli aðila. Í upphafi skýrslunnar svaraði áfrýjandi játandi spurningu um, hvort skuldaviðurkenning stefnda, sem fjallað var um í því máli, hefði verið vegna lána, sem hún veitti honum. Um það spurð, hvort viður-

kenningin væri vegna ógreiddra launa, kvaðst áfrýjandi halda, að svo væri ekki, en annars vissi hún það ekki. Síðar í skýrslunni sagði áfrýjandi, að stefndi hefði afhent sér skuldaviðurkenningarnar tvær, til þess að hún fengi lán, sem hún hefði sótt um. Spurð í framhaldi af því, hvers vegna stefndi hafi skuldað henni fjárhæðirnar, sem greindar eru í skuldaviðurkenningunum, sagðist hún ekki geta svarað því, en hann hafi þó aldrei greitt sér nein laun. Áfrýjandi neitaði því, að stefndi hefði óskað eftir að fá skuldaviðurkenningarnar í hendur í kjölfar greiðslunnar 5. júlí 1990, en hins vegar kvaðst hún myndu hafa orðið við þeirri ósk, ef stefndi hefði borið hana upp.

Í aðilaskýrslu, sem áfrýjandi gaf í héraði undir rekstri þessa máls, endurtók hún fyrri frásögn sína um, að stefndi hefði gefið út skuldaviðurkenningarnar í tengslum við lánsumsókn hennar. Hún kvað skuld samkvæmt viðurkenningunum vera vegna ógreiddra launa og neitaði, að skuldin hefði verið gerð upp með greiðslu stefnda 5. júlí 1990.

IV.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu að öllu leyti á áðurnefndri skuldaviðurkenningu, sem stefndi gaf út til hennar 14. júní 1990. Stefndi heldur því hins vegar fram, að viðurkenningin hafi aðeins verið gerð til að staðfesta inneign áfrýjanda hjá sér vegna umsóknar hennar um húsbréfalán, og hafi sú inneign verið greidd henni að fullu í uppgjöri á milli þeirra 5. júlí 1990.

Frásögn áfrýjanda um aðdragandann að gerð skuldaviðurkenningar stefnda er ekki ljós. Hún hefur þó staðfest, að viðurkenningin hafi verið gerð í tengslum við umrædda lánsumsókn sína. Af því, sem að framan greinir um framburð áfrýjanda fyrir dómi, er að sjá, að af hennar hálfu hefur verið mjög á reiki og óákveðið, hvort viðurkenningin hafi verið gerð fyrir einhverjum tilteknum hluta skulda stefnda við hana og þá hverjum. Greiðsla stefnda 5. júlí 1990 var innt af hendi eftir útgáfudag skuldaviðurkenningarinnar. Fjárhæð greiðslunnar samræmist ekki skýringum, sem áfrýjandi hefur gefið á því, sem að baki henni bjó. Þegar þessa er gætt, verður að leggja á áfrýjanda sönnunarbyrði fyrir því, að greiðslan á 1.263.560 krónum 5. júlí 1990 hafi ekki falið í sér fullnaðaruppgjör á milli aðila. Slík sönnun er ekki komin fram í málinu.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steinunn B. Garðarsdóttir, greiði stefnda, Páli Egilssyni, 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 10. júní 1993, af Steinunni Björk Garðarsdóttur, kt. 090136-2919, Heimahaga 11, Selfossi, á hendur Páli Egilssyni, kt. 200344-7319, Múla, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. nóvember 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að skaðlausu.

II.

Hinn 14. júní 1990 undirritaði stefndi í máli þessu svohljóðandi skuldaviðurkenningu: „Ég undirritaður Páll Egilsson, Múla, 200344-7319, geri hér með kunnugt að ég skuldi (svo) Steinunni Garðarsdóttur 500.000 – fimm hundruð þúsund – sem ég greiði henni 20. 11. 90."

Kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi styðst algerlega við framanritaða skuldaviðurkenningu, en stefnandi er kröfuhafi samkvæmt henni.

Af hálfu stefnda hefur verið staðfest, að hann hafi undirritað skuldaviðurkenningu þá, sem hér um ræðir. Hún sé hins vegar að fullu greidd. Vísar stefndi til þess í því sambandi, að 5. júlí 1990 hafi hann greitt stefnanda 1.263.560 krónur. Greiðsla á umræddri kröfu stefnanda hafi verið hluti af fjármálalegu heildaruppgjöri, sem fram hafi farið á milli aðila málsins hinn tilgreinda dag.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt fullyrðingu stefnda um greiðslu hinnar umstefndu skuldar og haldið því fram, að greiðsla stefnda til stefnanda 5. júlí 1990 hafi verið skuldaviðurkenningunni algerlega óviðkomandi.

III.

Eftir því sem næst verður komist, gerðist stefnandi máls þessa ráðskona á heimili stefnda að Múla í Biskupstungum í maí árið 1986. Hvorki þá né síðar á starfstíma stefnanda hjá stefnda sömdu málsaðilar um það, hver laun stefnanda og önnur kjör skyldu vera. Er ekki um það deilt, að þá er stefnandi hætti störfum hjá stefnda, en það mun hafa verið í september 1989, stóð stefndi í skuld við hana vegna ráðskonustarfans. Þá er ljóst, að fjármálaleg samskipti málsaðila voru nokkur, er þau bjuggu að Múla, en um samskipti þessi og inntak þeirra deila aðilar í öllum meginatriðum.

Fyrir liggur, að 6. og 14. júní 1990 undirritaði stefndi tvær skuldaviðurkenningar, báðar að fjárhæð 500.000 krónur. Gjalddagi hinnar fyrri var 20. júní 1990, en hina síðari og þá, sem hér er til umfjöllunar, skyldi hann greiða 20. nóvember sama ár. Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að tilgangurinn með útgáfu skuldaviðurkenninganna hafi verið tvíþættur. Annars vegar hafi í útgáfu þeirra verið fólgið uppgjör á skuld stefnda við stefnanda vegna ráðskonustarfa hennar, en um fjárhæð þeirrar skuldar hafi verið samkomulag á milli aðila. Hins vegar megi rekja útgáfu skuldaviðurkenninganna til fyrirhugaðra húsnæðiskaupa stefnanda. Hafi stefnandi á þessum tíma verið að leitast við að fá greiðslumat vegna húsbréfaláns til íbúðarkaupa, og hafi hún framvísað skuldaviðurkenningunum í tengslum við það. Hefur stefnandi í öllum meginatriðum staðfest þennan skilning stefnda.

Óumdeilt er, að 5. júlí 1990 greiddi stefndi 1.263.560 krónur inn á bankareikning í eigu stefnanda. Heldur stefndi því fram, að þar með hafi hann greitt umræddar skuldaviðurkenningar að fullu svo og 263.560 krónur vegna tækja, er stefnandi hafi keypt fyrir eigið fé, en skilið eftir að Múla. Með þessu hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila. Þessari fullyrðingu stefnda hefur stefnandi með öllu mótmælt og haldið því fram, að framangreind greiðsla stefnda til sín hafi verið skuldaviðurkenningunum algerlega óviðkomandi. Hefur stefnandi í þessu sambandi tilgreint ákveðnar kröfur, er hún kveðst hafa átt á hendur stefnda, og með greindri innborgun hafi stefnandi verið að ljúka efndum á þeim.

Með dómi aukadómþings Árnessýslu, upp kveðnum 22. maí 1992, var stefndi á grundvelli skuldaviðurkenningarinnar frá 6. júní 1990 dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Taldi dómurinn ósannað, að framangreindri innborgun á reikning stefnanda hefði að einhverju leyti verið ætlað að ganga til efnda á þeirri skuldaviðurkenningu, sem málsókn stefnanda byggðist á.

IV.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, að stefnandi hafi á sínum tíma átt rétt til launa úr sinni hendi vegna starfa hennar í sína þágu. Þar sem ekki hafi verið samið um launakjör stefnanda, beri að leggja viðmiðunartaxta um laun ráðskvenna á sveitaheimilum til grundvallar við ákvörðun launa hennar. Það leiði til þess, að heildarlaun stefnanda fyrir tímabilið 15. maí 1986 til 15. september 1989 skuli nema 1.392.865 krónum. Beinar launagreiðslur til stefnanda árin 1986, 1987 og 1988 nemi 765.505 krónum. Vísar stefndi hér að lútandi til launamiða, sem hann hefur lagt fram í málinu. Þá hafi stefndi greitt ýmsar skuldir fyrir stefnanda, samtals að fjárhæð 211.874 krónur, þar með talinn lögfræðikostnaður. Að auki hafi hann lagt 125.000 krónur inn á bankareikning hennar. Enn fremur hafi stefnandi nokkrum sinnum tekið út af bankareikningi stefnda og notað þá fjármuni, 71.820 krónur, til eigin þarfa. Loks hafi stefnandi haft tekjur vegna fæðis mjólkurbílstjóra, 251.900 krónur, og vegna sumardvalar barna, 481.314 krónur. Greiðslur, sem stefndi telur samkvæmt framansögðu, að runnið hafi frá sér til stefnanda, nemi að beinum launagreiðslum meðtöldum 1.909.413 krónum. Auk launa samkvæmt framansögðu hafi stefnandi átt kröfu á stefnda vegna eldavélar, ísskáps og háþrýstidælu, er hún hafi keypt, en skilið eftir í Múla. Andvirði þessara tækja hafi samkvæmt mati numið 263.000 krónum. Heildarkrafa stefnanda á hendur stefnda hafi því numið 1.655.865 krónum. Samkvæmt þessu hafi stefndi í raun greitt stefnanda 253.548 krónur umfram skyldu. Engu að síður hafi stefndi viljað gera enn betur við stefnanda, og því hafi hann, eftir að stefnandi lét af störfum hjá sér, gefið út umræddar skuldaviðurkenningar. Tilgangur með útgáfu þeirra hafi verið tvíþættur, eins og áður er rakið. Með greiðslu, sem áður er tilfærð og óumdeilt er, að stefndi innti af hendi til stefnanda 5. júlí 1990, hafi hann efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt skuldaviðurkenningunum og að auki greitt fyrir tæki þau, sem áður eru nefnd. Þar með hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila, og frekari kröfur geti stefnandi ekki haft uppi gagnvart sér. Er það sérstaklega tekið fram af hálfu stefnda, að seinni skuldaviðurkenninguna hafi hann greitt löngu fyrir gjalddaga hennar, þar sem hann hafi viljað losna undan frekari samskiptum við stefnanda og gera algerlega hreint fyrir sínum dyrum að þessu leyti án frekari tafar.

Í skýrslu stefnanda fyrir dómi var því haldið fram, að við starfslok sín hjá stefnda hefði hún átt kröfu á hendur honum vegna launa fyrir allt það tímabil, er hún starfaði að Múla sem ráðskona. Þá hafi hún einhverju sinni lánað stefnda 400.000 krónur og að auki greitt af eigin fé skattakröfu á hendur honum, að fjárhæð 335.000 krónur. Þessu til viðbótar tiltók stefnandi, að hún hefði átt kröfu á hendur stefnda vegna tækja, er hún hefði keypt, en

skilið eftir að Múla. Verður af framburði stefnanda ráðið, að skuldaviðurkenningar stefnda 6. og 14. júní 1990 hafi verið gefnar út vegna launaskuldar hans. Greiðsla stefnda til stefnanda 5. júlí 1990 hafi verið skuldaviðurkenningunum óviðkomandi, en með henni hafi stefndi verið að ljúka efndum á öðrum kröfum stefnanda á hendur sér.

V.

Af því, sem fram hefur komið við meðferð máls þessa hér fyrir dómi, verður ráðið, að viss fjárhagsleg samstaða hafi myndast með málsaðilum þann tíma, er stefnandi gegndi ráðskonustarfi hjá stefnda. Ekkert bendir hins vegar til þess, að stefnandi hafi í lok starfstíma síns hjá stefnda í september 1989 átt fjárkröfu á hendur honum vegna þessa.

Réttur stefnanda til launa vegna starfa hennar í þágu stefnda tímabilið 15. maí 1986 til 15. september 1989 er óumdeildur. Samkvæmt útreikningi, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, skyldu laun stefnanda fyrir greint tímabil nema 1.392.865 krónum. Þessu hefur stefnandi ekki mótmælt. Þá hefur stefndi tekið undir kröfu stefnanda vegna kaupa hans á tækjum af stefnanda.

Óumdeilt er, að 5. júlí 1990, þremur vikum eftir undirritun þeirrar skuldaviðurkenningar sem hér er um fjallað, greiddi stefndi stefnanda 1.263.560 krónur. Þá benda málsgögn mjög eindregið til þess, að stefndi hafi árin 1986 til 1988 greitt stefnanda laun vegna ráðskonustarfa hennar, sem hafi í öllu falli numið 328.945 krónum.

Þegar framanskráð er virt og litið til þeirra gagna í heild sinni, sem lögð hafa verið fram í málinu og varða fjármálalega samstöðu málsaðila, allt þar til samskiptum þeirra endanlega lauk, þykir stefndi hafa sýnt nægilega fram á það, að fjárkrafa sú, sem höfð er uppi gagnvart honum af hálfu stefnanda málsins og grundvölluð er á skuldaviðurkenningu frá 14. júní 1990, sé þegar að fullu greidd. Fær gjalddagi kröfunnar ekki breytt þessu mati dómsins, svo sem hér hagar til. Verður stefndi því sýknaður af dómkröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiða honum 120.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Egilsson, er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Steinunnar Bjarkar Garðarsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 142/1993. **Margrét Steinunn Bárðardóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Goða hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Verslunarskuld. Umboð. Aðild. Útgerð skips.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1993 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að áfrýjandi verði dæmd til að greiða 153.026 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 15. október 1991 og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi gerir ekki athugasemdir við breytingu á kröfugerð stefnda hér fyrir dómi. Eigi er ágreiningur um, að vörukaup, sem stefndi krefst greiðslu fyrir, voru vegna útgerðar fiskiskipsins Freys, ÓF-36.

Áfrýjandi heldur því fram, að skipið hafi á þeim tíma, sem hér um ræðir, verið gert út af eiganda þess, Sigvalda Þorleifssyni hf. Áfrýjandi og eiginmaður hennar, Helgi Friðgeirsson, skýra bæði svo frá fyrir dómi, að þau hafi þá verið í starfi hjá eiganda skipsins, hún sem gjaldkeri, en hann sem háseti á skipinu. Í greinargerð áfrýjanda í héraði segir hins vegar, að eiginmaður áfrýjanda, Helgi Friðgeirsson, hafi verið „með bátinn á tímabilinu september 1991–febrúar 1992 á vegum útgerðaraðilans. . .". Áfrýjandi hefur ekki skýrt þessi ummæli frekar. Hins vegar ber hún, að þau Helgi hafi ætlað að kaupa bátinn, og hafi þau lagt til beitingarvél í hann á umræddu tímabili.

Rúnar Sigvaldason, framkvæmdastjóri Sigvalda Þorleifssonar hf., segir fyrir dómi, að með sér, Helga Friðgeirssyni og öðrum nafngreindum manni hafi tekist munnlegt samkomulag um, að hinir

síðarnefndu tækju skipið á leigu. Upplýsingar liggja ekki fyrir um, hvort hinn nafngreindi þriðji maður hafi tekið þátt í útgerðinni, þegar til átti að taka. Rúnar Sigvaldason skýrir einnig svo frá, að Helgi hafi verið útgerðarmaður skipsins á fyrrnefndu tímabili og selt afla þess Sigvalda Þorleifssyni hf. Gögn málsins styðja eindregið þessa frásögn Rúnars, m. a. framburður áfrýjanda fyrir héraðsdómi þess efnis, að Sigvaldi Þorleifsson hf. hafi greitt fé á bankareikning hennar vegna kaupa hlutafélagsins á fiski. Sagði hún ástæðu þess hafa verið þá, að „maðurinn minn er gjaldþrota og hafði ekki ávísunarhefti. Ég var með launareikning, ávísunarreikning og það lá beinast við að leggja það inn á hann".

Áfrýjandi og eiginmaður hennar hafa ekki lagt fram nein gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu, að þau hafi verið starfsmenn Sigvalda Þorleifssonar hf., þegar umdeild vörukaup fóru fram hjá verslun stefnda, þótt tilefni hafi gefist til þess undir rekstri málsins. Eru yfirlýsingar og framburður þeirra í málinu yfirleitt mótsagnakennd og ekki trúverðug.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, má leggja til grundvallar, að Freyr, ÓF-36, hafi á áðurgreindum tíma í reynd verið rekinn á kostnað og ábyrgð áfrýjanda og eiginmanns hennar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með hliðsjón af forsendum héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um ábyrgð áfrýjanda á hinni umdeildu vöruúttekt í verslun stefnda. Ber því að taka dómkröfur stefnda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Margrét Steinunn Bárðardóttir, greiði stefnda, Goða hf., 153.026 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1991 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. janúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 17. mars sl.

Stefnandi er Goði hf., kt. 650987-2689, Laugalæk 2 A, Reykjavík.

Stefnda er Margrét Steinunn Bárðardóttir, kt. 070248-4259, Flúðaseli 63, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 161.692,75 kr. ásamt dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að rétt fyrir kl. 17.00 24. september 1991 hafi maður að nafni Helgi Friðgeirsson, eiginmaður stefndu í máli þessu, komið í skipaverslun stefnanda og opnað reikning í nafni stefndu vegna útgerðar bátsins Freys, ÓF-36. Hafi hann sagt, að úttektin yrði greidd, um leið og næsta úttekt yrði gerð. Helgi hafi gefið þá skýringu á því, að reikningurinn yrði á nafni stefndu, en ekki sínu eigin, að útgerðin væri skráð á nafn stefndu, og yrði hún með öll fjármál vegna útgerðarinnar á sinni könnu. Helgi hafi verið með miða með nafni og kennitölu stefndu ásamt heimilisfangi hennar og símanúmeri. Starfsmaður í skipaversluninni, Páll Rafnsson, hafi haft samband við fjármálastjóra stefnanda, Jón Axel Pétursson, til að fá heimild til að opna reikninginn á nafni stefndu. Jón Axel hafi ekki fundið nafn stefndu á skuldalista Reiknistofunnar hf. og samþykkt, að reikningurinn yrði opnaður. Páll hafi síðan að morgni næsta dags hringt í stefndu til að fá staðfestingu á því, að reikningurinn yrði opnaður í hennar nafni og hún bæri ábyrgð á því. Hafi stefnda veitt vilyrði sitt fyrir því og vitni að því samtali verið starfsmaður skipaverslunarinnar, Stella Björk Halldórsdóttir. Hafi Helgi komið snemma sama morgun ásamt matsveini Freys, ÓF-36, og tekið vörurnar og matsveininn kvittað fyrir móttöku á reikningana.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hún hafi aldrei verið í neinu sambandi við stefnanda og aldrei skuldbundið sig með einum eða öðrum hætti vegna vörukaupanna. Þá hafi hún aldrei fengið senda neina reikninga vegna úttektar. Eiginmaður stefndu, nefndur Helgi Friðgeirsson, hafi verið með Frey, ÓF-36, á tímabilinu frá september 1991 fram í febrúar 1992 á vegum útgerðaraðilans, Sigvalda Þorleifssonar hf., Ólafsfirði, og honum vísað af hálfu forsvarsmanns útgerðaraðilans, Rúnars Sigvaldasonar, á stefnanda sem viðskiptaaðila útgerðarinnar um þau vörukaup, sem hinir umstefndu reikningar taki til. Hafi um það verið talað að sögn eiginmanns stefndu, þegar hann setti sig í samband við stefnanda í september 1991 og fékk það staðfest, að útgerðarfélagið væri viðskiptaaðili þar, að reikningar fyrir úttekt yrðu sendir útgerðarfélaginu.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu yfirlýsingu Rúnars Sigvaldasonar,

framkvæmdastjóra Sigvalda Þorleifssonar hf. (SÞ hf.). Þar kemur fram, að eiginmaður stefndu, umræddur Helgi Friðgeirsson, hafi tekið bátinn Frey, ÓF-36, á leigu af SÞ hf. tímabilið 1. september 1991 til 28. febrúar 1992. Hafi Helgi gert bátinn út á eigin ábyrgð, og séu það þess vegna ósannindi, að hann hafi rekið bátinn á vegum SÞ hf. Einnig sé það alrangt, að framangreindur framkvæmdastjóri hafi nokkurn tíma bent Helga á að hafa samband við skipaverslun stefnanda og opna reikning í nafni SÞ hf. og láta senda reikninga vegna vörukaupa á fyrirtækið. Þvert á móti hafi framkvæmdastjórinn haft samband við skipaverslun stefnanda um miðjan ágúst 1991 og tilkynnt, að ekki væri heimilt að taka frá þeim tíma meira af vörum út á reikning fyrirtækisins, og jafnframt farið fram á, að reikningnum yrði lokað. Hefði átt að taka eitthvað út á reikning fyrirtækisins í september 1991, hefði þurft að hafa samband við framkvæmdastjórann til að fá leyfi fyrir því. Það hafi ekki verið gert vegna Helga Friðgeirssonar, enda hefði slíkri málaleitan verið hafnað. Þá kemur fram í yfirlýsingu þessari, að á því tímabili, sem Helgi Friðgeirsson hafi haft nefndan bát á leigu, hafi hann landað afla hjá SÞ hf. og verðmæti aflans verið greitt eiginkonu hans, stefndu í máli þessu, þar sem hún hafi haft fjármál þeirra hjóna á sinni hendi. Yfirlýsingu þessa hefur Rúnar staðfest fyrir dómi.

Þá liggur fyrir í málinu útskrift af skuldalista Reiknistofunnar hf., þar sem m. a. kemur fram, að 6. september 1990 hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá Helga Friðgeirssyni. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þetta sé skýringin á því, að Helgi hafi látið opna reikning á nafni stefndu, en ekki sínu eigin, þar sem eigi séu opnaðir reikningar hjá stefnanda, ef svo er ástatt um hjá aðilum sem rakið er hér að ofan, að var hjá Helga Friðgeirssyni. Hann hafi að auki verið úrskurðaður gjaldþrota 2. janúar 1992 og skiptum lokið á búi hans sem eignalausu 15. júní sl. Stefnda og Helgi hafi því beitt blekkingum og því með ólíkindum, að vörnum sé haldið uppi í málinu með slíkum ósannindum sem fram komi hjá stefndu, enda fráleitt að halda því fram, að stefnandi hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að opna reikning á nafni stefndu.

Stefnandi reisir kröfu sína á almennum reglum samninga- og kröfuréttar. Komist hafi á samningur milli stefnanda og stefndu, sem stefnandi hafi að fullu efnt fyrir sitt leyti, en stefnda ekki, og beri stefndu að efna samninginn fyrir sitt leyti. Stefnda sé réttur aðili að máli þessu og því ekki grundvöllur sýknu skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnda krefst sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 16. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu af hálfu stefnanda Páll Rafnsson, yfirmaður skipaverslunar stefnda, Stella Björk Halldórsdóttir, ritari í skipaversluninni, og Jón Axel Pétursson, fjármálastjóri stefnanda. Voru skýrslur þeirra að öllu leyti í samræmi við málatilbúnað stefnanda. Páll kvað hafa verið hringt í sig af hálfu Sigvalda Þorleifssonar hf. í lok ágúst 1991 og þess farið á leit, að reikningi fyrirtækisins hjá stefnanda vegna Freys, ÓF-36, yrði lokað, og hefði það verið gert. Kvaðst Páll hafa hringt í stefndu, eftir að eiginmaður hennar, Helgi Friðgeirsson, hafði komið að máli við sig, og hún samþykkt, að hún yrði greiðandi á reikningum stefnanda vegna úttekta fyrir Frey, ÓF-36.

Stella Björk kvaðst hafa verið vitni að því, að þetta símtal hefði farið fram. Kvað hún Pál þá hafa haft fyrir framan sig miða með nafni stefndu, kennitölu, símanúmeri og nafni bátsins. Kvaðst Stella Björk muna sérstaklega eftir þessu tilviki, þar sem afar sjaldgæft sé, að kvenmaður sé skráður fyrir útgerð skips, heldur nánast alltaf hlutafélag eða karlmaður.

Jón Axel staðfesti, að Páll hefði haft samband við sig til að fá leyfi fyrir því, að opnaður yrði reikningur í nafni stefndu hjá stefnanda, og eftir athugun á vanskilaskrá hefði hann gefið samþykki sitt við því. Hann kvað, að sökum þess hraða, sem er á viðskiptum eins og þeim, sem hér um ræðir, en oft þyrfti að afgreiða skip samdægurs, væri nánast óframkvæmanlegt að ganga skriflega frá samþykki útgerðaraðila, sem oft væru úti á landi, og því hefði sú venja komist á hjá stefnanda að haga viðskiptum á þann veg, er greinir í máli því, sem hér er til meðferðar. Hann kvað frumrit reikninga vera send til þess, sem pantar „kost", skömmu eftir að varan hefur verið afgreidd, og síðan væru keyrðir út gíróseðlar mánaðarlega og sendir viðskiptamanni. Fram kom bæði hjá Jóni Axel og Páli, að stefnda hefði aldrei haft samband við þá út af sendingum frumrita reikninganna og gíróseðlanna til hennar.

Þá gaf stefnda skýrslu í dóminum svo og vitnin Magnús Helgi Friðgeirsson, Matthías Andrésson, lögskráningarstjóri í Hafnarfirði, og Þorleifur Rúnar Sigvaldason, framkvæmdastjóri Sigvalda Þorleifssonar hf.

Stefnda kannaðist ekki við, að hringt hefði verið í sig af hálfu stefnanda vegna opnunar reiknings hjá honum, hvað þá heldur að hafa í símtali við starfsmann stefnanda eða á annan hátt samþykkt að vera greiðandi reikninga vegna úttekta fyrir Frey, ÓF-36. Kvaðst stefnda hafa verið gjaldkeri Sigvalda Þorleifssonar hf. og greitt reikninga fyrirtækisins svo og laun skipverja. Kvaðst stefnda sjálf hafa þegið laun frá Sigvalda Þorleifssyni hf. Hún kvað staðið hafa til, að hún og Helgi, eiginmaður sinn, keyptu Frey, ÓF-36, af Sigvalda Þorleifssyni hf. Kvað hún Helga hafa verið gjaldþrota og hann

því ekki haft tékkareikning. Af þeim sökum hefðu greiðslur vegna kaupa Sigvalda Þorleifssonar hf. á fiski úr nefndum bát verið lagðar inn á tékkareikning stefndu, sem hefði síðan séð um að greiða áhöfn skipsins laun o. fl. sem gjaldkeri Sigvalda Þorleifssonar hf. Hún kannaðist ekki við að hafa fengið reikninga eða gíróseðla vegna úttekta þeirra, sem stefnt er út af í málinu. Hins vegar kvaðst hún hafa fengið í hendur framangreint innheimtubréf stefnanda frá 10. febrúar 1992, en ekkert samband haft við stefnanda af því tilefni.

Vitnið Magnús Helgi Friðgeirsson kannaðist ekki við að hafa opnað reikning hjá Goða hf. 25. september 1991 og alls ekki á nafni stefndu. Þá kvaðst vitnið ekki hafa haft bátinn Frey, ÓF-36, á leigu hjá Sigvalda Þorleifssyni hf. og einungis verið háseti á bátnum, sem gerður hefði verið út af Sigvalda Þorleifssyni hf.

Vitnið Matthías Andrésson kvaðst hafa farið tvisvar um borð í Frey, ÓF-36, hið fyrra sinn í október 1991 og hið síðara í janúar 1992. Í bæði skiptin hefði hann hitt fyrir stefndu og Helga Friðgeirsson. Hefði Helgi í báðum tilvikum verið kynntur fyrir sér sem útgerðarmaður bátsins og verðandi eigandi og stefnda sem framkvæmdastjóri útgerðarinnar. Hefði Helgi sagt vitninu, að stefnda ætti að sjá um öll mál útgerðarinnar.

Vitnið Rúnar Sigvaldason hefur, eins og að framan greinir, staðfest fyrir dóminum nefnda yfirlýsingu sína frá 16. september sl. Vitnið staðhæfði í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að Helgi Friðgeirsson hefði verið útgerðaraðili Freys, ÓF-36, frá því í september 1991 fram til loka febrúar 1992. Hefði fyrirtæki vitnisins keypt fisk af Helga og greitt andvirði hans inn á reikning stefndu. Kvað vitnið, að af hálfu Sigvalda Þorleifssonar hf. hefðu aldrei verið greidd nein laun til Helga og stefndu í máli þessu. Þá fullyrti vitnið, að það hefði hringt í stefnanda í lok ágúst sl. og tilkynnt lokun reiknings fyrirtækisins þar vegna útgerðar Freys, ÓF-36. Hefði þetta verið gert vegna yfirtöku Helga á rekstri bátsins.

Forsendur og niðurstaða.

Fyrir liggur í málinu, að opnaður var reikningur hjá stefnanda 25. september 1991 í nafni stefndu vegna útgerðar bátsins Freys, ÓF-36. Voru teknar út vörur vegna bátsins sama dag og nokkur skipti síðar, en kröfugerð stefnanda sætir ekki tölulegum andmælum af hálfu stefndu. Svo sem að framan greinir, kannast vitnið Magnús Helgi Friðgeirsson alls ekki við að hafa opnað neinn reikning greint sinn, hvað þá heldur að hafa gert það á nafni eiginkonu sinnar, stefndu í máli þessu, svo sem eindregið er haldið fram af hálfu stefnanda með ofangreindum framburði starfsmanna hans. Þá

hefur stefnda mótmælt því, að hringt hafi verið í sig af hálfu stefnanda vegna opnunar reikningsins.

Vitnið Þorleifur Rúnar Sigvaldason fullyrðir, að vitnið hafi látið loka reikningi Sigvalda Þorleifssonar hf. hjá stefnanda vegna Freys, ÓF-36, í lok ágúst 1991 og vegna viðtöku fyrrgreinds Helga Friðgeirssonar á rekstri bátsins. Er þetta í samræmi við framburð Páls Rafnssonar, sem staðfestir að hafa látið loka reikningnum greint sinn að beiðni Rúnars. Þá fullyrðir Rúnar, að Helgi hafi haft umræddan bát á leigu og rekið á eigin ábyrgð frá því í september 1991 til loka febrúar 1992. Skýrsla vitnisins Matthíasar Andréssonar lögskráningarstjóra um afskipti vitnisins af bátnum er að þessu leyti í samræmi við skýrslu Rúnars, en Matthías segir, að Helgi hafi bæði í október 1991 og janúar 1992 verið kynntur fyrir sér sem útgerðarmaður bátsins og stefnda sem framkvæmdastjóri útgerðarinnar. Hafi Helgi sagt vitninu, að stefnda ætti að sjá um öll mál útgerðarinnar.

Í málinu liggur fyrir, að á tímabilinu frá 15. október 1991 til 15. janúar 1992 sendi stefnandi stefndu fjóra gíróseðla um úttektir á nafni stefndu vegna Freys, ÓF-36. Stefnda neitar að hafa fengið gíróseðlana í hendur. Á hinn bóginn viðurkennir hún að hafa fengið innheimtubréf stefnanda, dagsett 10. febrúar 1992, en kveðst samt ekkert samband hafa haft við stefnanda til að mótmæla réttmæti þess.

Svo sem áður greinir, hefur af hálfu stefnanda verið lögð fram útskrift af skuldalista Reiknistofunnar hf., þar sem m. a. er að finna nafn umrædds eiginmanns stefndu. Kemur þar m. a. fram, að 6. september 1990 hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá honum. Þá er því ómótmælt, að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 2. janúar 1992 og skiptum lokið í því sem eignalausu 15. júní sl.

Þegar virt er vætti Rúnars Sigvaldasonar um lok viðskipta Sigvalda Þorleifssonar hf. við stefnanda vegna bátsins Freys, ÓF-36, í ágústlok 1991, framburður vitnisins að öðru leyti, sem að mati dómsins er trúverðugur, staðfesting starfsmanns stefnanda á þessum reikningslokum, samhljóða framburður starfsmanna stefnanda um aðdraganda að opnun reiknings á nafni stefndu hjá stefnanda greint sinn, skýrsla vitnisins Matthíasar Andréssonar um það, með hverjum hætti Helgi Friðgeirsson og stefnda voru kynnt fyrir honum sem lögskráningarstjóra bæði í október 1991 og janúar 1992, og aðgerðaleysi stefndu í tilefni innheimtubréfs stefnanda, þykir stefnanda hafa tekist sönnun um það, að nefndur Helgi hafi umrætt sinn opnað fyrrgreindan reikning hjá stefnanda í nafni stefndu og með hennar samþykki, staðfestu með símtali við stefnanda, þannig, að samningur hafi komist á milli aðila málsins um viðskipti þau, sem mál þetta er sprottið af. Að áliti

dómsins þykir mál þetta þannig vaxið, að langlíklegast sé, að Helgi, sem að sögn stefndu var „gjaldþrota" og hafði ekki tékkareikning á umræddum tíma, hafi opnað reikninginn á nafni stefndu í samráði við hana, þar eð þau hafi bæði gert sér grein fyrir því, að nafn hans var á vanskilaskrá og því myndi ekki verða samþykkt af hálfu stefnanda, að reikningur yrði opnaður á nafni Helga. Til stuðnings þessu þykir vera, að fram er komið í málinu, að stefnda fór með öll fjármál útgerðar Freys, ÓF-36, á umræddu tímabili og að allar greiðslur frá Sigvalda Þorleifssyni hf. vegna kaupa á fiski úr Frey, ÓF-36, voru lagðar inn á persónulegan reikning stefndu.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefndu til að greiða honum 161.692,75 kr. með vöxtum, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Þá ber að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 90.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Margrét Steinunn Bárðardóttir, greiði stefnanda, Goða hf., 161.692,75 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af 153.026 kr. frá 15. 10. 1991 til 15. 11. 1991, af 154.938,80 kr. frá þeim degi til 15. 12. 1991, af 158.788,40 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1992 og af 161.692,75 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 170/1993. **Gunnlaugur Atli Sigfússon og Heiðdís Sigursteinsdóttir**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Skaðabætur. Fasteignakaup. Skuldabréf. Veðleyfi. Bankar. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1993 og krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.694.986 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1991 til greiðsludags. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitti áfrýjendum gjafsókn hér fyrir dómi 15. þessa mánaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Þar er greint frá veðleyfi því, er stefndi gaf út vegna lántöku áfrýjenda hjá Byggingarsjóði ríkisins í tengslum við kaup þeirra á húseigninni Bakkasíðu 12 á Akureyri af Málfríði Hannesdóttur. Er veðleyfið ódagsett í skjölum málsins. Með því heimilaði stefndi áfrýjendum sem veðhafi samkvæmt fjórum veðskuldabréfum, samtals að fjárhæð upphaflega 5.800.000 krónur, hvílandi á 1.-3. veðrétti, að veðsetja fasteignina með 1. veðrétti til tryggingar láni samkvæmt fasteignaveðsbréfi frá húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, sem gengi á undan veðrétti stefnda. Í síðari hluta veðleyfisins segir, að það sé bundið þeim skilyrðum, að „framangreind lán undirritaðs veðhafa á 2.-4. veðrétti verði að fullu

greidd og einnig verði að fullu greidd krafa skv. víxli með gjalddaga 7. 3. '90, upphaflega að fjárhæð kr. 700.000,- en með vanskilum nú að fjárhæð kr. 784.399,30, ... Jafnframt er samþykkt hér með að greiðsla verði innt af hendi með húsbréfum, út gefnum af húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, þó þannig að miðað verði við markaðsverð bréfanna og tekið tillit til affalla og alls kostnaðar". Fram er komið í málinu, að jafnhliða útgáfu áfrýjenda á skuldabréfi, að fjárhæð 7.150.000 krónur, til seljanda húseignarinnar gaf seljandi út yfirlýsingu þess efnis, að húsbréf þau, er hann fengi í skiptum fyrir skuldabréfið, yrðu framseld stefnda, og vísaði í því sambandi til hins skilyrta veðleyfis. Einnig liggur fyrir í málinu, að útgáfa veðleyfisins tengdist að nokkru skuldaskilum milli seljanda eignarinnar, Málfríðar Hannesdóttur, og fyrri eiganda, Aðalgeirs Finnssonar hf., sem var í viðskiptum við stefnda. Hafði Málfríður ekki fengið afsal fyrir eigninni, þegar leyfið var veitt.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að mistök hafi orðið við útgáfu veðleyfisins, þar sem hann var ekki eigandi eins þeirra fjögurra veðskuldabréfa, sem talin voru upp í því, en það hvíldi á 2. veðrétti húseignarinnar og var að fjárhæð 1.900.000 krónur. Við uppgjör á andvirði húsbréfanna 16. janúar 1991 var ekki litið til skuldabréfs þessa, en eftir að hin bréfin og umræddur víxill höfðu verið gerð upp, stóðu eftir af andvirðinu 516.403,50 krónur, sem stefndi greiddi Málfríði Hannesdóttur, fyrst að hluta, en síðar að öllu leyti. Fór uppgjör þetta fram án samráðs við áfrýjendur.

Áfrýjendur reisa kröfur sínar á því, að ráðstöfun stefnda á andvirðinu hafi verið saknæm og ólögmæt, enda hafi það verið frumskilyrði við útgáfu veðleyfisins og samnings þeirra við seljanda, að öll fjögur skuldabréfin yrðu gerð upp af andvirði húsbréfanna. Stefndi hafnar því, að hann hafi tekið á sig nokkra ábyrgð gagnvart áfrýjendum með veðleyfinu, enda hafi ekkert réttarsamband stofnast milli þeirra. Kröfum áfrýjenda vegna vanefnda á samningum beri þeim að beina að seljanda fasteignarinnar.

II.

Framangreint veðleyfi var, sem fyrr segir, gefið út til áfrýjenda vegna lántöku þeirra hjá Byggingarsjóði ríkisins og tengdist kaupum þeirra á Bakkasíðu 12. Þegar litið er til efnis þess og orðalags,

sem samið var af hálfu stefnda, verður að telja, að áfrýjendur hafi haft ástæðu til að ætla, annars vegar, að stefndi ætti öll skuldabréfin, og hins vegar, að stefndi gerði ráð fyrir því, að andvirði hins nýja láns hjá byggingarsjóði, sem átti að ráðstafa beint til hans, hrykki að öllu leyti til greiðslu þeirra veðskulda, sem upp voru taldar í veðleyfinu, enda var til viðbótar gert ráð fyrir greiðslu víxilskuldar, sem var óviðkomandi húseigninni og seljandanum, Málfríði Hannesdóttur. Hlaut þetta að hafa áhrif á afstöðu þeirra við samningsgerð við seljanda og útgáfu skuldabréfs til hans vegna húsbréfaláns þeirra. Þá kröfu varð að gera til stefnda, þegar til uppgjörs kom á andvirði húsbréfanna 16. janúar 1991 og mistök við útgáfu veðleyfisins komu í ljós, að áfrýjendum yrði gerð grein fyrir því, hvernig málum væri háttað, enda máttu starfsmenn hans vita, að þau treystu á, að veðleyfið stæðist. Uppgjör fór hins vegar fram, án þess að áfrýjendum væri gerð grein fyrir því, að ekkert kæmi til greiðslu upp í eitt þeirra veðskuldabréfa, sem veðleyfið tók til, en allar aðrar skuldir, sem þar voru tilgreindar, gerðar upp að fullu. Sýndi stefndi ekki þá vandvirkni og aðgæslu í þessum viðskiptum, sem ætlast verður til af bankastofnun. Verður talið, að með þessu hafi hann átt beinan hlut að því, hvernig fór, og bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjendum.

III.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, keypti stefndi Bakkasíðu 12 á nauðungaruppboði 10. júní 1992 fyrir 10 milljónir króna. Tók hann við veðskuldum samkvæmt framangreindum húsbréfum, að fjárhæð upphaflega 7.150.000 krónur, og samkvæmt bréfi því, sem eftir stóð á 2. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 1.900.000 krónur. Aðilar málsins eru sammála um, að beint tap áfrýjenda vegna viðskipta þessara nemi 3.850.000 krónum, sem þeir inntu af hendi sem útborgun samkvæmt kaupsamningi. Við uppgjör á andvirði húsbréfanna 16. janúar 1991 greiddi stefndi seljanda húseignarinnar 35.486,70 krónur, og síðar var hann með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur dæmdur til að greiða seljanda 480.916,80 krónur af andvirðinu. Þá ber til þess að líta, að áfrýjendur greiddu til seljanda 850.000 krónur 15. febrúar 1991, eins og mælt var fyrir um í kaupsamningi, enda þótt þeim hefði þá átt að vera ljóst, að loforð seljanda um að aflétta fyrr-

greindri veðskuld af eigninni hefði ekki verið efnt og þau haft heimild samkvæmt samningnum til að halda greiðslu eftir. Þykir eiga að draga ofangreindar greiðslur frá tjóni áfrýjenda, og standa þá eftir 2.483.596,50 krónur, sem telja verður, að stefndi verði samkvæmt framansögðu gerður ábyrgur fyrir, enda rúmast sú fjárhæð innan stefnukröfu málsins. Verður hann því dæmdur til að greiða áfrýjendum þessa fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjendum, Gunnlaugi Atla Sigfússyni og Heiðdísi Sigursteinsdóttur, 2.483.596,50 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. janúar 1991 til 18. júní 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjendum 150.000 krónur í málskostnað í héraði. Þá greiði hann 200.000 krónur í ríkissjóð í málskostnað fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns áfrýjenda, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Sératkvæði
Gunnlaugs Claessen og
Péturs Kr. Hafstein

Milli aðila málsins var ekki samningssamband um þau viðskipti, er fram fóru um fasteignina Bakkasíðu 12 á Akureyri. Samkvæmt kaupsamningi um eignina hvíldi sú skylda á seljanda hennar, Málfríði Hannesdóttur, að aflétta öllum áhvílandi veðskuldum. Um það var samið, að sá hluti kaupverðsins, er áfrýjendur inntu af hendi með fasteignaveðsbréfi, yrði notaður til þess að greiða upp veðskuldir. Seljandi framseldi Byggingarsjóði ríkisins fasteignaveðsbréfið, er þess í stað gaf út húsbréf, sem seljandi framseldi síðan stefnda. Til þess að þetta væri unnt, þurftu veðhafar í eigninni að

veita heimild til þess, að veðréttur byggingarsjóðs gengi framar áhvílandi veðskuldum. Stefndi veitti veðleyfi vegna fjögurra veðskuldabréfa á 1.-3. veðrétti, en síðar kom í ljós, að hann var ekki eigandi eins bréfanna. Veðleyfi stefnda var bundið því skilyrði, að umræddar veðskuldir yrðu að fullu greiddar og að auki víxilkrafa óviðkomandi áfrýjendum. Í veðleyfinu var ekki tilgreind fjárhæð veðskuldanna, og það fól samkvæmt orðalagi sínu ekki í sér fyrirheit um það, að húsbréfin dygðu til greiðslu þeirra.

Í gögnum málsins kemur ekki fram, að við útgáfu veðleyfisins hafi það legið fyrir hjá fasteignasalanum eða aðilum fasteignakaupanna, hver staða áhvílandi veðskulda var. Það var þó nauðsynlegt til þess að meta, hvort unnt yrði að verða við framangreindu skilyrði stefnda með húsbréfunum einum saman. Er þess þá að gæta, að samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu skal fasteignasali liðsinna báðum aðilum í fasteignakaupum og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Verður að telja, að áfrýjendum og seljanda fasteignarinnar hafi með eðlilegri aðgæslu mátt vera ljóst, að húsbréfin hrykkju ekki til greiðslu allra veðskulda. Skiptir þá ekki máli við mat á hinu skilyrta veðleyfi, þótt stefndi hafi ekki verið eigandi allra veðskuldanna. Á það verður því ekki fallist, að með útgáfu veðleyfisins hafi stefndi vakið tálvonir með áfrýjendum, sem þau hafi ekki getað séð við, og hann eigi af þeim sökum að bera fébótaábyrgð gagnvart þeim.

Samkvæmt framansögðu og þar sem áfrýjendur hafa ekki fært haldbær rök að því, að framkoma stefnda hafi farið í bága við viðskiptavenjur eða lög, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 16. apríl 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars sl., hafa Gunnlaugur Atli Sigfússon, kt. 220765-3699, og Heiðdís Sigursteinsdóttir kt. 180266-3059, Bakkasíðu 12, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, birtri 2. júní 1992, á hendur Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík. Eru dómkröfur stefnenda þær, að stefndi greiði þeim 2.694.986 kr. með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 20. desember 1990, keyptu stefnendur fasteignina Bakkasíðu 12, Akureyri, af Málfríði Hannesdóttur fyrir 11.000.000 kr. Kaupverð áttu stefnendur að greiða þannig: við undirskrift kaupsamnings 2.000.000 kr., 15. 11. '90 1.000.000 kr., 15. 2, '91 850.000 kr., með fasteignaveðsbréfi 7.150.000 kr.

Við kaupin hvíldu á eigninni fjögur veðbréf, á 1. veðrétti tvö veðbréf, hvort að fjárhæð 1.000.000 kr., á 2. veðrétti 1.900.000 kr. og á 3. veðrétti 1.900.000 kr. Samkvæmt kaupsamningnum skyldu veðskuldir þessar vera kaupendum óviðkomandi, og skuldbatt seljandi sig til að aflétta þeim eigi síðar en 15. janúar 1991.

Með ódagsettu veðleyfi heimilaði Íslandsbanki sem eigandi framangreindra veðskulda stefnendum að veðsetja eignina með 1. veðrétti, er gengi fyrir framangreindum veðum, til tryggingar skuldabréfi því, er stefnendur skyldu gefa út skv. kaupsamningnum. Var veðleyfið bundið því skilyrði, að framangreindar veðskuldir yrðu að fullu greiddar ásamt vísli, upphaflega að fjárhæð 700.000 kr., en með vanskilavöxtum að fjárhæð 784.399.30 kr.

Seljandi fasteignarinnar, Málfríður Hannesdóttir, seldi skuldabréfið Byggingarsjóði ríkisins í skiptum fyrir húsbréf, sem hún síðan framseldi Íslandsbanka til greiðslu skuldanna þar. Voru húsbréfin notuð til greiðslu framangreindra veðskulda annarra en þeirrar, er upphaflega hvíldi á 2. veðrétti, 1.900.000 kr., svo og framangreinda víxilskuld.

Stefnendur greiddu kaupverðið samkv. kaupsamningnum, en seljandi, Málfríður, leysti eigi framangreint veð af eigninni, svo sem henni bar skv. kaupsamningnum. Vegna þeirrar veðskuldar var beðið um uppboð á fasteigninni, og fór þriðja og síðasta uppboð fram 10. júní 1992. Hæstbjóðandi varð Íslandsbanki hf., stefndi í máli þessu, og fékk hann út gefið afsal fyrir eigninni 1. febrúar 1993.

Vegna framangreinds nauðungaruppboðs telja stefnendur sig hafa orðið fyrir tjóni því, er þeir í máli þessu krefja um greiðslu á.

Með útgáfu framangreinds veðleyfis hafi starfsmönnum stefnda orðið á þau mistök að gefa veðleyfi vegna veðskuldar, er hvíldi á 2. veðrétti, þrátt fyrir það að stefndi væri ekki eigandi þess veðs. Hafi þessi mistök starfsmanna stefnda orðið til þess, að af kaupunum varð skv. kaupsamningi þeim, er að framan getur, og enn fremur leitt til þess, að vanefndir urðu af hálfu seljanda, svo að fasteignin fór á nauðungaruppboðið. Telja stefnendur, að vegna þessara mistaka starfsmanna stefnda beri stefndi fébótaábyrgð gagnvart þeim.

Þá styðja stefnendur kröfu sína því, að með útgáfu veðleyfisins hafi

stefndi tekið á sig ábyrgð gagnvart þeim um, að skilyrðum veðleyfisins yrði fullnægt.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að réttarsamband hafi stofnast milli stefnda og stefnenda máls þessa við kaup á framangreindri fasteign, og verði stefnendur að beina kröfum sínum vegna vanefnda á samningnum að seljanda fasteignarinnar. Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á, að skilyrðum veðleyfisins yrði fullnægt.

Stefnendur og Guðjón Steindórsson, útibússtjóri stefnda á Akureyri, hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa vitnin Sigursteinn Kristinsson og Björn Karl Kristjánsson gefið skýrslur.

Fram er komið í málinu, að stefndi var ekki eigandi veðskuldabréfs þess, er hér um ræðir, er hann gaf út umrætt veðleyfi, og var þar um að ræða mistök af hálfu starfsmanna stefnda. Ekki verður á það fallist, að tjón það, er stefnendur telja sig hafa orðið fyrir, verði rakið til mistaka þessara með þeim hætti, að um beina skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnendum sé að ræða. Þá verður ekki heldur á það fallist, að stefndi hafi með útgáfu veðleyfisins skuldbundið sig gagnvart stefnendum til að leysa framangreindar veðskuldir af eigninni.

Verður niðurstaðan þá sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Gunnlaugs Atla Sigfússonar og Heiðdísar Sigursteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 428/1992. **Erna Árnadóttir**
Anton Bjarnason og
Pétur Bjarnason
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
dánarbúi Karls Harrýs Sveinssonar
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Dómkröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1992. Kröfugerð þeirra er svofelld:

„I. Kröfugerð, er lýtur að fjárframlögum Maríu Bjarnadóttur til gagnáfrýjanda:

I.1. Aðaláfrýjendur gera aðallega þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra í 4-5 herbergja íbúð, merktri 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, ásamt öllu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. sérstæð bílgeymsla í bílskýli og tilheyrandi hlutdeild í sameign.

I.2. Aðaláfrýjendur gera til vara þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða þeim skuld, að fjárhæð 6.129.545,60 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar frá 16. 1. '92 til greiðsludags.

I.3. Aðaláfrýjendur gera til þrautavara þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi lægri en 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra að mati dómsins í 4-5 herbergja íbúð, merktri 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, ásamt öllu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. sérstæð bílgeymsla í bílskýli og tilheyrandi hlutdeild í sameign.

II. Kröfugerð, er lýtur að bifreiðinni Ford Club Wagon skrnr. KS-839.

II.1. Aðaláfrýjendur gera aðallega þá kröfu, að staðfest verði með dómi ógildi afsalsgernings, sem gerður var 11. 6. 1990, þar sem María Bjarnadóttir afsalaði gagnáfrýjanda bifreiðinni KS-839 af Ford Club Wagon-gerð, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að fá aðaláfrýjendum umráð bifreiðarinnar að viðlögðum dagsektum, 10.982 kr. pr. dag, frá 27. nóvember 1992 til afhendingardags.

II.2. Aðaláfrýjendur gera til vara þá kröfu, að kaupsamningi um bifreiðina KS-839 af Ford Club Wagon-gerð verði rift með dómi og gagnáfrýjandi dæmdur til að fá þeim umráð bifreiðarinnar að viðlögðum dagsektum, 10.892 kr. pr. dag, frá 27. nóvember 1992 til afhendingardags.

II.3. Aðaláfrýjendur gera til þrautavara þá kröfu, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 1.780.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. júní 1990 til greiðsludags.

III. Kröfugerð, er lýtur að afhendingu lausafjármuna í eigu aðaláfrýjenda, sem eru í vörslum gagnáfrýjanda.

III.1. Aðaláfrýjendur gera þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert með dómi að afhenda þeim eftirtalda muni, sem eru í eigu þeirra og gagnáfrýjandi hefur í vörslum sínum:

a. silfurhálsmen smíðað af Baldvini Björnssyni,
b. sófa með leðuráklæði,
c. hægindastól með leðuráklæði ásamt skemli,
d. sófasett með rauðu plussáklæði,
e. 6 long-drink-glös og 4 sérríglös,

að viðlögðum dagsektum, 5.000 kr. pr. dag, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

IV. Málskostnaður.

Í öllum tilvikum gera aðaláfrýjendur þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu, vegna meðferðar málsins á báðum dómstigum skv. mati Hæstaréttar".

Gagnáfrýjandi, Karl Harrý Sveinsson, áfrýjaði málinu með stefnu 30. desember 1992. Hann lést 27. febrúar 1995, og hefur dánarbú hans, er sætir opinberum skiptum, tekið við aðild málsins. Af hálfu gagnáfrýjanda er aðallega krafist sýknu, en til vara staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Til þrautavara er þess krafist, að kröfur aðaláfrýjenda verði stórlega lækkaðar og „allir vextir

af kröfum aðaláfrýjenda, þar með taldir vextir, sem innreiknaðir eru í stefnufjárhæðina, verði felldir niður svo og innreiknaðar hækkanir, vegna vísitölu. Verði vaxtakröfur aðaláfrýjenda að einhverju leyti teknar til greina, er þess krafist til vara, að vextir verði lækkaðir í venjulega vexti af innlánsbókum banka og sparisjóða". Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi gerir þá gagnkröfu til skuldajafnaðar, verði kröfur aðaláfrýjenda að einhverju leyti teknar til greina, að viðurkenndur verði réttur sinn til að skuldajafna þar á móti kröfu á hendur dánarbúi Maríu Bjarnadóttur, að fjárhæð 2.430.000 krónur, auk vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. janúar 1991 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í gagnsök. Ekki er krafist sjálfstæðs dóms í gagnsök, verði gagnáfrýjandi sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda.

Fyrir héraðsdómi hafði gagnáfrýjandi uppi sams konar gagnkröfu til skuldajafnaðar og hér fyrir dómi. Héraðsdómara hefur láðst að taka afstöðu til þessarar gagnkröfu í dómi sínum. Verður af þeim sökum ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 407/1994. **G. P. verktakar hf.**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Vanhæfi. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1994. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.840.238 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. september 1992 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt hér fyrir dómi um formhlið þess 21. júní 1995.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að annar meðdómenda í héraði, Gunnar Torfason verkfræðingur, hafi verið vanhæfur til dómstarfa í málinu á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki kemur fram í endurriti úr þingbók, að bókað hafi verið sérstaklega um kvaðningu meðdómsmanna, er þeir tóku fyrst sæti í héraðsdómi 13. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991. Þá liggur ekki heldur fyrir, hvort dómsformaður hafi greint aðilum málsins frá því með fyrirvara, hverja hann hygðist kveðja til setu í dóminum, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að Gunnar Torfason verkfræðingur rekur verkfræðistofu í sama húsnæði og Línuhönnun hf., en það er verkfræðistofa sú, er annaðist hönnun og gerð útboðsgagna fyrir Reykjavíkurborg og eftirlit með verki því, sem deilt er um í málinu. Þá virðast einhver tengsl vera milli verkfræðistofanna,

en símbréfanúmer beggja er hið sama. Við svo búið verður að telja, að fyrir hendi hafi verið aðstæður, sem voru til þess fallnar að veita áfrýjanda ástæðu til að draga óhlutdrægni meðdómarans í efa, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þeirri ástæðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju frá og með því þinghaldi, er meðdómendur tóku sæti í dómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með þinghaldi 13. apríl 1994 er ómerkt. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 432/1993. **Guttormur Rafnkelsson**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
dánarbúi Rafnkels Jónssonar
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Eignarréttur. Landamerki. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1993. Krefst hann þess aðallega, að hafnað verði kröfu stefnda um viðurkenningu á eignarrétti yfir landspildu norðaustur af eldra landi jarðarinnar Dýhóls í Nesjahreppi, sem greind er í eignardómsstefnu 30. apríl 1992 og afmörkuð á uppdrætti, er fylgdi með stefnunni. Til vara krefst hann þess, ef fallist yrði á kröfu stefnda, að mörk landspildunnar að norðaustan verði miðuð við fjallsrætur undir Arnarhömrum, þ. e. við línu dregna úr punkti 10 metra ofan við enda skurðar á línunni C-B í punkt 80 metra ofan við enda efri skurðar á línunni R-A á uppdrættinum, í stað línunnar A-B, sem talin er fylgja efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta varðar eignarrétt yfir um 62 ha landspildu ofan við upphaflegt land jarðarinnar Dýhóls í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, er til varð sem nýbýli úr landi jarðarinnar Árnaness (Austurbæjar) árið 1939. Liggur spildan til norðausturs frá Dýhóli upp að Arnarhömrum, þar sem sameiginlegt fjalllendi Árnaness-jarða tekur við. Er hún austasti hlutinn af svonefndu Efralandi jarðanna, sem er allfjarri bæjunum í Árnanesi og var einkum nýtt til

beitar. Næst spildunni að norðvestan er samsíða spilda, sem tilheyrir Árnanesi II (Austurbæ efri). Sú jörð var áður eign Vilmundar Jónssonar, bónda þar, en er nú í eigu dóttursonar hans, Vilmundar Hansen. Suðaustan spildunnar liggur land Hóla í Nesjahreppi og jarðarinnar Ártúns, sem er nýbýli þaðan. Eru mörk spildunnar á þessar hliðar óumdeild. Um mörk hennar til norðausturs er það óumdeilt, að þau nemi við Arnarhamra, en aðila greinir á um, hvort miða beri markalínu við fjallsrætur eða neðstu klettabelti. Um mörkin til suðvesturs hefur áfrýjandi gert þá athugasemd, að hið eldra land Dýhóls nái ekki alla leið að hinni tilgreindu markalínu, eins og stefndi haldi fram, og eigi Árnanes I (Austurbær neðri) þá land þar á milli. Spildan er annars aðskilin frá landi þeirrar jarðar, sem nú er í eigu áfrýjanda.

Málið er höfðað sem eignardómsmál á grundvelli 220. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Eftir þingfestingu í héraði var því markaður farvegur sem máli milli stefnda og áfrýjanda, án þess að hreyft væri athugasemd við stefnuforminu af hálfu hins síðarnefnda, en fyrir liggur, að eigandi Árnaness II, sem hagsmuni gat átt að verja, styður í raun málstað stefnda. Við þingfestinguna var þingsókn af hálfu ýmissa eigenda og leigutaka að fjalllendi Árnanessjarða, eins og frá greinir í hinum áfrýjaða dómi, og gerðu þeir áskilnað um rétt til síðari málshöfðunar vegna landamerkja milli þess og hinnar umdeildu landspildu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð bréf um fjallskil í Nesjahreppi árin 1971 og 1973 og hvert áranna 1979-1986 og 1991-1992. Bera þau með sér, að ábúanda á Dýhóli hafi ekki verið gert að taka þátt í smölun afréttarlanda þessi ár. Frá Árnanessbæjum var áskilin þátttaka árin 1971 og 1973, en ekki síðarnefndu árin.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, er sakarefni málsins að verulegu leyti fólgið í ágreiningi um það, hverjar ráðstafanir Guðrún Árnadóttir, sem var móðir bræðranna Páls og Guðjóns Jónssona í Árnanesi og Rafnkels Jónssonar á Dýhóli, hafi gert um jörðina Árnanes í lifanda lífi. Hún bjó þar frá 1929 eftir föður þeirra og Vilmundar Jónssonar, sem fyrr var nefndur, en andaðist í júlí 1953. Var

búi hennar þá lýst sem eignalausu, án þess að nokkru hefði verið þinglýst um arftöku eða framsal á eignarráðum yfir jörðinni, öðru en því afsali til Rafnkels árið 1939, sem lá til grundvallar að stofnun nýbýlis á Dýhóli. Reisir stefndi dómkröfu sína á því, að móðir Rafnkels hafi afhent sér þrætulandið árið 1942 sem viðbótarland við Dýhól í samræmi við búskaparþarfir sínar með samþykki hinna bræðranna. Styðst það við framburð Arnbjargar Sveinsdóttur, eiginkonu Rafnkels, og skriflega yfirlýsingu hans sjálfs, sem fyrir lá við gerð dómsáttar í landamerkjamáli árið 1991. Áfrýjandi rekur hins vegar rétt sinn til bræðranna Páls og Guðjóns, sem tóku við búi í Árnanesi I án þinglýstrar heimildar að jörðinni frá foreldrum sínum. Telur hann þrætulandið hafa fylgt þar með, þar sem það hafi aldrei verið skilið frá jörðinni. Um þetta nýtur hvorki beinna frásagna né skriflegra gagna.

Af gögnum málsins verður ráðið, að Rafnkell Jónsson hafi ekki gert tilkall til annars lands eða mannvirkja í Árnanesi eftir lát móður sinnar og ekki tekið þátt í ráðstöfunum á landi til þriðja aðila, er fram fóru síðar. Var svo meðal annars, þegar landi neðan þjóðvegar var afsalað Flugmálastjórn árið 1964.

III.

Í hinum áfrýjaða dómi er ýtarlega lýst helstu málavöxtum og meginefni framburðar aðila og vitna, sem einkum varðar nýtingu Efralandsins og framkvæmdir þar á liðnum áratugum. Á það verður að fallast með héraðsdómara, að frásagnir af nýtingu landspildunnar veiti ekki eindregna vísbendingu um eignarráð yfir henni.

Ágreiningslaust er þó í málinu, að nýbýlið á Dýhóli hafi í öndverðu verið ætlað til garðyrkju og bóndanum verið nauðsyn á aðgangi að frekara landrými, þegar hann hóf þar búfjárrækt. Jafnframt liggur fyrir, að þrætulandið var nýtt samfellt frá jörðinni eftir það til beitar fyrir kýr og annan búpening. Landið var þá ekki afgirt frá næstu hlutum Efralandsins, svo að beitarnýting á svæðinu var gagnkvæm. Hélst svo fram undir árið 1970, er Vilmundur Jónsson lauk við gerð veituskurðar og girðingar, er skildu milli spildu hans og þrætulandsins. Var aðgangur að landinu frá Árnanesi I ekki óhindraður eftir það. Frásögnum ber ekki saman um, hvort hross frá þeirri jörð hafi verið höfð á landinu eftir þetta, en þau afnot virðast þá

hafa verið lítilvæg. Er framburður vitnisins Þorleifs Hjaltasonar í Hólum meðal annars á þá leið.

Krafa stefnda fær enn fremur stoð í framburði Vilmundar Hansen, sem var langdvölum í Árnanesi á æskuárum og styður vottorð sitt um landamerki við frásögn afa síns. Eins og þar er að vikið, gerðist það einnig við framkvæmdir Vilmundar Jónssonar um árið 1970, að hann jók nokkru við land Rafnkels Jónssonar með staðsetningu veituskurðarins í beitilandinu og við svonefndan Götuhól í nánd við bæinn á Dýhóli. Þá er og staðfest með gögnum, að Rafnkell hafi kostað til kílræsa á þrætulandinu í tengslum við þessar framkvæmdir.

Þegar þetta er virt ásamt því, sem fyrr var rakið, og litið er til legu landspildunnar og afstöðu hennar til annarra eignarhluta úr landi Árnaness, verður fallist á það með héraðsdómara og þá með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti, að taka beri til greina kröfu stefnda um viðurkenningu á eignarrétti yfir spildunni.

IV.

Varakrafa áfrýjanda varðar norðausturmörk landspildunnar, en óumdeilt er, sem fyrr segir, að þau beri að setja, þar sem fjalllendi tekur við. Ástæðna til hennar var getið þegar í greinargerð í héraði, en krafan ekki mótuð fyrr en við munnlegan málflutning, og reifun hennar í málinu er fábrotin. Að auki er áfrýjandi ekki einn aðili að þeim hagsmunum, sem varða þessi landamerki eða umferð á mótum heimalands og fjalllendis. Ber að fallast á það með héraðsdómara, að leggja eigi dóm á málið án tillits til þessarar kröfu, og er rétt, að henni verði vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur verður þannig staðfestur með ákvæði þessa efnis.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Varakröfu áfrýjanda, Guttorms Rafnkelssonar, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, dánarbúi Rafnkels Jónssonar, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 30. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 30. september, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-10/1992: Dánarbú Rafnkels Jónssonar gegn Guttormi Rafnkelssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu 24. júní 1992 og tekið til dóms eftir endurflutning í Héraðsdómi Austurlands 23. september sl., er höfðað með réttarstefnu, út gefinni 20. mars 1992, en birtri í Lögbirtingablaðinu 30. apríl 1992, þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir, kt. 061211-5949, til heimilis að Dýhóli, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, er situr í óskiptu búi eftir mann sinn, Rafnkel Jónsson, gerir eftirfarandi dómkröfur: „að fá viðurkenndan með dómi eignarrétt dánarbús Rafnkels Jónssonar, síðast til heimilis að Dýhóli, Nesjahreppi, yfir landspildu, sem liggur til norðausturs frá eldra landi Dýhóls til fjalls (upp í skriður við neðstu klettabelti í Arnarhömrum). Land þetta er 62 ha að stærð og afmarkast nánar af eftirfarandi markalínum á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 27. 2. 1992, sem gerður er af Þorgrími Eiríkssyni verkfræðingi, en skoða ber uppdrátt þennan sem hluta af dómkröfum í máli þessu. Markalínurnar eru eftirfarandi: „að suðaustan (gagnvart löndum jarðanna Hóla og Ártúns, Nesjahreppi) af 1298,71 m langri línu, sem dregin er til norðausturs frá punkti, merktum P á uppdrættinum, um punkt C upp í Arnarhamar austast í punkt B á uppdrættinum; að norðaustan fylgir línan efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra frá punkti B í punkt A á uppdrættinum, að norðvestan (gagnvart landi jarðarinnar Árnaness, Austurbæjar efri, Nesjahreppi) af beinni 1455,10 m langri línu úr punkti A til suðvesturs í punkt R og að sunnan af beinni 469,85 m langri línu, sem dregin er milli punktanna R og P á mörkum eldra lands Dýhóls og þess lands, sem hér er krafist eignardóms yfir."

Við flutning málsins krafðist stefnandi einnig málskostnaðar úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts.

Guttormur Rafnkelsson, kt. 110147-7519, Árnanesi III, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, var við þingfestingu eignardómsmálsins og tók til varna. Endanlegar dómkröfur hans eru þær aðallega, að hafnað verði öllum kröfum stefnanda í málinu; til vara, ef krafa stefnanda verði tekin til greina, að mörk landspildunnar að norðaustan verði miðuð við fjallsrætur, þ. e.

línu, sem dregin er úr punkti 10 metra ofan við skurðsenda á línunni C til B í punkt, sem er 80 metra frá efri skurðsenda á línunni R til A, en ekki línuna A til B, sbr. uppdrátt, er fylgir stefnu.

Þá hefur stefndi krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Við þingfestingu málsins á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu 24. júní 1992. var þingsókn af hálfu ýmissa eigenda og leigutaka að fjalllendi Árnanessjarða, en bókun var lögð fram af þeirra hálfu á dómþingi 23. febrúar 1993. þar sem fram kemur, að þeir hafi: „. . . ákveðið að mæta ekki frekar í máli þessu, en nái kröfur stefnanda í málinu fram að ganga, áskilja þessir aðilar sér og meðeigendum sínum allan rétt til að reka sérstakt mál um merki milli landspildunnar og hins sameiginlega óskipta fjalllendis Árnanessjarða, sem þeir telja, að liggi við fjallsrætur, til samræmis við girðingar annarra spildna úr Árnanessjörðum, en ekki við neðstu klettabelti í Arnarhömrum, eins og stefnandi heldur fram".

Sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar.

II.

Málavextir.

Aðilar að dánarbúi Rafnkels Jónssonar eru Arnbjörg Sveinsdóttir, ekkja hins látna, stefndi sjálfur, Guðrún, Jón Benedikt, Sveinn, Rafn Arnar og Birna.

Með samningi, gerðum að Hólum 14. nóvember 1939, afhenti Guðrún Árnadóttir syni sínum, Rafnkeli Jónssyni, hinum látna eiginmanni Arnbjargar Sveinsdóttur, til fullra umráða land til nýbýlis úr landi Guðrúnar, Árnanesi, Austurbæ neðri, og náðu mörk þess lands norðaustur að landi því, sem nú er krafist eignardóms yfir. Í samningnum, sem þinglýst var 11. júlí 1940, segir um mörk landsins: „Á austursíðuna ræður mörkum landamerkjagirðing milli Hóla og Árnaness, að sunnan ræður landamerkjalínan, er liggur frá Hólum til Bjarnaness, að vestan, milli þjóðvegarins og símalínunnar, ræður girðing, er liggur um miðjan eystri Strýtuklett. Vesturmörk landsins fyrir ofan veg liggja frá veginum 700 metra í norðaustur, og liggur sú markalína í austurhorn Götuhólagirðingar. Að norðaustanverðu er markalína frá áður nefndum punkti (700 m na. frá veginum) austur í fremri brún í Klettinum næst fyrir neðan Árnanesshelli, og er sú lína 350 m að lengd."

Stefnandi kveður mörkin ná norðaustur að línu R til P, eins og þær eru teiknaðar á uppdrætti, er fylgir stefnu. Stefndi hefur hins vegar gert þá athugasemd við kröfulínur stefnanda, að línan P til R sé ekki rétt dregin mið-

að við þinglýst landamerki Dýhóls frá 1939 og land sitt, Árnanes I, nái því lengra til suðvesturs en línan P til R segi til um. Hefur stefndi skorað á stefnanda að leggja fram uppdrátt, sem sýni mælingar á landi Dýhóls í samræmi við landamerkjalýsinguna frá 14. nóvember 1939, en stefnandi hefur haldið sig við uppdráttinn, sem fylgir stefnu.

Árnanes hefur jafnan verið talið ein af bestu jörðum í Nesjahreppi, og var hún fyrrum mikil hlunnindajörð, auk þess sem tún í Árnanesi munu hafa verið með stærra móti í Nesjahreppi, en í Árnanesi hafa jafnan verið mörg býli, og er Dýhóll og hið umdeilda land ekki stór hluti af Árnanesslandi. Upplýst er í málinu, að ekki fóru fram formleg búskipti á Árnanesi eftir hjónin Jón Benediktsson, sem lést 30. desember 1929, og Guðrúnu Árnadóttur, síðari konu hans, sem lést 12. júlí 1953. Var bú Guðrúnar gefið upp eignalaust við andlát hennar skv. vottorði sýslumannsins í Vík, dags. 26. október 1992. Hið eina, sem hefur verið formlega skipt úr Árnanesi til erfingja Guðrúnar, virðist skv. gögnum málsins vera þinglýsta afsalið til Rafnkels Jónssonar frá 14. desember 1939.

Þeir bræður voru samfeðra, Vilmundur, sem var fyrra hjónabandsbarn, Páll, Guðjón og Rafnkell. Virðist sem svonefndur Austurbær efri, land norðvestan við þrætulandið, hafi komið í hlut Vilmundar, sem hóf sjálfstæðan búskap árið 1921, en Árnanes I í hlut Páls og Guðjóns, og kveður stefndi þrætulandið fylgja Árnanesi I.

Landið ofan þjóðvegar, a. m. k. vestan Ártúns, virðist í daglegu tali hafa verið kallað Efraland, þ. m. t. þrætulandið, en stykkið í Austurbæ efra fyrir vestan þrætulandið Villaland, þ. e. land Vilmundar Jónssonar og síðar Huldu Mogensen.

Mörk nýbýlisins lágu árið 1939 að Árnanesi að norðan og vestan, en að landi Hóla að austan. Árið 1950 er stofnað býlið Ártún úr landi Hóla. Lágu mörk Ártúns að hluta að landi Dýhóls og að þrætulandinu, en Hólar voru enn með mörk að hluta til við land Dýhóls. Var Ártún í eigu Sigurðar Hjaltasonar til ársins 1960, er það komst í eigu Gísla Eymundar Hermannssonar, en það, sem eftir var af Hólum, er í eigu Þorleifs, bróður Sigurðar. Girðing á mörkum Árnaness og Hóla, eins og jarðirnar voru þá, var reist um 1913, en hún var síðan endurreist árið 1958 og aftur árið 1987, en skurður á þeim sama stað, þá milli þrætulandsins og Ártúns, á árunum milli 1950 og '60. Girðing sú, sem liggur á milli Austurbæjar efra og þrætulandsins, var reist um 1970 og skurður grafinn um svipað leyti, og var girðingin endurnýjuð um 1980.

Þegar Rafnkell Jónsson fékk landspildu þessa árið 1939, hafði hann fyrirhugað að stunda þar garðrækt, en þegar til kom, reyndist land þetta lítt not-

hæft til garðræktar, sökum þess að stór hluti þess var mosa vaxið hraun og klappir með mýrasundum á milli.

Stefnandi kveður, að á þessum tíma hafi ekki verið komin tæki til að ræsa fram landið, og því hafi verið tekið til við að ala upp bústofn, kýr og kindur. Til þess að reka slíkt bú hafi þurft viðbótarland, og árið 1942 hafi Rafnkell fengið land til eignar frá móður sinni til viðbótar og í framhaldi til norðausturs af því landi, er honum var afhent 14. nóvember 1939. Ekki hafi þó verið gengið formlega frá þessari afhendingu á viðbótarlandinu, en systkinum Rafnkels hafi verið kunnugt um þessa ákvörðun móður þeirra og látið það óátalið. Síðan þá hafi Rafnkell litið á þetta viðbótarland sem sína eign og nytjað sem slíkt tæplega hálfa öld, en Rafnkell andaðist 23. febrúar 1991.

Stefndi er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I frá árinu 1983, er hann eignaðist jörðina að hálfu sem arf við skipti á dánarbúi Páls Jónssonar og að hálfu skv. afsali frá Guðjóni Jónssyni. Hann kveður landspildu þá, sem stefnandi gerir kröfu til, vera innan landamerkja Árnaness I, en mörk spildunnar gagnvart svonefndu fjalllendi Árnanessjarða, sem sé sameiginleg eign stefnda og fleiri aðila, séu ekki að öllu leyti ljós skv. gögnum. Í framkvæmd hafi verið miðað við, að þau mörk væru við fjallsrætur, en ekki við neðstu klettabelti í Arnarhömrum.

Stefndi kveður ekki hafa verið girt sérstaklega eða grafið á merkjum landspildunnar gagnvart landi Vilmundar Jónssonar fyrr en um árið 1970, er þeir bræður, Páll, Guðjón og Vilmundur Jónssynir, hafi látið grafa skurð á merkjunum og girt að auki. Milli landspildunnar og lands Ártúns hafi hins vegar verið gömul landamerkjagirðing, sem hafi ekki verið sauðheld frá því um miðja öldina og til ársins 1987, er eigandi Ártúns og stefndi hafi endurreist girðinguna. Meðan landspildan hafi verið illa girt, hafi hún verið nýtt sameiginlega til beitar af þeim bræðrum, Páli, Guðjóni og Vilmundi, einkum fyrir stórgripi, en vegna lélegra girðinga hafi búfé af öðrum bæjum einnig verið þar á beit. Þannig hafi eitthvað verið um, að búfé frá Dýhóli, Hólum og Ártúni og fleiri bæjum hafi farið á landspilduna, án þess að sérstaklega hafi verið við því amast, enda óhægt um vik, vegna þess að girðingar hafi verið engar eða lélegar. Eftir að þeir bræður hafi látið grafa og girða á milli sín um 1970, hafi Páll og Guðjón notað landspilduna öðru hverju fyrir hross, meðan þeir lifðu.

Sennilega um árið 1970 hafi Rafnkell fengið leyfi bræðra sinna, Páls og Guðjóns, til að rækta viðbótarland ofan við land Dýhóls, og kveðst stefndi muna vel, þegar það leyfi hafi verið veitt, og hafi þeir eingöngu verið að lána landið og heimila afnot af því, meðan eigandi Árnaness I þyrfti ekki á

því að halda, og aldrei hafi verið gengið frá formlegri heimild Rafnkels. Þetta land sé að mestu eða öllu leyti suðvestan línu P til R á uppdrætti.

Um 1970, eftir að landspilda sú, sem stefnandi gerir kröfur til, hafi verið afgirt að öðru leyti en því, að hún hafi enn verið opin til fjalls, hafi þeir bræður, Páll og Guðjón, tímabundið heimilað Rafnkeli afnot af landspildunni til beitar gegn því, að hann sæi um að halda girðingum þar við. Hins vegar hafi þessi afnot sjálfkrafa lagst af, þar sem verulega hafi dregið úr búskap Rafnkels og konu hans, Arnbjargar, síðustu árin, sem Rafnkell lifði.

Frá árinu 1983, eftir að stefndi hafi tekið við Árnanesi I, hafi Jón, sonur nefndra Rafnkels og Arnbjargar, haft hross á landspildunni með leyfi stefnda. Þá hafi viðhald girðinga á milli þrætulandsins og Ártúns annars vegar og milli spildunnar og lands Vilmundar Jónssonar hins vegar verið í höndum Gísla Hermannssonar í Ártúni frá árinu 1987 til 1991, þ. e., meðan hann hafi haft afnot af landi Vilmundar til 1991.

Árið 1991 urðu framkvæmdir á vegum dánarbúsins við girðinguna, er lá þvert yfir þrætulandið meðfram fjallinu, en stefndi mótmælti þessum framkvæmdum.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að Rafnkell Jónsson hafi fengið þrætulandið til fullrar eignar og umráða frá löglegum eiganda þess, Guðrúnu Árnadóttur, móður sinni. Hins vegar bresti bréflega heimild til landsins, og því sé dánarbúinu nauðsynlegt að fá eignarrétt yfir landinu viðurkenndan með dómi, sbr. 220. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 122. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi reisir einnig kröfur sínar á því, að Rafnkell Jónsson hafi nytjað landið átölu- og leigulaust á 5. tug ára. Hann hafi því haft óslitið eignarhald á landinu í hefðartíma fullan samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Stefnandi bendir og á, að Rafmagnsveitur ríkisins hafi lagt svokallaða suðurlínu á öndverðum 9. áratugnum yfir land það, sem stefnandi krefst eignardóms yfir, og hafi Rafnkell Jónsson veitt leyfi til línulagnarinnar og fengið greiddar skaðabætur fyrir staurastæði og jarðrask vegna hennar.

Árin milli 1960 og 1970 hafi Vilmundur Jónsson látið grafa skurð á milli lands Árnaness, Austurbæjar efri, og þess lands, sem krafist er eignardóms yfir (sbr. línu A–R á nefndum uppdrætti). Hafi Rafnkell fengið leyfi Vilmundar til að kílræsa viðbótarlandið út í skurðinn 1970.

Um málskostnað vísar stefnandi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 19/1991, en um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 110/1988 og lög nr. 119/1989.

Stefnandi hefur mótmælt varakröfu stefnda sérstaklega sem of seint fram kominni, en hún var sett fram við munnlegan flutning málsins 2. júlí sl.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi með sátt, gerðri á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu 20. febrúar 1991, lýst yfir því, að enginn ágreiningur væri um mörk spildna á Árnanessjörðum. Tilefni þess máls, sem sáttin hafi verið gerð í, hafi verið beiðni stefnda um fyrirtöku landamerkjamáls til ákvörðunar á landamerkjum Árnanessjarða I, II og III. Hafi sýslumaður við meðferð málsins m. a. skorað á Rafnkel Jónsson að lýsa kröfum sínum af þessu tilefni. Það hafi verið gert af hans hálfu með framlagningu greinargerðar Arnbjargar Sveinsdóttur á dómþingi 14. janúar 1991. Þar hafi verið gerðar sömu kröfur og stefnandi hafi nú uppi í þessu máli. Landamerkjamálinu hafi hins vegar lokið með nefndri sátt, sem m. a. hafi verið undirrituð af Arnbjörgu Sveinsdóttur, en í sáttinni hafi ekki verið vikið að kröfu Arnbjargar f. h. Rafnkels, heldur segi, að enginn ágreiningur sé uppi um mörk spildna í Árnanessjörðum. Sátt þessa verði því að leggja til grundvallar sem samkomulag um, að land stefnanda takmarkist við það land, sem Rafnkell hafi fengið útskipt árið 1939.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa lagt fram nein gögn sem sanni, að Rafnkell Jónsson hafi árið 1942 fengið viðbótarland frá móður sinni. Í ritinu Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, útg. 1971, sé jörðin Dýhóll sögð vera 30 hektarar.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi unnið hefð á landspildunni samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Þau beitarafnot, sem stefnandi kunni að hafa haft af landspildunni, hafi ekki verið með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum hefðarlaga um óslitið eignarhald, sbr. 3. mgr. 2. gr. sömu laga. Beit búfjár á landspildunni frá Dýhóli hafi ekki verið með öðrum hætti en frá nálægum bæjum. Þau afnot, sem Rafnkell og Arnbjörg kunni að hafa fengið af landspildunni, eftir að henni hafi verið lokað um 1970, hafi verið háð því skilyrði, að landinu yrði skilað aftur, þegar landeigandi óskaði.

Þá segir stefndi gögn málsins sýna, að sama ár og ræsi voru plægð í landi því, er Rafnkell Jónsson hafi fengið árið 1939, hafi einnig verið unnið að ræktun og framræslu á jörðinni Árnanesi I, m. a. á landspildunni, sem fjallað er um í málinu, og liggi ræsin annars vegar út í skurð milli Ártúns og Árnaness I og í skurð milli landspildunnar og lands Vilmundar Jónssonar. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram um plægð lokræsi, sýni, hvar umrædd ræsi hafi verið plægð, og sanni því ekki not stefnanda af landinu.

Þá kveður stefndi það rangt, að af hálfu stefnanda hafi verið veitt leyfi til lagningar suðausturlínu um hina umdeildu landspildu og stefnandi fengið

greiddar skaðabætur fyrir staurastæður og jarðrask vegna hennar. Páll Jónsson og Vilmundur Jónsson hafi veitt leyfi til lagningar línunnar um land sitt, og hafi hin umdeilda spilda verið eini staðurinn í landareign þeirra, sem suðausturlínan liggur um. Stefndi kveðst hafa farið með þetta land sem eigandi og m. a. veitt leyfi til umferðar um það og komið fram gagnvart nágrönnum vegna girðinga um landið, en að jarðrask og girðingarframkvæmdir stefnanda árið 1991 hafi verið heimildarlausar og stefndi sérstaklega mótmælt þeim. Eins og fram lögð landbúnaðarframtöl Rafnkels Jónssonar beri með sér, hafi verulega dregið úr kúabúskap hans um 1970, en sauðfé fjölgað. Umfang kúabúskapar ráðist ekki af beitilandi, heldur af möguleikum til að afla heyja.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi til reglna eignarréttar um stofnun og varanleika eignarréttinda, þ. m. t. ákvæða laga nr. 46/1905. Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991, og virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 110/1988 og lög nr. 119/1989, sbr. c-lið 129. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi mótmælir sérstaklega málskostnaðarkröfu stefnanda sem of seint fram kominni.

IV.

Rétt þykir að rekja nokkuð framburð aðila og vitna í málinu.

Arnbjörg Sveinsdóttir, ekkja Rafnkels Jónssonar, hefur fyrir dómi borið, að hún hafi verið viðstödd og heyrt á tal þeirra mæðgina, er Guðrún Árnadóttir hafi gefið Rafnkeli, syni sínum, þrætulandið árið 1942. Hafi bræður Rafnkels, Páll og Guðjón, einnig verið viðstaddir. Sagði Arnbjörg: „Þetta var bara heima hjá þeim, og mér fannst þessu tekið eins og sjálfsögðum hlut, að hann fengi þetta til viðbótar, svo að hann gæti lifað á þessu, sem honum var fengið í hendur, og til þess var honum afhent þetta." Um ástæðu þess, að þessum samningi hafi ekki verið þinglýst eða hann hafður skriflegur, sagði Arnbjörg: „Það var vegna þess, að þetta var bara afhent honum og landnámsstjórn eða nýbýlastjórn kom þar ekki inn í. Þess vegna var aldrei gengið frá þessu." Arnbjörg er hin eina, sem lifir af því fólki, sem á þarna að hafa komið við sögu.

Stefndi, sem var heimilisfastur að Dýhóli til ársins 1970, sagði fyrir dómi um þetta atriði, að aldrei hefði verið litið svo á, að þrætulandið væri eign föður hans, og bætti við: „Ég umgekkst þá bræður þarna í Árnanesi töluvert mikið, og þetta stykki létu þeir aldrei af höndum. Það hefði mér verið kunnugt um, ef það hefði verið gert. Aftur á móti heyrði ég oft á samtali, og það voru nú samtöl, sem enduðu yfirleitt ekkert sérlega vel, að það var

verið að biðja um þessa viðbót við ræktunina hjá þeim þarna fyrir ofan. Það var fengið úr þessu stykki. Var nú alltaf verið að biðja um meira og meira. Það var aldrei látið með góðu, það hlustaði ég á oftar en einu sinni." Það, sem foreldrar sínir kunni að hafa fengið umfram þá 30 hektara, sem hann telji, að Dýhólsland sé, hafi verið fengið að láni.

Af framburði ættingja og nágranna virðist sem Þorleifur Hjaltason, bóndi í Hólum, fæddur 23. október 1930, Vilmundur Hansen, fæddur 17. júlí 1959, er var í sveit hjá bræðrunum í Árnanesi frá fæðingu til ársins 1980, og áðurnefndur Rafn Arnar Rafnkelsson, fæddur 6. september 1945, hafi talið þrætulandið vera í eigu Dýhóls. Hins vegar virðast eftirtaldir hafa talið þrætulandið tilheyra Árnanesi efra: áðurnefndur Jón Benedikt Rafnkelsson, til heimilis að Dýhóli, fæddur 19. ágúst 1940, Sigurður Hjaltason, fyrrum bóndi í Ártúni, fæddur 12. maí 1923, Gísli Eymundur Hermannsson, bóndi í Ártúni, fæddur 16. febrúar 1942, Úlfar Antonsson, fæddur 16. júlí 1949, er var í sveit hjá Páli og Guðjóni í Árnanesi sex sumur frá 1958 til 1964, og Þórir Brynjúlfsson, fæddur 22. október 1961, er var í sveit í Árnanesi á sumrin frá árinu 1970 og auk þess oft síðar komið á staðinn. Brynjólfur Tryggvi Árnason, fæddur 23. nóvember 1951, er fluttist frá Selfossi í Nesjahrepp 1978 og var sveitarstjóri í Nesjahreppi frá árinu 1978 til byrjunar árs 1985, kvaðst einnig hafa staðið í þeirri meiningu, að landið væri Páls og Guðjóns. Nefndur Gísli kvaðst lítið hafa þekkt til á þessum slóðum, áður en hann fluttist í Ártún.

V.

Aðilar eru ósammála um það, hvaða búfénaður og frá hverjum var á landinu og hvernig hafi verið staðið að framkvæmdum vegna landsins.

Arnbjörg Sveinsdóttir kveður Vilmund Jónsson hafa í félagi við Skírni Hákonarson á Borgum um og eftir 1962 girt á milli landa sinna og upp í skriður og undir kletta. Síðan hafi verið girt fram með þjóðveginum gamla, og þar með hafi útlínur efra landsins verið girtar fjárheldri girðingu. Hafi Rafnkell tekið þátt í að girða fram með veginum. Hins vegar hafi bræður hans ætíð aðstoðað hann, er með þurfti, því að Rafnkell hafi alltaf verið maður heilsulítill. Vegna girðingarframkvæmda hafi Rafnkell keypt efnið, en bræður hans rekið niður staura og annað því um líkt. Hafi orðið að samkomulagi með þeim bræðrum, að Vilmundur girti, en Rafnkell myndi aðstoða við viðhald og sæi svo um endurnýjun, þegar til þess kæmi, og hafi sú girðing verið endurnýjuð. Eftir þessar girðingarframkvæmdir hafi landið verið nánast algjörlega gripa- og fjárhelt í mörg ár, og hafi girðingarnar haldið annarra kindum úti. Hins vegar hafi Vilmundur ekki lokað sitt land

af gagnvart Dýhóli og þrætulandinu með girðingu og skurðum fyrr en fyrir eða um 1968 og þá jafnframt afhent þeim á Dýhóli spildu við svokallaðan Götuhól og nágrenni hans, sem er rétt norðvestan við bæjarhúsin á Dýhóli. Hafi Vilmundur raunar ekki treyst sér til að girða upp í skriður, en látið sér nægja að girða þvert yfir sitt land. Hafi Vilmundur þá sagt Rafnkeli, að hann mætti hafa girðinguna, sem var í skriðunni (lína A–B á uppdrætti), ef hann vildi halda henni við til að halda landinu lokuðu, því að Vilmundur hafi girt þvert fyrir, þar sem hann treysti sér ekki til að girða upp í skriðuna austan megin. Þar sem land Dýhóls hafi verið í girtum heimahögum, hafi verið hætt að gera þar fjallskil. Hafi fé og nautgripir frá Dýhóli verið reknir á þetta land, en þar sem margt nautgripa hafi verið á Dýhóli, en beit ekki alltaf nægileg, hafi Vilmundur leyft þeim að reka gripi sína á sitt afgirta land, meðan háin var að spretta. Þá hafi Vilmundur grafið skurði milli Dýhóls og Austurbæjar efri nokkuð inni á sínu landi, þar sem jarðvegur hafi verið þannig, að erfitt hafi verið að taka skurði alveg á landamörkum, og hafi Vilmundur látið Rafnkel hafa mismuninn austan megin við Austurbæ efri. Um 1970, er ræktað tún við Dýhól hafi verið orðið u. þ. b. 27 hektarar, hafi þau á Dýhóli hætt að leita heyfanga víðar að. Landamerkjagirðingu þeirri, sem upphaflega hafi verið á milli Hóla og Árnanessjarða, hafi þau á Dýhóli haldið við eftir föngum, uns Rafnkell hafi gefist upp á því sökum heilsuleysis og girðingin þá fjarlægð og ekki endurnýjuð. Arnbjörg kvað þau á Dýhóli hafa borið hluta kostnaðar á móti Sigurði Hjaltasyni í Hólum af grefti skurðar á milli lands Dýhóls og upp í þrætulandið í átt að gamalli stóðhestagirðingu, sem náð hafi nokkuð í átt að fjalli, en síðan hafi Sigurður reist girðingu, þar sem skurðinum sleppti, og hafi hún náð að stóðhestagirðingunni, en tekið skurð, þar sem stóðhestagirðingin endaði, og hafi sá skurður náð hér um bil að fjallsrótum. Þetta hafi Sigurður gert án þess að óska eftir því, að Dýhólsfólkið tæki þátt í kostnaði, en þau á Dýhóli hafi reynt að halda þessari girðingu við til að verja túnið. Þessi girðing hafi ekki verið endurnýjuð.

Í gögnum málsins er ljósrit af reikningi, dagsettum 8. desember 1984, frá Rafnkeli Jónssyni, undirrituðum af Arnbjörgu Sveinsdóttur og samþykktum af Guðmundi Sæmundssyni, starfsmanni Rafmagnsveitna ríkisins. Þar kemur fram, að Rafnkell sem eigandi og ábúandi á Dýhóli tók við 19.600 kr. í bætur vegna jarðrasks á jörð hans vegna uppsetningar tveggja staurastæða í túni vegna suðurlínu, sem sögð er liggja yfir land hans, og 38.200 kr. í kílræsabætur. Arnbjörg hefur borið, að hún hafi ritað undir þetta skjal í stofunni að Dýhóli að viðstöddum Tryggva Árnasyni, þáverandi sveitarstjóra. Í reikningnum er vísað til yfirlýsingar Rafnkels Jónssonar frá 19. febrúar 1981 um heimild og skilmála til lagningar línunnar um landið, og er

ljósrit af þeirri yfirlýsingu í gögnum málsins. Undir þessa yfirlýsingu ritar Rafnkell Jónsson sem landeigandi auk Stefáns Árnasonar, starfsmanns Rafmagnsveitna ríkisins, og tveggja votta. Í gögnum málsins er samhljóða yfirlýsing, dagsett sama dag, undirrituð af Páli Jónssyni fyrir sína hönd og Vilmundar Jónssonar, eigenda jarðarinnar Árnaness. Sem samþykkur þessari yfirlýsingu ritar nefndur Stefán Árnason f. h. rafmagnsveitnanna og tveir vottar.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu ljósrit af reikningi til Rafnkels Jónssonar frá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga. Þar kemur fram, að hann hafi greitt fyrir plægingu lokræsa árið 1970, 9 km í túni og 74 km annars staðar. Stefndi hefur hins vegar lagt fram í málinu gögn, er sýna, að árið 1970 hafi 32 km af plógræsum verið tekin í landi Árnaness I.

Stefndi hefur borið fyrir dómi, að frá árinu 1942 hafi þrætulandið og önnur stykki þar við verið óskipt og búpeningur frá ýmsum jörðum fleirum en Dýhóli gengið þar um alla leið inn í Laxárdal. Hafi Páll og Guðjón í Árnanesi og Vilmundur, bróðir þeirra, einir staðið að grefti skurða og lagningu girðinga um þrætulandið, en girðingarnar hafi þó ekki hindrað fé í að renna á milli landa. Minntist stefndi þess, að einhvern tíma á árunum 1968–1970 hafi bræðurnir í Árnanesi girt þetta stykki, bæði austan megin, þ. e. milli þrætulandsins og Ártúns, og hinum megin, milli Austurbæjar efri og þrætulandsins. Hafi þeir fram að þessum tíma og eftir hann notað þennan blett fyrir stóðhesta, en þetta hafi verið eini girti bletturinn, sem þeir hafi átt, en áður hafi fé frá ýmsum bæjum verið þarna.

Stefndi kvað bóndann í Ártúni hafa árið 1983 eða 1984 rætt við sig um lélegt ástand girðinga á milli Ártúns og þrætulandsins. Hafi það orðið til þess, að girðingin milli Ártúns og þrætulandsins hafi verið endurreist, og hafi hann sjálfur útvegað allt stauraefni í girðinguna. Einnig hafi Ártúnsbóndinn fengið leyfi stefnda til að reka hross sín yfir þetta stykki. Þá hafi Jón, bróðir stefnda, fengið leyfi hjá stefnda til að beita hrossum sínum á þrætulandinu.

Um ástæðu þess, að bæturnar vegna lagningar suðurlínu hafi runnið til Dýhóls, sagði stefndi, að Páll og Vilmundur hefðu gefið rafmagnsveitunni leyfi til að fara yfir þrætulandið og önnur lönd þeim tilheyrandi. En Páll hafi dáið 1983 og Guðjón verið kominn á elliheimili, er bætur voru greiddar. Sjálfur hafi hann ekki verið heima þá og ekki vitað um þessar greiðslur fyrr en einhverjum árum síðar og ekki séð ástæðu til að krefja Dýhólsfólkið um greiðsluna. Þá kvað stefndi það alrangt, að Dýhóll hefði verið leystur undan fjallskilaskyldu, eins og stefnandi heldur fram. Kvaðst hann sjálfur hafa í mörg ár gengið í afrétti, eftir að hann hafði verið sendur frá Dýhóli í smölun.

Nefndur Rafn Arnar Rafnkelsson kvað þrætulandið hafa verið nýtt af Dýhóli til beitar sauðfjár og nautgripa. Hafi landið eingöngu verið nýtt af Dýhóli, sérstaklega eftir að það hafi verið girt um 1960, er Vilmundur Jónsson hafi lokað af sitt land. Áður en girt var, hafi nýtingunni verið þannig háttað, að rekið hafi verið í landið fé og nautgripir frá Dýhóli, en féð hafi nokkuð viljað sækja þaðan og norður í Laxárdal. Eins hafi eitthvað verið um, að fé frá öðrum bæjum hafi sótt á landið. Eftir að landið hafi verið girt, fljótlega upp úr 1960, hafi þau á Dýhóli ekki þurft að smala afréttir eins og áður. Rafn Arnar kvaðst telja, að girðingin um þrætulandið hefði verið sæmilega sauðheld, en nokkuð þó verið um, að fé frá öðrum kæmist inn. Þá hefðu þau á Dýhóli séð um nauðsynlegasta viðhald á girðingunum.

Nefndur Jón Benedikt Rafnkelsson kvaðst fyrir dómi hafa beitt 2–3 hrossum sínum í þrætulandið, sennilega síðastliðin fjórtán ár. Það hafi hann gert án athugasemda frá þeim frændum sínum, Páli og Guðjóni, sem hann taldi, að ættu landið. Jón minntist þess, að stefndi hefði eitt sinn sagt við sig, að hann gæti haft hrossin í landinu að vild. Hann kvaðst ekki hafa dvalist alla tíð á Dýhóli og ekkert hugsað út í, hver hefði sinnt viðhaldi girðinga. Ekki kvaðst hann vita, hver hefði greitt fyrir kílræsaframkvæmdir.

Vitnið Þorleifur Hjaltason hefur borið, að Dýhólsfólkið hafi allan búskapartíma sinn og fram á þennan dag notað þetta svokallaða Efraland sem beitiland fyrir allan bústofninn á Dýhóli. Eftir að Efralandið hafi verið girt í sundur, hafi austasti hluti þess, þ. e. þrætulandið, eingöngu verið nytjað frá Dýhóli, en það sé sá hluti landsins, sem áður hafi tilheyrt Austurbænum í Árnanesi. Minntist Þorleifur þess að hafa ásamt Páli og Vilmundi og jafnvel Guðjóni árið 1958 unnið við að setja upp og laga girðingu á milli Ártúns og þrætulandsins. Þetta hafi hann gert fyrir bróður sinn, Sigurð, er þá bjó í Árnanesi, og hafi sú girðing legið eins og eldri girðingin, er þar var. Vitnið kvaðst minnast þess, að Páll og Guðjón hefðu verið með hross á þessu svæði, en ekki á þessari skák einni, eftir að hún var frágirt.

Vitnið Sigurður Hjaltason, sem er fæddur og upp alinn í Hólum, sagði, að á þeim tíma, er hann bjó í Ártúni, hefði búfé gengið óhindrað um þessi lönd, þar sem girðingar hefðu verið hálf-niðurfallnar og lélegar. Kvaðst hann hafa tekið þátt í með Dýhólsfólkinu að grafa skurð milli landa þess og upp að þrætulandinu, en síðar, 1957 eða 1958, ásamt Páli, Guðjóni og Vilmundi kostað og staðið að því að grafa skurð á milli þrætulandsins og lands Ártúns. Fyrir sína hönd hefði Þorleifur Hjaltason unnið að framkvæmdunum, því að sjálfur hefði hann þá verið slasaður. Um það leyti hafi nefndir bræður og vitnið einnig staðið að girðingarframkvæmdum milli landanna, sem hafi lokið fyrir 1960. Áður en þessar framkvæmdir voru unnar, hefðu

skepnur gengið óhindrað á þrætulandið. Kúm á Dýhóli hefði einnig verið beitt þangað, en einnig í Árnanessland, meðan þetta var ógirt svæði.

Vitnið Gísli Eymundur Hermannsson, bóndi í Ártúni, kvað þessi þrjú stykki, þ. e. svokallað Villaland, þrætulandið, og u. þ. b. 30 hektara lands hjá sér, ekki hafa verið aðskilin öðruvísi en með stórgripaheldum skurðum, frá því að hann fluttist að Árnanesi árið 1960 og til 1987, er hann hefði girt sitt land af í samráði við stefnda og haldið þeirri girðingu við sjálfur. Þær girðingar, sem áður hefðu verið reistar á þessum mörkum, hefðu verið gerðar í samráði við Pál og Guðjón Jónssyni. Um þetta samráð við Pál og Guðjón sagði vitnið: „Aðeins kom þetta til tals, já, mjög lítið samt. Við orðuðum þetta pínulítið." Vitnið kvaðst hafa smalað á þessu landi, sótt sitt fé og komið óskilafé þaðan til skila eða lögréttar. Árið 1977 hefði hann fengið leyfi stefnda til að fara yfir þrætulandið með skepnur yfir á næsta land vestan við, eign Vilmundar Jónssonar og síðar Huldu Mogensen, og fengið að nýta það undir hross gegn því að viðhalda einhverju af girðingum. Vitnið kvaðst þó sjaldnast hafa farið með hross yfir þrætulandið, en notað þjóðveginn nýja frekar í því skyni. Vitnið kvað þá bræður, Pál og Guðjón, hafa notað þetta land undir hross, en aðallega hefði landið verið notað undir hross og gripi frá Dýhóli. Vitnið kvaðst muna eftir því, er þrætulandið var kílræst, en ekki vita, hver hefði kostað þær framkvæmdir.

Vitnið Brynjólfur Tryggvi Árnason, fyrrverandi sveitarstjóri, kvaðst í byrjun árs 1981 hafa, ásamt Stefáni Árnasyni, fulltrúa frá Rafmagnsveitum ríksins, farið á nokkra bæi í Nesjahreppi til að gera samninga við jarðeigendur á þessu svæði, þar sem fyrirhuguð byggðalína skyldi lögð um. Að ósk bænda í hreppnum hefði hann verið til aðstoðar og til að gæta hagsmuna bænda, m. a. í Ártúni, Árnanesi, Meðalfelli, Bjarnanesi og Stapa. Jafnframt hafi hann verið með umboð frá Vilmundi Jónssyni og síðar Huldu Mogensen. Þegar samningar hafi staðið yfir, hafi komið upp kvíði hjá eigendum Árnaness um, að kílræsum í landi þeirra myndi spillt. Hafi Páll Jónsson og Hulda Mogensen gert kröfu um að rörleggja ræsin, áður en vegur yrði lagður yfir þau, og krafist sérstakra bóta fyrir hugsanlegar skemmdir á ræsunum. Í þessum viðræðum hefði ekki verið rætt um staurastæður á þrætulandinu við aðra en Pál í Árnanesi, þar sem gert hefði verið ráð fyrir því, að stæðurnar væru í landi Páls. Hins vegar hefði einnig verið talað við fólkið á Dýhóli, en þá verið um að ræða óskir um að fá, ef svo bæri undir, að fara um gamla þjóðveginn á landi Dýhóls til að komast að hugsanlegum stæðum. En meðan á viðræðum við bændur hefði staðið, hefði ekki verið að fullu ljóst, hvar stæður kæmu niður í landið. Hins vegar kvaðst vitnið ekki vita til, að stæður hefðu átt að koma í Dýhólsland. Vitnið kvað sér vera

ókunnugt um greiðslur bóta til eigenda Dýhóls, en hafa verið viðstaddur greiðslu bóta f. h. Vilmundar Jónssonar eða Huldu Mogensen, Ártúns og Stapa og Bjarnaness. Er vitnið var spurt um þá fullyrðingu Arnbjargar Sveinsdóttur, að ábúendur Dýhóls hefðu sloppið við fjallskil, sagði vitnið: „Fjallskil í Nesjum hafa verið með öðrum hætti en víðast annars staðar á landinu. Það hafa ekki verið greidd svokölluð fjallskilagjöld. Menn hafa verið skipaðir í leitir á ákveðnum svæðum eftir einhverri eldgamalli formúlu, og það var ákveðið, hve marga menn þyrfti í hverja leit í hvert skipti, og þetta voru ósköp hefðbundin bréf, sem út voru send. En Dýhóll var, meðan ég var þarna inni, alltaf skipaður í leitir, eins og verið hafði ..."

Vitnið Vilmundur Hansen, dóttursonur Vilmundar Jónssonar, kvað það hafa staðið til, að hann fengi land Vilmundar Jónssonar eftir hans dag. Hafi sér verið mjög greinilega sagt, hvar landamerki væru. Vottorð hans vegna málsins um landamerki er svohljóðandi: „Landamerki svonefnds Efralands, fyrrum eignar Vilmundar Jónssonar í Árnanesi, markast af skurði og girðingu að austan. Upphaflega voru landamerki þessi nokkrum metrum austar, en þegar Vilmundur gróf skurðinn, varð það að samkomulagi milli hans og Rafnkels Jónssonar, að þessir metrar skyldu tilheyra Dýhóli. Einnig varð samkomulag um, að Vilmundur sæi um að girða fyrst; núverandi girðing, sem girt var af eigendum Dýhóls, telst því sameign Dýhóls og núverandi eiganda Efralandsins."

Um notkun á þrætulandinu kvað vitnið landið hafa verið nýtt frá Dýhóli, fyrst með nautgripum og síðar einnig með fé. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort hinir bræðurnir hefðu rekið þangað búpening. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um, frá hvaða bæjum fé var á þrætulandinu, áður en það var girt, en eftir það hefði landið verið nýtt frá Dýhóli, sem einnig hefði fengið að nýta landið fyrir vestan þrætulandið, þ. e. a. s. svokallað Vilmundarstykki. Vitnið kvaðst telja, að nefnd girðing á milli þrætulandsins og Austurbæjar efri hefði verið reist um 1970.

Vitnið Úlfar Antonsson kvað þrætulandið hafa verið ógirt og opið, er vitnið kom fyrst í sveit til Páls og Guðjóns sumarið 1958, og greiður aðgangur verið fyrir sauðfé inn í Laxárdal. Hefði það frekar verið rekið í dalinn en á þetta land. Upp úr 1960 hefðu þeir Páll og Guðjón ásamt Skírni á Borgum tekið sig til og girt allt þetta svokallaða Efraland og hross þeirra Páls, Guðjóns og Vilmundar flutt á landið. Girðingin hefði verið ágætlega gerð, hestheld, en ekki fjárheld, og oft slæðingur af sauðfé þar inni. Þá hefði eitthvað verið um, að nautgripum frá Dýhóli væri beitt þangað. Vitnið kvað girðinguna hafa verið reista að ósk Skírnis á Borgum, og hafi vitnið Páll og Guðjón auk fólks frá Borgum tekið þátt í því verki. Hafi girðingin verið notuð

undir 30–40 hesta, þegar mest var. Vitnið kvaðst telja, að hestar hefðu eitthvað verið í þessari girðingu eftir 1970, eftir að skurður var grafinn.

Vitnið Þórir Brynjúlfsson, er var í sveit hjá Páli og Guðjóni í fimm sumur frá árinu 1970, kvað þá Pál og Guðjón hafa verið með hross í þrætulandinu, sennilega allt til ársins 1975, en hins vegar hefði sauðfé þeirra bræðra farið í afrétt í Laxárdal. Þó hefði alltaf eitthvað verið um sauðfé á þessu svæði auk kúnna frá Dýhóli. Menn hefðu lagað girðingar með handafli eftir föngum, er þeir hefðu átt leið um landið.

Í gögnum málsins er yfirlýsing, dagsett 1. júlí 1993, undirrituð af Jóni Axel Antonssyni, sem fæddur er 5. júní 1956, og tveimur vottum. Þar kemur fram, að hann hafi verið í sveit sem barn og unglingur hjá Páli og Guðjóni í Árnanesi á hverju sumri frá 1961 til ársins 1971, auk þess oft síðar heimsótt þá bræður. Hafi þeir talað um þrætulandið sem sína eign og notað landið og land Vilmundar undir hross. Þarna hafi einnig verið eitthvað um skepnur frá Dýhóli. Girðingar hafi ekki verið sauðheldar.

Jón Axel Antonsson gaf ekki skýrslu fyrir dómi.

VI.

Árið 1991 var tekið fyrir á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu að beiðni stefnda í þessu máli landamerkjamál til ákvörðunar á landamerkjum Árnanessjarða I, II og III. Við fyrirtöku málsins voru ýmsir þeir, sem eiga lönd að Árnanesi I, II og III, m. a. Arnbjörg Sveinsdóttir vegna Rafnkels Jónssonar. Í greinargerð, sem Arnbjörg lagði fram f. h. Rafnkels Jónssonar á aukadómþinginu 14. janúar 1991 eftir áskorun sýslumanns og stefndi hefur lagt fram í máli þessu, nefnir Arnbjörg, að árið 1942 hafi Rafnkell fengið viðbótarland frá móður sinni. Í greinargerðinni er vísað til undirritaðrar lýsingar Rafnkels Jónssonar á landamörkum Dýhóls. Um landmörk Dýhóls segir í greinargerðinni: „Á austursíðuna gilda mörkin milli Dýhóls og Hóla og milli Ártúns og Dýhóls upp í Arnarhamar austast, en að suðvestan við land efri Austurbæjar í Árnanesi afmarkast það af djúpskurði, sem nær neðan frá Hólalæk upp að landi Klettabrekku, vestur af eystri Strýtukletti, síðan eftir skurði upp að gamla þjóðvegi og ofan gamla þjóðvegar við land efri Austurbæjar að mestu afmarkað af skurðum vestan og norðan við Götuhól til fjalla eftir línu, sem nær upp í skriður við neðstu klettabelti, og þaðan að landamörkum Ártúns við Arnarhamar austast."

Í málinu var gerð dómsátt, undirrituð af níu aðilum, þ. á m. Arnbjörgu Sveinsdóttur, stefnda og lögmanni hans í því máli. Í sáttinni er ekki berlega greint frá landamerkjum á milli Dýhóls og Árnanessjarða, en þar segir m. a.: „...Að öðru leyti fer um eignarrétt yfir spildum, eyjum og fjalllendi svo sem greinir í kröfugerð í dskj. nr. 62, og enginn ágreiningur er um mörk

spildna í Árnanessjörðum." Er sáttin var borin undir Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir dómi í máli þessu, sagði hún, að hún hefði aldrei fallið frá kröfum sínum, en það hefði ekki staðið til af hálfu aðila að fara í landamerkjamál, og sinn skilningur hefði verið sá, að skv. ráðum þáverandi lögmanns stefnda hefði krafa sín ekki þá verið afgreidd, heldur mörk jarðanna fyrir neðan þjóðveg. Hefði kort það, sem sér hefði verið sýnt á dómþinginu, ekki fjallað um mörkin varðandi þrætulandið. Upplýst er í málinu, að uppdráttur sá, sem bókað var um, að gera skyldi í samræmi við sáttina, hefur aldrei verið gerður, og er í sáttinni ekki talað sérstaklega um mörk milli lands stefnda og Dýhóls, heldur einvörðungu um mörk milli lands stefnda og annarra landspildna í Árnanessjörðum.

VII.

Niðurstöður.

Dómari hefur kannað vettvang ásamt lögmönnum aðila.

Ljóst er samkvæmt framburði vitna og þeim skattframtölum, sem liggja frammi í málinu, að stórt kúabú var rekið frá Dýhóli, auk þess sem eitthvað var um sauðfé og fáein hross. Var búið á Dýhóli á tímabili eitt stærsta kúabú í Austur-Skaftafellssýslu. Gott samkomulag var á milli bræðranna allra og samgangur mikill á milli bæja, en nánast var um að ræða tvíbýli hjá Vilmundi annars vegar og Páli og Guðjóni hins vegar. Þeir bræður aðstoðuðu Rafnkel, bróður sinn, sem lengst af var heilsulítill.

Telja verður, að Rafnkell Jónsson hafi að einhverju leyti staðið að gerð kílræsa á hinu umdeilda landi. Girðingar virðast ekki alltaf hafa verið vel fjárheldar og viðhald þeirra lítið, og virðast Páll og Guðjón Jónssynir hafa haft afskipti af framkvæmdum vegna landsins og eitthvað beitt þar hrossum sínum. Landið hefur ekki verið nýtt til annars en beitar, og sýnist eigandi eða eigendur þess ekki hafa reynt mikið að hindra, að skepnur í eigu annarra bitu landið, og ekki var tekin leiga fyrir nýtingu þess. Skepnum frá Dýhóli virðist lengi hafa markvisst verið beitt þangað, en auk þess hrossum frá Árnanesi, og einnig virðist sauðfé frá ýmsum bæjum hafa, sennilega allt til ársins 1970, slæðst inn á landið vegna ástands girðinga. Ekki er ljóst af framburði aðila og vitna, hvernig fjallskilum var hagað frá Dýhóli.

Þeir, sem þekkja til á þessu svæði og gefið hafa skýrslu fyrir dómi, eru ekki einhuga um það, hver eða hverjir af þeim bræðrum hafi talið sig eiga landið. Þeirri fullyrðingu stefnda er ekki mótmælt, að suðausturlína hafi hvergi legið um land Páls Jónssonar, heldur einungis um þrætulandið, en Rafnkell Jónsson tók við bótum frá Rafmagnsveitum ríkisins sem eigandi þess.

Samkvæmt nefndu vottorði sýslumannsins í Vík og því, sem fram hefur komið í málinu, hefur enginn hluti af Árnanesi annar en Dýhóll, lítill hluti

landsins, verið afhentur erfingjum Guðrúnar Árnadóttur með skriflegu afsali. Þar sem Guðrún er skráð eignalaus við andlát, má ætla, að landi hennar hafi verið skipt með lífsgerningum, og verður ekki séð, að deilur hafi risið á milli þeirra bræðra um skipti eða nýtingu landsins. Sú staðreynd, að þannig hafi verið staðið að málum, styður fullyrðingar Arnbjargar Sveinsdóttur um ástæðu þess, að skriflegt afsal var einungis gert í tilefni stofnunar Dýhóls. Arnbjörg Sveinsdóttir er ein á lífi af þeim, sem geta borið um, að móðir Rafnkels Jónssonar hafi afhent Rafnkeli landið árið 1942, og eru engin skrifleg gögn um, að Páll og Guðjón hafi fengið þrætulandið frá foreldrum sínum. Hins vegar er í nefndri greinargerð, sem Arnbjörg lagði fram á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu, vísað til skriflegrar yfirlýsingar Rafnkels um landmörk Dýhóls.

Eins og áður er nefnt, var mál þetta endurupptekið eftir dómtöku þess í samræmi við 104. gr. laga nr. 91/1991. Benti dómari á nauðsyn þess, að frekari gagna væri aflað, sem skýrt gætu frekar efni sáttarinnar, er gerð var í aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu. Stefnandi lagði þá fram ljósrit af áðurnefndri landamarkalýsingu Rafnkels Jónssonar fyrir Dýhól. Í lýsingu Rafnkels segir m. a.: „Þar sem nýbýlið Dýhóll hefur fengið viðbótarlandspildu við það, sem áður var afmarkað úr neðri og efri austurbænum í Árnanesi í Nesjum, breytast landamerki jarðanna í samræmi við það og verða þá sem hér segir: ...“ Lýsing Rafnkels á landi sínu er á sama veg og greinargerðin, sem Arnbjörg, kona hans, lagði fram á aukadómþinginu, enda sótti hún það fyrir hans hönd. Upplýst er, að í dómsáttinni var ekki fjallað sérstaklega um mörk Dýhóls og landa stefnda í Árnanessjörðum. Verður ekki talið, að Arnbjörg hafi verið með undirritun áðurgreindrar sáttar að afsala f. h. manns síns landi, sem hann taldi sig eiga, heldur, ef eitthvað er, að stefndi í máli þessu hafi með undirritun sáttarinnar fallið frá kröfum sínum til hins umdeilda lands, en ekki verður séð af gögnum, sem lögð hafa verið fram tilheyrandi sáttinni, að hún hafi náð til þrætulandsins eða að stefndi hafi þá gert sérstaka kröfu um það land.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður eignarhald á landinu ekki metið eftir nýtingu þess, heldur verður að leggja til grundvallar skriflega lýsingu Rafnkels heitins Jónssonar á landi sínu og fullyrðingu Arnbjargar Jónsdóttur um, að Guðrún Árnadóttir hafi afhent Rafnkeli landið til eignar, svo að hann gæti alið bústofn, þar sem upphaflegt land Dýhóls reyndist ekki nægilega gott til jarðyrkju.

Vegna mótmæla stefnanda og með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst varakrafa stefnda hafa komið of seint fram, og verður ekki tekið tillit til hennar við úrlausn málsins.

Með þessum rökum verður fallist á kröfu stefnanda, nema hvað rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, dánarbús Rafnkels Jónssonar, yfir landspildu, sem liggur til norðausturs frá eldra landi Dýhóls til fjalls (upp í skriður við neðstu klettabelti í Arnarhömrum). Land þetta er 62 ha að stærð og afmarkast nánar af eftirfarandi markalínum á meðfylgjandi uppdrætti Þorgríms Eiríkssonar verkfræðings. Markalínurnar eru: Að suðaustan (gagnvart löndum jarðanna Hóla og Ártúns, Nesjahreppi) af 1298,71 m langri línu, sem dregin er til norðausturs frá punkti merktum P á uppdrættinum, um punkt C upp í Arnarhamar austast, í punkt B á uppdrættinum. Að norðaustan fylgir línan efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra frá punkti B í punkt A á uppdrættinum, að norðvestan (gagnvart landi jarðarinnar Árnaness, Austurbæjar efri, Nesjahreppi) af beinni 1455,10 m langri línu úr punkti A til suðvesturs í punkt R og að sunnan af beinni 469,85 m langri línu, sem dregin er milli punktanna R og P, á mörkum eldra lands Dýhóls og þess lands, sem hér er lýst.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 355/1993. **Þorleifur Sívertsen**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Bjarna Sigfússyni
(Logi Guðbrandsson hrl.) **og**
Ábyrgð hf. til réttargæslu

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1993. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 1.492.300 krónur með 4% ársvöxtum frá 17. desember 1988 til 21. janúar 1989, en síðan samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 21. júní 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir hann kröfu til greiðslu sömu fjárhæðar, en að nokkru með öðrum vöxtum. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi varð fyrir slysi 30. apríl 1983, en það var ekki fyrr en tæpum 8 árum síðar, í janúar 1991, að hann gerði reka að lögreglurannsókn á því. Fór hún fram ári síðar. Ritaði lögmaður hans réttargæslustefnda bréf um slysið í desember 1991.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um slysið, fyrr en eftir að það varð, og þá ekki, að það væri við hann tengt. Það hafi aðeins verið nokkru fyrir höfðun máls þessa í héraði, að honum varð ljóst, að talið væri, að hann hefði átt einhverja aðild að slysinu. Slysið varð á vinnusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, og var áfrýjandi í þjónustu þess fyrirtækis. Verkstjórn á vinnusvæðinu hlaut því að vera í höndum yfirmanna rafmagnsveitnanna, og hvíldu

skyldur samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á stjórnendum þeirra. Af framangreindu leiðir, að stefnda verður ekki virt það til réttarspjalla að tilkynna ekki um slysið.

Fallast verður á það með héraðsdómi, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að yfirvofandi hætta hafi verið á því, að hann fengi krókana eða stroffurnar í sig, og að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að stökkva af bifreiðinni til að koma í veg fyrir slys. Ósannað er þegar af þessum ástæðum, að slys áfrýjanda verði rakið til athafna stefnda, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar er ákveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorleifur Sívertsen, greiði stefnda, Bjarna Sigfússyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Þrátt fyrir aldur málsins hafa atvik að slysi áfrýjanda verið skýrð í meginatriðum með framburði málsaðila og þriggja starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins, er unnu með áfrýjanda í þetta sinn. Var einn þeirra að verki með honum uppi á palli flutningavagnsins við að hagræða stroffum á staurabúntum og festa gámakróka kranans í þær til hífingar, en hinir tveir stóðu þar, sem staurarnir voru lagðir, og losuðu stroffurnar í annan endann, svo að kraninn gæti híft þær lausar undan staurunum með átaki í hinn endann. Var það annar þeirra manna, sem hrópaði viðvörunarorð til áfrýjanda.

Vagninn var nýkominn á svæðið og stóð við hlið kranans með afturenda í sömu átt og kranabóman. Fram er komið, að færsla kranabómunnar til hliðar hafi verið minni en hálfhringur, og telja samstarfsmenn áfrýjanda hana hafa verið nær fjórðungi úr hring. Stroffurnar um staurabúntin voru eign skipafélagsins og áttu að fara þangað aftur. Segist stefndi hafa losað þær með átaki beint upp, en síðan fært þær til hliðar í átt að vagninum og slakað þeim niður að

jörð sem næst miðja vega, þar sem þær hafi verið losaðar og lagðar í bili. Samstarfsmenn áfrýjanda telja hins vegar, að þær hafi verið losaðar beint á flutningavagninn sjálfan. Þótt miðað sé við hið fyrra, verður að telja ljóst, að mönnum uppi á vagninum hafi stafað hætta af stroffunum og krókunum á leið kranans til baka, og hafi þurft sérstaka aðgæslu til að halda búnaðinum í nægilegri hæð og fjarlægð, meðan sveifla væri á honum. Ber frásögnum og saman um, að allir starfsmennirnir hafi stöðugt þurft að gæta varúðar vegna hættu frá krananum. Þær benda og til, að reynt hafi verið að vinna verkið hratt.

Áfrýjandi stóð aftan til á vagninum, þar sem hætta var meiri en að framanverðu, og var að sinna því verki, sem honum hafði verið falið. Hann fékk viðvörunarkall, sem varð honum tilefni til að forða sér umsvifalaust með því að stökkva niður af vagninum, en staðfest er, að fallhæð hafi verið um eða yfir þrjá metra. Telja verður nægilega fram komið, eins og aðstæðum og sönnunarkostum var háttað, að viðbrögð hans hafi verið í samræmi við viðvörunina og hún gefin af eðlilegu tilefni. Verður að hafa í huga, að atvik að slysinu voru ekki vegin á staðnum, þar sem meiðsli áfrýjanda voru ekki álitin alvarleg. Hefði óvissa um sveiflu á búnaðinum eins getað komið fram við yfirheyrslu innan fárra daga.

Samkvæmt öllu þessu ber að fallast á það með áfrýjanda, að slys hans verði rakið til athafna af hálfu stefnda, er til þess séu fallnar að baka honum skaðabótaskyldu, og verði kröfu hennar vegna komið fram, án þess að þeim aðila, sem unnið var fyrir, hafi einnig verið stefnt til ábyrgðar. Þar sem aðrir dómendur líta svo á, að sýkna eigi stefnda af kröfunni, eru ekki efni til frekari umfjöllunar um slysið eða tjón áfrýjanda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., var höfðað með þingfestingu málsins 11. desember 1992.

Stefnandi er Þorleifur Sivertsen, kt. 270256-2879, Sólheimum, Grímsnesi.

Stefndi er Bjarni Sigfússon, kt. 130933-4089, Ystaseli 5, Reykjavík. Þá er

Ábyrgð hf., kt. 410169-1699, Lágmúla 7, Reykjavík, stefnt til réttargæslu í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 1.492.300 kr. með 4% ársvöxtum frá 17. desember 1988 til 21. janúar 1989, en síðan með almennum bankavöxtum til 21. júní 1992, eins og fram kemur í stefnu, en þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa stefnanda er hin sama og aðalkrafa með þeirri breytingu, að vaxtafótur verði hinn sami og í aðalkröfu til 21. maí 1992, en 1% á ári frá þ. d. til þingfestingardags 11. desember 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, Ábyrgð hf., og réttargæslustefndi gerir engar dómkröfur í málinu.

Þá er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda, Bjarna Sigfússonar, er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Til vara er þess krafist, að sök verði skipt og málskostnaður felldur niður, en til þrautavara, að kröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi krefur stefnda um skaðabætur vegna slyss, er hann varð fyrir 30. apríl 1983, en á þeim tíma starfaði hann hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Stefnandi var þann dag að vinna ásamt starfsmönnum við að afferma rafmagnsstaura af flutningavögnum á lóð fyrirtækisins í Keldnaholti. Við affærminguna var notaður krani í eigu og undir stjórn stefnda. Hafði stefnandi þann starfa með höndum að krækja stroffum utan um staurabúnt á keðjukróka, sem héngu í vír kranans. Stóð stefnandi við verkið uppi á staurastæðunni ásamt samstarfsmanni sínum, Vilhjálmi Georgssyni, en aðrir samstarfsmenn hans unnu við að losa stroffuna, þar sem staurarnir voru settir niður. Voru stroffurnar þá losaðar öðrum megin af krókunum og þær síðan hífðar lausar. Varð af þessu talsvert átak, þar sem staurar þessir voru þungir.

Aðdragandi slyssins var sá, að samstarfsmaður stefnanda, Oddur Daníelsson, hrópaði viðvörunarorð. Taldi hann stefnanda í hættu, þar sem kranakrókurinn sveiflaðist í átt til hans og stefnandi sneri baki í kranann. Stökk þá stefnandi niður af vagninum til jarðar með þeim afleiðingum, að hann slasaðist. Stefnandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem í

ljós kom, að hann hafði brotið hælbein. Lögregluskýrslur voru teknar af aðilum málsins og vitnum í byrjun árs 1992.

– – –

III.

Niðurstaða.

Umdeilt slys varð 30. mars 1983. Í málið skortir nákvæmar upplýsingar um aðstæður á vettvangi, svo sem staðsetningu kranans annars vegar og flutningavagnsins hins vegar. Þá voru lögregluskýrslur vegna slyssins ekki teknar fyrr en tæpum tíu árum síðar.

Slys þetta var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Upplýst hefur verið, að stefndi hafi ekki vitað um slysið fyrr en nú fyrir skömmu og að það var af hálfu stefnanda talið varða starf hans sem stjórnanda kranans. Verður það ekki virt honum til sakar að hafa ekki tilkynnt slysið við þessar aðstæður.

Eftir því sem upplýst hefur verið í málinu, mun stefnandi hafa stokkið niður af flutningavagninum, þegar stefndi sneri krana sínum að vagninum, eftir að hann hafði losað stroffurnar undan staurahlassinu. Greinir vitni á um það, hvort þá hafi verið búið að losa stroffurnar af vírnum.

Í framburði vitna kemur ekki annað fram en stefndi hafi hagað vinnu sinni eðlilega umrætt sinn. Þó ber vitnið Oddur Daníelsson, að krananum hafi verið snúið of snemma og að yfirvofandi hætta hafi verið fyrir stefnanda.

Stefndi hefur starfað sem kranamaður í áratugi og oft áður unnið sambærilegt verk. Hann hefur einnig góða aðstöðu, þar sem hann situr í krana-húsinu, til að meta aðstæður og hæð á þeim hlutum, sem í bómu kranans hanga.

Þegar kallað var til stefnanda, mat hann aðstæður svo, að hann stökk til jarðar ofan af flutningavagninum. Verða það vart talin óeðlileg viðbrögð og hefðu að öllu jöfnu átt að vera hættulaust fall miðað við hæð vagnsins og að stefnandi hafi þá staðið efst á hlassinu.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á, að yfirvofandi hætta hafi verið á því, að hann fengi krókana eða stroffurnar í sig umrætt sinn, og að honum hafi verið nauðsyn að stökkva til jarðar til að koma í veg fyrir slys. Telst stefndi ekki bera sök vegna slyss stefnanda, og verður bótaskylda vegna tjóns stefnanda því ekki lögð á hann í máli þessu. Ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Sigfússon, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Þorleifs Sivertsen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. júní 1995.

Nr. 210/1995. **Guðmundur Kristinsson**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Þorbjörgu Atladóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1995, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1995, sem varðar ágreining um fjárskipti vegna sambúðarslita aðila.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, en við aðalmeðferð málsins var hún fulltrúi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Á fyrri stigum málsins hafði hún sem slík meðal annars dómkvatt matsmenn og úrskurðað vegna kröfu um málskostnaðartryggingu. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Á þetta jafnt við um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar.

Kærumálskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 212/1995. **Guðrún Guðbjartsdóttir**
Lilja Guðbjartsdóttir
Vigdís Guðbjartsdóttir
persónulega og
f. h. dánarbús Guðbjarts Benediktssonar
(Hlöðver Kjartansson hdl.)
gegn
Kristínu Árnadóttur
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. júní sl. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 5. maí 1995. Sóknaraðilar krefjast þess, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, auk þess sem krafist er kærumálskostnaðar.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1995. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Þorgerði Erlendsdóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 219/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Ragnari Erni Eiríkssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum næsta dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 21. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr 19/1991, að Ragnari Erni Eiríkssyni, kt. 090560-5819, Bergþórugötu 15 A, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hans. Kærði er grunaður um brot gegn 155. gr., 248. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði mótmælir kröfunni, en til vara krefst hann þess, verði hún tekin til greina, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

– – –

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins er vísað til þess, að kærði sé vanaafbrotamaður og eigi að baki langan brotaferil. Er í því sambandi m. a. vísað til sakavottorðs kærða. Kærði hefur svo til samfelldan sakaferil frá 1977 til 1992, einkum fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og oftsinnis á því tímabili hlotið fangelsisrefsingu. Í gær gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærða fyrir fjársvika- og skjalafalsbrot, fjársvikin að mestu framin frá því í ágúst 1994 og fram í febrúar sl., og eru tékkar, sem kærði er sakaður um að hafa notað í viðskiptum, rúmlega 70 talsins. Þá er kærða einnig gefið að sök að hafa í júní 1993 notað nokkra falsaða tékka í viðskiptum.

Samkvæmt framansögðu leikur ekki vafi á, að kærði er vanaafbrotamaður. Má ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan málum hans er ólokið. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hans.

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 208/1995. **Íselco sf.**
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)
gegn
Jóhanni Pétri Margeirssyni
(Ólafur Ragnarsson hrl.) **og**
Margeiri Jóhannssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)
Jóhann Pétur Margeirsson
gegn
Íselco sf. og
Margeir Jóhannsson
gegn
Íselco sf. og
Jóhanni Pétri Margeirssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Íselco sf. skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júní 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1995, þar sem máli Íselco sf. á hendur Jóhanni Pétri Margeirssyni og meðalgöngusök Margeirs Jóhannssonar er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er þess krafist, að felld verði úr gildi frávísun krafna Íselco sf. í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka þær til efnismeðferðar. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi Jóhanns Péturs Margeirssonar og Margeirs Jóhannssonar.

Jóhann Pétur Margeirsson skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júní 1995 og Margeir Jóhannsson með kæru 7. júní 1995, sem bárust réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Krefjast Jóhann Pétur og Margeir þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að Íselco sf. verði dæmt til greiðslu málskostnaðar í héraði. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með vísan til forsendna hans. Ekki eru efni til að hrófla við málskostnaðarákvörðun héraðsdóms, og verður hún því staðfest.

Rétt er, að aðilar beri hver um sig kostnað sinn af kærumálinu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Íselco sf., kt. 600171-0469, Skeifunni 11 D, Reykjavík, á hendur Jóhanni Pétri Margeirssyni, kt. 050658-4149, Fjarðarási 24, Reykjavík, með réttarstefnu, sem birt var 16. mars 1994. Á dómþingi 22. september s. á. var þingfest framhaldsstefna, og á dómþingi 9. desember s. á. var þingfest meðalgöngustefna af hálfu Margeirs Jóhannssonar, kt. 020832-4449, Brúnastekk 4, Reykjavík.

Hinn 10. mars 1994 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík kyrrsetningarbeiðni stefnanda þessa máls á hendur stefnda máls þessa. Var gerðinni lokið án árangurs að hluta með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Stefnandi krafðist þess, að bú stefnda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. maí 1994.

Stefndi krafðist þess, að máli þessu yrði vísað frá vegna vanreifunar. Með úrskurði 30. september sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Stefnandi krafðist þess, að öllum kröfum, sem lytu að hlut meðalgöngustefnda í kröfum á hendur stefnda, yrði vísað frá dómi. Með úrskurði 16. febrúar sl. var þeirri kröfu hafnað.

Dómkröfur stefnanda eru á þessa leið:

„I. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu á samtals 20.639.587,75 kr. í frumsök og framhaldssök, og hefur þá verið tekið tillit til lækkunar, vegna þess að fallið er frá kröfuliðum 1.75, 9.2, og 20.2 og að kröfuliðir 1.66 og 16.5 lækka. Í samræmi við 101. gr. laga nr. 91/1991 er í lokin lagt fram samandregið yfirlit yfir samtölur kröfufjárhæða í hverjum kafla í stefnu og framhaldsstefnu.

II. Að staðfest verði kyrrsetning, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fimmtudaginn 10. mars 1994 í fasteignum stefnda, Fjarðarási 24, Reykjavík, og sumarbústað í landi Heyholts, Borgarfirði, auk bifreiðanna MZ-516, Ford Ecoline, árg. 1991, og VK-965, Ford Bronco, árg. 1985.

III. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags [Innsk. dómsins: Stefnandi kaflaskiptir fjárkröfu sinni,

eins og síðar verður greint frá, eftir þeirri aðferð að metinstefnu til, sem hann telur, að stefndi hafi beitt til að valda stefnanda tjóni, en innan hvers kafla eru mismargir kröfuliðir.]. Til einföldunar er þó fallið frá dráttarvöxtum, þar sem margir kröfuliðir eru innan sama mánaðar og dráttarvaxta einungis krafist frá síðustu dagsetningu innan sama mánaðar. Þannig hafa allar kröfur innan sama mánaðar verið lagðar saman og bætt við samtölu næsta mánaðar á undan og vaxta krafist af fjárhæðinni, eins og hún er á hverjum tíma og eins og hún er sýnd hér:

– – –

IV. Með vísan til 5. tl. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er gerð sú dómkrafa, að áfrýjun hindri ekki aðför eftir dóminum.

V. Enn er þess krafist, að lögmaður stefnda verði sektaður skv. heimild í e-lið 135. gr. laga nr. 91/1991 fyrir ummælin: „græðgi, meinfýsi og ófyrirleitni er leiðarljós rannsakenda", sem hann viðhafði um stefnendur og, að því er ætla má, lögmenn þeirra.

VI. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Í meðalgöngusök er krafist frávísunar, en til vara sýknu og til þrautavara sýknu að svo stöddu af kröfum meðalgöngustefnanda og málskostnaðar skv. mati dómsins."

Stefndi krefst þess að verða einungis dæmdur til að greiða 3.579.663,80 kr. með almennum innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, frá 20. maí 1992 til greiðsludags, en 3.000.000 kr. greiðsla 20. maí 1992 komi til frádráttar. Hann krefst málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Meðalgöngustefnandi krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi að öllu leyti eða hluta. Til vara krefst hann þess, að sú fjárhæð, sem stefndi Jóhann Pétur kann að þurfa að greiða af kröfum Íselco sf., verði að 1/3 hluta dæmd meðalgöngustefnanda. Verði á hvorugt þessa fallist, krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að dómur Íselco sf. í vil feli það í sér, að meðalgöngustefnandi eigi kröfuna að 1/3 hluta. Verði nú ekki fallist á neina af þessum kröfum, krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að andvirði eignarhluta meðalgöngustefnanda í Íselco sf. hækki um 1/3 hluta af þeirri fjárhæð, sem stefndi verði dæmdur til að greiða félaginu. Hann krefst málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefnanda.

I.

Með samningi, dags. 8. janúar 1971, stofnuðu þeir Ragnar Jónsson og Gísli Ó. Ólafs, núverandi félagar um rekstur stefnanda Íselco sf., og Margeir Jóhannsson meðalgöngustefnandi með sér félag um rekstur rafmagnsiðnaðar og verslun með rafmagnsvörur svo og annan skyldan atvinnurekstur undir firmanafninu Iceland Electric sf., skammstafað ISEL. Félagið

skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Hlutur hvers þeirra í félaginu skyldi vera jafn. Ágóða og halla af starfseminni skyldi skipta að jöfnu, en gagnvart lánardrottnum skyldu þeir ábyrgjast skuldir félagsins að óskiptu. Hverjum um sig skyldi vera heimilt að fylgjast með rekstri félagsins, bókum þess og skjölum, hvenær sem væri, og jafnan heimilt að láta löggiltan endurskoðanda gera upp reikninga félagsins á þess kostnað. Í 7. gr. samningsins segir svo: „Samningi þessum getur hvor okkar (sic) sagt upp með 6 mánaða fyrirvara, og skal uppsögn, sem á að vera skrifleg, miðast við áramót. Verði félaginu slitið á þennan hátt, skulu reikningar félagsins gerðir upp og ágóða og eignum skipt skv. 2. gr. [Innsk. dómsins: þ. e. jafnt.] Eigi félagið þá ekki fyrir skuldum, skal það, er á vantar, greitt af okkur að jöfnu. [...]." Í tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur segir, að firmanafnið sé skammstafað Íselco sf. Ekki er deilt um, að þetta félag er stefnandi þessa máls Íselco sf.

Stefndi Jóhann Pétur, sem er sonur meðalgöngustefnanda, mun hafa starfað hjá félaginu frá unglingsárum. Hann mun hafa lokið námi vorið 1977 og hafið þá fullt starf hjá félaginu og unnið hjá því, þar til honum var vísað úr starfi í maímánuði 1992 vegna ætlaðs fjárdráttar. Stefndi mun bæði hafa starfað sem bókhaldari og gjaldkeri a. m. k. hin síðari ár sín hjá félaginu og hafa haft heimild til að gefa út ávísanir á tékkareikning félagsins hjá Landsbanka Íslands.

Viðurkenndar eru af hálfu stefnanda (sic) greiðslur til stefnanda, að fjárhæð 501.032 kr., 13. maí 1992 og 2.197.800 kr. 20. s. m. vegna fjárdráttar stefnda, en stefndi og meðalgöngustefnandi telja, að greiðslur hafi numið jafnvirði 3.000.000 kr., sem reiddar hafi verið af hendi á þessum tíma, enda þótt tjón félagsins af völdum Jóhanns Péturs hafi þá verið metið af eigendum félagsins 1.621.079 kr. af höfuðstól til.

Samskipti meðalgöngustefnanda, Margeirs, við félaga sína mun hafa orðið stirt upp úr þessu, og fór svo, að Margeir sagði upp sameignarfélagssamningi þeirra með bréfi 19. maí 1993, dskj. nr. 113. Með bréfi 28. júní s. á. tilkynntu félagar hans honum ákvörðun sína um að halda starfsemi félagsins áfram og vilja til að ganga til samninga um málið þegar í stað. Og 12. júlí s. á. undirrituðu þeir eftirfarandi samkomulag:

„1. gr.

Við Gísli og Ragnar höfum lýst yfir vilja til að kaupa hlut Margeirs í nefndu sameignarfélagi okkar. Samkomulag er um að fá löggilta endurskoðendur fyrirtækisins, þá Svein Jónsson og Einar Ólafsson, Ármúla 42, Reykjavík, til að meta fyrirtækið og hlut hvers okkar til verðs miðað við uppgjör per 13. 7. 1993. Greindum endurskoðendum er því falið að meta verð fasteignar fyrirtækisins, véla- og tækja, vörulager, útistandandi kröfur og „good will", ef endurskoðendur telja, að um hann sé að ræða.

2. gr.

Samkomulag er um, að væntanlegur seljandi, nefndur Margeir, fari í sumarfrí frá og með 13. 7. nk. til þess tíma, að umrætt mat endurskoðandans liggur fyrir væntanlega fyrri hluta ágústmánaðar nk. [...].

3. gr.

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að fela ofangreindum endurskoðendum, sbr. 1. gr., að framkvæma ýtarlega bókhaldsrannsókn á bókhaldi fyrirtækisins svo langt aftur sem þeir telja nauðsynlegt með tilliti til ætlaðs fjárdráttar og/eða fjársvika. Skuldbinda aðilar sig til að fara eftir niðurstöðu endurskoðendaskýrslna um þau atriði, þannig, að fram komi úttekt aðila eða náins ættingja hans, er starfað hefur hjá fyrirtækinu, sem tengist viðskiptum fyrirtækisins, svo og rangfærslur eða misferli, þá dragist það frá hlut viðkomandi aðila í fyrirtækinu að frádregnum greiðslum, sem þegar hafa verið inntar af hendi vegna þessara atriða.

4. gr.

Aðilar eru sammála um að leita eftir því við Jóhann Pétur Margeirsson, sem á sínum tíma starfaði hjá fyrirtækinu, að hann gefi endurskoðendum fyrirtækisins allar þær upplýsingar, sem endurskoðendur telja nauðsynlegar vegna bókhaldsrannsóknarinnar, sem um getur í 3. gr. Sérstaklega verði lagt fyrir nefndan Jóhann að leggja fram bankayfirlit vegna reikninga sinna nr. 1148 í aðalbanka Landsbanka Íslands og annan reikning, sem einnig er í þeim banka, en ekki liggur nú fyrir númer hans, gefa upplýsingar um, hvað var í geymsluhólfi fyrirtækisins í Miklubrautarútibúi Landsbanka Íslands, eftir að hann var hættur störfum hjá fyrirtækinu, svo og upplýsingar um færslur, fylgiskjöl og önnur atriði, sem varða bókhald fyrirtækisins á þeim tíma, sem hann starfaði við það. Gefi Jóhann nauðsynlegar upplýsingar að mati nefndra endurskoðenda, verður fallið frá hugsanlegum kærum á hendur honum, sbr. þó 3. gr. hér að framan.

5. gr.

Aðilar samkomulags þessa miða við, að Gísli og Ragnar kaupi hlut Margeirs í fyrirtækinu [...]."

Við þetta „samkomulag" hefur ekki enn verið staðið í raun, og eru skiptar skoðanir með aðilum hvers vegna.

Með kæru 3. október 1993 fóru þeir Gísli Ólafsson og Ragnar J. Jónsson þess á leit við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi opinber rannsókn á „meintum fjársvikum, fjárdrætti og bókhaldsmisferli" þeirra Margeirs Jóhannssonar og Jóhanns Péturs Margeirssonar. Töldu þeir, að í ljós hefði komið, að bókhald Íselco sf., sem Margeir hafði umsjón með af hálfu eigenda fyrirtækisins, hefði raunar verið með þeim hætti, að ekki væri unnt að treysta því.

Fimmtudaginn 10. mars 1994 kyrrsetti sýslumaðurinn í Reykjavík nánar tilgreindar eignir stefnda að kröfu stefnanda til tryggingar kröfu, samtals að fjárhæð 39.009.978 krónur. Gerðinni var lokið án árangurs að hluta. Stefnandi taldi kröfu sína stafa „af refsiverðri háttsemi Jóhanns Péturs, sem með ýmiss konar fjármuna- og bókhaldsbrotum nýtti sér stöðu sína sem starfsmaður hjá gerðarbeiðanda til að draga sér mikla fjármuni. Sú háttsemi hefur verið kærð til RLR. Margs konar skjalfestar sannanir um háttsemi gerðarþola liggja fyrir, og gerð hefur verið bókhaldsathugun hjá gerðarbeiðanda, sem rennir enn frekari stoðum undir kæru gerðarbeiðanda og staðfestir með óyggjandi hætti ýmsar þær aðferðir, sem gerðarþoli hafði á að hafa fé af gerðarbeiðanda ...". Stefnandi taldi nauðsyn bera til að tryggja hagsmuni sína með því að kyrrsetja eignir stefnda, þar eð stefndi hefði veðsett föður sínum, að því er ætla mætti, eignir sínar að stórum hluta. Og með útgáfu réttarstefnu, sem birt var 16. mars 1994, var mál þetta höfðað, eins og áður segir.

– – –

18. kafli.

Stefnandi kveður þennan kröfulið innihalda ýmsar greiðslur til Lögmanna, Borgartúni 33, Reykjavík. Þar á meðal sé greiðsla reikninga vegna innheimtu viðskiptabréfa sem Jóhann Pétur fékk í bílaviðskiptum. Þá séu tilbúin fylgiskjöl vegna lögfræðikostnaðar einnig undir þessum lið.

Nr.	Lýsing/skýringar	Dags./ár	Kröfu-fjárhæð
18.1	Reikningur, útg. af Lögmönnum, Borgartúni 33, mál nr. 20157, – auk VSK	20.2. 1992	6.536
18.2	Reikningur, útg. af Lögmönnum, Borgartúni 33, mál nr. 20157, – auk VSK	20. 2. 1992	84.392
18.3	Skil á innheimtum frá Lögmönnum, Borgartúni 33	20. 2. 1992	
18.4	Bókunarbeiðni	28. 2. 1992	
18.5	Dagbókarfærslur	29. 2. 1992	
18.6	Staða innheimtumála hjá Birni og Sigurði sf.	20. 12. 1991	
18.7	Reikningur, útg. af Birni og Sigurði sf.	18. 12. 1991	286.850
18.8	Reikningur, útg. af Birni og Sigurði sf.	18. 12. 1991	25.163
18.9	Bréf Jóhanns Margeirssonar f. h. Íselco sf., til Sigurðar I. Halldórssonar hdl.	12. 9. 1991	
18.10	Hluti bréfs Sigurðar I. Halldórssonar		

	hdl., notaður sem greiðslufylgiskjal í bókhaldi Íselco sf.	31. 11. 1989	93.751
18.11	Dagbókarfærslur Íselco sf.	30. 11. 1989	
18.12	Skil á innheimtum vegna m. a. Fiskfax hf.	4. 3. 1993	52.161
18.13	Skilagrein frá Lögmönnum, Borgartúni 33, 105 Rvík	1. 11. 1990	98.856
18.14	Bókunarbeiðni	30. 11. 1990	
18.15	Dagbókarfærslur	30. 11. 1990	
		Samtals	647.799

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að óljóst sé, á hvaða málsástæðum og lagastoðum stefnandi reisi skaðabótakröfu á stefnda í þessu einkamáli, stefnandi hafi ekki nema að litlu leyti skýrt tengsl milli atvika, málsástæðna og lagatilvísana.

Við aðalmeðferð málsins dró lögmaður stefnda til baka ummæli sín í greinargerð stefnda, þar sem segir: „en græðgi, meinfýsi og ófyrirleitni er leiðarljós rannsakenda ...“

Af hálfu meðalgöngustefnanda er því haldið fram, að vísa eigi málinu frá dómi vegna vanreifunar. Talið er, að atvikalýsingu í stefnu og framhaldsstefnu sé ábótavant þannig, að ekki sé alltaf ljóst, hvaða atvik, sem eiga að hafa verið refsiverð, tengist fram lögðum skjölum, svo að samhengið sé ljóst. Þá sé ekki ljóst, á hvaða málsástæðum bótakrafa stefnanda sé reist. Ekki verði séð, að stefnandi vísi til einnar einustu réttarreglu skaðabótakröfum sínum til stuðnings, og lítið hafi hann gert til að varpa ljósi á ætlað endanlegt tjón sitt. Þá var það ámálgað af hálfu meðalgöngustefnanda, að stefnandi gæti ekki byggt kröfu um dráttarvexti á skuld fyrir gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987 á grundvelli þeirrar lagasetningar.

Ef dómurinn fallist ekki á að vísa málinu frá í heild sinni og efnisdómur verði lagður á að öllu leyti eða hluta, telur meðalgöngustefnandi sig eiga kröfu til, að viðurkenndur verði réttur hans til þriðjungs dæmdra bóta úr hendi stefnda, þar eð hann eigi að óskiptu með tveimur fyrri félögum sínum, Íselco sf., stefnanda í máli þessu. Í annan stað hafi verið gerð krafa til hans um að greiða þessum félögum sínum 2/3 hluta af því fé, sem þeir telji stefnda skulda stefnanda. Úrslit málsins skipti hann því verulegu máli og veiti honum rétt til þátttöku varnar megin í málinu.

Af hálfu meðalgöngustefnanda var staðhæft við aðalmeðferð, að ekkert hefði komið fram í gögnum málsins eða í framburði aðila og vitna, sem benti til þess, að fjármunir, sem reikningar stefnanda segðu eign hans, væru ekki til hjá stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins mótmælti málsvari meðalgöngustefnanda því, að stefnandi gæti reist kröfu sína á fleiri málsástæðum en ætluðum fjárdrætti stefnda, þar eð ekki væri á öðru byggt í stefnu.

Við aðalmeðferð málsins tjáði meðalgöngustefnandi réttinum m. a., að stefndi hefði oft unnið yfirvinnu umfram það, sem um hafði verið samið við hann, og það hafi hann gert vegna brýnna þarfa fyrirtækisins, að gengið yrði frá færslum að kvöldi dags eftir lokun og eftir venjulegan vinnutíma starfsmanna stefnanda. Hafi þessi þörf m. a. risið vegna örðugleika í tölvuvinnslu á byrjunarskeiði tölvunotkunar hjá félaginu. Meðalgöngustefnandi staðhæfði, að stefndi hefði unnið alla þá yfirvinnu, er hann tók laun fyrir. Þá viðurkenndi meðalgöngustefnandi að hafa haft vitneskju um notkun stefnda á tékkareikningi sínum hjá SPRON í þágu stefnanda.

V.

Niðurstaða.

Ekki er ljóst, hvert tjón stefnanda er af ætluðum misgjörðum stefnda. Framburður aðila og vitna fyrir réttinum hefur ekki orðið til að skýra það frekar en af skjölum málsins má ráða. Þó að staðhæfingar stefnanda um bótaskyldar athafnir stefnda væru sannar, telja sérfróðir meðdómsmenn, að ekki verði komist að niðurstöðu um bótafjárhæð á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Augljóst er af málavöxtum, að slíkra gagna verður ekki aflað nema með tímafrekri könnun á bókhaldsgögnum. Eru því ekki efni til þess að halda málinu áfram á grundvelli ákvæða 104. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framangreindu verður máli þessu vísað frá dómi.

Eftir atvikum er rétt, að málsaðilar beri hver sinn málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Sigurði P. Sigurðssyni og Stefáni Svavarssyni, lögg. endurskoðendum, kváðu upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 209/1995. **Þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Jónu Kristbjörnsdóttur
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. maí 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í dómi Hæstaréttar 16. september 1994 í málinu nr. 367/1994 kemur fram, að gagnger endurskoðun bókhalds sóknaraðila þyrfti til að koma, til að unnt væri að dæma um kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila. Í hinum kærða úrskurði er rakið, hvaða gagna hefur verið aflað til þess að bæta úr fyrri annmörkum á málatilbúnaði sóknaraðila. Verður ekki fullyrt, að málið sé nú í því horfi, að ástæða sé til að vísa því frá vegna vanreifunar, og ber héraðsdómara að taka það til efnismeðferðar.

Héraðsdómara var rétt að kveðja sérfróða meðdómendur til setu í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991, við úrlausn málsins, áður en ráðið var um frávísun þess frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Jóna Kristbjörnsdóttir, greiði sóknaraðila, þrotabúi Köfunarstöðvarinnar hf., 75.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. maí 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. þessa mánaðar um frávísunarkröfu stefndu.

Stefnandi er þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., kt. 560872-0119, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefnda er Jóna Kristbjörnsdóttir, kt. 030154-3049, Ásbúð 94, Garðabæ.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og tekið verði tillit til þessa þáttar við ákvörðun málskostnaðar, er efnisdómur verður lagður á málið.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt stefnu eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 10.970.499 kr., en til vara 5.737.882 kr. Í báðum tilvikum er krafist vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. 1. 1994 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Að frátalinni aðalkröfu stefndu um frávísun málsins krefst hún þess til vara, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til þrautavara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

– – –

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, höfðaði stefnandi mál á hendur stefndu vegna sama sakarefnis árið 1994. Því máli var vísað frá dómi í héraði 29. júní 1994 og með dómi Hæstaréttar 16. september 1994 í máli nr. 367/1994. Í dómi Hæstaréttar segir m. a.: „Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Svo sem þar er rakið, fundust bókhaldsgögn hins gjaldþrota félags utan dyra, eftir að á þau hafði rignt og snjóað. Af því hlutust þau vandkvæði, að erfiðleikum var bundið að sjá af þeim heillega mynd af rekstri félagsins. Á það verður að fallast með héraðsdómara, að við svo búið var rauðsyn á

gagngerri endurskoðun bókhaldsins og þá sérstaklega með hliðsjón af yfirlýsingum varnaraðila um tilhögun þess. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans."

Í máli þessu hefur stefnandi lagt fram svohljóðandi yfirlýsingu Tölvumiðstöðvarinnar hf., undirritaða af Jóni Grímssyni viðskiptafræðingi, dagsetta 18. október 1994:

„Hér með lýsi ég því yfir, að vinna við bókhald og ársreikning Köfunarstöðvarinnar hf. fyrir árið 1990 hafi verið að mestu lokið.

Bókhald var afstemmt og allar lokafærslur, sem ég taldi nauðsynlegar, voru færðar. Búið var að stilla upp ársreikningi í endanlegt form.

Eftir var lokafundur með Jónu Kristbjörnsdóttur og Einari Kristbjörnssyni og útfylling eyðublaða v/ skattframtals félagsins."

Þá var lögð fram staðfesting viðskiptafræðinganna Jóns Grímssonar og Ólafs Tryggvasonar, dagsett 7. nóvember 1994, á því m. a., að samkvæmt ársreikningum og milliuppgjöri Köfunarstöðvarinnar hf. hefðu aðrar skammtímakröfur á hendur stefndu verið þessar samkvæmt efnahagsreikningum: 31. desember 1989 2.487.935 kr., 31. ágúst 1990 4.329.008 kr. og 31. desember 1990 5.737.882 kr.

Stefnandi fékk Friðbjörn Björnsson, löggiltan endurskoðanda, til að kanna ársreikninga, milliuppgjör og bókhaldsgögn þrotabúsins til að finna skuldastöðu stefndu við búið. Endurskoðandinn vísar í staðfestingu Jóns Grímssonar og Ólafs Tryggvasonar um árin 1989 og 1990 og gerir að umtalsefni örfáar færslur í bókhaldi. Þá víkur hann að árinu 1991 og segir m. a.:

„Hreyfingalisti fjárhagsbókhalds félagsins fyrir árið 1991 er ekki fyrirliggjandi. Til þess að kanna breytingu á skuldastöðu Jónu Kristbjörnsdóttur á árinu 1991 voru fylgiskjöl ársins 1991 yfirfarin." Endurskoðandi telur síðan upp greiðslu- og innborgunarkvittanir vegna greiðslna til stefndu, samtals að fjárhæð 5.232.617 kr.

Í yfirliti endurskoðandans segir síðan:

„Framantaldar greiðslur til Jónu Kristbjörnsdóttur, 5.232.617 kr., virðast ekki tengjast launagreiðslum til hennar vegna vinnulauna ársins 1991. Samkvæmt launaseðlum árið 1991 námu laun Jónu 3.429.250 kr. Að undanteknum 86.255 kr., útb. 10/2 '91, og 36.255 kr., útb. 1/3 '91, koma allar launaútborganir Jónu vegna launa ársins 1991 fram á reikningi hennar, nr. 100232 í Íslandsbanka.

Við skoðun fyrirliggjandi fylgiskjala vegna ársins 1991 (9 fylgiskjalamöppur) og vegna ársins 1992 (2 fylgiskjalamöppur) hafa ekki komið fram nein skjöl um endurgreiðslu inn á bankareikninga félagsins frá Jónu Kristbjörnsdóttur."

Endurskoðandinn segir, að greiðslur til stefndu árið 1991 virðist ekki tengjast launagreiðslum til hennar. Engu að síður bera nokkrar greiðslu- og innborgunarkvittanir með sér, að um sé að ræða greiðslur upp í laun, og koma þær greiðslur jafnframt fram sem frádráttarliðir á launaseðlum stefndu, sem fram hafa verið lagðir í málinu. Er því augljóst, að verið er að krefja stefndu um endurgreiðslu í þessum tilvikum á greiðslum, sem búið var að draga af henni við launauppgjör.

Þá virðist athugun endurskoðandans aðallega beinast að því að kanna, hvort umræddar greiðslur til stefndu 1991 tengist launum hennar og hvort stefnda hafi endurgreitt þetta fé inn á bankareikninga félagsins. Af yfirliti endurskoðandans verður ekki ráðið, að hann hafi kannað, hvort stefnda hafi greitt rekstrarútgjöld félagsins af reikningi sínum í Sparisjóði Hafnarfjarðar, eins og hún hefur haldið fram.

Eins og að framan getur, er bókhald ársins 1991 ófært, eins og það er í höndum skiptastjóra. Hreyfingalisti fjárhagsbókhalds vegna þess árs er því ekki tiltækur, hvað þá heldur ársreikningur. Stefnda starfaði um árabil hjá Köfunarstöðinni hf. og hafði þar sérstakan viðskiptareikning. Kröfur á hendur stefndu vegna áranna 1989 og 1990 byggjast á stöðu á viðskiptareikningi hennar í árslok 1990. Eins og áður getur, var frávísun hins fyrra máls m. a. reist á því, að nauðsyn væri á gagngerri endurskoðun bókhaldsins og þá sérstaklega með hliðsjón af yfirlýsingum stefndu um tilhögun þess. Að mati dómsins hefur stefnandi ekki látið vinna slíka endurskoðun á bókhaldinu. Telja verður færslu bókhalds fyrir árið 1991 forsendu þess, að slík endurskoðun geti farið fram. Málið telst því vanreifað af hálfu stefnanda, og væri það í andstöðu við almennar réttarfarsreglur að láta réttinum það eftir að hlutast til um þá gagnaúrvinnslu, sem nauðsynleg er til að varpa á málið skýrara ljósi. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi.

Eftir þeim úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 kr.

Til stóð að kveða úrskurðinn upp 16. þ. m., en vegna embættisanna var uppkvaðningu frestað til dagsins í dag.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., greiði stefndu, Jónu Kristbjörnsdóttur, 50.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 245/1994. **Edda Guðmundsdóttir**
(Björn Jónsson hdl.)
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Lánssamningur. Veðskuldabréf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1994. Hann orðar kröfur sínar á eftirgreindan hátt:

„A. Aðallega er krafist ógildingar á lánssamningi frá 1987 milli áfrýjanda og stefnda (upphaflega Útvegsbanka Íslands, nnr. 9032-7658) og skuldbindinga áfrýjanda þ. a. l. skv. veðskuldabréfi, að fjárhæð kr. 9.000.000,00, bundnu lánskjaravísitölu og tryggðu með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík, út gefnu til Útvegsbanka Íslands 13. mars 1987 af áfrýjanda og innfærðu í veðmálabækur Reykjavíkur 23. mars 1987 sem skjal nr. 006111.

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa veðskuldabréfinu."

„Til vara er krafist, að stefnda verði gert að þola riftun á lánssamningi frá 1987 milli áfrýjanda og stefnda, eins og honum er lýst í aðalkröfu."

„Verði ekki á aðalkröfu fallist, er gerð 2. varakrafa þess efnis, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 7.593.832,67 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög 67/1989, frá 22. september 1987 til greiðsludags, en verði ekki á þessa vaxtakröfu fallist, er þess í stað krafist meðaltals almennra innlánsvaxta á ári (sparibókarvaxta), 14,9% p. a. frá 22. 9. 1987 til 1. 10. 1987, 16% frá þeim degi til 1. 11. 1987, 18,3% f. þ. d. til 1. 12. 1987, f. þ. d. 20,8% til 1. 1. 1988, f. þ. d. 21,9% til 1. 2. 1988,

22% f. þ. d. til 1. 3. 1988, 20,7% f. þ. d. til 1. 4. 1988, 18,7% f. þ. d. til 1. 5. 1988, 18,5% f. þ. d. til 1. 7. 1988, f. þ. d. 24,1% til 28. 7. 1988, en frá þeim degi til greiðsludags dráttarvaxta skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög nr. 67/1989, af samanlögðum höfuðstól og almennum innlánsvöxtum, þannig reiknuðum."

„3. varakrafa er þess efnis, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 6.800.000,00 ásamt eftirgreindum dráttarvöxtum á ári: 30% frá 23. 3. 1987 til 1. 6. 1987, 33,6% frá þeim degi til 1. 7. 1987, 36% f. þ. d. til 1. 8. 1987, 40,8% f. þ. d. til 1. 9. 1987, 42% f. þ. d. til 1. 10. 1987, 43,2% f. þ. d. til 1. 11. 1987, 45,6% f. þ. d. til 1. 12. 1987, 49,2% f. þ. d. til 1. 1. 1988, 51,6% f. þ. d. til 1. 3. 1988, 45,6% f. þ. d. til 1. 5. 1988, 44,4% f. þ. d. til 1. 7. 1988, 52,8% f. þ. d. til 1. 8. 1988, 56,4% f. þ. d. til 1. 9. 1988, 49,2% f. þ. d. til 1. 10. 1988, 33,6% f. þ. d. til 1. 11. 1988, 27,6% f. þ. d. til 1. 12. 1988, 24% f. þ. d. til 1. 1. 1989, 21,6% f. þ. d. til 1. 3. 1989, 24% f. þ. d. til 1. 4. 1989, 33,6% f. þ. d. til 1. 5. 1989, 38,4% f. þ. d. til 1. 6. 1989, 42% f. þ. d. til 1. 7. 1989, 45,6% f. þ. d. til 1. 9. 1989, 40,8% f. þ. d. til 1. 10. 1989, 38,4% f. þ. d. til 1. 12. 1989, 40,8% f. þ. d. til 1. 2. 1990, 37,2% f. þ. d. til 1. 3. 1990, 30% f. þ. d. til 1. 4. 1990, 26% f. þ. d. til 1. 5. 1990, 23% f. þ. d. til 1. 10. 1990, 21% f. þ. d. til birtingardags héraðsstefnu, en dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags."

„Verði ekki á framangreindar kröfur fallist, er gerð 4. varakrafa þess efnis, að lánssamningi málsaðila, þ. m. t. skuldbindingar áfrýjanda skv. greindu veðskuldabréfi, sbr. aðalkröfu, verði vikið til hliðar og breytt á þann hátt, að áfrýjanda verði einungis gert að greiða kr. 1.927.658 án vaxta og vísitölu eða með öðrum þeim kjörum, sem rétturinn telur sanngjörn í ljósi atvika."

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Máli þessu var áður áfrýjað með stefnu 12. júní 1992 og þingfest 2. október það ár sem mál nr. 249/1992. Það var síðan niður fellt vegna útivistar áfrýjanda 25. maí 1994. Áfrýjandi telur endanlegar dómkröfur sínar vera efnislega óbreyttar frá héraðsdómi. Hann hefur þó fallið frá kröfu um, að aflýst verði af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9.

ágúst 1985 sem skjal nr. 030980, en þetta segir hann hafa verið gert. Þá hefur hann skipt upp aðalkröfu frá því, er var í héraði, á þann veg, að hann gerir nú þá kröfu einungis um ógildingu, en gerir riftunarkröfuna að 1. varakröfu. Enn fremur hefur hann nokkuð breytt 4. varakröfu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sýknu stefnda og um málskostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um sýknu stefnda og málskostnað.

Áfrýjandi, Edda Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar samning um veðlán samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 9 milljónir króna, með verðtryggingu og vöxtum og lánstíma til sjö ára, sem Útvegsbanki Íslands samþykkti að veita áfrýjanda í marsmánuði 1987. Fór samningsgerðin fram fyrir meðalgöngu Péturs I. Jónssonar, sambýlismanns áfrýjanda, og átti aðdraganda í eldri skuld við bankann, sem hann hafði í öndverðu stofnað til í félagi við bróður sinn, Baldur Jónsson, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Náði hún einnig til sams konar láns, að fjárhæð 2 milljónir króna, sem veita átti eiginkonu Baldurs með veði í fasteign hennar, og fékk bankinn frá henni skuldabréf, sem á vantaði áritun um samþykki þinglýsts eiganda veðsins.

Áskilið var af hálfu bankans, að allt að 6.900.000 krónur af andvirði þessara lána yrðu notaðar til lúkningar hinni eldri skuld, sem þá var miðuð við skuldabréf það vegna láns í hollenskri mynt, sem Baldur hafði einn afhent bankanum með fölsuðum undirskriftum annarra. Séð verður af málsgögnum og framburði aðila, að lán eiginkonu Baldurs átti að nýtast í þessu skyni að öllu leyti og útborgun andvirðis til áfrýjanda að vera hærri sem því næmi, þótt sá

greinarmunur sé ekki gerður í minnisblöðum bankans um lánveitinguna. Þetta skilyrði bankans var í samræmi við forsendur hinna aðilanna að öðru en því, að skuldin, sem bankinn taldi til, var greinilega mun hærri en þau höfðu ráðgert við umleitan sína eftir lánunum. Benda skýrslur í málinum til þess, að þau hafi vænst þess, að greiðsla, sem næmi 2.000.000 króna vegna hvors bræðranna, væri ásættanleg til uppgjörs á skuldinni.

Um framkvæmd samningsins fór á þann veg, að lán áfrýjanda var tekið til útborgunar 23. mars 1987, vafalaust fyrir brýna beiðni hennar. Voru 6.800.000 krónur af andvirðinu lagðar á ábótarreikning í bankanum, sem skráður var á nafn bankans sjálfs vegna áfrýjanda, en afgangurinn á sparisjóðsbók, sem áfrýjandi fékk til ráðstöfunar, og nam hann 1.927.658 krónum. Var fyrri ráðstöfunin gerð með tilliti til þess, að lán eiginkonu Baldurs var ekki tilbúið til afgreiðslu. Til þeirrar afgreiðslu kom ekki, þar sem ekki var bætt úr fyrrgreindum meinbug á skuldabréfi hennar. Tók bankinn um síðir innstæðuna á ábótarreikningi í eigin hendur og ráðstafaði henni til uppgreiðslu á hinu hollenska láni, svo sem áfrýjanda var tilkynnt með bréfi 30. september 1987.

Þegar samið var við bankann um lán áfrýjanda, lá það fyrir, að hún og sambýlismaður hennar voru stödd í miklum fjárhagslegum þrengingum. Á henni hvíldi nokkur greiðslubyrði vegna fasteignar hennar, og hún stundaði ekki atvinnu utan heimilis, er veitti henni öruggar tekjur. Atvinnurekstur Péturs og Baldurs, bróður hans, hafði siglt í strand fyrir nokkru, og var bú Péturs undir gjaldþrotaskiptum síðan 20. maí 1986. Auk þess átti hann í vændum fangelsisvist samkvæmt áfellisdómi í sakadómi Reykjavíkur 20. febrúar 1987 fyrir misferli með tékka frá verkkaupa þeirra bræðra. Baldur hafði einnig orðið gjaldþrota 15. desember 1986, og yfir honum vofði sakamál vegna áðurnefnds skuldabréfs hans. Óvíst er, hvort bankanum var kunnugt um dóm Péturs, en að öðru leyti voru honum þessar aðstæður ljósar í meginatriðum. Jafnframt var ljóst, að með skuldabréfinu væri áfrýjandi að setja bankanum aleigu sína að veði, þar sem þess var að vænta, að óveðsett verðmæti fasteignarinnar gerði vart betur en hrökkva fyrir höfuðstól þess. Bankinn átti þó engan rétt á hendur áfrýjanda sjálfri, þegar bréfið kom til sögunnar.

Þrátt fyrir þessar aðstæður verður bankinn ekki sakaður um mis-

neytingu við samningsgerðina um hin nýju lán, þar sem frumkvæðið að henni var að öllu leyti frá áfrýjanda og aðstandendum hennar komið, og um svik af hálfu bankans var ekki að ræða. Hins vegar hlaut bankanum að vera ljóst, að hagur áfrýjanda af samningnum yrði í engu samræmi við það, sem hún væri að kosta til, nema svo verulegur hluti af láni hennar kæmi til beinnar útborgunar, að nokkur von væri um, að hún gæti nýtt sér hann til að bæta fjárhag sinn og koma fótum undir tekjustofn, sem orðið gæti grundvöllur að niðurgreiðslu á láninu. Mátti sú aðstaða og heita forsenda þess, að endurgreiðsla á láninu með öðru en fasteigninni sjálfri kæmi yfirleitt til álita. Hlaut útborgunin 23. mars 1987 að teljast alls ófullnægjandi í umræddu tilliti.

Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að bankanum hafi verið óheimilt að taka umrædda innstæðu til greiðslu á hinni eldri skuld, þar sem forsendur hafi brostið fyrir þeirri ráðstöfun, þegar séð varð, að hitt lánið kæmi ekki til afgreiðslu. Í stað þess að grípa til þeirrar ráðstöfunar bar bankanum skylda til að taka málið upp að nýju við áfrýjanda og aðstandendur hennar, svo að leita mætti lausnar í samræmi við þá stöðu, sem upp var komin. Gat þar meðal annars komið til greina, að lánveitingin gengi til baka, eins og áfrýjandi óskaði eftir síðar. Eins og á stóð fyrir áfrýjanda, skiptir ekki meginmáli, að formleg mótmæli urðu síðbúin af hennar hálfu.

Jafnframt þessu verður að líta svo á, að skilyrði bankans um endurgreiðslu eldri skuldarinnar með fullri upphæð eftirstöðva og dráttarvaxta hollenska lánsins hafi í raun verið ósanngjarnt frá öndverðu, þegar lánsfjárhæðin, sem til þess þurfti, er borin saman við greiðslugetu áfrýjanda og verðmæti fasteignar hennar. Er þá einnig á að líta, að stefndi hefur ekki sýnt fram á það skýrum stöfum, að eftirstöðvar hins eldra láns í bandaríkjadölum, sem Pétur Jónsson hafði verið skuldbundinn af, væri svipaðrar fjárhæðar og hollenska lánið, en Pétur telur þær hafa verið til muna lægri.

Umræddar ástæður nægja ekki til, að fallist verði á aðalkröfu áfrýjanda um ógildingu á lánssamningum að öllu leyti. Rétt er hins vegar þeirra vegna, að honum verði vikið til hliðar að hluta og skuldbindingum hennar breytt, svo sem heimild er til samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Er þá viðeigandi, að áfrýjandi verði áfram

skuldbundinn um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hún fékk útborgaða. Jafnframt eigi það við að skylda áfrýjanda til að greiða stefnda svipaða fjárhæð og þá, sem hún hafði boðið að nýta til uppgjörs vegna sambýlismannsins. Ber að ákvarða skuldbindingar þessar fram í tímann með hliðsjón af þeim kjörum, sem um var samið í upphafi, og þeirri byrði, sem raunhæft er að ætla áfrýjanda. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, eru þó ekki efni til að gera þeim nánari skil. Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., höfðaði Björn Ólafur Hallgrímsson hrl. f. h. Eddu Guðmundsdóttur, kt. 130738-2069, Þverárseli 8, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. okt. 1990, gegn Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Aðalkrafa.

A. Aðallega er krafist ógildingar eða riftunar lánssamnings frá 1987 milli stefnanda og stefnda (upphaflega Útvegsbanka Íslands) og skuldbindinga stefnanda þ. a. l. skv. veðskuldabréfi, að fjárhæð 9.000.000 kr., bundnu lánskjaravísitölu og tryggðu með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík, út gefnu til Útvegsbanka Íslands 13. mars 1987 af stefnanda og innfærðu í veðmálabækur Reykjavíkur 23. mars 1987 sem skjal nr. 006111.

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa veðskuldabréfinu.

B. Þá er þess jafnframt krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa af Þverársel 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980, sögðu út gefið 30. 7. 1985 af Baldri Jónssyni og Pétri Jónssyni og með veðheimild frá stefnanda.

2. Varakrafa við A-lið aðalkröfu.

Verði ekki á ýtrustu kröfu skv. A-lið aðalkröfu fallist, er til vara gerð sú krafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.593.832,67 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

3. Þrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Til þrautavara við A-lið aðalkröfu er þess krafist, að stefndi verði dæmd-

ur til að greiða stefnanda 6.800.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

4. Þrautaþrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Verði ekki á framangreindar kröfur fallist, er sú krafa gerð til þrautaþrautavara við A-lið aðalkröfu, að lánssamningur málsaðila, þ. m. t. skuldbindingar stefnanda skv. greindu veðskuldabréfi, sbr. A-lið aðalkröfu, verði ógiltur að hluta til og/eða breytt skv. mati réttarins.

5. Málskostnaðarkrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af stefnukröfum og málskostnaðar [...].

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, Pétur Ingiberg Jónsson, sambýlismaður stefnanda, Baldur Jónsson, bróðir Péturs, Guðrún Magnea Halldórsdóttir, eiginkona Baldurs Jónssonar, Brynjólfur Harald Gunnarsson, sonur stefnanda, og Axel Kristjánsson hrl.

Málavextir.

Stefnandi, sem er og hefur verið í sambúð með Pétri Ingiberg Jónssyni múrarameistara síðan 1973, er þinglýstur eigandi fasteignarinnar Þverársels 8 í Reykjavík. Bróðir Péturs er Baldur Jónsson múrarameistari, eiginmaður Guðrúnar Halldórsdóttur, sem var þinglýstur eigandi 2. hæðar A í fasteigninni Álfhólsvegi 149 í Kópavogi og mun síðar hafa orðið eigandi fasteignarinnar Seiðakvíslar 12 í Reykjavík.

Hinn 12. okt. 1981 tóku þeir bræður, Pétur og Baldur, lán hjá Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð $ 150.000, vegna flugvélakaupa, dskj. 3. Lán þetta ábyrgðust þeir bræður in solidum. Til tryggingar láninu var veðsett fasteignin nr. 15 við Baðsvelli í Grindavík og fasteign Guðrúnar, 2. hæð Álfhólsvegar 149. Þær stefnandi og Guðrún Halldórsdóttir árituðu skuldabréf vegna lánsins með samþykki sínu, Guðrún sem þinglýstur eigandi Álfhólsvegar 149 og stefnandi sem eiginkona veðsala að Baðsvöllum 15. Lánið átti að greiða með tveimur afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. apríl 1982. Bréfið fór í vanskil. Því var aflýst 1. ágúst 1985. Samkvæmt síðustu áritun á bréfið fyrir aflýsingu virðast eftirstöðvar bréfsins hafa numið US$ 19.647,64 og dráttarvextir 2.729.358 krónum, sbr. greiðslukvittun á dskj. 4, dags. 27. nóv. 1984.

Á dskj. 5 er veðskuldabréf, að fjárhæð NLG 315.000, út gefið 30. júlí 1985 af Baldri Jónssyni og Pétri Jónssyni. Til tryggingar skuldinni, sem greiða átti með sex afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 24. janúar 1986, var skuldareiganda, Útvegsbanka Íslands, veðsett fasteignin nr. 8 við Þver-

ársel í Reykjavík og bréfið áritað um samþykki þinglýsts eiganda, Eddu Guðmundsdóttur. Lán þetta gekk til greiðslu dollaralánsins frá 1981.

Um mánaðamót nóvember og desember 1985 óskaði Pétur Jónsson eftir því, að NLG-lánið yrði flutt af Þverárseli 8 á Seiðakvísl 12. Hinn 5. desember 1985 kærði Pétur Jónsson Baldur, bróður sinn, til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir skjalafals í sambandi við útgáfu bréfs þessa, og 30. desember 1987 var Baldur Jónsson dæmdur í sakadómi Kópavogs í fjögurra mánaða fangelsi vegna fölsunar undirskrifta á skuldabréfi þessu.

Hinn 20. maí 1986 var bú Péturs Jónssonar tekið til gjaldþrotaskipta, og 15. des. sama ár var bú Baldurs Jónssonar tekið til gjaldþrotaskipta.

Um áramót 1986/1987 óskaði Pétur Jónsson eftir láni, að fjárhæð 10 milljónir kr. Á dskj. 39 og 17 eru minnisblöð merkt Útvegsbanka Íslands, áritуð AK af Axel Kristjánssyni hrl., þáverandi lögfræðingi bankans. Dskj. 17 er einnig áritað ÓH og LJ, sem munu vera áritanir þáverandi bankastjóra Útvegsbankans, þeirra Ólafs Helgasonar og Lárusar Jónssonar. Bæði þessi minnisblöð varða lán E-867, þ. e. NLG-lánið. Þar kemur fram, að af láninu eru gjaldfallnar 3.817.555 kr. og eftirstöðvar 3.045.308 kr., samtals 6.862.863 kr. Á minnisblaðinu frá 17. mars 1987, dskj. 17, segir m. a., að farið sé fram á, að eiginkona Baldurs Jónssonar fái lán, að fjárhæð 2.000.000 kr., tryggt með 3. veðrétti í Seiðakvísl 12 á eftir 420 þúsund krónum, og eiginkona Péturs Jónssonar fái lán, að fjárhæð 9.000.000 kr., tryggt með 3. veðrétti í Þverárseli 8. Af andvirði lánanna, samtals að fjárhæð 11.000.000 kr., verði varið til lúkningar E-867 6.900.000 krónum, en eftirstöðvar, 4.100.000 kr., verði greiddar út. Minnisblaðið frá 17. febrúar er samhljóða að öðru leyti en því, að þar eru lánsfjárhæðir eitthvað öðruvísi, þ. e. heildarlánsfjárhæð er þar 12.000.000 kr. og skiptist þannig, að eiginkona Baldurs Jónssonar fái 3.500.000 kr. og eiginkona Péturs Jónssonar 8.500.000 kr. Þar átti einnig að verja 6.900.000 kr. til lúkningar E-867.

Hinn 13. mars 1987 gaf stefnandi út veðskuldabréf, að fjárhæð 9.000.000 kr., til sex ára, tryggt með veði í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík. 6.800.000 kr. af láni þessu voru lagðar inn á reikning nr. 506093 við Útvegsbankann, en afganginn að frádregnum lántökukostnaði, 1.927.658 krónum, fékk stefnandi í hendur. Heimildarskírteini vegna reikningsins nr. 506093 var í vörslu bankans. Hinn 22. september 1987 var reikningurinn ónýttur og innstæðu hans, 7.593.832,67 krónum, ráðstafað til lúkningar skuld samkvæmt framangreindu skuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000. Var stefnanda tilkynnt um þessa ráðstöfun með bréfi bankans, dags. 30. sept. 1987.

Þessi síðasti lánssamningur og ráðstöfun á hluta lánsins er tilefni málshöfðunar og kröfugerðar stefnanda í máli þessu.

Á dskj. 41 er veðskuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 kr., undirritað af Guðrúnu Halldórsdóttur og Baldri Jónssyni 16. mars 1987. Með bréfi þessu skyldi veðsetja Útvegsbanka Íslands með 2. veðrétti fasteignina nr. 12 við Seiðakvísl í Reykjavík. Á bréf þetta vantar samþykki þinglýsts eiganda, og lán í samræmi við ákvæði bréfs þessa mun ekki hafa verið veitt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína um ógildingu að öllu leyti á því, að bankinn hafi misnotað aðstöðu sína og jafnvel beitt blekkingum eða svikum í því skyni að fá í hendur veðtryggt skuldabréf, að fjárhæð 9.000.000 kr., gegn greiðslu á aðeins 1.927.658 krónum. Beri því að ógilda gerninginn. Í samskiptum aðila hafi bankinn verið sterkari samningsaðilinn og haft yfirburðaaðstöðu sökum þekkingar sinnar og reynslu starfsmanna, sérfræðinga sem og annarra. Þá hafi bankinn búið yfir sérstöku þvingunarúrræði, þar sem var hið falsaða NLG-lán, sem hvíli á eign stefnanda í óþökk hennar og hafi ekki fengist aflýst. Bankinn hafi nýtt sér þessar aðstæður til þess að afla sér óeðlilegs ávinnings á kostnað stefnanda, sem hafi engan hag haft af ráðstöfun þessari.

Samkvæmt öllum málsatvikum virðist bankanum hafa verið ljóst eða a. m. k. mátt vera ljóst, að forsenda stefnanda fyrir lántökunni hafi verið að fá í hendur allt andvirði lánsins eða a. m. k. mestan hluta þess. Viðbrögð bankans bendi til þess, að það hafi verið ásetningur hans að greiða einungis út lítinn hluta lánsins, en hagnýta sér meginhluta þess sér til hagsbóta á kostnað stefnanda. Hafi bankinn sönnunarbyrðina fyrir því, að samið hafi verið um svo óvenjulega ráðstöfun andvirðis lánsins.

Það sé a. m. k. óheiðarlegt af bankans hálfu vegna atvika, sem buðust, er gerningurinn kom til vitundar stefnda, að bera fyrir sig skuldbindingu stefnanda, og beri því allt að einu að ógilda hann. Þá beri að víkja samningnum í heild eða hluta til hliðar, þar sem ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig.

Þá styðst stefnandi við reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur, enda hafi það að sjálfsögðu verið forsenda stefnanda og ákvörðunarástæða við gerð lánssamningsins og útgáfu skuldabréfsins að fá útborgað andvirði þess. Það hafi stefnda verið fullljóst. Þessi forsendubrestur og vanefnd bankans á lánssamningnum leiði til riftunar samningsins.

Verði aðalkrafa tekin að fullu til greina, lýsir stefnandi sig skuldbundinn til að endurgreiða stefnda þær 1.927.658 kr., sem stefnandi fékk útborgaðar af láninu 23. mars 1987, auk þeirra vaxta, sem ákveðnir yrðu af réttinum.

Í B-lið aðalkröfu er við það miðað, þar sem endanlegur dómur liggi fyrir um, að veðbréfið NLG 315.000 sé falsað, að stefnda beri að aflýsa því.

Varakrafan er studd þeirri málsástæðu, að bankinn hafi heimildarlaust og með óréttmætum hætti tekið og tileinkað sér fé, er stefnandi hafi átt sérgreint í vörslu bankans á „innlánsreikningi með ábót nr. 5906093(" (sic). Beri bankanum því að endurgreiða féð með dráttarvöxtum, frá því að það var tekið. Verði ekki á dráttarvaxtakröfuna fallist, þar sem hér sé um að ræða skaðabótakröfu, er þess í stað krafist innlánsvaxta í samræmi við vaxtalög frá tökudegi og þar til mánuður var liðinn frá kröfugerð í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 28. júní 1988, en dráttarvaxta af samanlagðri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þrautavarakrafan er á því reist, að stefnda beri að efna sína hlið lánssamningsins og greiða út það, sem ógreitt er af láninu, auk dráttarvaxta, verði hvorki á aðal- né varakröfu fallist. Ekki verði um það deilt, að lánveitanda beri að greiða út það lán, sem hann veitir, ella falli niður skylda til endurgreiðslu.

Í vara- og þrautavarakröfum er og vísað beint og óbeint til reglna kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Bankinn hafi fengið í hendur, e. t. v. vegna misskilnings aðila, peninga eða önnur verðmæti, sem hann átti ekki rétt til, og beri því að endurgreiða féð eða verðmætið, sem ofgreitt var, verði ekki á riftun eða ógildingu fallist.

Þrautaþrautavarakrafan er reist að mestu á sömu málsástæðum og aðal- og varakrafa. Þó er hér gert ráð fyrir þeim möguleika, sem greinir í 36. gr. samningalaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986, að samningi megi víkja til hliðar að hluta eða breyta. Eðlileg niðurstaða hér væri, að fjárhæð skuldabréfsins yrði færð niður í þá fjárhæð, sem stefnandi fékk í raun, þ. e. 1.927.658 kr., auk lántökukostnaðar m. v. þá fjárhæð. Einnig megi benda á þá niðurstöðu, að fjárhæð skuldabréfsins yrði færð niður í 3.927.658 kr. auk lántökukostnaðar miðað við þá fjárhæð, en hér sé átt við samanlagðar þær fjárhæðir, sem stefnandi fékk notið, svo og þær 2 milljónir, er stefnandi hugðist láta sambýlismanni sínum í té til uppgjörs skuldar hans.

Af gögnum málsins verði ráðið, að fjármunir stefnanda hafi verið notaðir til að greiða skuld skv. hinu falsaða skuldabréfi. Viðhlítandi grein hafi ekki verið gerð fyrir ráðstöfun fjárins. Haldi stefndi fast við þá gjörð forvera sinna, er skorað á hann að leggja fram í greinargerð sinni ýtarlegan og greinargóðan útreikning á greiðslustöðu svonefnds dollaraláns frá 1981, er falsaða skuldbreytingalánið NLG kom til sögu, sömuleiðis að leggja fram gögn um útreikning NLG-skuldabréfsins, er bankinn hafi nýtt innstæðu á „ábótarreikningi" nr. 506093 til greiðslu þess.

Þá er skorað á stefnda að upplýsa og skýra, hvernig á því stendur, að

„dollarabréfið" er bæði kvittað og afhent til þinglýsingar 27/6 1984 og 31/7 1985, en samkvæmt fram lögðum greiðslukvittunum varðandi það bréf hefur Pétur Jónsson m. a. greitt inn á það lán 27/11 1984 USD 130.352,36 eða 2.026.197,10 kr. miðað við gengi USD 15.544.

Stefnandi áskilur sér allan rétt til að krefja stefnda síðar um greiðslu skaðabóta vegna alls þess tjóns, sem hlotist hefur og hljótast kann af gjörðum bankans.

Lagarök stefnanda.

Í aðal- og þrautaþrautavarakröfu er einkum vitnað til 30., 31., 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986. Einnig er miðað við reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur, um það, að loforð beri að efna, um réttaráhrif vanefnda og um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Í vara- og þrautavarakröfu er stuðst við meginreglur samninga- og kröfuréttar um, að samninga beri að halda og að skila beri fé, sem í heimildarleysi er tekið, eða svara til bóta ella. Einnig er vísað til almennra reglna skaðabótaréttar, sbr. og 209. gr. l. nr. 85/1936.

Um dráttarvexti vísast einkum til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, 10., 12. og 14., sbr. l. nr. 67/1989, svo og ákvæða laganna um vexti af skaðabótakröfum, 7. og 15. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 67/1989. Þá er og vísað til vaxtaákvarðana Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Um málskostnað er vísað til XII. kafla l. nr. 85/1936, einkum 177. gr., og 3. mgr. 175. gr., sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988. Um virðisaukaskatt af málskostnaði vísast til l. nr. 50/1988. Um aðild Íslandsbanka hf. vísast til l. nr. 120/1989 og auglýsingar í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 19. janúar 1990 um starfsleyfi og yfirtöku réttinda og skyldna Útvegsbanka Íslands hf. Einnig er vísað til l. nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagabanka um rekstur Útvegsbanka Íslands.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lánssamningur sá, sem í gildi sé á milli aðila, sé skuldabréfið á dskj. 7. Samkvæmt því viðurkenni stefnandi að skulda stefnda 9.000.000 kr. og lofi að endurgreiða á þar tilgreindan hátt. Með dómi í þessu máli sé ekki unnt að breyta skilmálum þessarar lánveitingar, enda séu þeir eðlilegir og lögum samkvæmt. Því er einnig mótmælt, að unnt sé að fella niður einhvern hluta skuldbindinga stefnanda eða þær allar með dómi.

Af málatilbúnaði stefnanda megi hugsanlega draga þá ályktun, að einhver annar lánssamningur sé í gildi milli aðila. Stefnandi virðist telja, að samningur sé í gildi um ráðstöfun lánsins frá stefnda og að við þann samning hafi ekki verið staðið. Stefndi hafi ekki samið um að ráðstafa láninu á annan hátt en gert var. Af dskj. 37–40 og dskj. 8, 9, 11 og 17 megi ljóst vera,

hverjar forsendur hafi verið fyrir lánveitingu til stefnanda. Þær hafi stefnanda verið ljósar frá upphafi, enda lánveitingin samkvæmt óskum umboðsmanns stefnanda. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við afgreiðslu lánsins og ekki heldur, þegar stefnanda var tilkynnt með bréfi, dags. 30. sept. 1987, að innstæða á ábótarreikningi nr. 506093 væri tekin til greiðslu NLG-lánsins. Fyrsta athugasemd stefnanda hafi komið fram í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 28. júní 1988, dskj. 15. Stefnandi hafi þannig sýnt það í verki, að lánveitingin hafi farið fram á þann hátt, sem ætlunin var.

Pétur Jónsson hafi haft umboð til að koma fram fyrir hönd stefnanda vegna lánveitingarinnar. M. a. hafi stefnandi sýnt það í verki með því að undirrita skuldabréf það, sem málið snýst um.

Stefndi bendir á, að lánssamningur sé í gildi milli aðila samkvæmt dskj. 7. Skilmálar þess samnings séu sanngjarnir fyrir báða. Efnisleg skilyrði skorti til þess að beita 36. gr. l. nr. 7/1936. Í fyrsta lagi sé stefndi búinn að efna samninginn að sínu leyti. Hér kæmi því aðeins til greina að breyta endurgreiðsluskilmálum. Engin krafa sé þó gerð í þá átt af hálfu stefnanda. Ógilding lánssamningsins kæmi enn síður til greina, en eðli máls samkvæmt leiddi það til þess, að stefnandi yrði dæmdur til að endurgreiða lánsupphæðina. Formsins vegna sé gerð krafa um það. Riftun samningsins leiði enn til hins sama. Stefnandi yrði þá að endurgreiða lánsupphæðina.

Því er mótmælt, að riftun vegna brostinna forsendna nái fram að ganga. Það styðjist við, að ósannað sé, að nokkrar svo verulegar forsendur hafi brostið, að riftun sé heimil. Með hegðun sinni eftir lánveitinguna hafi stefnandi sýnt, að framkvæmd hennar hafi verið með þeim hætti, sem um var samið.

Ekki verði séð, að það skipti máli við úrlausn máls þessa, hvort og þá hvenær stefndi mátti vita um fölsun NLG-skuldabréfsins. En það hafi ekki verið fyrr en við uppkvaðningu sakadóms 30. des. 1987.

Um einstaka kröfuliði í stefnu er tekið fram af hálfu stefnda:

1. Aðalkrafa A.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi misnotað aðstöðu sína og jafnvel beitt blekkingum eða svikum gagnvart stefnanda. Allt frumkvæði í málinu sé komið frá stefnanda eða umboðsmanni hennar. Allar forsendur, skilyrði og skilmálar lánveitingarinnar hafi verið stefnanda ljósar, er hún gaf út skuldabréfið. Því er einnig mótmælt sem röngu og órökstuddu, að reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár geti leitt til þeirrar niðurstöðu, sem stefnandi krefst.

Af hálfu stefnda var lýst yfir því, að stefndi féllist á að aflýsa skuldabréfinu, yrði það dæmt ógilt, en stefndi áskilur sér málskotsrétt.

1. Aðalkrafa B.

Fallist er á þessa kröfu. Stefndi viðurkennir, að gleymst hafi að aflýsa NLG-bréfinu, og hafi verið lögð drög að því að aflýsa því.

2. Varakrafa við A-lið aðalkröfu.

Stefndi hafi í hvívetna farið að samkvæmt tilætlun aðila og fallist því ekki á, að honum beri að endurgreiða stefnanda þessa fjárhæð. Fjárhæðin hafi gengið til greiðslu skuldar samkvæmt veðskuldabréfi, sem hvíldi á eign stefnanda.

3. Þrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Þessum kröfulið er mótmælt með vísan til almennrar umfjöllunar stefnda um kröfu stefnanda hér að framan. Lánið til stefnanda hafi verið afgreitt með þar tilgreindum hætti að frádregnu lántökugjaldi, sjá dskj. 40.

4. Þrautaþrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Þessum kröfulið er mótmælt með sömu rökum og undir lið 3 hér að ofan.

Niðurstaða.

Aðild stefnda er óumdeild.

Það var meðalgöngu- og sambýlismaður stefnanda, Pétur Jónsson, sem sóttist oftsinnis eftir lánveitingu til stefnanda. Ekkert hefur komið fram um það, að stefnandi hafi verið hvött til lántökunnar af lánveitanda; miklu heldur virðist það hafa verið skilyrði af hálfu lánveitanda, að ákveðinn hluti lánsins gengi til greiðslu annars láns. Með undirritun sinni samþykkti stefnandi lánskjör og veðsetti bankanum fasteign sína.

Þá er stefnandi tók lánið, sem málið er af risið, 13. mars 1987, hvíldi á húseign hennar sem þinglýst skuld áðurgreint lán, að fjárhæð NLG 315.000. Eins og að framan var rakið, hafði Pétur Jónsson, sambýlismaður stefnanda, kært Baldur Jónsson, bróður sinn, 5. des. 1985 fyrir skjalafals vegna útgáfu skuldabréfs þessa, og 30. des. 1987 var Baldur Jónsson dæmdur vegna fölsunar á skuldabréfi þessu. Lánið, að fjárhæð NLG 315.000, hafði verið notað til þess að greiða upp lán þeirra bræðra, Péturs og Baldurs, að fjárhæð $ 150.000, samkvæmt skuldabréfi, dags. 12. okt. 1981, svo að við lántöku þá, sem málið er af risið, hvíldi á fasteign stefnanda skuldabréf með falsaðri undirritun, en andvirði þess hafði verið notað til greiðslu á skuld þeirra bræðra, Baldurs Jónssonar og Péturs Jónssonar. Þá skuld virðist stefnandi og sambýlismaður hennar hafa verið tilbúin að greiða á móti Baldri Jónssyni, samanber framburð stefnanda hér fyrir dómi, en fram kom hjá henni, að kringum tvær milljónir hefðu átt að fara til greiðslu á dollaraláninu á móti sambærilegri greiðslu frá Baldri Jónssyni. Baldur hafi átt að koma á móti Pétri með að borga dollaralánið. Þess vegna hafi Axel

Kristjánsson, þáverandi starfsmaður Útvegsbanka Íslands, viljað hafa þessa fjárhæð inni á þessari bók á meðan. Stefnandi hafi átt að fá lánið í hendur, þegar búið væri að gera upp við þá bræður. Ekki hafi í upphafi verið rætt um það, hvernig færi, ef Baldur stæði ekki við sinn hluta. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að hafa 6.800.000 kr. inni á reikningi, sem var í vörslu bankans, þar til búið væri að ganga frá dollaraláninu. Þegar búið væri að taka þessar 2 milljónir, héldi hún því, sem eftir var.

Það, að stefnandi fékk einungis í hendur 1.927.568 kr. af 9.000.000 kr. láninu og undi því, að lánveitandinn hélt eftir 6.800.000 krónum af láninu og lagði inn á innlánsreikning nr. 506093 og hélt heimildarskírteininu, styður þær fullyrðingar af hálfu stefnda, að samið hafi verið um það, að 6.800.000 kr. af láninu skyldu vera til tryggingar greiðslu skuldar sambýlismanns stefnanda við bankann. Hér er og á að líta bréf Útvegsbanka Íslands hf. til stefnanda, dags. 30. september 1987, dskj. 11, en bréf þetta er svohljóðandi:

„Á fundi bankastjórnar Útvegsbanka Íslands 17. mars sl. var samþykkt að beiðni Péturs Jónssonar að veita yður lán, að upphæð 9.000.000 kr., tryggt með veði í Þverárseli 8 í Reykjavík. Þá var einnig samþykkt að veita Guðrúnu M. Halldórsdóttur lán, að upphæð 2.000.000 kr., tryggt með veði í Seiðakvísl 12 í Reykjavík, einnig samkvæmt beiðni Péturs Jónssonar. Það var forsenda fyrir þessum lánveitingum, að af andvirði lánanna yrði varið allt að 6.900.000 krónum til lúkningar skuld Baldurs og Péturs Jónssona við bankann samkvæmt skuldabréfi, útg. 30. júlí 1985, upphaflega að fjárhæð NLG 315.000.

Gengið var frá skuldabréfum fyrir ofangreindum lánum, og var skuldabréfi yðar þinglýst, en þegar til átti að taka, var ekki hægt að þinglýsa skuldabréfi Guðrúnar, þar sem hana skorti formlega eignarheimild fyrir fasteigninni Seiðakvísl 12. Varð þá að samkomulagi, að yðar lán var afgreitt, og voru 6.800.000 kr. lagðar inn á ábótarreikning til ráðstöfunar fyrir bankann til lúkningar hinni erlendu skuld, en mismunurinn var greiddur út.

Þar sem Pétur Jónsson hefur nú tjáð bankanum, að engar horfur séu á, að Guðrún Halldórsdóttir taki sitt lán, hefur ábótarreikningurinn verið ógiltur og innstæðu hans, 7.593.832,67 kr., verið ráðstafað til lúkningar ofangreindri skuld Baldurs og Péturs, svo sem upphaflega var ákveðið.

Kvittanir liggja hjálagt."

Ósannað er, að þessi ráðstöfun bankans hafi verið mótmælt af hálfu stefnanda fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda 28. júní 1988.

Fram lögð skjöl og framburður Baldurs Jónssonar og Guðrúnar Halldórsdóttur, eiginkonu Baldurs, styðja, að staðið hafi til, að Guðrún fengi 2.000.000 kr. að láni hjá bankanum og greiddi með þeim upp í skuld þeirra

bræðra á móti Pétri, svo að samtals greiddu þeir bræður um 4.000.000 kr. Þau Guðrún og Baldur sögðu, að forsenda þeirra fyrir þessari lántöku og greiðslu hafi verið, að fallið yrði frá ákæru á hendur Baldri vegna fölsunarinnar. Það hafi ekki verið gert, og þess vegna varð ekki af lántöku Guðrúnar og greiðslu Baldurs.

Ekki er ljóst, hvernig fundin er þessi fjárhæð, um 4.000.000 kr., sem greiðsla á annaðhvort NLG-láninu eða dollaraláninu. Í skjölum málsins kemur fram, að 17. mars 1987 voru 3.817.55 gjaldfallnar af NLG-láninu og eftirstöðvar og vextir námu 3.045.308 krónum, samtals 6.862.863 kr. Jafnframt kemur fram í skjölum málsins, að hefði hið svokallaða dollaralán, upphaflega að fjárhæð $ 150.000, enn verið í vanskilum í sept. 1987, hefði það þá numið um 7.480.000 krónum.

Það þykir fram komið, að stefnandi hafi samþykkt, að 6.800.000 kr. af láninu, sem málið er af risið, yrðu í höndum Útvegsbanka Íslands sem trygging fyrir greiðslu þeirra Péturs Jónssonar og Baldurs Jónssonar á skuldum þeirra við bankann. Þar sem þeir Pétur og Baldur greiddu ekki skuldir sínar, verður að telja, að bankanum hafi verið heimilt að ganga að tryggingunni til greiðslu skulda þessara.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að stefnandi hafi hvorki fært sönnur að fullyrðingum sínum um það, að stefndi hafi misnotað aðstöðu sína, né fullyrðingum um það, að stefndi hafi beitt blekkingum eða svikum í viðskiptum sínum við stefnanda. Ekki verður heldur á það fallist með stefnanda, að hið falsaða NLG-lán hafi verið sérstakt þvingunarúrræði fyrir stefnda gagnvart stefnanda. Þá er virt eru atvik að veitingu lánsins, sem að hluta átti að vera til tryggingar greiðslu skuldar, sem ekki var greidd, verður ekki talið, að það hafi verið óheiðarlegt af stefnda að byggja á lánssamningnum, sbr. 33. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 3. gr. l. nr. 11/1986, og ekki eru heldur efni til að breyta lánssamningnum, sbr. 36. gr. sömu laga.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður A-liður aðalkröfu stefnanda ekki tekinn til greina. Sama er um varakröfu, þrautavarakröfu og þrautaþrautavarakröfu við A-lið aðalkröfu stefnanda.

Með vísan til þess, sem fram er komið um NLG-lánið, verður tekinn til greina B-liður aðalkröfu stefnanda, að stefnda sé skylt að aflýsa af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Íslandsbanka hf., er skylt að aflýsa af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980.

Stefndi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af öðrum kröfum stefnanda, Eddu Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 315/1993. **Vigdís Kjartansdóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Vilborgu Elísdóttur
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Fasteignakaup. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1993 og krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að kröfur stefndu verði stórlega lækkaðar og beri aðeins almenna innlánsvexti banka og sparisjóða fram að uppkvaðningu dóms, og falli málskostnaður þá niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Vitnamál var haldið að beiðni áfrýjanda í Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar 1994, og hefur endurrit þess verið lagt fyrir Hæstarétt.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vigdís Kjartansdóttir, greiði stefndu, Vilborgu Elísdóttur, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 28. nóvember 1991.

Stefnandi er Vilborg Elísdóttir, kt. 160834-2779, Buckshollow Rd. Mahopac, New York, Bandaríkjunum.

Stefnda er Vigdís Kjartansdóttir, kt. 121250-4859, Ægissíðu 7, Grenivík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gjaldfella frá 10. júlí 1990 skuld, að fjárhæð 1.028.571 krónu, vegna vanefnda stefndu á að gefa út skuldabréf og greiða fyrstu afborgun af því skv. kaupsamningi, dagsettum 26. júní 1989, um fjögurra herbergja íbúð á fimmtu hæð í húsinu nr. 16 B við Ljósheima í Reykjavík og að stefndu verði gert að greiða stefnanda 1.723.030 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 200.000 kr. frá 10. mars 1990 til greiðsludags og af 1.523.303 kr. frá 10. júlí 1990 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.527.122 krónum, er greiddar voru þannig: 31. október 1990 18.989 krónur, 28. febrúar 1991 329.154 krónur og 5. maí sl. 1.172.412 krónur.

Á móti mun stefnandi gefa út afsal fyrir fjögurra herbergja íbúð á fimmtu hæð í húsinu nr. 16 B við Ljósheima í Reykjavík.

Til vara, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 1.796.084 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum sem hér segir: af 200.000 krónum frá 10. mars 1990 til greiðsludags, af 478.929 krónum frá 10. júlí 1990 til greiðsludags, af 241.929 krónum frá 10. janúar 1991 til greiðsludags og af 236.515 krónum frá 10. júlí 1991 til greiðsludags og af 238.145 krónum frá 10. janúar 1992 til greiðsludags, af 208.016 krónum frá 10. júlí 1992 til greiðsludags og af 192.550 krónum frá 10. janúar 1993 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 10. júlí 1993 ógjaldfallnar eftirstöðvar, 171.429 krónur, ásamt meðalvöxtum skuldabréfa skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 10. janúar 1993 til 10. júlí 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og samningsvaxta frá 10. júlí 1993, allt að frádregnum 1.527.122 krónum, er greiddar voru þannig: 31. október 1990 18.989 krónur, 28. febrúar 1991 329.154 krónur og 5. maí sl. 1.172.412 krónur.

Á móti mun stefnandi gefa út afsal fyrir fjögurra herbergja íbúð á fimmtu hæð í húsinu nr. 16 B við Ljósheima í Reykjavík.

Í aðal- og varakröfu er krafist málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti og að dráttarvextir reiknist á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í aðal- og varakröfu er þess jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað í samræmi

við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kaupsamning 26. júní 1989 um fjögurra herbergja íbúð á fimmtu hæð að Ljósheimum 16 B, Reykjavík, þar sem stefnandi var seljandi og stefnda kaupandi.

Kaupverð var 4.900.000 krónur, sem skyldi greitt þannig:

Við undirritun kaupsamnings	kr.	900.000
í júlí 1989	-	1.170.000
- ágúst 1989	-	140.000
- nóvember 1989	-	120.000
- janúar 1990	-	1.170.000
- mars 1990	-	200.000
- júlí 1990 með útgáfu skuldabréfs	-	1.200.000
	Samtals kr.	4.900.000

Undir kaupsamninginn ritaði Óskar Sigurðsson fyrir hönd seljanda samkvæmt umboði.

Stefnda hefur greitt skv. töluliðum 1–5 samtals 3.500.000 kr. Þá greiddi hún 329.154 kr. vegna lögtaks, sem gert var í íbúðinni vegna krafna á eiginmann stefnanda, og 37.978 kr. vegna fasteignagjalda, en af þeirri fjárhæð hafi henni borið að greiða 12.422 krónur, og loks greiddi lögmaður hennar í réttinum 5. maí sl. 1.172.412 kr. með tékka, út gefnum til stefnanda. Sú greiðsla er sundurliðuð þannig:

Ógreiddur hluti kaupsamnings	kr.	1.400.000	
Frá honum dregst:			
vegna lögtaks	-	329.154	
vegna fasteignagjalda	-	25.556	
vegna galla innan húss skv. mati úttektarmanns	-	87.852	
vegna galla á sameign	-	330.929	
stimpilsekt	-	8.774	
ógreiddar eftirstöðvar samningsverðs	-	617.735	
skuldabréfavextir af 617.735 frá 1. júlí 1989 til 5. maí 1993	-	554.677	
	Samtals kr.	1.172.412	(?)

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar bera fyrir sig.

Stefnandi reisir kröfur sínar á áðurgreindum kaupsamningi. Stefnandi hafi hvorki greitt síðasta hluta útborgunar, 200.000 krónur, á gjalddaga 10. mars 1990 né gefið út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, 1.200.000 krónum, eins og henni beri samkvæmt kaupsamningi, og sé málsókn því nauðsynleg.

Því er mótmælt, að stefnandi hafi gefið rangar eða villandi upplýsingar við kaupin, og einnig, að einhverjir þeir gallar hafi verið á íbúðinni, sem stefnandi geti borið ábyrgð á.

Stefnandi telur vanskil stefndu stafa af fjárskorti, enda hafi hún ekki sýnt fram á greiðslugetu sína.

Stefnandi gjaldfellir skuld þá samkvæmt kaupsamningi, er umsamið hafi verið, að stefnda gæfi út skuldabréf fyrir. Gjaldfelling teljist frá fyrsta gjalddaga, er fallið hafi í vanskil, 10. júlí 1990. Stefnandi telur sér þetta heimilt. Þótt það hafi ekki sérstaklega verið rætt við gerð kaupsamningsins, sé það viðtekin venja í fasteignaviðskiptum, að skuldabréf vegna þeirra feli í sér ákvæði, er heimili eigendum bréfanna að gjaldfella eftirstöðvar þeirra, verði vanskil á greiðslu eða greiðslum af því. Þetta sé almenn venja, sem ekki hafi verið ætlunin að bregða út af við útgáfu skuldabréfsins í þessum tilteknu fasteignaviðskiptum.

Í aðalkröfugerð er töluleg kröfugerð reist á gjaldfellingu skuldabréfs auk síðustu útborgunargreiðslu samkvæmt kaupsamningi.

Gjalddagi 10. mars 1993 skv. kaupsamningi	kr.	200.000
Gjalddagi pr. 10. júlí	-	494.549
Eftirstöðvar skbr. v. gjaldfellingar 10. júlí 1990	-	1.028.571
Samtals	kr.	1.723.120

Í varakröfu er töluleg kröfugerð miðuð við, að bréfið verði ekki gjaldfellt, en krafið er um greiðslu hverrar afborgunar, sem fallin er í gjalddaga, frá því að bréfið skyldi gefið út, auk síðustu útborgunargreiðslu samkvæmt kaupsamningi.

Stefnda heldur því fram, að fljótlega eftir að kaup voru gerð og eftir afhendingu íbúðarinnar, hafi komið í ljós vanefndir stefnanda og upplýsingaskortur vegna sölu íbúðarinnar, sem ekki hefur verið bætt úr og eru í meginatriðum fjórþættar:

Í kaupsamningi er vísað til þess, að Óskar Sigurðsson selji íbúðina „E. u.". Stefnda, sem er ókunnug fasteignakaupum, mun hafa verið upplýst um, að þetta þýddi, að Óskar seldi íbúðina í umboði stefnanda.

Hið skriflega umboð fékk stefnda hins vegar ekki í hendur við kaup á íbúðinni og reyndar ekki fyrr en í þinghaldi 5. maí sl., er málið var endur-

upptekið og endurflutt. Af þessu hafi leitt óþægindi og aukakostnað, auk þess sem við hefur legið, að íbúðin yrði seld á nauðungaruppboði vegna opinberra gjalda eiginmanns stefnanda, Sigurbjörns Sigurjónssonar. Fyrir liggi sem dskj. nr. 3 umboð í ljósriti, sem væntanlega eigi að teljast gilt umboð, vegna sölu á íbúðinni. Af hálfu stefndu er lýst undrun á því, að stefndu skuli ekki hafa verið leyft að fá að sjá þetta umboð fyrr en eftir þingfestingu málsins og þá í ljósriti. Ástæða hafi verið til að leggja umboð þetta fyrir þinglýsingayfirvöld til að nota það, ef unnt væri, en annars til að fá frá þinglýsingayfirvöldum upplýsingar um ætlaða galla á umboðinu. Ljóst sé þó af fylgiskjali með dómskjali nr. 3, að það sé svo gallað, að það geti ekki talist gilt umboð. Í skjalinu veiti, væntanlega stefnandi og maður hennar, án þess að kennitalna eða sambærilegra auðkenna sé getið, umboð til að selja íbúð fyrir þeirra hönd að Ljósheimum 16 B, Reykjavík. Hér veiti stefnandi og eiginmaður hennar bæði umboð til sölu á íbúð þeirra að Ljósheimum 16 B, en stefnandi sé einn þinglýstur eigandi íbúðarinnar í dskj. nr. 3. Þá sé í hinu ætlaða umboði ekki greint frá, til hvaða íbúðar að Ljósheimum 16 B umboðið eigi að taka, né heldur sé þar tilgreind nákvæmlega kennitala Óskars Sigurðssonar. Þá verði vottunin að teljast ófullkomin miðað við kröfur fyrir íslenskum dómstólum. Vottunin sé á ensku, og sá, er vottar, virðist ekki hafa gert sér ljóst efni hins ætlaða umboðs og þýðingu þess.

Af hálfu stefndu er það talið skilyrði fyrir fullum efndum á dskj. nr. 3 að fá í hendur frumrit gilds umboðs tilheyrandi dskj. nr. 3.

Önnur vanefnd af hálfu stefnanda vegna kaupanna hafi verið rangar upplýsingar um íbúðina við sölu á henni til stefndu og skortur á gögnum, upplýsingar, sem liggja eigi fyrir við sölu á íbúðum hér á landi. Þessar upplýsingar varði stöðu hússjóðs fjölbýlishúss og sameiginlegar framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar séu eða ákveðnar af húsfélaginu.

Við sölu íbúðarinnar hafi engar skriflegar upplýsingar verið gefnar um stöðu hússjóðs Ljósheima 16 B, en stefnda fékk upplýsingar munnlega um, að yfir stæðu lagfæringar á húsinu utanverðu, sem væru komnar vel á veg. Hafi stefnda verið upplýst um, að kostnaður vegna íbúðar hennar yrði ekki meiri en 50.000 krónur. Í ljós hafi komið síðar, að þessi kostnaður sé nú þegar kominn yfir 300.000 krónur fyrir íbúð stefndu, og hafi þó ekki verið byrjað á miklum hluta verksins. Þá hafi ekki verið gefnar upplýsingar um stöðu stefnanda gagnvart hússjóðnum.

Fljótlega eftir viðtöku íbúðarinnar hafi leigjandi stefndu hafið að kvarta undan göllum á íbúðinni. Hafi það orðið til þess, að Kristinn Sigurjónsson, húsasmíðameistari og löggiltur úttektarmaður fasteigna í Reykjavík, var

fenginn til að skoða íbúðina. Hafi Kristinn metið viðgerðarkostnað á ætluðum leyndum göllum 168.500 krónur.

Þá vill stefnda nefna, að erfiðleikar sínir við að þinglýsa kaupsamningi hafi orðið til þess, að Gjaldheimtan í Reykjavík gerði lögtak í eigninni vegna opinberra gjalda eiginmanns stefnanda, og hafi stefnda greitt vegna þessara krafna 367.132 krónur.

Stefnda telur samkvæmt ofanrituðu, að stefnandi hafi stórlega vanefnt skyldur sínar sem seljandi fasteignar við sölu á nefndri íbúð til stefndu. Telur stefnda, að göllum hafi verið leynt á íbúðinni innan dyra, einnig, að stefnda hafi við sölu íbúðarinnar verið leynd upplýsingum um stórfellda galla á sameiginlegum útveggjum hússins, einnig upplýsingum um stöðu hússjóðs og skuld við hann og að ráðgerðar hafi verið kostnaðarsamar framkvæmdir. Loks hafi stefnandi ekki sinnt ítrekuðum óskum og kröfum um að afhenda stefndu gilt umboð sitt til handa Óskari Sigurðssyni til sölu íbúðarinnar 26. júní 1989. Það hafi m. a. torveldað stefndu að þinglýsa réttindum sínum og fá lán út á íbúðina, og telur stefnda þetta brot á meginreglum um fasteignaviðskipti.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í máli þessu, að stefnda hefur ekki gefið út skuldabréf samkvæmt kaupsamningi þeim, sem hún gerði við umboðsmann stefnanda 26. júní 1989, né heldur hefur hún greitt greiðslu, sem var í gjalddaga 10. mars 1993, að fjárhæð 200.000 krónur.

Svo sem að framan er rakið, ber stefnda fyrir sig, að ekki hafi verið sýnt fram á, að fyrir lægi fullnægjandi umboð til Óskars Sigurðssonar til þess að undirrita kaupsamning fyrir hönd stefnanda, og telur stefnda, að sér hafi verið heimilt að halda greiðslum, vegna þess að hún tæki ella áhættu vegna óvissu um heimildargildi kaupsamnings.

Stefnandi hefur aldrei haldið því fram, að kaupsamningur væri ekki gildur, og kaupsamningi var þinglýst 6. febrúar 1991 án athugasemda. Þá hefur verið sýnt fram á, að Óskar Sigurðsson hafði fullgilt umboð, er hann undirritaði samninginn, en við munnlegan flutning málsins 5. maí sl. var lögð fram yfirlýsing stefnanda, þar sem hún staðfestir áður gefið umboð og veitir að auki Óskari Sigurðssyni umboð til að gefa út afsal til stefndu.

Stefnda hefur þinglýsta eignarheimild fyrir íbúðinni og hefur öll umráð hennar og hefur reyndar haft þau síðan 1. júlí 1989.

Þá hefur stefnda ekki sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess, að hún hafi ekki fengið í hendur margnefnt umboð, enda er umboðið gefið út til umboðsmanns, en ekki viðsemjanda hans, og eins

og að framan greinir, er sýnt fram á það í máli þessu, að Óskar Sigurðsson hafði heimild til að binda stefnanda með kaupsamningi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að henni hafi verið heimilt að halda greiðslum, vegna þess að hún hefði ekki fengið umboð í sínar hendur.

Í kaupsamningi aðila segir m. a.:

„Kaupanda er kunnugt um yfirstandandi framkvæmdir á húsinu og mun taka að sér greiðslu við hússj. v/þeirra frá 1. júlí 1989."

Stefnda heldur því fram, að hún hafi ekki fengið réttar upplýsingar um, hver hafi verið staða við hússjóð vegna framkvæmda, er kaupsamningur var gerður, utan það, að kostnaður stefndu yrði ekki meiri en 50.000 krónur vegna framkvæmdanna.

Með hliðsjón af því, að sérstaklega er tekið fram í kaupsamningi um framkvæmdirnar og að ekkert er við að styðjast um þetta annað en frásögn stefndu sjálfrar, sem ekki er studd öðrum gögnum, þykir ekki vera komin fram sönnun um, að stefnda hafi verið leynd stöðu mála að þessu leyti, og þykir hún ekki hafa sýnt fram á, að hún eigi kröfu á hendur stefnanda vegna viðgerða og viðhalds á húseigninni.

Stefnda ber fyrir sig, að gallar hafi verið á íbúðinni, er hún fékk hana afhenta, og ber fyrir sig álitsgerð Kristins R. Sigurjónssonar úttektarmanns frá 8. september 1990, en þar kemur fram, að hann hafi skoðað húsnæðið 30. júlí 1990. Ekki þykir fram komin fullnægjandi sönnun um, að gallar þeir, sem stefnda ber fyrir sig, hafi verið til komnir, er eignin var afhent, né heldur, að þeir hafi ekki mátt sjást við skoðun, hafi svo verið.

Í kaupsamningi aðila er ekki að finna heimild til að gjaldfella eftirstöðvabréf vegna kaupanna, og verður því aðalkröfu stefnanda hafnað.

Samkvæmt kaupsamningi skyldi stefnda greiða 200.000 krónur 10. mars 1993 og gefa út skuldabréf, að fjárhæð 1.200.000 krónur, með gjalddaga 10. janúar og 10. júlí ár hvert. Stefnda verður dæmd til greiðslu eftirstöðva útborgunar og gjaldfallinna afborgana og vaxta skuldabréfs þess, er hún skyldi gefa út, svo sem nánar greinir í dómsorði, en frá því ber að draga greiðslur, sem stefnda hefur innt af hendi, svo sem greinir í dómsorði. Þá þykir verða að skýra kröfugerð stefnanda svo, að í henni felist, að viðurkennd verði krafa hennar á hendur stefndu, sem nemur eftirstöðvum hins óútgefna bréfs auk vaxta frá síðasta gjalddaga til lokagjalddaga bréfsins, og er fallist á þá kröfu hennar.

Eftir úrslitum málsins verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Vigdís Kjartansdóttir, greiði stefnanda, Vilborgu Elísdóttur, 1.796.084 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem hér segir: af 200.000 krónum frá 10. mars 1990 til greiðsludags, af 478.929 krónum frá 10. júlí 1990 til greiðsludags, af 241.929 krónum frá 10. janúar 1991 til greiðsludags, af 236.515 krónum frá 10. júlí 1991 til greiðsludags, af 238.145 krónum frá 10. janúar 1992 til greiðsludags, af 208.016 krónum frá 10. júlí 1992 til greiðsludags og af 192.550 krónum frá 10. janúar 1993 til greiðsludags. Þá er viðurkennd krafa stefnanda á hendur stefndu, að fjárhæð 171.429 krónur, sem beri vexti, er nemi meðalvöxtum skuldabréfa skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 10. janúar 1993 til 10. júlí 1993.

Frá dómkröfum stefnanda dragast 25.556 krónur, sem greiddar voru 31. október 1990, 329.154 krónur, sem greiddar voru 28. febrúar 1991, og 1.172.412 krónur, sem greiddar voru 5. maí sl.

Stefnda greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 106/1994. **Helga Gunnarsdóttir**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Hákoni Ólafi Ísakssyni
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Skuldabréf. Viðskiptabréfareglur. Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1994. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 257.931 krónu með 11,5% ársvöxtum frá 29. maí 1992 til 30. júlí sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi. Skrifleg sókn barst frá áfrýjanda, en vörn hefur ekki borist frá stefnda.

I.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi og Verkvernd hf. gerðu með sér verksamning 29. maí 1992 um viðgerðir á húsi stefnda að Meðalbraut 22 í Kópavogi. Undirrituðu aðilar skuldabréf sama dag um greiðslu stefnda á 257.931 krónu til félagsins vegna vinnu við verkið. Skyldu afborganir skuldfærðar á greiðslukortareikning stefnda hjá fyrirtækinu Visa-Ísland og greiðast á ellefu gjalddögum, í fyrsta sinn 30. júlí 1992. Verkframkvæmdum lauk aldrei, en stefndi rifti verksamningi með bréfi, dagsettu 27. ágúst 1992. Verkvernd hf. framseldi áfrýjanda skuldabréfið, en áfrýjandi krefur stefnda nú um greiðslur samkvæmt bréfinu, og nemur stefnufjárhæð höfuðstól

skuldabréfsins. Aðila máls þessa greinir á um, hvort áfrýjandi njóti réttarfarshagræðis þess, sem leiðir af reglum 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Meginefni skuldabréfsins frá 29. maí 1992 er rakið í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, segir m. a. svo í bréfinu: „Afrit af skuldabréfi þessu skal senda til VISA-Íslands sem fyrst. Heimilt er að framselja skuldabréf til bankastofnunar eða annars leyfishafa til verðbréfamiðlunar, hafi viðkomandi innheimtusamning við VISA-Ísland." Ákvæði þetta er í hinum prentaða texta bréfsins. Í málinu er ekki haldið fram, að áfrýjandi sé meðal aðila, sem greindir eru í ákvæðinu.

Að lögum er heimilt að semja svo um, að sérreglum um viðskiptabréf verði ekki beitt um skjal, sem að öðrum kosti myndi uppfylla skilyrði laga um að teljast viðskiptabréf. Svo er til dæmis, þegar framsal er bannað í bréfinu sjálfu. Slíkt ákvæði í skuldabréfi hefur þó ekki þau réttaráhrif, að aðilaskipti geti ekki orðið að bréfinu við framsal, heldur hefur ákvæðið í för með sér, að um framsal bréfsins fer eftir almennum reglum um framsal kröfuréttinda, sbr. grunnreglu 11. gr. víxillaga nr. 93/1933 og 14. gr. laga nr. 94/1933 um tékka.

Fallist er á það álit héraðsdómara, að framangreint ákvæði skuldabréfsins um takmörkun á framsali beri að skýra svo, að skjalið hafi réttaráhrif sem viðskiptabréf við framsal til þeirra aðila, sem getið er í ákvæðinu. Þegar skuldabréfið er framselt til annarra, fer hins vegar eftir almennum reglum um framsal kröfuréttinda, svo sem áður er að vikið. Eiga síðastgreindar reglur því við um framsal Verkverndar hf. á skuldabréfinu til áfrýjanda. Getur stefndi af þeim sökum borið fyrir sig sömu mótbárur gagnvart áfrýjanda og hann átti gagnvart Verkvernd hf., sem var upphaflegur eigandi bréfsins.

Þar sem kröfugerð áfrýjanda á hendur stefnda styðst samkvæmt þessu aðeins við almenna kröfu, en ekki kröfu, sem lýtur hinum sérstöku réttarreglum um viðskiptabréf, verður mál þetta ekki rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þykir því ekki verða komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 349/1994. **Bjarni Jónasson**

gegn

félagsmálaráðherra og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Stjórnsýsla. Gögn. Þagnarskylda. Málefni fatlaðra. Skriflegur málflutningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1994 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar. Hann krefst þess, að félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins verði dæmdur til að afhenda áfrýjanda skýrslur þær, dagsettar 15. júlí og 6. október 1987, sem Anna Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson unnu fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að því marki, sem þær varða áfrýjanda, þar með talin viðtöl, sem skýrslunum fylgdu, einnig, að stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða sér 100.000 krónur með dráttarvöxtum frá 3. apríl 1993 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 1. mgr. 181. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 38/1994, er mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur nú fengið í hendur fyrrgreindar skýrslur að því marki, sem þær varða hann. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er á því byggt, að ekkert af því, er afmáð var í seinni hluta skýrslunnar frá 6. október 1987, varði áfrýjanda. Við því mati verður ekki hróflað. Stendur þá eftir úrlausn um, hvort áfrýjandi eigi að fá í hendur skráð viðtöl þeirra Önnu Karinar og Brynjars við starfsmenn og öryrkja á hinum verndaða vinnustað, er fram fóru í júní og júlí 1987.

Lög nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, sbr. nú lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, taka samkvæmt efni sínu ekki til umræddra viðtala við starfsfólk Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum sumarið 1987, er fram fóru vegna samskiptaörðugleika á vinnustaðnum. Viðmælendum var heitið því, að viðtöl þeirra við Önnu Karin og Brynjar yrðu trúnaðarmál þeirra og stjórnar Verndaðs vinnustaðar. Til þeirra tilvika tekur jafnframt 42. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, sbr. nú 54. gr. laga nr. 59/1992 um sama efni. Þegar virt er, að áfrýjandi hefur nú fengið í hendur umkrafðar skýrslur Önnu Karinar og Brynjars að því marki, að varði hann, þykja hagsmunir viðmælenda þeirra eiga að ráða því, að áfrýjanda verði synjað um hin skráðu viðtöl.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram gögn til stuðnings bótakröfu sinni. Líta verður svo á, að í henni felist krafa um kostnað vegna reksturs málsins. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar tvennar skýrslur, sem félagsráðgjafi og sálfræðingur í Vestmannaeyjum gerðu í júlí og október 1987 um málefni Kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar, Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum. Er það stofnun fyrir fatlaða, sem féll undir 10. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, sbr. nú 9. gr. laga nr. 59/1992 um sama efni, og starfaði eftir þeim lögum og reglugerð nr. 329/1983 um verndaða vinnustaði svo og eigin samþykktum. Yfir henni var sérstök stjórn, sem félagsmálaráðherra skipaði eftir tilnefningum Vestmannaeyjabæjar og þeirra samtaka, er ásamt hon-

um höfðu komið stofnuninni á fót. Hafði hún ráðið áfrýjanda sem framkvæmdastjóra. Skýrslugerðin fór fram að beiðni þessarar stjórnar og fyrir tilhlutan svæðisstjórnar Suðurlands í málefnum fatlaðra, er hafa átti eftirlit með stofnuninni, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1983. Voru skýrslurnar afhentar stjórn vinnustaðarins, sem í október 1987 fékk ljósrit af þeim í hendur félagsmálaráðuneytinu, er fór með yfirstjórn á málefnum fatlaðra, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1983 og nú 3. gr. laga nr. 59/1992. Skýrslunum fylgdu skráð viðtöl við starfsmenn vinnustaðarins, þ. e. öryrkja, verkstjóra og framkvæmdastjóra, og voru niðurstöður höfunda byggðar á þeim.

Áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að kynna sér skýrslur þessar og tjá sig um efni þeirra, þótt hann ætti trúnaðarstöðu að gegna sem framkvæmdastjóri eða forstöðumaður vinnustaðarins. Honum var sagt upp þessu starfi sínu skömmu eftir afhendingu síðari skýrslunnar, án þess að breyting yrði á þeirri afstöðu. Eftir það gerði hann ítrekaðar tilraunir til að fá í hendur eintak af skýrslunum eða aðgang að þeim, fyrst með málaleitan til skýrsluhöfunda og stjórnar vinnustaðarins og síðan til ráðuneytisins, en án árangurs. Í framhaldi af kvörtun áfrýjanda til umboðsmanns Alþingis 2. ágúst 1988 og áliti umboðsmanns 30. júní 1989 afhenti ráðuneytið áfrýjanda eintak af skýrslunum sjálfum í nokkrum áföngum. Sú afhending hófst þó ekki fyrr en með bréfi 7. maí 1990, eftir að áfrýjanda hafði mistekist áfrýjun á úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja 22. júní 1988, þar sem synjað var beiðni hans 6. sama mánaðar um innsetningu í skýrslurnar. Var því máli vísað frá Hæstarétti með dómi 30. mars 1990 vegna galla á málskotinu. Síðast var áfrýjanda afhentur seinni hluti síðari skýrslunnar eftir þingfestingu máls þessa í héraði, þegar stefndu lögðu þar fram greinargerð sína 3. júní 1993. Hafði hluti textans þar verið máður út, en á síðara dómþingi sýndu stefndu dómara málsins skjalið óstytt í trúnaði. Fyrrgreind viðtöl voru hins vegar ekki afhent.

Í héraðsdómi eru raktar helstu ástæður þess, að skýrslurnar voru samdar. Meðal efnis þeirra er að finna frásagnir af framkomu áfrýjanda og viðhorfum í samskiptum við starfsmenn vinnustaðarins og áliti þeirra á honum, ásamt staðhæfingum um markmið hans sem framkvæmdastjóra og rækslu á þeim starfa. Þær greina einnig frá

viðtölum við hann og ýmsum svörum hans við spurningum skýrsluhöfunda.

Í máli þessu þarf ekki að leysa úr því, hvort skýrslurnar hafi raskað hagsmunum áfrýjanda með einhverju móti, heldur varðar það aðeins afhendingu þeirra til hans. Reisir hann kröfur sínar á því, að skýrslurnar hafi komist í vörslur félagsmálaráðuneytisins, er jafnframt sé æðsta stjórnvald, sem stofnunin heyri undir, og þeirra hafi verið aflað af aðila, er starfi í skjóli laga um málefni fatlaðra. Viðurkenna bar samkvæmt almennri meginreglu laga, að hann ætti rétt á því gagnvart ráðuneytinu að fá að kynna sér þessi gögn, er vörðuðu hann sérstaklega með fyrrgreindum hætti. Um samanburð í því efni mátti meðal annars líta til IV. kafla laga nr. 38/1985, sem í gildi voru á þeim tíma, er afhendingar var krafist, þótt ákvæði laganna ættu ekki beint við að því leyti, að skýrslutakan var ekki þáttur í kerfisbundinni skráningu upplýsinga. Synjun ráðuneytisins í upphafi á erindi hans var því ólögmæt.

Sem fyrr segir, hefur áfrýjandi nú fengið skýrslurnar í hendur að mestum hluta, og er það mat héraðsdómara, að hinn afmáði texti, er á vantar, varði hann ekki með þeim hætti, að afhending eigi við. Er rétt eftir atvikum að una því mati með skírskotun til fyrrgreindrar meginreglu. Telja verður, að skýrslurnar sjálfar skipti áfrýjanda meira máli en viðtölin, er fylgdu þeim sem stuðningsgögn. Um þau verður að líta til þeirra starfsmanna vinnustaðarins, sem rætt var við. Af hálfu skýrsluhöfunda var þeim heitið fullum trúnaði um efni viðtalanna, en afhendingar verður þó ekki synjað vegna þess eins. Ekki verður heldur á það fallist, að ákvæði um þagnarskyldu í 42. gr. laga nr. 41/1983, sbr. nú 54. gr. laga nr. 59/1992, ráði neinum úrslitum gagnvart áfrýjanda, sem var sjálfur í trúnaðarstöðu gagnvart starfsfólkinu og stofnuninni og háður þessari skyldu. Svipuðu máli gegnir um þá hagsmuni hins opinbera varðandi rekstur vinnustaðarins, sem stefndu hafa vitnað til. Þegar litið er til hlutverks stofnunarinnar og stöðu starfsmanna, verða hagsmunir þeirra sjálfra af verndun ummæla sinna hins vegar að teljast svo mikilvægir, að réttur áfrýjanda þurfi að víkja fyrir þeim. Hefur hann í málinu ekki sýnt fram á svo ríka eða sérstaka þörf á könnun þess, sem skráð var, að efni séu til annarrar niðurstöðu. Er ég þannig samþykkur því, að

sýkna beri stefnda félagsmálaráðherra af kröfu áfrýjanda um afhendingu skjala.

Kröfu sína um skaðabætur úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir áfrýjandi vegna fjármuna þeirra og fyrirhafnar, sem hann hafi þurft að verja til að afla aðgangs að skýrslunum. Er hún ekki studd gögnum, en auðsætt er, að hann hefur beðið umtalsvert tjón að þessu leyti fyrir það, að upplýsingaskyldu hlutaðeigandi aðila var ekki sinnt með lögmætum hætti, án þess að það teljist til kostnaðar af máli þessu. Það leysir félagsmálaráðuneytið ekki undan bótaskyldu, að viðbrögð þess við erindum áfrýjanda mótuðust að nokkru af tilliti til óska stjórnar vinnustaðarins. Fjárhæð kröfunnar, 100.000 krónur, virðist ekki úr hófi, þegar litið er til þess, hve langt er síðan fyrst reyndi á upplýsingaskylduna. Er þannig rétt, að hún verði tekin til greina án vaxta, en með dráttarvöxtum frá uppsögu dóms í Hæstarétti. Jafnframt verði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gert að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað með stefnu birtri 7. apríl sl.

Stefnandi er Bjarni Jónasson, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum.

Stefndu eru Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og Friðrik Sophusson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að félagsmálaráðherra verði f. h. félagsmálaráðuneytisins dæmdur til að afhenda stefnanda skýrslur þær, dagsettar 15. júlí og 6. október 1987, sem Anna Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson sálfræðingur unnu fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að því marki, sem þær varða stefnanda, þar með talin viðtöl, sem skýrslunum fylgdu.

2. Að stefndi fjármálaráðherra verði dæmdur f. h. ríkissjóðs til að greiða stefnanda 100.000 kr. vegna fjárhagstjóns, sem stefnandi hafi haft af tilraunum sínum til að fá afhent gögn þau, sem um ræðir í 1. kröfulið.

3. Að stefndi fjármálaráðherra verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Í upphafi krafðist stefnandi einnig afhendingar ársreiknings Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum fyrir árið 1987 auk miskabóta. Í þinghaldi 3. júní sl. lagði lögmaður stefnda fram umræddan ársreikning auk seinni hluta

skýrslu Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar, er fylgdi bréfi þeirra til stjórnar verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, dagsettu 6. október 1987. Er skýrsla þessi með eyðum, hvað varðar aðra menn en stefnanda. Féll stefnandi frá kröfum sínum um afhendingu ársreikninganna og miskabætur í þinghaldi 1. nóvember sl.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara krefjast stefndu, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

II.

Stefnandi máls þessa var ráðinn framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á stjórnarfundi 13. febrúar 1984, en um þær mundir var verið að setja á laggirnar Kertaverksmiðjuna Heimaey að Faxastíg 46 þar í bæ í anda laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Vorið 1987 fékk svæðisstjórn Suðurlands um málefni fatlaðra vitneskju um margvíslega örðugleika í samskiptum starfsmanna á framangreindum vinnustað. Fóru tveir starfsmenn stjórnarinnar til Vestmannaeyja að kynna sér ástandið. Var rætt við verkstjóra, framkvæmdastjóra (stefnanda) og stjórn vinnustaðarins og einnig bæjarstjórn Vestmannaeyja sem og félagsmálastjóra og sálfræðing hjá Vestmannaeyjabæ. Í niðurstöðum skýrslu svæðisstjórnar Suðurlands segir m. a.:

„Vantraust og óánægja brýst áberandi fram gagnvart framkvæmdastjóra, sem virðist ekki hafa tekist að virkja hóp hinna fötluðu til samstöðu og samstarfs. Gagnkvæmt vantraust virðist milli framkvæmdastjóra og stjórnar, sem ekki virðist hafa fylgst með sem skyldi eða veitt framkvæmdastjóra það aðhald og þann stuðning, sem hefur þurft í upphafi við að marka þessum vinnustað verksvið og markmið."

Í framhaldi af skýrslu þessari var haldinn sameiginlegur fundur með svæðisstjórn Suðurlands og stjórn vinnustaðarins, og varð niðurstaða fundarins m. a. sú, að þau Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi og Brynjar Eiríksson sálfræðingur yrðu fengin til þess að vera ráðgefandi um innra starf, bæði um samskipti almennt milli starfsmanna og milli þeirra og yfirmanna, svo og við mat og endurmat á störfum fatlaðra og markmiðum með dvöl þeirra á vinnustaðnum.

Í júní og júlí 1987 áttu Anna Karin og Brynjar viðtöl við yfirmenn og öryrkja, er störfuðu á vinnustaðnum, og var viðmælendum þeirra heitið því, að viðtölin færu fram í fyllsta trúnaði og öðrum en stjórn og yfirstjórn vinnustaðarins yrði ekki veittur aðgangur að þeim. Skiluðu þau tveimur

skýrslum um störf sín, og er hin fyrri dagsett 15. júlí 1987 og hin síðari 6. október s. á.

Með bréfi 13. október 1987 sagði stjórn vinnustaðarins stefnanda upp störfum frá og með 1. nóvember 1987, og skyldi hann hætta störfum 31. janúar 1988.

Stefnandi reyndi að fá umræddar skýrslur hjá þeim Önnu Karin og Brynjari, en var neitað um það með bréfi 16. maí 1988 á þeirri forsendu, að þær hefðu verið unnar fyrir stjórn vinnustaðarins og því eign hennar. Hefðu viðtölin verið á grundvelli yfirlýsingar þess efnis, að enginn fengi aðgang að þeim upplýsingum, sem safnað yrði, nema yfirstjórn vinnustaðarins (stjórn, svæðisstjórn og e. t. v. ráðuneytið). Stefnandi leitaði einnig eftir því við stjórn vinnustaðarins að fá skýrslurnar afhentar, en var synjað um það á þeim grundvelli, að þær fjölluðu um viðkvæm einkamál.

Stefnandi snéri sér til umboðsmanns Alþingis með kvörtun, dagsettri 2. ágúst 1988, og kvartaði undan því, að sér hefði verið neitað um aðgang að ofangreindum skýrslum. Taldi stefnandi, að skýrslurnar geymdu persónulegar upplýsingar um sig, sem fengnar hefðu verið með samtölum við þann hluta starfsfólks vinnustaðarins, sem bæri til sín óvildarhug. Stefnandi taldi enn fremur, að skýrslnanna hefði verið aflað gegn vilja sínum og að sér hefði ekki verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hélt stefnandi því fram, að skýrslurnar hefðu verið lagðar til grundvallar uppsögn sinni 13. október 1987.

Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, dagsettri 30. júní 1989, kemur m. a. fram, að skýrslur þær, sem stefnandi krefst að fá afhentar sér í máli þessu, hefðu m. a. að geyma frásagnir af því, hvernig stefnandi hafi komið fram í samskiptum sínum við starfsmenn og hver viðhorf hafi þar komið fram af hans hálfu. Einnig væru þar staðhæfingar um, hvaða sjónarmiðum stefnandi hefði fylgt í starfi og hvernig hann hefði rækt störf sín. Greint væri frá áliti starfsfólks á stefnanda og loks sagt frá ýmsum svörum stefnanda við spurningum skýrsluhöfunda. Ekki lægi fyrir, hvort eða hve miklu máli umræddar skýrslur skiptu, er ákveðið var að segja stefnanda upp störfum, en ljóst væri hins vegar, að þær geymdu upplýsingar og staðhæfingar, er vörðuðu viðhorf, framkomu og störf stefnanda, auk ýmissa annarra atriða. Væri að dómi umboðsmanns Alþingis ótækt, að stjórnvöld öfluðu og varðveittu slíkar upplýsingar um einn einstakling alveg sérstaklega, án þess að sá einstaklingur ætti þess kost að kynna sér þær. Gætu einstaklingar oft átt augljósa hagsmuni af því að fá slíkum upplýsingum hnekkt eða gefa af sinni hálfu skýringar, sem slíkar upplýsingar gæfu tilefni til. Hlyti meginreglan því að vera sú, að einstaklingar gætu krafist þess að fá að kynna sér gögn,

sem eru í vörslum stjórnvalda og varða þá alveg sérstaklega með þeim hætti, er lýst hefði verið. Kæmi þessi meginregla fram í lögum frá síðari árum, sbr. IV. kafla laga nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988.

Var niðurstaða umboðsmanns Alþingis sú, að skylt væri að afhenda stefnanda skýrslur þær, sem ræðir um í máli þessu, að því leyti, sem þær vörðuðu stefnanda. Hefði ekki komið fram, að rétt væri að takmarka rétt stefnanda til að kynna sér þær af tilliti til mikilvægra hagsmuna opinberra aðila eða einkaaðila. Væri stefnanda heimilt að beina þeirri kröfu að félagsmálaráðuneytinu, þar sem eintök af skýrslunum væru í vörslum þess og skýrslnanna hefði verið aflað af aðila, sem starfaði í skjóli laga nr. 41/1983.

III.

1. Til stuðnings kröfu sinni um afhendingu skýrslna þeirra Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar, sem að framan greinir, vísar stefnandi til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, sem rakin er hér að framan, og gerir stefnandi niðurstöðu hans að sínum rökum í máli þessu.

Kröfu um bætur fyrir fjárhagstjón reisir stefnandi á því, að hann hafi eytt tíma sínum og fjármunum vegna tilrauna sinna til að fá að kynna sér fyrrgreind gögn, sem lögð hafi verið til grundvallar, er honum var sagt upp störfum.

2. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að engan veginn verði séð, að ákvæði laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989, um kerfisbundna skráningu einkamálefna geti skotið beint stoð undir kröfu stefnanda um afhendingu viðtala þeirra við öryrkja á Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, sem stefnandi krefst afhendingar á. Skýrslurnar og þau viðtöl, sem þau vísa til, hafi ekki verið teknar saman sem hluti af kerfisbundinni skráningu í skilningi 1. gr. laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989. Tilefni þess, að upplýsingarnar voru teknar saman og unnar upp í skýrslu, sé ákveðið einstakt tilvik, þ. e. a. s. vandkvæði, sem upp hafi verið komin í samskiptum manna í milli um á þessum verndaða vinnustað. Hafi þessum upplýsingum verið ætlað það markmið að greina vandann og finna leiðir til að bæta vinnustaðinn og líðan öryrkjanna, sem þar vinna, svo að starfsemin gegndi því hlutverki, sem slíkum stofnunum sé ætlað lögum samkvæmt. Ekki sé fallist á það með umboðsmanni Alþingis, að í reglum IV. kafla laga nr. 39/1985 og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 komi fram slíkt löggjafarviðhorf, að af þeim verði dregnar meginreglur um rétt manna til að kynna sér almennt upplýsingar, sem til eru um þá hjá stjórnsýslunni, og að stjórnvöldum sé almennt óheimilt að lofa trúnaði við upplýsingagjöf, nema sérstaklega standi á. Slík al-

menn meginregla hafi ekki verið tíðkuð í íslenskri dómaframkvæmd, og dómstólar hafi þvert á móti játað víðtækri þagnar- og trúnaðarkvöð utan vébanda sérreglna um það efni. Stefndu mótmæla því, að skýrslurnar hafi verið teknar saman af annarlegum hvötum í því skyni að afla upplýsinga um stefnanda til að koma á hann höggi og að hann hafi ekki átt þess kost að tjá sig, áður en þær voru teknar saman. Við hann hafi verið rætt eins og aðra. Hafi öllum viðmælendum verið ljóst tilefni og markmið starfs þeirra Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar og þeir fallist á að veita skýrsluhöfundum upplýsingar gegn fyllsta trúnaði. Á vernduðum vinnustað starfi fólk, sem sökum andlegra og líkamlegra örkumla sinna er ekki tilbúið til starfa á almennum vinnustöðum. Í slíkri starfsemi sé hætt við því, að vanmáttur starfsmanna leiði til þess, að þeir telji sig sérstaklega háða velvild yfirmanna sinna og séu einfaldlega af ótta ófúsir til að greina hreinskilnislega frá stöðu sinni og aðstöðu á vinnustað af ótta við að baka sér reiði og óvild, er kynni að koma niður á afkomu þeirra og líðan. Lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983, sbr. nú lög nr. 52/1992, viðurkenni mikilvægi virks eftirlits með stofnunum fatlaðra og nauðsyn þagnarskyldu í þeirri starfsemi. Í 42. gr. laga nr. 41/1983 sé einmitt lagt fyrir sérhvern þann, sem starfar samkvæmt þeim lögum, að gæta fyllstu þagmælsku um það, sem hann kemst að í starfi sínu, og sama komi fram í lögum nr. 52/1992. Upplýsingar, sem veittar séu vegna eftirlits með stofnunum fatlaðra eða í þágu stjórnunar slíkra stofnana til að tryggja, að vinnustaðurinn starfi í samræmi við markmið sín, séu þar eigi undanskildar. Slíkt eftirlit og starf varði einmitt, hvernig til tekst í hverju einstöku tilviki við að veita hinum fatlaða þá þjálfun og hæfingu, sem stefnt er að í starfsemi stofnunarinnar. Þegar þetta allt sé virt, sé einsýnt, að nauðsyn þagnarverndar hljóti að verða að meta meiri en hugsanlega hagsmuni stefnanda af því að kynna sér almennt þær upplýsingar í viðtölunum, sem varða hann sjálfan.

Stefndu vísa skaðabótakröfu stefnanda algjörlega á bug, hún sé vanreifuð og engin gögn færð henni til stuðnings. Verði ekki annað séð af rökstuðningi fyrir grundvelli hennar en hún lúti að atriðum, sem varði kostnað af undirbúningi málareksturs þessa. Verði lagagrundvelli hennar því ekki fundinn staður nema í reglum um málskostnað.

IV.

Svo sem rakið hefur verið, hóf stefnandi baráttu sína fyrir því að fá afhentar þær skýrslur, sem mál þetta tekur til, eftir starfslok sín hjá Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum 31. janúar 1988. Í upphafi var stefnanda neitað um nokkurn aðgang að skýrslunum, en hann hefur síðan í áföngum fengið skýrslurnar í hendur að því marki, sem þær varða hann, síðast á

dómþingi 3. júní sl. Eftir stendur þá sú krafa stefnanda að fá afhent viðtöl þau við starfsmenn og öryrkja á Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum að því leyti, sem þau varða hann, en viðtöl þessi fylgdu síðari skýrslu Önnu Karinar Júlíussen félagsráðgjafa og Brynjars Eiríkssonar sálfræðings til stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum.

Fram er komið í málinu, að þau Anna Karin og Brynjar hétu starfsmönnum og öryrkjum fyllsta trúnaði um, að þær upplýsingar, sem fram kæmu í viðtölum við þá, yrðu eigi lagðar fyrir aðra en yfirstjórn hins verndaða vinnustaðar. Það er skoðun dómsins, að með viðtölunum hafi eigi verið um að ræða kerfisbundna skráningu einkamálefna af hálfu ofangreindra sérfræðinga í skilningi laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989, heldur hafi þau verið hluti af upplýsingaöflun þeirra í þeim tilgangi að greina á faglegan hátt þann vanda, sem fullljóst þykir, að til hafi verið að dreifa á nefndum vinnustað.

Þá er það álit dómsins, að eins og málið er lagt fyrir dóminn, hafi brýna nauðsyn borið til þeirra aðgerða, sem svæðisstjórn Suðurlands greip til með ráðningu fyrrnefndra sérfræðinga, þar sem slík vandkvæði voru orðin á samskiptum manna á nefndum vinnustað, að í óefni var komið. Upplýst þykir, að bæði starfsmenn og öryrkjar hefðu alls ekki fallist á að ræða ástandið á vinnustaðnum og þar með einstakar persónur, væri þeim ekki heitið fullum trúnaði af hálfu sérfræðinga þeirra, sem við þá ræddu.

Þegar allt framangreint er virt, verður að telja, að setja verði hagsmuni þeirra einstaklinga, sem heitið var trúnaði, og þá hagsmuni hins opinbera að geta á viðunandi hátt haldið úti þeirri starfsemi fyrir fatlaða, sem hér um ræðir, ofar hagsmunum stefnanda að fá afhent umrædd viðtöl við starfsmenn og öryrkja á nefndum vinnustað. Ber af þeim sökum að sýkna stefndu, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. júlí 1995.

Nr. 217/1995. **Olíufélagið hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1995, er barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi svo og öll meðferð málsins í héraði frá og með 11. nóvember 1994 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar nýs úrskurðar. Í fyrstu varakröfu krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og felld úr gildi fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík 8. september 1994 í fasteigninni Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík fyrir 115.755.622 krónum, þ. e. vegna gjaldáranna 1988-1993, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Önnur varakrafa hans er sú, að fjárnámsgerðinni verði breytt á þann veg, að hún nái einungis til 36.136.810 króna, þ. e. vegna gjaldáranna 1992 og 1993, auk dráttarvaxta og kostnaðar, og loks er það þriðja varakrafa hans, að fjárnámsgerðin verði ekki látin ná til 9.813.623 króna vegna gjaldársins 1993 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Í öllum tilvikum gerir hann kröfu um málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Sóknaraðili reisir aðalkröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins í fyrsta lagi á því, að aðstaða dómara málsins, Ingveldar

Einarsdóttur, sem hafi fyrst farið með málið sem fulltrúi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur og síðan sem settur héraðsdómari, hafi verið slík, að hún hafi ekki mátt fara með það, sbr. dóm Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994. Dómarinn var fulltrúi dómstjóra við fimm fyrirtektir málsins fyrir aðalmeðferð þess, en þá voru lögð fram skjöl og ákveðnir frestir í málinu. Við aðalflutning málsins 10. maí og uppkvaðningu úrskurðar 2. júní 1995 hafði dómarinn verið settur héraðsdómari frá 1. maí 1995 til 30. júní sama ár.

Með hliðsjón af því, að afskipti dómarans af málinu sem fulltrúi dómstjóra voru eingöngu fólgin í móttöku skjala og ákvörðunum um fresti, þykja þau ekki eiga að leiða til ógildingar á meðferð málsins í héraði.

II.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína í öðru lagi á því, að héraðsdómarinn hefði átt að kveðja til sérfróða meðdómendur, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem hér eigi við samkvæmt 94. gr. laga nr. 90/1989. Einnig hafi einstakar málsástæður sóknaraðila um efnislegt réttmæti skattkröfu varnaraðila, sem fjárnám byggðist á, ekki verið teknar til sérstakrar úrlausnar í úrskurði héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989.

Mál þetta er rekið samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989, sem fjallar um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarar. Aðfarargerð sú, sem fjallað er um í málinu, fór fram að beiðni varnaraðila sem innheimtustofnunar fyrir hönd ríkissjóðs og varðar tekju- og eignarskatt sóknaraðila á árunum 1988-1993 og ágreining um túlkun laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Skattyfirvöld endurákvörðuðu áður álögð gjöld sóknaraðila fyrir ofangreind ár. Í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi krafðist sóknaraðili ógildingar gerðarinnar í heild eða að hluta, þar sem hann taldi þessar endurákvarðanir ekki standast. Voru málsástæður hans til stuðnings kröfunum settar fram í sóknarskjölum málsins.

Líta verður svo á, að í 92. gr. laga nr. 90/1989 felist heimild til að bera undir héraðsdómara öll atriði, er varða aðfarargerð, sem lokið er, þar á meðal efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi dómstóll ekki áður tekið afstöðu til þess, sbr. og 95. gr. laganna.

Styðst þetta við ummæli í greinargerð með frumvarpi að lögunum og einnig áratuga-réttarframkvæmd um úrskurðarvald fógetaréttar um skattskyldu, áður en núgildandi lög um aðför voru sett. Sóknaraðili átti því skýlausan rétt til þess að fá úrlausn héraðsdómara um réttmæti þeirrar kröfu, sem aðför sýslumannsins í Reykjavík 8. september 1994 náði til. Í hinum kærða úrskurði var ekki tekin rökstudd afstaða til þeirra málsástæðna um lögmæti umræddra skattkrafna, sem sóknaraðili setti fram og studdi við kröfur sínar. Fullnægir úrskurðurinn að þessu leyti ekki ákvæðum 1. mgr. 114. gr., einkum f-liðar, laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og meðferð málsins frá og með 10. maí 1995 og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og uppkvaðningar nýs úrskurðar.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins frá og með 10. maí 1995, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. maí 1995 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Olíufélagið hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139, sem fram fór í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, verði felld úr gildi, en til vara, að henni verði breytt þannig, að hún verði einungis látin taka til tilgreindra opinberra gjalda vegna gjaldáranna 1992 og 1993, en til þrautavara, að hún verði ekki látin taka til gjalda vegna gjaldársins 1993. Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu að mati réttarins og verði í því efni tekið tillit til málareksturs fyrir skattyfirvöldum hingað til.

Þá er gerð sú krafa, verði aðfarargerðin staðfest að einhverju leyti, að í

úrskurði dómsins verði kveðið á um, að málskot úrskurðarins fresti frekari fullnustugerðum.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að dómurinn staðfesti með úrskurði aðfaragerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139, sem fram fór 8. september 1994 að kröfu varnaraðila í máli þessu, í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fyrir 117.108.384 kr. auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Þá gerir varnaraðili kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

– – –

Niðurstaða.

Mál þetta er rekið til úrlausnar ágreiningi eftir lok aðfaragerðar, og eiga því reglur 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför við um málsmeðferð. Samkvæmt 95. gr. laganna á úrskurður dómara einungis að kveða á um, hvort aðfaragerð skuli staðfest, hún ógilt eða henni breytt, en kröfur málsaðila í málum þessum geta lotið að hverju atriði sem er, sem varðar gerðina, frá upphafi til enda, eða efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi dómstóll ekki áður tekið afstöðu til málefnisins.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu byggjast annars vegar á því, að sýslumanni hafi borið að taka mótmæli sóknaraðila til rökstuddrar og skriflegrar úrlausnar, og vísar hann í því sambandi til 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga, en hins vegar eru kröfur sóknaraðila studdar því, að efnislegur grundvöllur kröfunnar sé rangur. Verður fyrst fjallað um fyrri málsástæðu sóknaraðila.

Ákvæði laga nr. 90/1989 um aðför eiga að stuðla að hraðri og einfaldri meðferð aðfararbeiðna hjá sýslumanni, og er sérstaklega kveðið á um meðferð sýslumanns á mótmælum, sem fram koma af hálfu gerðarþola við framgangi aðfaragerðar í 27. gr. laganna. Í 1. mgr. 27. gr. laganna er kveðið á um, að sýslumaður skuli taka afstöðu til mótmælanna með ákvörðun sinni þegar í stað, er þau hafa komið fram. Mótmæli gerðarþola, þ. e. sóknaraðila í máli þessu, voru lögð fram við fyrirtekt aðfaragerðar, og tók sýslumaður í þeirri fyrirtöku afstöðu til mótmælanna, enda er gert ráð fyrir því, að ákvörðun sé tekin án umhugsunarfrests. Telja verður eðlilegt og í samræmi við þá hröðu málsmeðferð, sem lögin um aðför eiga að tryggja, að ekki sé unnt að gera þær kröfur, að slíkar ákvarðanir sýslumanns séu rökstuddar og skriflegar.

Fram kemur í gögnum málsins, að greiðslustöðuyfirlit ásamt skuldbreytingarseðlum, sem sýndu breytingu gjalda í samræmi við úrskurð skattstjóra, lágu frammi við fyrirtekt sýslumanns á aðfararbeiðni. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga á sýslumaður einungis í undantekningartilvikum að

stöðva framgang gerðar vegna mótmæla gerðarþola, m. a., þegar veruleg líkindi eru til, að krafa gerðarbeiðanda standist ekki lög. Það er því ekki nægilegt, að gerðarþoli dragi í efa réttmæti kröfu gerðarbeiðanda. Með hliðsjón af eðli kröfu varnaraðila, sem er krafa vegna opinberra gjalda, er skattstjóri hefur úrskurðað um, svo og með skírskotun til 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga verður að telja, að fulltrúi sýslumanns hafi í hvívetna gætt þeirra lagaákvæða, sem honum bar að gæta vegna fram kominna mótmæla gerðarþola. Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 koma hér ekki til skoðunar, enda er sérstaklega kveðið á um í 2. gr. þeirra laga, að þau gildi ekki um aðfarargerðir.

Verður þá vikið að þeirri málsástæðu sóknaraðila, að hinn efnislegi grundvöllur skatthækkana skattstjórans í Reykjavík, er hann endurákvarðaði sóknaraðila opinber gjöld, hafi verið rangur og aðfarargerð af þeim sökum ógildanleg. Við mat á þeirri málsástæðu þarf að skoða grundvallaratriði í réttarsambandi aðila, en einungis að því marki, sem nauðsynlegt er til að geta lagt úrskurð á, hvort aðfarargerð skuli staðfest, henni breytt eða hún ógilt, enda skal úrskurður dómara ekki kveða á um annað. Í máli þessu er aðfararheimild varnaraðila krafa vegna opinberra gjalda, sem lögð eru á með lögum, en sóknaraðili hefur neytt þeirra kæruleiða, sem honum eru færar innan skattstjórnsýslunnar, í því skyni að fá endurákvörðun skattstjóra hnekkt, og hefur yfirskattanefnd nú ágreiningsefnið til meðferðar. Sóknaraðili hefur lagt fram mikinn fjölda gagna til stuðnings kröfum sínum. Í þeim er þó hvorki að finna vísbendingu um, að málsmeðferð hjá skattyfirvöldum hafi verið ólögmæt, né þykja þau gefa ástæðu til að ætla, að vafi geti leikið á um efnislegt réttmæti kröfu varnaraðila. Með vísan til þessa ber að hafna kröfum sóknaraðila og fallast á kröfur varnaraðila. Í málinu þykja ekki efni til að fallast á kröfu sóknaraðila um, að málskot úrskurðar til æðra dóms fresti fullnustugerðum, og er henni því hafnað.

Eftir atvikum málsins þykir hæfilegt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Öllum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Staðfest er aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139 frá 8. september 1994, þar sem gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 6. júlí 1995.

Nr. 224/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Hildi Fríðu Þórhallsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður ekki fallist á, að um skilyrði gæsluvarðhalds sé að ræða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákæra ríkissaksóknara frá 20. júní 1995 á hendur varnaraðila varðar fjársvikabrot hennar á tímabilinu september 1994 til febrúar 1995. Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald snýr að ellefu öðrum málum frá tímabilinu febrúar til maí 1995, sem varnaraðili er sökuð um aðild að. Samkvæmt þessu er nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

Ár 1995, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar

1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að Hildi Friðu Þórhallsdóttur, kt. 251068-3139, Kambaseli 56, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hennar, en hún er grunuð um brot gegn 248. gr. og 244. gr. eða 254. gr., sbr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða var handtekin aðfaranótt 19. júní sl., en hún hafði verið eftirlýst um skeið vegna grunar um aðild að innbrotsþjófnuðum, fjársvikum og skjalafalsi.

Til rannsóknar eru hjá RLR 11 mál, sem kærða er grunuð um aðild að og framin voru frá því í lok desember 1994 og til apríl 1995. Hefur kærða viðurkennt aðild að öllum málunum, sem lúta öll nema eitt að tékkasvikum. Hefur hún viðurkennt að hafa ritað nafn sitt sem útgefandi og framseljandi á fjölda tékka, og skiptir andvirði þeirra hundruðum þúsunda króna. Eru flestir tékkanna komnir úr tékkheftum, sem stolið hefur verið í innbrotum í fyrirtæki í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum fyrr á þessu ári og í lok hins síðasta, en innbrot þessi eru óupplýst. Kærða hefur lýst því, að tékkaeyðublöðin, sem hún notaði til fjársvikanna, hafi hún fengið hjá Ragnari Erni Eiríkssyni, kt. 090560-5819, en kveðst ekkert vita um það, hvernig Ragnar Örn hafi komist yfir þau. Neitar kærða allri aðild að innbrotsþjófnuðum. Fyrrgreindur Ragnar Örn Eiríksson var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 21. júní sl., hnepptur í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 með skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, aðallega vegna rannsóknar á þeim afbrotum, sem kærða er hér sökuð um að eiga aðild að.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins telst kærða vera undir rökstuddum grun um að hafa framið þau hegningarlagabrot, sem henni eru gefin að sök og varðað geta hana fangelsisrefsingu. Hinn 19. júní sl. var kærða úrskurðuð í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til dagsins í dag.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin, þótt ekki sé henni lokið. Um rökstuðning fyrir kröfu sinni um nauðsyn áframhaldandi gæsluvarðhalds yfir kærðu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vísar RLR til þess, að með öllu skorti upplýsingar um það, með hvaða hætti kærða hafi komist yfir tékkaeyðublöð þau, sem ljóst sé, að stolið hafi verið í innbrotum og kærða notað sviksamlega í lögskiptum. Þá neiti kærða með öllu aðild að innbrotunum, þótt sammerkt sé þeim tékkum, sem fram eru komnir, að allir hafa þeir farið um hendur kærðu og öllum verið stolið í innbrotum. Eins og framburði kærðu sé háttað, sé ljóst, að kærða búi a. m. k. yfir vitn-

eskju, hverjir þeir eru, sem útvega kærðu tékkaeyðublöðin og þá langlíklegast einnig stolið þeim. Þá sé eftir að yfirheyra meðkærða, Ragnar Örn, í mörgum málanna, og ekki séu allir tékkar úr stolnum tékkheftum fram komnir.

Umfang máls þessa, sem hér er til rannsóknar, hefur ekki aukist á þeim 11 dögum, sem kærða hefur setið í gæsluvarðhaldi. Með vísan til framanritaðs verður ekki séð, að enn sé um að ræða þá rannsóknarhagsmuni, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sem réttlæti áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærðu á þeim grundvelli.

Hinn 20. júní sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærðu fyrir fjársvikabrot, að mestu framin frá því í september 1994 og fram í febrúar sl., og eru tékkar, sem kærða er sökuð um að hafa notað í viðskiptum, rúmlega 50 talsins. Þá er kærðu einnig gefið að sök að hafa í september 1994 þegið gistingu og veitingar á þremur hótelum án þess að hafa greitt fyrir og hafa fyrir fram ákveðið að greiða ekki fyrir þjónustuna. RLR vísar einnig til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 kröfu sinni til stuðnings, þar sem hætta sé á, að kærða muni halda áfram brotum, meðan máli hennar sé ekki lokið. Er í því sambandi vísað til þess, að í ákæru þeirri, sem liggur frammi í réttinum, sé lýst afbrotahrinu kærðu í september, október og desember 1994, sem sé áþekk þeirri, er nú sé til rannsóknar. Beri þetta því ótvírætt vitni, að ætla megi, að kærða muni halda áfram afbrotum, meðan máli hennar er ólokið, verði hún látin laus.

Fallast verður á það með vísan til framanritaðs, að veruleg hætta sé á, að kærða muni halda áfram afbrotum, meðan málum hennar er ólokið, verði hún látin laus. Með vísan til þess og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærðu tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærða, Hildur Fríða Þórhallsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið upp kveðinn upp í málum hennar.

Þriðjudaginn 11. júlí 1995.

Nr. 236/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Magnúsi Björgvini Sveinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 6. júlí 1995, um staðfestingu á ákvörðun sóknaraðila um, að varnaraðili, sem er í gæsluvarðhaldi til 4. ágúst nk., sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og aflétt verði framangreindum ráðstöfunum. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili ákvað, að varnaraðili skyldi sæta einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga á grundvelli 1. mgr. 16. gr., 1. mgr. 59. gr., 2. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 41. gr. reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Varnaraðila er heimilt að bera þessar ákvarðanir undir héraðsdóm, samanber 3. mgr. 108. gr. sömu laga.

Einangrun felur í sér bann við samneyti við aðra fanga, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 179/1992. Verður því ekki tekin sérstök ákvörðun um slíkt bann.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 1995.

Beiðni Magnúsar Björgvins Sveinssonar, sem móttekin var í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr í dag, er lögð fyrir dóminn á grundvelli 1. og 3. mgr. 108. gr., sbr. og 75. gr. laga nr. 19/1991, og var hún einnig tekin til úrskurðar fyrr í dag að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Magnús Björgvin Sveinsson gerir þá kröfu, að sú ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga, verði aflétt.

Rannsóknarlögregla ríkisins krefst þess, að staðfest verði, að Magnús Björgvin sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga.

Magnúsi Björgvini Sveinssyni var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1995 gert að sæta gæsluvarðhaldi til 4. ágúst 1995. Samfara þeim úrskurði tók dómari ákvörðun um, að Magnús Björgvin skyldi sæta einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 5. júlí nk. 1995 kl. 16.00. Fram er komið, að Rannsóknarlögregla ríkisins afhenti fangavörðum í Síðumúlafangelsi vistunarseðil í gær, þar sem fyrirskipað var, að Magnús Björgvin sætti einangrun allt til 4. ágúst nk. kl. 16.00.

Beiðandi reisir kröfu sína á því, að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi hundsað óáfrýjaða ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. júní sl. um tilhögun gæsluvarðhaldsvistarinnar, en rétt hefði verið, að hún óskaði eftir breytingu fyrir dóminum. Það sé grundvallarregla, að framkvæmdarvaldinu beri að framfylgja dómum og úrskurðum og ákvörðunum, sem lögmætir dómstólar ákveði. Þá hafi ekki verið sýnt fram á haldbær rök til framlengingar á einangrunarvist Magnúsar Björgvins, og beri því ákvörðun rannsóknarlögreglunnar keim af því, að verið væri að þvinga fangann til sagna.

Af hálfu beiðanda er á það bent, að samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 beri að forðast að beita fanga hörku og harðýðgi, en svo hafi verið gert í þessu máli.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður það réttan framgang, að hún taki ákvörðun um tilhögun gæsluvarðhaldsvistarinnar, sem gæsluvarðhaldsfanginn geti borið undir héraðsdóm. Þar eð ákvörðun dómara um einangrun Magnúsar Björgvins hefðu verið sett tímamörk, hefði rannsóknarlögreglan gefið út nýjan vistunarseðil um tilhögunina í gær, þegar einangrun var lokið samkvæmt áðurnefndri ákvörðun dómara.

Þá bendir rannsóknarlögreglan á, að rannsókn málsins sé mjög umfangsmikil og taki lengri tíma en ætla mætti, þar eð Magnús Björgvin hafi lítið

viljað tjá sig um sakarefnið. Enn þurfi að yfirheyra aðra menn vegna þessa máls, og enn sé þýfis leitað.

Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga heimilt að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara eftir ákvæðum 75. gr. sömu laga. Ákvæði 75. gr. heimila, að undir dómara verði borinn ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreiningur um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Verður því að telja, að ágreiningur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar Magnúsar Björgvins Sveinssonar hafi borist dóminum með þeim hætti, sem lög nr. 19/1991 mæla fyrir um.

Með vísan til rannsóknargagna ber að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að rannsókn máls þessa sé mjög umfangsmikil. Enn er eftir að ná til manna, sem yfirheyra þarf vegna rökstudds grunar um að hafa staðið að brotum með Magnúsi Björgvini, auk þess sem enn er ófundið mjög verðmikið þýfi.

Með vísan til alls framanritaðs þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Tilhögun gæsluvarðhaldsvistar Magnúsar Björgvins Sveinssonar skal vera með þeim hætti, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ákveðið samkvæmt framansögðu.

Fimmtudaginn 20. júlí 1995.

Nr. 249/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Sigurði Þór Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1995 verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn til miðvikudagsins 16. ágúst nk. kl. 16.00.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1995 var varnaraðila dæmd 60 daga óskilorðsbundin fangelsisrefsing. Varnaraðili hefur ekki hafið afplánun þeirrar refsingar. Þegar af þeirri ástæðu verður gæsluvarðhaldsvist eigi reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um gæsluvarðhald varnaraðila á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1995.

Ár 1995, laugardaginn 15. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að Sigurði Þór Sigurðssyni, kt. 191252-5439, Dvergabakka 14, Reykjavík, verði gert að sæta

gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. ágúst næstkomandi kl. 16.00, en hann er grunaður um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot gegn umferðarlögum nr. 50/1987.

Kærði var handtekinn síðastliðna nótt á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut, en þá var kærði staddur utan við Toyota Corolla-bifreið, rauða að lit, og voru skráningarmerki bifreiðarinnar MS-432. Hann neitaði því að hafa ekið bifreiðinni, en samkvæmt rannsóknargögnum málsins, m. a. skýrslu rannsóknarlögreglumanns, er fyrir liggur í málinu, var fylgst með ferðum bifreiðarinnar, og bar rannsóknarlögreglumaðurinn kennsl á ökumann hennar sem kærða. Rannsóknarlögreglumaðurinn missti aldrei sjónar á bifreiðinni, og sá hann, hvar kærði steig út úr bifreiðinni á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut, en þar var hann handtekinn skömmu síðar. Skipt hafði verið um skráningarnúmer bifreiðarinnar, en skráningarnúmer hennar hafði áður verið NH-488. Bifreiðinni var stolið í innbroti í Bílamarkaðinn, Smiðjuvegi 46 E, Kópavogi, 29. júní sl. Fleiri munum var einnig stolið í því innbroti. Við húsleit hjá kærða í dag fundust munir, sem stolið var í innbroti í Linsuna, Grjótagötu 6, Reykjavík, í innbroti 13. júlí sl. Kærði gaf fyrir réttinum skýringar á því, hvernig munir þessir hefðu komist inn á heimili sitt. Einnig gaf hann skýringu á veru sinni á bensínstöð Shell við Reykjanesbraut síðastliðna nótt. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður þó að telja skýringar kærða ótrúverðugar.

Kærði á langan sakaferil að baki. Hann hlaut síðast dóm í Héraðsdómi Vesturlands 13. apríl 1994. Þá hafa rannsóknargögn máls, er varða ætlað þjófnaðarbrot kærða og fleiri aðila í Ólafsvík í apríl sl., verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar, en í því máli fannst þýfi á heimili kærða.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins verður að fallast á, að hætta sé á, að kærði haldi áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Þá er einnig hætta á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, verði hann látinn laus, en rannsókn máls þessa er á frumstigi. Ber því með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, þó þannig að kærði sæti eigi lengur gæsluvarðhaldi en til miðvikudagsins 2. ágúst nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 2. ágúst næstkomandi kl. 16.00.

Föstudaginn 11. ágúst 1995.

Nr. 269/1995. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Runólfi Oddssyni

Kærumál. Leit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1995, sem barst réttinum 3. ágúst sl. Krefst hann þess, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1995 um heimild lögreglustjórans í Reykjavík til húsleitar á heimili varnaraðila eða bifreið hans að tveimur hundum, verði úr gildi felldur og honum tildæmdur kærumálskostnaður. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili kveðst fyrst hafa fengið hinn kærða úrskurð í hendur 25. júlí sl., eftir að hann hafði fengið vitneskju um hann daginn áður. Telst kæran fullnægja ákvæðum 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurðar verði staðfestur.

Í kæru sinni til Hæstaréttar kveðst varnaraðili ekki vera með ólöglega hunda á heimili sínu. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að upplýsingar hafi borist um það frá yfirvöldum á Selfossi, að annar hunda varnaraðila væri nú skráður þar. Hins vegar segir sóknaraðili, að ekki sé vitað með vissu um geymslustað hins hundsins. Í gögnum málsins kemur fram, að hann hefur ekki verið að Álakvísl 126 í Reykjavík eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar.

Rúmur mánuður er liðinn, frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp. Fram er komið í málinu samkvæmt framansögðu, að aðstæður eru nú aðrar en voru við uppkvaðningu úrskurðarins. Sóknaraðili hefur því ekki sýnt fram á, að efni séu til að láta úrskurðinn standa áfram, og verður hann því felldur úr gildi. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1995.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að heimiluð verði með dómsúrskurði húsleit að tveimur óleyfilegum hundum að Álakvísl 126 í Reykjavík, heimili Runólfs Oddssonar, kt. 290656-4519, og einnig í bifreið hans, IC-606.

Lögreglan kveður Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa farið þess á leit við lögreglu, að hún veitti aðstoð við að taka tvo hunda og færa í geymslu á Dýraspítalann. Borgarráð hafi afturkallað leyfi eiganda hundanna frá og með 1. júní sl., og hafi hann því ekki tilskilin leyfi fyrir hundunum, auk þess sem sameigendur Runólfs að Álakvísl 124-136 hafi kvartað undan þeim. Lögreglan hafi margsinnis reynt að ná sambandi við Runólf án árangurs. Þá hafi lögmaður Runólfs fullyrt í fram lögðu bréfi, að Runólfur muni ekki sjálfviljugur afhenda öðrum hundana. Þá er vitnað til þeirrar afstöðu Hollustuverndar ríkisins að mæla ekki með því, að aðgerðum verði frestað, á meðan málið er til meðferðar.

Lögreglan kveðst rannsaka ætluð brot gegn samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989, lögum um hundahald nr. 7/1953 og lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og kveðst einnig vísa til 1. mgr. 89., sbr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991 varðandi kröfu um húsleit.

Með vísan til alls framanritaðs, rannsóknargagna málsins og skírskotun til 1. mgr. 89. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að veita lögreglustjóranum í Reykjavík heimild til leitar á framangreindum stöðum, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að gera húsleit að tveimur óleyfilegum hundum að Álakvísl 126 í Reykjavík á heimili Runólfs Oddssonar, kt. 290656-4519, og einnig í bifreið hans, IC-606.

Föstudaginn 11. ágúst 1995.

Nr. 273/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Magnúsi Björgvini Sveinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn til 15. september nk. kl. 16.00.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu verður úrskurðurinn staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. ágúst 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að gæsluvarðhaldsvist, er Magnús Björgvin Sveinsson, kt. 201066-3289, hefur sætt frá 16. júní sl., verði framlengd allt til föstudagsins 15. september nk. kl. 16.00.

Með úrskurðum 16. og 23. júní sl. var Magnúsi Björgvini Sveinssyni gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna fjársvikabrota. Þá lá fyrir 31 kæra um fjársvik á hendur kærða. Frá 23. júní sl. hefur RLR tekið upp rannsókn á 14 fjársvikabrotum, sem kærði er grunaður um. Að jafnaði er um að ræða kaup á vörum allt frá liðlega 10.000 krónum upp í rúmlega eina milljón króna.

Kærði viðurkennir kaup á varningi þeim, sem um ræðir, og útgáfu tékka, þegar um þá er að ræða, en þeir hafa allir reynst innstæðulausir og kærði ekki greitt að neinu leyti vörur þær, sem hann hefur keypt. Þá kveðst hann

ekki muna, hvar hinir keyptu munir eru niður komnir, og hafa þeir ekki fundist.

Sýnilegt er, að kærði hefur gerst sekur um stórfellda fjársvik. Ekki er trúverðugt minnisleysi hans um, hvað hann hafi gert við vörur þær, er hann keypti. Rannsókn málsins er langt komin, nema hvað vörur þessar hafa ekki fundist. Rannsóknarlögreglan styður kröfu sína við a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki verður fallist á, að unnt sé að beita gæsluvarðhaldi með heimild í c-lið, eins og hér stendur á, en kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 16. júní sl. Hins vegar ber að fallast á, að rannsóknarhagsmunir standi til þess, að gæsluvarðhald kærða verði framlengt, þó ekki svo lengi sem lögregla krefst.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verði gæsluvarðhald kærða framlengt allt til föstudagsins 18. ágúst nk.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Björgvin Sveinsson, sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. ágúst nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 15. ágúst 1995.

Nr. 275/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Steinari Braga Lemacks Jósefssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. ágúst sl., sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995, eins og krafist var í héraði.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að verknaði, sem um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður krafa sóknaraðila tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1995.

Ár 1995, föstudaginn 11. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Steinari Braga Lemacks Jósefssyni, kt. 230378-5259, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. september nk. kl. 16. Lagaákvæði, sem ætluð brot þykja varða við, eru 244. gr. eða 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi kærða mótmælti kröfu um gæsluvarðhald, en krafðist þess til vara, að varðhaldinu yrði markaður skemmri tími.

Kærði var handtekinn laust eftir kl. 3 sl. nótt ásamt öðrum manni, þar sem þeir voru á leið frá bifreið, er stóð við húsið nr. 20 við Skaftahlíð. Skömmu áður hafði lögreglu verið tilkynnt, að tveir menn væru að fara inn í bifreiðar við Skaftahlíð/Lönguhlíð. Þegar lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir, að afturljós loguðu á bifreiðinni R-77595, þar sem hún stóð við framangreint hús. Er lögreglumenn nálguðust bifreiðina, fóru tveir menn úr henni og gengu brott og voru þá handteknir.

Kærði hefur játað að hafa brotist inn í bifreiðina í félagi við manninn, sem handtekinn var með honum. Hann gerir lítið úr hlut sínum í málinu. Maðurinn, sem var með kærða, viðurkennir, að tilgangurinn hafi verið að nota bifreiðina til að flytja muni milli staða, en að því búnu hafi átt að skila henni á sama stað. Ber maðurinn, að kærði hafi spennt upp hurð bifreiðarinnar með skrúfjárni. Sjálfur hafi hann ætlað að aka henni, en þeir hafi ekki verið byrjaðir að reyna að gangsetja bifreiðina, þegar þeir urðu varir við lögreglu. Þeir hafi lagt upp í för frá dvalarstað kærða þeirra erinda að verða sér úti um bifreið og verið búnir að koma auga á bifreið neðar í sömu götu, en horfið frá því að brjótast inn í hana, þar sem þeir hafi séð, að fylgst var með þeim úr íbúð í nálægu húsi.

Kærði var dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar með dómi 15. mars sl. Hann hefur afplánað þá refsingu að hluta, en var veitt reynslulausn 1. júlí sl.

Grunur beinist að kærða um tilraun til innbrotsþjófnaðar í hús eitt hér í borg aðfaranótt sl. mánudags. Gerð var krafa um gæsluvarðhald, en með úrskurði, upp kveðnum sl. þriðjudag, var kröfunni hafnað.

Frásögn kærða í máli því, sem verið er að rannsaka, miðar að því að gera hlut sinn sem minnstan. Skýrsla félaga hans er á hinn bóginn trúverðug. Rökstuddur grunur er um aðild kærða að máli því, sem hann var handtekinn út af sl. nótt. Þegar litið er til fyrri háttsemi kærða, en hann hefur á tæpum 11 mánuðum sjö sinnum sætt gæsluvarðhaldi, og að hann virðist ekki ætla að láta skipast við reynslulausn, er full ástæða til að ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Með vísan til þess og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina,

þó þannig, að gæsluvarðhaldið vari ekki lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.

Fimmtudaginn 24. ágúst 1995.

Nr. 283/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Birgi Þór Birgissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst sl., sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995, eins og krafist var í héraði.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdómara, að skilyrði til gæsluvarðhalds varnaraðila samkvæmt a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 séu fyrir hendi, en telja verður varnaraðila síbrotamann. Samkvæmt því er rétt að fallast á kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Birgir Þór Birgisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Birgi Þór Bragasyni, kt. 210971-4839, án heimilisfangs, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 1. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn af RLR í gærkvöld kl. 20.15, eftir að hans hafði verið leitað um hríð vegna grunar um innbrot.

Aðfaranótt 20. júlí sl. var brotist inn í tvö fyrirtæki á Akranesi, Trésmiðjuna Akur hf., Smiðjuvöllum 9, og Byggingahúsið, Smiðjuvöllum 7. Stolið var Sharp-4500-ferðatölvu á síðarnefnda staðnum og 43–60.000 kr., slípirokk, fræsara, hleðsluskrúfjárni, þráðlausum síma og nokkrum grillkveikjurum. Kærði neitaði aðild að innbrotunum við yfirheyrslu hjá RLR, en játaði í gær fyrir réttinum að hafa framið þessi innbrot og bar enn fremur, að hann hefði verið einn að verki.

Að kvöldi sunnudagsins 6. ágúst sl. var brotist inn í húsið nr. 17 við Barðavog í Reykjavík. Til þjófanna sást á vettvangi, þar sem þeir voru að bera muni úr húsinu í bifreiðina R-12208. Lögreglan fór á heimili eiganda bifreiðarinnar, sem tjáði henni, að hann hefði lánað kærða bifreiðina, og enn fremur, að hann væri sennilega staddur að Dvergabakka 10, Reykjavík. Skömmu síðar fann lögreglan bifreiðina við Dvergabakka 10. Í húsinu fann lögreglan Viðar Daða Einarsson, þar sem hann var að henda hvítum plastpoka í ruslagat. Í poka í ruslatunnunni fann lögreglan m. a. muni, sem annar húsráðenda að Barðavogi 17 hefur borið kennsl á sem muni úr svefnherbergi sínu. Lögreglan hitti ekki kærða í húsinu að Dvergabakka 10 umrætt kvöld, en bróðir kærða, sem staddur var í íbúð þar á annarri hæð til hægri, hefur borið, að kærði hafi komið þangað ásamt Viðari Daða Einarssyni að kvöldi 6. ágúst sl. og þá haft í fórum sínum hvítan plastpoka.

Kærði hefur neitað því að hafa framið innbrotið að Barðavogi 17. Hann hefur viðurkennt að hafa verið með bifreiðina, sem sást til á vettvangi brotsins, að láni, en segir hins vegar, að hann hafi lánað hana vini sínum, Guðmundi, og hafi hann frétt, að Guðmundur hafi brotist inn í hús við Barðavog. Kærði hefur enn fremur neitað því að hafa komið í Dvergabakka 10 kvöldið, sem umrætt innbrot var framið.

Síðari hluta gærdagsins var lögreglunni tilkynnt um innbrot í húsið nr. 17 við Fornastekk. Þar hafði húsráðandi komið að tveimur innbrotsþjófum, sem stukku á brott. Þjófarnir náðu samt að stela úrum, skartgripum og myndavél. Kærði hefur gengist við að hafa verið þarna á ferð ásamt öðrum.

Þær athafnir, sem kærði er grunaður um, geta varðað við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu því varðað hann fangelsi. Þar sem kærði hefur viðurkennt að hafa haft bifreiðina R-12208 að láni á þeim tíma, sem innbrotið var framið, og vegna framburðar bróður kærða, Sveinbergs Þórs Birgissonar, þykir grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu að Barðavogi 17 rökstuddur. Rannsókn þessa innbrots er enn á frumstigi. Lögregla á enn eftir að finna þýfið og manninn, sem kærði hefur bendlað

við innbrotið. Er ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, ef hann væri frjáls ferða sinna, svo sem með því að gera ráðstafanir með þýfið eða hafa áhrif á samseka, sem lögregla leitar nú að.

Kærði hefur hlotið 16 refsidóma frá árinu 1988, og eru þeir flestir vegna þjófnaðarbrota. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann á tímabilinu 12. júlí 1988 til 5. júlí 1994 verið dæmdur til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar í samtals rúm fjögur ár. Hinn 1. febrúar sl. veitti Fangelsismálastofnun ríkisins kærða reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, sem nemur 180 dögum. Auk þeirra brota, sem kærði hefur viðurkennt fyrir réttinum, hefur hann að sögn lögreglu einnig gengist við fjórum þjófnaðarbrotum, fjórum þjófnaðartilraunum og tveimur nytjastuldum á tímabilinu 11. til 30. mars 1995. Rannsóknargögn um þessi mál hafa verið send ríkissaksóknara. Á þeim tíma, sem liðið hefur, frá því að kærða var veitt reynslulausn, hefur hann setið um það bil eina viku í gæsluvarðhaldi og dvalist í um það bil mánuð í Krýsuvík til meðferðar vegna fíkniefnavandamála.

Fyrir réttinum hefur komið fram, að persónulegar og félagslegar aðstæður kærða eru bágar. Hann er heimilis- og atvinnulaus og hefur borið, að hann hafi leiðst að nýju út í afbrot, eftir að hann fékk reynslulausn í febrúar sl., vegna þess að hann hafi fljótlega hafið fíkniefnaneyslu, eftir að hann var laus úr fangelsi.

Ljóst er, að kærði er síbrotamaður, sem á við fíkniefnavanda að stríða. Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir hætta á, að kærði muni halda áfram brotum, á meðan máli hans er enn ólokið.

Samkvæmt a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir því rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til 15. september nk. kl. 16.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Þór Birgisson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 15. september nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 24. ágúst 1995.

Nr. 284/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. ágúst sl., sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995, eins og krafist var í héraði.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður krafa sóknaraðila tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995.

Dómsorð:

Varnaraðili, Heiðar Þór Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. ágúst 1995.

Ár 1995, laugardaginn 19. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, Mánagötu 3, Grindavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. ágúst 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 4.04 sl. nótt af lögreglunni í Reykjavík í kjölfar þeirrar tilkynningar frá lögreglunni í Kópavogi þá fyrr um kvöldið, að kærði hefði komið inn á heimili barna sinna að Hringbraut 50, Hafnarfirði, með afsagaða haglabyssu og skotfæri. Vopnaðir sérsveitarmenn leituðu kærða um kvöldið. Einnig var RLR að leita hans vegna grunar um innbrot að undanförnu. Kærði var handtekinn í bifreiðinni Y-525 á Haðarstíg, skömmu eftir að hann fór á brott úr veitingastaðnum Hafnarkránni í Hafnarstræti. Í bifreiðinni fannst afsöguð haglabyssa, og var hún hlaðin. Í bifreið þeirri, sem kærði kom á að heimili barna sinna, fannst haglabyssa og ýmiss konar skotfæri. Í bílnum fundust tékkar og annað þýfi úr innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, 17. ágúst sl.

Rannsókn lögreglunnar beinist að innbrotum, sem framin voru á tímabilinu 11. til 17. ágúst sl. og hún hefur haft til rannsóknar undanfarið. Um er að ræða eftirfarandi innbrot:

Innbrot, sem framin voru í bankaútibúi Landsbankans og útibúi Pósts og síma í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, á tímabilinu 11. ágúst til 14. ágúst sl. Þjófunum tókst ekki að opna peningaskáp, en í póstafgreiðslunni komust þjófarnir yfir frímerki fyrir u. þ. b. 200.000 kr.

Innbrot í Hótel Bifröst í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl., en þaðan var stolið fjárhæð, sem nemur u. þ. b. 420.000 krónum og leðurskjalatösku.

Innbrot í Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík aðfaranótt 17. ágúst sl., en þaðan var stolið fjármunum, sem nema u. þ. b. 400.000 krónum, tóbaki að verðmæti u. þ. b. 316.000 krónum, haglaskotum og fleira.

Þrjú innbrot á Drangsnesi aðfaranótt 17. ágúst sl., nánar tiltekið í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, bensínafgreiðslu Skeljungs og Hraðfrystihús Hólmadrangs hf. Í þessum þremur innbrotum var stolið fjármunum, að verðmæti u. þ. b. 350.000 kr., og verðmætum tækjum, svo sem tölvu og tölvuprentara.

Kærði er grunaður um að hafa framið ofangreind innbrot ásamt Tómasi Jakobi Sigurðssyni, sem nú sætir gæsluvarðhaldi. Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á ferðalagi fyrir vestan með Tómasi fyrir u. þ. b. tveimur til þremur dögum. Hann hefur neitað aðild að þeim innbrotum, sem honum eru gefin að sök.

Um klukkan 18.00 í gær, föstudaginn 18. ágúst, lagði RLR hald á gífurlegt magn þýfis, sem lögreglan fann í kjallaraherbergi, er hún segir kærða hafa aðsetur í að Stóragerði 10, og er búið að bera kennsl á hluti, sem stolið var í innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík, og Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangsnesi, 17. ágúst sl. Einnig fannst þar gíróseðill vegna stöðumælasektar á bifreiðina OV-633, en til ferða þeirrar bifreiðar

sást í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl. og á Hólmavík og Ströndum 17. ágúst. Á þröskuldi, þar sem gengið er inn í herbergið, fannst hluti af skófari sömu gerðar og skóför, sem RLR hefur fundið á innbrotsvettvangi í Þykkvabæ, Drangsnesi og Hólmavík.

Á veitingastaðnum Hafnarkránni lagði lögreglan í gær, 18. ágúst, hald á stóra svarta ferðatösku, sem full var af tóbaki. Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður hefur borið kennsl á töskuna sem eina af þeim töskum, er stolið var í innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík, 17. ágúst sl. Við yfirheyrslur hjá RLR í dag kvaðst barþjónn á Hafnarkránni, Hafþór Ingi Samúelsson, hafa fengið töskuna ásamt tveimur öðrum töskum og einum trékassa frá kærða til geymslu. Í tveimur af töskunum var mikið magn af vindlingalengjum.

Fyrir réttinum hefur kærði viðurkennt að hafa verið á bifreiðinni KU-494, Subaru-Justy, í gærdag og aðeins fram á kvöldið. Kveðst hann hafa fundið þá muni, sem fundust í bifreiðinni, í herberginu að Stórageröi 10 og freistast til að taka þá með sér. Hann hefur enn fremur borið, að taskan, sem fannst á Hafnarkránni í gær, hafi verið einn þeirra muna. Kærði hefur neitað því, að hann hafi aðsetur í umræddu herbergi, en segist hafa komið þangað áður með Tómasi.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er m. a. eftir að hafa uppi á einhverju þýfi, einkum peningum, þótt töluverður hluti þess sé fundinn. Skýring kærða á ferðum sínum fyrir vestan ásamt Tómasi, sem er einnig grunaður um aðild að innbrotunum, er óljós, og neitun hans við því, að hann hafi umráð yfir herberginu að Stórageröi 10, þykir ótrúverðug í ljósi skýrslu deildarfulltrúa Rannsóknarlögreglu ríkisins, Hannesar G. Thorarensen, þar sem fram kemur, að í gær, þegar rannsóknarlögreglumenn voru í kjallaraherberginu að Stórageröi 10, hafi tveir menn komið þangað þeirra erinda að heimsækja Heiðar Þór Guðmundsson.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur. Þessi brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og gætu því varðað kærða fangelsi. Ástæða þykir til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða með undanskoti þess þýfis, sem lögreglan leitar enn að, ef hann væri frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir því rétt að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, en þó þannig, að kærði sitji eigi lengur inni en til föstudagsins 25. ágúst nk. kl. 17.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. ágúst nk. kl. 17.00.

Föstudaginn 1. september 1995.

Nr. 289/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Tómasi Jakobi Sigurðssyni

(Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1995, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan réttilega til Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Koma því framangreindar kröfur hans ekki til álita.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá brotum þeim, sem varnaraðila eru gefin að sök. Ber að fallast á, að nægilega rökstuddur grunur beinist að honum til þess að telja fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald lýtur að þrettán innbrotum á tímabilinu júní til ágúst 1995, sem varnaraðili er sakaður um aðild að. Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hefur hann á árunum 1979 til 1993 hlotið fjórtán refsidóma, þar af tólf fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Af framangreindum ástæðum er einnig nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995.

Dómsorð:

Varnaraðili, Tómas Jakob Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1995.

Ár 1995, föstudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Tómasi Jakobi Sigurðssyni, kt. 060762-5709, Hraungerði við Suðurlandsveg, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 9. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn lögreglu beinist að innbrotum, sem framin voru á tímabilinu 20. júní til 17. ágúst sl. og hún hefur haft til rannsóknar undanfarið. Um er að ræða eftirfarandi innbrot:

Innbrot í Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík, 8. júlí sl., þar sem stolið var meðal annars tölvu, altarissetti, hökli og útvarpi.

Innbrot í afgreiðslu Landsbanka og útibú Pósts og síma í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, á tímabilinu 11.–14. ágúst sl. Ekki tókst þjófunum að opna peningaskáp bankans, en úr póstafgreiðslunni var hins vegar stolið frímerkjum, að verðmæti u. þ. b. 90.000. kr.

Innbrot í Hótel Bifröst í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl., þar sem stolið var u.þ.b. 420.000 kr. í peningum, ávísunum og greiðslukortanótum auk smáhluta.

Innbrot á Hólmavík aðfaranótt 17. ágúst sl., þar sem stolið var u. þ. b. 200.000 kr. í peningum og 50.000 kr. í ávísunum, kortakvittunum fyrir u. þ. b. 151.000 kr., tóbaki, að verðmæti u. þ. b. 316.000 kr., haglaskotum, tveimur ferðatækjum með geislaspilurum, þráðlausum síma, rakvél, úrum, vasatölvum o. fl.

Innbrot í verslun Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, aðfaranótt 17. þ. m., þar sem stolið var u. þ. b. 200.000 kr. í tékkum og peningum, tóbaki, að verðmæti u. þ. b. 120.000 kr., og geisladiskum og kassettum, að verðmæti rúmlega 200.000 kr.

Innbrot í bensínafgreiðslu Skeljungs, Drangsnesi, aðfaranótt 17. þ. m., þar sem stolið var 31.552 kr. í peningum.

Innbrot í Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangsnesi, þar sem stolið var tölvu ásamt fylgihlutum og prentara.

Stuldur loftpressu úr nýbyggingu við Kleppsveg 62, Reykjavík, sem tilkynnt var um 20. júní sl.

Innbrot aðfaranótt 6. ágúst sl. á vélaverkstæði Síldarvinnslu Neskaupstaðar í Neskaupstað, en þaðan var stolið 50–100.000 kr., þremur símum og tveimur talstöðvum.

Innbrot aðfaranótt 15. ágúst sl. í verslun Skeljungs hf., Seljabót 1, Grindavík, en þaðan var stolið u. þ. b. 50.000 kr., ávísanahefti, faxtæki, tölvu, símboða, nokkrum vinnugöllum og skiptimynt.

Innbrot aðfaranótt 15. ágúst sl. í verslun Olíufélagsins hf., Essó, Seljabót 4, Grindavík, en þaðan var stolið tölvu, faxtæki, útvarpstæki, bílahátalarasettum, skotum, ýmsum smáhlutum og stimplum.

Innbrot á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík-Grindavík 15. þ. m., en þaðan var stolið 183.700 krónum.

Með úrskurði, sem var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 18. ágúst sl., var kærða samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00. Var það meðal annars niðurstaða dómsins, að grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotum, sem framin voru á tímabilinu 8. júlí til 17. ágúst sl. í Kirkjuhúsið að Laugavegi 31, Reykjavík, Hótel Bifröst í Borgarfirði, Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, bensínafgreiðslu Skeljungs, Drangsnesi, Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangsnesi, og í bankaútibú Landsbankans og útibú Pósts og síma í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, væri rökstuddur. Sú niðurstaða stendur.

Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að stuldi loftpressu, sem stolið var frá fyrirtækinu Húsvirki hf. úr nýbyggingu við Kleppsveg 62 í Reykjavík, er reistur á því, að slík vél fannst á innbrotsvettvangi í Þykkvabæ 14. ágúst sl. Ber sú vél sama raðnúmer og vélin, sem fyrrnefnt fyrirtæki keypti í apríl sl., og hefur verkstjóri fyrirtækisins borið kennsl á vélina, og jafnframt, að hún sé vélin, sem stolið var.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu á vélaverkstæði S.V. N. við Eyrargötu í Neskaupstað er reistur á því, að kærði hafi verið staddur í Neskaupstað á þeim tíma, sem brotist var inn, en farið á brott í skyndi um kl. 7.00 sama morgun. Utan við glugga þann, er innbrotsþjófurinn fór inn um, fannst enn fremur leðurveski, sem kærði hefur viðurkennt, að sé sín eign, og að hann hafi verið með það í för sinni í Neskaupstað. Kærði hefur ekki gefið skýringu á því, hvers vegna veskið fannst þarna, en hann telur, að hann hafi tapað því í miðbæ Neskaupstaðar laugardagskvöldið 5. ágúst sl.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu í verslun Skeljungs hf. í Grindavík er byggður á því, að við leit í bifreið kærða, R-65965, Daihatsu Charade, 17. ágúst sl. hafi fundist faxtæki og boðtæki, sem stolið var í því innbroti.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbroti í verslun Olíufélagsins hf., Essó, í Grindavík er studdur því, að hluti þýfisins hafi fundist við leit lögreglu í kjallaraherbergi að Stórageröi 10, Reykjavík, en þar hafi einnig fundist fingraför kærða.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbroti á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík-Grindavík er reistur á því, að við leit í fyrrnefndu herbergi að Stórageröi 10 hafi fundist tvö kúbein, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR, og segir lögreglan, að gerð verði samanburðarrannsókn á verkfæraförum á vettvangi og þeim förum, sem kúbein valda.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og gætu því varðað kærða fangelsi. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur, en neitun hans um aðild að fyrrnefndum brotum þykir ótrúverðug og einnig skýring hans á þýfi, er fannst í bifreið hans. Þá er einnig haft í huga, að kærði hefur borið, að hann hafi framfleytt sér í sumar með sölu gamalla muna, sem hann hafi safnað að sér undanfarin ár, í Kolaporti.

Fyrir réttinum lagði deildarstjóri rannsóknarlögreglunnar áherslu á það, að kærði lægi undir grun um að hafa einn eða í félagi við aðra staðið að framangreindum innbrotsþjófnaði og veruleg hætta væri á, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins með því að koma undan munum og hafa samband við samseka og hugsanleg vitni, en lögreglan telur, að mikill hluti þýfisins sé kominn í hendur einstaklinga, er gætu átt hlutdeild í þeim brotum, sem kærði er grunaður um.

Lögreglan á enn eftir að finna að minnsta kosti 1.000.000 kr. í reiðufé auk ýmissa muna úr þeim innbrotum, sem kærði er grunaður um. Rannsókn máls þessa er umfangsmikil, og er henni enn ólokið. Í ljósi þessa er fallist á það með lögreglu, að ástæða sé til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með undanskoti þeirra fjármuna, sem enn er leitað, og haft áhrif á samseka eða vitni, ef hann væri frjáls ferða sinna.

Með hliðsjón af sakavottorði kærða, þar sem fram kemur, að hann fékk síðast dóm fyrir auðgunarbrot árið 1991 og síðast dóm fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga árið 1988, þykir ekki unnt að fallast á það með rannsóknarlögreglu, að brotaferill kærða sé með þeim hætti að ætla megi að hann muni halda áfram brotum, meðan málum hans er enn ólokið, og verður kærði því ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Tómas Jakob Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 293/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Malkhaz Nanava
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. ágúst sl., sem barst réttinum 1. september 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til, en á grundvelli b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. ágúst 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 31. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Benedikt Bogasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Malkhaz Nanava, fæddur 24. mars 1961 í borginni Poti, Georgíu, til heimilis að Puskinsgötu 76 í sömu borg, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00 vegna ætlaðs brots á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Um lagaheimild er vísað til b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 2. mgr. sömu greinar. Kærði hefur andmælt framkominni kröfu.

Með úrskurði dómsins frá 5. ágúst sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 30. ágúst kl. 16.00.

– – –

Með ákæruskjali, dagsettu 30. ágúst 1995, á hendur kærða er honum gefið að sök að hafa í félagi við aðra skipverja b/v Atlantic Princess þröngvað kæranda, Ó, með ofbeldi til holdlegs samræðis og munnmaka. Er brot þetta talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Álit réttarins.

Ekki hafa verið leiddar nægar líkur að því, að kærði muni reyna að koma sér undan málsókn eða fullnustu refsingar, þótt togarinn b/v Atlantic Princess hafi nú haldið frá landi til veiða, enda dygðu önnur úrræði til að tryggja nærveru hans. Verður kærða því ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Á hinn bóginn fella bráðabirgðaniðurstöður DNA-rannsóknar sterkan grun á kærða um að hafa framið verknað gegn kæranda, Ó, jafnvel í félagi við aðra, sem varðað getur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en viðurlög við slíku broti geta varðað allt að 16 ára fangelsi eða ævilangt. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Malkhaz Nanava, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 294/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

David Kuprava

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. ágúst sl., sem barst réttinum 1. september 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til, en á grundvelli b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. ágúst 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 31. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Benedikt Bogasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að David Kuprava, fæddur 23. ágúst 1964 í borginni Tbilisi, Georgíu, skrásettur til heimilis í borginni Poti í sama landi, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00 vegna ætlaðs brots á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Um lagaheimild er vísað til b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 2. mgr. sömu greinar. Kærði hefur andmælt fram kominni kröfu.

Með úrskurði dómsins frá 5. ágúst sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 30. ágúst sl. kl. 16.00.

– – –

Með ákæruskjali, dagsettu 30. ágúst 1995, á hendur kærða er honum gefið að sök að hafa í félagi við aðra skipverja b/v Atlantic Princess þröngvað kæranda, S, með ofbeldi til holdlegs samræðis, en til vara haft samræði við konuna, sem sökum ölvunarsvefns gat ekki spornað við verknaðinum. Er brot þetta talið varða við 194. gr., en til vara við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 40/1992.

Álit réttarins.

Ekki hafa verið leiddar nægar líkur að því, að kærði muni reyna að koma sér undan málsókn eða fullnustu refsingar, þótt togarinn b/v Atlantic Princess hafi nú haldið frá landi til veiða, enda dygðu önnur úrræði til að tryggja nærveru hans. Verður kærða því ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Á hinn bóginn fella bráðabirgðaniðurstöður DNA-rannsóknar sterkan grun á kærða um að hafa framið verknað gegn kæranda, S, jafnvel í félagi við aðra, sem varðað getur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en viðurlög við slíku broti geta varðað allt að 16 ára fangelsi eða ævilangt. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, David Kuprava, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 225/1995. **Lánasjóður íslenskra námsmanna**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Hermanni Jóhannssyni
og Geir Jónssyni

Kærumál. Skjöl. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1995, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 5. júlí sl. Um kæruheimild vísar hann til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1995.

Mál þetta, sem var dómtekið 7. mars 1995, er höfðað með stefnu, birtri 6. janúar 1995 og 7. janúar 1995, af Lánasjóði íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Laugavegi 77, Reykjavík, á hendur Hermanni Jóhannssyni, kt. 260554-3609, Baldursbrekku 9, Húsavík, og Geir Jónssyni, kt. 180455-4699, Breiðvangi 3, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða 534.324 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. kafla laga nr. 25/1987 af 59.503 kr. frá 1. september 1992 til 1. mars 1993, af 88.356 kr. frá 1. mars 1993 til 1. september 1993, af 149.137 kr. frá 1. september 1993 til 1. mars 1994, af 178.853 kr. frá 1. mars 1994 til 3. ágúst 1994, af 534.324 kr. frá 3. ágúst 1994 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1993.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 24. janúar 1995 og dómtekið 7. mars sama ár. Hinn 1. apríl sama ár var málið endurupptekið í því skyni að gefa stefnanda kost á að gera frekari grein fyrir málatilbúnaði sínum.

Úrskurður var kveðinn upp í málinu 3. maí 1995 af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, og var málinu vísað frá dómi. Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. maí sama ár. Með dómi Hæstaréttar 7. júní sama ár var úrskurðurinn felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samkvæmt dómi Hæstaréttar er sú niðurstaða reist á dómi réttarins, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Málinu var því vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Hinn 15. júní 1995 var máli þessu enn á ný úthlutað til Áslaugar Björgvinsdóttur, dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Sú breyting hefur orðið á stöðu fulltrúans við dómstólinn, síðan framangreindur úrskurður var kveðinn upp, að með 1. gr. laga nr. 80/1995 frá 31. maí 1995, sem öðluðust þegar gildi, var dómsmálaráðherra heimilað að skipa fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sömu laga getur dómstjóri falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, eða opinberum málum, frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Í 2. gr. laga nr. 80/1995 er enn fremur kveðið á um, að ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gildi einnig um dómarafulltrúa, en samkvæmt því getur dómsmálaráðherra vikið dómarafulltrúa frá embætti um stundarsakir, en er síðan skylt að höfða mál á hendur fulltrúanum til embættismissis svo fljótt sem verða má. Í samræmi við framangreinda breytingu á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði setti dómsmálaráðherra 31. maí 1995 dómarafulltrúann, sem fer með mál þetta, til þess að vera fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 31. maí 1995 að telja til og með 30. september 1995 til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra. Hinn 6. júní sama ár strengdi fulltrúinn þess heit að halda stjórnskipunarlög ríkisins og landslög almennt og rækja störf sín af alúð og árvekni.

Forsendur og niðurstöður.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefndu. Í stefnu kemur fram, að krafa stefnanda sé vegna námslána stefnda Hermanns, sem

hann hafi tekið hjá stefnanda og séu tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda Geirs. Stefnandi segir, að til skuldarinnar hafi verið stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1982, 1983 og 1984. Hinn 3. ágúst 1994 hafi lánið allt verið gjaldfellt vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga þess 1. september 1992 með ákvörðun stjórnar samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982. Stefnandi vísar meðal annars í meginreglur kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og laga nr. 72/1982, einkum 11. gr.

Ekki er gerð frekari grein fyrir samningum aðila. Skuldabréfunum, sem kröfur stefnanda eru reistar á, er á engan hátt lýst, og ekki er getið útgáfudags, upphaflegrar lánsfjárhæðar, lánsnúmers eða greiðsluskilmála hvers skuldabréfs um sig. Þessi vanreifun málsins í stefnu brýtur verulega gegn 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit fimm skuldabréfa, en aðeins eitt þeirra er þingmerkt um framlagningu, og er það nr. 2. Í skrá stefnanda um fram lögð skjöl er dómskjal nr. 2 sagt vera „staðfest afrit skuldabréfa". Á umræddum ljósritum er að finna stimpiláletrunina „Lánasjóður íslenskra námsmanna, Reykjavík", og er þar ritað „rétt afrit staðf." ásamt ólæsilegri skammstöfun.

Í skriflegri sókn hefur stefnandi leitast við að rökstyðja þá skoðun sína, að ekki sé nauðsynlegt að leggja fram í dóminum frumrit ofangreindra skuldabréfa. Hann segir stefnanda vera opinbera stofnun, sem starfi samkvæmt sérstökum lögum, er um hana gildi, sbr. nú lög nr. 21/1992. Stefnandi hafi gefið út vottorð um tilvist láns til stefnda og skuldabréf þau, sem liggi til grundvallar því láni, sbr. 71. gr. laga nr. 91/1991. Ekkert liggi fyrir um, að draga megi vottorð þetta í efa á nokkurn hátt. Skuldabréfin, sem liggi innheimtu námslána stefnda til grundvallar, séu ekki heiðbundin viðskiptabréf. Þau séu nafnbréf, gefin út til stefnanda, og hafi ekki viðskiptagildi, þar sem greiðslutími lánsins sé ótímabundinn og taki mið af tekjum stefnda samkvæmt skattframtölum hans, sbr. 8. gr. laga nr. 21/1992, sem engir hafi aðgang að upplýsingum úr án sérstakrar lagaheimildar. Til frekari áréttingar vísar stefnandi til efnis skuldabréfanna, en þar sé ekki að finna umsamda heimild til gjaldfellingar vegna vanskila. Slík heimild styðjist á hinn bóginn við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1992. Stefnandi heldur því fram, að mikið óhagræði væri fyrir sig að leggja frumrit skuldabréfanna fram í dómi. Það stafi af því, að sér sé einungis heimilt að skuldbreyta vanskilum til tíu ára samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1992. Til hagsbóta fyrir lántakendur og þá einnig hugsanlega stefnda hafi stefnandi gert það í miklum mæli að fallast á, að gjaldfallnar afborganir séu greiddar og námslánum þannig komið í skil, eftir að dómur hefur gengið. Þannig hafi fyrri lánssamningur í raun

verið endurvakinn eftir dómsuppsögu með samkomulagi milli aðila. Í ljósi ofangreinds um lánstímann geti mikið óhagræði hlotist af því, ef frumrit skuldaskjala væru stefnanda ekki tiltæk, ef til vanskila kæmi að nýju, til dæmis að tuttugu árum liðnum, eða ef skipta þyrfti um ábyrgðarmann, sbr. 6. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992.

Á framangreind sjónarmið stefnanda verður ekki fallist. Samkvæmt þeim ljósritum, sem lögð hafa verið fram, er í skuldabréfunum ákvæði um það, að rísi mál út af bréfinu, skuli lántakanda og ábyrgðarmanni láns skylt að svara til saka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og málsmeðferð þá lúta reglum 17. kafla laga nr. 85/1936. Þau lög eru í öllum efnisatriðum samhljóða 17. kafla núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þetta ákvæði gefur vísbendingu um það, að skuldabréfin séu viðskiptabréf, en samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru þær varnir, sem stefndi getur haft uppi í slíkum málum, mjög takmarkaðar. Stefnandi staðhæfir, að í skuldabréfunum sé „ekki að finna umsamda heimild til gjaldfellingar vegna vanskila", en í þeim fimm ljósritum skuldabréfa, sem lögð hafa verið fram, er ákvæði þess efnis, að lánið sé allt gjaldfallið án uppsagnar, ef lántaki standi ekki í skilum með greiðslu afborgana á réttum tíma. Hvorki í ljósritum bréfanna né í lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sem voru í gildi á þeim tíma, er umrædd bréf voru gefin út, eða núgildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 er að finna bann við framsali skuldabréfa, sem námsmenn undirrita við töku láns úr sjóðnum.

Kveðið er skýrt á um það í 1. mgr. 13. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að skjöl, sem lögð séu fram í dómi, skuli vera í frumriti, séu þau tiltæk. Þessu lagafyrirmæli hefur stefnandi ekki fylgt. Í ljósi þessa og þeirra heimilda, sem fylgt geta handhöfn skuldabréfa, verður ekki talið, að unnt sé að ganga í berhögg við fyrirmæli 1. málsliðar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til framanritaðs þykir málatilbúnaður og málsreifun stefnanda svo ófullkomin, að ekki verði hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 237/1995. **Björn Baldursson**

gegn

Vatnsleysustrandarhreppi
skólanefnd Stóru-Vogaskóla
og Bergsveini Auðunssyni

Kærumál. Kröfugerð. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1995, er barst réttinum 10. næsta mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. tl. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en heimildin er í j-lið 1. mgr. þeirrar greinar. Hann krefst þess, að frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. maí 1995 í málinu nr. E-1375/1994 verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar og dómsálagningar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa eigi látið kærumál þetta til sín taka.

Svo sem ráða má af forsendum hins kærða úrskurðar, eru kröfur sóknaraðila og málatilbúnaður að öðru leyti slíkt brot á 80. gr. laga nr. 91/1991, að á málið verður eigi lagður dómur. Þegar af þeirri ástæðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. maí 1995.

Mál þetta var að loknum munnlegum málflutningi um formhlið tekið til úrskurðar 19. apríl 1995.

Stefndu krefjast þess í þessum þætti málsins, að málinu verði vísað frá dómi og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Stefnandi tjáist vera Björn Baldursson, kt. 290348-3239, til heimilis að Snorrabraut 56, Reykjavík, vegna sona sinna, Aðalsteins Bjarna, Bergsteins

Björns og Sigursteins Gísla, en þeir dveljast á Stuðningsheimilinu Strönd að Þórustöðum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Málsóknin beinist með stefnum, birtum 23. 9. 1994, gegn eigendum og stjórnendum Stóru-Vogaskóla, Vatnsleysustrandarhreppi, kt. 670269-2649, Iðndal 2, Vogum, Vatnsleysuströnd, skólanefnd Stóru-Vogaskóla, stjórnsýslunefnd án kennitölu, formaður Guðlaugur Atlason, kt. 280632-4229, Egilsgötu 11, Vogum, Vatnsleysuströnd, og Bergsveini Auðunssyni, kt. 120649-3459, skólastjóra Stóru-Vogaskóla, Vogagerði 6, Vogum, Vatnsleysuströnd.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði, að námsefni grunnskóla sé ekki kennslufræðilegt trúnaðarmál.
2. Að viðurkennt verði, að meginstefna sú, sem lesa megi úr lögum og reglugerðum um íslenskt menntunarkerfi, sé í reynd fræðsluskylda, en ekki skólaskylda.
3. Að viðurkennt verði, að starfsemi opinberra menntastofnana sé þjónustustarfsemi, sem þurfi að lúta gæðakröfum, að því er varðar hæfni starfsmanna, framsetningu á námsefni og öryggisbúnað.
4. Að akstur nemenda verði á grundvelli samnings milli verktaka og foreldra, þannig að réttarstaða og ábyrgð séu skýr.
5. Að akstursframkvæmdin uppfylli kröfur, sem gerðar eru til rétthafa sérleyfis- og hópferðaaksturs.
6. Að akstursþjónustan miðist við þarfir nemenda, en ekki þarfir skólans eða hagræði verktakans.
7. Að viðurkenndur verði réttur foreldra og forráðamanna til að taka þátt í skólastarfi.
8. Að settar verði samstarfsreglur forráðamanna nemenda og skóla. Í þeim reglum yrði farið eftir meðfylgjandi tillögu um breytingu á grunnskólalögum, sem fjallar um forgangsröð foreldra, sem taka þátt í skólastarfi.
9. Að fram fari úttekt Vinnueftirlits ríkisins á skólalóð Stóru-Vogaskóla. Rannsókuð verði öryggisatriði vegna staðsetningar leiktækja og burðarhönnun þeirra. Þá verði komið á skiptingu leiksvæða fyrir eldri og yngri nemendur.
10. Að umferðaröryggi við skólann verði rannsakað.
11. Að bílastæði verði afmörkuð í hæfilegri fjarlægð frá skólanum.
12. Að skilin verði að akandi og gangandi umferð við skólann.
13. Að öryggisúttekt verði gerð á íþróttamannvirkjum Vatnsleysustrandarhrepps.

14. Að íþróttamannvirki uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra, m. a. með því, að sett verði lyfta í húsið og lagður gangstígur frá götu að aðalinngangi.
15. Að afdráttarlausar skólareglur verði settar um kurteisi og framkomu nemenda í skólanum og utan hans.
16. Að sett verði í skólareglur, að allt áreiti verði kært til lögregluyfirvalda og skráð hjá barnaverndaryfirvöldum.
17. Að lítt reyndum og minnst menntuðum kennurum verði ekki falin kennsla yngstu bekkjardeilda.
18. Að íþróttakennari Stóru-Vogaskóla leggi fram efnisskrá fyrir íþróttakennslu fyrir hvert skólamisseri. Í efnisskránni verði greint frá því, í hvaða æfinga- og leikjaþætti íþróttatímar skiptast.
19. Að foreldrum verði kynnt efnisskráin fyrir fram og tekið verði tillit til ábendinga um áherslu- og framkvæmdaratriði.
20. Að fulltrúi foreldra verði viðstaddur íþróttakennslu til eftirlits og aðstoðar, komi fram ósk um slíkt frá foreldri eða forráðamanni.
21. Að skóladagur verði samfelldur.
22. Að settar verði reglur um afdrep nemenda á bókasafni, falli kennsla niður eða þegar nemendur komast ekki heim til sín.
23. Að viðurkennd verði skylda stjórnenda Stóru-Vogaskóla til að afhenda foreldrum eða forráðamönnum utanskólanemenda allt námsefni, eins og eftir því verður leitað, svo og að leiðbeina og upplýsa um notkun námsefnisins, að því er varðar yfirferð og þekkingarkröfur.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. í málskostnað.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu sýknu. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að mati dómsins (auk virðisaukaskatts), hver sem úrslit málsins verða.

– – –

Álit réttarins.

Kröfugerð stefnanda er ákaflega víðtæk og spannar mun víðara og fjölbreyttara svið en nokkur réttarfarsskilyrði eru til að fjalla um í sama dómsmáli. Margir kröfuliðirnir bera fremur svip almennra umbótatillagna en dómkrafna. Gagnvart sumum af kröfuliðunum eiga leiðir stjórnsýslukæru að standa stefnanda opnar, og ekki er fram komið, að hann hafi gengið þær til enda með eða án framhaldskæru til umboðsmanns Alþingis. Tilteknir kröfuliðir beinast að meintum refsilagabrotum, sem sæta meðferð opinberra mála.

Í málsreifun sinni hefur stefnandi flokkað kröfur sínar í þrjá meginþætti:

1. Framkvæmd skólaaksturs. Sýnast kröfuliðir 4-6 tilheyra þeim þætti.

Réttarlegir hagsmunir stefnanda hljóta að vera þeir, að börnum hans sé ekið í skóla. Kröfuliðir 4-6 ná langt út fyrir það hagsmunasvið. Svo er að sjá, að kröfuliður nr. 5 beinist að meintum brotum ökumanns skólabifreiðar á umferðarlögum og eiganda og ökumanns á reglugerð um sérleyfisakstur og reglugerð nr. 279/1980 um merki á skólabifreiðum, en með slík brot ber að fara að hætti opinberra mála, en ekki einkamála.

Kröfuliðum 4-6 verður samkvæmt þessu að vísa frá dómi.

2. Öryggismál bygginga og umhverfis. Kröfuliðir 9-14 sýnast falla í þennan flokk.

Stefnandi telur, að stefndu hafi brotið gegn 3. mgr. 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. lög nr. 47/1990, 14. gr. sömu laga, mörgum ákvæðum í grein 6 í byggingarreglugerð nr. 371/1994, sbr. rgj. nr. 177/1992 og 72/1993, og grein 5.14 sömu byggingarreglugerðar auk fleiri brota.

Kröfuliðum 9-14 verður vísað frá dómi með hliðstæðum rökum og liðum 4-6.

3. Námsefni og menntamál. Kröfuliðir 1-3, 7-8 og 17-23 sýnast tilheyra þessum flokki.

Í þeim sýnast felast ábendingar, tillögur og kröfur um víðtækar umbætur í menntakerfinu með sérstöku tilliti til Stóru-Vogaskóla, jafnframt um breytingar á löggjöf, fremur en um sé að ræða kröfur, sem unnt væri að veita viðurkenningardóm fyrir, hvað þá dóm, sem fullnægja mætti með aðför, varla einu sinni knýja fram fullnustu með dagsektum, enda er þeirra ekki krafist. Kröfugerð þessi er svo almenn og víðtæk, að því fer víðsfjarri, að hún uppfylli skilyrði 80. gr. l. nr. 91/1991, en samkvæmt því ákvæði skulu dómkröfur sóknaraðila vera glöggar og skýrar.

Samkvæmt þessu verður að vísa kröfuliðum 1-3, 8 og 17-23 frá dómi.

Þá eru ótaldir kröfuliðir 15 og 16. Tilefni þessara dómkröfuliða hefur stefnandi lýst svo í fram lagðri greinargerð sinni: „Í Stóru-Vogaskóla hafa nemendur áreitt son stefnanda með barsmíðum, líflátshótunum og hótunum um pyntingar." Hér er um meint hegningarlagabrot að ræða, sem sæta eiga lögregluransókn og, séu kærðu sakhæfir, meðferð opinberra mála, ella meðferð samkvæmt lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Sú kæruleið til staðarlögreglu eða Rannsóknarlögreglu ríkisins stendur stefnanda opin lögum samkvæmt. Meint hylming eða jafnvel hlutdeild starfsmanna Stóru-Vogaskóla væri einnig hegningarlagabrot, er sætti sömu meðferð. Skólayfirvöldum væri lögskylt að kæra brot nemenda eða starfsmanna, slík sem stefnandi lýsir, og vanræksla á því ætti, auk kæru til æðra stjórnvalds, að sæta meðferð opinberra mála.

Sú dómkrafa, að „afdráttarlausar skólareglur verði settar um kurteisi og framkomu nemenda í skólanum og utan hans", er of almenn og víðtæk til þess, að hún sé dómhæf, enda hlýtur í þessari dómkröfu að felast, að slíkum reglum, ef settar yrðu, skyldi framfylgt til hlítar að viðlagðri ábyrgð að lögum. Lögsaga dómstóla nær til lagareglna, en ekki til siðareglna nema í örfáum sérstökum undantekningartilvikum, svo sem, að því er sumir fræðimenn hafa talið, að nokkru leyti á sviði meiðyrðalöggjafar.

Kröfuliðum 15 og 16 verður því vísað frá dómi.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til röksemda lögmanns stefndu til stuðnings frávísunarkröfu, en á þær röksemdir fellst dómarinn í öllum meginatriðum, ber að vísa máli þessu í heild frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 241/1995. **Gissur Þ. Árnason og**
Karl Sveinsson
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Sigurðardóttur
(Sveinn Sveinsson hrl.)

Kærumál. Nauðasamningur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 13. júlí 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands, þar sem staðfestur var nauðasamningur varnaraðila og einkafirma hennar, Tómstundaiðjunnar, sem var samþykktur á fundi atkvæðismanna 3. maí 1995. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar", auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Í ljósi þeirra málsástæðna, sem sóknaraðilar halda fram fyrir Hæstarétti, þykir verða að skilja kröfugerð þeirra á þann veg, að þeir krefjist annars vegar ómerkingar hins kærða úrskurðar og hins vegar, að kröfu varnaraðila um staðfestingu nauðasamnings verði hafnað.

Fyrir kröfu um ómerkingu hins kærða úrskurðar færa sóknaraðilar þau rök, að úrskurður, sem hafi gengið 3. mars 1995 um heimild varnaraðila til að leita nauðasamnings, hafi verið kveðinn upp af dómarafulltrúa við Héraðsdóm Austurlands. Virðast sóknaraðilar telja, að af þessari ástæðu og vegna dóms Hæstaréttar, upp kveðins 18. maí 1995, í máli nr. 103/1994 verði að ómerkja nauðasamningsumleitanir varnaraðila í heild sinni ásamt hinum kærða úrskurði um staðfestingu nauðasamnings.

Í máli þessu er aðeins til endurskoðunar úrskurður Héraðsdóms Austurlands um staðfestingu nauðasamnings, en hann er kveðinn upp af héraðsdómaranum við þann dómstól. Koma því ekki hér til athugunar atriði varðandi starfsheimild dómarafulltrúa, sem kvað upp úrskurð á fyrri stigum um heimild varnaraðila til að leita nauðasamnings. Verður þess vegna ekki fallist á kröfu sóknaraðila um ómerkingu.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti til að fá breytt ákvæðum hans um málskostnað. Kemur því ekki til álita krafa varnaraðila um málskostnað í héraði, en dæma ber sóknaraðila sameiginlega til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gissur Þ. Árnason og Karl Sveinsson, greiði varnaraðila, Guðrúnu Sigurðardóttur, 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 28. júní 1995.

I.

Ár 1995, miðvikudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem haldið er af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Ö-1/1995.

Sóknaraðili er Guðrún Sigurðardóttir, kt. 110346-2989, Laugavöllum 11, Egilsstöðum, persónulega og f. h. Tómstundaiðjunnar. Varnaraðilar eru Gissur Þ. Árnason, kt. 290948-7899, Fjósakambi 12, Hallormsstað, og Karl Sveinsson, kt. 090456-5479, Vörðubrún, Borgarfirði eystra.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 20. júní sl.

II.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að staðfestur verði nauðasamningur sóknaraðila og „varnaraðili verði úrskurðaður" til að greiða málskostnað að skaðlausu, þ. m. t. 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Kröfur varnaraðila beggja eru, að hafnað verði að staðfesta nauðasamn-

ing sóknaraðila frá 3. maí sl. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

III.

Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands, upp kveðnum 3. mars sl., var Guðrúnu Sigurðardóttur persónulega og f. h. einkafirma hennar, Tómstundaiðjunnar, heimilað að leita nauðasamninga. Hafði sóknaraðili áður eða allt frá 22. desember 1994 haft heimild til greiðslustöðvunar. Frumvarp að nauðasamningi skuldarans er svohljóðandi:

1. Lánardrottnum, sem fara með samningskröfur, er boðin greiðsla á 20%, – tuttugu hundraðshlutum, – krafna sinna, en þó þannig, að lágmarksgreiðsla til hvers þeirra verður 15.000 kr. og kröfur til og með þeirri fjárhæð greiðast að fullu 1. 6. 1995.
2. Greiðslur munu fara fram með þremur jöfnum afborgunum, fyrsta sinn 1. júní nk., 1. okt. nk. og 2. febr. 1996. Greiðslurnar verða inntar af hendi með peningum hverju sinni.
3. Samhliða greiðslu afborgana samkvæmt 2. lið verða lánardrottnum greiddir meðalvextir banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júní nk. að telja.
4. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.
5. Lánardrottnum, sem þess æskja, er boðið að fá út gefið skuldabréf fyrir því, sem þeim ber samkvæmt þessu, en þeir greiði stimpilgjald sjálfir.
6. Engir kröfuhafar njóta sérstakra réttinda.

Hinn 5. maí sl. barst dóminum krafa skuldarans um staðfestingu nauðasamningsins, en á fundi, sem haldinn var 3. maí sl., hafði nauðasamningsumleitunum lokið með því, að frumvarp skuldarans var samþykkt. Með staðfestingarkröfu skuldarans fylgdu þau gögn, sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Þinghald 6. júní, sem boðað var til í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 21/1991, var sótt af hálfu Gissurar Þ. Árnasonar og Karls Sveinssonar, lánardrottna sóknaraðila, og lögð fram skrifleg mótmæli við því, að nauðasamningurinn yrði staðfestur. Var mál þetta þá þegar í stað þingfest og aðilum gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir og afla frekari gagna.

IV.

Sóknaraðili byggir á því, að öllum lagaskilyrðum sé fullnægt, til að staðfesta megi nauðasamning.

Varnaraðilar vísa til eftirfarandi atriða, sem svo er greint frá í skriflegum mótmælum þeirra:

Ekki verði séð af gögnum málsins, að greiðslufrestur hafi verið nýttur til raunhæfra aðgerða í fjármálum varnaraðila, aðeins nýttur til frestunar á því, sem koma skyldi, í stað þess að nýta tímann til vandaðs undirbúnings nauðasamnings.

Beiðni um nauðasamning og fylgiskjölum hafi verið í ýmsu áfátt og ekki uppfyllt ýmis skilyrði gjaldþrotalaga, einkum:

A.1. Rökstuðning vanti fyrir því, að skuldari muni geta staðið við samningstilboð sitt, sbr. 1. tl. 1. mgr. 34. gr. Sá rökstuðningur hafi verið afar nauðsynlegur, þar sem ekki sé gert ráð fyrir tryggingum fyrir greiðslum.

2. Upptalning eigna skv. 3. tl. 1. mgr. sé ekki nákvæm og vörulager tilgreindur með sömu slumptölu og sett var fram með beiðni um greiðslustöðvun.

3. Ekki hafi verið getið um riftanlegar ráðstafanir, svo sem krafist er í 4. tl. 1. mgr. 34. gr., ekki einu sinni minnst á kaupmála sóknaraðila við eiginmann sinn frá 22. nóvember 1993.

B. Skilyrðum 2. mgr. 35. gr. hafi ekki verið fullnægt.

Varnaraðilar telja starfi umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum áfátt í eftirgreindum atriðum:

1. Svo virðist sem ekki hafi öllum kröfuhöfum verið send tilkynning skv. 2. mgr. 44. gr.

2. Með bréfum, sem send voru út skv. 2. mgr. 44. gr., hafi verið sent út umboð, væntanlega samið af umsjónarmanni, ætlað kröfuhöfum til að veita lögmanni skuldara umboð til að samþykkja frumvarpið. Ekki sé við hæfi, að umsjónarmaður gangi þannig fram í þágu skuldara.

3. Ekki verði séð af bréfi umsjónarmanns til Héraðsdóms Austurlands, dags. 4. maí 1995, að hann hafi nægilega gætt ákvæða 43. gr. laga nr. 21/1991, auk þess sem á skorti, að nægilega sé gerð grein fyrir því, sem umsjónarmaður aðhafðist í þessum efnum, svo og forsendur fyrir mati á því, að sóknaraðili eigi tök á því að standa við nauðasamning sinn.

Sóknaraðili hefur andmælt málatilbúnaði varnaraðila. Hefur m. a. komið fram af hálfu sóknaraðila, að Héraðsdómur Austurlands hafi með úrskurði sínum frá 3. mars sl. endanlega metið rökstuðning fyrir, hvort skuldari muni standa við samningstilboð sitt, nákvæmni varðandi talningu eigna sóknaraðila og riftanlegar ráðstafanir, eins og komist er að orði í greinargerð sóknaraðila. Berum orðum sé sagt í nefndum úrskurði, að skuldari hafi lagt fram þau gögn, sem áskilin eru í 35. gr. laga nr. 21/1991. Úrskurðurinn sé bindandi um sakarefnið fyrir aðila máls þessa. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa sótt fund þann, sem réð úrslitum um atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp skuldara, og hafi hann engum mótmælum hreyft þar, en gert almennan fyrirvara um mótmæli síðar meir.

Sóknaraðili telur, að sýnt hafi verið fram á með fram lögðum gögnum, að mótmæli varnaraðila, byggð á því, að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hafi ekki gætt ákvæða 2. mgr. 44. gr. laga nr. 21/1991, eigi ekki við rök að styðjast.

Varðandi rök um, að ekki sé við hæfi að senda út umboð með bréfum skv. 2. mgr. 44. gr., kveður sóknaraðili, að tíðkast hafi í málum sem þessum að hafa þennan hátt á til tímasparnaðar og hagræðis fyrir kröfuhafa. Ekki hafi nein tilmæli um, hvernig greiða ætti atkvæði, fylgt umboðinu. Þá kveður sóknaraðili, að þessi röksemd varnaraðila sé ekki meðal þeirra atriða, sem getið er í 58. gr. gjaldþrotalaga, og af þeirri ástæðu beri að hafna þessum rökum varnaraðila, enda verði ekki höfð uppi önnur mótmæli við staðfestingu nauðasamnings en þar komi fram. Sóknaraðili hefur mótmælt rökum um, að umsjónarmaðurinn hafi ekki kynnt sér fjárhag sóknaraðila, og að auki vísað til þess, að enn sé um að ræða atriði, sem ekki sé getið í nefndri 58. gr.

V.

Varnaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn önnur en skrifleg mótmæli sín og ljósrit af nefndum kaupmála. Með gögnum máls þessa eru öll þau skjöl, sem lögð voru fram, þegar tekin var fyrir beiðni skuldara um heimild til nauðasamningsumleitana, þ. á m. ársreikningur vegna ársins 1993 og síðustu skattframtöl sóknaraðila. Með beiðni um staðfestingu nauðasamningsins lagði sóknaraðili fram þau gögn, sem áskilið er í 2. mgr. 54. laga nr. 21/1991. Við rekstur ágreiningsmáls þessa hefur sóknaraðili enn fremur lagt fram afrit af dreifibréfi umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum ásamt ljósriti úr póstkvittunarbók umsjónarmanns og ljósrit úr bankabók á nafni sóknaraðila, sem sýnir, að innstæða er 1.502.600 kr. Sóknaraðili kveður, að þeirri fjárhæð eigi að ráðstafa til greiðslna upp í nauðasamninginn.

VI.

Ekki verður fallist á þau rök sóknaraðila, að með úrskurði dómsins, upp kveðnum 3. mars sl., hafi endanlega og með bindandi hætti verið skorið úr um, hvort líkur séu til, að skuldari muni standa við samningstilboð sitt, hvort á hafi skort, að eignir sóknaraðila væru nákvæmlega upp taldar, og hvort gerð hefði verið grein fyrir riftanlegum ráðstöfunum. Í 1. tl. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 21/1991 er kveðið á um, að héraðsdómari skuli hafna kröfu um staðfestingu nauðasamnings, hefði átt að synja um heimild til umleitana í öndverðu. Nefnt lagaákvæði gerir því beinlínis ráð fyrir því, að málið sé skoðað í heild sinni að nýju.

Taka má undir sjónarmið um, að ekki hafi verið færð ýtarleg rök fyrir því í beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana, að sóknaraðili gæti staðið

við samningstilboð sitt. Vísað var þó til glöggs ársreiknings sóknaraðila fyrir árið 1993, sem bar með sér, að hagnaður hefði verið af reglulegri starfsemi sóknaraðila, auk tilvísunar til annarra gagna málsins, m. a. lista yfir eignastöðu miðað við frestdag. Þegar þessi gögn eru virt og þau gögn, sem áður er rakið, að lögð hafa verið fram við meðferð máls þessa, verður ekki talið, að hafna hefði átt í öndverðu að veita sóknaraðila heimild til nauðasamningsumleitana. Þá er það lagt á þá aðila, er mótmæla staðfestingu nauðasamnings, að sýna fram á, að verulegar líkur séu til, að skuldari muni ekki standa í skilum, þótt nauðasamningur verði staðfestur, sbr. 6. tl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 21/1991. Það hefur ekki verið gert í máli þessu.

Ekki verður fallist á með varnaraðilum, að sóknaraðili hafi ekki gert nákvæma grein fyrir eignum sínum í upphafi máls þessa. Fyrir lá ársreikningur sóknaraðila og yfirlýsing löggilts endurskoðanda um, að sóknaraðili hefði fært bækur sínar skv. lögum. Mat sóknaraðila á verðmæti birgða sinna var 3.000.000 kr. lægra en bókfært verð í ársreikningi 1993, og ekki hefur verið sýnt fram á, að sá munur hafi verið óeðlilegur.

Rétt er, að sóknaraðili nefndi ekki grein (sic) kaupmála í beiðni sinni um heimild til nauðasamnings, en í þinghaldi 2. mars gerði sóknaraðili hins vegar grein fyrir kaupmálanum. Jafnframt kom fram sú afstaða sóknaraðila, að ekki fælist í honum gjöf í skilningi riftunarreglna gjaldþrotalaga, því að eignir þær, sem yfirfærðar hafi verið með kaupmálanum, hafi verið yfirveðsettar. Telja verður, að nægilega hafi verið gerð grein fyrir nefndum kaupmála, og allir lánardrottnar hafa átt þess kost að kynna sér efni hans.

Af gögnum málsins er sýnt, að skilyrðum 2. mgr. 35. gr. laga nr. 21/1991 var fullnægt, þegar beiðni skuldara um nauðasamning barst dóminum 28. febrúar 1995.

Sóknaraðili hefur lagt fram gögn, er staðfesta, að 2. mgr. 44. gr. laga nr. 21/1991 var fullnægt af umsjónarmanni með nauðasamningsumleitununum.

Þótt deila megi um, hversu heppilegt er, að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum sendi út umboð, stílað á lögmann sóknaraðila, einungis ætlað þeim, er samþykkja vildu samninginn, þykja ekki efni til að hafna kröfu um staðfestingu nauðasamningsins af þessum sökum, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að reynt hafi verið að hafa áhrif á kröfuhafa með þeim hætti, sem getur í 2. tl. 1. mgr. 57. gr. eða 3. tl. 58. gr. laga nr. 21/1991.

Aðrar röksemdir varnaraðila eiga sér ekki stoð í 57. eða 58. gr. laga nr. 21/1991, og verður því ekki tekið tillit til þeirra við úrlausn máls þessa.

Á fundi með kröfuhöfum 3. maí sl. var frumvarp skuldarans samþykkt af 88,19% miðað við kröfufjárhæðir og 80,95% miðað við fjölda kröfuhafa.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja, að ekkert standi í

vegi fyrir því, að staðfestur verði nauðasamningur sóknaraðila við lánardrottna sína.

Rétt þykir, að hver aðili fyrir sig beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðarorð:

Staðfestur er svofelldur nauðasamningur sóknaraðila, Guðrúnar Sigurðardóttur, persónulega og f. h. Tómstundaiðjunnar:

1. Lánardrottnum, sem fara með samningskröfur, er boðin greiðsla á 20%, – tuttugu hundraðshlutum, – krafna sinna, en þó þannig, að lágmarksgreiðsla til hvers þeirra verður 15.000 kr. og kröfur til og með þeirri fjárhæð greiðast að fullu 1. 6. 1995.
2. Greiðslur munu fara fram með þremur jöfnum afborgunum, fyrsta sinn 1. júní nk., 1. okt. nk. og 2. febr. 1996. Greiðslurnar verða inntar af hendi með peningum hverju sinni.
3. Samhliða greiðslu afborgana samkvæmt 2. lið verða lánardrottnum greiddir meðalvextir banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júní nk. að telja.
4. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.
5. Lánardrottnum, sem þess æskja, er boðið að fá út gefið skuldabréf fyrir því, sem þeim ber samkvæmt þessu, en þeir greiði stimpilgjald sjálfir.
6. Engir kröfuhafar njóta sérstakra réttinda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 268/1995. **Kaffi Reykjavík hf.**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Vali Magnússyni
Penson hf. og
Veitingahúsinu Óðali ehf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. júlí 1995, þar sem staðfestar eru ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila um lögbann hjá varnaraðilum. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 90. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem þeim lögum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar, hvort sem er allir saman, tveir í sameiningu eða hver í sínu lagi, reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík allt fram til 17. mars 1998 með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Með samningi 17. mars 1995 festi sóknaraðili, sem þá hét Ingólfscafé hf., kaup á veitingahúsinu Kaffi Reykjavík af varnaraðilanum Penson hf. Samkvæmt fram lögðu vottorði úr Hlutafélagaskrá var stjórn síðarnefnda félagsins þá aðeins skipuð einum manni,

Magnúsi Frey Valssyni, en varamaður hans í stjórn var varnaraðilinn Valur Magnússon.

Í 9. gr. fyrrnefnds kaupsamnings sagði eftirfarandi: „Valur Magnússon . . . skuldbindur sig til að hefja ekki starfsemi kaffihúss eða rekstur með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík næstu þrjú ár frá undirritun kaupsamnings þessa.“ Sóknaraðili telur þetta samningsákvæði veita sér réttindi, sem brotið hafi verið gegn með starfrækslu varnaraðila, eins þeirra, tveggja eða allra, á veitingahúsi að Austurstræti 12 a. Eigi hann rétt á, að lögbann verði lagt við þeirri háttsemi þeirra.

II.

Í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 er meðal annars sett það skilyrði fyrir lögbanni, að gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt, að hann njóti tiltekinna réttinda og að byrjuð eða yfirvofandi athöfn einhvers annars brjóti gegn þeim réttindum.

Eins og fyrirmælum um sönnun í þessu ákvæði er háttað og mál þetta liggur fyrir, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi sýnt nægilega fram á, að slík tengsl standi á milli varnaraðilanna Vals Magnússonar og Veitingahússins Óðals ehf., að fyrrgreint samningsákvæði, sem bindur eingöngu hinn fyrrnefnda eftir orðanna hljóðan, veiti sóknaraðila einnig réttindi á hendur hinum síðarnefnda. Þá verður ekki fallist á, að sóknaraðili geti reist kröfu um lögbann á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf. á óskráðri reglu um bann við samkeppni, sem sóknaraðili telur gilda í viðskiptum um fyrirtæki, þegar viðskiptavild fylgir með í kaupum.

Samkvæmt þessu er ekki fullnægt lagaskilyrðum fyrir kröfu sóknaraðila um lögbann á hendur varnaraðilanum Veitingahúsinu Óðali ehf.

III.

Með leigusamningi, dagsettum 11. júlí 1995, gerðist varnaraðilinn Veitingahúsið Óðal ehf. leigutaki að húsnæðinu að Austurstræti 12 a, þar sem umrædd veitingastarfsemi fer fram. Eftir fram komnum gögnum var það félag stofnað 17. júní 1995 af áðurnefndum Magnúsi Frey Valssyni einum, og er hann jafnframt einn síns liðs hluthafi þar og stjórnarmaður. Í málinu liggur ekki annað fyrir en

veitingahúsið að Austurstræti 12 a sé starfrækt í nafni Veitingahússins Óðals ehf., en í skjóli leyfa Magnúsar Freys til áfengisveitinga og til að reka skemmtistað.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, er ekki unnt að telja sóknaraðila hafa sýnt nægilega fram á, að varnaraðilarnir Valur Magnússon eða Penson hf. standi að eða taki þátt í starfrækslu veitingahússins að Austurstræti 12 a þannig, að lögbann verði lagt við slíkum athöfnum þeirra.

IV.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að staðfesta ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila um lögbann á hendur varnaraðilum. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur að niðurstöðu um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfestar eru ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila, Kaffi Reykjavíkur hf., um að leggja á framangreint lögbann á hendur varnaraðilum, Vali Magnússyni, Penson hf. og Veitingahúsinu Óðali ehf.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 20. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. K-4/1995: Kaffi Reykjavík hf. gegn Val Magnússyni, Penson hf. og Veitingahúsinu Óðali ehf., en málið var tekið til úrskurðar í gærdag.

Málið barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. þ. m., og krefst sóknaraðili úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur á synjun sýslumannsins í Reykjavík við tveimur lögtaksbeiðnum.

Málinu er skotið til dómsins samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990.

Í báðum málunum hjá sýslumanninum í Reykjavík er gerðarbeiðandi (hér á eftir nefndur sóknaraðili) hinn sami, þ. e. Kaffi Reykjavík hf. Í fyrri lögbannsbeiðninni var þess farið á leit við sýslumanninn, að lagt yrði lög-

bann við því, að gerðarþolarnir Valur Magnússon, kt. 260652-3039, og Penson hf., kt. 590894-2069, saman eða hvor í sínu lagi, hæfu rekstur og rækju veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík eða annan veitingarekstur, hvar sem væri í Reykjavík, með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998. Þessu erindi hafnaði sýslumaðurinn 13. júlí sl. með svofelldum rökum í gerðabók: „Með vísan til 3. mgr. 29. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 31/1990 ákveður fulltrúi sýslumanns, að gerðin skuli ekki fara fram, þar sem ekki verði séð af gögnum málsins, að gerðarþolar séu að hefja rekstur veitingahúss að Austurstræti 12 a."

Sama dag, þ. e. 13. júlí sl., var ný lögbannsbeiðni send sýslumanni, og var sóknaraðili Kaffi Reykjavík hf., svo sem rakið var, en gerðarþoli Veitingahúsið Óðal ehf. (hér á eftir nefndur varnaraðili ásamt Val Magnússyni og Penson hf). Kröfur sóknaraðila voru þær, „að lagt verði lögbann við því, að gerðarþolinn Veitingahúsið Óðal ehf. hefji rekstur og reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998". Sýslumaðurinn í Reykjavík endursendi síðari lögbannsbeiðnina samdægurs, og segir m. a. svo í bréfi sýslumanns, sem dags. er sama dag: „Að mati fulltrúa sýslumanns er bersýnilegt, að skilyrði lögbanns eru ekki fyrir hendi. Þar sem Veitingahúsið Óðal ehf. er ekki aðili að þeim samningi, sem umbjóðandi yðar byggir rétt sinn á, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sannað eða gert sennilegt, að athöfn gerðarþola brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Þykir því rétt með vísan til 3. mgr. 26. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. sömu laga að endursenda yður beiðnina."

Svo sem rakið var, bárust bæði málin Héraðsdómi Reykjavíkur 17. þ. m., og var málið þingfest sama dag og málin þá sameinuð.

Kröfur sóknaraðila hér fyrir dómi eru þær, „að héraðsdómur leggi fyrir sýslumann að leggja lögbann við því, að gerðarþolarnir, hvort sem er allir saman, tveir í sameiningu eða hver í sínu lagi, reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík allt fram til 17. mars 1998. Þá er og krafist málskostnaðar alls að skaðlausu úr hendi gerðarþola, annaðhvort in solidum eða úr hendi hvers um sig".

Kröfur varnaraðilanna Vals Magnússonar og Pensons hf. eru þær, „að dómurinn staðfesti þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að leggja ekki lögbann við því, að varnaraðilarnir Valur Magnússon og Penson hf. saman eða hvor í sínu lagi hefji rekstur og reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík eða annan veitingahúsarekstur, hvar sem er í Reykjavík, með

svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998".

Kröfur varnaraðilans Veitingahússins Óðals ehf. eru aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, hvað varðar Veitingahúsið Óðal ehf. Til vara er þess krafist, að dómurinn staðfesti þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að endursenda beiðni Kaffi Reykjavíkur hf. um lögbann við veitingarekstri Veitingahússins Óðals ehf. Til þrautavara er þess krafist, að dómurinn fallist ekki á kröfu sóknaraðila um lögbann gagnvart varnaraðilum Val Magnússyni og Penson hf., báðum eða hvorum í sínu lagi.

Málsatvik.

Með kaupsamningi 17. mars 1995 keypti Ingólfscafé hf., kt. 630792-2589, veitingahúsið Kaffi Reykjavík af Penson hf., kt. 590894-2069. Síðar var tilkynnt um breytingu á nafni Ingólfscafé hf. í Kaffi Reykjavík hf., en nafnbreytingin var samþykkt á hluthafafundi 19. mars 1995. Kaupsamninginn undirrituðu f. h. Pensons hf. þeir Valur Magnússon og Magnús Freyr Valsson. Auk þess undirritaði Valur Magnússon kaupsamninginn sérstaklega og samþykkti skuldbindingu sína skv. 9. gr. samningsins, en vikið verður að henni síðar. Hinn 11. júlí sl. var gerður húsaleigusamningur um Austurstræti 12 a, þar sem Veitingahúsið Óðal ehf. leigir húsnæðið undir skemmtistað. Áður hafði Valur Magnússon gert ódagsettan efnislega eins húsaleigusamning og þann, sem að framan greinir, og þá fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, sem síðar reyndist vera Veitingahúsið Óðal ehf., en það hlutafélag var stofnað 17. júní sl. Eftir þetta var unnið að breytingum og innréttingum í Austurstræti 12 a, og var veitingastaðurinn opnaður 13. þ. m.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að Valur Magnússon og Penson hf. hafi brotið ákvæði kaupsamningsins frá 17. mars 1995 með opnun veitingastaðar í Austurstræti 12 a. Í því sambandi skipti ekki máli, hvort þeir hefji veitingarekstur í eigin nafni eða í nafni aðila, sem þeir hafa yfirráð yfir, annaðhvort vegna eignaraðildar eða stjórnunaraðildar. Sóknaraðili telur því, að 9. gr. framangreinds kaupsamnings hafi verið brotin með opnun veitingahúss að Austurstræti 12 a, en sá rekstur sé um flest líkur rekstri Kaffi Reykjavíkur.

9. gr. kaupsamningsins frá 17. mars 1995 hljóðar svo: „Valur Magnússon, kt. 260652-3039, skuldbindur sig til að hefja ekki starfsemi kaffihúss eða rekstur með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík næstu 3 ár frá undirritun kaupsamnings þessa."

Sóknaraðilar halda því fram, að með kaupunum á Kaffi Reykjavík hafi verið keypt viðskiptavild, og af hálfu þeirra er því haldið fram, að taka eigi

tillit til óskráðrar reglu um bann við samkeppni í viðskiptum, þegar þannig standi á, þ. e., að viðskiptavild hafi fylgt með í kaupunum. Sóknaraðili telur þannig, að viðskiptavildin, sem fylgdi með í kaupunum, hafi gert það að verkum, að ekki hafi verið nauðsynlegt, að Penson hf. skuldbindi sig á sama hátt og Valur Magnússon með beinni undirritun undir 9. gr. kaupsamningsins, heldur felist í skuldbindingu Vals og undirritun undir 9. gr. kaupsamningsins jafnframt skuldbinding fyrir Penson hf., og sú skuldbinding sé óaðskiljanlegur hluti af samningnum, en Valur Magnússon eigi 10% hlut í Penson hf. og sé varastjórnarmaður. Sóknaraðili telur kaupverð í raun hafa miðast mestmegnis við viðskiptavildina, og þessi skilningur á samningnum hafi þannig verið forsenda af hálfu Kaffi Reykjavíkur fyrir kaupunum.

Því er haldið fram af hálfu sóknaraðila, að stofnun Veitingahússins Óðals ehf. hafi verið málamyndagerningur, gagngert til þess ætlaður að koma Val Magnússyni og Penson hf. hjá því að standa við kaupsamninginn, sem vikið var að hér að framan. Sóknaraðili heldur því fram, að Valur Magnússon fjármagni allar framkvæmdir í Austurstræti 12 a og stjórni þar öllu, og sé það brot á 9. gr. kaupsamningsins. Stofnun veitingastaðarins og formleg rekstraraðild að veitingastaðnum sé markleysa og geti ekki komið í veg fyrir lögbann, þótt sá aðili, sem standi að rekstrinum að formi til, sé ekki aðili að framangreindum kaupsamningi. Samkvæmt gögnum málsins er hér átt við Veitingahúsið Óðal ehf. Sóknaraðili telur, að Penson hf. fari í reynd með stjórnun beggja félaganna, þar sem sami einstaklingur, Magnús Freyr Valsson, skipi stjórn beggja fyrirtækjanna og eigi þau að mestu leyti, og auk þess hafi Penson hf. lánað Veitingahúsinu Óðali ehf. mikið áhættufé, sem þannig tryggi félaginu mikil stjórnunarítök. Því sé það í raun Penson hf. og um leið Valur Magnússon sem einn eigenda þess, sem fjármagni rekstur Veitingahússins Óðals ehf. Sóknaraðilar halda því fram, að allt frá því, að Valur Magnússon gerði upphaflegan leigusamning f. h. óstofnaðs hlutafélags um Austurstræti 12 a, sýni tilraunir Vals og Pensons hf. í þá átt að virða ekki samningsskuldbindingar sínar, sem áður greinir.

Af hálfu varnaraðilans Pensons hf. er því haldið fram, að Penson hf. hafi ekki tekist á hendur neinar skuldbindingar skv. kaupsamningnum um Kaffi Reykjavík. Þá er því lýst, að Penson hf. hafi engin afskipti af rekstri Veitingahússins Óðals ehf. og eigi ekkert í því félagi. Félögin séu sjálfstæð og óháð innbyrðis fyrir utan lán, sem Penson hf. hefur veitt Veitingahúsinu Óðali ehf. Því var mótmælt af hálfu varnaraðila, að um málamyndagerning hefði verið að ræða.

Varnaraðilinn, Valur Magnússon, miðar við framangreind sjónarmið, eftir því sem við á, auk þess sem hann tekur fram, að hann sé ekki að hefja

veitingarekstur í Austurstræti 12 a. Einu tengsl sín við veitingastaðinn séu í formi ráðgjafar og aðstoðar við son sinn, Magnús Frey, við að koma rekstrinum af stað.

Því er haldið fram, að ákvæði 9. gr. kaupsamningsins eigi ekki við í þessu sambandi. Þá tekur varnaraðili fram, að ákvæði 9. gr. kaupsamningsins eigi ekki við um stað sem þann, sem nú er rekinn í Austurstræti 12 a, og af hálfu sóknaraðila hafi ekki verið sýnt fram á það, að rekstur Kaffi Reykjavíkur og veitingastaðarins í Austurstræti 12 a sé sambærilegur, þannig, að 9. gr. kaupsamningsins eigi við.

Varnaraðilinn Veitingahúsið Óðal ehf. reisir frávísunarkröfu sína á því, að sýslumaðurinn í Reykjavík hafi ekki tekið efnislega afstöðu til lögbannsbeiðninnar, sem beindist að Veitingahúsinu Óðali ehf., og því sé einungis heimilt að bera endursendingu erindisins undir héraðsdóm, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990, en þar sé fjallað um úrlausn formlegs ágreinings, er sýslumaður hefur ekki tekið efnislega afstöðu til lögbannsbeiðni

Vegna varakröfu og þrautavarakröfu sinnar er tekið fram af hálfu Veitingahússins Óðals ehf., að kaupsamningurinn um Kaffi Reykjavík geti ekki átt við um starfsemi Óðals ehf., sem ekki tengist samningnum á nokkurn hátt. Því var mótmælt af hálfu Óðals ehf., að félagið hefði staðið að málamyndagerningum í því skyni að koma Val Magnússyni og Penson hf. hjá því að efna samninga.

Niðurstöður.

Aðalkrafa Veitingahússins Óðals ehf. um frávísun.

Hér að framan var rakið efni bréfs sýslumannsins í Reykjavík, er hann endursendi lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf. Í bréfi sýslumanns er m. a. vísað til 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir m. a., að sýslumaður geti ekki synjað um kyrrsetningu af sjálfsdáðum, nema hann telji bersýnilegt, að skilyrðum 5. gr. laganna sé ekki fullnægt. Þetta á einnig við um lögbann, sbr. 3. mgr. 26. gr. laganna. Dómurinn telur, að ráða megi af 2. mgr. 5. gr. laganna, sem einnig á við um lögbann, og með vísan til bréfs sýslumanns, er hann endursendi erindið og tók m. a. fram í bréfinu, að bersýnilegt væri, að skilyrði lögbanns væru ekki fyrir hendi, að með þessu hafi sýslumaður í raun tekið efnislega afstöðu og synjað lögbannsbeiðninnar. Samkvæmt þessu er sóknaraðila rétt að skjóta þessu erindi til héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990, eins og öllum ágreiningi, sem uppi er í þessu máli. Samkvæmt þessu er hafnað kröfu Veitingahússins Óðals ehf. um frávísun.

Varnaraðilar máls þessa eru þrír. Tveir þeirra, Penson hf. og Valur Magnús-

son, eru aðilar að kaupsamningi um Kaffi Reykjavík, sem lýst hefur verið, og þá hefur Valur Magnússon gengist undir ákvæði 9. gr. kaupsamningsins, svo sem rakið var. Hvorugur þessara aðila stendur að rekstri Veitingahússins Óðals ehf., en það fyrirtæki er í eigu Magnúsar Freys Valssonar. Tengsl feðganna Vals og Magnúsar geta ekki leitt til þess, að veitingarekstur, sem Magnús stendur að, verði talinn brjóta í bága við 9. gr. títt nefnds kaupsamnings um Kaffi Reykjavík, jafnvel þótt í ljós komi, að Valur hafi lánað syni sínum fjármuni til rekstrar og/eða aðstoðað hann í formi ráðgjafar.

Hið sama þykir eiga við um fyrirtæki í eigu Magnúsar, hér Veitingahúsið Óðal ehf. Dómurinn telur ekki færa þá leið að túlka 9. gr. kaupsamningsins svo rúmt, að hún taki til starfsemi Pensons hf. og Veitingahússins Óðals ehf. á þann hátt, sem sóknaraðili heldur fram.

Dómurinn telur ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu sóknaraðila gegn andmælum varnaraðila, að óskráðar réttarreglur á þessu sviði geti rennt stoðum undir slíka túlkun á 9. gr. kaupsamningsins. Blaðagreinar, sem lagðar hafa verið fram og eru af hálfu sóknaraðila taldar sýna og renna stoðum undir fullyrðingar sóknaraðila um, að Valur Magnússon reki veitingastaðinn við Austurstræti 12 a, verða ekki lagðar til grundvallar í þessu sambandi. Efni blaðagreinanna er óstaðfest og hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðila sem meira og minna röngum. Loks þykja hvorki þær lagareglur, sem vísað var til við flutning málsins af hálfu sóknaraðila né aðrar réttarheimildir til þess fallnar að renna stoðum undir svo rúma túlkun á framangreindri 9. gr. kaupsamningsins sem sóknaraðili heldur fram.

Dómurinn telur samkvæmt þessu, að sóknaraðili hafi ekki sannað eða gert sennilegt, að athafnir varnaraðila, eins í senn og/eða fleiri saman, séu eða hafi verið með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1991 og því er ekki unnt að taka kröfu sóknaraðila til greina.

Engin gögn eru tiltæk, sem gera dóminum kleift að taka afstöðu til þess, hvort rekstur þeirra tveggja skemmtistaða, sem mál þetta snýst um, sé með svipuðu sniði, þannig, að 9. gr. kaupsamningsins eigi við. En með hliðsjón af ofanrituðu þykir það ekki koma að sök, og verður engin afstaða tekin til þess álitaefnis.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lögbannsgerð fari fram í málinu nr. L-37/1995, þar sem gerðarþolar voru Valur Magnússon og Penson hf. Einnig er staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að endursenda lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf.

Með hliðsjón af þessum úrslitum málsins greiði sóknaraðili varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. flutti málið af hálfu sóknaraðila og Gísli Gíslason hdl. af hálfu varnaraðila.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Staðfest er synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lögbannsgerð fari fram í málinu nr. L-37/1995, þar sem gerðarþolar voru Valur Magnússon, kt. 260652-3039, Stórholti 47, Reykjavík, og Penson hf., kt. 590894-2069, Vesturgötu 2, Reykjavík

Einnig er staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. júlí 1995 um að endursenda lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf., kt. 510795-2029, Austurstræti 12 a, Reykjavík.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 298/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Magnúsi Björgvini Sveinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. september 1995, sem barst réttinum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 1. september sl. um farbann varnaraðila allt til kl. 16.00 föstudaginn 13. október nk. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 16. júní til 18. ágúst 1995, sbr. dóma Hæstaréttar 11. júlí sl. í málinu nr. 236/1995 og 11. ágúst sl. í málinu nr. 273/1995, vegna rannsóknar á ætluðum brotum gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um tékka nr. 94/1933. Með ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1995 var varnaraðila gert að sæta farbanni allt til kl. 16.00 föstudaginn 1. september 1995.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé nú á lokastigi, og verði rannsóknargögn þess send embætti ríkissaksóknara innan fárra daga. Frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs rannsóknar málsins verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin kærða ákvörðun staðfest

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 251/1995. **Þorsteinn Laufkvist Þorsteinsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Laufeyju Elsu Sólveigardóttur
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kærumál. Opinber skipti. Dánarbú. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. júlí. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 20. júní 1995, þar sem metin er gild erfðaskrá, er Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989. Heimild til kæru er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að „meintri arfleiðsluskrá verði hrundið og hún metin óskuldbindandi fyrir dánarbúið og gagnvart kæranda". Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess 1. mars 1995, að bú Laufeyjar Guðmundsdóttur, sem lést 25. september 1994, yrði tekið til opinberra skipta. Kröfu þessa reisti sýslumaður á 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991. Í stað þess að taka afstöðu til kröfu sýslumanns, eins og skylt var samkvæmt greindu lagaákvæði, sbr. 32. gr. laganna, fjallaði héraðsdómari efnislega um gildi erfðaskrárinnar. Lagaheimild brast til þess að leysa úr ágreiningi um erfðarétt með þessum hætti á þessu stigi máls, sbr. ákvæði XVI. kafla laga nr. 20/1991.

Af framangreindum ástæðum verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 30. maí sl. Það er svo til komið, að með bréfi, dagsettu 1. mars sl., krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess, að bú Laufeyjar Guðmundsdóttur, kt. 120103-3859, er andaðist 25. september 1994 og síðast var til heimilis að Langholtsvegi 159, yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Með bréfi sýslumanns fylgdi ljósrit af erfðaskrá Laufeyjar, en samkvæmt henni arfleiðir hún sonardóttur sína, Laufeyju Elsu Þorsteinsdóttur, kt. 050855-5899, nú til heimilis að Sigtúni 21 í Reykjavík, að þriðjungi eigna sinna, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Þegar mál vegna kröfu sýslumanns var þingfest 7. apríl sl., var þingsókn af hálfu Laufeyjar Elsu og föður hennar, Þorsteins Laufkvists Þorsteinssonar, sonar Laufeyjar Guðmundsdóttur. Af hálfu Þorsteins Laufkvists var kröfu sýslumanns mótmælt, og kvaðst Þorsteinn Laufkvist vefengja gildi erfðaskrárinnar. Var ákveðið að reka sérstakt ágreiningsmál um gildi erfðaskrárinnar, áður en afstaða yrði tekin til þess, hvort búið yrði tekið til opinberra skipta. Þá var og ákveðið, að aðild þessa máls yrði með þeim hætti, að sóknaraðili yrði framangreindur Þorsteinn Laufkvist, sem búsettur er í Bandaríkjunum, og varnaraðili framangreind Laufey Elsa, er nú kennir sig við móður sína og er Sólveigardóttir.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að fram kominni arfleiðsluskrá verði hrundið og hún metin óskuldbindandi fyrir dánarbúið og gagnvart sóknaraðila, sem er einkabarn Laufeyjar Guðmundsdóttur og einkaerfingi hennar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðila og að erfðaskráin, sem um er deilt í málinu, verði metin gild. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

– – –

Samkvæmt framansögðu er kröfu sóknaraðila hafnað og erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, metin gild.

Eftir þessum málsúrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila í málskostnað 120.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila er hafnað, og erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, er metin gild.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Mánudaginn 11. september 1995.

Nr. 267/1995. **Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Húsnæðisstofnun ríkisins**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Mosfellsbæ
(Örn Höskuldsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Lögveð. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 14. júlí 1995, þar sem tekin er til greina krafa varnaraðila um, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar á söluandvirði fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11 í Mosfellsbæ verði breytt á þann veg, að krafa varnaraðila, að fjárhæð 2.758.004 krónur, verði viðurkennd sem lögveðskrafa, sem gangi fyrir kröfum sóknaraðila til greiðslu af söluandvirðinu. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að ákvörðun sýslumanns 21. desember 1994 um frumvarp til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar verði staðfest, en til vara, að varnaraðili fái úthlutað af söluverðinu 2.157.453 krónum. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Krafa varnaraðila, sem þetta mál varðar, er upphaflega komin til vegna gatnagerðargjalda og tengigjalda vatnsveitu af fasteigninni Bröttuhlíð 11, sem voru samtals 1.858.232 krónur. Fyrir gjöldunum afhenti lóðarhafinn, Herbert Halldórsson, varnaraðila tvo víxla, annan að fjárhæð 620.000 krónur með gjalddaga 1. júlí 1992 og hinn að fjárhæð 1.239.161 króna með gjalddaga 1. ágúst sama ár. Gaf

varnaraðili út kvittanir 21. apríl og 20. maí 1992, þar sem staðfest var, að Herbert hefði „greitt Mosfellsbæ", svo sem segir í kvittununum, innborgun og eftirstöðvar gatnagerðargjalda af fasteigninni. Greiðslufall varð á þessum víxlum.

Varnaraðili höfðaði mál til heimtu skuldar samkvæmt víxlunum, og var orðið við kröfum hans með áritun stefnu 5. október 1993. Fjárnám var gert fyrir skuldinni 2. mars 1994 í fasteigninni Bröttuhlíð 11. Með bréfi 26. apríl 1994 til sýslumannsins í Reykjavík lýsti varnaraðili kröfu, að fjárhæð 2.758.004 krónur, í söluverð fasteignarinnar við nauðungarsölu, en í kröfulýsingunni var um réttindi varnaraðila eingöngu vísað til áðurnefnds fjárnáms. Fasteignin var síðan seld við uppboð 13. maí 1994. Varnaraðili lýsti kröfu sömu fjárhæðar að nýju með bréfi til sýslumanns 3. júní 1994, en þar lét varnaraðili þess fyrst getið í innheimtuaðgerðum sínum, að krafa sín ætti rætur að rekja til gatnagerðargjalda og hann teldi sig njóta lögveðsréttar fyrir henni í fyrrnefndri fasteign.

II.

Eins og að framan greinir, tók varnaraðili við víxlum og gaf út kvittanir fyrir viðtöku þeirra sem greiðslu gatnagerðargjalda. Hvergi gerði hann þá áskilnað um, að hann teldi lögveðsrétt sinn í fasteigninni fyrir gatnagerðargjöldum enn í gildi og ná til skuldbindinga samkvæmt umræddum víxlum. Verður því að telja lögveðsrétt varnaraðila fyrir gjöldunum hafa fallið niður, þegar hann tók á þennan hátt við víxlum til greiðslu þeirra.

Eftir að greiðslufall hafði orðið á umræddum víxlum, hóf varnaraðili þær aðgerðir, sem að framan greinir, til heimtu skuldar samkvæmt þeim. Í kröfulýsingu 3. júní 1994, þar sem varnaraðili lét fyrst uppi, að krafa sín stafaði af gatnagerðargjöldum og hann teldi lögveðsrétt vera í fasteigninni fyrir henni, studdi hann kröfu sína tölulega við víxlana og þær gerðir, sem höfðu farið fram á grundvelli þeirra. Er svo enn í þessu máli. Verður þegar af þessum sökum að hafna þeirri röksemd varnaraðila, að hann hafi mátt líta á víxlana sem tilraun til greiðslu og að lögskiptin að baki þeim ásamt lögveðsrétti hafi raknað við vegna vanefnda á greiðslu.

Samkvæmt þessu ber að hafna kröfu varnaraðila um, að krafa hans, að fjárhæð 2.758.004 krónur, verði viðurkennd sem lögveðs-

krafa við úthlutun söluverðs fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11 í Mosfellsbæ. Verður því staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 21. desember 1994 um breytingu á frumvarpi til úthlutunar á söluverðinu, en sú ákvörðun var á sama veg.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 21. desember 1994 um frumvarp til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11 í Mosfellsbæ þess efnis, að lögveðsréttur sé ekki fyrir kröfu varnaraðila, Mosfellsbæjar, að fjárhæð 2.758.004 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 1995.

Mál þetta var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 7. júlí sl.

Sóknaraðili er Mosfellsbær, Hlégarði, Mosfellsbæ.

Varnaraðilar eru Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, og Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík.

Kröfur sóknaraðila eru aðallega, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, dags. 21. desember 1994, um að taka til greina mótmæli Sameinaða lífeyrissjóðsins og Húsnæðisstofnunar ríkisins gegn frumvarpi til úthlutunar á söluandvirði fasteignarinnar að Bröttuhlíð 11, Mosfellsbæ, verði felld úr gildi, að krafa sóknaraðila í söluandvirði ofangreindrar eignar, að fjárhæð 2.758.004 kr., verði viðurkennd sem lögveðskrafa, að frumvarp sýslumanns til úthlutunar á söluandvirði ofangreindrar eignar, dags. 12. október 1994, standi óbreytt.

Til vara er þess krafist, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, dags. 21. desember 1994, um að taka til greina mótmæli Sameinaða lífeyrissjóðsins og Húsnæðisstofnunar ríkisins gegn frumvarpi til úthlutunar á söluandvirði fasteignarinnar að Bröttuhlíð 11, Mosfellsbæ, verði felld úr gildi, að krafa sóknaraðila í söluandvirði ofangreindrar eignar, að fjárhæð 2.758.004 kr., verði viðurkennd að hluta sem lögveðskrafa og frumvarp sýslumanns til úthlutunar á söluandvirði ofangreindrar eignar, dags. 12. október 1994, breytist með hliðsjón af lækkun á kröfufjárhæð.

Enn fremur er þess krafist í báðum tilvikum, að varnaraðilum verði gert að greiða sóknaraðila hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Kröfur varnaraðila eru aðallega, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík

21. desember 1994 verði staðfest. Til vara er þess krafist, að ef fallist verður á kröfur sóknaraðila, verði kröfufjárhæð hans lækkuð verulega.

Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Hinn 13. maí 1994 var seld nauðungarsölu fasteignin Brattahlíð 11, Mosfellsbæ, þinglýst eign Herberts Halldórssonar. Áður en uppboði lauk, lýsti sóknaraðili máls þessa kröfu, að fjárhæð 2.758.004 kr., í uppboðsandvirði eignarinnar á grundvelli fjárnáms, sem hvíldi á 11. veðrétti. Var kröfulýsingin dagsett 26. apríl 1994. Fjárnám þetta var gert samkvæmt stefnu, sem árituð var í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. október 1993, en stefnt hafði verið til heimtu skuldar samkvæmt tveimur víxlum.

Eftir að uppboði lauk á eigninni, en áður en sýslumaður gerði frumvarp til úthlutunar á söluverði, varð sóknaraðili þess áskynja, að krafa hans á hendur gerðarþola átti rót sína að rekja til vangoldinna gatnagerðargjalda vegna fasteignarinnar. Hinn 3. júní 1994 sendi hann sýslumanni nýja kröfulýsingu og lýsti þar kröfu í söluandvirði eignarinnar um greiðslu nákvæmlega sömu fjárhæðar og í fyrri kröfulýsingu, 2.758.004 kr., en lýsir kröfunni nú sem lögveðskröfu. Í kröfulýsingu þessari er engin bein tilvísun til eldri kröfulýsingar að öðru leyti en því, að eftirfarandi er tekið fram: „Umræddir víxlar voru greiðsla á gatnagerðargjöldum vegna Bröttuhlíðar 11." Í frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar á söluandvirði eignarinnar, dags. 12. október 1994, segir, að uppboðsverð fasteignarinnar, 8.500.000 kr., skuli skiptast þannig, að eftir að sölulaun í ríkissjóð, að fjárhæð 85.000 kr., hafi verið greidd, skuli 2.758.004 kr. ganga til Mosfellsbæjar til greiðslu á lögveðskröfu bæjarins og eftirstöðvarnar, að fjárhæð 5.656.996 kr., skuli koma í hlut Húsnæðisstofnunar ríkisins upp í kröfu hennar á 1. veðrétti.

Sýslumanninum í Reykjavík bárust innan tilskilins frests andmæli gegn frumvarpinu af hálfu beggja varnaraðila í máli þessu. Töldu þeir, að Mosfellsbær ætti ekki lögveðsrétt fyrir þeim kröfum, sem hann lýsti í uppboðsandvirði fasteignarinnar, sem gangi framar samningsveðum þeirra.

Í framhaldi af því boðaði sýslumaður aðila máls þessa á sinn fund 21. desember 1994. Á þeim fundi ítrekuðu báðir varnaraðilar mótmæli sín gegn frumvarpinu frá 12. október 1994. Lögmaður sóknaraðila mótmælti fram komnum mótmælum af hálfu varnaraðila. Sýslumaður ákvað að taka til greina mótmæli varnaraðila, þannig, að engu yrði úthlutað Mosfellsbæ vegna lögveðskröfu. Úthlutað yrði Húsnæðisstofnun ríkisins, húsbréfadeild, á 1. veðrétti 6.544.802 kr., Sameinaða lífeyrissjóðnum á 2. veðrétti 1.048.292 kr., Sameinaða lífeyrissjóðnum á 3. veðrétti 272.588 kr., Sameinaða lífeyris-

sjóðnum á 4. veðrétti 463.130 kr. og Sameinaða lífeyrissjóðnum upp í kröfu á 5. veðrétti 86.188 kr., eftir að sölulaun í ríkissjóð hefðu verið greidd.

Lögmaður Mosfellsbæjar lýsti yfir því á fundinum, að hann myndi leita úrlausnar héraðsdómara um þessa ákvörðun sýslumanns og krefjast þess, að ákvörðunin yrði felld úr gildi auk kröfugerðar um málskostnað úr hendi gagnaðila. Það gerði hann síðan með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 19. janúar 1995, sem móttekið var 20. s. m.

Helstu málavextir að baki ágreiningi þessum eru, að gatnagerðargjöld þau, sem hér um ræðir, eru svokölluð A-gatnagerðargjöld, sem lögð eru á með stoð í 1. gr. laga nr. 51/1974. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 er gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. laganna gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ gildir samþykkt nr. 252/1991. Í 5. gr. samþykktarinnar er kveðið á um, að innan mánaðar frá lóðarúthlutun skuli greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds samkvæmt ákvörðun bæjarráðs. Bæjarráð ákveði gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Bæjarráð Mosfellsbæjar ákvað síðan á grundvelli þessara ákvæða, að staðfestingargjald, sem er 1/3 hluti gatnagerðargjaldanna, skyldi greiða mánuði eftir lóðarúthlutun, en heimilt væri að greiða eftirstöðvarnar, 2/3 hluta gjaldanna, með skuldabréfi til 3-5 ára, verðtryggðu með meðalvöxtum. Hinn 21. apríl 1992 gaf Mosfellsbær út víxil, að fjárhæð 620.000 kr., og 20. maí 1992 víxil, að fjárhæð 1.239.161 kr. Herbert Halldórsson samþykkti báða víxlana til greiðslu. Var gjalddagi fyrra víxilsins 1. júlí 1992 og hins síðara 1. ágúst 1992. Víxlarnir voru framseldir af útgefanda sem handhafa þeirra. Víxlar þessir áttu að ganga til greiðslu á gatnagerðargjöldum vegna fasteignarinnar, og gaf Mosfellsbær út tvær kvittanir til Herberts Halldórssonar. Er önnur þeirra dagsett 21. apríl 1992 og hin 20. maí 1992. Þar kemur fram, að borgað sé með víxlum pr. 1. júlí 1992 og 1. ágúst 1992. Þá kemur fram á kvittununum, að innborganir þessar eru bókaðar sem slíkar í bókhald Mosfellsbæjar.

Ágreiningur þessa máls snýst um það, hvort krafa sóknaraðila njóti lögveðsréttar, sem gangi framar kröfum varnaraðila við úthlutun söluandvirðis fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11, Mosfellsbæ.

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir, snýst ágreiningur máls þessa um það, hvort krafa sóknaraðila njóti lögveðsréttar, sem gangi framar samningsveðkröfum varnaraðila við úthlutun söluandvirðis umræddrar fasteignar.

Ágreiningslaust er, að krafa sóknaraðila á rætur að rekja til gatnagerðar-

gjalds, sem á var lagt í Mosfellsbæ samfara lóðaúthlutun, en áður en byggingarleyfi var veitt. Gjaldtakan er byggð á samþykkt nr. 252/1991 um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, sem staðfest var af ráðherra á grundvelli laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld. Eru umrædd gatnagerðargjöld svonefnd A-gatnagerðargjöld, sem lögð eru á samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 51/1974, en þar segir, að heimilt sé sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfesti, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi.

Framsal lagasetningarvalds sem þessa hefur verið talið heimilt innan vissra marka, og er löng venja fyrir því, að stjórnvaldi sé veitt heimild til að ákveða, hvort innheimta skuli tiltekna skatta. Gatnagerðargjaldi því, sem hér um ræðir, er ætlað að standa undir ýmsum kostnaði bæjarfélagsins af því að gera lóðir byggingarhæfar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 51/1974 má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi. Er greiðsla slíks gjalds sett sem skilyrði fyrir úthlutun og byggingarleyfi, þannig, að öllum, sem fá lóðum úthlutað, er um þetta skilyrði kunnugt. Er þannig gætt jafnræðissjónarmiða við skattlagningu þessa og ákveðnum efnislegum mælikvarða beitt. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst álagning gatnagerðargjaldsins því eiga sér stoð í lögum og því ekki skattlagning, sem er andstæð 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1974 fylgir gatnagerðargjaldi samkvæmt 1. gr. laganna lögveð í viðkomandi fasteign. Lögveð fyrir kröfunni stofnast við álagningu gjaldsins, og verður talið, að það hafi stofnast fyrir kröfu sóknaraðila á þeim tíma, er reikningur var gefinn út til skuldara 4. maí 1992. Ekki verður hins vegar séð, að varnaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi mótmæli gegn stofnun lögveðs sóknaraðila með bréfi sínu til sýslumannsins í Reykjavík, dagsettu 26. október 1994. Tilgangur löggjafans með setningu lögveðsheimilda er einkum sá að tryggja sérstaklega, að kröfur, sem þykir miklu varða, að séu greiddar öðrum fremur, fáist greiddar, og yrði þeim tilgangi ekki náð nema að nokkru leyti, ef lögveð ættu að víkja fyrir eldri sem yngri samningsveðum. Það er því meginregla, að lögveð gengur fyrir eldri sem yngri samningsveðum í eign þeirri, sem það hvílir á, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í heimildarlögunum, í þessu tilviki í 7. gr. laga nr. 51/1974. Þá er í 32. gr. laga nr. 39/1978 kveðið á um, að réttarvernd lögveðsréttinda sé ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað, og hefur slíkt skilyrði ekki verið sett í lög nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld. Verður því ekki fallist á það með varnaraðilum, að lagagrundvöll skorti fyrir 12. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, sem kveður á um

forgangsrétt lögveðs vegna gatnagerðargjalda fyrir öllum öðrum veðkröfum. Skiptir það ekki máli í þessu sambandi, þótt í sérlögum sé sú leið oftar en ekki farin að kveða sérstaklega á um slíkan forgangsrétt.

Varnaraðilar styðja mál sitt meðal annars þeirri málsástæðu, að sóknaraðili hafi fallið frá lögveðsrétti sínum. Móttöku sóknaraðila á umræddum víxlum sem greiðslu gatnagerðargjalda verður að telja hafa verið bundna þeirri veigamiklu forsendu, að þeir fengjust greiddir á réttum stað og réttum tíma. Á kvittunum sóknaraðila kemur skýrt fram, að greitt er með víxlum. Móttaka sóknaraðila á víxlunum getur ekki talist fela það í sér, að sóknaraðili hafi með því fallið frá lögveðsrétti sínum fyrir kröfunni, þar sem víxlar eru einungis greiðsluform, og hefur því engin áhrif á lögveðsréttinn að miða við víxilrétt. Ítrekaðar innheimtutilraunir, sem fólust m. a. í því að krefjast fjárnáms í fasteigninni á grundvelli áritaðrar stefnu vegna víxlanna, báru ekki árangur. Verður því að telja, að innheimtutilraunir sóknaraðila á grundvelli víxlanna hafi verið fullreyndar og við það hafi réttarsamband aðila á grundvelli álagðra gatnagerðargjalda raknað við með tilheyrandi réttaráhrifum. Gildir þetta, þrátt fyrir það að sóknaraðila hafi þá ekki enn verið kunnugt um, að kröfu hans fylgdi lögveðsréttur, og því þinglýst fjárnáminu og síðar lýst kröfu í söluandvirðið á grundvelli fjárnámsins. Það, að sóknaraðila var ekki kunnugt um þessa réttarvernd kröfu hans, getur ekki valdið honum réttarspjöllum. Því verður ekki fallist á það með varnaraðilum, að með innheimtuaðgerðum sínum, sem beindust að innheimtu umræddra víxla, hafi sóknaraðili fallið frá lögveðsrétti sínum.

Í 5. gr. samþykktar nr. 252/1991 um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, sem staðfest var af félagsmálaráðherra með vísan til 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974, er kveðið á um, að innan mánaðar frá úthlutun skuli greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, ella falli úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Segir síðan, að bæjarráð ákveði gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Með samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar frá 18. mars 1992 var ákveðið það greiðslufyrirkomulag, að staðfestingargjald, sem næmi 1/3 hluta, greiddist mánuði eftir lóðarúthlutun, en 2/3 hlutar greiddust á skuldabréfi til þriggja til 5 ára, verðtryggðu með meðalvöxtum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 51/1974 verður að skilja svo, að lögveðsréttur haldist, þegar greiðslum er dreift, eins og heimilað er í lögunum. Ljóst er, að víxill sá, sem gefinn var út 21. apríl 1992, að fjárhæð 620.000 kr., átti að tryggja greiðslu á þriðjungi álagðra gatnagerðargjalda. Var víxillinn afhentur sóknaraðila sama dag, eins og kvittun sóknaraðila ber með sér, og skyldi greiddur 1. júlí sama ár. Var gjalddagi víxilsins tæpum tveimur mánuðum eftir lóðarúthlutun í stað eins mánaðar, eins og ráð var fyrir gert í samþykkt Mosfellsbæjar.

Síðari víxillinn, sem nam eftirstöðvum gjaldanna, að fjárhæð 1.239.161 kr., var gefinn út 20. maí 1992 og skyldi greiddur 1. ágúst 1992. Ekki er unnt að líta svo á, að lögveð sóknaraðila hafi fallið niður við það, að sóknaraðili veitti skuldara óverulegan gjaldfrest á greiðslu gatnagerðargjaldanna, enda verður ekki annað séð en sá greiðslufrestur sé innan ramma 5. gr. fyrrgreindrar samþykktar nr. 252/1991.

Þá halda varnaraðilar fram þeirri málsástæðu, að sóknaraðili hafi með þeirri háttsemi sinni að gefa rangar upplýsingar um áhvílandi lögveðskröfur á söluþinginu og með því að vera ókunnugt um, að lögveð vegna gatnagerðargjaldanna hvíldi á eigninni, fyrirgert rétti sínum til að fá fullnustu kröfu sinnar á undan eldri þinglýstum veðkröfum. Samkvæmt endurriti úr gerðabók er ekkert bókað um slíkar upplýsingar af hálfu bæjarritara Mosfellsbæjar, sem sótti söluþingið ásamt lögmanni. Telst staðhæfing varnaraðila því ósönnuð og verður ekki gegn mótmælum sóknaraðila lögð til grundvallar úrlausnar í máli þessu. Samkvæmt 32. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er réttarvernd lögveðsréttinda ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Í greinargerð með 32. gr. kemur fram, að langoftast sé það alkunna, hvaða kröfum fylgi lögveðsréttur, og sé mönnum, sem viðskipti eiga við eiganda fasteignar, oftast í lófa lagið að ganga úr skugga um það, hvort slíkar kröfur hvíli á eign. Ekki verði því almennt talið, að það höggvi mikið skarð í viðskiptaöryggi, þótt lögvernd lögveðsréttinda sé óháð þinglýsingu. Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991, að kröfulýsing verði að koma fram af hendi rétthafa, áður en uppboði er lokið á eign. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram, að tilgangurinn með reglu þessari sé einkum sá, að sem skýrust mynd fáist af réttindum yfir eign, meðan enn er kostur að gera boð í hana. Upplýsingar um þetta geti varðað miklu fyrir rétthafa, sem þurfi að gera boð í eign, til að tryggja, að hún seljist við nægilega háu verði, til þess að þeir fái fullnustu, en óvissa um fjárhæðir rétthærri krafna geri slíkum rétthöfum verulega erfitt fyrir í þeim efnum. Hins vegar segir í greinargerðinni, að þótt þetta markmið reglunnar verði að teljast mikilsvert, nái reglan ekki lengra en svo, að hún geti talist hvatning til rétthafa til að lýsa kröfum, enda sjáist við skoðun á öðrum ákvæðum VIII. kafla, að vanrækslu á því að koma fram kröfulýsingu á réttum tíma leiði almennt ekki til teljandi réttindamissis.

Með vísan til þessa verður ekki talið, að það varði sóknaraðila missi forgangsréttar kröfu sinnar gagnvart eldri þinglýstum veðkröfum að hafa ekki upplýst á söluþinginu um áhvílandi lögveð vegna gatnagerðargjalda.

Varakröfu sína reisa varnaraðilar á þeirri málsástæðu, að lögveðskröfu sóknaraðila hafi verið of seint lýst samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991.

Ágreiningslaust er, að kröfu sóknaraðila á grundvelli fjárnámsgerðar, sem dagsett er 26. apríl 1994, var lýst, áður en uppboði lauk á eigninni, og því innan tímafrests 1. mgr. 49. gr. fyrrgreindra laga, og að kröfulýsing sóknaraðila, þar sem hann lýsir kröfu sinni sem lögveðskröfu, barst eftir fyrrgreint tímamark. Hins vegar er ágreiningur um það, hvort síðari kröfulýsing sóknaraðila sé leiðrétting á hinni fyrri eða ný kröfulýsing, sem leiða eigi til þess, að sóknaraðili fái ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar af henni, sbr. 4. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991. Þegar litið er til fjárhæðar síðari kröfulýsingar sóknaraðila og sundurliðunar hennar, er hún hin sama og í hinni fyrri, en hins vegar er heimildin, sem hann byggir tilkall sitt til, allt önnur sem og réttmæð sú, sem krafist er. Þá vísar hún til hinnar fyrri að því leyti, að í henni er lýst yfir því, að „umræddir víxlar" hafi verið greiðsla á gatnagerðargjöldum. Leikur þess vegna enginn vafi á því, að hér er um leiðrétta kröfulýsingu að ræða. Eftir er hins vegar að taka afstöðu til þess, hvort sóknaraðila sé heimilt að leiðrétta kröfulýsingu sína á þennan hátt, án þess að það leiði til missis réttar til úthlutunar af söluverðinu til greiðslu innheimtukostnaðar hans. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 51. gr. og 3. mgr. 52. gr. laga nr. 90/1991 getur sá, sem nýtur óþinglýstra réttinda í eign, haft uppi slíka kröfu á síðari stigum en greinir í 1. mgr. 49. gr. án þess að glata þeim. Með hliðsjón af nefndum ákvæðum hefur verið talið heimilt að koma að leiðréttingu á kröfulýsingu, eftir að uppboði lýkur, til hækkunar eða lækkunar. Með vísan til framanritaðs og þess, að sóknaraðili lýsti fyrri kröfu sinni innan tilskilins frests 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991, verður að líta svo á, að sóknaraðili eigi rétt til úthlutunar af söluverði til greiðslu málskostnaðar og annars innheimtukostnaðar af lögveðskröfu sinni. Samkvæmt ákvæðum 50. gr. nauðungarsölulaga á sóknaraðili rétt á að fá greiðslu af söluandvirði vegna vaxta og annars kostnaðar við kröfuna fram að uppboðsdegi 13. maí 1994, og hefur sóknaraðili lýst kröfu sinn í samræmi við þessa reglu. Ekki verður séð, að lög nr. 20/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum eigi við um kröfu sóknaraðila, þar sem sóknaraðili reyndi innheimtuaðgerðir á grundvelli víxlanna og höfðaði mál til greiðslu þeirra 1993, en stefna á grundvelli víxlanna var árituð í október 1993. Var því skuldara ekki veittur gjaldfrestur á vöxtum í skilningi þeirra laga, og missir sóknaraðili því ekki forgangsrétt fyrir vöxtum af kröfu sinni til uppboðsdags.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að fallast á kröfur sóknaraðila um, að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 21. desember 1994 um að taka til greina mótmæli varnaraðila, Sameinaða lífeyrissjóðsins og Húsnæðisstofnunar ríkisins, gegn frumvarpi til úthlutunar á

söluandvirði fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11, Mosfellsbæ. Jafnframt er viðurkennd lögveðskrafa sóknaraðila í söluandvirði ofangreindrar eignar, að fjárhæð 2.758.004 kr.

Varnaraðilar, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Húsnæðisstofnun ríkisins, greiði óskipt sóknaraðila, Mosfellsbæ, 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Máli þessu var upphaflega úthlutað dómarafulltrúa, sem fór með það til 1. júní sl., er Arngrími Ísberg héraðsdómara var falið það í kjölfar setningar laga nr. 80/1995, og kveður hann upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 21. desember 1994 um að taka til greina mótmæli varnaraðila, Sameinaða lífeyrissjóðsins og Húsnæðisstofnunar ríkisins, gegn frumvarpi til úthlutunar á söluandvirði fasteignarinnar Bröttuhlíðar 11, Mosfellsbæ. Viðurkennd er lögveðskrafa sóknaraðila, Mosfellsbæjar, í söluandvirði fasteignarinnar, að fjárhæð 2.758.004 kr., og skal frumvarp sýslumanns frá 12. október 1994 til úthlutunar á söluandvirði eignarinnar standa óbreytt.

Varnaraðilar greiði óskipt sóknaraðila 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 280/1993. **Páll Jónsson**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Fokus Bank A/S
(Páll A. Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1993.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 25. nóvember 1992. Í þinghaldi 6. apríl 1993 var eftirfarandi bókað: „Málflytjendur lýsa því með vísan til 1. mgr. 115. gr. l. nr. 91/1991, að þeir telji ekki þörf á að endurflytja málið og leggja það í dóm á nýjan leik. Málið er dómtekið." Dómur í málinu var kveðinn upp 20. apríl 1993. Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er tæplega tuttugu og ein vika var liðin frá aðalmeðferð. Verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, sbr. dóma Hæstaréttar 6. febrúar 1995 í málunum nr. 384/1992, 9/1993, 104/1994 og síðari dóma um sama efni.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 200/1995. **Andrá hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Þorfinni Guðnasyni
(Þorsteinn Einarsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 203/1995. **Aðalsteinn Karlsson**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Júlíusi Gunnari Þorgeirssyni
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 206/1995. **Bjarni Eyjólfsson**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 207/1995. **Íshaf hf.**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 211/1995. **Brjótur sf.**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Samskipum hf.
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 213/1995. **Björn Erlendsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 214/1995. **Björn Jónasson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 226/1995. **Ríkharð Sigurðsson**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Kolbrúnu Engilbertsdóttur
(Ingibjörg Rafnar hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 252/1995. **Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins** (Gunnlaugur Þórðarson hrl.) gegn **Jóni Guðmundssyni**

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí sl., sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 1. mgr. 85. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 5. júlí sl., þar sem felld er úr gildi nauðungarsala á íbúð í eigu varnaraðila, merkt 0405, í Hamarshúsinu, Tryggvagötu 4–6 í Reykjavík, sem fram fór að kröfu sóknaraðila og fleiri 16. mars 1995. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og viðurkennt verði gildi nauðungarsölu á framangreindri íbúð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í þinglýsingabók sýslumannsembættisins í Reykjavík var fasteignin Hamarshús upphaflega skráð nr. 4 við Tryggvagötu. Húsinu var á síðari árum breytt, og hefur eftir það verið nýtt að mestu sem íbúðarhús. Í kjölfar þess var gerður eignaskiptasamningur, sem dagsettur er 16. maí 1984. Samkvæmt honum er öllu húsinu skipt í 41 eignarhluta. Hver eining er þar tilgreind með númeri, og hafa engir tveir hlutar sama númer. Íbúð, sem varnaraðili eignaðist síðar, er merkt nr. 0405 og er sögð 26,5 m^2 að stærð. Ber samningurinn yfirskriftina „Hamarshúsið Tryggvagötu. Eignarhlutaskipting“, en ekki

er í samningnum vísað til húsnúmers eða sérstakra stigaganga í húsinu, sem einstakar íbúðir eða atvinnuhúsnæði tengjast. Mun samningur þessi hafa verið færður í þinglýsingabók 29. maí 1984.

Samkvæmt gögnum málsins ákvað byggingarnefnd Reykjavíkur 14. mars 1985 breytingu á tölusetningu lóða við Tryggvagötu. Samkvæmt því skyldi Hamarshúsið vera númer 4–6 við götuna. Í samþykkt nefndarinnar, sem staðfest var á fundi borgarstjórnar 21. mars 1985, er einungis getið um tölusetningu lóðar. Ekki greinir þar neitt um húsið sjálft eða skiptingu einstakra íbúða og annarra húshluta á hin nýju númer. Í þinglýsingabók er íbúð merkt 0405 í Hamarshúsinu eftir sem áður talin vera í húsinu nr. 4 við Tryggvagötu, en jafnframt er þar getið um samþykkt byggingarnefndar Reykjavíkur frá 14. mars 1985, sem þinglýst var á árinu 1993.

Ekki nýtur skýringa í málinu á þeirri framkvæmd á merkingum, sem eru á húsinu sjálfu. Eru tveir inngangar í húsið frá Tryggvagötu merktir nr. 4, en einn nr. 6, og mun íbúð varnaraðila vera þar. Einn inngangur í húsið frá götunni er inn á veitingastað, en aðrir inngangar eru ómerktir.

II.

Í Dagblaðinu 11. mars 1995 er að finna auglýsingu frá sýslumanninum í Reykjavík um framhald uppboða, sem haldin verði á eignunum sjálfum. Þar segir meðal annars: „Tryggvagata 4, íb. 0405 í Hamarshúsinu, þingl. eig. Jón Guðmundsson, gerðarbeiðandi Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, 16. mars 1995 kl. 14.00“. Tilgreining í auglýsingunni um húsnúmer er í samræmi við heiti eignarinnar í þinglýsingabók, svo og skuldabréf með veði í íbúðinni, er sóknaraðili styðst við í kröfu um nauðungarsölu.

Ekki verður talið, að ósamræmi sé milli auglýsingarinnar og þeirra þinglýstu heimilda um íbúðina, sem að framan greinir. Verður almennt lagt til grundvallar, að lýsing á staðsetningu eða heiti fasteignar í auglýsingu um nauðungarsölu, sem er í samræmi við þinglýstar heimildir um hana, uppfylli fyrirmæli 5. mgr. 35. gr., sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 90/1991 um, að heiti eignar skuli koma fram í auglýsingu. Önnur sýnileg auðkenni eða merkingar á eign, sem ganga í aðrar áttir, geta ekki hnekkt þeirri niðurstöðu.

III.

Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af framhlið Hamarshússins, sem varnaraðili hefur lagt fram. Þar kemur meðal annars fram, að við útidyr inngangs, sem merktur er nr. 6, og annars inngangsins, sem merktur er nr. 4, eru greinilegar merkingar á númeri íbúða, sem hvorum inngangi tilheyra.

Í auglýsingu um nauðungarsölu er heiti fasteignar sagt Hamarshúsið við Tryggvagötu 4. Ekki fer á milli mála, við hvaða hús þar er átt. Þegar það er virt svo og merkingar íbúða, sem fram koma utan á húsinu, verður ekki heldur fallist á með varnaraðila, að tilgreining eignarinnar í auglýsingu hafi verið svo óljós, að áhugamenn um kaup á henni hafi þurft frá að hverfa, ef beitt er þeirri athygli, sem við má búast, eins og aðstæðum var hér háttað.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki fallist á, að annmarkar hafi verið á framkvæmd nauðungarsölu á íbúð varnaraðila, sem varðað geti ógildingu hennar. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og krafa sóknaraðila um viðurkenningu á gildi nauðungarsölunnar tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Viðurkennt er gildi nauðungarsölu á íbúð merktri 0405 í Hamarshúsinu, Tryggvagötu 4–6 í Reykjavík.

Varnaraðili, Jón Guðmundsson, greiði sóknaraðila, Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, 70.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júlí 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. júní sl., barst dóminum 6. apríl sl. með beiðni sóknaraðila, Jóns Guðmundssonar, kt. 040849-5999, Þvottalaugabletti 27, Reykjavík, dags. 3. sama mánaðar, þar sem þess er krafist, að uppboð á eigninni Tryggvagötu 6,

Hamarshúsinu, íbúð 0405, sem fram fór 16. mars sl. kl. 14.00, verði fellt úr gildi. Í málinu er einnig gerð krafa af hans hálfu um málskostnað að skaðlausu úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar í málinu eru Guðjón Sverrisson, Hrafnhólum 8, Reykjavík, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík, Endurskoðun hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, og Ráð hf., Garðastræti 38, Reykjavík. Voru þeir allir boðaðir til fyrsta þinghalds í málinu 28. apríl 1995, og sóttu þeir þing nema Guðjón Sverrisson. Í þinghaldinu var þess af þeirra hálfu krafist, að gildi nauðungarsölu á eigninni Tryggvagötu 4–6, Hamarshúsinu, Reykjavík, yrði staðfest. Einnig var af þeirra hálfu krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málið var næst tekið fyrir 12. maí sl., en þá féll þingsókn niður af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Þingsókn féll niður af hálfu Ráðs hf. í þinghaldi 13. júní sl. Af hálfu Endurskoðunar hf. var lögð fram greinargerð 31. maí sl., en þingsókn féll niður af hálfu Endurskoðunar hf. 27. júní sl. Þar með hafði fallið niður þingsókn allra varnaraðila nema Lífeyrissjóðs starfsmannafélags Áburðarverksmiðju ríkisins.

Í rekstri málsins gerði sóknaraðili þá kröfu, að umráðum varnaraðila Ráðs hf. yfir íbúðinni, sem hér um ræðir, yrði frestað, þar til úrlausn væri fengin í málinu, en eins og fram kemur í yfirlýsingu sýslumanns, dags. 11. apríl sl., á dskj. nr. 7, var boð Ráðs hf., sem fram kom við nauðungaruppboðið 16. mars sl., samþykkt. Af hálfu varnaraðila Ráðs hf. var þessari kröfu sóknaraðila mótmælt. Með úrskurði, sem kveðinn var upp 17. maí sl., var fallist á að fresta umráðum varnaraðila Ráðs hf. yfir íbúðinni, þar til úrlausn lægi fyrir í málinu.

Við munnlegan málflutning var af hálfu varnaraðila Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins gerð sú krafa, að sóknaraðila yrði gert að greiða réttarfarssekt vegna ósæmilegra ummæla um lögmann varnaraðila í málflutningsræðu með vísan til e-liðar 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Af hálfu sóknaraðila var kröfunni mótmælt og beðist afsökunar á því, hafi einhver ummæli verið ósæmileg í garð lögmannsins.

I.

Með uppboðsbeiðni Endurskoðunar hf., dags. 16. ágúst 1994, til sýslumannsins í Reykjavík var þess farið á leit, að eignarhluti sóknaraðila í Tryggvagötu 6, hluti 0405, yrði seldur á nauðungaruppboði, en beiðnin var lögð fram, er málið var tekið fyrir hjá sýslumanni 8. desember 1994.

Með uppboðsbeiðni Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkis-

ins, sem einnig er dagsett 16. ágúst 1994, til sýslumannsins í Reykjavík var krafist nauðungarsölu á fasteigninni Tryggvagötu 4, íbúð merktri 0405 í Hamarshúsinu, Reykjavík, á grundvelli fjárnáms, sem gert var í íbúðinni 22. nóvember 1993. Samkvæmt gögnum málsins var beiðnin tekin fyrir hjá sýslumannsembættinu 24. nóvember 1994 og þá ákveðið, að uppboð byrjaði á eigninni á skrifstofu sýslumanns 21. febrúar 1995. Við þá fyrirtöku kom fram boð í eignina, en ákveðið, að uppboðinu yrði fram haldið á eigninni sjálfri 16. mars sama ár kl. 14.00.

Framhald uppboðsins var auglýst í dagblaði, sbr. dskj. nr. 3, og þar sagt, að það yrði háð á ofangreindum tíma á eigninni sjálfri, er tilgreind var sem Tryggvagata 4, íb. 0405 í Hamarshúsinu. Við uppboðið mótmælti sóknaraðili því, að uppboðið næði fram að ganga, þar sem íbúðin væri í Tryggvagötu 6, en ekki 4. Að kröfu gerðarbeiðenda var tekin sú ákvörðun, að salan næði fram að ganga, og fór uppboðið fram. Sóknaraðili hefur krafist þess hér fyrir dóminum, að uppboðið verði fellt úr gildi, en af hálfu varnaraðila nema Guðjóns Sverrissonar hefur því verið mótmælt og þess krafist, að gildi nauðungarsölunnar verði staðfest, eins og áður er komið fram.

II.

Kröfur sóknaraðila í málinu eru studdar þeim rökum, að í auglýsingu um uppboðið, sem birt var í Dagblaðinu 11. mars 1995, hafi íbúðin, sem seld var á uppboðinu, verið ranglega tilgreind. Auglýst hafi verið framhald uppboðs á íbúð í húsinu Tryggvagötu 4, en íbúðin sé í Tryggvagötu 6. Því hafi ranglega verið staðið að auglýsingunni. Þessi ranga auglýsing hafi leitt til þess, að ekki hafi aðrir sótt uppboðið en þeir, sem sérstaklega var vísað á uppboðsstaðinn. Uppboðið hafi því farið fram, án þess að almennir kaupendur ættu þess kost að vera við það. Sóknaraðili telur, að þetta hafi óhjákvæmilega leitt til þess, að færri hafi komið á uppboðið en ella og því verið minni líkur á sanngjörnu verði fyrir íbúðina.

Þá telur sóknaraðili, að hann hafi fengið tvær misvísandi tilkynningar frá sýslumanni um byrjun uppboðs. Hin fyrri hafi verið send 30. janúar 1995, þar sem tilkynnt var um nauðungarsölu á Tryggvagötu 4, íbúð 0405 í Hamarshúsinu, 21. febrúar 1995 kl. 10, en síðari tilkynningin hafi verið send 7. febrúar sama ár vegna sölu á Tryggvagötu 6, 4. hæð, íbúð 0405, 2. mars 1995 kl. 10.

Sóknaraðili styður kröfu sína í máli þessu með því, að meðferð sýslumannsins í Reykjavík á beiðni varnaraðila um nauðungarsölu fasteignarinnar nr. 6 við Tryggvagötu, Hamarshúsi, íbúð 0405, hafi verið ólögmæt og falið í sér réttarbrot gagnvart sér. Um heimild til að leita úrskurðar dómsins um kröfuna vísar sóknaraðili til 80. gr. laga nr. 90/1991.

III.

Af hálfu varnaraðila Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins er þeirri fullyrðingu sóknaraðila mótmælt, að tilgreining í dagblaðsauglýsingu um uppboðið hafi leitt til þess, að færri hafi komið á uppboðið til að bjóða í eignina. Er því haldið fram, að ekki hafi verið örðugleikar á því að finna uppboðsstaðinn, enda hafi sóknaraðila verið í lófa lagið að benda þeim aðilum á, sem komu á staðinn, hvar í húsinu eignin væri, og takmarka þannig ætlað tjón sitt, en sóknaraðili hafi sjálfur verið staddur fyrir utan uppboðsstað fyrir auglýstan tíma til að fylgjast með því, hvort menn leituðu inngöngu á réttum stað, eins og hann hafi sjálfur lýst yfir fyrir dóminum.

Því er haldið fram, að framhald uppboðsins hafi verið auglýst í samræmi við upplýsingar í þinglýsingabókum. Einnig verði að telja, að upplýsingar, sem fram komi í þinglýsingabókum, séu í samræmi við raunveruleikann. Á veðbókarvottorði, sbr. dskj. nr. 2 h, komi fram, að eignin væri tilgreind sem Tryggvagata 4, eignarhluti 1,26%. Undir liðnum lýsing segi: Hamarshúsið. Íbúð á 4. hæð, merkt 04.05, og undir liðnum Lóðin væri vísað til skiptasamnings, sbr. dskj. nr. 13. Þá sé tilgreint, að byggingarnefnd hafi samþykkt 14. mars 1985, að lóð Hamarshúss verði nr. 4–6.

Á skuldabréfi, sem krafa varnaraðila er reist á í uppboðsmálinu, komi fram, að veðið er þar tilgreint sem íbúð merkt 04-05 í Hamarshúsinu við Tryggvagötu 4, Reykjavík. Skuldabréfið tilgreini veðið með þeim hætti, sem gert væri í þinglýsingabókum, og hafi það verið fært í þinglýsingabók án athugasemda. Samþykkt byggingarnefndar um, að lóð hússins sé nr. 4–6, hafi verið gerð tæpum þremur mánuðum áður en skuldabréfinu hafi verið þinglýst í júní 1985. Því hafi tilgreining fasteignarinnar verið í samræmi við þinglýsingabækur. Fjárnám hafi síðan verið gert fyrir skuldinni samkvæmt skuldabréfinu 22. nóvember 1993.

Á eignaskiptasamningi, sbr. dskj. nr. 13, væru hvorki tilgreind húsnúmer né sérmerkt stigahús. Samkvæmt honum heiti fasteignin Hamarshúsið Tryggvagötu, og væri eigninni skipt upp í 41 hluta, þar sem hver eining hafi tiltekið númer og engir tveir hlutar hafi sama númer. Sú framkvæmd að númera stigahús eignarinnar með númerunum 4 og 6 eigi sér því hvorki stoð í eignaskiptasamningnum né í þinglýsingabókum. Samþykktir byggingarnefndar og skráningarmáti Fasteignamats ríkisins breyti ekki einhliða hinum þinglýstu heimildum. Þá verði að telja, eins og áður er komið fram, að tilgreining eignar í þinglýsingabókum sé rétt.

Af hálfu varnaraðila er talið, að sýslumaður eigi ekki annars kost, þegar framhaldssala er auglýst, en auglýsa eignina samkvæmt þinglýstum heimild-

um. Hvorki beri að miða við skráningarmáta annarra stofnana né frásagnir af skiptingu eða fyrirkomulagi eignar. Í því tilviki, sem hér um ræði, hafi eignin verið auglýst framhaldssölu í DV 11. mars 1995 með þeim hætti, er þinglýsingabækur tilgreini. Allur annar háttur á auglýsingu hefði verið óforsvaranlegur.

Þá er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að auglýsingin í Dagblaðinu hafi verið fullnægjandi, enda hafi mönnum ekki átt að geta dulist í auglýsingunni um uppboðið á íbúð 0405 í Hamarshúsinu, Tryggvagötu 4, Reykjavík, hvaða eign skyldi selja nauðungarsölu, og er í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar frá 17. nóvember 1994 í málinu nr. 439/1994. Í auglýsingunni hafi eignin verið tilgreind nákvæmlega eins og í þinglýsingabókum og samkvæmt eignaskiptayfirlýsingunni. Aðeins ein íbúð væri með númerinu 0405 í Hamarshúsinu, og aðeins eitt hús í borginni bæri það nafn. Verði því ekki séð annað en yfir allan vafa væri hafið, hvaða eign hafi átt að selja nauðungarsölu.

Af hálfu varnaraðila Endurskoðunar hf. hefur þeim fullyrðingum sóknaraðila verið mótmælt, að erfitt hafi verið að finna uppboðsstaðinn. Ekki hafi þurft að leiðbeina fólki, og það hafi ekki lent í vandræðum með að finna staðinn, enda hafi legið straumur fólks inn í húsið kl. 14.00, sem ekki hefði farið fram hjá mönnum, sem kunni að hafa staðið við næstu dyr.

Þá er því mótmælt, að tilkynningar sýslumanns til sóknaraðila hafi nokkur áhrif á gildi uppboðsins. Einnig er því mótmælt, að auglýsingin í Dagblaðinu hafi verið röng, enda hafi hún verið að öllu leyti í samræmi við þinglýstar heimildir. Í veðmálabókum sé aðeins til Tryggvagata 4, en Tryggvagötu 6 sé þar ekki að finna. Þar að auki hafi til nánari skýringar verið tilgreint í auglýsingunni, að íbúðin væri í Hamarshúsinu, en þar væri aðeins ein íbúð nr. 0405. Ekki verði séð, hvernig sýslumaður hafi getað auglýst á annan hátt en í samræmi við veðmálabækur, enda eigi að mega treysta því, að þær upplýsingar, sem þar eru skráðar, séu réttar. Uppboðið hafi verið auglýst í samræmi við veðmálabækur og á eins skýran hátt og sýslumaður hafi getað tilgreint staðinn.

IV.

Íbúð sú, er seld var á uppboðinu, sem hér er krafist, að ógilt verði með úrskurði dómsins, er í húsi, sem nefnt hefur verið Hamarshúsið við Tryggvagötu. Á veðbókarvottorði fyrir íbúðina, dags. 16. mars 1995, sbr. dskj. nr. 2 h, og á skjali sýslumanns, dags. 9. júní 1995, sbr. dskj. nr. 14, er íbúðin tilgreind sem Tryggvagata 4. Af gögnum málsins verður hvorki ráðið, hvernig það er til komið né frá hvaða tíma sú tilgreining hefur verið

færð í þinglýsingabækur. Hins vegar kemur fram á veðbókarvottorðinu og einnig í öðrum gögnum málsins, að byggingarnefnd samþykkti 14. mars 1985, að lóð Hamarshússins yrði nr. 4–6. Í afsali til sóknaraðila, dags. 14. nóvember 1989, sbr. dskj. nr. 4, er íbúðin tilgreind nr. 405, eignarhluti í Hamarshúsinu við Tryggvagötu 6 í Reykjavík, en skjalinu var þinglýst án athugasemda 10. janúar 1990. Einnig kemur fram í fjárnámsendurriti á dskj. nr. 2 g, að fjárnáminu, sem gert var 2. september 1993 í íbúð sóknaraðila í Tryggvagötu 6, hefur verið þinglýst án athugasemda, en það var fært í fasteignabók 7. september 1993.

Ágreiningslaust er í málinu, að inngangur í stigahús, þar sem íbúðin er, var merktur nr. 6. þegar uppboðið fór fram.

Á uppboðsbeiðnum, dags. 16. ágúst 1994, sem sýslumaðurinn í Reykjavík fékk til meðferðar, sbr. dskj. nr. 2 b og 2 f, kemur fram ósamræmi í tilgreiningu á uppboðsandlagi. Í endurritum úr gerðabók sýslumanns kemur fram, að þegar beiðnin á dskj. nr. 2 f var tekin fyrir 24. nóvember 1994, er íbúðin talin vera að Tryggvagötu 4 í Hamarshúsinu, en 8. desember sama ár, þegar beiðnin á dskj. nr. 2 b var tekin fyrir, er íbúðin talin vera að Tryggvagötu 6. Af gögnum málsins og málatilbúnaði varnaraðila verður að ráða, að málin hafi verið sameinuð 16. mars sl., en þar er íbúðin sögð vera að Tryggvagötu 4–6 í Hamarshúsinu.

Varnir í málinu eru þær, að í umræddri dagblaðsauglýsingu hafi tilgreining á eigninni verið fullnægjandi, þar sem hún hafi verið í samræmi við þinglýsingabækur og sýslumaður því ekki átt þess kost að tilgreina eignina með öðrum hætti en gert var í auglýsingunni. Einnig er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að ekki hafi verið hætta á, að einhver vafi hafi leikið á því, hvar uppboðsstaðurinn væri. Með vísan til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, verður ekki á þessi rök fallist. Verður að telja, þegar litið er til þess, sem fram hefur komið í málinu, að íbúðin, sem seld var á umræddu uppboði, hafi ekki verið tilgreind með fullnægjandi hætti í dagblaðsauglýsingu, eins og skylt er samkvæmt 5. mgr. 35. gr., sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Ber því að fella úr gildi nauðungaruppboð á íbúð sóknaraðila nr. 0405 að Tryggvagötu 4–6, sem fram fór á eigninni 16. mars 1995.

Rétt þykir, að varnaraðilar, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík, Endurskoðun hf. og Ráð hf., en þeir hafa andmælt því, að kröfur sóknaraðila næðu fram að ganga í málinu, greiði sóknaraðila málskostnað, svo sem hann krefst, en hann þykir hæfilega ákveðinn 18.000 kr.

Ekki þykir ástæða til, að sóknaraðila verði gert að greiða réttarfarssekt.

Úrskurð þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 19. maí sl.

Úrskurðarorð:

Fellt er úr gildi nauðungaruppboð á íbúð, merktri 0405, að Tryggvagötu 4–6, Hamarshúsinu í Reykjavík, sem fram fór á eigninni 16. mars 1995.

Varnaraðilar, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík, Endurskoðun hf. og Ráð hf., greiði sóknaraðila, Jóni Guðmundssyni, 18.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 245/1995. **Örn Hólm**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Óskari Ingiberssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Aðild. Sjómenn. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 13. júlí. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn var upp 21. júní 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað til löglegrar meðferðar fyrir héraðsdómi á ný, hvað varðar fjárkröfu kæranda". Hins vegar fellst sóknaraðili á frávísun kröfu um viðurkenningu á sjóveðsrétti. Sóknaraðili krefst auk þess málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili var stýrimaður á fiskiskipinu Albert Ólafssyni árið 1993, en skipið bar þá einkennisstafina KE 39. Einnig gegndi hann stöðu skipstjóra á skipinu í stuttan tíma sama ár. Skriflegir ráðningarsamningar, sbr. 6. og 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, liggja ekki fyrir í málinu.

Af gögnum þeim, sem sýna, að skipið var árið 1993 í eigu varnaraðila og sona hans, Karls og Ingibers, verður ekki ráðið, hver gerði skipið út. Af hálfu varnaraðila er ekki vefengt, að hann hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið aðili ráðningarsamninga, sem gerðir voru við sóknaraðila um skiprúm. Hins vegar er því haldið fram af hans hálfu fyrir Hæstarétti, að einnig beri að stefna fyrrgreindum sonum sínum.

Ekki verður fallist á, að varnaraðili beri í skilningi 18. gr. laga nr.

91/1991 óskipta skyldu með Karli og Ingiber Óskarssonum um kröfur sóknaraðila til launa eða aflahlutar. Skiptir þá ekki máli, hvort allir eigendur skipsins eigi aðild að skiprúmssamningum þeim, sem sóknaraðili reisir kröfur sínar á. Var sóknaraðila því heimilt að beina síðargreindum kröfum að varnaraðila einum. Verður málinu því ekki vísað frá á þeim grundvelli, sem gert er í héraðsdómi.

Af þessum ástæðum ber að taka kröfu sóknaraðila til greina að öðru leyti en því, að rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi um aðrar kröfur en viðurkenningu á sjóveðsrétti. Er málinu vísað til löglegrar meðferðar fyrir héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. júní 1995.

Stefnandi máls þessa er Örn Hólm, kt. 220163-7849, Sunnubraut 21, Gerðahreppi. Stefnt er Óskari Ingiberssyni, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, Keflavík. Mál þetta var höfðað í tvennu lagi. Stefna í frumsök var út gefin 12. október 1994 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir stefnda 24. október. Það var þingfest 9. nóvember 1994. Stefna í framhaldssök var út gefin 2. mars 1995 og málið að því leyti höfðað með birtingu stefnunnar fyrir stefnda 3. mars. Framhaldssök var þingfest 10. mars sl. Málið var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 2. júní 1995.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 548.569 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 37.460 kr. frá 14. 9. 1993 til 1. 4. 1994, en af 548.569 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að sér verði dæmd lægri fjárhæð úr hendi stefnda að mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. 9. 1994.

Jafnframt þessu krefst stefnandi þess, að staðfestur verði sjóveðsréttur í v/b Albert Ólafssyni, HF-39, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu í báðum tilvikum að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess,
að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda gegn greiðslu 37.460 kr. auk dráttarvaxta frá 14. september 1993 til greiðsludags.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik og ágreiningur aðila.

Stefnandi var skráður skipverji á skipi stefnda, Albert Ólafssyni, HF-39, árið 1993 sem hér segir: frá 6. til 14. ágúst sem skipstjóri, frá 3. til 17. september sem stýrimaður, frá 17. til 30. september sem skipstjóri, frá 30. september til 14. október sem stýrimaður og frá 27. október til 31. desember sem stýrimaður.

– – –

Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu er Óskari Ingiberssyni einum stefnt fyrir hönd útgerðar Alberts Ólafssonar, HF-39. Samkvæmt fram lögðu, þinglýstu afsali og beiðni um skráningu skipsins á aðalskipaskrá eru eigendur skipsins þrír: Óskar Ingibersson, stefndi í máli þessu, og synir hans tveir, Karl Ó. Óskarsson og Ingiber Óskarsson. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 var stefnanda skylt að stefna þeim öllum í máli þessu, til þess að hann gæti fengið dóm fyrir kröfum sínum. Svo var ekki gert, og ber því skv. 2. mgr. nefndrar lagagreinar að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Málskostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda málskostnað úr hendi stefnanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Dóm þennan kveða upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Einar S. Hálfdánarson, héraðsdómslögmaður og löggiltur endurskoðandi, og Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnandi, Örn Hólm, greiði stefnda, Óskari Ingiberssyni, 100.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 291/1995. **Karl Rúnar Ólafsson**
(Steingrímur Þormóðsson hrl.)
gegn
Edvard Lövdal
(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. ágúst. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1995, þar sem synjað er kröfu sóknaraðila um útburðargerð. Sóknaraðili krefst þess, „að varnaraðili verði með beinni aðfarargerð borinn út úr 1. hæð fasteignarinnar að Funahöfða 7, Reykjavík, . . . og sóknaraðili verði settur inn í réttindi leigusala samkvæmt leigusamningi um 2. hæð fasteignarinnar". Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með kaupsamningi 30. desember 1994 seldi sóknaraðili varnaraðila fasteign þá, sem deilt er um í málinu, fyrir 15.500.000 krónur. Kaupverðið skyldi greiða með þremur víxlum með gjalddaga 5. ágúst 1995, 5. janúar 1996 og 5. júní 1996. Var fjárhæð fyrsta víxilsins 717.240 krónur, en hinna hvors um sig 700.000 krónur, alls 2.117.240 krónur. Samþykkti varnaraðili víxla þessa og afhenti þá sóknaraðila. Kaupverðið skyldi varnaraðili að öðru leyti inna af hendi með því að taka að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, sem í kaupsamningi voru sagðar nema alls 13.382.759 krónum. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, er í kaupsamningnum sérstaklega kveðið á um, að varnaraðila sé skylt að leita eftir samþykki lánardrottna áhvílandi skulda fyrir skuldbreytingu, en þær voru í vanskilum, er samningurinn var gerður.

Varnaraðili hefur hvorki greitt víxilinn, sem í gjalddaga var 1. ágúst 1995, né samið við eigendur veðkrafna, eins og honum bar að gera eftir kaupsamningnum. Gerðist hann með því sekur um svo stórfelldar vanefndir á samningnum, að sóknaraðila var heimil riftun, svo sem hann lýsti yfir. Varnaraðili á þess vegna ekki samkvæmt kaupsamningnum rétt til umráða yfir eign þeirri, sem um er deilt í málinu. Skilyrði 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989 til útburðargerðar eru því fyrir hendi. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og taka til greina kröfu sóknaraðila um aðfarargerð.

Dæma ber varnaraðila til að greiða málskostnað og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Umbeðin aðfarargerð má fara fram.

Varnaraðili, Edvard Lövdal, greiði sóknaraðila, Karli Rúnari Ólafssyni, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 1995.

Mál þetta, er þingfest var 20. júní sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 5. júlí sl.

Gerðarbeiðandi er Karl Rúnar Ólafsson, kt. 060157-5889, Lyngási 2, Hellu.

Gerðarþoli er Edvard Lövdal, kt. 121237-2109, Möðrufelli 13, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, „að gerðarþoli verði með beinni aðfarargerð borinn út úr 1. hæð fasteignarinnar að Funahöfða 7, Reykjavík, ásamt öllu því sem gerðarþola tilheyrir, og gerðarbeiðanda verði fengin umráð yfir fasteigninni að Funahöfða 7, Reykjavík, 1. og 2. hæð, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og hlutdeild í sameign. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi gerðarþola og að fjárnám verði heimilað fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð".

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og hann úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 30. desember 1994, keypti gerðarþoli af gerðarbeiðanda 1. og 2. hæð fasteignarinnar að Funahöfða 7. Kaupverðið var greitt með víxlum og viðtöku áhvílandi veðskulda. Í kaupsamningnum er svohljóðandi ákvæði: „Kaupandi setur sig í samband við lánardrottna áhvílandi viðtekinna skulda og leitar eftir sam-

þykki þeirra fyrir skuldbreytingu." Gerðarbeiðandi heldur því fram, að gerðarþoli hafi ekki staðið við þetta ákvæði samningsins, og hefur lagt fram gögn frá lánardrottnum, er staðfesta þessa fullyrðingu hans. Með bréfi, dagsettu 21. mars sl., lýsti gerðarbeiðandi yfir riftun kaupsamningsins. Gerðarþoli mótmælti riftuninni með bréfi, dagsettu 27. s. m. Með bréfi, dagsettu 30. maí sl., lýsti gerðarbeiðandi aftur yfir riftun og krafðist þess, að gerðarþoli rýmdi fasteignina og afhenti lykla að henni. Þegar gerðarþoli varð ekki við þessu, óskaði gerðarbeiðandi eftir því, að hann yrði borinn út, og er það hér til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að á gerðarþola hafi hvílt frumkvæðisskylda samkvæmt kaupsamningnum til að leita eftir samþykki lánardrottna fyrir því, að gerðarþoli tæki á sig veðskuldirnar. Þessari skyldu sinni hafi hann ekki sinnt og ekki heldur greitt af lánunum, sem nú séu komin í vanskil. Eigi gerðarbeiðandi yfir höfði sér nauðungarsölu vegna þessa. Vegna þessara verulegu vanefnda gerðarþola hafi skilyrði riftunar verið fyrir hendi, og hafi gerðarbeiðandi því rift samningnum. Hafi hann þess vegna orðið eigandi fasteignarinnar að nýju. Gerðarþoli hafi ekki orðið við kröfum um að afhenda umráð eignarinnar, og verði því að krefjast þess, að hann verði borinn út úr henni, með vísan til heimildar í aðfararlögum nr. 90/1989.

Gerðarþoli mótmælir því, að hann hafi vanefnt samning aðila, heldur haldið eftir greiðslum vegna vanefnda og fyrirsjáanlegra vanefnda gerðarbeiðanda, er grundvallist á vanheimild gerðarbeiðanda að umræddu húsnæði. Gerðarþoli kveður sig vera reiðubúinn til að efna allar samningsskyldur sínar, um leið og ljóst verði, að hann tapi ekki á því að leggja fram fé, er viðsemjandi gerðarbeiðanda hirði síðan. Hann bendir á, að víxlarnir, sem voru hluti kaupverðsins, hafi verið greiddir, og sé þeim ekki áfátt á nokkurn hátt. Loks er því haldið fram, að kröfugerð gerðarbeiðanda sé óskýr, og ekki verði hægt að meta rétt hans nema með umfangsmikilli sönnunarfærslu, er geti ekki farið fram við málsmeðferð sem þessa.

Niðurstaða.

Eins og rakið var hér að framan, hefur gerðarbeiðandi lýst yfir riftun á kaupsamningi aðila um framangreint húsnæði. Gerðarþoli hefur mótmælt riftun, og verður ekki séð, að gerðarbeiðandi hafi gert frekari reka að því að sækja ætlaðan rétt sinn til riftunar. Kaupsamningur aðila stendur af þeim sökum óhaggaður, og samkvæmt honum er gerðarþoli eigandi húsnæðisins. Í þessu máli verður ekki leyst úr því hvort samningnum verði rift eða ekki, enda engin krafa gerð um slíkt. Í 3. mgr. 83. gr. aðfararlaga segir, að aðfararbeiðni skuli að jafnaði hafna, ef varhugavert verði talið, að gerð-

in nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla og nánar greinir í 1. mgr. greinarinnar.

Ljóst er af gögnum málsins og málflutningi aðila, að verulegur ágreiningur er um viðskipti þeirra. Með vísan til þessa er það niðurstaða dómsins, að réttur gerðarbeiðanda sé ekki svo skýr, að unnt sé að taka kröfu hans til greina, og verður henni hafnað.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir þó mega ákveða, að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 266/1995. **Guðrún Nanna Jónsdóttir**

gegn

Lífeyrissjóði verksmiðjufólks

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 3. júlí 1995, þar sem bú sóknaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila. Sóknaraðili vísar ekki til lagaákvæða um heimild sína til kæru, en krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili sótti ekki þing í héraði, þegar krafa varnaraðila um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, var tekin fyrir á dómþingi 10. maí 1995. Í dómi Hæstaréttar 9. desember 1992 í málinu nr. 427/1992 voru ákvæði laga nr. 21/1991 skýrð með hliðsjón af reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þann veg, að heimild brysti til kæru máls, þegar þannig stæði á. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila var tekin til úrskurðar á dómþingi 10. maí 1995, en hinn kærði úrskurður var, sem áður segir, upp kveðinn 3. júlí sl. Á þessum ólögmæta drætti er engin skýring í málinu, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 277/1995. **Júlíus A. Hjálmarsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. júní 1995, þar sem bú sóknaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila. Sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um hinn kærða úrskurð fyrr en 18. júlí 1995, en um kæruheimild vísar hann til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili sótti ekki þing í héraði, þegar krafa varnaraðila um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, var tekin fyrir á dómþingi 3. maí 1995. Í dómi Hæstaréttar 9. desember 1992 í málinu nr. 427/1992 voru ákvæði laga nr. 21/1991 skýrð með hliðsjón af reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þann veg, að heimild brysti til kæru máls, þegar þannig stæði á. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila var tekin til úrskurðar á dómþingi 3. maí 1995, en hinn kærði úrskurður var, sem áður segir, upp kveðinn 20. júní sl. Á þessum ólögmæta drætti er engin skýring í málinu, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. september 1995.

Nr. 271/1995. **Jóhanna Pálsdóttir**
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)
gegn
Sparisjóðnum í Keflavík

Kærumál. Fjárnám. Fjármál hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 3. ágúst sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 11. júlí sl., að gagnvart varnaraðila teljist 50% eignarhluti í íbúð, merktri 0304, að Kirkjuvegi 1 í Keflavík vera lögmætt aðfararandlag fyrir þeim kröfum, sem aðfararhæfar teljast og varnaraðili hafi uppi í málinu gagnvart sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins í Keflavík að synja um framgang fjárnáms í umræddri íbúð, sem er þinglýst eign eiginmanns sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 90/1989 má gera fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum gerðarþola, sem nægja til greiðslu kröfunnar. Enn fremur má gera fjárnám í eignum annars manns, enda bjóði hann sjálfur eignirnar fram til fjárnáms. Frá þessari meginreglu er að finna nokkrar undantekningar í lögum, sem heimila aðför í eignum annarra en gerðarþola, þótt því skilyrði sé ekki fullnægt, að eigandi bjóði þær fram til fjárnáms. Til þess að aðför án undangengins dóms teljist tæk á grundvelli slíkra sérákvæða í lögum, þurfa þau að vera skýr og ótvíræð.

Varnaraðili reisir kröfu sína um aðför í fasteign Bjarna J. Gíslasonar, eiginmanns sóknaraðila, á ákvæðum 73. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sbr. 72. gr. sömu laga. Eru þessi lagaákvæði að verulegu leyti sama efnis og 33., sbr. 32. gr. eldri laga nr. 20/1923 um réttindi

og skyldur hjóna. Verður ekki fallist á það með varnaraðila, að í nefndum lagaákvæðum felist heimild til að gera aðför fyrir kröfu hans án undangengins dóms í eign eiginmanns gerðarþola. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Staðfest er synjun sýslumannsins í Keflavík um framgang fjárnáms í fasteigninni nr. 1 við Kirkjuveg í Keflavík.

Varnaraðili, Sparisjóðurinn í Keflavík, greiði sóknaraðila, Jóhönnu Pálsdóttur, 100.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. júlí 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. júlí 1995, var þingfest 4. sama mánaðar. Sóknaraðili er Sparisjóðurinn í Keflavík, kt. 610269-3389, en varnaraðili er Jóhanna Pálsdóttir, kt. 190524-2219, Kirkjuvegi 1, Keflavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Keflavík 11. maí 1995 að synja um framgang aðfarargerðar í málinu nr. 34/1995/01183(?): Sparisjóðurinn í Keflavík gegn Jóhönnu Pálsdóttur, verði felld úr gildi. Einnig er þess krafist, að dæmt verði, að endurupptaka fyrri fjárnámsgerðar milli sömu aðila í aðfararmálinu nr. 34/1995/00472 sé heimil og að fjárnám megi gera fyrir þar tilgreindum kröfum sóknaraðila, Sparisjóðsins í Keflavík, á hendur varnaraðila, Jóhönnu Pálsdóttur, í fasteigninni Kirkjuvegi 1, íbúð merktri nr. 0304. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili, Jóhanna Pálsdóttir, gerir þær dómkröfur, að sú ákvörðun sýslumannsins í Keflavík 11. maí 1995 að synja um framgang aðfarargerðar í málinu nr. 34/1995/0083(?) verði staðfest. Þá gerir varnaraðili enn fremur sömu kröfu varðandi ákvörðun sýslumanns um synjun um endurupptöku aðfararmálsins nr. 34/1995/00472. Varðandi meðferð máls hér fyrir dómi um báðar framangreindar kröfur er krafist málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

II.

Með beiðni, dags. 1. mars 1995, óskaði Sparisjóðurinn í Keflavík eftir því við sýslumanninn í Keflavík, að gert yrði fjárnám hjá gerðarþola, Jóhönnu

Pálsdóttur, fyrir víxilskuld við gerðarbeiðanda, sem nam þá ásamt vöxtum og kostnaði samkv. sundurliðun hans 6.568.409 krónum. Beiðnin var tekin fyrir 28. s. m. og þá frestað til 4. apríl s. á. Við fyrirtekt 4. apríl mætti gerðarþoli, Jóhanna Pálsdóttir, og lýsti yfir, að hún væri eignalaus, og var því fjárnáminu lokið sem árangurslausu.

Gerðarbeiðandi kveður það hafa komið fram við nánari athugun í þinglýsingabókum, að gerðarþoli hafi á árunum 1991–1992 flutt verulega eign úr hjúskapareign sinni til eiginmanns síns. Ekki hafi verið gerður kaupmáli um þessa eignatilfærslu. Taldi gerðarbeiðandi hana því ógilda gagnvart sér sem skuldheimtumanni og sendi sýslumanninum í Keflavík beiðni um endurupptöku fjárnáms 26. apríl og krafðist þess, að gerðin yrði endurtekin og fjárnám gert í fasteign eiginmanns gerðarþola, Kirkjuvegi 1, Keflavík. Í endurupptökubeiðninni og gögnum þeim, er henni fylgdu, heldur gerðarbeiðandi því fram, að gerðarþoli, sem var þinglýstur eigandi að verðmætri fasteign í Keflavík, hafi varið söluandvirði hennar til kaupa á fasteigninni Kirkjuvegi 1 í Keflavík, en hin nýja fasteign hafi verið skráð í þinglýsingabækur sem eign eiginmanns hennar, Bjarna J. Gíslasonar.

Endurupptökubeiðnin var tekin fyrir 5. maí 1995, og var málinu frestað til 11. s. m. Við fyrirtöku þá ítrekaði umboðsmaður gerðarbeiðanda, Sparisjóðsins í Keflavík, fyrri kröfur, en gerðarþoli hélt sig við yfirlýsingu um eignaleysi. Synjaði sýslumaðurinn um framgang gerðarinnar, og er lögmæti þeirrar synjunar úrlausnarefnið í úrskurði þessum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda boðaði þá, að málinu yrði vísað til héraðsdóms.

Í málshöfðunarkröfu hér fyrir dómi kveður sóknaraðili meginatriði málsins þessi:

1. Hinn 23. 5. 1990 gerði gerðarþoli ásamt eiginmanni sínum, Bjarna J. Gíslasyni, byggingarsamning við Byggingarsamvinnufélag aldraðra á Suðurnesjum um kaup á íbúð, merktri 0304, í fjölbýlishúsinu að Kirkjuvegi 1 í Keflavík.
2. Hinn 30. 8. 1991 beindi gerðarþoli þeirri yfirlýsingu til byggingarsamvinnufélagsins, að hún væri ekki lengur aðili að byggingarsamningnum um Kirkjuveg 1, eiginmaður sinn væri nú einn kaupandi. Byggingarfélagið samþykkti þessa breytingu á byggingarsamningnum.
3. Þegar byggingarsamningurinn var gerður, var gerðarþoli einn eigandi fasteignarinnar Hátúns 20 í Keflavík, þ. e. a. s. sú eign var hjúskapareign hennar. Þá eign seldi gerðarþoli, Jóhanna, fyrir 8.700.000 kr. 16. 10. 1991.
4. Gerðarþoli, Jóhanna Pálsdóttir, tók sjálf lán, að fjárhæð 1.000.000 kr.,

hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 19. 12. 1991. Samkvæmt uppgjörsblaði frá Sparisjóðnum í Keflavík greiddi eiginmaður gerðarþola, Bjarni J. Gíslason, þá fjárhæð upp í íbúðarverðið 6. janúar 1992. Lífeyrissjóðslánið hvílir nú á íbúðinni að Kirkjuvegi 1.

5. Hinn 7. 2. 1992 var gerður formlegur kaupsamningur milli Bjarna J. Gíslasonar og seljanda, Byggingarsamvinnufélags aldraðra á Suðurnesjum, og er hann nú einn þinglýstur eigandi að Kirkjuvegi 1, 0304, sbr. fram lagt veðbókarvottorð.

Sýnt sé fram á það með fram lögðum gögnum, að verðmætið úr sölunni á Hátúni 20 hafi gengið óskipt til kaupa íbúðarinnar að Kirkjuvegi 1. Tvö lán hafi verið flutt á milli eignanna, samtals að fjárhæð 604.608 kr., samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði Suðurnesja.

Nettóandvirði fasteignar þeirrar, er gerðarþoli seldi með kaupsamningi, dags. 16. 9. 1991, og afsali, dags. 1. 12. 1991, er þannig fundið:

Kaupsamningur, þar sem Jóhanna Pálsdóttir selur Tómasi Sigurðssyni og Rut Friðfinnsdóttur Hátún 20. Engar skuldir yfirteknar. Verðmæti fasteignar:	kr.	8.700.000
Frádráttur vegna áhvílandi lána:		
1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skuldabréf, útg. 9. 11. 1957, upphaflega að fjárhæð 1.200.000 kr. Þetta bréf var þá uppgreitt	"	0
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skuldabréf, útg. 1. 2. 1982, upphaflega 48.000 kr.	"	–322.328
3. Lífeyrissjóður Suðurnesja, skuldabréf, útg. 15. 11. 1988, upphaflega að fjárhæð 220.000 kr. (skuldari Sigrún Gunnarsdóttir)	"	–282.280
Nettóandvirði Hátúns 20	kr.	8.095.392

Kaupverð íbúðar að Kirkjuvegi 1 greiddi kaupandi, Bjarni Gíslason, kt. 100715-4659, eiginmaður sóknaraðila, með þeim hætti, er hér greinir:

Grunnverð íbúðar, mars 1990	kr.	7.099.495
Grunnverð bílskúrs	"	830.973
Viðbótarverk (hitabræðsla)		
Sjónvarpskerfi (öryggishnappur)	"	93.494
Sérreikn. v/breytinga á íbúð	"	260.200
Vextir, lántökugjald og verðbætur		

til Sparisjóðsins í Keflavík	"	1.586.739
Verðbætur samkv. verksamningi	"	355.766
	Samtals kr.	10.226.667

Innborganir:		
Peningar 4/11 '91	kr.	80.787
Húsbréf 28/11 '91	"	4.156.836
Pen/húsbr. 27/12 '91	"	1.970.783
Peningar 6/1 '92	"	1.000.000
Húsbréf 20/2 '92	"	2.333.231
Peningar 10/3 '92	"	250.000
Peningar 7/4 '92	"	435.030
	Samtals kr.	10.226.667

Sóknaraðili telur þannig, að söluandvirði fasteignarinnar Hátúns 20 í Keflavík hafi gengið til byggingar/kaupa á íbúðinni að Kirkjuvegi 1. Sé því ótvírætt um að ræða gjöf á milli hjóna í skilningi 30. gr. laga nr. 20/1923, sbr. nú lög nr. 31/1991.

Við könnun í kaupmálabókum hjá embætti sýslumannsins í Keflavík sé ekki að sjá, að kaupmáli hafi verið gerður um þessa ráðstöfun, og sé hún því ógild samkvæmt 30. gr. laga um fjármál hjóna nr. 20/1923, nú 72. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1991.

Sóknaraðili telur, að skuldheimtumenn Jóhönnu Pálsdóttur geti því gengið að gjöfinni með fjárnámi, án þess að riftun þurfi að fara fram. Viðurkennt sé í dómaframkvæmd þeirra landa, þar sem sambærileg lagaákvæði gilda, að gerningar, eins og hér um ræðir, séu ógildir og leita megi fullnustu fyrir skuldum þess, sem gefur, í ógildri gjöf. Bendir sóknaraðili sérstaklega á dóm í U. f. R. 1944, bls. 1216.

Sóknaraðili telur sig hafa sannað með fram lögðum gögnum, að eignarhluti gerðarþola í Kirkjuvegi 1, íbúð 0304, nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð, sem krafist var fjárnáms fyrir. Honum sé því heimilt að gera fjárnám í þeirri eign, enda sé það staðfest með dómiðkun, að þinglýstar eignarheimildir séu ekki einhlítar við sönnunarfærslu um eignarhald á fasteignum. Í þessu sambandi er einnig bent á 3. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga og 2. mgr. 24. gr. sömu laga, sbr. greinargerð með frumvarpinu, Alþt. 1977–1978.

Þar sem gerðarbeiðandi telur sig nú geta vísað á til fjárnáms frekari eignir gerðarþola en við fyrri meðferð málsins, telur hann endurupptöku vera heimila í samræmi við ákvæði 6. tl. 66. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

III.

Af hálfu varnaraðila er mótmælt sem röngum og ósönnuðum öllum fullyrðingum sóknaraðila um, að um gjafagjörning milli téðra hjóna hafi verið að ræða.

Varnaraðili mótmælir þannig þeirri staðhæfingu sóknaraðila, að hann hafi sýnt fram á það með óyggjandi hætti, að allt söluverð fasteignarinnar Hátúns 20 hafi gengið til kaupa á íbúðinni að Kirkjuvegi 1. Enn fremur er því mótmælt, að lífeyrissjóðslán, sem sóknaraðili tók, að fjárhæð 1.000.000 kr., og rann til kaupa á íbúðinni að Kirkjuvegi 1, hafi verið gjöf. Sú eign eiginmanns varnaraðila hafi verið veðsett til tryggingar láninu, og hann hafi greitt og muni greiða af því. Sóknaraðili hafi ekkert lagt til nema lánsréttinn. Slíkir gjörningar séu algengir milli náinna ættmenna, einkum ef ekki sé líklegt, að rétthafinn muni nota slíkan lántökurétt í eigin þágu.

Þá er því mótmælt, að þinglýst eignarheimild eiginmanns varnaraðila sé ekki einhlít sönnunarfærsla fyrir eignarrétti hans að Kirkjuvegi 1, þegar til fjárnámsgerðar kemur, svo og skilningi sóknaraðila á ákvæðum 30. gr. laga um fjármál hjóna, nú 72. gr. hjúskaparlaga.

Til vara bendir varnaraðili á, að kaupverð íbúðar að Kirkjuvegi 1 hafi verið mun hærra en söluverð Hátúns 20 og því ljóst, að fráleitt væri að gera fjárnám í allri eigninni, jafnvel þótt fallist væri á lagatúlkun sóknaraðila. Sóknaraðili hafi enga varakröfu gert um fjárnám í tilteknum eignarhluta í Kirkjuvegi 1. Verði því, hvernig sem á málið sé litið, að synja um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar og staðfesta þá ákvörðun sýslumanns frá 11. maí sl. að synja um framgang umræddrar aðfarargerðar.

IV.

Sóknaraðili máls þessa, Jóhanna Pálsdóttir, fædd 1924, og Bjarni J. Gíslason, fæddur 1915, gengu í hjúskap árið 1956. Sóknaraðili, Jóhanna, bar við aðilayfirheyrslu, að þau hefðu þá bæði verið algjörlega eignalaus, en haft fastar öruggar tekjur sem ríkisstarfsmenn. Hann var lögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli og hefur verið það síðan, hún einnig ríkisstarfsmaður, síðari árin stöðvarstjóri. Allar eignir þeirra hafi því myndast í hjúskap þeirra og þau alltaf haft venjulegt fjárfélag. Ekki gaf sóknaraðili, Jóhanna, skýringar á því, hvers vegna hún var ein skráð kaupandi og þinglýstur eigandi að einbýlishúsinu að Hátúni 20, er þau hjónin keyptu þá eign fokhelda 1957.

Sóknaraðili tók fram, að fjárhagslegt framlag eiginmannsins, Bjarna, til eignamyndunar þeirra hefði verið mun meira en sitt. Bjarni hafi auk þess að greiða niður kaupverð hins fokhelda húss lagt fram mjög mikið vinnuframlag við að fullgera það, auk þess sem hann hafi greitt efniskostnað við það.

Sóknaraðili gat þess sérstaklega, að dóttir, sem hún átti fyrir, þegar hún gekk í hjúskap, hefði stundað dýrt nám í Bandaríkjunum, Frakklandi og Englandi árin um og upp úr 1970. Fjármunir sínir og aflafé á þeim tíma hefðu farið að mjög miklu leyti til þess að aðstoða umrædda dóttur. Tvo syni ættu þau Bjarni saman. Annar hefði stundað nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði, en hinn, Bjarni Geir Bjarnason, fæddur 19. febrúar 1959, hefði gengið í Hlíðardalsskóla, en síðan farið að stunda viðskipti.

Rétt er að geta þess, að fjárnámskrafan er þannig til komin, að sóknaraðilinn, Jóhanna, gerðist ábyrgðarmaður á víxli, er síðastnefndur sonur þeirra, Bjarni Geir Bjarnason, samþykkti og afhenti Sparisjóði Keflavíkur til tryggingar yfirdráttar á ávísanareikningi. Útgáfudagur og gjalddagi og fjárhæð voru ekki á víxlinum við afhendingu, en óumdeilt er, að Sparisjóður Keflavíkur hafði samkvæmt 10. gr. víxillaga heimild til að fylla út í eyður á víxlinum. Það gerði sparisjóðurinn með þeim hætti, að hann skráði útgáfudag 12. 12. 1994 og greiðsludag 18. 1. 1995 á víxilinn og fjárhæðina 6.145.062 krónur og krafðist síðan fjárnáms fyrir víxlinum, þess sem um er deilt í máli þessu.

Útgefandi á víxlinum er Jónas Ragnarsson, kt. 190951-4219, en hann mun ásamt syninum, Bjarna Geir, hafa rekið verslunina Nonna og Bubba hf. í Keflavík. Virðist umræddur yfirdráttur, sem víxillinn var settur til tryggingar fyrir, til kominn vegna reksturs þess fyrirtækis.

Bú Nonna og Bubba hf., kt. 440484-0269, var tekið til gjaldþrotaskipta 6. febrúar 1991. Bú Jónasar Ragnarssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 16. nóvember 1992, og lauk árangurslausri skiptameðferð 16. nóvember 1994. Bú Bjarna Geirs Bjarnasonar var tekið til gjaldþrotaskipta 26. nóvember 1993, og lauk árangurslausri skiptameðferð 11. mars 1994.

Sóknaraðili, Sparisjóðurinn, heldur því fram, að varnaraðili, Jóhanna, hafi enn verið þinglýstur eigandi að Hátúni 20, þegar Sparisjóðurinn tók við hinum óútfylltu tryggingarvíxli, þ. e., að víxillinn hafi verið afhentur fyrir þinglýsingu afsals 1. 12. 1991. Varnaraðili, Jóhanna, mótmælir því og telur sig hafa afhent víxilinn síðar, væntanlega þó áður en bú útgefandans, Jónasar, og samþykkjandans, Bjarna Geirs, voru tekin til gjaldþrotaskipta 16. 11. 1992 og 26. 11. 1993.

Sóknaraðili færir það ekki fram sem málsástæðu, að íbúðin að Kirkjuvegi 1 hafi verið sett á nafn mannsins í undanskotsskyni 30. ágúst 1991, kveðst telja það óþarft, þar sem gjafir milli hjóna án kaupmála séu fortakslaust ógildar samkvæmt 30. gr. laga nr. 20/1923. Matið sé algerlega hlutlægt.

Álit réttarins.

Fyrir liggur í máli þessu, að með hjónunum Jóhönnu Pálsdóttur, varnaraðila í máli þessu, og eiginmanni hennar, Bjarna J. Gíslasyni, var venjulegt fjárfélag.

Ekkert hefur verið fært fram í málinu, er geri þann framburð konunnar tortryggilegan, að framlag mannsins til kaupa og fullbyggingar á einbýlishúsinu nr. 20 við Hátún hafi verið mjög verulegt. Ekki er annað fram komið en að þetta hús, þar sem fjölskyldan bjó meira en þriðjung aldar, hafi verið megineign félagsbúsins.

Afhending konunnar á helmingi andvirðis þeirrar eignar til hjúskapareignar mannsins var því ekki gjöf. Það liggur í augum uppi, að hún var að endurgreiða manninum þá skuld, er stofnast hafði vegna framlags hans til kaupa og fullbyggingar á eigninni, með helmingshlut af þeim fjármunum, er hún fékk fyrir Hátún 20.

Ósannað er, að maðurinn hafi lagt meira en helming til eignarmyndunar þeirra hjóna. Um helmingshlut sem hæfilega viðmiðun má líta til þeirrar helmingaskiptareglu, sem gildir, þegar hjúskaparréttur verður virkur við skilnað hjóna, svo og til meginreglunnar um jafna búshluta við andlát maka.

Þá er Hátún 20 var selt með kaupsamningi, dagsettum 16. ágúst 1991, var konan helmingsaðili að byggingarsamningi, dagsettum 23. maí 1990, um Kirkjuveg 1. Byggingarfélagið leysti hana frá samningnum með yfirlýsingu, dagsettri 30. ágúst 1991, og ljóst er, að samningsaðilar túlkuðu þá yfirlýsingu svo, að maðurinn yrði einn kaupandi, hún afhenti manninum réttindi sín og skyldur. Af gögnum málsins verður þó ráðið, að í raun hafi hún efnt byggingarsamninginn samkvæmt upphaflegum ákvæðum hans, þ. e. varið þeim helmingshlut af söluverði Hátúns 20, sem hún átti eftir að greiddri skuld sinni við manninn, til greiðslu á helmingi kaupverðs Kirkjuvegar 1, auk nokkurs lánsfjár.

Þótt varnaraðili, Jóhanna, sé ein skuldari að láni því, sem hún tók hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 19. desember 1991 og gekk til greiðslu á hluta af verðmun á Hátúni 20 og Kirkjuvegi 1, þá hefur því ekki verið hnekkt, að samkomulag hafi verið um, að maðurinn tæki þátt í greiðslum af láninu, og að við það samkomulag hafi hann staðið til þessa, en fasteignin, sem hjónin keyptu, Kirkjuvegur 1, er öll að veði fyrir láninu.

Umrætt lánsfé verður því ekki virt sem gjöf.

Samkvæmt þessu verða það úrslit máls þessa, að varnaraðili, Jóhanna Pálsdóttir, telst að formi til hafa gefið eiginmanni sínum úr hjúskapareign sinni til hjúskapareignar hans helmingshlut í fasteigninni Kirkjuvegi 1 í

Keflavík, íbúð merktri 0304. Er sú gjöf ógild gagnvart þeim skuldheimtumanni hennar, sem er sóknaraðili í máli þessu, Sparisjóði Keflavíkur, að því er varðar heimild til aðfarar í helmingshlut í umræddri fasteign fyrir dómkröfu í máli þessu, enda teljist krafan aðfararhæf.

Úrslit máls þessa eru því þau, að sóknaraðila skal heimilt að öðrum skilyrðum fullnægðum að gera aðför í 50% eignarhluta í fasteigninni Kirkjuvegur 1, íbúð nr. 0304, Keflavík, fyrir dómkröfum í máli þessu.

Með tilliti til þess, að ekki er fram komið í málinu, að sóknaraðili hafi verið í góðri trú um, að varnaraðili væri þinglýstur eigandi fasteignar, er sóknaraðili veitti umræddum tryggingarvíxli viðtöku, og með tilliti til þeirra viðskiptahátta sóknaraðila að nota slíkt tryggingarform fyrir yfirdrætti, óútfylltan víxil, sem fylltur er út af honum sjálfum að mörgum árum liðnum, þykir við eiga, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gagnvart sóknaraðila í máli þessu, Sparisjóðnum í Keflavík, telst 50% eignarhluti í íbúð, merktri 0304, að Kirkjuvegi 1 í Keflavík vera lögmætt aðfararandlag fyrir þeim kröfum, sem aðfararhæfar teljast og sóknaraðili hefur uppi í máli þessu á hendur varnaraðila, Jóhönnu Pálsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. september 1995.

Nr. 297/1995. **Hjördís Guðmundsdóttir**
gegn
Suðureyrarhreppi
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 6. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða, upp kveðinn 21. júlí 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað heim í hérað að nýju til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um, að dómstólar hafi vald til að dæma um hvert það sakarefni, sem lög og landsréttur ná til, nema það sé skilið undan lögsögu þeirra eftir lögum, samningi, venju eða eðli máls. Svo sem getið er í hinum kærða úrskurði, eru reglur í lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð, settri með heimild í lögunum, um eigendaskipti að félagslegu íbúðarhúsnæði, þar á meðal um útreikning á söluverði þess og hlutverk húsnæðisstofnunar í þeim efnum. Eru þar einnig reglur um vald stofnunarinnar til að skera úr ágreiningi um þessi atriði, sé honum vísað til hennar. Til þess verður hins vegar að líta, að sakarefni þessa máls er hvorki með þessum lögum né öðrum tekið skýrlega undan lögsögu dómstóla. Er ekki heldur áskilið í lögum, að efni þessa máls verði að sæta tiltekinni meðferð stjórnvalda, áður en það verður lagt fyrir dómstóla, enda hafi nauðsynleg skref þegar verið stigin til að koma fram eigendaskiptum að félagslegu íbúðar-

húsnæði samkvæmt þeim reglum, sem um það gilda. Þá standa aðrar heimildir, sem vísað er til í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, því ekki í vegi, að sakarefni þessa máls verði lagt fyrir dómstóla.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru ekki rök til að vísa málinu frá dómi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Dæma verður varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Suðureyrarhreppur, greiði sóknaraðila, Hjördísi Guðmundsdóttur, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 21. júlí 1995.

Ár 1995, föstudaginn 21. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-38/1995: Hjördís Guðmundsdóttir gegn Suðureyrarhreppi, sem tekið var til úrskurðar 26. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda.

Málið höfðaði Hjördís Guðmundsdóttir, kt. 260464-4289, Hríseyjargötu 2, Akureyri, á hendur Halldóri Karli Hermannssyni sveitarstjóra f. h. Suðureyrarhrepps, kt. 630269-3939, Eyrargötu 1, Suðureyri, með stefnu, út gefinni 21. mars 1995, sem birt var fyrirsvarsmanni stefnda 27. s. m., en málið var þingfest hér fyrir dómi 19. apríl sl.

Stefnukröfur eru þær, að viðurkennd verði kaupskylda stefnda á félagslegri eignaríbúð stefnanda að Túngötu 27, neðri hæð, Suðureyri, með greiðslu á 420.056 krónum auk dráttarvaxta og formlegri viðtöku á veðskuld við Byggingarsjóð verkamanna, sem á húsnæðinu hvílir. Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi gerir þær kröfur um formhlið málsins, að því verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum reikningi. Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Báðir krefjast aðilar sérstaks álags á tildæmdan málskostnað samkvæmt mati dómsins.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Með gildistöku laga nr. 97 frá 12. ágúst 1993 voru numin úr gildi eldri lög sama efnis nr. 86/1988 með síðari breytingum. Hin nýju lög hafa tvívegis sætt breytingum, annars vegar með lögum nr. 12/1994 og hins vegar með lögum nr. 58/1995, sem tóku gildi í mars á þessu ári. Voru þá gerðar allnokkrar breytingar á ákvæðum stofnlaganna um kaupskyldu framkvæmdaraðila og um endursölu eignaríbúða í hinu félagslega húsnæðiskerfi. Kemur því fyrst til skoðunar, hversu hinum yngri lögum verði beitt um ágreining þann, sem hér er um að tefla og varðar lögskipti málsaðila í júní 1994. Þar sem hin yngri lög hafa eigi sjálf að geyma ákvæði, er að þessu lúta, og réttargrundvöllur málsins var lagður fyrir gildistöku þeirra laga, þykir rétt að miða hér við þá viðurkenndu lögskýringarreglu, að lögum verði ekki beitt á afturvirkan veg. Ber því við úrlausn málsins að fara eftir ákvæðum laganna, eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 58/1995.

Samkvæmt 92. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins skal húsnæðismálastjórn úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúðar (hér stefnanda) og húsnæðisnefnda (hér stefnda), sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda samkvæmt 85. gr. laganna, svo og ákvarðanir um endursölu íbúða samkvæmt 86. gr. Af bréfi stefnanda á dómskjali nr. 11, sem er rótin að frávísunarkröfu í máli þessu, verður ekki ráðið, að ágreiningi málsaðila um innlausnarverð íbúðar stefnanda hafi verið vísað til húsnæðismálastjórnar sem stjórnvalds í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993, enda er bréfinu hvorki beint til stjórnarinnar né heldur eru þar gerðar nokkrar kröfur og vísað til nefndrar 92. gr. eða annarra lagaákvæða kæruheimild til stuðnings. Verður málinu því ekki vísað frá dómi á þeirri forsendu, að sama ágreiningsefni sé til meðferðar á stjórnsýslustigi.

Um endursölu eignaríbúða er fjallað í 85. og 86. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð nr. 46/1991 um félagslegar íbúðir o. fl., m. a. 92., 93., 96. og 98. gr. hennar. Koma þar fram ákveðnar formreglur, er lúta að eigendaskiptum í hinu félagslega kerfi, sem ólíkar eru reglum þeim, er gilda á frjálsum markaði. Meðal þeirra eru fyrirmæli um, að framkvæmdaraðili (hér stefndi) annist útreikning á söluverði félagslegra íbúða og að húsnæðisstofnun skuli staðfesta útreikninginn. Slík staðfesting á verðlagningu íbúðar stefnanda liggur ekki enn fyrir í máli þessu, en hvorki dómskjal nr. 5 né dómskjal nr. 7 fullnægja lagaskilyrðum um staðfestingu. Þá eru þar ýtarleg fyrirmæli um, hvernig reikna beri út eignarhluta seljanda (hér stefnanda), en tekið skal mið af endurbótum, vanrækslu á viðhaldi og uppgjöri á lánum byggingarsjóðs. Er sú vígstaða oft misjöfn eftir því, hvort samkomulag er milli aðila um þessi atriði eða leitað er eftir mati „sérstakra mats-

manna", en um endurbætur koma einnig til athugunar reglur, er húsnæðismálastjórn setur þar um.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, verður að telja eðlilegt, að húsnæðisstofnun og stjórn hennar taki á ágreiningsefnum eins og þeim, er mál þetta lýtur að, en dómstólar séu eðli málsins samkvæmt á þessu stigi ekki til þess bærir. Ber því samkvæmt 1. mgr. 24. gr. einkamálalaga að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. einkamálalaga þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Það athugast, að sökum embættisanna héraðsdómara hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregist umfram það, sem venjulegt þykir.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Miðvikudaginn 13. september 1995.

Nr. 272/1995. **Birgit M. Johansen**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Vörðufelli hf.

Kærumál. Aðför. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1995 um, að sóknaraðili skuli borinn út úr verslunarhúsnæði í norðurhluta jarðhæðar í fasteigninni Seljabraut 54 í Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað verði umráðakröfu varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1995.

Mál þetta, er þingfest var 16. júní sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 11. júlí sl.

Gerðarbeiðandi er Vörðufell hf., kt. 611191-1469, Hlíðarvegi 31, Kópavogi.

Gerðarþoli er Birgit M. Johansen, kt. 060424-8029, Urriðakvísl 26, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að gerðarþoli verði ásamt öllu, sem henni tilheyrir, borinn út úr verslunarhúsnæði í norðurhluta jarð-

hæðar fasteignarinnar nr. 54 við Seljabraut. Þá krefst hann málskostnaðar og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og hann úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Gerðarbeiðandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi keypt 62% af fasteigninni að Seljabraut 54 af Íslandsbanka hf. 22. janúar 1993. Lögskil áttu að miðast við 1. janúar 1993. Gerðarbeiðandi kveður gerðarþola reka myndbandaleigu og söluturn í norðurhluta fasteignarinnar, en sjálfur reki hann verslun í hinum hlutanum. Íslandsbanki hf. hafi eignast þessa eign á nauðungaruppboði, er fram fór 9. júní 1992. Þegar uppboðið fór fram, hafi verið þinglýstur húsaleigusamningur á eignina, er móttekinn hafi verið til þinglýsingar 5. nóvember 1990 og færður í þinglýsingabækur 22. s. m. Hinn 15. desember 1991 hafi þessum samningi verið skipt upp „þannig, að sá hluti fasteignarinnar, sem gerðarþoli situr nú í, var tekinn út úr og leigður sérstaklega, sbr. yfirlýsingu, dags. 15. 12. 1991. Skyldi hinn upphaflegi leigusamningur gilda um allt hið leigða eftir sem áður". Aðilar hins upphaflega húsaleigusamnings hafi annars vegar verið hlutafélag og hins vegar tveir einstaklingar sem leigutakar. Í 7. gr. samningsins segi, að leigutaki hafi forleigurétt og forkaupsrétt á hinu leigða húsnæði. Enn fremur hafi leigutaki heimild til að framleigja húsnæðið að hluta án samþykkis leigusala, nema um sé að ræða ólíka og óskylda starfsemi, og ætti þá að leita samþykkis leigusala. Ekki hafi verið heimilt að framselja samninginn án samþykkis leigusala.

Samkvæmt heimild í samningnum hafi Hafís hf. fengið leigusamninginn framseldan, og 20. október 1992 hafi hlutafélagið framselt gerðarþola samninginn, án þess að bankinn, er þá hafði eignast fasteignina á uppboði, vissi eða hefði heimilað slíkt framsal. Bankinn hafi reynt að koma gerðarþola út úr húsnæðinu, en án árangurs, og hafi gerðarþoli „setið sem fastast í hinu leigða og rekið þar söluturn og myndbandaleigu. Hefur gerðarþoli hvorki greitt gerðarbeiðanda leigu frá og með febrúar 1993 né sameiginleg gjöld vegna rafmagns og hitanotkunar". Af þessum sökum telur gerðarbeiðandi sig hafa orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni, enda gerðarþoli eignalaus, og hafi verið gert hjá henni árangurslaust fjárnám.

Hinn 16. maí sl. sendi gerðarbeiðandi gerðarþola áskorun samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 61. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 og skoraði á hana að greiða gjaldfallna leigu, þ. e. fyrir tímabilið frá febrúar 1993 til maí 1995 auk dráttarvaxta innan 7 daga, ella yrði samningnum rift. Kveður gerðarbeiðandi leigufjárhæðina hafa verið miðaða við þær greiðslur, er gerðarþoli hafi greitt inn á geymslureikning í desember 1992 og janúar 1993 á grundvelli

leigusamningsins. Gerðarþoli hafnaði því að greiða leigu og bar því við, að gerðarbeiðanda væri „óheimilt skv. húsaleigusamningnum, sbr. breytingu, dags. 15. desember 1991, að hafa „sjoppusölu" í verslun. Þessi staðhæfing hefur aldrei fyrr komið fram af hálfu gerðarþola, enda er hún röng. Hið rétta er, að í breytingu á húsaleigusamningi 15. desember 1991 féllust þáverandi framleigutakar á að selja ekki tóbak, dagblöð, tímarit og skafmiða í sinni verslun. Núverandi eigandi, Vörðufell hf., er að sjálfsögðu óbundinn af þeim skyldum, sem hinir svonefndu framleigutakar tóku á sig skv. þeim samningi, enda leigusamningurinn ekki í gildi um þann hluta fasteignarinnar, sem gerðarbeiðandi nýtir nú sem eigandi hennar". Gerðarbeiðandi telur sig því ekki hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt húsaleigulögum.

Hinn 2. júní sl. rifti gerðarbeiðandi leigusamningnum vegna vanskila gerðarþola á greiðslu húsaleigu og sameiginlegum gjöldum.

Gerðarbeiðandi kveður kröfu sína í fyrsta lagi studda framangreindri riftun, sem sé vegna vanskila gerðarþola, eins og lýst var. Í öðru lagi kveður hann hana reista á þeim sjónarmiðum, sem fram koma í dómi Hæstaréttar frá 26. maí 1994. Samkvæmt skýringu Hæstaréttar á lögum nr. 57/1949 „um gildi löglegra húsaleigusamninga gagnvart veðkröfum skal meta rétthæð þeirra með hliðsjón af þinglýsingarreglum, sbr. 1. mgr. 29. gr. l. nr. 39/1978. Í þessu máli er ljóst, að hinn upphaflegi samningur, sem gerðarþoli telur sig reisa rétt sinn á, er móttekinn 5. 11. 1990 og innfærður 22. 11. 1990. Hins vegar er einnig ljóst, að þær veðkröfur í fasteigninni Seljabraut 54 í Reykjavík, sem Íslandsbanki hf. átti og fékk fullnustaðar með nauðungarsölunni, voru allar með eldri innfærslu í þinglýsingabækur en téður húsaleigusamningur, þ. e. frá 1986 og 1987. Með vísan til þess svo og niðurstöðu ofangreinds hæstaréttardóms hefur húsaleigusamningur sá, sem gerðarþoli reisir rétt sinn á, ekki gildi gagnvart Íslandsbanka hf.". Í þriðja lagi heldur gerðarbeiðandi því fram, að málshöfðun gerðarþola til viðurkenningar á forkaupsrétti geti ekki valdið því, að hún geti setið í eigninni án þess að greiða leigu. Gerðarþoli hafi enga tilraun gert til að ganga inn í kaupsamninginn með því að greiða eða með öðrum hætti sýna fram á greiðsluvilja sinn. Hún sé eignalaus og geti ekki staðið við skyldur kaupanda samkvæmt samningnum.

Gerðarþoli vísar til dóms Hæstaréttar frá 10. september 1993, en í honum hafi því verið hafnað, að hún yrði borin út úr húsnæðinu. Í framhaldi af þeim dómi hafi hún höfðað mál gegn Íslandsbanka hf. og gerðarbeiðanda. Þar sé þess m. a. krafist, að kaupsamningur milli bankans og gerðarbeiðanda verði dæmdur ógildur, bankinn verði dæmdur til að afsala gerðarþola hinni umdeildu eign, auk þess sem krafist sé skaðabóta vegna afnotamissis

o. fl. Með vísan til þessa telur gerðarþoli, að málið geti ekki fengið úrlausn í þessu máli, enda sé ágreiningsefnið til meðferðar í öðru dómsmáli. Verði ekki fallist á þetta, telur gerðarþoli, að hafna beri beiðni gerðarbeiðanda, vegna þess að kaupsamningur bankans og gerðarbeiðanda sé ógildur. Við gerð hans hafi ekki verið leitað samþykkis síns sem forkaupsréttarhafa, enda hafi þinglýsingu hans verið hafnað. Gerðarþoli telur forkaupsrétt sinn vera ótvíræðan, og þar af leiðandi sé hún ekki aðili að leigusamningnum, heldur kaupandi og beri því ekki að greiða gerðarbeiðanda leigu. Þá lætur gerðarþoli þess getið, að hún hafi greitt inn á geymslureikning 1. febrúar 1992 436.412 kr. vegna „kaupa á húsnæði eða leigu, ef ekki verður af kaupum".

Niðurstaða.

Samkvæmt gögnum málsins keypti gerðarbeiðandi framangreint húsnæði af Íslandsbanka hf. með kaupsamningi, dagsettum 22. janúar 1993. Í samningnum er þess getið, að í norðurenda húsnæðisins sé rekinn söluturn og myndbandaleiga, og hafi sá hluti þess verið í útleigu, áður en bankinn eignaðist húsnæðið á nauðungaruppboði.

Í gögnum málsins er leigusamningur um allt þetta húsnæði frá árinu 1990. Dagsetning er óljós, en í viðbótarskjali er hann sagður dagsettur 2. nóvember. Samningurinn er móttekinn til þinglýsingar 5. nóvember þ. á. Samkvæmt honum leigir Verslunarfélag Íslands og Spánar hf. og Einar Bergmann Arason þeim Árna Birni Skaftasyni og Jóni Þór Erlingssyni húsnæðið til 31. desember 1998. Í 7. gr. samningsins eru ákvæði um, að leigutaki hafi forleigurétt og forkaupsrétt að hinu leigða. Enn fremur er leigutaka heimilt að framleigja hluta húsnæðisins án samráðs við leigusala, nema um ólíka eða óskylda starfsemi sé að ræða.

Hinn 18. desember 1991 var samningnum á milli framangreindra aðila breytt á þann veg, að húsnæðinu var skipt í tvo hluta, og var sá hluti þess, þar sem rekin var nýlenduvöruverslun, leigður þeim Birni Sveinssyni og Ólöfu Ólafsdóttur framleigutökum. Þau tóku við öllum réttindum og skyldum samkvæmt framangreindum leigusamningi. Þá samþykktu þau að setja ekki á stofn söluturn eða myndbandaleigu, þar eð „í norðurenda jarðhæðar húsnæðis leigusala verður rekinn söluturn (sjoppa) og myndbandaleiga (videoleiga). Framleigutakar samþykkja að selja ekki tóbak, dagblöð, tímarit né skafmiða í verslun sinni".

Hinn 30. júlí 1992 framseldu framangreindir Árni Björn og Jón Þór Hafísi hf. leigusamninginn frá „2. nóvember 1990 um verslunarhúsnæðið á jarðhæð hússins nr. 54 við Seljabraut í Reykjavík" og vitna til framangreindrar 7. gr. samningsins.

Hinn 20. október 1992 framseldi Hafís hf. gerðarþola samninginn, og er framsalið eins orðað og framsalið til Hafíss hf.

Eins og að framan var rakið, er gerðarbeiðandi eigandi alls þess húsnæðis að Seljabraut 54, sem hér um ræðir, þ. m. t. þess hluta, er gerðarþoli rekur söluturn í. Í upphaflega samningnum er kveðið á um leigugreiðslur. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að gerðarþoli hafi ekki greitt leigu frá því í febrúar 1993. Gerðarþoli hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi greitt leigu, eins og henni bar samkvæmt samningnum, og með því að gerðarbeiðandi hefur á grundvelli vanskila gerðarþola skorað á hana að greiða hina vangoldnu húsaleigu, en hún ekki orðið við því, hefur gerðarbeiðandi rift samningnum, og ber því að taka kröfu hans til greina og heimila, að gerðarþoli verði borinn úr húsnæðinu, eins og krafist er, enda stendur það eigi í vegi fyrir aðfarargerð, að rekið er dómsmál á milli aðila um önnur atriði, er varða réttarsamband þeirra, sbr. 79. gr. aðfararlaga.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður gerðarþoli úrskurðaður til að greiða gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, auk þess sem fjárnám er heimilt fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Gerðarþoli, Birgit M. Johansen, skal ásamt öllu, sem henni tilheyrir, borinn út úr verslunarhúsnæði í norðurhluta jarðhæðar fasteignarinnar nr. 54 við Seljabraut í Reykjavík.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda, Vörðufelli hf., 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Fjárnám er heimilt fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Fimmtudaginn 14. september 1995.

Nr. 303/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. september 1995, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar á grundvelli c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Hinn 12. júlí sl. lauk varnaraðili afplánun refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 8. desember 1994 í málinu nr. 364/1994, fangelsi í sex mánuði. Samdægurs var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 12. september 1995 með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra. Með hinum kærða úrskurði var varnaraðila gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995 var varnaraðila dæmd þriggja ára óskilorðsbundin fangelsisrefsing vegna brota gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Varnaraðili á að baki langan brotaferil, og má ætla, að hann haldi áfram brotum, verði hann látinn laus, meðan máli hans er ekki lokið. Verður hinn kærði úrskurður staðfestur á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf ekki að fjalla um, hvort einnig hefði átt að staðfesta úrskurðinn eftir d-lið sömu málsgreinar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. september 1995.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, verði gert að sæta framlengingu gæsluvarðhalds, allt þar til dómur gengur í hæstaréttarmálinu nr. 248/1995, þó ekki lengur en til 10. nóvember 1995 kl. 16.00.

Varnaraðili hefur mótmælt kröfu um framlengingu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995 var varnaraðili sakfelldur fyrir brot gegn 196., sbr. 1. mgr. 20. gr., svo og gegn 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Var refsing hans ákveðin fangelsi í þrjú ár. Dóminum var áfrýjað að ósk varnaraðila.

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. júlí sl. var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í Hæstarétti, þó ekki lengur en til þriðjudags 12. september kl. 14.00. Var úrskurður reistur á d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 svo og undirstöðurökum 106. gr. sömu laga.

Ríkissaksóknari styður kröfu sína við c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Niðurstaða.

Í ofangreindum úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er lýst löngum sakaferli Steingríms Njálssonar. Hann hafi auk annars verið dæmdur sjö sinnum fyrir kynferðisbrot. Er í úrskurðinum hvort tveggja talið nauðsynlegt að verja aðra fyrir árásum Steingríms og hann fyrir árásum annarra manna.

Málflutningur í Hæstarétti hefur verið ákveðinn 18. október nk. Dóms er því ekki að vænta fyrr en í lok þess mánaðar. Þegar virt eru þau brot, sem ákært er fyrir í málinu, og litið til sakaferils og með vísan til d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991, verður gæsluvarðhaldsvist Steingríms framlengd. Verður varðhaldinu markaður tími, svo sem ríkissaksóknari hefur krafist.

Úrskurðarorð:

Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í Hæstarétti í máli ákæruvaldsins gegn honum nr. 248/1995, þó ekki lengur en til föstudagsins 10. nóvember nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 15. september 1995.

Nr. 299/1995. **Guðrún Skarphéðinsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
sendiráði Bandaríkja Norður-Ameríku
á Íslandi

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Dómstólar. Þjóðaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. júní 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað sjálfkrafa frá dómi, en sóknaraðili kveður sér fyrst hafa orðið kunnugt um úrskurðinn 22. ágúst 1995. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Í stefnu kveðst sóknaraðili höfða þetta mál á hendur „Parker Borg sendiherra, Laufásvegi 21, Reykjavík, f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku". Kröfur sínar í málinu styður sóknaraðili við húsaleigusamning frá 18. september 1990 um íbúðarhúsnæði að Freyjugötu 27 í Reykjavík, en þar er leigutaki sagður vera utanríkisráðherra Bandaríkja Norður-Ameríku. Eins og fyrrgreindu orðalagi stefnu er hagað, verður í ljósi leigusamningsins að skilja málatilbúnað sóknaraðila svo, að varnaraðili sé að réttu lagi Bandaríki Norður-Ameríku, sem utanríkisráðherra þess ríkis komi fram fyrir. Er þá og til þess að líta, að erlent sendiráð nýtur ekki eftir íslenskum réttarfarslögum slíkrar stöðu, að það komi fram sem sjálfstæður aðili að dómsmáli.

Samkvæmt meginreglum þjóðaréttar verður ríki ekki látið án samþykkis síns sæta lögsögu dómstóla annars ríkis með þeim hætti, sem sóknaraðili leitast við að fá framgengt með málsókn sinni. Mál þetta verður því ekki rekið fyrir íslenskum dómstólum. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1995, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 23. júní 1995, af Guðrúnu Skarphéðinsdóttur, kt. 130741-7459, Freyjugötu 27, Reykjavík, gegn Parker Borg sendiherra, Laufásvegi 21, Reykjavík, f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.424.280 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. júlí 1992 af 322.920 kr. til 20. október 1992, af 664.500 kr. frá þeim degi til 20. janúar 1993, af 1.046.400 kr. frá þeim degi til 20. apríl 1993 og af 1.424.280 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er sú krafa gerð, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 1.101.360 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. október 1992, af 341.580 kr. til 20. janúar 1993, af 723.480 kr. frá þeim degi til 20. apríl 1993 og af 1.101.360 kr. frá 20. apríl 1993 til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við dæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, hvort sem aðalkrafa eða varakrafa verður tekin til greina.

Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram eigi síðar en við aðalmeðferð málsins, auk lögmælts virðisaukaskatts.

– – –

Niðurstaða.

Stefnandi hefur stefnt sendiherra f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku til greiðslu leigugreiðslna, sem hún telur sendiráðið skulda sér. Í 1. mgr. 31. gr. Vínarsamnings um stjórnmálasamband, sem löggiltur var hér á landi með lögum nr. 16/1971, segir, að sendierindreki skuli njóta friðhelgi, að því er varðar einkamála- og framkvæmdalögsögu móttökuríkisins. Frá þeirri meginreglu eru gerðar undantekningar, sem greindar eru í stafliðum A–C í áðurnefndri lagagrein. Með vísan til þessa verður að telja, að sendiráð

Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku njóti friðhelgi (úrlendisréttar) hér á landi. Þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðinn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, ftr. dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 15. september 1995.

Nr. 253/1995. **Dagmar hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Skeljungi hf.
(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Kærumál. Aðför. Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1995 með vísan til 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kæran barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí sl., þar sem heimilað var, að tilgreint lausafé yrði tekið með beinni aðfarargerð úr vörslum sóknaraðila og fengið varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hnekkt og öllum kröfum varnaraðila hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Lögð hafa verið fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík 17. júlí 1995 og sýslumannsins í Kópavogi 18. sama mánaðar. Samkvæmt þeim gögnum voru varnaraðila þá fengin umráð muna þeirra, sem auðkenndir eru nr. 7, 10-12 og 22-27 í hinum kærða úrskurði.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína því, að sóknaraðili hafi ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, þar sem gerðin hafi þegar farið fram. Líta verður svo á, að varnaraðili sé með þessu að lýsa yfir því, að hann leiti ekki fullnustu réttinda sinna samkvæmt hinum kærða úrskurði frekar en orðið er. Að þessu virtu verður að telja að sóknaraðili hafi ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1995.

Mál þetta barst dóminum 18. maí sl. með aðfararbeiðni, dags. 16. maí sl., þar sem krafist er af hálfu Skeljungs hf. dómsúrskurðar um, að eftirtalið lausafé verði tekið með beinni aðfarargerð úr vörslum hlutafélagsins Dagmarar hf. og fengið gerðarbeiðanda.

1. andæfari, 2. vinnslulína, færiband o. fl., árg. 1986–1993, 3. línurekkar, 18 stk., 4. lína, um 49 bjóð, 5. flekar vegna einangrunar í lest, 6. slökkvitæki, 3 stk., 7. flotbúningar, 14 stk., 8. glussadælur, 2 stk., 9. handverkfæri, lyklar, skrúfjárn o. fl., 10. rafsuðuvél, 11. logsuðutæki ásamt kútum, 12. freonkútar, 2 stk., 13. myndbandstæki í borðsal, 14. GPS-móttakari, Magnavox MX-100, árg. 1991, 15. veðurkortamóttakari, JRC-JAX-2, árg. 1986, 16. sjónvarpskerfi fyrir dekk, 1 skjár og 3 myndavélar, árg. 1993, 17. fiskvinnslubúnaður, frystibúnaður, færibönd, frystipönnur, borð o. fl., árg. 1986–1993, 18. tvær vogir, Póls S-55, 10 kg, árg. 1986, 19. bindivél, Paynes PS-53, árg. 1986, 20. Plotter, JRC NWU 52, árg. 1986, 21. Plotter, Koden TD 048, árg. 1987, 22. dýptarmælir, Kajo Denki 300 2T, árg. 1991, 23. höfuðlínumælir, Kajo Denki KCN 200 complet, árg. 1990, 24. höfuðlínumælir, Scanmar 4004, brúartæki, árg. 1985, 25. botnstykki, Scanmar, árg. 1991, 26. Scanmar-hitanemi, árg. 1985, 27. Scanmar-dýpisnemi, árg. 1985, 28. rækjutroll, 29. fiskitroll, 30. kraftblökk, 31. trollhlerar, 2 stk., 32. togvírar, 33. fiskiskilja, 34. fiskidæla.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær kröfur, að aðfararbeiðninni verði hafnað. Þá er af hálfu gerðarþola krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Hinn 3. mars sl. var m/b Snarfari, HF-066, sknr. 965, þinglýst eign gerðarþola, seldur á framhaldsuppboði. Gerðarbeiðandi var hæstbjóðandi, en söluverð var 180.500.000 kr. Boð gerðarbeiðanda var samþykkt á uppboðsdegi gegn greiðslu fjórðungs kaupverðs, og fékk gerðarbeiðandi umráð skipsins við samþykki boðsins.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að við skoðun skipsins 5. mars sl. hafi komið í ljós, að ýmislegt hafi vantað um borð, sem teljist til fylgifjár skips. Við kaup gerðarbeiðanda á uppboðinu hafi hann orðið eigandi umræddra muna, en þeir eru taldir upp hér að framan. Gerir hann þá

kröfu í málinu, að þeir verði teknir úr vörslum gerðarþola með beinni aðfarargerð.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að gerðarbeiðandi hafi nokkurn tíma eignast umrædda muni, þar sem þeir hafi ekki verið um borð í skipinu, þegar uppboðið fór fram.

– – –

Niðurstöður.

Með veðskuldabréfi, dags. 30. desember 1990, var mb. Snarfari (þá mb. Halldóra) veðsettur gerðarbeiðanda „í því ástandi, sem hún nú er í eða síðar kann að verða, með öllum endurbótum og viðaukum svo og lóðaréttindum". Með veðtryggingarbréfi, dags. 28. febrúar 1993, var mb. Snarfari veðsettur gerðarbeiðanda „með öllu, sem fylgir og fylgja ber". Loks var mb. Snarfari veðsettur gerðarbeiðanda samkvæmt tveimur skuldabréfum, dags. 2. febrúar 1995, með „rá og reiða, aflvél, veiðikvóta og öllu því, sem því fylgir og fylgja ber, þar á meðal lausafjármunum, hverju nafni sem þeir nefnast, og eru eign skuldara og ætlaðir eru til notkunar á skipinu eða við veiðar þess, svo sem vindur, dýptarmælir og önnur mælitæki".

Í 2. mgr. 6. gr. laga um veð segir, að þeim, sem veðsetji skip, sé rétt að semja svo um, að skipinu skuli fylgja auk venjulegs fylgifjár aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld. Telja verður, að með fyrrgreindum veðbréfum hafi verið veðsettir lausafjármunir, sem ekki teljast til venjulegs fylgifjár skipa.

Ljóst er af gögnum málsins, að skipið hefur á undanförnum árum verið notað við togveiðar, línuveiðar og hringnótaveiðar, og hefur aflinn ýmist verið ísaður eða frystur um borð. Þau veiðarfæri, sem ekki voru í notkun í hvert skipti, svo og fiskvinnslubúnaður virðast hafa verið tekin úr skipinu eftir veiði- og vinnsluaðferð hverju sinni, annaðhvort til geymslu í landi eða til annarra nota gerðarþola. Af gögnum málsins virðist m. a. mega ráða, að veiðiútbúnaður, sem tilheyrir togveiðum, hafi verið tekinn úr skipinu í maí 1993, og sama gildir um ýmsan búnað til frystingar árið 1994.

Ætla verður, að skipið hafi síðast verið á línuveiðum, og stóðu þær veiðar til febrúarloka 1995. Eftir það og skömmu áður voru margir munirnir fjarlægðir úr skipinu samkvæmt skrá þeirri, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur látið gera, sbr. dskj. nr. 7. Voru munir þessir fjarlægðir, áður en nauðungarsala á skipinu fór fram 3. mars 1995. Munirnir tengjast línuveiðum skipsins með einum eða öðrum hætti.

Ótvírætt er, að skipið var veðsett gerðarbeiðanda með þeim veiðarfærum, sem notuð voru á hverjum tíma, og með þeim búnaði, sem tengja má

þessum veiðum eða eðlilegri notkun skipsins. Þetta á við um þá muni, sem taldir eru upp í liðum 1–16 og 22–27 í aðfararbeiðni. Þar sem telja verður rétt gerðarbeiðanda ótvíræðan til þessara muna, ber að heimila, að gerðarbeiðanda verði fengin umráð þeirra með innsetningargerð. Í þessu sambandi verður að telja, að ekki skipti máli, þótt munirnir hafi ekki verið um borð í skipinu við sölu þess. Á sama hátt verður ekki talið skipta máli, þótt ekki hafi komið fram athugasemd af hálfu gerðarbeiðanda við uppboðið, en af hálfu gerðarþola var því haldið fram við munnlegan málflutning, að gerðarbeiðanda hafi borið að gera slíka athugasemd. Þá ber að telja, að tilgreining gerðarbeiðanda á þessum munum sé eftir atvikum nógu skýr, þó þannig, að ekki þykir unnt, að innsetning fari fram skv. liðum 2 og 9 nema fyrir þeim munum, sem þar eru tilgreindir. Einnig ber að telja, að óvissa um afdrif sumra munanna geti ekki komið í veg fyrir gerðina. Loks verður að telja, að búnaður þessi hafi verið eign gerðarþola, en eins og fram kemur í kaupsamningi á dskj. nr. 13 og í afsali á dskj. nr. 15, var gert ráð fyrir því, að hann fylgdi skipinu.

Um aðra muni ber að líta til þess, að í fyrstu tveimur veðbréfunum er ekki skýrlega kveðið á um, að veðsetningin nái einnig til þeirra veiðarfæra og tækja, sem talin eru upp í liðum 17–21, og hið sama á við um þá muni, sem taldir eru upp í liðum 28–34. Ekki er ágreiningur um, að þeir munir, sem þarna greinir, voru allir teknir úr skipinu fyrir útgáfu veðbréfanna 2. febrúar 1995, og þeir tilheyra öðrum veiðum skipsins eða fiskvinnsluaðferðum en það stundaði síðast fram til loka febrúarmánaðar 1995. Réttur gerðarbeiðanda til að fá umráð þessara muna telst ekki nægjanlega glöggur, til þess að unnt sé að fá honum umráð þeirra með beinni innsetningargerð.

Samkvæmt þessu verður að telja rétt gerðarbeiðanda til að fá í hendur muni þá, sem taldir eru í liðum 1–16 og 22–27, ótvíræðan, og þykir því rétt svo og með vísan til 1. mgr. 78. gr. og 3. mgr. 83. gr. laga um aðför nr. 90/1989, að honum verði fengin umráð þessara muna með beinni innsetningargerð.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 125.000 kr.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Jón B. Hafsteinsson skipaverkfræðingur og Stefán Már Stefánsson lagaprófessor.

Úrskurðarorð:

Heimilt er, að framantalið lausafé, sem tilgreint er í liðum 1–16 og 22–27, verði tekið með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola, Dagmarar hf., og fengið gerðarbeiðanda, Skeljungi hf.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 125.000 kr. í málskostnað.

Heimilt er að gera fjárnám fyrir kostnaði af gerðinni.

Mánudaginn 18. september 1995.

Nr. 308/1995. **Hreiðar Bergur Hreiðarsson**
(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)
gegn
Wan Eknarin

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. september. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu, en sóknaraðili kveðst fyrst hafa vitað um úrskurðinn 13. september. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Héraðsdómsstefna í máli þessu var birt 14. júní 1995 fyrir Steinari Þór Guðjónssyni á lögheimili varnaraðila, Hraunbæ 116 í Reykjavík. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 er birting stefnu lögmæt, ef birt er á skráðu lögheimili stefnda. Sá annmarki á birtingarvottorði að geta ekki um tengsl varnaraðila og þess, sem birt var fyrir, þykir ekki einn sér nægja til frávísunar.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru ekki rök til að vísa málinu frá dómi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. júní, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 14. júní 1995, af Hreiðari Bergi Hreiðarssyni, kt. 301046-7829, Hraunbæ 116, Reykjavík, gegn Wan Eknarin, kt. 110753-2179, Hraunbæ 116, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að þola ógildingu á 3. gr. kaupmála á milli stefnanda og stefndu, dags. 25. júní 1991, skrásettum í kaupmálabók sama dag, en greinin hljóðar þannig: „Komi til skilnaðar milli okkar skv. ósk mannsins, skal litið svo á, að kaupmáli þessi sé fallinn úr gildi, og fer þá um skipti milli okkar skv. lögum." Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

– – –

Stefna máls þessa er birt fyrir Steinari Þór Guðjónssyni á jarðhæð til hægri að Hraunbæ 116 í Reykjavík. Ekki var sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu málsins.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Hagstofu Íslands, dagsettu 13. júní 1995, er stefnda skráð með lögheimili að Hraunbæ 116 í Reykjavík. Í stefnu segir, að stefnda hafi farið af landi brott í septembermánuði 1992 og ekki komið til Íslands aftur. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 5. apríl 1995 í máli milli sömu aðila kemur fram, hvaða hátt Wannika Sathong hafi haft á að koma til stefndu afriti stefnu í því máli. Hafi sóknaraðili, þ. e. stefnandi máls þessa, tekið að sér að póstleggja afrit stefnunnar til varnaraðila, stefndu í þessu máli, á póstfang í Tælandi. Ljóst er því, að stefnda er búsett í Tælandi, en ekki á Íslandi. Þykir því ekki nægilegt að birta stefnu á hendur stefndu að Hraunbæ 116 í Reykjavík, jafnvel þótt stefnda sé enn skráð til lögheimilis þar. Þá er þess að gæta, að í birtingarvottorði segir, að birt sé fyrir Steinari Þór Guðjónssyni, án þess að geta um tengsl hans við aðila málsins. Verður því með vísan til 90. gr. og 3. mgr. 82. gr. laga nr. 91/1991 að telja, að reyna hefði átt birtingu stefnu í máli þessu fyrir stefndu í Tælandi. Með vísan til framanritaðs er máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðinn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, ftr. dómstjóra.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 18. september 1995.

Nr. 292/1995. **Magnús Guðmundsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.)

Kærumál. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 1. ágúst sl., þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um skipan manns í gerðardóm. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að skipa mann af hálfu stjórnar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna í gerðardóm til að fjalla um ágreining sóknaraðila og stjórnar sjóðsins um það efni eftirlaunaréttinda hans, sem ræðir í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Ágreiningi aðila er lýst í dómi Hæstaréttar 5. desember 1994 í málinu nr. 470/1994, en sóknaraðili var einnig meðal sóknaraðila þess máls.

Í bréfi sínu til Héraðsdóms Reykjavíkur 16. mars 1995 lýsir sóknaraðili yfir, að í máli, sem hann hyggst reka fyrir gerðardómi, „gerir hann kröfu til að efni eftirlaunaréttinda sinna sé óbreytt frá því sem var áður, en hann var skertur umfram rétt fjölmargra annarra sjóðfélaga, fyrst með ákvörðun sjóðstjórnar og síðar reglugerðarbreytingu". Með túlkun á orðalagi í fyrrnefndum dómi

Hæstaréttar telur sóknaraðili sér heimilt að bera slíka kröfu undir gerðardóm, sem samkvæmt 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð F. Í. A. skuli dæma um ágreining „út af reglugerð þessari". Telur sóknaraðili úrlausnarefnið nú vera það, „hvort efni lífeyrisréttinda þeirra, sem hann naut, áður en skerðing kom til framkvæmda skv. ákvörðun sjóðsstjórnar 1. júní 1991, sé varið af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár eða öðrum réttarreglum og verði ekki skert nema gætt sé jafnréttis- og jafnræðissjónarmiða íslensks réttar".

Í máli þessu er hvorki deilt um túlkun á ákvæðum reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð F. Í. A. né hvort lífeyrisgreiðslur til sóknaraðila séu í samræmi við gildandi reglur. Þrátt fyrir aðra framsetningu krafna sóknaraðila en í hinu fyrra máli beinast þær eftir sem áður að því, að gerðardómur dæmi um ástæður, sem leiða eigi til þess, að víkja beri til hliðar ákvæðum gildandi reglugerðar gagnvart sóknaraðila og að eftirlaunaréttur hans skuli þess í stað fara eftir 20. gr. eldri reglugerðar. Að þessu leyti er sama aðstaða fyrir hendi og gilti um þá kröfugerð sóknaraðila, sem til úrlausnar var í málinu nr. 470/1994. Þá hefur sóknaraðili ekki vefengt, að formlega hafi verið staðið rétt að samþykkt um skerðingu lífeyris, sem kom til framkvæmda 1. júní 1991, og breytingu á reglugerð, sem gilti frá 1. janúar 1993.

Að þessu virtu verður ekki fallist á, að efni 22. greinar reglugerðarinnar verði túlkað svo rúmt, að úrlausn krafna sóknaraðila teljist falla undir valdsvið gerðardóms þess, er þar greinir. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Magnús Guðmundsson, greiði varnaraðila, Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. ágúst 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 4. júlí sl., er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 16. mars 1995, fór Magnús Guðmundsson, kt. 090816-7569, Hlégerði 15, Reykjavík, þess á leit við dómstjórann í Reykjavík, að hann skipaði gerðarmann af hálfu stjórnar

Eftirlaunasjóðs F. Í. A., í gerðardóm til að fjalla um ágreining Magnúsar við stjórnina, sem hann lýsti nánar.

Beiðni þessa reisti sóknaraðili á heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Stjórn Eftirlaunasjóðs F. Í. A. hefur hafnað beiðni um skipun gerðarmanns.

Varnaraðili, Eftirlaunasjóður F. Í. A., kt. 650376-0809, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en að því frágengnu, að synjað verði um skipun gerðarmanns í gerðardóm til að fjalla um ágreining aðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Í bréfi sóknaraðila segir, að gerðardóminum sé ætlað að fjalla um ágreining sinn og sjóðstjórnarinnar, sem lýst er svo orðrétt í bréfi hans til varnaraðila 15. febrúar sl.: „. . . telur að með tveimur skerðingum, sem gerðar voru á eftirlaunaréttindum hans skv. svonefndum skilorðsbundnum stigum, um 60% frá 1. 6. 1991 og um 90% frá 1. 1. 1993, hafi rétti hans verið raskað með ólögmætum hætti, þ. e. að ekki hafi verið gætt jafnræðisreglna íslensks réttar við umræddar skerðingar. Af þeim sökum telur Magnús sig eiga kröfu á sjóðinn sem nemi þeirri skerðingu sem hann hefur orðið fyrir á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1994. . .".

Sóknaraðili máls þessa ásamt fleiri félögum í eftirlaunasjóðnum setti fram svipaða kröfu á síðastliðnu ári, sem lokið var með dómi Hæstaréttar 5. desember 1994. Í þeim dómi segir m. a. orðrétt:

– – –

Niðurstaða.

Kröfu sama efnis um tilnefningu manns í gerðardóm af hálfu varnaraðila var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 5. desember. Sóknaraðili var einnig sóknaraðili í því máli ásamt fleiri sjóðfélögum. Efnislega snýst ágreiningur aðila nú og í því máli um það, hvort réttmætt hafi verið að skerða lífeyrisgreiðslur á grundvelli svonefndra skilorðsbundinna stiga. Fallast verður á það með sóknaraðila, að hér sé í ákveðnum skilningi tekist á um lífeyrisréttindi hans. Hins vegar deila aðilar ekki um það, hvort lífeyrisgreiðslur til sóknaraðila séu réttar og í samræmi við þær reglur, er settar hafa verið, heldur eingöngu um það, hvort reglurnar feli í sér óheimila mismunun sjóðfélaga. Gerðardómsákvæðið í samþykktum varnaraðila verður ekki skýrt svo rúmt, að þessi ágreiningur verði lagður í gerð.

Um þetta hefur áður verið úrskurðað með áðurnefndum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 5. desember. Leiðir 116. gr. laga nr. 91/1991 ekki til þess, að

kröfu sóknaraðila verði vísað frá dómi, en sóknaraðili hefur ekki að neinu leyti komið fram með ný atriði eða ágreiningsefni, er hann vilji leggja fyrir gerðardóm. Hefur hann einungis að hluta til umorðað fyrri málflutning sinn. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfu sóknaraðila.

Með hliðsjón af atvikum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 200.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Magnúsar Guðmundssonar, um skipan manns í gerðardóm er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, 200.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 19. september 1995.

Nr. 304/1995. **Guðrún St. Halldórsdóttir Dodsworth**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Einarsdóttur
Erlu Nielsen
Niels Christian Nielsen og
Kjartani Nielsen
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Dómkröfur. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. september sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað.

Málsaðilar eiga samliggjandi sumarbústaðarlóðir í landi Norðurkots í Grímsneshreppi. Samkvæmt afsali 22. maí 1936 til föður sóknaraðila, Halldórs R. Gunnarssonar, var lóðin, sem nú tilheyrir sóknaraðila, seld með eftirfarandi kvöð: „Á lóðinni hvílir gangstígskvöð að lóð Erl. og Jóns Odds Jónssonar og að næstu lóð fyrir sunnan, enda greiði lóðaeigendur girðingar meðfram gangstígnum eftir fyrirlagi Halldórs R. Gunnarssonar." Samsvarandi ákvæði var í afsali Halldórs til sóknaraðila 1. ágúst 1963. Erlendur og Jón Oddgeir Jónssynir voru fyrri eigendur sumarbústaðarlóðar varnaraðila. Ágreiningslaust er, að varnaraðilar lögðu sumarið 1992 malarveg færan bifreiðum að sumarbústaðarlóð sinni um lóð sóknaraðila, þótt slíkri málaleitan hefði áður verið hafnað.

Í málinu krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilum verði gert skylt

að fjarlægja greindan malarveg. Kröfugerð sóknaraðila verður að skilja á þann veg, að í henni felist krafa um, að varnaraðilum verði gert að fjarlægja malarefni, sem sett hefur verið í hið umdeilda vegarstæði. Verður, eins og á stendur, að telja þessa kröfugerð nægjanlega ljósa, til að dómur verði lagður á málið. Er ástæðulaust fyrir sóknaraðila að afla sér fyrst viðurkenningardóms um réttindi sín, enda fæst eftir þörfum úr þeim skorið við úrlausn um þá skyldu, sem sóknaraðili krefst, að verði lögð á varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt er, að varnaraðilar greiði sameiginlega sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar, Guðrún Einarsdóttir, Erla Nielsen, Niels Christian Nielsen og Kjartan Nielsen, greiði sóknaraðila, Guðrúnu St. Halldórsdóttur Dodsworth, sameiginlega 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. ágúst 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með stefnu, út gefinni 5. september 1994 og birtri s. d., af Guðrúnu St. Halldórsdóttur Dodsworth, kt. 210429-3609, 22 Thornton Way, Cambridge, CB 3 ONJ, Englandi, á hendur Guðrúnu Einarsdóttur, kt. 230609-3149, Hofteigi 30, Reykjavík, f. h. dánarbús Erlings Jónssonar, kt. 061201-4839, Erlu Nielsen, kt. 160742-2329, Mýrarási 9, Reykjavík, Niels Christian Nielsen, kt. 050346-3749, Hávallagötu 37, Reykjavík, og Kjartani Nielsen, kt. 100851-3779, Efstasundi 87, Reykjavík. Málið var munnlega flutt vegna frávísunarkröfu stefndu 18. þ. m. Í þessum þætti málsins eru stefndu sóknaraðilar, en stefnandi varnaraðili.

Dómkröfur stefndu, sóknaraðilans, eru þær, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu óskipt málskostnað að skaðlausu, þ. m. t. virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnanda, varnaraðilans, eru hins vegar þær, að frávísunar-

kröfu stefndu verði hafnað og efnisdómur lagður á málið og stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

II.

Hinn 18. ágúst sl. kynnti lögmaður stefnanda breytingu á dómkröfum stefnanda í málinu og sagði dómkröfur stefnanda eftir breytingu vera þessar: „Að stefndu verði gert skylt með dómi að fjarlægja malarveg, sem þau hafa látið leggja yfir landspildu stefnanda úr landi jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi . . .“ Stefnandi gerði auk þess málskostnaðarkröfu. Stefndu telja, að dómkrafa stefnanda sé ódómtæk, þar sem hana skorti skýrleik, og krefjast því frávísunar.

– – –

IV.

Í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er m. a. boðið, að kröfur verði að koma skýrlega fram í stefnu. Óljós eða ófullkomin kröfugerð getur leitt til frávísunar máls, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991. Um óljósa og ófullkomna kröfugerð er að ræða, ef ekki kemur skýrt fram í stefnu, hvers krafist er. Þegar svo háttar til, hefur stefndi ekki tök á því að hafa uppi eðlileg andmæli við kröfunni og getur því ekki tekið afstöðu til þeirra atriða, sem hafa þýðingu í málinu og vörn hans kann að byggjast á, sbr. 1. mgr. 99. gr. laganna. Ef slíkir ágallar eru á málatilbúnaði stefnanda, hefur dómari ekki tök á öðru en vísa málinu frá dómi samkvæmt kröfu eða af sjálfsdáðum. Þótt dómari kappkosti að fylgjast með málinu í öllum atriðum, getur hann ekki bætt úr þessum ágalla með atbeina sínum skv. 3. mgr. 101. gr. laganna. Í þessu felst, að dómari getur ekki bætt úr óljósri kröfugerð með spurningum sínum um málsástæður, sbr. einnig 1. mgr. 111. gr. laganna, sem kveður á um það, að dómari megi ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum.

Krafa stefnanda lýtur að því, að stefndu verði skylt að fjarlægja malarveg, er þau létu leggja yfir landspildu stefnanda, þ. e., að í dómsorði verði kveðið á um slíka skyldu. Ef krafa stefnanda nær fram að ganga, ber stefndu að flytja malarveginn burt, en sögnin að fjarlægja þýðir að koma einhverju í burtu, ryðja úr vegi. Ljóst er hins vegar, að ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvernig túlka beri samhljóða ákvæði í gömlu eignarheimildunum, sem mælir fyrir um, hvernig haga eigi umferð um skóginn með það að takmarki, að skógurinn verði verndaður eftir mætti. Aðaláherslan er því sú að fá úr því skorið, hvort skilningur stefnanda á ákvæðinu sé réttur, en ljóst er, að stefnandi skilur ákvæðið svo, að það hindri stefndu í að fara um land hennar eftir akfærum vegi, þar sem áður var göngustígur. Vegna aðgerða stefndu hafði stefnandi ríka og lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvaða rétt hún ætti á grundvelli þessa

ákvæðis. Stefnanda var því rétt á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að höfða mál til viðurkenningar á skilningi sínum á ákvæðinu. Viðurkenning á slíkum efnisrétti veitti stefnanda síðan möguleika á að fá aðfararhæfan dóm um skyldu stefndu til virkra athafna.

Í málinu krefst stefnandi hins vegar, að stefndu verði dæmd til virkra athafna, þótt ekki hafi verið sérstaklega skorið úr um, hvert sé inntak efnisréttar hennar í þessu sambandi. Ekki þykja vera efni til að kveða á um, hvort sú réttarfarsleið, sem stefnandi hefur valið, sé henni tæk, en hitt er ljóst, að dómur, sem kveður á um skyldu stefndu til að flytja burt malarveginn, leysir ekki úr ágreiningi málsaðila um það, hverjar heimildir stefndu hafi til að fara um land stefnanda til að komast að landi sínu og hver réttur stefnanda sé til að takmarka slíka umferð. Að þessu leyti er kröfugerð stefnanda ófullkomin. Hún er einnig óljós að því leyti, að af henni verður ekki ráðið, hvenær stefndu teljist hafa fullnægt umkrafinni skyldu. Slíkir ágallar þykja þannig vera á kröfugerð stefnanda í málinu, að ekki verði hjá því komist að vísa kröfum hennar í málinu og þar með málinu í heild sinni frá dómi. Í samræmi við þá niðurstöðu málsins, sbr. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, ber stefnanda að greiða stefndu óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Guðrún St. Halldórsdóttir Dodsworth, kt. 210429-3609, greiði stefndu, Guðrúnu Einarsdóttur, kt. 230609-3149, f. h. dánarbús Erlings Jónssonar, Erlu Nielsen, kt. 160742-2329, Niels Christian Nielsen, kt. 050346-3749, og Kjartani Nielsen, kt. 100851-3779, óskipt 50.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 318/1992. **Jón Ingimundarson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Borverki hf.
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Samningur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1992. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda gegn greiðslu á 128.115 krónum ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 24. janúar 1991 til greiðsludags, en til vara, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar og dráttarvextir einungis reiknaðir frá 24. janúar 1991. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að höfuðstóll skuldar teljist 2.506.093 krónur, svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eftir uppsögu héraðsdóms fékk áfrýjandi dómkvadda matsmenn til þess að „láta í ljós álit sitt á hvort reikningur frá Borverki hf. til matsbeiðenda feli í sér sanngjarnt endurgjald fyrir borun á tveimur borholum". Matsmenn dagsetja mat sitt 28. október 1994, og er niðurstaða þeirra, „að sanngjarnt endurgjald fyrir borun á holum N-9 og N-10 að Núpi í Öxarfjarðarhreppi sé 1.400.000 kr. á þágildandi verðlagi". Endurrit matsins og skýrslna, sem teknar voru af matsmönnum og vitnum í Héraðsdómi Reykjavíkur 16. mars 1995, hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi hefur ætíð haldið því fram, að talað hafi verið um, að stefndi myndi bora holu til greiðslu skuldar við hann. Hefur það verið staðfest af vitninu Rafnari Sigurðssyni og tveimur fyrrverandi stjórnarmönnum stefnda, þeim Jóni Hjartarsyni og Úlfari Harðarsyni. Í framburði sínum fyrir héraðsdómi bar Jökull Ólafsson, fram-

kvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, einnig, að áfrýjandi hefði átt inni hjá stefnda ógreidda vinnudaga, þegar byrjað var að bora í landi hans.

Áfrýjandi hefur auk þess haldið því fram, að strax eftir að holurnar tvær voru boraðar, hafi verið gengið frá samkomulagi 5. september 1989 þess efnis, að hola N-9 kæmi upp í skuld sem greiðsla fyrir ógreitt kaup hans hjá stefnda, en fyrir holu N-10 skyldi hann greiða 895.000 krónur að frádregnu kaupi sínu við borunina auk fleiri liða, svo sem reifað er í héraðsdómi. Eftirstöðvarnar, 544.000 krónur, skyldi hann greiða eftir áramót 1990. Vitnið Rafnar Sigurðsson bar um, að þetta samkomulag hefði verið gert. Hin fram lagða matsgerð veitir og stuðning þeirri fjárhæð, sem áfrýjandi heldur fram, að samið hafi verið um.

Þegar þetta er virt, eru fram komnar nægilegar líkur fyrir því, að samkomulag hafi orðið milli málsaðila um endurgjald fyrir borun á holunum fyrir áfrýjanda, til þess að sönnunarbyrði verði lögð á stefnda um hið gagnstæða. Verður ekki talið, að stefnda hafi tekist þessi sönnun. Ber því að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 1. janúar 1990.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Ingimundarson, greiði stefnda, Borverki hf., 128.115 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. apríl 1992, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Borverki hf., kt. 471287-1059, Asparfelli 8, Reykjavík, á hendur Jóni Ingimundarsyni, kt. 040550-2089, Núpi, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.976.472 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaðar].

Stefndi krefst aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu á 128.115 kr. Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda

gegn greiðslu á 544.000 kr. og að stefnda verði heimilað að skuldajafna við þá greiðslu kröfu skv. áritaðri áskorunarstefnu á stefnanda, sem stefndi leysti til sín með 415.885 kr. Til þrautavara krefst stefndi, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð að mati dómsins. Stefndi krefst þess, að dráttarvextir af kröfu stefnanda verði fyrst reiknaðir frá þingfestingardegi, þ. e. 24. janúar 1991, til greiðsludags, en til vara, að dráttarvextir verði reiknaðir frá 1. janúar 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Auk þess krefst stefndi virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi ráðið stefnda til að framkvæma borun í landi stefnda, Núpi í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, sumarið 1989. Stefnandi kveðst hafa lagt til öll verkfæri til borunarinnar, þ. e. a. s. jarðbor með tilheyrandi búnaði, en stefndi lagt til vinnu og fóðringar. Boraðar hafi verið tvær holur, N-9 og N-10, 146 og 90 metrar að dýpt. Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæð þannig í stefnu:

I. Hola N-9:		
1.	Uppsetning	kr. 69.353
2.	Borun með 215 odex í 78 m. 78 m × 15.631	kr. 1.219.218
3.	Borun með 215 mm krónu í 58 m. 58 m × 8.217	kr. 476.586
		Kr. 1.765.157
II. Hola N-10:		
1.	Uppsetning	kr. 69.353
2.	Borun með 215 odex í 88 m. 88 m × 15.631	kr. 1.375.528
3.	Borun með 215 mm í 2 m. 2 m × 8.217	kr. 16.434
		Kr. 1.461.315

Samtals hafi því kostnaður stefnanda við þessa borun verið 3.226.472 kr. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt 250.000 kr. inn á reikning stefnanda, sem sé dagsettur 8. september 1990 (sic). Eftirstöðvar séu því 2.976.472 kr., sem sé stefnufjárhæð.

Stefnandi kveður, að um „reikningsverk" hafi verið að ræða og ekkert verið um annað samið.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að árið 1989 hafi hann unnið á bor-

tæki stefnanda, m. a. hjá Árlaxi hf. og Silfurstjörnunni hf. Einnig hafi hann tekið í gistingu og fæði starfsmenn á vegum stefnanda, þá Helga Pétursson, Jökul Ólafsson og Rafnar Sigurðsson. Stefndi kveðst hafa við vinnu sína lagt stefnanda til tvær hjólakrónur, 5 1/2" og 6 5/8". Kveðst stefndi hafa haft af þessu mikinn kostnað. Er hann hafi séð fram á, að hann fengi ekki þennan kostnað greiddan frá stefnanda, hugðist hann hætta allri vinnu hjá stefnanda. Hafi þá orðið að samkomulagi, að stefnandi boraði tvær holur fyrir stefnda. Hafi stefndi átt að fá aðra holuna boraða á móti þeim kostnaði, sem stefndi taldi sig eiga inni hjá stefnanda. Borun þessi hafi verið gerð frá 28. júlí 1989 til 1. september s. á. Í framhaldi af þessu verki hafi verið hafist handa við björgun á bor úr borholu auðkenndri N-3, er boruð hafði verið fyrir Silfurstjörnuna hf. Kveður stefndi, að við það verk hafi unnið auk stefnda Jökull Ólafsson, framkvæmdastjóri stefnanda, og Rafnar Sigurðsson.

Stefndi styður aðalkröfu og varakröfu sína því, að 5. september 1989 hafi orðið munnlegt samkomulag milli stefnda og stefnanda um það, hvernig háttað skyldi uppgjöri á borvinnu þeirri, sem stefnda hafi verið látin í té. Á þeim fundi milli stefnda og Jökuls Ólafssonar þann dag hafi orðið að samkomulagi, að stefndi fengi holu N-9 upp í þann kostnað, sem hann hafi átt inni hjá stefnanda vegna vinnuframlags hans sjálfs, kostnaðar vegna fæðis og uppihalds á starfsmönnum stefnanda árið 1989 svo og annars kostnaðar, sem stefndi hafi haft af samskiptum sínum við stefnanda. Einnig hafi átt að skuldajafna leigu á fyrrnefndum hjólakrónum, en í raun hafi annarri þeirra ekki enn verið skilað. Fyrir borholu N-10 hafi stefndi átt að greiða 895.000 kr. að frádregnum 26.000 kr. vegna olíukostnaðar, 70.000 kr. vegna eigin vinnu stefnda, 5.000 kr. vegna útlagðs kostnaðar við rafsuðuvír og 250.000 kr., er stefndi hafi þegar greitt stefnanda. Eftirstöðvarnar, 544.000 kr., hafi stefndi átt að gera upp við stefnanda eftir áramót 1989/1990.

Stefndi krefst og, að árituð áskorunarstefna á stefnanda, er hann hafi leyst til sín með greiðslu á 415.885 kr. og fengið framselda sér 6. október 1989, komi til frádráttar skuld sinni við stefnanda. Bæði aðal- og varakrafa séu við það miðaðar.

Þrautavarakröfu sína reisir stefndi á því, að hinn umstefndi reikningur sé bersýnilega ósanngjarn. Í því sambandi vísar stefndi til samkomulags, sem gert hafi verið milli stefnanda og Silfurstjörnunnar hf. 21. mars 1989. Þar komi fram, að bora hafi átt 6" holu niður á 50 metra dýpi fyrir 200.000 kr. eða sem samsvari 4.000 kr. fyrir hvern metra og fyrir hvern metra umfram 50 5.000 kr. Telur stefndi þetta verð hafa verið nærri því, sem verið hafi á þessum markaði á þessum tíma.

Kröfu sína um, að dráttarvextir reiknist fyrst frá þingfestingardegi, byggir stefndi á því, að stefnandi hafi aldrei sent sér reikning í samræmi við samkomulag aðila frá 5. september 1989. Stefndi staðhæfir, að stefnandi hafi aldrei sent sér reikning fyrir verk það, sem hann vann. Fyrstu innheimtutilraunir stefnanda hafi verið með bréfi lögmanns stefnanda 9. nóvember 1989. Stefndi kveðst hafa mótmælt strax þeirri kröfu sem allt of hárri og umfram það, sem samið hafi verið um greiðslu á. Stefndi kveðst því aldrei hafa verið krafinn um rétta greiðslu samkvæmt samkomulagi aðila. Til vara krefst stefndi, að dráttarvextir verði í fyrsta lagi reiknaðir frá 1. janúar 1990 í samræmi við samkomulag aðila frá 5. september 1989. Sú skoðun hafi verið ítrekuð í bréfi lögmanns stefnda frá 20. nóvember 1989.

III.

Óumdeilt er í máli þessu, að boraðar voru tvær holur í landi stefnda, Jóns, borholur auðkenndar N-9, 146(?) metrar að dýpt, og N-10, 90 metrar að dýpt. Stefnandi hefur krafið stefnda um greiðslu fyrir þetta verk.

Stefndi reisir aðal- og varakröfu á því, að munnlegt samkomulag hafi orðið með aðilum á fundi með stefnda og þáverandi framkvæmdastjóra stefnanda og núverandi stjórnarformanni, Jökli Ólafssyni, um greiðslu vegna þessara framkvæmda. Hafi stefndi átt að fá borholu N-9 upp í þann kostnað, sem hann kveðst hafa átt inni hjá stefnanda. Stefndi hefur hins vegar ekki gert nánari grein fyrir þessum kostnaði að öðru leyti en því, að hann kveðst hafa haft starfsmenn á vegum stefnanda í gistingu og fæði. Til að sanna þá fullyrðingu sína hefur stefndi leitt sem vitni samstarfsmann sinn hjá stefnanda, sem hann kveður hafa verið vitni að samkomulaginu, og fyrrverandi stjórnarformann stefnanda. Hefur samstarfsmaður stefnda borið fyrir dómi, að samkomulag í framangreinda átt hafi orðið með stefnda og Jökli Ólafssyni f. h. stefnanda. Stjórnarformaður stefnanda á þeim tíma, er borun þessi fór fram, hefur og borið fyrir dómi, að sér hafi skilist, að stefndi hafi átt að fá borholu þessa upp í vinnu sína og þann kostnað, sem hann hafi haft af uppihaldi starfsmanna á vegum stefnanda.

Gegn andmælum stefnanda hefur stefnda ekki tekist að sanna það, að menn þessir hafi notið gistingar og fæðis hjá stefnda á kostnað stefnanda, né heldur, hver sá kostnaður var. Framburður framangreindra aðila skýrir það ekki, og hefur stefndi engin gögn lagt fram í málinu, sem varpað gætu ljósi á þessar staðhæfingar hans.

Komið hefur fram í málinu, að venja sé við framkvæmdir af þessu tagi, að gert sé tilboð í verkið. Óumdeilt er í málinu, að ekki var samið fyrir fram um greiðslu vegna borholna þessara. Gegn andmælum stefnanda og þrátt fyrir framburð fyrrgreindra vitna verður ekki talið, að fram sé komin

lögfull sönnun þess, að samið hafi verið um ákveðið verð fyrir framkvæmdir þessar, né uppgjör vegna þeirra, svo sem stefndi heldur fram.

Fyrrverandi stjórnarformaður stefnanda og fyrrverandi stjórnarmaður hafa borið fyrir dómi, að þeim hafi ekki verið kunnugt um, að gjaldskrá, er stefnandi byggir reikning sinn á, hafi verið til. Stefndi lagði fram tilboð, er stefnandi gerði Silfurstjörnunni um borun 6″ tilraunarholu. Tilboð þetta hljóðar upp á mun lægri fjárhæð en reikningur stefnanda til stefnda nemur. Hins vegar hefur stefnandi lagt fram samanburðartilboð, er Ísbor hf. gerði hitaveitufélagi í Skorradal í mars 1990. Það tilboð er að svipaðri fjárhæð og reikningur stefnanda til stefnda, sem um er deilt í máli þessu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á það með mati dómkvaddra matsmanna eða á annan hátt, að reikningur stefnanda sé úr hófi.

Ber því með tilliti til meginreglu þeirrar, er fram kemur í 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu á eftirstöðvum reiknings hans vegna framkvæmda við borun í landi stefnda.

Stefndi hefur mótmælt upphafsdegi vaxta. Í bréfi lögmanns stefnda, dags. 20. nóvember 1989, kemur fram, að innheimtubréf lögmanns stefnanda, dagsett 9. nóvember 1989, barst stefnda í hendur, og er reikningskröfunni þar hafnað. Þar sem stefnda hefur ekki tekist að sanna, að munnlegt samkomulag hafi orðið með aðilum málsins um annan upphafsdag vaxta en dagsetningu reiknings stefnanda, ber að miða upphafsdag vaxta við 9. desember 1989 í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987, þ. e. a. s. mánuði frá dagsetningu innheimtubréfs.

Skuldajafnaðarkröfu sína byggir stefndi á áritaðri áskorunarstefnu á hendur stefnanda, Borverki hf., sem aðalskuldara samkvæmt skuldabréfi og á hendur sjálfskuldarábyrgðarmönnum þess. Krafa samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu var greidd af sjálfskuldarábyrgðaraðila, Jóni Hjartarsyni, er framseldi kröfu sína samkvæmt áskorunarstefnunni til stefnda, Jóns. Þar sem skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt, ber að heimila stefnda skuldajöfnuð að kröfu hans, að fjárhæð 415.885 kr., enda var kröfunni ekki mótmælt efnislega. Þar sem ekki er krafist dráttarvaxta af skuldajafnaðarkröfu, skuldajafnast höfuðstóll hennar óbreyttur við aðalkröfu 9. desember 1989. Dráttarvextir dæmast af aðalkröfu, eins og greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins ákveðst málskostnaður 245.000 kr.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ingimundarson, greiði stefnanda, Borverki hf., 2.560.587 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá

9. desember 1989 til greiðsludags, og er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn að liðnum 12 mánuðum frá upphafsdegi vaxta.

Stefndi greiði stefnanda 245.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og er heimilt að leggja áfallna dráttarvexti við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 140/1995. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Ástþóri Bjarna Sigurðssyni og
Margréti Bryndísi Haraldsdóttur
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Fjárdráttur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. mars 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun til endurskoðunar á sönnunarmati í hinum áfrýjaða dómi, sbr. c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 37/1994. Er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu beggja ákærðu og þyngingar refsingu þeirra.

Ákærðu krefjast sýknu.

Í málinu er ákærðu gefið að sök að hafa á tímabilinu 18. mars 1992 til 8. nóvember 1993, þegar þau höfðu sem leigutakar umráð yfir húsi í eigu Íslandsbanka hf. að Garðabraut 58 í Gerðahreppi, tekið eða látið taka þaðan innréttingar og raftæki, sem hafi verið fylgifé eignarinnar og nánar er greint frá í hinum áfrýjaða dómi. Er þetta af hálfu ákæruvalds talið varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fallast ber á, að ákærðu hafi á fyrrgreindum tíma haft slík umráð yfir fasteigninni að Garðabraut 58, að telja megi umrædda muni, sem annar var eigandi að, hafa verið í vörslum þeirra, þegar þeir voru numdir þaðan brott. Eru atvik að þessu leyti með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Af hálfu ákæruvalds hafa engin gögn verið færð fram fyrir því, að ákærða, Margrét Bryndís, hafi átt hlut að brottnámi umræddra muna. Ekkert hefur heldur komið fram því til styrktar, að ákærða

hafi sýnt af sér háttsemi, sem gæti á annan hátt falið í sér, að hún hafi ein eða með öðrum eignað sér munina. Skortir að þessu leyti sönnun fyrir því, að ákærða hafi gerst sek um brot gegn 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940. Verður hún því sýknuð af kröfum ákæruvaldsins.

Til stuðnings því, að ákærði, Ástþór Bjarni, hafi tekið umrædda muni úr húsinu að Garðabraut 58, hefur af hálfu ákæruvalds verið vísað til framburðar tveggja vitna, sem kváðust hafa séð ákærða fjarlægja hluti úr húsinu með aðstoð nafngreinds manns, eftir að ákærði var fluttur þaðan, og séð síðan hlutina í sendibifreið samferðamanns hans. Einnig er vísað til framburðar vitnis, sem kvaðst nokkru síðar hafa séð í umráðum ákærða rafmagnstæki sömu gerðar og hurfu úr húsinu og einnig hlýtt á frásögn ákærða um, hvernig hann hafi tekið tækin þaðan. Fyrir dómi var framburður fyrrnefndu vitnanna ekki ákveðinn um, að hlutirnir, sem þau töldu sig hafa séð ákærða flytja, væru þeirrar gerðar, sem getið er í ákæru. Með framburði þeirra hefur ekki heldur verið hnekkt þeirri frásögn ákærða, að hann hafi í umrætt sinn verið að flytja gamla afganga af hilluefni úr bílskúr, en sú frásögn er studd af vætti áðurnefnds samferðamanns hans í þeirri för. Þá hefur ákærði eindregið neitað því, sem síðarnefnda vitnið hefur borið á hann.

Af hálfu ákæruvalds hefur verið bent á, að telja megi ólíklegt, að aðrir en ákærði og heimilisfólk hans hafi átt slíkan aðgang að húsinu að Garðabraut 58, að þeim hefði verið kleift að fjarlægja þaðan muni, án þess að eftir yrðu ummerki um húsbrot. Þetta ásamt framferði ákærða gagnvart eiganda hússins gefur tilefni til að fella á hann rökstuddan grun um þá háttsemi, sem um ræðir í málinu. Allt að einu eru þessi atvik ásamt framangreindum framburði vitna ekki alveg nægileg til að fallast á, að ákæruvaldið hafi fullnægt sönnunarbyrði sinni samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/1991 um sekt ákærða af því broti, sem honum er gefið að sök. Verður hann því einnig sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum málsins verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærðu, Ástþór Bjarni Sigurðsson og Margrét Bryndís Haraldsdóttir, eru sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. febrúar 1995.

Árið 1995, föstudaginn 10. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-519/1994: Ákæruvaldið gegn Ástþóri Bjarna Sigurðssyni og Margréti Bryndísi Haraldsdóttur, sem dómtekið var 16. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er með ákæru, dagsettri 6. desember sl., höfðað gegn Ástþóri Bjarna Sigurðssyni, Suðurgötu 48, Keflavík, kt. 200656-2969, og Margréti Bryndísi Haraldsdóttur, sama stað, kt. 060457-4849, til refsingar fyrir fjárdrátt samkv. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu er gefið að sök að hafa sem leigutökum íbúðarhússins Garðabraut 58, Garði, frá 18. mars 1992 til 8. nóvember 1993, eftir að þau fluttust úr húsinu í júlímánuði 1993 og fyrir lok leigutímans, tekið eða látið taka sér sjálfum til ávinnings, en leigusala, Keflavíkurútibúi Íslandsbanka hf., til tjóns, eftirgreindar innréttingar og raftæki, sem voru fast fylgifé hins leigða, samtals að matsverði 491.400 kr.:

1. Fataskáp af stærðinni 100×50×250 cm úr forstofu.
2. Fataskáp 125×60×250 cm að stærð úr herbergi í norðausturhorni hússins.
3. Fata- og tauskáp af stærðinni 230×60×240 cm úr hjónaherbergi.
4. Tvo fataskápa, annan 104×60×245 cm og hinn 124×60×250 cm, úr herbergjum í suðvesturhorni hússins.
5. Skáp 80×50×210 cm að stærð, borðplötu og rörbera úr þvottahúsi.
6. Bökunarofn, eldavél (helluborð) og gufugleypi af Siemens-gerð úr eldhúsi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Íslandsbanki hf., Keflavíkurútibú, kennitala 421289-4259, Hafnargötu 60, Keflavík, krefst þess, að ákærðu verði in solidum dæmd til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 491.400 kr., auk dráttarvaxta frá 9. 12. 1993 til greiðsludags og innheimtuþóknunar, 51.745 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af kröfum ákæruvalds og að hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns verði greidd úr ríkissjóði auk virðisaukaskatts.

I. Málavextir.

Við nauðungarsölu fasteignarinnar nr. 58 við Garðabraut, Garði, varð Íslandsbanki hf., Keflavíkurútibú, Hafnargötu 60, Keflavík, eigandi að fasteigninni. Nauðungarsölunni hafði lokið 18. mars 1992, og hafði við meðferð uppboðsmálsins verið lagður fram leigusamningur um fasteignina milli gerðarþola, ákærða Ástþórs, og Á. B. S. hlutafélags. Leigusamningurinn var gerður 1. janúar 1992 og undirritaður af ákærða, Ástþóri, sem leigusala, en af meðákærðu, Margréti Haraldsdóttur, f. h. Á. B. S. hf., en hún er eiginkona ákærða, Ástþórs. Leigutíminn var frá 1. janúar 1992 til 1. janúar 1997 og leigugjald 25.000 kr. á mánuði.

Leigusamning þennan töldu forsvarsmenn Íslandsbanka hf. gerðan til málamynda, og væri bankinn óbundinn af honum.

Samkomulag hafði samt orðið um, að Ástþór fengi um nokkurn tíma áfram að dveljast ásamt fjölskyldu sinni í fasteigninni gegn greiðslu leigugjalds til Íslandsbanka hf. Ákærði hafi svo ekki skilað eigninni á síðar tilskildum tíma, og dróst það allt til 8. nóvember 1993, að hann skilaði bankanum lyklum að húsinu á fasteigninni. Strax daginn eftir hafi starfsmaður bankans, Tómas Ibsen, ásamt fulltrúa frá Fasteignaþjónustu Suðurnesja hf. farið að skoða eignina. Hafi þá komið í ljós, að búið var að fjarlægja ýmsa muni úr fasteigninni, sem voru í henni við nauðungarsölu hennar og mátti telja hefðbundið fylgifé fasteignar. Var lögregla þegar kölluð á staðinn til að kanna verksummerki, sbr. lögregluskýrslu, dags. 9. nóv. 1993, um vettvangskönnun, og voru þá og af lögreglu teknar ljósmyndir, sem sýna eldhússinnréttingar án eldunartækja og hvar skápar höfðu verið fjarlægðir úr skála hússins, fjórum herbergjum og þvottahúsi, og eru þær lagðar fram í málinu.

Ákærðu hafa hjá lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa átt þátt í því að fjarlægja úr húsinu þessa muni, sem nánar eru taldir upp í ákæru. Fram kom, að meginhluta búslóðar sinnar höfðu þau flutt úr húsinu 16. júlí 1993, og hafði ákærða, Margrét, annast það með hjálp Einars Bjarnasonar, Einholti 4, Garði, sem notaði við flutningana hvíta sendiferðabifreið, sem hann átti, af gerðinni Toyota-Hi-Ace, nú með númer HB-453, samkvæmt frásögn hans. Ákærði, Ástþór, hafi á þessum tíma verið í Ólafsvík. Ákærða hafi svo nokkru síðar, í lok júlí, þrifið húsið og jafnframt tekið smærri hluti í bílskúr, en þá höfðu verið eftir í bílskúrnum ýmsir stærri hlutir og ýmislegt dót eða

drasl inni í húsinu, sem hún hafði sett þar út í horn í einu herberginu, og eftir miðjan ágúst kvaðst hún ekki hafa komið í húsið, en þá hafi verið í því allt það fylgifé, sem tilgreint er í ákæru. Þá var ákærði heima, og kvaðst hann þá hafa flutt talsvert af svörtum ruslapokum með drasli í, spónaplötur, gamalt hilluefni og margvíslegt annað dót, og kvað hann Einar Bjarnason hafa ekið fyrir sig tvær ferðir frá húsinu, og taldi hann ekki ólíklegt, að hann hefði tekið bensín á bíl Einars umrætt sinn. Fram kom hjá ákærða, að þau töldu sér vera heimilt að vera í húsinu eftir uppboðið á grundvelli leigusamningsins, þrátt fyrir það að Íslandsbanki hf. hefði mótmælt honum, og tengdu lyklaafhendinguna 8. nóvember 1993 öðrum viðskiptum við bankann, og taldi ákærða, Margrét, viðskipti þeirra ekki hafa verið þannig í þessu máli, að hún teldi sig þurfa að gæta hagsmuna bankans vegna hússins. Ekki gátu þau skýrt, hvernig framangreint fylgifé fasteignarinnar hafði verið fjarlægt úr húsinu, en þau hefðu bæði fengið vitneskju um, að rúða hafði verið brotin í hurð á þvottahúsi, án þess að þeim hefði þótt ástæða til að athuga það frekar eða laga skemmdir, og töldu þau, að á þessum tíma hefði hver, sem var, getað komist inn í húsið fyrirhafnarlítið. Ekki hefðu þau tilkynnt bankanum um, að þau hefðu rýmt húsið, fyrr en lyklinum var skilað. Þau hefðu ekki greitt leigugjald fyrir húsið þann tíma, sem þau voru í því eftir nauðungarsöluna, en einhverjar umræður hefðu orðið við bankann um, að faðir ákærðu, Margrétar, keypti húsið. Fram kom, að ekki höfðu aðrir lykla að húsinu en þau og að Á. B. S. hf. hafði orðið gjaldþrota, eftir að bankanum voru afhentir lyklarnir að því.

Vitnið Einar Bjarnason vélvirki, Einholti 4, Garði, kt. 110743-3089, staðfesti, að það hefði aðstoðað ákærðu tvívegis við að flytja búslóð þeirra úr húsinu að Garðabraut 58, Garði, eins og þau halda fram, en þvertók fyrir að hafa aðstoðað hana við að flytja úr því skápa og eldhústæki. Vitnið kvað óhugsandi, að bifreið þess hefði verið lánuð ákærða, Ástþóri, vegna flutninga, enda hefði hann verið próflaus. Það kvað bifreiðina hafa verið á R-númerum fram að áramótum 1993–1994.

Vitnið Tómas Ibsen Halldórsson rekstrarstjóri, Mávabraut 10 B, Keflavík, kt. 271153-2369, starfsmaður Íslandsbanka hf., Keflavíkurútibúi, kvað hafa verið gert um það munnlegt samkomulag við ákærðu, eftir að húseign þeirra, Garðabraut 58, Garði, hefði verið slegin bankanum á nauðungaruppboði, að þau fengju að vera í húsinu einhvern tíma, meðan þau væru að leita sér að öðru húsnæði, og væri bankinn alltaf reiðubúinn til slíkra samninga við fólk við samsvarandi aðstæður. Vitnið mundi ekki, hvort talað hefði verið um ákveðinn tíma, en leigan hefði ekki verið greidd. Fram kom, að húseignin hefði verið í sölumeðferð á meðan og tilboð komið í hana frá

föður ákærðu, Margrétar, en ekki þótt nægjanlega gott til að vera samþykkt af bankanum, en ákærðu fengið að vera lengur í húsinu en til stóð, meðan tilboðið var í athugun, enda var þá hugsanlegt, að þau fengju umráð yfir eigninni aftur. Vitnið kvað það hafa verið mat lögfræðinga bankans, að það væri ekki bundið af leigusamningi milli ákærðu, og hafi þau verið látin vita það. Það sagði, að nokkru áður en ákærðu hefðu skilað af sér húseigninni til bankans, hefði það fengið að vita frá Fasteignasölu Suðurnesja, að verið væri að fjarlægja ýmislegt fylgifé fasteignarinnar úr henni, og hefði nágranni ákærða látið vita. Engin viðbrögð hefðu þá verið við þessu af hálfu bankans og ákærðu ekki verið látin vita, en vitnið samt haft samband öðru hverju við ákærðu til að ganga eftir því, hvenær þau flyttu. Það kvað ákærðu, Margréti, hafa skilað lyklunum að fasteigninni 8. nóv. 1993, og hefði þá ekkert verið rætt við hana um, að eitthvað af föstu fylgifé fasteignarinnar hefði verið flutt úr henni, en það komið í ljós, er það skoðaði hana daginn eftir.

Vitnið Hinrik Sigurðsson, Faxabraut 76, Keflavík, kt. 051143-3619, hafði verið við störf á bensínstöðinni við Heiðartún 1, Garði, einhvern tíma haustið 1993, er það veitti því athygli, að verið var að flytja ýmsa muni úr húsinu nr. 58 við Garðabraut, sem er rétt fyrir neðan bensínstöðina, og hefði það komið því á óvart, þar sem það vissi, að ákærði var fluttur úr húsinu. Það hefði farið að fylgjast með þessu betur og séð, að þarna var komin hvít sendibifreið af Toyota-gerð, og virtist því, að verið væri að flytja sundurtekna skápa úr húsinu. Það kvað bifreiðinni svo hafa verið ekið á bensínstöðina og það þekkt bílinn sem bifreið vitnisins Einars Bjarnasonar, en mundi ekki, hver ók honum, en ákærði hafi verið annar þeirra, sem í bifreiðinni voru. Það hefði litið inn um afturglugga bifreiðarinnar, er það dældi bensíni á bifreiðina, og talið þar vera skápaeiningar og skáphurðir, en er það var spurt nánar um þetta, kvað það þetta hafa verið hvítar einingar, sem hefðu getað verið hillur eða eitthvað álíka, en það ekki séð höldur eða lamir á þeim. Það hefði ekki séð rafmagnstæki í bifreiðinni.

Vitnið Signý Ósk Marinósdóttir, Heiðarholti 38, Keflavík, kt. 230969-5669, hefði verið við afgreiðslu á bensínstöðinni á sama tíma og vitnið Hinrik hefði fylgst með því, er fluttar voru einhverjar hvítar plötur frá húsi ákærða í hvítan sendibíl, sem svo hefði verið ekið að bensínstöðinni og vitnið Einar Bjarnason ekið henni, en ákærði verið með honum.

Vitnið Jörundur Kristjánsson kaupmaður, Garðabraut 88, Garði, kvaðst hafa keypt eignir Pro hf., sem rekið hefði myndbandaleigur undir nafninu Frístund á tveimur stöðum í Keflavík, þ. e. að Hringbraut 96 og Hólmgarði 2, og ákærði m. a. verið eigandi þessa fyrirtækis. Það kvaðst skömmu fyrir

kaupin hafa farið með ákærða að skoða tvær geymslur, sem fylgdu húsnæðinu að Hólmgarði 2, sem það hefði tekið við leigu á. Í annarri geymslunni kvaðst það hafa rekið augun í bakarofn og helluborð og tækin verið hvít og af gerðinni Siemens. Vitnið kvað þetta hafa verið í byrjun desember, en áður hefði það heyrt, að ákærði hefði fjarlægt skápa og eldunartæki úr húsi, sem hann hefði misst til Íslandsbanka hf. Það kvaðst hafa fært þetta í tal við ákærða og hann þá lýst því fjálglega yfir og mjög hreykinn, hvernig honum hefði tekist að fjarlægja skápa og eldhústæki úr húsinu nr. 58 við Garðabraut. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt þennan orðróm frá lögmanni Íslandsbanka, sem væri vinur sinn, heldur frá fólki, sem hefði verið að skoða húsið vegna hugsanlegra kaupa. Það kvaðst vera ósátt við ákærða og hann við það vegna kaupa þess á fyrirtæki hans. Það kvað geymslur hafa verið læstar, en auðvelt að opna þær og margir haft lykla að útidyrum að kjallaranum, þar sem geymslurnar voru, en þarna hefðu verið geymslur fleiri verslana, sem voru í húsinu. Það kvað ekki hafa verið í geymslunni skápa eða skápaplötur, og er lögreglan hefði komið síðar að skoða geymsluna, hefðu tækin verið farin.

Niðurstöður.

Leigusamningur ákærða, Ástþórs, við Á. B. S. er gerður skömmu fyrir nauðungarsöluna á Garðabraut 58, Garði, og því ljóst, að hann hefur orðið að víkja fyrir réttindum þeim, sem Íslandsbanki hf. og fleiri höfðu áður eignast yfir eigninni og voru grundvöllur nauðungaruppboðsins. Réttur ákærðu til að vera áfram í húsinu er því samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra við Íslandsbanka hf., Kefavíkurútibúi, sem vitnað er í hér að framan og miðast við, að þau hefðu leiguafnot af húsinu til bráðabirgða og færu úr því, er þau hefðu útvegað sér annað húsnæði. Í reynd fóru þau úr húsinu 16. júlí 1993, en tilkynntu bankanum það ekki og skiluðu því ekki af sér, fyrr en þau skiluðu af sér lyklunum til bankans 8. nóvember 1993 og tengdu það öðru uppgjöri þeirra við bankann. Líta verður svo á, að ákærðu hafi borið ábyrgð á húsnæðinu allt til þess, að þau skiluðu af sér lyklunum, og bar þeim að skila því í sama ástandi og það var, er nauðungarsalan á því fór fram.

Vætti vitna og önnur rannsóknargögn málsins hníga fremur að því, að ákærðu eigi sök á því, að fylgifé fasteignarinnar, sem greint er í ákæru, var fjarlægt úr húsinu. Þau höfðu ein lykla að húsinu, og er nær óhugsandi, að öðrum sé til að dreifa, sem hefðu getað fjarlægt þessa muni nema með aðstoð þeirra, og ekkert liggur fyrir um, að brotist hafi verið inn í húsið til að taka þessa hluti. Frammi liggur í málinu lögregluskýrsla um, að brotin hafi

verið rúða í útihurð á bakhlið hússins aðfaranótt laugardagsins 6. nóvember 1993. Lögreglan hefði farið á staðinn, og komið hefði í ljós, að tveir ölvaðir unglingar höfðu farið þarna inn og brotið rúðuna með því að kasta í hana grjóthnullungi, sem lá þar inni á gólfinu, og höfðu þeir ætlað að gista í húsinu, en annar þeirra var sonur ákærðu. Í fyrstu héldu þeir því fram, að rúðan hefði verið brotin fyrir og því ekki þurft að brjóta hana til að komast inn. Grjóthnullungurinn var hins vegar blautur, en hlýtt og þurrt inni, og því augljóst, að rúðan var brotin með honum skömmu áður. Viðurkenndi sonur ákærðu, Jón Ragnar, síðar hjá lögreglu að hafa kastað hnullungnum til að komast inn, en eftir það var unnt að opna dyrnar innan frá.

Samkvæmt þessu er ljóst, að á þessum tíma varð ekki komist inn í húsið nema með því að brjóta sér leið inn, en lögreglan mun að venju hafa séð um, að neglt væri spjald fyrir gluggagatið í hurðinni.

Ákærðu hafa gefið í skyn, að áður hafi verið brotin rúða í sömu hurð, eftir að þau fluttust úr húsinu, og því hafi hver, sem er, getað farið um húsið. Þetta er þó engan veginn staðfest með gögnum. Þrátt fyrir það að þau höfðu vitneskju eða grun um þetta, þótti þeim engin ástæða til að kanna þetta, og kom fram hjá ákærðu, Margréti, að hún taldi bankann engan veginn eiga það inni hjá þeim, að þau ómökuðu sig með þeim hætti út af húsnæðinu. Afstaða þessi verður að teljast nokkuð einkennileg, þegar virt er, að ákærðu höfðu áður verið í húsinu í um hálft annað ár án þess að greiða leigugjöld og ekki skilað því formlega af sér. Augljóst er því, að þau hafa talið sig eiga harma að hefna við bankann.

Framburður ákærðu, að einhver annar hafi aðgang að húsinu, fær því enga stoð í gögnum málsins, er ósennilegur og metinn sem markleysa.

Þegar öll gögn málsins eru virt í samhengi og tekið mið af því, að ákærðu hafa ekki getað gefið neina skýringu á hvarfi munanna, þó að þau hafi lyklavöldin að húsinu, og jafnframt er litið til neikvæðrar afstöðu þeirra til kæranda, þykja vera komnar það sterkar líkur í málinu, að með vætti vitnanna leiði það til lögfullrar sönnunar um sök ákærðu, og eru þau talin bera ábyrgð á, að framangreindir munir voru fjarlægðir úr húsinu án heimildar, og verður það talið gert í hagnýtingarskyni.

Ákærðu hafa með verknaði þessum gerst brotleg við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Margrét, hefur ekki áður gerst brotleg við refsilög, en samkv. fram lögðu sakavottorði hafa verið gerðar við ákærða, Ástþór, á tímabilinu frá 31. 12. 1979 til 1. 12. 1994 fjórar sáttir, þar sem honum er gert að greiða sektir fyrir tolllagabrot, tilraun til þjófnaðar, ölvunarakstur og sviptingarakstur. Ákærði hefur hlotið tvo dóma í Héraðsdómi Reykjaness, þ. e. 30.

júní 1993 90.000 króna sekt og fangelsi í 45 daga skilorðsbundið í tvö ár fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. alm. hegningarlaga, en dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 14. okt. 1993, og 16. mars 1994 var hann dæmdur til að greiða 70.000 kr. í sekt f. brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, og sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Með verknaði þeim, sem hér er fjallað um, hefur ákærði, Ástþór, rofið skilorð samkv. dóminum frá 30. júní 1993, og ber því samkv. 60. gr. alm. hegningarlaga að dæma nú bæði málin í einu lagi.

Refsing ákærðu þykir með hliðsjón af 57. gr. a, sbr. lög nr. 101/1976, og 77. gr., hvað ákærða, Ástþór, varðar, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði, Ástþór, sæti fangelsi í fimm mánuði, en ákærða, Margrét, sæti fangelsi í tvo mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu á þremur mánuðum af refsingu ákærða, Ástþórs, og á allri refsingu ákærðu, Margrétar, og falli þessi refsing niður hjá hvoru um sig að liðnum þremur árum, haldi þau almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærðu hafa mótmælt fram lagðri bótakröfu, með því að hún sé ekki studd reikningum né mati dómkvadds matsmanns.

Fallast má á, að ákærðu beri að greiða kæranda bætur fyrir það tjón, sem þau hafa valdið honum, en taka verður undir það, að gegn mótmælum ákærðu verður ekki lagður dómur á kröfuna, nema frekari gögn komi fram henni til styrktar, og er henni því vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, sem ákveðast 50.000 kr., og laun skipaðs verjanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., sem ákveðast og 50.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Ástþór Bjarni Sigurðsson, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærða, Margrét Bryndís Haraldsdóttir, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi hún almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Íslandsbanka hf., Keflavíkurútibúi, er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði óskipt saman allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 50.000 krónur, auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 300/1994. **Örvar Ingólfsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Kristjáni R. Kristjánssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Skuldabréf. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að viðurkennd verði krafa sín á hendur stefnda til skuldajafnaðar, að fjárhæð 2.180.207 krónur, og að hann verði einungis dæmdur til að greiða 295.581,10 krónur. Í því tilviki verði málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur aðila málsins á rætur að rekja til samnings 14. janúar 1992. Stefndi keypti þá raðhús í smíðum að Eiðismýri 12 á Seltjarnarnesi, en kaupverðið skyldi meðal annars greiða með íbúð stefnda og eiginkonu hans í húsinu nr. 30 við Sólheima í Reykjavík. Ekki kom til þess, að samningnum yrði þinglýst á þá íbúð, en svo var hins vegar gert, að því er varðar fasteignina nr. 12 við Eiðismýri. Eftir að kaupin voru gerð, veittu aðilar hvor öðrum heimild til að veðsetja hinar seldu fasteignir. Síðar reis hins vegar ágreiningur um efndir samningsins, sem leiddi til þess, að áfrýjandi rifti kaupunum. Stefndi leysti 12. október 1993 til sín skuldabréf, út gefið af áfrýjanda, með veði í íbúðinni við Sólheima. Raðhúsið við Eiðismýri var selt við nauðungarsölu 17. nóvember sama ár, og fékk Húsnæðisstofnun ríkisins fulla greiðslu kröfu sinnar samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af stefnda, af söluverði veðsins. Var áfrýjanda eftir það framselt skuldabréfið.

Á skuldabréf það, sem áfrýjandi gaf út, er skráð, að það hafi ver-

ið innleyst af stefnda 12. október 1993. Fékk hann þá jafnframt bréfið framselt til sín. Til þess hafði Landsbanki Íslands heimild, svo sem rakið er í héraðsdómi, en bankinn hafði bréfið til innheimtu. Verður samkvæmt þessu ekki fallist á þá vörn áfrýjanda, að stefndi geti ekki byggt rétt á bréfinu.

Af áritunum á skuldabréf Húsnæðisstofnunar ríkisins má ráða, að það hafi verið framselt áfrýjanda 13. apríl 1994, eftir að stofnuninni hafði verið úthlutað 2.180.207 krónum af söluverði eignarinnar nr. 12 við Eiðismýri, en öll skuldin hafði verið gjaldfelld. Samkvæmt frumvarpi til úthlutunar á söluverðinu skyldi næst á eftir veðhöfum úthlutað til áfrýjanda eftirstöðvum söluverðsins, 914.906 krónum. Ágreiningur varð milli aðila þessa máls um úthlutunina að þessu leyti. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti urðu lyktir þær, að frumvarp sýslumanns skyldi standa óbreytt. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar, að áfrýjandi sé rétt kominn að skuldabréfinu fyrir framsal.

Samkvæmt framangreindu verður fallist á það með áfrýjanda, að skilyrði skuldajafnaðar séu fyrir hendi, sbr. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður varakrafa hans um skuldajöfnuð því tekin til greina. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða 295.581,10 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Þá verður áfrýjanda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Örvar Ingólfsson, greiði stefnda, Kristjáni R. Kristjánssyni, 295.581,10 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.475.788,10 krónum frá 12. október 1993 til 13. apríl 1994, en af 295.581,10 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Kristjáni R. Kristjánssyni leigubifreiðastjóra, kt. 110338-4309, Sólheimum 30, Reykjavík, á hendur Örvari Ingólfssyni bygginga-

meistara, kt. 010149-2749, Unufelli 34, Reykjavík, með stefnu, birtri 11. nóvember 1993.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda „skuld, að fjárhæð 2.475.788,10 kr., auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Stefndi gerir aðallega kröfu um sýknu, en til vara krefst hann þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu á 295.581,10 krónum „með vísan til gagnkröfu til skuldajafnaðar, sem höfð er uppi í máli þessu". Þá er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins auk lögmælts virðisaukaskatts.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður umkrafða skuld vera skv. veðskuldabréfi með lánskjaravísitölu, útg. í Reykjavík 16. mars 1992 af stefnda, stíluðu á Nýbýli hf. sem kröfuhafa. Nýbýli hf. hafi framselt veðskuldabréfið Sigurði Friðjónssyni 18. mars 1992, en Sigurður falið Landsbanka Íslands, Suðurlandsbrautarútibúi, Reykjavík, innheimtu þess.

Skuldabréfið kveður stefnandi upphaflega hafa verið að fjárhæð 2.000.000 króna, sem skyldi greiða í tvennu lagi, 1.995.000 krónur af upphaflegum höfuðstól auk verðbóta og samningsvaxta á þá fjárhæð 16. mars 1993, en eftirstöðvar upphaflegs höfuðstóls, 5.000 krónur, auk verðbóta og samningsvaxta á þá fjárhæð 16. mars 1995. Vextir hafi verið ákveðnir „fastir" 10% ársvextir og skyldu reiknaðir frá 16. mars 1992. Skuldin hafi verið bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 3198 stigum. Skuldin hafi verið tryggð með 1. veðrétti í íbúð stefnanda að Sólheimum 30 í Reykjavík skv. veðleyfi stefnanda og eiginkonu hans, frú Guðbjargar V. Stefánsdóttur, dags. 13. mars 1992.

Vegna vanskila stefnda kveður stefnandi, að skuldin hafi verið eindöguð og gjaldfelld, og hafi þá mátt selja íbúð stefnanda og eiginkonu hans á opinberu uppboði samkvæmt ákv. skuldabréfsins. Hafi stefnandi því neyðst til að leysa til sín veðskuldabréfið 12. október 1992 með greiðslu, að fjárhæð 2.475.788,10 kr., sem sé stefnufjárhæð, en lánskjaravísitala í október sl. hafi verið 3339 stig, og sé stefndi nú eigandi bréfsins.

Um réttarfar er vísað til XVII. kafla laga nr. 91/1991, og hefur stefnandi hafnað því, að stefndi komi að frekari vörnum en 118. gr. þeirra laga heimilar. Efnislega kveðst stefnandi vísa til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi sé ekki réttur eigandi að veðskuldabréfi því, sem hér um ræðir, þar sem það sé ekki framselt

honum með óslitinni framsalsröð, þ. e. Sigurður Friðjónsson, sem fékk bréfið framselt 18. mars 1992 frá upphaflegum kröfuhafa, Nýbýli hf., hafi ekki áritað bréfið um framsal.

Gagnkröfu kveðst stefndi byggja á því að hafa heimilað stefnanda og eiginkonu hans, Guðbjörgu V. Stefánsdóttur, að veðsetja fasteign sína að Eiðismýri 12, Seltjarnarnesi, til tryggingar greiðslu fasteignaveðsbréfs, er þau hafi gefið út 25. júní 1992, að fjárhæð 1.970.000 krónur, verðtryggðs skv. lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 3210 og föstum 6% ársvöxtum frá 23. júní 1992. Stefnandi hafi ekki greitt af skuldabréfinu og fasteignin því verið seld nauðungarsölu 17. nóvember 1993 til að knýja fram af uppboðsandvirðinu fullnaðargreiðslu á skuldabréfinu, sem skv. kröfulýsingu kröfuhafans, Húsnæðisstofnunar ríkisins, var þá að fjárhæð 2.180.207 krónur. Stefndi hafi þannig með andvirði eignarhluta síns greitt skuldabréfið að fullu, og nemi því gagnkrafan þessari fjárhæð, þ. e. 2.180.207 krónum, miðað við 17. nóvember 1993. Komi þessi fjárhæð til frádráttar stefnufjárhæðinni og leiði til þess, að greiðsluskylda stefnda geti aðeins numið 295.581,10 krónum.

Um lagastoð fyrir kröfu um sýknu vísar stefndi til ákv. 39. gr., sbr. 41. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Gagnkröfu sína kveðst stefndi styðja meginreglum kröfuréttar um heimild til að skuldajafna svo og ákv. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki er tölulegur ágreiningur, en deilt er um, hvort skuldabréfið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hafi á formlegan réttan hátt verið framselt honum með þeim hætti, sem gert var. Þá er deilt um, hvort stefndi komi að gagnkröfu sinni, eins og henni er lýst.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit af skuldabréfi, sem er efnislega eins og hann greinir frá. Skuldabréfið ber með sér að hafa verið innleyst af stefnanda í Landsbanka Íslands 12. október 1993, og fyrir liggur í skjölum málsins ljósrit af bréfi Sigurðar Friðjónssonar, kt. 040543-2289, til bankans, dags. 26. mars 1992, um skuldabréfið. Stendur þar m. a.: „Beiðni þessi veitir Landsbanka Íslands fulla heimild til þess að taka við greiðslum, kvitta bréfið út við fullnaðargreiðslu og framselja það öðrum aðila, sem öðlast hefur rétt yfir því." Framsal bankans – samkvæmt stöðu sinni og í umboði Sigurðar Friðjónssonar sem framsalshafa – verður að teljast formlega fullnægjandi framsal á skuldabréfinu til stefnanda.

Fasteignaveðsbréf, út gefið 25. júní 1992 af Guðbjörgu V. Stefánsdóttur og stefnanda, Kristjáni R. Kristjánssyni, til húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, kt. 581189-1619, greiddist að fullu af uppboðsandvirði fast-

eignarinnar að Eiðismýri 12 á Seltjarnarnesi samkvæmt áritun sýslumanns á bréfið 13. apríl 1994. Með áritun Húsnæðisstofnunar ríkisins á bréfið um framsal þess til stefnda verður ekki séð, að stefndi hafi öðlast kröfu á hendur stefnanda, sem jafnað verði við kröfu stefnanda á hendur stefnda, sbr. 4. tl. 118. gr. laga nr. 91/1991, enda voru stefnandi og eiginkona hans þinglýstir eigendur fasteignarinnar, þegar nauðungaruppboðið fór fram, og skiptir ekki máli í því sambandi, að þau höfðu ekki afsal fyrir eigninni, sbr. Hrd. 1988, 1475.

Krafa stefnanda um, að stefnda verði gert að greiða honum 2.475.788 krónur og 10 aura er því tekin til greina. Á fjárhæðina reiknast dráttarvextir samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 12. október 1993 til greiðsludags, og leggjast þeir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. október 1994.

Kröfu stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda samkvæmt reikningi, að fjárhæð 480.291 króna, þ. m. t. virðisaukaskattur, þykir mega taka til greina, enda hefur stefndi ekki gert sérstakar athugasemdir við hana.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Örvar Ingólfsson, greiði stefnanda, Kristjáni R. Kristjánssyni, 2.475.788 krónur og 10 aura með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. október 1993 til greiðsludags. Dráttarvextir frá 12. október 1993 til 12. október 1994 leggist við höfuðstól þann dag og síðan við uppreiknaðan höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefndi greiði stefnanda 480.291 krónu í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 166/1993.

Haukur Haraldsson
Oddbjörg Óskarsdóttir
Karl Snorrason
Gunnjóna S. Jensdóttir
Hallur Birgisson
Kristín Dóra Karlsdóttir
Runólfur Sigurðsson
Áslaug B. Þórhallsdóttir
Ólafur Höskuldsson
Erna Gréta Garðarsdóttir
Torfi Axelsson
Kristján Sturluson og
Sigrún Arnardóttir
(Helgi Birgisson hdl.)
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Sigurbjörn Magnússon hdl.)
(Baldvin Jónsson hrl.)

Tryggingarbréf. Þinglýsing. Veðréttur. Verðtrygging. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1993. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði. Til vara krefjast þeir þess, að einungis verði viðurkennt, að stefndi eigi annan veðrétt í lóðunum nr. 18, 22 og 24, þriðja veðrétt í lóðunum nr. 10 og 12 og fjórða veðrétt í lóðunum nr. 6 og 20 við Aðaltún í Mosfellsbæ til tryggingar heildarskuld, að fjárhæð 7.200.000 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. nóvember 1988 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 10. nóvember 1994.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mosfellsbær og Hlín Aðalsteinsdóttir, eigandi Aðaltúns 26, sem voru meðal stefndu í héraði, una héraðsdómi.

I.

Í máli þessu er ekki höfð uppi krafa á hendur áfrýjendum persónulega um greiðslu ákveðinna krafna. Aftur á móti krefst stefndi veðréttar í lóðum, sem áfrýjendur eru réttháfar að, og í húseignum þeirra á þeim lóðum, allt til tryggingar kröfum hans á hendur þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf. Kröfur þessar eru byggðar á 12 skuldabréfum, út gefnum 10. júní 1988 af byggingafélaginu, hverju að fjárhæð 600.000 krónur með vöxtum og lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitöluna 1968 stig við upphaf lánstímans, dráttarvöxtum og kostnaði. Jafnframt er þess krafist, að veðrétturinn standi til tryggingar kröfum bankans á hendur Páli Harðarsyni samkvæmt ábyrgð hans á ofangreindum skuldabréfum með yfirlýsingu 19. júní 1988.

Veðrétturinn er byggður á tryggingarbréfi, út gefnu 12. janúar 1988 af Byggingafélaginu Hömrum hf. til stefnda til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum byggingafélagsins og framkvæmdastjóra þess, Páls Harðarsonar, „hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefnist, að höfuðstólsfjárhæð allt að samtals: 7.200.000,00 krónur . . . auk verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, . . .". Með bréfinu voru stefnda veðsettar byggingalóðir við Aðaltún í Mosfellsbæ með öllum framkvæmdum og öðru tilheyrandi. Lóðirnar eru úr landi Lágafells, og var Mosfellsbær þinglýstur eigandi þeirra samkvæmt tveimur afsölum frá 13. apríl 1987 og 27. nóvember 1987. Tryggingarbréfið var móttekið til þinglýsingar 14. janúar 1988 og innfært 19. sama mánaðar í veðmálabækur á blöð einkennd landsvæðunum tveimur úr landi Lágafells með þeirri athugasemd þar, að það skyldi yfirfært á viðkomandi lóðir þegar lóðarsamningum yrði þinglýst.

II.

Áfrýjendur reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að þær skuldir, sem stefndi tiltaki og byggjast á skuldabréfunum 12, að fjárhæð

600.000 krónur hvert, séu ekki til eða falli að minnsta kosti ekki undir ákvæði tryggingarbréfsins. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að fallast á niðurstöðu hans um þessi atriði. Í öðru lagi halda áfrýjendur því fram, að tryggingarbréfið hafi ekki verið réttilega fært inn í þinglýsingabækur, fyrr en eftir að stefndi sendi sýslumanni Kjósarsýslu símskeyti 22. mars 1989 með kröfu um, að bréfið yrði fært inn á Aðaltúnslóðirnar. Telja þeir jafnframt, að sýkna megi áfrýjendur, þar sem í máli þessu séu skilyrði til þess að beita 18. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Fallast ber á rök héraðsdóms um, að tryggingarbréfinu hafi verið réttilega þinglýst og að því séu ekki skilyrði til þess að beita 18. gr. þinglýsingalaga. Verður þannig ekki fallist á sýknukröfur áfrýjenda.

III.

Eftir að stefndi breytti kröfugerð sinni, svo sem lýst er í héraðsdómi, er ekki ágreiningur um það, hvaða veðrétt um er að ræða í hverri eign um sig, sé miðað við ofangreinda niðurstöðu málsins. Þá er ekki heldur ágreiningur um, að innan marka tryggingarbréfsins falli vextir og verðbætur af þeim skuldum, sem veðréttur telst fyrir samkvæmt tryggingarbréfinu. Hins vegar byggir áfrýjandi varakröfu sína á því, að samkvæmt efni bréfsins sé það takmarkað við hámark, 7.200.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Ákvæðisins, sem hér er vitnað til, er getið að framan. Þar er strikað yfir vexti, og ekki er þar getið um tegund verðbóta, grunnvísitölu þeirra eða upphafstíma. Verður því að fallast á það með áfrýjendum, að veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu takmarkist svo sem krafist er í varakröfu.

IV.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði. Ákveðast málskostnaður og gjafsóknarlaun eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, á annan veðrétt í lóðunum nr. 18, 22 og 24, þriðja veðrétt í lóðunum nr. 10 og 12 og fjórða veðrétt í lóðunum nr. 6 og 20 við Aðaltún í Mosfellsbæ með

mannvirkjum og öðru, sem fylgir og fylgja ber, til tryggingar kröfum hans á hendur þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf. samkvæmt tólf skuldabréfum, hverju að fjárhæð 600.000 krónur, öllum út gefnum af Byggingafélaginu Hömrum hf. 10. júní 1988, og til tryggingar kröfum hans á hendur Páli Guðfinni Harðarsyni samkvæmt ábyrgð hans á ofangreindum skuldabréfum með yfirlýsingu, dagsettri 19. júní 1988. Hámark veðréttarins miðast samkvæmt tryggingarbréfi frá 12. janúar 1988 við 7.200.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. nóvember 1988 til greiðsludags og alls kostnaðar.

Áfrýjendur, Haukur Haraldsson, Oddbjörg Óskarsdóttir, Karl Snorrason, Gunnjóna S. Jensdóttir, Hallur Birgisson, Kristín Dóra Karlsdóttir, Runólfur Sigurðsson, Áslaug B. Þórhallsdóttir, Ólafur Höskuldsson, Erna Gréta Garðarsdóttir, Torfi Axelsson, Kristján Sturluson og Sigrún Arnardóttir, greiði stefnda óskipt 400.000 krónur í málskostnað í héraði. Áfrýjendur greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns þeirra, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1993.

Mál þetta, sem var þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 19. júní 1990 og dómtekið í héraðsdóminum 20. þ. m., hefur Búnaðarbanki Íslands, kt. 490169-1219, höfðað á hendur bæjarstjóranum í Mosfellsbæ fyrir hönd bæjarins, kt. 470269-5969, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Örn Höskuldsson hrl.) sem þinglýstum eiganda lóðanna nr. 2, 4, 8, 14 og 16 við Aðaltún þar í bæ og kaupendum og eigendum eftirtalinna fasteigna í Mosfellsbæ:

Aðaltúns 6, þeim Hauki Haraldssyni, kt. 151049-8189, og Oddbjörgu Óskarsdóttur, kt. 190650-2359, báðum til heimilis að Aðaltúni 6, Mosfellsbæ, með stefnu, birtri 12. 6. 1990 (lögm. Sigurður I. Halldórsson hdl.),

Aðaltúns 10, þeim Karli Snorrasyni, kt. 120155-5989, og Gunnjónu S. Jensdóttur, kt. 230455-3339, báðum til heimilis að Aðaltúni 10, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 12, þeim Halli Birgissyni, kt. 101157-7419, og Kristínu Dóru Karlsdóttur, kt. 300957-3589, báðum til heimilis að Aðaltúni 12, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 18, þeim Runólfi Sigurðssyni, kt. 060636-6729, og Áslaugu B. Þórhallsdóttur, kt. 051139-3059, báðum til heimilis að Aðaltúni 18, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 20, Ólafi Höskuldssyni, kt. 180358-5449, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 22, þeim Ernu Grétu Garðarsdóttur, kt. 241257-3399, og Torfa Axelssyni, kt. 251257-4189, báðum til heimilis að Aðaltúni 22, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 24, þeim Kristjáni Sturlusyni, kt. 110858-2649, og Sigrúnu Arnardóttur, kt. 231256-5639, báðum til heimilis að Aðaltúni 24, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Othar Örn Petersen hrl.),

Aðaltúns 26, Hlín Aðalsteinsdóttur, kt. 270446-4699, Aðaltúni 26, Mosfellsbæ, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Jón Ólafur Þórðarson hdl.) og

Kletthömrum hf., kt. 581188-1109, Vesturvör 9, Kópavogi, með framlagningu skjala í dóm 19. júní 1990 (lögm. Örn Höskuldsson hrl.).

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem lagt hefur verið fram, eru Hamrar hf. þinglesinn eigandi Aðaltúns 26.

Af hálfu Mosfellsbæjar og Kletthamra hf. hefur verið sótt þing, en engar varnir komið fram. Fallið hefur verið frá kröfum á hendur Kletthömrum hf.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þessar:

Viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi 1. veðrétt í lóðunum nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24 og 26 við Aðaltún í Mosfellsbæ með byggingum, framkvæmdum og öllu öðru, sem fylgir og fylgja ber, að fjárhæð 7.200.000 kr., auk vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, nema hvað veðskuldir, sem hann hefur sjálfur veitt leyfi fyrir, standi framar.

Einnig er þess krafist, að viðurkennt verði, að ofangreindur veðréttur

stefnanda standi til tryggingar kröfum hans á hendur þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf., að fjárhæð 7.200.000 kr., auk vísitöluhækkunar frá mars til nóvember 1988, 1.122.196 kr., vaxta frá 1. 3. 1988 til 22. 11. 1988, 604.563 kr., auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 8.926.759 kr. frá 22. 11. 1988 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þar til skuldin er greidd, í fyrsta sinn 22. 11. 1989, skv. 12 skuldabréfum, hverju að fjárhæð 600.000 kr., með grunnvísitöluna 1968, öllum út gefnum af þeim Páli Harðarsyni, Jóhönnu E. Ólafsdóttur og Berglindi Ólafsdóttur, f. h. Byggingafélagsins Hamra hf. 10. 6. 1988, og jafnframt, að hann standi til tryggingar kröfum bankans á hendur Páli Harðarsyni skv. ábyrgð hans á ofangreindum skuldabréfum, sem hann tókst á hendur með yfirlýsingu, dags. 19. 6. 1988. Enn fremur er þess krafist, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu leyfilega dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu kröfðust upphaflega frávísunar, en féllu frá þeirri kröfu, eftir að stefnandi hafði breytt kröfugerð sinni 8. þ. m. Stefnandi hefur veitt stefndu veðleyfi og breytt kröfugerð sinni til samræmis.

Endanlega eru kröfur stefnanda sem hér segir:

Viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi fyrsta veðrétt í lóðunum nr. 2 og 4, annan veðrétt í lóðunum nr. 18, 22 og 24, þriðja veðrétt í lóðunum nr. 10, 12 og 26 og fjórða veðrétt í lóðunum nr. 6 og 20 við Aðaltún í Mosfellsbæ með byggingum, framkvæmdum og öllu öðru, sem fylgir og fylgja ber, að fjárhæð 7.200.000 kr., auk vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar. Takmörkunin: „nema hvað veðskuldir, sem hann hefur sjálfur veitt leyfi fyrir, standi framar" fellur út, en kröfugerðin er óbreytt að öðru leyti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, til vara, að einungis verði viðurkennt, að stefnandi eigi fyrsta veðrétt í lóðunum nr. 2 og 4, annan veðrétt í lóðunum nr. 18, 22 og 24, þriðja veðrétt í lóðunum nr. 10, 12 og 26 og fjórða veðrétt í lóðunum nr. 6 og 20 við Aðaltún til tryggingar skuld, að heildarfjárhæð 7.200.000 kr. Í báðum tilvikum er þess krafist, að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess, að greiða ber virðisaukaskatt á þóknun fyrir lögfræðiþjónustu, og að dæmt verði, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þ. m. t. vaxtavexti. Málskostnaðar-

reikningar hafa komið fram af hálfu eigenda Aðaltúns 10, 12, 18, 20, 22 og 24, 846.733 kr. á hverja eign.

Mál þetta snýst um veðsetningar á tveimur landspildum úr landi Lágafells, sem Mosfellsbær keypti, aðra með samningi, dags. 7. október 1986, þinglýstum 3. apríl 1987, og hina með samningi, dags. 30. október 1987, þinglýstum 27. maí 1987, og úthlutaði Byggingafélaginu Hömrum hf. til skipulags og byggingar íbúðarhúsa með samningi, dags. 26. nóvember 1987.

Áður en uppdrætti og yfirlýsingu um skiptingu landsins í byggingarlóðir hafði verið þinglýst, afhenti stefnandi 14. janúar 1988 með árituðu veðleyfi Mosfellsbæjar tryggingarbréf, út gefið af Hömrum hf. 12. janúar 1988. Meginefni bréfsins, að því er málið varðar, er svolátandi:

Til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum okkar við Búnaðarbanka Íslands, hvort sem þær eru samkvæmt víxlum, skuldabréfum, hlaupareikningayfirdráttum, hvers konar ábyrgðum eða í hvaða öðru formi sem þær eru og hvenær sem er og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefnist, að höfuðstólsfjárhæð allt að samtals 7.200.000 kr., auk verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, m. a. innheimtukostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eru Búnaðarbanka Íslands hér með veðsettar byggingarlóðirnar nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24 og 26 við Aðaltún í Mosfellsbæ með öllum framkvæmdum og öðru tilheyrandi. Lóðirnar eru úr landi Lágafells, en þinglýstur eigandi Mosfellshreppur skv. tveimur afsölum: um lóðir nr. 2-20 frá Byggingarmiðstöðinni sf., Hlíðartúni, skjal merkt nr. 4099/1987, þl. 13. 4. 1987, og um lóðir nr. 22-26 frá Friðriki Ólafssyni, skjal merkt nr. 13276/1987, þl. 27. 11. 1987. . . . Eignin er veðsett með 1. . . . veðrétti og uppfærslurétti . . . Ef . . . bú skuldara verður tekið til . . . skiptameðferðar sem gjaldþrota . . ., er veðhafa heimilt að gjaldfella og eindaga allar slíkar skuldir þá fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Í upphafi bréfsins er skuldari greindur Hamrar hf. og/eða Páll Harðarson, sem var framkvæmdastjóri félagsins. Bréfið var fært sem veð á báðar umræddar landspildur. Í framhaldi af þessari tryggingartöku veitti bankinn byggingafélaginu ýmsa fyrirgreiðslu.

Hinn 10. júní 1988 gáfu Hamrar hf. út til Búnaðarbanka Íslands 12 veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 600.000 kr., með veði í ofangreindum lóðum, hverri fyrir sig, að lóðinni nr. 22 undanskilinni. Samanlögð fjárhæð bréfanna var þannig hin sama og tryggingarbréfsins, 600.000 × 12 = 7.200.000 krónur. Bréf þessi liggja frammi í málinu, frágengin og stimpluð, en óþinglesin. Tryggingarbréfinu hefur ekki verið aflýst.

Byggingafélagið hóf framkvæmdir haustið 1987. Samkvæmt gögnum

málsins hefur fyrsti kaupsamningurinn verið gerður 11. september það ár við stefndu Torfa og Grétu um Aðaltún 22. Í kaupsamningi um Aðaltún 26, dags. 30. desember 1987, er ákvæði um greiðslu hluta kaupverðs með sex hundruð þúsund króna skuldabréfi til fimm ára, gefnu út, þegar hús verði fokhelt. Aðrir kaupsamningar eru gerðir eftir útgáfu tryggingarbréfsins, og í þeim er ákvæði um greiðslu hluta kaupverðs með „láni Hamra hf. til 5 ára, 600.000". Um Aðaltún 10 hafa Páll Harðarson og stefndu Karl og Gunnjóna gert sérstakt samkomulag á þá leið, að lán Hamra hf. verði til fimm ára með tíu afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. apríl 1989, bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1968, og beri meðalvexti sambærilegra skuldabréfa skv. augl. Seðlabanka Íslands frá afhendingardegi hússins. Í samningi um Aðaltún 24 er lánstími ákveðinn sex ár, og er veðskuldabréfið í þeirri eign í samræmi við það með tólf afborgunum á sex mánaða fresti.

Hinn 19. júní 1988 gaf Páll Harðarson út yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á greiðslu bréfanna. Í yfirlýsingunni eru skráðir eftirfarandi skilmálar um meðferð þeirra:

Veðskuldabréfum þessum verður eigi þinglýst, fyrr en húsin eru fokheld og lóðirnar sérgreindar í veðmálabókum . . . Kaupendur húsanna taka að sér að greiða bréfin skv. ákvæðum í kaupsamningum Hamra hf. við þá. Þurfa þeir að fá bréfunum nafnbreytt í bankanum eftir afhendingu húsanna.

Síðan er svo ákveðið, að þangað til þinglýsing bréfanna fari fram, sé veðtrygging bankans í formi áðurgreinds tryggingarbréfs.

Árið 1988 gaf Mosfellsbær út lóðarleigusamninga fyrir lóðum þeim, er mál þetta snýst um. Hamrar hf. fengu þinglýst sjö samningum, um Aðaltún nr. 22 22. 8., nr. 18 og 24 8. 11, nr. 20 9. 11., nr. 10 14. 11., nr. 12 16. 11. og nr. 6 5. 12. Eigendur Aðaltúns 6 fengu sitt bréf 5. desember 1988 og afhentu það til þinglýsingar. Við þinglýsingu lóðarleigusamninganna var hvorki getið um veðbönd né vísað til þess, að landið væri úr téðum landspildum úr landi Lágafells, eða vísað í lítranúmer á eignarheimildum bæjarins. Þegar umræddar lóðir fengu sérstakt blað hver um sig í fasteignabók við þinglýsingu lóðarleigusamninganna, var tryggingarbréfsins að engu getið á nýju fasteignabókarblöðunum og ekki heldur á veðbókarvottorðum, sem út voru gefin fram til þess, að stefnandi sendi þinglýsingardómaranum skeyti 22. mars 1989, þar sem þess er krafist, að tryggingarbréfið verði fært á 1. veðrétt allra lóðanna, sem taldar eru í því. Var svo gert 14. janúar 1988. Hefur síðan verið skráð athugasemd á veðbókarvottorð um, að veðið hvíli á öllum lóðunum nr. 2-26.

Í greinargerð stefnanda segir m. a.:

Haustið 1987 fóru fram viðræður á milli Byggingafélagsins Hamra hf., Kópavogi, og Búnaðarbanka Íslands . . . um, að bankinn veitti félaginu fyrirgreiðslu, bæði til að hefja uppbyggingu á lóðum . . . við Aðaltún og til að yfirtaka eignir Hamra hf., Grundarfirði. . . . var samið um, að bankinn myndi lána 7.200.000 kr. gegn veði í . . . lóðunum 13 . . ., og yrðu lánin til allt að sex ára, kaupendur lóðanna myndu yfirtaka þau, þegar húsin yrðu fullbúin. Þar sem landi því, sem Byggingafélaginu Hömrum hafði verið úthlutað, hafði ekki verið skipt í lóðir í veðmálabókum . . ., var það sett í heild sem . . . veð fyrir skuldum byggingafélagsins . . . og Páls Harðarsonar við [bankann] . . . með tryggingarbréfi . . . Var gert ráð fyrir því, að í hvert skipti, sem félagið afsalaði húsi til kaupanda, myndi hann yfirtaka bréf fyrir sína lóð, en bankinn myndi leysa hana undan allsherjarveðinu og jafnframt þinglýsa viðkomandi skuldabréfi. . . . Skuldabréfin féllu öll í eindaga við gjaldþrot byggingafélagsins Hamra hf. 21. 11. 1988. . . . stuttu fyrir gjaldþrotaskiptin hafði félagið afsalað sex af hinum þrettán veðsettu lóðum. Fyrirvari var í afsölum um, að gengið yrði frá eftirstöðvabréfi, þegar verki væri að fullu lokið. . . . Afsölum þessum var þinglýst athugasemdalaust . . . Stefnandi lýsti kröfum sínum . . . 10. 2. 1989 . . . og . . . hafa [þær] verið samþykktar. . .

Við gjaldþrotið hafði um tvær lóðir verið gerður kaupsamningur, en afsal ekki farið fram. Fimm voru óseldar, og hafði lítið verið framkvæmt á þeim. . . . auglýsti bústjóri. . . þær til sölu, og lauk sölutilraunum með því, að Kletthamrar hf. áttu hæsta . . . boð . . . mun bústjórinn hafa tekið tilboði Kletthamra hf., félagið síðan fengið lóðunum úthlutað frá Mosfellsbæ á nýjan leik og aukið við þær framkvæmdir, sem fyrir voru.

Bú Páls Harðarsonar var tekið til gjaldþrotaskipta . . . 31. 3. 1989 . . .

Páll gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 8. janúar 1990, og var þá m. a. skráð eftir honum eins og hér segir:

Kynnt er tryggingarbréfið að fjárhæð 7.200.000 kr. Páll kannast við þetta skuldabréf og staðfestir undirritun sína á það. Hann segir, að tildrögin að útgáfu þess hafi verið þau, að hann hafi verið búinn að lofa Búnaðarbankanum veði upp á 600.000 kr. í hverju húsi, sem byggt yrði. Bankinn hafi viljað fá tryggingu, þangað til húsin yrðu veðhæf, og því hafi þetta bréf verið gefið út . . . Þegar hann gerði þetta samkomulag við bankann, hafi hann hins vegar verið búinn að selja eitt húsið, nr. 22, og ráðstafa öllu andvirði þess. Þess vegna er það eitt undanskilið, en veðsetningin átti að ná til hinna 12. Þessi 12 skuldabréf áttu því að koma í stað tryggingarbréfsins. . . . hann hafi ekki vitað um, að því hafði verið þinglýst. Hann hafi því ekki hugsað út

í það að láta aflýsa því bréfi, þegar hin bréfin voru gefin út, enda hafi þetta stóra bréf hvergi komið fram. Hins vegar hafi hann getið þess við hvern einstakan kaupanda, að húsunum fylgdi 600 þúsund króna lán. . . . skuldabréfin 12 hafi verið gefin út og afhent bankanum, áður en húsin voru orðin fokheld. Bankinn átti síðan að sjá um að þinglýsa þeim, þegar húsin væru orðin veðhæf. Spurt er, hvort einstökum kaupendum hafi ekki verið tilkynnt við gerð kaupsamninga, að á húsunum eða lóðunum hvíldi veð. . . . Páll segir, að það hafi ekki verið gert . . .

Í greinargerðum eigenda fasteignanna nr. 10, 12, 18, 20, 22 og 24 við Aðaltún segir m. a., að sýknukrafa þeirra byggist á því, að skuldir samkvæmt 12 600.000 króna veðskuldabréfum séu ekki til staðar; tryggingarbréfið hafi verið útbúið vegna eldri skulda Hamra hf. og Páls Harðarsonar við bankann. Hafi staðið til, að skuldir þessar yrðu gerðar upp að fullu með eftirstöðvabréfum kaupenda. Búnaðarbankinn hafi ráðgert að fá greiðslu þessara eldri skulda með því, að hver kaupandi tæki að sér að greiða 600.000 kr., tryggðar með veði í eign sinni. Endanlega hafi átt að ganga frá skuldaskjölum vegna þessa við afsal hverrar eignar. Stefnandi hafi skuldbundið sig til þess að aflétta umræddu tryggingarbréfi, þegar hann hefði fengið greiðslu eldri skulda. Samkomulag bankans og Hamra hf. hafi fallið úr gildi vegna vanefnda félagsins og þess, að þrotabúið hafi engar kröfur átt á hendur stefndu um greiðslu eftirstöðva. Ákvæði tryggingarbréfanna verði að túlka þröngt, þannig að skuldir samkvæmt veðskuldabréfunum féllu ekki undir þau. Verði ekki fallist á þessi rök, halda stefndu því fram, að tryggingarbréfið og meðferð þess geti ekki haft áhrif á þinglýstan rétt þeirra, grandlausra. Meðferð tryggingarbréfsins hafi verið með þeim hætti, að ekki sé hægt að telja áhrif þinglýsingar þess frá fyrri tíma en 22. mars 1989, sbr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Að endingu vísa stefndu til ákvæða 15. gr., 18. gr., 19. gr., 27. gr. og 49. gr. s. l., 24. gr. laga 36/1978 og þess, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að aflýsa tryggingarbréfinu, þegar lóðarleigusamningar hefðu verið gefnir út. Af hálfu annarra hinna stefndu, sem halda uppi vörnum, hefur verið tekið undir þessi rök. Umboðsmaður Hlínar leggur aðaláherslu á ákvæði 18. gr. þinglýsingalaga og heldur því sérstaklega fram, að veðheimild bæjarstjóra hafi verið ólögmæt samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Varakrafa hennar er studd þeim rökum, að ákvæði 23. gr. þinglýsingalaga og tryggingarbréfsins leiði til þeirrar ályktunar, að veðrétturinn tryggi aðeins 7.200.000 kr. án vaxta, verðbóta og kostnaðar, sbr. enn fremur 39. gr. og 45. gr. laga nr. 13/1979 og lög nr. 23/1901.

Þinglýsingadómarinn er hlíðsettur dómara þessa máls, og samkvæmt

meginreglum um endurskoðun dómsúrlausna er dómari málsins almennt ekki bær að leggja dóm á gjörðir þinglýsingadómara. Álitaefni málsins varða þó ekki atvik, sem þinglýsingadómarinn hefur leyst úr með úrskurði. Í 18. gr. þinglýsingalaga felst heimild til að kveða á um frávik frá almennum reglum um forgang rétthafa, og þykir mega fallast á það með stefndu, að hvorki ákvæði greinarinnar né almennar lögskýringarreglur standi því í vegi, að dómur verði lagður á ágreining aðilanna um efni greinarinnar. Að öðru leyti þykir, eins og málið er lagt fyrir, fært að taka afstöðu til þinglýsingarmistaka, sem óumdeilt er, að hafi orðið í þeim mæli, sem nauðsynlegt er, til að leyst verði úr ágreiningi aðila. Í skuldabréfum, sem byggingafélagið gaf út til stefnanda, felast ótvíræðar skuldaviðurkenningar, sem falla tvímælalaust undir ákvæði tryggingarbréfsins. Það hefur enga þýðingu í þessu sambandi, hvort ástæða útgáfu bréfanna var eldri skuld félagsins eða annarra eða lán til nýframkvæmda. Félagið er jafnbundið við skuldaviðurkenningar sínar, hver sem ástæðan var til, að þær voru gefnar. Skuldbinding félagsins gat fráleitt fallið niður vegna vanefnda skuldarans. Engum vafa er undirorpið, að þrotabúið skuldar bankanum fé, eftir því sem segir í skuldabréfunum, enda hefur ekkert komið fram um greiðslu af þeim eða önnur atvik, sem hefðu getað leitt til, að kröfurnar féllu niður að hluta eða öllu leyti, og kröfurnar hafa verið teknar til greina við þrotaskiptin. Í þessu sambandi getur það enga þýðingu haft, hvort stefndu eru skuldug við búið eða ekki.

Samkvæmt þinglýsingalögum gildir sú meginregla, að afhending skjals til þinglýsingar ræður úrslitum um réttarvernd þess. Í 18. gr. felst þröng undantekningarregla frá þessari meginreglu.

Í tryggingarbréfinu er skilmerkilega gerð grein fyrir veðinu, og þar sem engum eignarréttaryfirlýsingum hafði þá verið þinglýst um einstakar lóðir, voru ekki efni til að bókfæra bréfið, eins og lóðirnar væru sjálfstæðar eignir. Það er svo ekki fyrr en síðar, þegar talið er rétt að sérgreina lóðirnar í fasteignabók, að þess er ekki gætt að geta tryggingarbréfsins á blöðum hinna nýju fasteigna. Ekkert var þannig athugavert við þinglýsingu tryggingarbréfsins, og samkvæmt reglum íslensks réttar um réttaráhrif þinglýsingar og traustfang getur enginn byggt betri rétt en bankinn hefur öðlast á ókunnugleika á ákvæðum bréfsins, sbr. ákvæði III. og IV. kafla laga nr. 39/1978, einkum 19. gr. og 29. gr. Rétti, sem hefur verið tryggður með þinglýsingu, verður ekki haggað, þótt mistök verði í bókfærslu við þinglýsingu skjala, sem síðar eru afhent, eða útgáfu veðbókarvottorða. Þar sem tryggingarbréfið var réttilega fært í þinglýsingabók innan lögmælts frests og annað ósamrýmanlegt skjal hafði ekki borist á undan því, skorti meginskilyrði þess, að ákvæðum 18. gr. þinglýsingalaga yrði beitt.

Ekkert er að finna í gildandi sveitarstjórnarlöggjöf, er leitt gæti til ógildingar á veðheimild bæjarins, sem hefur látið sækja þing í málinu og engum athugasemdum hreyft.

Ótvírætt kemur fram í tryggingarbréfinu, að því er ætlað að tryggja höfuðstól skulda byggingafélagsins og framkvæmdastjóra þess auk verðbóta, samningsvaxta, dráttarvaxta og kostnaðar. Hvorki í 23. gr. þinglýsingalaga né í öðrum tilvitnuðum lagaákvæðum er að finna ótvíræð ákvæði, sem megi skilja sem takmörkun á samningsfrelsi að þessu leyti. Stefndu, sem leiða rétt sinn frá hinu gjaldþrota hlutafélagi, hafa ekki tekið að sér skuld félagsins við bankann, en það er skilyrði þess, að veðréttur, sem stofnaðist með tryggingarbréfinu, falli niður, sbr. ákvæði ábyrgðaryfirlýsingarinnar, er virðist lýsa samkomulagi félagsins og bankans og þar sem segir, að kaupendur þurfi að fá bréfunum nafnbreytt í bankanum.

Kröfugerð stefnanda hefur ekki sætt sérstökum andmælum stefndu, eftir að gerð var á henni bragarbót, en dómur í máli þessu bindur ekki aðra en aðila. Þykir því samkvæmt ofangreindum ályktunum bera að fallast á kröfur stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnandi, Búnaðarbanki Íslands, á fyrsta veðrétt í lóðunum nr. 2 og 4, annan veðrétt í lóðunum nr. 18, 22 og 24, þriðja veðrétt í lóðunum nr. 10, 12 og 26 og fjórða veðrétt í lóðunum nr. 6 og 20 við Aðaltún í Mosfellsbæ með byggingum, framkvæmdum og öllu öðru, sem fylgir og fylgja ber, að fjárhæð 7.200.000 kr., auk vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar til tryggingar kröfum hans á hendur þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf., að fjárhæð 7.200.000 kr., auk vísitöluhækkunar frá mars til nóvember 1988, 1.122.196 kr., vaxta frá 1. 3. 1988 til 22. 11. 1988, 604.563 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 8.926.759 kr. frá 22. 11. 1988 til greiðsludags, og leggist dráttarvextirnir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þar til skuldin er greidd, í fyrsta sinn 22. 11. 1989, skv. 12 skuldabréfum, hverju að fjárhæð 600.000 kr., með grunnvísitöluna 1968, öllum út gefnum af Byggingafélaginu Hömrum hf. 10. júní 1988, og til tryggingar kröfum bankans á hendur Páli Harðarsyni skv. ábyrgð hans á ofangreindum skuldabréfum samkvæmt yfirlýsingu, dags. 19. júní 1988.

Stefndu, Mosfellsbær, Haukur Haraldsson, Oddbjörg Óskarsdóttir,

Karl Snorrason, Gunnjóna S. Jensdóttir, Hallur Birgisson, Kristín Dóra Karlsdóttir, Runólfur Sigurðsson, Áslaug B. Þórhallsdóttir, Ólafur Höskuldsson, Erna Gréta Garðarsdóttir, Torfi Axelsson, Kristján Sturluson, Sigrún Arnardóttir og Hlín Aðalsteinsdóttir, greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, 700.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 176/1995. **Ólafur Oddgeirsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ingva Rafni Jóhannssyni
(Árni Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.371.470 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. maí 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. janúar 1995. Í þinghaldi 28. febrúar 1995, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu, var eftirfarandi bókað: „Dómsorðið er lesið upp í heyranda hljóði. Lögmönnum aðila var gert viðvart um uppkvaðningu með símbréfi fyrr í dag. Þeir eru ekki mættir, og verður dómurinn sendur þeim í ábyrgðarpósti."

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fimm vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmenn aðila voru þá ekki mættir. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannanna feli í sér yfirlýsingu um, að þeir hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 246/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Sigurði Þór Lárussyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds með stefnu 30. júní 1995 að ósk ákærða.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa héraðsdómara Vesturlands. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Með vísan til þess ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Vesturlands og vísa því heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 279/1995. **Tómas A. Tómasson**
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 161/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Líkamsárás. Bifreiðar. Ölvun við akstur. Ökuleyfissvipting. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað með stefnu 8. maí 1995 að ósk ákærða með vísun til a- til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá krefst ákæruvaldið þess, að svipting ökuréttar í héraðsdómi verði staðfest. Loks er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu þeirrar skaðabótakröfu, sem fram er sett í ákæru og nemur 3.465.625 krónum auk vaxta og kostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af ákæru fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verði brot hans einungis talið varða við 3. mgr. 218. gr. a sömu laga. Þá krefst hann styttingar á sviptingu ökuréttar. Loks krefst ákærði þess, að viðurkennt verði, að hann hafi að fullu greitt skaða- og miskabætur með því að greiða kæranda 200.000 krónur 31. ágúst 1995, en ella verði bótakrafan lækkuð verulega og framangreind fjárhæð metin til frádráttar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er bréf lögmanns kæranda til ríkissaksóknara 8. september 1995 um neikvæðar afleiðingar atburðanna 28. október 1994 á andlegt heilsufar hennar og yfirlýsing hennar sjálfrar um sama efni 9. september 1995. Þessar lýsingar eru ekki studdar læknisfræðilegum gögnum. Í yfirlýsingu kæranda kemur og fram, að eftir uppsögu héraðsdóms

hafi hún og ákærði öðru hverju haft náið samneyti. Að ósk verjanda ákærða gaf kærandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. september sl. og gerði frekari grein fyrir þessum samskiptum.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst með reifun framburðar ákærða og kæranda, og er verulegt misræmi í lýsingum þeirra. Á það einkum við um aðdraganda líkamsmeiðinganna, hversu lengi þær hafi staðið yfir og hvort ákærði hafi beitt kæranda kynferðislegri nauðung. Kærandi virðist hafa komið á heimili ákærða milli kl. 17.00 og 17.30, en lögregla var kvödd á vettvang fyrir utan heimili kæranda kl. 20.34, er þau voru þangað komin. Margt er óljóst um nánari framvindu atburða, og rannsóknargögn um fatnað kæranda eru ekki svo glögg sem æskilegt hefði verið. Það var mat hins fjölskipaða héraðsdóms, að framburður ákærða um það, hvernig flíkur kæranda rifnuðu, hefði ekki verið trúverðugur. Samkvæmt framburði læknis á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans vegna nauðgunar hélt kærandi á rifnum buxum sínum, þegar hún kom þangað, og er það í samræmi við framburð hennar sjálfrar. Um það nýtur þó ekki óyggjandi skriflegra gagna frá slysadeildinni. Fyrir dómi lýsti læknirinn því, að áverki á burðarbarmi kynfæra kæranda benti til nauðgunar, þótt hann hefði einnig getað komið eftir spörk.

Kærandi hefur frá upphafi haldið því staðfastlega fram, að ákærði hafi auk líkamsmeiðinga þröngvað sér til holdlegs samræðis. Hún lýsti því strax fyrir systur sinni, lögreglu og starfsfólki á neyðarmóttöku, að um nauðgun hefði verið að ræða. Hún hefur ekki hvikað frá þeirri lýsingu, þótt þau ákærði hafi síðar haft nokkur kynferðisleg samskipti, eins og áður greinir.

Með skírskotun til gagna málsins þykir fyllilega í ljós leitt, að atlaga ákærða að kæranda var bæði langvinn og hrottafengin. Hann neytti aflsmunar í hamslausri bræði, eins og hann hefur sjálfur viðurkennt, og veita lýsingar lögreglu á vettvangi og áverkar kæranda örugga vitneskju um það, að hún hefur nær engum vörnum við komið. Ekki eru komin fram nægileg rök til að ætla, að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi sé röng, svo að einhverju skipti um úrslit málsins, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Við svo búið og með hliðsjón af öðru því, sem fram er komið, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Eins og at-

vikum og aðstöðumun aðila var háttað, kemur ekki til álita að færa líkamsárásarbrot ákærða undir 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti. Kærandi hefur viðurkennt móttöku 200.000 króna frá ákærða 31. ágúst 1995, og kemur sú fjárhæð til frádráttar dæmdri bótakröfu.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá dæmdri bótafjárhæð skal draga 200.000 króna innborgun frá 31. ágúst 1995.

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 27. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurunum Guðjóni St. Marteinssyni sem dómsformanni, Arngrími Ísberg og Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-333/1995: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, en málið var dómtekið 5. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 28. febrúar 1995, á hendur ákærða, „Þorsteini Þorsteinssyni, Barmahlíð 1, Reykjavík, fæddum 21. júlí 1955, fæðingarnúmer 4629, fyrir eftirgreind brot síðla dags og að kvöldi föstudagsins 28. október 1994:

I. Nauðgun og stórfelldar líkamsmeiðingar.

Ráðist á konuna K, 38 ára, fyrrverandi sambýliskonu sína, á þáverandi heimili sínu á jarðhæð hússins nr. 20 við Hlíðarhjalla í Kópavogi og misþyrmt henni á hrottafenginn hátt með hnefahöggum og spörkum og eftir langvarandi líkamsmeiðingar þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis. Hlaut konan af þessu stórfellt líkams- og heilsutjón. Brotnaði vinstri sperrileggur konunnar, og hún bólgnaði og marðist mikið og djúpt um allan

líkamann, hlaut mikla bólgu og mar í andlit, glóðarauga báðum megin og blæðingu í ytra borð vinstra auga, töluverðar blæðingar og blóðsamsöfnun á hvirfil og hnakka, mar og bólgu á bak og brjóstkassa, mikið mar bæði grunnt og djúpt alls staðar á báðar mjaðmir, læri og fótleggi og á báða handleggi og hendur með blæðingu í vöðva.

Telst þetta varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Umferðarlagabrot.

Í framhaldi af ofangreindu broti ekið bifreiðinni R-52500 undir áhrifum áfengis frá Hlíðarhjalla 20 að [...], Reykjavík, og eftir skamma viðdvöl þar að félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Rafstöðvarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Í málinu krefst K þjáninga-, miska- og skaðabóta, samtals 3.465.625 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 28. 10. 1994 til greiðsludags og að ákærða verði gert að greiða sér málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 129. gr. laga nr. 91/1991 og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttar til að aka vélknúnu ökutæki samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga."

– – –

Upphaf afskipta lögreglu af málinu er samkvæmt skýrslu frá 28. október 1994 það, að lögregla var send að [...] vegna líkamsárásar. Er lögreglan kom þar á vettvang, hitti hún fyrir K, sem greindi frá því, að hún hefði farið á heimili ákærða að Hlíðarhjalla 20, Kópavogi, um kl. 17.30 þennan dag. Hefði ákærði þrifið í sig og togað sig inn í íbúðina og ráðist þar á sig og síðan nauðgað sér. Sagði K ákærða fyrrum sambýlismann sinn og hafa verið ölvaðan og ekið burt á bifreið sinni, en samkvæmt gögnum lögreglu var ákærði síðan handtekinn við rafveituheimilið í Elliðaárdal. Ákærði reyndist þá hafa áverka á brjóstkassa, og var hann fluttur á slysadeild til skoðunar. Að öðru leyti kemur aðdragandi máls þessa í ljós, er rakinn verður framburður ákærða og vitna, en ákærði og K bjuggu um hríð saman, og verður vikið að því síðar. Ekki þykir ástæða til að rekja frumgögn lögreglu frekar hér, heldur rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

– – –

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið, að til átaka hafi komið milli sín og K, en dregið í efa, að hann hafi valdið þeim áverkum á K, sem lýst er í ákæru, og telur, að

hluta áverkanna megi rekja til atburðar, sem varð í Mosfellsbæ 16. október 1994, er K lenti þar í átökum.

Í læknisvottorði K frá 31. október 1994 segir:

„Hér með vottast, að ofangreind kona kom á slysadeild að kvöldi 28. 10. 1994 og kvaðst hafa orðið fyrir árás. Hún segir, að ráðist hafi verið á sig og sér veittir áverkar á ýmsan hátt, m. a. hafi margoft verið sparkað í sig, hún slegin með hnúum, kastað til á veggi og slegin með ýmsu lauslegu og m. a. brotinn á sér spegill og sennilega flaska einnig.

Við komu á slysadeild kvartar hún um höfuðverk, verkjum hér og hvar um líkamann, erfiðleika með að stíga í vi. fót og þokuský á vi. auga.

Skoðun leiðir í ljós, að viðkomandi er í sæmilega góðu andlegu jafnvægi, en illa til reika á ýmsan hátt, föt tætt og rifin, og víða eru blóðblettir og greinileg merki um, að átök hafi átt sér stað.

Áverkarnir eru í höfuðdráttum eftirfarandi: Mikil bólga og mar í andliti, brot í nefrót og inni í kinnholi vi. megin. Glóðaraugu báðum megin. Blæðing í ytra borði vi. auga. Smáskrámur hér og hvar, aðallega í kringum augu. Töluverðar blæðingar og blóðsamsöfnun á hvirfli, hnakka. Merki um rispur og fleiður á hálsi báðum megin og í kringum barkakýli. Mar og bólga á baki og brjóstkassa, en þó ekki grunur um rifbrot eða innri meiðsli. Mikið mar á báðum handleggjum og er það bæði grunnt og djúpt með blæðingu í vöðva og erfiðleikum með að lyfta handleggjum og hreyfa hendur. Mar á báðum framhandleggjum og höndum, en þó ekki merki um brot.

Á báðum mjöðmum, lærum og fótleggjum eru merki um grunnt og djúpt mar alls staðar. Fleiður innan á lærum, á báðum hnéskeljum og mikil eymsli í kálfum, sérstaklega vi. megin. Þá er einnig minni háttar þroti og eymsli um kálfa og fætur.

Rtg-myndir af hálsi, höfði og brjóstkassa sýna ekkert óeðlilegt. Rtg-myndir af lendhrygg sýna grun um brot í framkanti III. hryggjarliðar (þetta er ekki staðfest brot, þarf að athuga betur síðar með öðrum rannsóknum). Rtg-myndir af hnéskeljum sýna ekkert óeðlilegt. Rtg-mynd af vi. kálfa sýnir brot í sperrilegg eftir spark (direct áverki).

Kvensjúkdómalæknir framkvæmir sérstaka skoðun og sýnatöku vegna grunar um nauðgun.

Álit: Töluverðir áverkar hér og hvar á líkamanum. Brot í andliti og nefbeini, en þó þarf sennilega ekki að meðhöndla það sérstaklega.

Grunur um brot í hryggjarlið og brot í vi. sperrilegg, þarf sennilega ekki meðhöndlunar við nema að ganga á hækjum þar til eymsli ganga yfir, en búast má við að brotið taki um 2 mánuði að gróa. Mar og bólga á öllum útlimum og í andliti og á höfði. Merki um að hálstök hafi verið tekin. Ekki grunur um að tjónþoli hafi verið undir áhrifum áfengis.

Tjónþoli leggst inn á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans frá 28/10 til 30/10.

Eftirlit verður á göngudeild."

Vegna framburðar ákærða og samkvæmt ósk frá verjanda ákærða var nýtt læknisvottorð K ritað 9. janúar 1995, en það var m. a. vegna ætlaðrar ónákvæmni í fyrra vottorði og hugsanlegra áverka á K, sem hún hafði hlotið hinn 16. október sl.

Í læknisvottorðinu frá 9. janúar sl. segir m. a.:

„Hvað varðar áverka K í kjölfar líkamsárásar 28. 10. 1994, enda (sic) klínískar rannsóknir til af broti í rifbeinum IV, V og VI vi. megin og II, III og IV og IV hæ. megin séu ný eða nýleg rifbrot.

Af rtg-myndunum einum að dæma og beinaskanni, sem gert var 9. 11. 1994, er ekki óyggjandi hægt að festa við (sic) ákveðna dagsetningu, en af klínískum skoðunum að dæma eru þau fremur frá 28/10 en frá 16/10. Líkur á að þau séu enn eldri eru litlar. Þetta á einnig við um rifbrot aftan til á XI. rifbeini vi. megin. Sprungan í hæ. ökkla er einnig ferskt brot svo og brotið á sperrilegg vi. kálfa.

Á rtg-myndum af andlitsbeinum 28/10 1994 sáust vökvaborð í kinnholunni vi. megin og samkvæmt rtg-læknum bendir slíkt til að um brot sé að ræða. Þá lýsir rtg-læknir misfellu neðan til í vegg kinnholunnar og telur það geta verið sprungu, að öðru leyti sáust ekki óyggjandi merki um brot í andlitsbeinum.

Það kom einnig fram upptaka í heröablaði hæ. megin sem benti til nýlegs áverka þó að það komi ekki fram á venjulegum rtg-myndum.

Eins og kemur fram í vottorðum 31/10 og 11/11 '94 voru aðaláverkar K mjúkvefjaáverkar í andliti, höfði, brjóstkassa og útlimum og voru þessir áverkar þess eðlis og í þeim mæli að útilokað er að fullyrða annað en að þeir væru nýir og til komnir á þann hátt sem K gat um og miðað við þær lýsingar á aðferðum sem K kvað hafa átt sér stað nægir það til skýringar á þeim áverkum sem til staðar voru.

Hins vegar gætu hugsanlega hafa leynst einhverjar menjar um áverka frá nefndri líkamsárás 16. 10. 1994 en þeir hafa þá algjörlega horfið í skuggann af þeim bráðaáverkum sem til staðar voru."

Brynjólfur Jónsson bæklunarlæknir kom fyrir dóminn 4. apríl sl. og bar, að áverkar K, sem lýst er í ákæru, hafi verið nýir og ferskir, er hún kom til skoðunar 28. október sl. Hafi einhverjir áverkar verið fyrir þá, hefðu þeir algjörlega fallið í skuggann af áverkum, sem hún hafði við skoðunina 28. október sl. Brynjólfur kvað útilokað, að brotinn sperrileggur hefði stafað af átökum, sem K lenti í 16. október 1994, og rökstuddi Brynjólfur það álit sitt

fyrir dóminum. Þá taldi hann rifbrot, sem lýst er í læknisvottorðinu frá 9. janúar sl., stafa að langmestu leyti frá atburðunum 28. október sl., en ákæran lýtur ekki að rifbeinsbrotum.

Anna Þórhildur Salvarsdóttir læknir kom fyrir dóminn 4. apríl sl. og staðfesti þá þau gögn, sem hún vann, er K kom til skoðunar á neyðarmóttöku 28. október sl. Þar er frásögn eftir K efnislega á sama veg og hún bar fyrir dóminum.

Í gögnum, sem Anna Þórhildur ritaði eftir skoðun K, segir m. a. um áverka á andliti: Þar hafi verið glóðaraugu báðum megin, augun sokkin, einnig bólga og mar á nefi og kinnbeinum. Þá segir, að þetta sé eftir kýlingar. Um handleggi segir mikil bólga og mar, einkum utanvert á báðum upphandleggjum, einnig mar á höndum, rispur og sár. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Um fótleggi segir, að geysileg bólga og mar hafi verið á báðum lærum utanverðum, hrufl og mar innanvert á hægra læri, mar á sköflungi vinstra megin og mar og rispur á leggjum, sár á hægra hné. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Um bak segir, að mar og eymsli hafi verið hægra megin út í síðuna og vinstra megin á floraxsvæði nær hryggnum, mikil eymsli yfir spjaldhrygg. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Þá segir, að þrjár rákir hafi verið á hálsi. Í niðurstöðu segir, að þetta geti samrýmst því, að slæðu hafi verið vafið um háls og hert að.

Fyrir dóminum kvað Anna þessa áverka alla hafa verið nýja og ferska við skoðun. K hafi nánast hvergi verið með heilan blett.

Ákærði kom til skoðunar á slysadeild 28. október sl.

Í læknisvottorði hans segir m. a., að sár hafi verið á brjóstkassa framan til, neðan geirvörtu, 4–5 cm langt hægra megin, húð og undurhúðsfita rofin, en ekki vöðvar eða brjóstveggur. Fyrir neðan hafi verið tvær rispur á húð, 10 til 12 cm langar. Á hægri hendi hafi verið mar og fleiður á hnúum, á vinstri hendi mikið mar á II. og III. miðhandarbeini, fleiður á III. hnúa, hrufl á II. og IV. hnúa og þrjú smásár á þumli aftanverðum. Í niðurlagi stendur, að áverki á brjóstkassa gæti verið eftir eggvopn. Áverkarnir hafi verið vægir og líklegt, að þeir grói án vandræða. Áverkarnir geti verið eftir árás eða átök, barsmíðar, beitingu á hnúum við að slá og áverkinn á vinstra handarbeini eftir þungt högg, jafnvel glerbrot. Almennt ástand styðji, að átök hafi orðið.

Dómurinn telur sannað með þeim læknisfræðilegu gögnum, sem nú hafa verið rakin, svo og með framburði K og að hluta með framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi valdið öllum þeim áverkum á K, sem í ákæru greinir. Koma áverkar konunnar heim og saman við framburð ákærða um atlögu hans að henni. Þykir mega hafna þeim framburði ákærða, að áverka K megi rekja til atburðanna í Mosfellsbæ.

Ákærði hefur borið, að hann hafi haft samfarir við K með samþykki hennar.

Er K kom á neyðarmóttöku, hafði hún hluta fatnaðar síns meðferðis, en var ekki klædd að fullu. Þar á meðal voru svokallaðar „leggings"-buxur og afturhluti nærbuxna, en framhluti þeirra fannst á heimili ákærða.

Framburður ákærða um það, hvernig þessar flíkur rifnuðu, þykir ekki trúverðugur, og þykir dóminum ósennilegt, að nærbuxur K hafi rifnað í sundur við það, að ákærði tók í hana og kastaði henni til, eins og hann hefur borið. Líklegustu skýringuna á rifnum nærbuxum og „leggings"-buxum telur dómurinn vera þá, að fatnaðurinn hafi rifnað við það, að ákærði færði K úr flíkunum, eins og hún bar fyrir dóminum, og styðja áverkar víðs vegar um líkama K þá niðurstöðu. Þá er þess sérstaklega að geta, að K hafði mikið mar á lærum og burðarbarmi kynfæra, og telur dómurinn það styðja framburð K um nauðgun. Þá ber vitnið Anna Þórhildur Salvarsdóttir læknir, að áverki á burðarbarmi bendi til þess, að konan hafi verið beitt harðræði og að áverkinn tengist nauðgun, þótt ekki sé óhugsandi, að áverkinn hafi hlotist með öðrum hætti.

Ákærði bar fyrir dóminum, að K hefði haldið inn á baðherbergi, eftir að samförunum lauk, og þrifið sig og skolað, eins og ákærði bar. Þessi framburður þykir ótrúverðugur, einkum í ljósi þess, að við skoðun á neyðarmóttöku fundust sex blettir innanvert á lærum K, og segir í niðurstöðu um þá, að þeir samrýmist þurrum sæðisblettum.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði K og þeim gögnum, sem lýst var, bæði frá neyðarmóttöku og læknisvottorðum og öðrum gögnum málsins, sem eru í samræmi við framburð K, en gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um nauðgun, svo sem í ákæru greinir.

Brot ákærða í I. kafla ákæru varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þennan ákærulið varðar. Þess má geta, að magn alkóhóls í blóði ákærða mældist 1,55‰, en ákærði hefur borið, að hann hafi neytt lítils háttar af áfengi, eftir að akstri lauk. Þykir mega byggja á því við úrlausn málsins.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis, og varðar brot hans, sem lýst er í II. kafla ákæru, við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu.

Áverkar á ákærða, sem hann hafði við skoðun á slysadeild 28. október 1994, benda ekki til þess, að um mikla mótspyrnu hafi verið að ræða af hálfu K, er ákærði gekk í skrokk á henni. Áverkar ákærða voru vægir, eins

og segir í læknisvottorði ákærða. Hann hefur borið, að hann hafi misst stjórn á skapi sínu, er hann kýldi og sparkaði í K. Atlaga ákærða að K var langvarandi og lauk í rauninni ekki fyrr en K var komin að heimili sínu, svo sem rakið var, og þykir bera vott um, í hvaða ham ákærði var, meðan á árásinni stóð. Atlaga ákærða var hrottafengin, og bera áverkar K og önnur gögn málsins þess merki.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjú ár, en með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal draga frá refsivistinni 13 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði hefur með ölvunarakstri sínum unnið til sviptingar ökuréttar, og skal hann sviptur ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

K hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér samtals 3.465.625 kr. í bætur, er sundurliðast sem hér segir:

1. Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	203.270
2. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	–	3.000.000
3. Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga	–	100.000
4. Vegna tjóns á bifreiðinni M-3707	–	27.923
5. Áætlaður kostnaður vegna fataskemmda	–	5.000
6. Vegna læknishjálpar	–	2.700
7. Vegna leigubifreiðakostnaðar	–	4.770

Til stuðnings kröfulið nr. 1 hefur K lagt fram launaseðla, er sýna, hverjar launagreiðslur voru til hennar fyrir og eftir árásina. Engra gagna nýtur við í málinu, er sýni, hversu lengi hún var óvinnufær af völdum árásarinnar og hvort hún hafi á þeim tíma fengið greiðslur frá vinnuveitanda sínum eða annars staðar frá. Kröfugerð hennar, er útbúin var og fylgt eftir af lögmanni, þykir að þessu leyti vera vanreifuð, og verður því að vísa þessum lið frá dómi.

Með hliðsjón af því, hversu hrottaleg árás ákærða var og áverkar K miklir, eins og lýst var, þykja bætur til hennar fyrir miska hæfilega ákveðnar 900.000 kr., en ekki er ástæða til að dæma henni sérstaklega þjáningabætur. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar hefur verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við að halda bótakröfunni fram og jafnframt til virðisaukaskatts.

K hefur lagt fram reikninga til stuðnings kröfuliðum nr. 4, 6 og 7, og kröfuliður nr. 5 þykir vera sanngjarn miðað við, hvað sjá má af myndum í gögnum málsins um skemmdir á fatnaði hennar, og verða liðir þessir því teknir til greina eins og krafist er.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði því dæmdur til að greiða K 940.393 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 28. október 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 200.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, og 350.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í þrjú ár, en frá refsivistinni dregst 13 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði K 940.393 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 28. október 1994 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 200.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 350.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 296/1994. **Fljótshlíðarhreppur**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Vestur-Eyjafjallahreppi
(Ingimundur Einarsson hdl.)
(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Sveitarfélög. Afréttur. Hreppamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Áfrýjað er úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 5. nóvember 1993 og dómi sama dómstóls 11. apríl 1994, og krefst áfrýjandi þess, að dómsathöfnum þessum verði hrundið og breytt á þá leið aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnda verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir verði staðfestar og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang málsins 7. september sl. í fylgd lögmanna og forsvarsmanna aðila.

I.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða úrskurð um frávísunarkröfu áfrýjanda með skírskotun til forsendna hans.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, eru kröfur stefnda í máli þessu þær, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur, teljist vera innan takmarka Vestur-

Eyjafjallahrepps og að hreppamörk hans og áfrýjanda, Fljótshlíðarhrepps, fyrir landsvæði þessu verði ákvörðuð um Markarfljót, frá Öldusteini og upp Markarfljótsgljúfur að Almenningum. Kröfugerð þessi er á því byggð, að Markarfljót hafi allt frá upphafi hreppaskipunar skilið að sveitir stefnanda og stefnda og verið takmark hreppanna. Á því hafi engin breyting orðið til þessa dags, hvorki með lögum né samningum. Tímabundin og takmörkuð afnot, ítök eða eignarumráð annarra hafi heldur engu breytt þar um.

Í málinu er hvorki deilt um eignar- eða afnotarétt á ofangreindu svæði né um staðarleg mörk þess.

Um byggð í Þórsmörk eru fáar heimildir. Svo sem rakið er í héraðsdómi, er í Landnámu getið landnáms bræðranna Ásbjarnar og Steinfinns Reyrketilssona „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót". Hafi Ásbjörn numið land í Þórsmörk og gefið henni nafn. Að öðru leyti er lítið vitað um þessa byggð, en hennar er að nokkru getið í Njáls sögu. Svo virðist sem byggðin hafi ekki staðið lengi, en engin vissa er um það, hvenær hún lagðist af. Heimildir eru einnig um tilraun til búsetu í Þórsmörk um 1800, en hún mun aðeins hafa staðið skamma hríð. Meginhluta þess tíma, sem liðinn er frá landnámi, hefur hið umdeilda svæði því verið afréttarland, sem nýtt var til beitar og skógartaks af bændum, einkum í hreppum þeim, sem eru aðilar máls þessa. Eins og vikið er að í héraðsdómi, eru til margar heimildir um þau efni, og hafa not hreppanna verið misjafnlega mikil á ýmsum tímum, og þykir ekki ástæða til að rekja það nánar hér. Árið 1920 var upprekstri og beit hætt á hinu umdeilda svæði utan Goðalands, en þar var beit hætt 1927. Hefur svæðið allt síðan verið undir umsjá Skógræktar ríkisins.

Afrétturinn á Goðalandi var í eigu kirkjunnar að Breiðabólstað í Fljótshlíð, en hafði um langa hríð verið leigður Austur-Eyfellingum. Óumdeilt er og, að þegar til friðunar kom, var upprekstrarréttur á öðrum hlutum hins umdeilda svæðis á hendi bænda í Fljótshlíðarhreppi og Oddakirkju á Rangárvöllum. Einnig er ágreiningslaust, að bændur í Vestur-Eyjafjallahreppi eiga afrétt á svæðum sunnan og norðan hins umdeilda svæðis, þ. e. í Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti að sunnan og Almenningum að norðan.

Heimildir um það, hvar eða hvort svæðinu var skipað í hrepp, eru fáskrúðugar. Stefndi hefur í þessum efnum bent á Jarðabók Árna

Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, en þar er skýrt frá örnefnunum Þuríðarstöðum og Húsadal, þegar lýst er jörðum í Eyjafjallasveit. Þar er ekki vikið að hreppamörkum. Að öðru leyti hefur stefndi einkum byggt á því, að landnám Reyrketilssona hafi náð vestur að Markarfljóti, sem hafi því í upphafi byggðar verið mark landnámsjarða að vestan og austan, enda ótal dæmi þess, að stærri vatnsföll og ófærur réðu mörkum landnámsjarða og síðar mörkum sýslna og hreppa. Komi og fram í ýmsum heimildum, að Eyjafjallahreppur nái að Markarfljóti. Af hálfu áfrýjanda hefur á hinn bóginn verið bent á Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873, en þar lýsir Magnús Stephensen, sýslumaður Rangárvallasýslu, takmörkum Eyjafjallahrepps á hinu umdeilda svæði svo: „Úr Stóra-Dímon er marklínan millum Eyvindarmúla í Fljótshlíð og Stórumerkur í Eyjafjallahrepp í Öldustein, sem liggur skammt vestar en Þórsmerkurrani, en sunnan megin Þórsmerkurrana fellur Krossá, sem ræður landamerkjum upp þangað sem í hana rennur Hvanná, en úr því er á þessi landamerki allt í jökul." Þá leggur áfrýjandi meðal annars áherslu á, að íbúar Fljótshlíðarhrepps hafi um langa hríð átt og nýtt upprekstrarrétt á þrætulandinu. Það hafi verið skráð og metið með fasteignum þar og beitarréttur og skógarítök metin til fasteignaverðs með jörðum í hreppnum, frá því að skráning og mat fasteigna hófst 1938.

III.

Eins og fyrr segir, byggir stefndi á því, að hið umdeilda landsvæði í máli þessu hafi frá upphafi byggðar og hreppamyndunar verið hluti Eyjafjallasveitar og Eyjafjallahrepps og síðar Vestur-Eyjafjallahrepps. Þegar litið er til þeirra gagna og heimilda, sem tiltæk eru um þessi efni, verður að telja ósannað, að svo hafi verið. Ekki er vitað með neinni vissu, hvenær byggð hófst á svæðinu eða hve lengi hún stóð. Er ekki sannað, að svæðið hafi verið í byggð á þeim tíma, er hreppaskipun myndaðist, og eru engar heimildir um það, til hvaða hrepps svæðið var talið. Ekki þykir heldur unnt að láta rennsli Markarfljóts skera hér úr. Ber að hafa í huga breytingar á landslagi, veðurfari og samgöngum, en allt fram á þessa öld komu ferðamenn gangandi eða ríðandi í Þórsmörk, og eru heimildir fyrir því, að leiðin þangað hafi oft legið um Fljótshlíð. Heimildir um

Markarfljót sem vesturmörk stefnda þykja fyrst og fremst vísa til þess svæðis, sem hefur verið í byggð. Hið umdeilda landsvæði hefur á hinn bóginn lengst af Íslandsbyggðar verið óbyggt. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að líta svo á, að það sé utan staðarmarka hreppa áfrýjanda og stefnda, en löggjafinn hefur ekki kveðið á um aðra skipan, sbr. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Hins vegar á 3. mgr. sömu greinar hér ekki við, þar sem enginn hreppur átti upprekstrarrétt á svæðinu, þegar samsvarandi ákvæði var fyrst leitt í lög 1972.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa rennt nægilegum stoðum undir kröfur sínar í máli þessu, og ber því að hafna þeim.

Eftir ofangreindum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Staðfestur er hinn áfrýjaði úrskurður um frávísunarkröfu áfrýjanda, Fljótshlíðarhrepps.

Hafnað er kröfum stefnda, Vestur-Eyjafjallahrepps, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. apríl 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum málflutningi 14. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. september 1991, er var þingfest fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 6. nóvember 1991, af hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps fyrir hönd hreppsins, kt. 690269-1559, gegn hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps fyrir hönd hreppsins, kt. 550169-7119.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. landsvæði Þórsmerkur, Goðalands, Teigstungna, Múlatungna og Guðrúnartungna, teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almenningum. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins svo og virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, fyrir hönd hreppsins var aðallega gerð krafa um, að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins, er kveðinn var upp 5. nóvember sl. Til vara gerir stefndi kröfu um, að öllum kröfum stefnanda verði hafnað. Stefndi krefst málskostnaðar að mati dómsins svo og virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði.

Í dómi þessum verður hið umdeilda landsvæði, þ. e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur, eftirleiðis nefnt einu nafni „Þórsmerkursvæðið".

Málavextir.

Málavextir eru þeir helstir, að um skeið hefur verið ágreiningur um það milli málsaðila, í hvoru hreppsfélaginu Þórsmerkursvæðið teldist vera. Ágreiningslaust er, að deilan milli hreppsfélaganna lýtur ekki að einkaréttarlegum réttindum á hinu umdeilda svæði, en báðir málsaðilar gera ráð fyrir, að um einhver slík réttindi sé að ræða. Snýst ágreiningurinn eingöngu um það, til hvors sveitarfélags hið umdeilda svæði teljist, og þannig, hvort þeirra skuli fara þar með stjórnsýsluvald. Ekki er ágreiningur um staðarleg mörk hins umdeilda landsvæðis. Er málið var munnlega flutt um frávísunarkröfu stefnda, lýsti umboðsmaður stefnanda yfir, að dómkröfu hans í stefnu, þar sem segir, „að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðið um Markarfljót o. s. frv.", beri að skilja svo, að átt sé við stjórnsýsluleg mörk.

Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. maí 1989, var þess óskað af stefnanda málsins, að ráðuneytið úrskurðaði í deilumáli þessu á grundvelli 3. gr., 1. og 3. mgr., sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 2. júní s. á., taldi ráðuneytið sig ekki hafa vald til úrskurðar um ágreining málsaðila. Það vald lægi hjá hinum almennu dómstólum. Til þess að skera úr ágreiningi aðila um ofangreint landsvæði hefur því stefnandi höfðað mál þetta.

– – –

Niðurstaða.

Fyrstu lagaheimildir um hreppa mun vera að finna í þjóðveldislögum, sem kennd eru við Grágás, en þar segir: „Loghreppar scolo vera alandi her." Löghreppur er síðan skilgreindur sem hreppur, þar sem 20 búendur eru í hið fæsta. Er síðar í ákvæðum þessum fjallað um skipulag og hlutverk hreppa, og er getið um, að hver búandi skuli sitja hið næsta öðrum og að „hreppar allir settir sem nu ero".

Þessi sömu ákvæði er að finna í 31. kafla Jónsbókar, er lögtekin var árið 1281, en þar segir: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit,...".

Efnislega hafa þessi ákvæði haldist til dagsins í dag. Þannig segir í 1. gr. sveitarstjórnarlaga frá 20. október 1905: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk." Í 2. gr. sömu laga segir: „Sýslum má eigi fækka né fjölga né heldur breyta takmörkum þeirra nema með sérstökum lögum." Þessi ákvæði eru óbreytt í sveitarstjórnarlögum nr. 12 frá árinu 1927.

Með lögum nr. 58 frá 29. mars 1961 eru gerðar verulegar breytingar á skipan þessara mála. Efnisþáttum fyrrgreindra ákvæða er þó ekki raskað, en í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga segir: „Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.–8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr." Þessar heimildir ráðuneytisins eiga þó ekki við í máli þessu né heldur 3. mgr. 2. gr. laganna, en þar er um að ræða ákvæði, er bætt var inn í lögin samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1972, er sett voru af sérstöku tilefni, eins og glögglega kemur fram í greinargerð með þeim lögum. Hefur því ákvæði reyndar síðan verið breytt.

Enn verða verulegar breytingar á sveitarstjórnarmálefnum með setningu núgildandi laga nr. 8/1986. Fyrrgreint ákvæði um staðarmörk sveitarfélaga er þó efnislega óbreytt, en í 3. gr. laganna er svofellt ákvæði í 1. mgr.: „Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum."

Stefnandi í máli þessu gerir kröfu til þess, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. „Þórsmerkursvæðið", teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almenningum. Í kröfugerðinni felst þannig krafa um staðfestingu á mörkum, er stefnandi telur, að hafi verið fyrir hendi frá ómunatíð. Dómurinn telur, að unnt sé að taka afstöðu til stefnukröfunnar, þar sem niðurstaða dómsins felur ekki í sér breytingu á hreppamörkum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1986, heldur staðfestingu á ríkjandi skipan.

Stefnandi rökstyður kröfu sína um staðfestingu á hreppamörkum m. a. með því, að sú byggð, er hafi verið á Þórsmerkursvæðinu að fornu, hafi án vafa talist til Eyjafjallahrepps hins forna. Eyjafjallahreppi var skipt árið 1869 í Austur- og Vestur-Eyjafjallahrepp, og tók sú skipting gildi frá og með fardögum 1871. Í Landnámu sé fjallað um landnám á þessu svæði, og segir þar frá landnámi þeirra Steinfinns og Ásbjarnar Reyrketilssona „fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót". Þá er einnig greint frá landnámi Ketils hængs og Sighvats rauða vestan Markarfljóts. Óvíst er, hvenær byggð lagð-

ist af á Þórsmerkursvæðinu, en ýmis rök hníga að því, að það hafi verið á 12. öld. Hafa fundist á Þórsmerkursvæðinu húsarústir og fornleifar, er styðja frásögn Landnámu um byggð á þessum slóðum. Eru frásagnir í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, er fjalla um byggð á þessu svæði, og einnig gerir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ráð fyrir því, að Þórsmerkursvæðið hafi verið í byggð fyrr á öldum. Þá eru heimildir um byggð á Þórsmerkursvæðinu í skamman tíma um 1800. Samkvæmt landsháttum virðist næsta ljóst, að byggð á Þórsmerkursvæðinu hefur verið skipað í hrepp með Eyjafjallahreppi, enda var landnám þeirra Reyrketilssona allt austan Markarfljóts. Af athugun á Landnámu má einnig glögglega sjá, að það virðist meginregla, að stórvatnsföll marki umfang landnáma, og fyllir Markarfljót vissulega þann flokk. Þá leiða öll rök til þess, að eins hafi verið um mörk milli hreppa, þótt ekki séu til neinar skráðar heimildir um hreppamörk frá fornu fari.

Stefndi reisir kröfu sína í máli þessu á því, að íbúar Fljótshlíðarhrepps hafi, svo lengi sem rakið verður, átt og nýtt upprekstrarrétt á þrætulandinu, og eigi landið því með vísan til 3. gr. l. nr. 8/1986 að teljast innan þess sveitarfélags. Um þetta er það að segja, að not íbúa Fljótshlíðarhrepps af þrætulandinu eru ekki umdeild. Jafnframt liggur fyrir, að í máli þessu er ekki deilt um eignarrétt að Þórsmerkursvæðinu. Hins vegar segja þær nytjar ekkert um það, innan hvors hrepps landsvæðið sé. Alkunnugt er, að einstaklingar eða sveitarfélög geta átt eignarrétt að jörðum eða landsvæðum innan annars hrepps. Slík eignarumráð geta á engan hátt hnikað til hreppamörkum. Það gerist einungis með atbeina löggjafarvaldsins, nema um það sé fullt samkomulag milli sveitarfélaganna og atbeini félagsmálaráðuneytisins komi til, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1986.

Þá skírskotar stefndi til þess, að umrætt svæði hafi verið skráð og metið sem fasteign í Fljótshlíðarhreppi og beitarréttur og skógarítök metin til fasteignamats með jörðum í Fljótshlíðarhreppi, frá því að skráning og mat fasteigna hófst 1938. Fljótshlíðarhreppur hafi farið með öll þau mál, er sveitarfélögum eru falin að lögum og venju, a. m. k. frá 1920 og sinnt þeim, án þess að önnur sveitarfélög eða æðri stjórnvöld hafi haft nokkuð við það að athuga.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um eignar- eða afnotarétt að þrætulandinu, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Er að sjá samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins, að þau mannvirki, er reist hafa verið á Þórsmerkursvæðinu frá árinu 1946, séu ýmist skráð í V.-Eyjafjallahreppi eða Fljótshlíðarhreppi. Virðist skráningin fara einvörðungu eftir því, hvor hreppsnefndin hefur veitt heimild fyrir viðkomandi mannvirki. Skráning Fasteignamats

ríkisins breytir ekki hreppamörkum. Þá stenst ekki sú fullyrðing stefnda, að Fljótshlíðarhreppur hafi farið með a. m. k. frá 1920 öll þau mál, er sveitarfélögum eru falin að lögum og venju, og sinnt þeim, án þess að önnur sveitarfélög eða æðri stjórnvöld hafi haft nokkuð við það að athuga. Á árunum 1918 til 1925 stóðu yfir bréfaskriftir milli hreppstjóra V.-Eyjafjallahrepps, stjórnarráðsins, biskups o. fl. vegna umráðaréttar yfir beitarítaki Oddakirkju í Þórsmörk. Virðist þeim bréfaskriftum hafa lyktað með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1925. Í því bréfi segir m. a.: „... Ég tel að ekki sé unnt að gera annað nú sem stendur en að leggja fyrir hlutaðeigandi hreppstj. sem væntanl. er aðeins hreppstj. V.-Eyjafjallahr. ...“ Þá hefur ekki verið mótmælt sérstaklega fullyrðingum stefnanda þess efnis, að V.-Eyjafjallahreppur hafi annast lögsmalamennsku á Þórsmerkursvæðinu allt frá 1945 og grenjaleit og grenjavinnslu frá því um 1940.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þórsmörk frá 2. maí 1892 er talið, að Eyfellingar eigi ekki afrétt í Þórsmörk og samkvæmt landamerkjabréfi frá því í maí 1891 fyrir Goðaland eigi Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíðarhreppi afrétt á Goðalandi. Þá er í landamerkjabók Rangárvallasýslu fjallað um hálfa beit á Þórsmörk og hún talin tilheyra Oddakirkju.

Ekki þykja efni til, eins og málið er vaxið, að rekja hér þróun eignar- og umráðaréttar yfir skógar- og beitarítökum á Þórsmerkursvæðinu á fyrri öldum, en ljóst er, að sá réttur hefur að verulegu leyti verið í umsjón Fljótshlíðinga. Sá eignarréttur veitir Fljótshlíðarhreppi ekki rétt umfram V.-Eyjafjallahrepp í stjórnsýslulegu tilliti. Ef talið verður, að Þórsmerkursvæðið hafi einhvern tíma verið innan marka V.-Eyjafjallahrepps, leiða áðurnefnd umráð og afnot Fljótshlíðarhrepps ekki til breytinga þar á í stjórnsýslulegu tilliti að óbreyttum hreppamörkum, enda hafa slík eignarumráð ekki í för með sér breytingu á hreppamörkum.

Fjölmargar landsháttalýsingar hafa verið lagðar fram í máli þessu. Verður þar fyrst fyrir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar er fjallað um hina fornu byggð á Þórsmerkursvæðinu í kaflanum um Eyjafjallasveit. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er fjallað um byggð á þessu svæði, en ekki verður séð, að hún sé í ákveðnum hreppi. Í sóknalýsingum Magnúsar Stephensens, sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1844 til 1857 og bjó lengst af í Vatnsdal í Fljótshlíð, eru norðvesturmörk Eyjafjallahrepps sögð markast af Krossá og Hvanná. Í lýsingu hans á Fljótshlíðarhreppi er ekki fjallað um austurmörk hreppsins. Þar er ekki tekin afstaða til þess, hvorum hreppi Þórsmerkursvæðið tilheyri. Í riti sínu, Sögu sveitarstjórna á Íslandi, fjallar Lýður Björnsson sagnfræðingur um Eyjafjallasveit. Segir þar: „Eyjafjallasveit náði frá austurmörkum sýslunnar

vestur að Markarfljóti ...“ Í lýsingu hans er ekki að finna neina vísbendingu um, að Fljótshlíðarhreppi hafi tilheyrt landsvæði austan Markarfljóts.

Á árinu 1987 hefur skattstjóri Suðurlandsumdæmis lagt aðstöðugjald að beiðni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps á nokkra aðila, sem hafa haft með höndum rekstur á Þórsmerkursvæðinu. Við þessa stjórnvaldsaðgerð hefjast að nýju gamlar þrætur um það, í hvorum hreppnum, V.-Eyjafjallahreppi eða Fljótshlíðarhreppi, Þórsmerkursvæðið sé. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn, er krafist staðfestingar á því, að mörk hreppanna séu svo sem í stefnu greinir. Stefndi hefur ekki gert neinar dómkröfur um viðurkenningu á öðrum mörkum, en krafist þess, að kröfum stefnanda verði hafnað.

Það er niðurstaða dómsins, að stefnanda hafi tekist að færa nægilega sterk rök fyrir því, að Þórsmerkursvæðið hafi ávallt talist til Eyjafjallasveitar og síðar V.-Eyjafjallahrepps. Byggir dómurinn það álit sitt á því, að landfræðilega sé það augljóst, að óhægt hafi verið um samgöngur vestur yfir Markarfljót og því sýnt, að byggð í Þórsmörk að fornu hefur verið skipað í sveit með öðrum byggðum austan fljótsins. Markarfljót hljóti þannig að hafa verið eðlileg markalína milli hreppanna tveggja. Ekki hafi verið leidd nein rök fyrir því, að mörkum hreppanna hafi verið breytt í aldanna rás. Þá myndi önnur niðurstaða leiða til þess, að inn í V.-Eyjafjallahrepp yrði rekinn fleygur, sem skipti hreppnum í tvo hluta, sem hvergi ættu sameiginleg mörk. Í samræmi við ofanritað verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Þá greiði stefndi stefnanda málskostnað, að fjárhæð 500.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómur þessi er kveðinn upp af Kristjáni Torfasyni dómstjóra og meðdómsmanninum Skúla J. Pálmasyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Staðfest er, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. landsvæði Þórsmerkur, Goðalands, Teigstungna, Múlatungna og Guðrúnartungna, teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk V.-Eyjafjallahrepps og Fljótshlíðarhrepps fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almenningum. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 500.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sératkvæði
Eggerts Óskarssonar

Kröfugerð stefnanda byggist á því, að Þórsmerkursvæðið sé innan staðarmarka Vestur-Eyjafjallahrepps og að svo hafi verið frá fornu fari. Í málinu liggja ekki fyrir ótvíræð gögn um hreppamörk Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps að þessu leyti, og landamerkjalýsingar þykja benda til þess, að um sé að ræða landsvæði, sem er utan staðarmarka beggja sveitarfélaganna. Í lýsingu Rangárvallasýslu frá árinu 1856 eftir Magnús Stephensen sýslumann segir svo m. a. um mörk Eyjafjallahrepps að vestan: ... „Úr Stóra-Dímon er marklínan millum Eyvindarmúla í Fljótshlíð og Stóru-Merkur í Eyjafjallahrepp í Öldustein, sem liggur skammt vestar en Þórsmerkurrani, en sunnan megin Þórsmerkurrana fellur Krossá, sem ræður landamerkjum upp þangað, sem í hana rennur Hvanná, en úr því er á þessi landamerki allt í jökul." ... Ég tel, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum, að takmörk milli Vestur-Eyjafjallahrepps og Fljótshlíðarhrepps séu þau, sem hann vill fá staðfestingu dómsins á, og ber því að hafna kröfum hans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 362/1992. **Þrotabú Tréverks hf.**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Siglufjarðarkaupstað
(Sigurmar Albertsson hrl.)

Kaup. Verksamningur. Vanefndir. Samningalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1992 og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 14.464.379 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af 7.221.766 krónum frá 15. nóvember 1989 til 31. mars 1990, en af 14.464.379 krónum frá 1. apríl 1990 til greiðsludags. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Við málflutning í Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu um 1.958.731 krónu, sem getur í 1. lið kröfu hans í héraðsdómi. Eru endanlegar dómkröfur hans að teknu tilliti til þessarar breytingar settar fram þannig:

1. Krafa vegna skuldabréfs.		
Fjárhæð skuldabréfs 16. nóvember 1989		
að teknu tilliti til misvægis vísitalna		8.048.780
Frádráttur eins og greinir í héraðsdómi,		
þ. e. 2.229.384, sem áfrýjandi hækkar		
vegna hækkunar byggingarvísitölu í	3.023.040	5.025.740
2. Krafa vegna rangra upplýsinga		
er óbreytt frá héraðsdómi		7.242.603

3. Krafa um eftirstöðvar samningsverðs, svo sem greinir í héraðsdómi	2.196.036
	14.464.379

II.

Í héraðsdómi er greint frá samningi, sem Bútur hf. gerði við stefnda 6. apríl 1987 um húseignina Hvanneyrarbraut 42 á Siglufirði. Hús þetta var þó ekki í eigu Búts hf., heldur Tréverks hf.

Hinn 4. mars 1988 gaf stefndi út skuldabréf, að fjárhæð 6.000.000 krónur, til Búts hf. Samkvæmt kvittun, dagsettri sama dag, afhenti stefndi skuldabréfið Konráði Baldvinssyni, sem ritar undir hana fyrir hönd Byggingarfélagsins Búts hf. Í kvittuninni segir meðal annars svo: „Bútur hf v/ Tréverk hf Hvanneyrarbraut 42. Hef móttekið skuldabréf kr 6.000.000,00 sem innborgun á leiguíbúðir við Hvanneyrarbraut 42."

Konráð Baldvinsson var framkvæmdastjóri Búts hf. og Tréverks hf., en hlutafélög þessi voru í reynd að öllu leyti eign Konráðs og fjölskyldu hans.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var fjárhagur Búts hf. ótraustur, og gerði Konráð Baldvinsson fyrir hönd Tréverks hf. 26. ágúst 1988 nýjan samning við stefnda um Hvanneyrarbraut 42. Var sá samningur að mestu sama efnis og samningurinn frá 6. apríl 1987 um annað en skilatíma verksins.

Bú Búts hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 19. október 1989, en bú Tréverks hf. 25. sama mánaðar. Hallgrímur Ólafsson viðskiptafræðingur var ráðinn bústjóri til bráðabirgða í báðum þrotabúunum.

Bústjórinn tilkynnti stefnda bréflega 7. nóvember 1989, að áfrýjandi myndi „taka við samningi . . . um kaup og byggingu á Hvanneyrarbraut 42 . . . og efna eftir fremsta megni", ef nánar tilteknar breytingar yrðu gerðar á samningnum. Endanlegur samningur komst svo á 16. nóvember 1989. Með honum tók áfrýjandi að sér að ljúka verki samkvæmt áðurgreindum samningi frá 26. ágúst 1988, en með breytingum, sem raktar eru í héraðsdómi. Í samningnum 16. nóvember 1989 er svofellt ákvæði: „Þrotabú Tréverks hf. hefur

kynnt sér yfirlit um verkstöðu og greiðslustöðu, gerða af Siglufjarðarbæ, dags. 15. 11. 1989, og samþykkir þau gögn án athugasemda. Eftirstöðvar samkvæmt því eru kr. 12.823.889,- m. v. bvst. 153,7, en reikningsstaða er kr. 15.498.010,- m. v. bvst. 153,7."

Daginn áður hafði bæjarstjóri stefnda ritað bústjóra bréf ásamt upplýsingum um greiðslustöðu og verkstöðu vegna samningsins. Meðal annars er tekið fram í bréfinu, að eftir sé að greiða 12.823.889 krónur fyrir óunninn hluta verksins, en verkstaða sé 59,32% og greiðslustaða 66,6%. Síðan segir í bréfi bæjarstjóra, að ljóst sé, að þrotabúið eigi eftir að gera reikninga fyrir 15.498.010 krónur, en fái aðeins 12.823.889 krónur greiddar fyrir þá.

III.

Áfrýjandi gerir í fyrsta lagi kröfu um greiðslu á andvirði skuldabréfs þess, sem að framan er getið og stefndi afhenti framkvæmdastjóra hlutafélaganna Búts og Tréverks. Heldur áfrýjandi því fram, að greiðsla stefnda með skuldabréfinu hafi ekki verið innt af hendi til Tréverks hf., heldur til Búts hf. eða Konráðs Baldvinssonar. Eigi greiðslan því ekki að koma til frádráttar í uppgjöri aðila.

Í greiðsluyfirliti, sem lá fyrir við samningsgerð 16. nóvember 1989, er skuldabréfsins skýrt getið meðal þeirra liða í greiðslum, sem stefndi telur sig hafa þegar greitt. Eftir orðalagi áðurgreindrar kvittunar, sem Konráð Baldvinsson gaf fyrir viðtöku skuldabréfsins, mátti stefndi líta svo á, að tekið væri við því sem greiðslu til efnda á samningsskyldum hans. Hafi misbrestur orðið á, að greiðslan kæmi áfrýjanda til góða, er við aðra en stefnda að sakast. Verður hann því ekki sóttur um greiðslu öðru sinni af þeirri ástæðu. Verður eftir öllu framangreindu að telja, að skuldabréfið sé hluti af innborgun stefnda á andvirði verksins.

IV.

Áfrýjandi gerir í annan stað kröfur um, að stefndi greiði kostnaðarauka, sem rakinn verði til rangra upplýsinga stefnda við samningsgerð. Hafi verkþættir, sem áfrýjandi lét framkvæma, reynst dýrari en hann hefði mátt ætla af upplýsingum, sem stefndi lét í té fyrir og við gerð samningsins.

Eins og áður segir, er í greiðsluyfirliti og öðrum upplýsingum,

sem lágu fyrir, þegar bústjóri áfrýjanda ritaði undir verklokasamninginn, skýrt greint á milli greiðslustöðu og verkstöðu. Af framburði vitna, sem gáfu skýrslur fyrir héraðsdómi, má ráða, að ekki hafi verið ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um, hversu langt verkið hafi verið komið hverju sinni. Af framburðinum verður einnig ráðið, að ákvörðun á stöðu verksins, sem var sundurgreind á einstaka verkliði, hafi eingöngu miðast við, hversu mikið væri búið að vinna af hverjum verklið og fá á verkstað af efni vegna hans, en að engu leyti hafi verið tekið tillit til þess, hver útgjöld verktaki hafi þegar haft af verkliðnum. Önnur gögn málsins benda ekki til þess, að verkið hafi verið komið skemmra á leið en bústjóri mátti ætla, þegar hann gerði samninginn. Ekki verður því talið, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að rangar upplýsingar hafi verið gefnar um stöðu verksins.

Áfrýjandi hefur samkvæmt þessu engum haldbærum stoðum rennt undir fullyrðingar um, að verklokasamningurinn sé ekki skuldbindandi á grundvelli reglna samningaréttar um ógilda löggerninga. Enn síður eru skilyrði til þess að beita hér hliðrunarákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Ber því að hafna kröfum áfrýjanda um, að stefndi gjaldi honum bætur fyrir aukinn kostnað af verkinu.

V.

Í þriðja lagi krefst áfrýjandi greiðslu á ógreiddum eftirstöðvum samningsverðs, að fjárhæð 2.196.036 krónur. Stefndi telur sig á hinn bóginn ekkert skulda áfrýjanda og styður þá málsástæðu þeim rökum, að hann hafi greitt áfrýjanda 10.399.603 krónur í peningum vegna umdeilds verks og eigi þar að auki á hendur honum gagnkröfur, sem séu samtals hærri fjárhæð en umkrafinn mismunur, alls 3.706.830 krónur.

Svo sem greinir í héraðsdómi, eru þessar gagnkröfur í 15 liðum. Kröfur samkvæmt 3.–11. lið og 15. lið eru ýmist studdar ófullnægjandi gögnum eða með öllu vanreifaðar, og verður þess vegna þegar að hafna þeim.

Eftir gögnum málsins, meðal annars framburði Konráðs Baldvinssonar fyrir héraðsdómi, og með hliðsjón af almennum reglum

um verksamninga þykir mega leggja til grundvallar, að áfrýjanda hafi verið skylt að kosta rafmagn og hita í því húsnæði, sem samningur aðila tók til, allt þar til að það var afhent stefnda við verklok. Ber því að taka til greina 1. og 2. lið gagnkrafna stefnda, samtals 970.166 krónur, en um þá er ekki tölulegur ágreiningur.

Dagsektir, að fjárhæð 236.408 krónur og 247.890 krónur, samkvæmt 12. og 13. lið, samtals 484.298 krónur, eru í samræmi við ákvæði samnings málsaðila um verklok, og ber að fallast á þær, enda er útreikningi þeirra ekki andmælt.

Í 14. lið krefst stefndi bóta vegna annmarka á verki áfrýjanda og styðst þar við mat dómkvaddra manna. Á matinu eru engir formgallar, og hefur því ekki verið hnekkt með yfirmati. Ber því að leggja það til grundvallar í lögskiptum aðila. Matsmenn reikna að vísu bætur á grundvelli hærra verðlags en miðað er við í öðrum kröfum, sem um er deilt í máli þessu. Ljóst er þó, að gagnkröfur stefnda, sem fallist er á samkvæmt framansögðu, ásamt þeim lið, er hér um ræðir, nema hærri fjárhæð en 2.196.036 krónum, þótt bætur eftir matinu verði færðar niður til samræmis við verðlag, sem aðrar dómkröfur eru miðaðar við. Á stefndi því réttmætar gagnkröfur, er nægja til greiðslu á þessari kröfu áfrýjanda með skuldajöfnuði.

Eftir framangreindu verður héraðsdómur staðfestur, hvað varðar sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Tréverks hf., greiði stefnda, Siglufjarðarkaupstað, samtals 1.200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1992.

Mál þetta, sem var dómtekið 20. maí 1992, hefur Hallgrímur Ólafsson skiptastjóri höfðað f. h. þrotabús Tréverks hf., Siglufirði, 10. janúar 1991 á hendur bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjarins og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða búinu 17.117.051 kr. með dráttarvöxtum [...].

Af stefnda hálfu var upphaflega aðallega krafist frávísunar að hluta á dómkröfum stefnanda. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 13. júní 1991. Frávísunarkrafan var byggð á því, að kröfur stefnanda í tveimur fyrri kröfuliðunum væru í raun fyrndar riftunarkröfur, sbr. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 6/1978. Rökin fyrir höfnun frávísunarkröfunnar voru þau, að dómkröfurnar vörðuðu ráðstafanir fyrirsvarsmanns þrotabúsins og væru samkvæmt ógildingarreglum samningalaga, en hvorki að formi né eðli um riftun ráðstafana, sem hafa verður uppi innan sex mánaða og heimilaðar eru í VIII. kafla gjaldþrotaskiptalaga. Málskostnaðarákvörðun var látin bíða efnisdóms. Stefndi krefst nú sýknu og 1.242.266 króna í málskostnað auk vaxta.

Málsatvik.

Hinn 6. apríl 1987 skuldbatt Bútur hf., Siglufirði, sig til að byggja upp og selja stefnda húseignina Hvanneyrarbraut 42 á Siglufirði á 22.694.182 kr. og skila henni 1. apríl 1988 að viðlögðum 5000 króna dagsektum, verðtryggðum. Verðið var miðað við byggingarvísitölu 293, en háð breytingum á vísitölunni, sem kynnu að verða á samningstímanum; verðið greiddist eftir því, sem verkinu miðaði.

Eftir samningsgerð var hafist handa af hálfu Búts hf. um að efna samningsskyldurnar. Hinn 4. mars 1988 gaf stefndi út 6 milljón króna verðtryggt skuldabréf til Búts hf., sem ráðstafað var til veðdeildar Útvegsbanka Íslands 11. mars s. á., og fengust fyrir það 5.432.375 kr. Hinn 23. júní var gert árangurslaust fjárnám hjá Búti hf., sem reyndist eignalaus, og 16. ágúst var krafist gjaldþrotaskipta á búinu. Hinn 26. s. m. var gerður nýr samningur, nú við Tréverk hf., og verð ákveðið 24.785.455 kr. m. v. nýja vísitölu, 100 stig. Skiladagur var ákveðinn 1. nóvember 1989. Að öðru leyti var samningur þessi sama efnis og hinn fyrri að því leyti, sem hér þykir skipta máli. Ekkert var getið um greiðslur inn á verkið í samningnum, og einkum var ekkert minnst á skuldabréfið, sem tryggja átti fjármagnsútvegun til verksins. Í tilefni aðilaskiptanna gaf Konráð Baldvinsson út kvittun í nafni Búts hf. vegna Tréverks hf., en dags. 4. mars 1988, fyrir móttöku skuldabréfs, 6.000.000 kr., sem innborgun á leiguíbúðir á Hvanneyrarbraut 42.

Í árslok munu síðan framkvæmdir hafa hafist á vegum Tréverks hf. Hinn 20. ágúst 1989 var gefið út afsal frá Tréverki hf. til stefnda, og var það innritað til þinglýsingar 18. október s. á. Hinn 19. október var bú Búts hf. úrskurðað gjaldþrota og bú Tréverks hf. sömuleiðis 25. s. m. Hinn 7. nóvember tilkynnti stefnandi stefnda, að þrotabúið myndi taka við samningnum. Hinn 15. nóvember sendi stefndi stefnanda gögn um greiðslustöðu og verkstöðu.

Hinn 16. nóvember varð samkomulag með málsaðilum um, að þrotabúið tæki að sér að ljúka verkinu samkvæmt samningi með tilteknum breytingum. Afhendingardagur var ákveðinn 1. nóvember 1990. Stefnandi var leystur frá skyldu til að ganga frá lóð með samsvarandi lækkun verklauna, 228.250 kr. Þó var gert ráð fyrir, að búið myndi framkvæma þennan lið, eftir því sem unnt væri. Lagt var til grundvallar samkvæmt upplýsingum stefnda, að eftir væri að greiða fyrir verkið 12.823.990 kr. Verkstaða var álitin 59,32%, en greiðslustaða 66,6%. Í bréfi bæjarstjóra til bústjóra, dags. 15. nóvember 1989, segir:

> Ljóst er, að þrotabúið á eftir að gera reikninga fyrir 15.498.010 kr., en fær aðeins 12.823.899 kr. greiddar fyrir þá . . .

Og í samkomulaginu er svofellt ákvæði:

> Þrotabú Tréverks hf. hefur kynnt sér yfirlit um verkstöðu og greiðslustöðu, gerða af Siglufjarðarbæ, dags. 15. 11. 1989, og samþykkir þau gögn án athugasemda.

Hinn 30. mars 1990 var stefnda afhent eignin. Sama dag fór fram lokaúttekt á vegum Húsnæðismálastjórnar. Hinn 3. apríl lét stefndi fara fram lokaúttekt, sem hann telur hafa leitt í ljós, að verkinu væri ekki lokið. Samkvæmt matsgerð, gerðri í maí 1992, var kostnaður við að ljúka verkinu 2.000.000 kr. á núvirði. Stefndi telur þó einungis 1.729.000 kr. þar af eiga að koma stefnanda til gjalda, þar sem hluta þess, sem matsmenn telja óunnið, hafi verið lokið á vegum búsins. Stefnandi telur á hinn bóginn, að það hafi kostað búið 22.700.440 kr. að ljúka verkinu.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Krafa vegna skuldabréfs.		
Fjárhæð skuldabréfs 16. nóvember 1989 að teknu tilliti til misvægis lánskjaravísitölu og byggingarvísitölu	kr.	8.048.780
Frádráttur vegna greiðslu á brunatryggingariðgjöldum, 1/3 af 216.623 kr.	–	72.208
Frádráttur vegna greiðslu lögtakskröfu	–	157.186
Frádráttur vegna hönnunarvinnu og vinnu við gluggasmíð fram til mars 1988	–	2.000.000
	Kr.	2.229.394
Viðbót vegna skerðingar á greiðslum frá Húsnæðisstofnun ríkisins, mismunur á fjárhæð skuldabréfs og 15% af kostnaðarverði	kr.	1.958.731
Mismunur	kr.	270.663

Frá fjárhæð skuldabréfs dragast því 270.663 kr. að teknu tilliti til hækkunar byggingarvísitölu. 270.663×2693/1986	kr.	370.368
	Kr.	7.678.412

2. Krafa vegna þess, að upplýsingar um verkstöðu voru rangar.		
Raunverul. kostnaður við að ljúka verkinu	kr.	22.700.440
Áætlun bústjóra um kostnað við verklok	–	15.457.837
Mismunur	kr.	7.242.603

3. Krafa um eftirstöðvar samningsverðs.		
Ógreiddar eftirstöðvar samnings	kr.	2.424.286
Frádráttur vegna lóðaframkvæmda, sem ekki var lokið við	–	228.250
	Kr.	2.196.036
Samtala krafna er því	kr.	17.117.051

Stefndi lýsir uppgjöri við stefnanda svo í greinargerð:

1. Peningagreiðslur	samt.	kr.	10.399.603
2. Reikn. v/Hitaveitu Siglufjarðar		–	452.706
3. Reikn. v/Rafveitu Siglufjarðar		–	518.178
4. Ýmsir reikningar		–	893.343
5. Dagsektir í febrúar 1990 5000:1721×2806 = 8152×29		–	236.408
6. Dagsektir í mars 1990 5000:1721×2844×3		–	247.890
7. Greiðslum haldið eftir vegna galla (ófrágengin lóð, bílast., svalir o. fl.)	samt.	kr.	75.761
	Alls	kr.	12.823.889

Við lok málsins hefur stefndi gert svofellda grein fyrir gagnkröfum sínum:

1. Heitt vatn 31. 1.–31. 12. 1989	kr.	451.988
2. Rafmagn 1. 9.–31. 12. 1989	–	518.178
3. Reikningur 1. 11. 1989 fyrir gröft frá húsi	–	29.170
4. Reikningur 12. 12. 1989 fyrir sand	–	17.680
5. Reikningur 29. 12. 1989 fyrir múrbrot	–	11.245
6. Laun verkstjóra í mars 1989	–	229.192

7.	Laun verkstjóra 21. 3.–20. 4. 1989	–	26.534
8.	Reikningar mars 1990 fyrir pípulagningaefni	–	18.539
9.	Reikningur, dags. 9. 4. 1990 f. póstkassa	–	29.100
10.	V/póstkassa	–	720
11.	Ýmsar byggingarvörur	–	34.508
12.	Dagsektir í febrúar 1990 5000/1721×2806=8152×29	–	236.408
13.	Dagsektir í mars 1990 5000×1721×2844=8263×30	–	247.890
14.	Ólokið sbr. matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. í maí 1992	–	1.729.000
15.	Framkvæmdir við lóð kr. 228.250 m. v. byggvísit. 100 stig uppfært m. v. byggvísit. nóv. 1989, 155,5 stig kr. 354.928 – 228.250	–	126.678
	Samtals	kr.	3.706.830

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að fyrirsvarsmenn stefndu hafi fengið bústjórann til þess með svikum að gera samninginn við stefnda fyrir hönd búsins og að stefndi geti ekki vegna ákvæða 33. gr. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 borið fyrir sig ákvæði samningsins. Stefnandi kveður verkið hafa verið miklu skemmra á veg komið en fyrirsvarsmenn stefnda höfðu gefið upp og stefnda hafa leynt sig því, að andvirði skuldabréfsins var talið greiðsla inn á verkið. Það hafi hins vegar verið greitt Bút hf. og andvirði þess varið til annars en verksins, sem hafi verið mjög skammt á veg komið, þegar Tréverk hf. tók við því, einungis 270.000 kr. hafi runnið til félagsins, en bréfið verið notað að hluta til að bæta lausafjárstöðu bæjarins. Á þessu hafi ekki verið vakin athygli við gerð samkomulags aðila. Stefnandi telur gögn þau, sem lögð voru til grundvallar samkomulagi aðila, ekki hafa sýnt raunverulega verkstöðu, heldur eingöngu hlutfall greiðslna miðað við tilboðsfjárhæð, en ekki raunverulegan byggingarkostnað, sem hafi verið hærri. Þannig hafi ekki komið fram af gögnunum, hversu langt verkið var komið áleiðis hlutfallslega. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi ekki greitt það, sem greiða bar samkvæmt samkomulagi aðila. Stefnandi hefur mótmælt matsgerð sem þýðingarlausri fyrir úrlausn málsins að hluta og of seint fram kominni, þannig, að hún verði ekki lögð til grundvallar dómi. Stefnandi mótmælir sérstaklega vissum liðum í matinu og þeim liðum gagnkröfu, sem varða upphitun og lýsingu eftir afsal sem búinu óviðkomandi.

Stefndi telur sig hafa gefið bústjóra réttar upplýsingar um allt, sem máli skipti, en bendir á, að innganga búsins hafi verið einhliða ákveðin af fyrirsvarsmönnum þess, áður en umdeildar upplýsingar voru veittar. Stefndi

kveðst hafa greitt inn á verkið með skuldabréfinu og að Konráð, sem var fyrirsvarsmaður beggja hlutafélaganna, hafi veitt því viðtöku. Hvernig hann ráðstafaði andvirði bréfsins, telur stefndi ekki koma málinu við. Stefndi telur stefnanda bundinn af samningi um, að skuldabréfið teldist greiðsla til Tréverks hf., enda hafi andvirði þess verið varið til framkvæmda á samningnum. Hann kveður skiptaráðanda hafa verið kunnugt um skuldabréfið. Loks telur stefndi sig eiga gagnkröfu vegna vanefnda og ætlað tjón stefnanda ósannað, svo og, að andvirði bréfsins hafi ekki komið Tréverki hf. í hag.

Í rekstri málsins hafa komið fram ýmsar yfirlýsingar og málsástæður af hálfu aðila, sem ekki þykja efni til að rekja hér nánar, sbr. h-lið 1. mgr. 193. gr. l. nr. 85/1936.

Álit dómsins.

Konráð Baldvinsson var umsvifamikill í byggingariðnaði og byggingarvöruverslun á Siglufirði, þegar atvik málsins gerðust. Hann rak hlutafélögin Bút, Tréverk og Einar Jóhannsson & Co. Í reynd átti Konráð nálega allt hlutafé í þessum hlutafélögum, en nánustu vandamenn hans voru hluthafar til að fullnægja lagaskilyrðum. Auk þeirra félaga, sem Konráð notaði til að takmarka ábyrgð sína á atvinnurekstri, átti hann hlut í Húseiningum hf., sem urðu gjaldþrota. Hann keypti átta húseignir þess félags ásamt vélum af þrotabúinu 29. október 1987, og telur stefnandi, að fé það, sem fékkst fyrir umdeilt skuldabréf, hafi farið til að fjármagna þau kaup. Þegar Bútur hf. lofaði að selja stefnda hina umdeildu húseign, var hún eign Tréverks hf. Bútur hf. átti yfir 90% í hlutafé Tréverks, en Konráð og kona hans ásamt feðrum þeirra áttu allt hlutaféð í Bút hf.

Eins og tengslum félaganna var háttað, verður að leggja til grundvallar, að það hafi verið sameiginleg ákvörðun þeirra að selja stefnda húseignina. Stefndi tryggði hluta af greiðslum þeim, sem honum bar að inna af hendi, með útgáfu og afhendingu skuldabréfsins til framkvæmdastjóra Búts hf. og Tréverks hf. á þeim tíma, sem Bútur hf. var formlegur aðili kaupsamningsins. Engu máli skiptir, hvers vegna Bútur hf. gekk út úr samningnum. Raunverulega varð samkomulag um, að Tréverk hf. kæmi í stað Búts hf. og tæki á sig samningsskyldur hans. Til staðfestingar á þessari ákvörðun var samningssambandið endurnýjað með nýjum skriflegum kaupsamningi, nú við réttan eiganda hins selda. Ábyrgð og áhætta á því, að eignin yrði í samningshæfu standi, hvíldi að öllu leyti á Tréverki hf.

Af gögnum málsins verður ráðið, að fjármálastjórn Konráðs hafi miðast við heildarhagsmuni þeirra fyrirtækja, sem hann rak og réð, eins og um

einkafyrirtæki hans væri að ræða. Bókhald hafði verið í molum og ekkert uppgjör farið fram síðan 1986. Það má því vera, að fé, sem hann tók við, hafi verið varið til annarra hluta en verið var að greiða fyrir og í þágu annars lögaðila en þess, sem var formlegur viðtakandi. Þannig kann hann að hafa notað það fé, sem hann fékk fyrir skuldabréfið, til annars en fjármögnunar verksins. Um þetta gat stefndi engu ráðið. Á hinn bóginn kann fé, sem inn kom í atvinnurekstri Konráðs Baldvinssonar byggingaframkvæmdunum óviðkomandi, að hafa verið notað til að fjármagna þær. Svo virðist sem umþrætt skuldabréf hafi verið eitt meðal átta bréfa, sem bankinn keypti á sama tíma, samtals að fjárhæð 25.912.060 kr. Þá hafði Konráð nýlega orðið fyrir alvarlegu slysi og lá á sjúkrahúsi syðra, en bankinn virðist hafa ráðstafað þeim fjármunum, sem inn komu, m. a. til Búts hf. og inn á hlaupareikning Konráðs sjálfs, sem notaður hafði verið við rekstur á vegum fyrirtækja hans á þessum tíma, án þess að séð verði, hvort það var gert í samráði við hann, en enginn af starfsmönnum hans mun hafa getað tekið slíkar ákvarðanir.

Á þessum tíma var Bútur hf. formlegur aðili kaupsamnings um húseignina og rekstraraðili um uppbyggingu hennar, svo að þá lá beint við að fé, sem fékkst til verksins, færi til þess félags. Eftir að Tréverk var orðið formlegur aðili samningsins, annaðist Bútur hf. framkvæmdir eftir sem áður, og virðist bera að líta svo á, að félagið hafi þá verið verktaki Tréverks hf. að formi. Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem lánaði fé til framkvæmdanna, setti það skilyrði, að eignin yrði laus úr veðböndum, og heldur stefndi því fram, að andvirði skuldabréfsins hafi að hluta farið til að leysa af veðbönd, en það var gert á tímabilinu 14. febrúar til 11. apríl 1988.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um nein þau atvik við ráðstöfun fjárins eða önnur atvik í því sambandi, sem geti haft áhrif á samning aðila samkvæmt ákvæðum samningalaga, og engin rök hníga til þess, að ráðstafanir fyrirsvarsmanns verktakans geti leitt til þess, að stefnda beri að inna af hendi sömu greiðslu inn á verkið tvisvar. Sömuleiðis getur það engu máli skipt í þessu sambandi, að stefndi mun hafa tileinkað sér fé, sem hann fékk frá Húsnæðismálastofnun, til fjármögnunar verkinu, á grundvelli þess, að verktakanum var tryggð ríflег greiðsla með sölu skuldabréfsins, enda skerti sú ráðstöfun ekki greiðslu kaupverðsins. Konráð Baldvinsson gaf stefnda kvittun fyrir hönd Tréverks hf. með fullu umboði fyrir móttöku skuldabréfsins, þegar það félag gekk inn í samninginn. Verður sú yfirlýsing ekki skilin öðruvísi en sem viðurkenning þess, að bréfið ætti að reiknast sem þáttur í greiðslu kaupverðs til félagsins, sem var réttur eigandi húseignarinnar.

Stefnandi gekk inn í samninginn einhliða samkvæmt heimild í 1. mgr. 43. gr. gjaldþrotalaga með ákvöð á stefnda, og ber hann fulla ábyrgð og áhættu af þeirri ákvörðun. Stefnandi gekk þannig inn í samningssambandið með sömu réttarstöðu og Tréverk hf. hafði haft að öðru leyti en því, sem sérstaklega samdist um á annan veg. Stefnandi bar m. a. áhættuna af vanþekkingu fyrirsvarsmanna búsins á því, sem Konráði Baldvinssyni og byggingastjóra hans var kunnugt eða mátti vera kunnugt. Verktaki er almennt í bestri aðstöðu til að meta verkstöðu og greiðslustöðu og einkum líkur á að geta lokið verki fyrir umsamið verð án þess að skaðast á því. Þá verður að miða við, að bústjórinn, sem er viðskiptafræðingur, hafi vegna menntunar sinnar verið í betri aðstöðu en hver annar til að meta þær upplýsingar, sem stefndi veitti, og áætla kostnað við verklok. Á það þykir bera að fallast með stefnanda, að stefndi beri ábyrgð á tjóni, sem rangar og villandi upplýsingar fyrirsvarsmanna bæjarins kynnu að hafa valdið stefnanda. Hins vegar hefur ekkert annað verið leitt í ljós en að allar upplýsingar, sem stefnandi fékk um verkstöðu og greiðslustöðu, hafi verið réttar, eftir því sem best var vitað á þeim tíma, sem þær voru veittar, miðað við þær forsendur, sem þær voru byggðar á og stefnanda áttu að vera ljósar. M. a. kom það greinilega fram, þótt ekkert væri minnst á það í kaupsamningnum, að skuldabréfið var reiknað sem innborgun á verkið og að búið ætti aðeins að fá rúmlega 12 milljónir króna greiddar, þótt gert væri ráð fyrir, að yfir 15 milljónir kostaði að ljúka verkinu. Samkvæmt þessum upplýsingum var vandséð, hvernig takast mætti að ljúka verkinu án tjóns fyrir búið, hvað þá, ef raunveruleg verkstaða var önnur en gert var ráð fyrir miðað við forsendur útreikninganna.

Ef lagt er til grundvallar, að það hafi kostað stefnanda yfir 22 milljónir króna að ljúka verkinu, kunna að vera ýmsar ástæður til, að kostnaður fór svo langt fram úr því, sem bústjórinn hafði gert ráð fyrir. Útreikningar stefnda miðuðust allir við umsamið söluverð eignarinnar. Vera má, að verktakinn hafi vanáætlað byggingarkostnað, þegar hann féllst á kaupverðið. Þá má vera, að atvik, sem hann sá ekki fyrir, hafi hleypt upp kostnaðinum. Eins og þegar er rakið, gat verið, að greiðslur upp í kaupverðið hefðu ekki skilað sér í verkið. Skortur á bókhaldi hefur getað komið fram í óhagkvæmum rekstri, auk þess sem hann gerði bústjóra óhægt um vik að meta stöðuna. Eftir að Konráð varð fyrir slysinu, virðast fyrirtæki hans hafa verið að mestu leyti stjórnlaus. Við þær aðstæður kann að vera, að vinnuafl starfsmanna hans hafi ekki nýst sem skyldi og kostnaður orðið meiri en ella sökum skorts á hagkvæmni í innkaupum. Sjálft gjaldþrotið benti eindregið til, að eitthvað af þessum atvikum væri fyrir hendi, og gaf stefnanda fulla

ástæðu til að kanna sjálfstætt, án tillits til samningsstöðu, hvað ætla mætti, að kostaði að ljúka verkinu. Hann kaus hins vegar að gera samkomulagið við stefnda á grundvelli útreikninga, sem líklega sögðu ekki alla sögu um það, sem máli skipti um ákvörðun hans, eftir að hann var búinn að binda búið með yfirlýsingu sinni um inngöngu. Af þessu bar búið að sjálfsögðu áhættu í skiptum aðila. Ekki verður fullyrt, hvað fyrirsvarsmenn stefndu vissu um þessi atvik. Verkstöðuútreikningarnir byggðust á sameiginlegum athugunum byggingarstjóra búsins og bæjartæknifræðingsins, en byggingarstjórinn, sem hafði séð um framkvæmdir frá upphafi, var sá maður, sem best vissi um þau atvik varðandi verkstöðuna, sem skiptu máli um ákvörðun stefnanda. Þá virðist Konráð einnig hafa gert sér þessi atvik ljós, en ekki verður séð, að bústjórinn hafi leitað upplýsinga hjá honum. Síðasta líklega ástæðan til hins mikla kostnaðar búsins kann að stafa af óhagkvæmum rekstri búsins sjálfs. Í því efni kann að skipta verulegu máli, að bústjórinn dvaldist að jafnaði í öðrum landshluta á byggingartímanum og gat því ekki fylgst með verkinu, eins og vert var. Sennilegt má telja, að allar þær ástæður, sem taldar hafa verið, hafi átt sinn þátt í, hvernig fór. Tjón stefnanda verður samkvæmt þessu framur rakið til rangs mats stefnanda á möguleikum búsins til að ljúka verkinu skaðlaust og annarra atvika, sem voru á áhættu stefnanda sjálfs, en til þess, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi ekki vakið athygli bústjórans á augljósum atvikum, sem gerðu í hæsta máta óráðlegt að ganga inn í samninginn. Samkvæmt þessu verður hvorki talið, að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni með svikum né að skilyrði séu til að fallast á kröfur stefnanda á grundvelli ákvæða 33. gr. eða 36. gr. laga nr. 7/1936. Á stefnda hvíldi sú eina skylda gagnvart stefnanda samkvæmt þeim samningi, sem réttarsamband aðilanna grundvallaðist á, að greiða kaupverðið með skilum í þeim mæli, sem stefnandi efndi samningsskyldur sínar að sínu leyti. Þótt deila megi um réttmæti einstakra liða í uppgjörsútreikningum stefnda, þykir með hliðsjón af því, sem fram er komið um viðskilnað stefnanda við verkið, ekki hafa verið sýnt fram á, að stefnandi eigi eftir að fá greitt fyrir unnið verk.

Samkvæmt þessum ályktunum þykir bera að fallast á kröfur stefnda.

Málskostnaðarkröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Samkvæmt 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, getur dómari ákveðið, að málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. einkum 10. og 12. gr. Dragist greiðsla lengur en eitt ár eftir gjalddaga, ber að greiða vaxtavexti með þeim hætti, að áfallnir dráttarvextir leggjast við höfuðstól, og myndast þannig nýr höfuðstóll til vaxtaútreiknings. Dragist greiðsla lengur, bætast áfallnir vextir við með sama hætti á 12 mánaða fresti.

Sönnunarfærsla hefur orðið umfangsmeiri en efni standa til.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Þór Guðmundssyni viðskiptafræðingi og Ómari Kjartanssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, Siglufjarðarbær, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Tréverks hf. Stefnandi greiði stefnda 1.268.266 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 294/1994. **Kristján Ólafsson og**
Hilmar Viktorsson
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Bræðrunum Ormsson hf.
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skuldamál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar 23. júní 1994. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er ljósrit af víxli, sem getið er í héraðsdómi. Víxillinn er með gjalddaga 25. nóvember 1991. Áfrýjandinn Hilmar er samþykkjandi hans fyrir hönd Sólvalla hf., en ómótmælt er, að það sé byggingarfélag áfrýjenda. Ljósritið ber með sér, að víxillinn er innleystur af stefnda 24. janúar 1992 með samtals 208.626 krónum. Samkvæmt fram lagðri kvittun eru 100.000 krónur greiddar inn á viðskiptareikning „Kristján Ólafsson -Sólvellir-" 28. janúar 1992. Samkvæmt bréfi til áfrýjandans Kristjáns „c/o Hilmar" frá 28. september 1992 er innlausnarfjárhæðin færð inn á „sundurliðun á vanskilaskuld" Kristjáns Ólafssonar 29. janúar það ár og greiðslan daginn eftir. Bréf þetta var lagt fram af áfrýjendum í héraði.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að samkomulag hafi verið gert við áfrýjanda Kristján um ráðstöfun greiðslna inn á ofangreindan víxil. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er næg sönnun fram komin fyrir þeirri staðhæfingu, en framangreint ljósrit rennir frekari stoðum undir þá fullyrðingu. Dómsfjárhæð hefur ekki verið sérstaklega andmælt. Hinn áfrýjaði dómur er þannig staðfestur.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skulu áfrýjendur greiða stefnda málskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Kristján Ólafsson og Hilmar Viktorsson, greiði stefnda, Bræðrunum Ormsson hf., 40.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. nóvember 1993.

Stefnandi er Bræðurnir Ormsson hf., kt. 711284-0799, Lágmúla 8-9, Reykjavík.

Stefndu eru Kristján Ólafsson, kt. 250439-7419, Víði, Mosfellsbæ, og Hilmar Viktorsson, kt. 120952-7499, Seiðakvísl 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 701.918,60 kr., ásamt dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 644.969 kr. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

II.

Hinn 23. nóvember 1990 gaf stefndi Kristján Ólafsson út skuldabréf, að fjárhæð 651.456,90 kr. Skyldi greiða skuldina með sex jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 20. desember 1990. Vextir af skuldinni skyldu vera kjörvextir, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Íslandsbanka hf. Voru þeir við útgáfu bréfsins 12,25%, auk fasts vaxtaálags, 2,25%, samtals 14,5% ársvextir. Átti að greiða vexti eftir á á sama tíma og afborganir. Stefndi Hilmar Viktorsson tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar, en auk þess var stefnanda veðsett ýmislegt lausafé. Hinn 4. desember 1990 framseldi stefnandi skuldabréfið Íslandsbanka hf. og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess gagnvart bankanum.

Stefnandi kveður enga afborgun hafa verið innta af hendi 19. apríl 1991, og hafi stefnandi þurft að leysa bréfið til sín með 701.918,60 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins. Stefnandi kveður stefnda Kristján hafa greitt inn á viðskiptareikning sinn og Sólvalla hf. hjá stefnanda samtals 860.000 kr. á ár-

unum 1991, 1992 og 1993, og þar af hafi 215.031 kr. verið ráðstafað til greiðslu á vanskilavíxli á Sólvelli hf. samkvæmt samkomulagi við stefnda, en 644.969 kr. inn á kröfu þá, er hér um ræðir, sem hér segir:

1. 27. maí 1991 hafi verið innborgaðar 100.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 16.622 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 83.378 kr. inn á höfuðstól.

2. 26. júní 1991 hafi verið innborgaðar 60.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 11.876 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 48.124 kr. inn á höfuðstól.

3. 3. október 1991 hafi verið innborgaðar 75.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 41.240 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 33.760 kr. inn á höfuðstól.

4. 27. nóvember 1991 hafi verið innborgaðar 65.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 21.332 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 43.668 kr. inn á höfuðstól.

5. 30. desember 1991 hafi verið innborgaðar 75.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 9.579 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 65.421 kr. inn á höfuðstól.

6. 22. maí 1992 hafi verið innborgaðar 100.000 kr. 15.031 kr. hafi gengið til uppgreiðslu á vanskilavíxli á Sólvelli hf., en 84.969 kr. inn á þessa kröfu, sem ráðstafað hafi verið þannig, að 36.225 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 48.744 kr. inn á höfuðstól.

7. 11. ágúst 1992 hafi verið innborgaðar 55.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 15.505 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 39.495 kr. inn á höfuðstól.

8. 28. september 1992 hafi verið innborgaðar 80.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 8.196 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 71.804 kr. inn á höfuðstól.

9. 18. janúar 1993 innborgaðar 50.000 kr. 15.115 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 34.885 kr. inn á höfuðstól.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að samkomulag hafi verið gert við stefnda Kristján um, að innborganir hans hafi fyrst átt að greiða vanskilavíxil Sólvalla hf. hjá stefnanda. Sé skuld sú, sem mál þetta varði, því að fullu greidd.

III.

Af hálfu stefnanda er um lagarök vísað til laga nr. 91/1991 og ákvæða í skuldabréfinu. Við munnlegan málflutning mótmælti stefnandi því, að sú vörn, að skuldin væri að fullu greidd, kæmist að í máli þessu, sbr. XVII. kafla laga nr. 91/1991, auk þess sem fullyrðingu stefndu um, að stefnanda

hafi verið óheimilt að ráðstafa greiðslum frá stefnda Kristjáni inn á vanskilavíxil vegna Sólvalla hf., var mótmælt sem rangri og ósannaðri.

Af hálfu stefndu er vísað til þess, að skuldin sé að fullu greidd og stefndi Kristján eigi í raun inneign, að fjárhæð 18.419 kr., frá 15. janúar 1993 hjá stefnanda auk dráttarvaxta frá sama degi. Við munnlegan málflutning var þess krafist, að stefnandi endurgreiddi stefndu þá fjárhæð.

IV.

Í málatilbúnaði sínum gerir stefnandi grein fyrir innborgunum stefnda Kristjáns Ólafssonar inn á viðskiptareikning sinn og Sólvalla hf. hjá stefnanda frá 27. maí 1991 til 18. janúar 1993. Samkvæmt því hefur stefndi Kristján greitt stefnanda á nefndu tímabili samtals 860.000 kr. Jafnframt kemur fram, að af þeirri fjárhæð hafi 644.969 kr. gengið til greiðslu á skuldabréfi því, sem hér um ræðir, en 215.031 kr. verið ráðstafað til greiðslu á vanskilavíxli Sólvalla hf. hjá stefnanda samkvæmt samkomulagi við stefnda Kristján.

Af þessum málatilbúnaði stefnanda leiðir, að sú vörn stefndu, að ekki hafi verið gert samkomulag við stefnda Kristján um, að innborganir hans hafi átt að ganga til greiðslu vanskilavíxils Sólvalla hf. hjá stefnanda, kemst að í máli þessu.

Af hálfu stefndu hefur verið lagt fram bréf stefnanda til þeirra, dagsett 28. september 1992, þar sem fram kemur sundurliðun á „vanskilaskuld" við stefnanda. Er sú sundurliðun í samræmi við málsútlistun hans. Þar kemur fram, að á tímabilinu frá 19. apríl 1991 til 28. september 1992 hafi stefnanda verið greiddar 810.000 kr. Þar af hafi 208.626 kr. runnið til greiðslu á „vanskilav. Sólvellir" 29. janúar 1992.

Af hálfu stefndu virðist engum mótmælum hafa verið hreyft við þessari sundurliðun stefnanda á greiðslum til hans fyrr en með greinargerð þeirra hér fyrir dómi 13. janúar sl. Jafnframt hafa stefndu lagt fram ljósrit af kvittunum frá stefnanda vegna innborgana stefnda Kristjáns. Kemur fram í ljósriti kvittunar frá 28. janúar 1992, að „Kristján Ólafsson-Sólvellir" hafi þann dag greitt 100.000 kr. inn á viðskiptareikning hjá stefnanda. Þá var innheimtubréf út af skuld þeirri, sem mál þetta er sprottið af, sent stefndu 6. júní sl., en í því er innborgun á skuldabréfið tilgreind 644.969 kr.

Það, að stefndu virðast ekki hafa haft uppi nein mótmæli eða athugasemdir við sundurliðun stefnanda á innborgunum stefnda Kristjáns til stefnanda, svo sem hér að ofan er rakið, fyrr en með greinargerð sinni hér fyrir dómi, rúmum 15 mánuðum eftir að þeir fengu sundurliðun á greiðslum stefnda Kristjáns til stefnanda, og að á kvittuninni fyrir innborgun stefnda frá 28. janúar 1992 er tilgreint, að „Kristján Ólafsson-Sólvellir" hafi greitt

stefnanda 100.000 kr., þykir vera til styrktar þeirri fullyrðingu stefnanda, að samkomulag hafi verið gert við stefnda Kristján um ráðstöfun hluta innborgana af hans hálfu til stefnanda inn á umræddan vanskilavíxil vegna Sólvalla hf. Með vísan til þessa er það því niðurstaða dómsins, að stefnanda hafi verið heimilt að ráðstafa innborgunum stefnda að hluta til greiðslu á nefndum vanskilavíxli Sólvalla hf., sem samkvæmt málatilbúnaði stefnanda og án andmæla stefndu var greiddur upp 22. maí 1992.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti og stefndu dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Ólafsson og Hilmar Viktorsson, greiði stefnanda, Bræðrunum Ormsson hf., 701.918,60 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 19. apríl 1991 til 27. maí 1991, af 618.540,60 kr. frá þeim degi til 26. júní 1991, af 570.416,60 kr. frá þeim degi til 3. október 1991, af 536.656,60 kr. frá þeim degi til 27. nóvember 1991, af 492.988,60 kr. frá þeim degi til 30. desember 1991, af 427.567,60 kr. frá þeim degi til 22. maí 1992, af 378.823,60 kr. frá þeim degi til 11. ágúst 1992, af 339.328,60 kr. frá þeim degi til 28. september 1992, af 267.524,60 kr. frá þeim degi til 18. janúar 1993 og af 232.639 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 644.969 kr., og 90.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 340/1993. **Olgeir Engilbertsson**
Holta- og Landsveitarhreppur og
Ásahreppur
(Jakob Möller hdl.)
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Einari Brynjólfssyni
(Reynir Karlsson hdl.)
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Landamerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1993. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, en þær eru: „Að staðfest verði með dómi, að landamerki á milli jarðanna Nefsholts I og Nefsholts II annars vegar og jarðarinnar Götu hins vegar, öllum í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, séu þessi:

Aðallega: Lína frá punkti merktum EE á uppdrætti á héraðsdómsskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir óbrotnu línunni á uppdrættinum á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er bein lína dregin eftir eldri skurðinum, sem grafinn var í byrjun aldarinnar, uns hún mætir landamerkjalínunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og blálitaða línu á glæru og loftmynd frá 1954 á héraðsdómsskjali nr. 13.

Til vara: Lína frá punkti merktum EE á héraðsdómsskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir brotnu línunni á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er lína, dregin eftir skurðinum, sem grafinn var

1955, upp að sýsluveginum, þar sem hann liggur nú yfir skurðinn, og þaðan beint í framhaldi af þeim skurði, uns hún mætir landamerkjalínunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og rauðlitaða línu á glæru og loftmynd frá 1989 á héraðsdómsskjali nr. 13." Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalkröfu og varakröfu.

Stefndi krefst staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang 7. september sl. í fylgd lögmanna og forsvarsmanna aðila.

I.

Í landamerkjalýsingu fyrir Nefsholt, Holtahreppi, Rangárvallasýslu, 14. maí 1884, segir meðal annars: „Að austan: úr Grásteini beint suður í stein í Hvítahvammi, þaðan beint suður í *Móhól* við gilið".

Í landamerkjalýsingu fyrir Marteinstungutorfu, sem gildir fyrir Götu, 25. maí 1889, segir meðal annars: „Að vestan: Ræður bein stefna úr Merkjahól upp í Grafhól við Steinslæk, þá ræður Steinslækur upp í *Miðhól* við Steinslækjarbotn, þaðan ræður bein stefna í Stein í Hvítahvammi og þaðan bein stefna í áðurnefndan Grástein."

Ekki er lengur ágreiningur með aðilum um viðmiðunarpunktinn í Hvítahvammi. Nægilega er fram komið, að kennileitin „Móhóll" og „Miðhóll", sem nefnd eru í landamerkjabréfunum, séu einn og sami hóllinn, en ágreiningur er um það, hvar hóllinn sé og hvar draga skuli viðmiðunarpunkt í hann. Fram er komið, að á þessu svæði voru þrír móhólar. Ágreiningslaust er, að minnsti hóllinn, sem var norðan við eystri hólinn af hinum tveimur, var jafnaður út vegna framkvæmda. Svo virðist sem áfrýjendur telji, að markalínan hafi verið í hólinn, sem horfinn er, en stefndu telja miðhólinn vera þann hól, sem miðað er við í landamerkjabréfunum, enda hafi hann verið nefndur Miðhóll af ábúendum Götu. Verður að telja það rökrétt og eðlilegt miðað við aðstæður, að átt hafi verið við miðhólinn sem viðmiðunarpunkt frekar en minnsta hólinn. Eðlilegt er að miða við hæsta punkt hólsins, þar sem annað er ekki tekið fram í landamerkjabréfunum, og fer það saman við niðurstöðu héraðsdóms.

Áfrýjendur halda því fram, að skurður sá, sem grafinn var skömmu eftir síðustu aldamót á milli Nefsholts og Marteinstungu, hafi verið landamerkjaskurður, en stefndi telur, að hann hafi eingöngu verið ætlaður til framræslu. Máli sínu til stuðnings benda áfrýjendur á örnefnalýsingu fyrir Götu, þar sem mörk að Nefsholti eru sögð „með skurði, sem liggur norðan við Móhól og rennur í Steinslæk". Heimildarmaður að lýsingunni var Gunnar Einarsson, sem bjó í Marteinstungu frá 1910 til 1953. Sonur Gunnars, Dagbjartur, sem fæddur var í Marteinstungu 1913 og átti þar heima fram að sextugsaldri, bar fyrir dómi, að skurðurinn hefði ekki verið landamerkjaskurður milli jarðanna. Verður að telja, að staðfestur framburður Dagbjarts gangi framar lýsingu, sem höfð er eftir föður hans. Ekki er fyllilega vitað, hver stóð að grefti skurðarins rétt eftir aldamótin. Árið 1955 var á vegum Sigurðar Ólafssonar, þáverandi ábúanda í Götu, vélgrafinn skurður frá enda skurðarins, sem fyrir var. Bar Sigurður fyrir dómi, að tilgangur skurðgraftarins hefði einungis verið að veita vatni frá landinu, en hann ekki verið hugsaður sem landamerkjaskurður. Því er ómótmælt, að Sigurður hafi einn greitt fyrir skurðgröftinn, og er það vísbending um, að hér sé ekki um landamerkjaskurð að ræða.

Samkvæmt framansögðu er staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjendur hafi ekki sannað, að skurðurinn hafi verið grafinn á mörkum milli jarðanna eða breytt þeim andstætt gildandi landamerkjabréfum.

II.

Áfrýjendur halda því fram, að þeir hafi öðlast eignarrétt að þrætulandinu fyrir hefð. Fallist er á það með héraðsdómi, að áfrýjendur hafi ekki sýnt nægilega fram á nytjar þrætulandsins í andstöðu við gildandi landamerkjabréf, þannig að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

III.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, skuli vera bein lína úr steini í Hvítahvammi í hæsta punkt Miðhóls (Móhóls).

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Götu og Nefsholts í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, skulu vera bein lína úr steini í Hvítahvammi í hæsta punkt Miðhóls (Móhóls).

Áfrýjendur, Olgeir Engilbertsson, Holta- og Landsveitarhreppur og Ásahreppur, greiði óskipt stefnda, Einari Brynjólfssyni, 250.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og
Hjartar Torfasonar

Í atkvæði meiri hluta dómenda er getið krafna aðila og þeirra ákvæða í landamerkjabréfum, sem hér skipta máli. Við erum sammála öðrum dómendum um viðmiðunarpunktinn í Hvítahvammi og um kennileitið „Móhól" eða „Miðhól". Hins vegar getum við ekki fallist á skoðun meiri hlutans um, að eðlilegt sé að miða við hæsta punkt hólsins. Þvert á móti teljum við það öndvert staðháttum og almennum búskaparháttum, að hóllinn sé ekki allur í landi sömu jarðar. Teljum við, að orðalag landamerkjabréfanna verði fyllilega samræmt því að draga merkjalínuna utan í hólinn og að eðlilegt sé miðað við staðhætti að láta Steinslækjargilið ráða austur fyrir hólinn og síðan skurð þann, sem nú liggur á mótum jarðanna og grafinn var af ábúendum þeirra, neðri hlutinn af ábúendum Nefsholts og efri hlutinn af ábúanda Götu. Skiptir hér ekki máli, eins og á stendur, hver kostaði hvorn hluta. Hegðan ábúendanna, allt þar til tekið var að leita eftir jarðhita á þrætusvæðinu, styður þessa niðurstöðu. Þá er hún í samræmi við örnefnalýsingu Gunnars Einarssonar, sem bjó í Marteinstungu frá 1910 til 1953, en sú lýsing var gefin óháð deilu þessari. Niðurstaða okkar er því sú, að merkin skuli í stórum dráttum fylgja varakröfu áfrýjenda. Þykir ekki ástæða til að færa hana út á landakort, þar sem afstaða meiri hluta réttarins er önnur.

Rétt þykir okkur, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 24. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. maí sl. og þingfest fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 19. desember 1990, er höfðað af Einari Brynjólfssyni, kt. 181237-2889, eiganda og ábúanda jarðarinnar Götu í Holtahreppi, gegn Olgeiri Engilbertssyni, kt. 110736-2319, eiganda og ábúanda jarðarinnar Nefsholts I, Holtahreppi, og Holtahreppi, kt. 630169-5779, fyrir sína hönd og Holtahreppi, Ásahreppi, kt. 430169-0339, og Landmannahreppi, kt. 710169-4549, vegna Laugalandsskóla í Holtum, kt. 520175-0169, eigendum jarðarinnar Nefsholts II, öllum í Rangárvallasýslu.

Stefnukröfur.

Í upphafi málflutnings féll stefnandi frá aðalkröfu sinni í málinu, og eru endanlegar stefnukröfur þær, að staðfest verði með dómi, að landamerki jarðanna séu bein lína úr steini í Hvítahvammi (punkti merktum C á uppdrætti) í Miðhól (punkt merktan D á fyrrgreindum uppdrætti). Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu og að málskostnaðarkrafa beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags í samræmi við 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa er gerð um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðarkröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Í greinargerð sinni gera stefndu kröfur sem hér segir:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki á milli jarðanna Nefsholts I og Nefsholts II annars vegar og jarðarinnar Götu hins vegar, öllum í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, séu þessi:

Aðallega: Lína frá punkti merktum EE á uppdrætti á dómskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir óbrotnu línunni á uppdrættinum á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er bein lína dregin eftir eldri skurðinum, sem grafinn var í byrjun aldarinnar, uns hún mætir landamerkjalínunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og blálitaða línu á glæru og loftmynd frá 1954 í dómskjali nr. 13.

Til vara: Lína frá punkti merktum EE á dómskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir brotnu línunni á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er lína, dregin eftir skurðinum, sem grafinn var 1955, upp að sýsluveginum, þar sem hann liggur

nú yfir skurðinn, og þaðan beint í framhaldi af þeim skurði, uns hún mætir landamerkjalínunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og rauðlitaða línu á glæru og loftmynd frá 1989 á dómskjali nr. 13.

Krafist er sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda bæði í aðalkröfu og varakröfu auk virðisaukaskatts á málskostnað og að málskostnaðarkrafan beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. ákvæðum vaxtalaga.

Málavextir.

Með afsali, dagsettu 15. desember 1964, eignaðist stefnandi jörðina Götu í Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Ekki virðist hafa verið ágreiningur um mörk jarðarinnar við Nefsholt fyrr en um 1980 samkvæmt því, er eiginkona stefnanda bar í þinghaldi. Þá var að sögn farið að ganga eftir því af hálfu stefnanda, að fylgt yrði landamerkjabréfi frá 25. maí 1889, en þar eru umrædd merki skilgreind svo: „þá ræður „Steinslækur" upp í Miðhól við Steinslækjarbotn, þaðan ræður bein stefna í Stein í Hvítahvammi.".

Í bréfi, dagsettu 15. desember 1985, til sveitarstjórnar Holtahrepps var getið um þennan ágreining, og með bréfi, dagsettu 22. maí 1989, var sýslumanni Rangárvallasýslu skrifað bréf, þar sem óskað var eftir því, að landamerki Götu og Nefsholts yrðu ákvörðuð. Hinn 20. nóvember 1989 var aukadómþing Rangárvallasýslu háð í dómsal sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Þar var ágreiningur þessi tekinn fyrir, en sættir tókust ekki í málinu.

Milli jarðanna á hinu umdeilda svæði er skurður. Málsaðila greinir á um, hvort skurður þessi sé merkjaskurður milli jarðanna eða framræsluskurður. Um hann er það vitað í máli þessu að sögn vitnisins Dagbjarts Gunnarssonar, sem fæddur er árið 1913, að hann hafi upphaflega verið grafinn um aldamótin af Guðna Vigfússyni, er þá var ábúandi á eystri bænum í Nefsholti. Vitnið Eyfríður Guðjónsdóttir, sem fædd er að Nefsholti árið 1908, hefur borið, að engi jarðanna hafi legið þarna saman og skurðurinn skilið þau að. Jafnframt bar hún, „að þarna hafi verið skurður á landamerkjum svo lengi sem hún muni". Vitnið Páll Guðjónsson, sem fæddur er árið 1910 að Nefsholti, segir í framburði sínum, að skurður hafi verið milli jarðanna. Það hafi verið landamerkjaskurður, og hafi mörk jarðanna verið lína úr steini í „Hvítahvammi" í skurðendann og síðan eftir skurðinum niður í „Gilbotna". Stefndi Olgeir Engilbertsson bar, er hann kom fyrir dóm, að hann hefði búið í Nefsholti frá árinu 1959. Hann hafi alla tíð litið svo á, að skurðurinn skipti löndum milli Nefsholts og Götu. Aldrei hafi verið á ann-

að minnst. Skurðurinn hafi verið grafinn upp 1955 af ábúanda Götu og virðist hafa verið grafinn á sama stað og gamli skurðurinn.

Sigrún Ingólfsdóttir, eiginkona stefnanda, segir, að það hafi ekki verið fyrr en á síðari árum, sem farið hafi verið að tala um skurðinn sem landamerkjaskurð. Áður hafi landamerki verið virt samkvæmt bréfinu frá 1889, að því er hún best viti. Hún telur, að skurðurinn hafi aðallega verið grafinn til þess að veita vatni af svæðinu, en þarna hafi verið mjög votlent. Við endurgröft skurðarins hafi verið grafið þar, sem best lá við, til þess að ná þeim árangri að veita vatni af landinu. Vitnið Dagbjartur Gunnarsson hefur borið, að tilgangur skurðgraftarins hafi verið að veita vatni af landinu. Skurðurinn hafi verið hlykkjóttur og ekki hugsaður sem landamerkjaskurður. Vitnið Sigurður Ólafsson, sem fæddur er í Götu árið 1917, bjó þar til 44 ára aldurs. Sigurður var ábúandi í Götu á 6. áratugnum og stóð fyrir því, að efri hluti skurðarins var grafinn árið 1955. Hann bar, að tilgangur skurðgraftarins hefði verið að veita vatni frá landinu, en hann ekki verið hugsaður sem landamerkjaskurður. Skurðurinn hafi verið grafinn frá enda þess skurðar, er fyrir var, og í beina stefnu á stein í „Hvítahvammi". Hann vissi ekki, hver hefði grafið upp neðri hluta skurðarins né hvenær það var gert.

Ágreiningur er uppi um örnefnin „Móhóll" og „Miðhóll", sem greind eru sem viðmiðunarpunktar í landamerkjabréfunum. Í landamerkjabréfi fyrir Nefsholt er talað um „Móhól". Í landamerkjabréfi fyrir Götu er hins vegar talað um „Miðhól". Á umræddu svæði voru þrír hólar, en nöfn þeirra virðast hafa verið nokkur á reiki. Tvö vitni, er hafa verið heimilisföst að Nefsholti nokkurn tíma, tala um, að hólarnir niðri við gilið hafi verið kallaðir Móhólar. Annað þeirra, Páll Guðjónsson, kallaði hólana eystri og vestri Móhóla, og jafnframt sagði hann, að þriðja hólinn hefði mátt kalla „Litla-Móhól". Hann kannaðist hins vegar ekki við nafngiftina „Miðhóll". Eiginkona stefnanda, Sigrún Ingólfsdóttir, segir í framburði sínum, að nöfn hólanna og staðsetning hafi verið þannig, að vestast hafi verið „Stóri-Móhóll", austan hans „Miðhóll" og norðan við hann hafi verið „Litli-Móhóll". Ber þessari lýsingu saman við lýsingu vitnisins Sigurðar Ólafssonar, sem var ábúandi í Götu um skeið.

Málsástæður.

Stefnandi reisir málarekstur sinn á því, að landamerki jarðanna hafi verið ákveðin með lýsingu í landamerkjabók Rangárvallasýslu frá 25. maí 1889, er þinglýst var á manntalsþingi 17. maí 1890. Það sé lýst landamerkjum Marteinstungutorfunnar, en Gata hafi upphaflega verið hjáleiga frá Marteinstungu, og gildi því þessi landamerki fyrir Götu. Þessum landamerkjum

hafi ekki verið breytt, en vegna legu skurðar í námunda við landamerkin sé nauðsynlegt að fá merkin staðfest með dómi.

Því er eindregið mótmælt, að umræddur skurður sé landamerkjaskurður eða hafi verið hugsaður sem slíkur. Skurðurinn hafi verið grafinn, þar sem landið var lægst, og tilgangur með skurðgreftinum hafi verið að ræsa fram landið, sem þarna hafi verið mjögt votlent. Þarna hafi landamerki verið mörkuð af beinni línu milli tveggja þekktra punkta og því óþarft að grafa landamerkjaskurð.

Stefnandi byggir á því, að umræddur hóll, sem í landamerkjabréfi Nefsholts er nefndur „Móhóll", en í landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar (Götu) nefndur „Miðhóll", sé einn og sami hóllinn, sem einnig hafi verið nefndur „Eystri-Móhóll". Þarna sé um að ræða eystri hólinn af þeim tveimur, er eftir standa.

Stefnandi leggur til grundvallar, að ekki sé annar efnismunur á landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar og landamerkjabréfs fyrir Nefsholt frá 14. maí 1884 en að í landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar er talað um „Miðhól", en í landamerkjabréfi Nefsholts er talað um „Móhól". Telur stefndi, að þarna sé um sama hól að ræða, en ágreiningur er uppi um það, hvor af hólunum hafi verið viðmiðunarhóllinn í sambandi við landamerkin. Telur stefndi, að þar sé um að ræða hól þann, er sléttaður var út vegna lóðaframkvæmda við héraðsskólann að Laugalandi. Þá telur stefndi, að líta beri til örnefnalýsingar fyrir Götu, en þar sé merkjum Götu lýst svo: „Mörk að Nefsholti eru með skurði, sem liggur norðan við Móhól og rennur í Steinslæk. Þar er Guðnafoss." Skurður sá, sem þar sé getið, hafi upphaflega verið grafinn upp úr aldamótum og þá væntanlega til þess að fullnægja 2. gr. landamerkjalaganna frá 1882, er kvað á um skyldu að setja glögg merki milli jarða, þar sem mörk væru ekki skýr frá náttúrunnar hendi. Skurður þessi sé því augljóslega merkjaskurður og hafi verið það frá upphafi.

Stefnandi hefur mótmælt sérstaklega áreiðanleika umgetinnar örnefnaskrár og bent á, að í henni séu margar missagnir og vitleysur.

Þá hefur stefnandi uppi þá málsástæðu, að verði ekki viðurkennt, að fyrrgreindur skurður sé merkjaskurður, hafi stefnandi unnið eignarhefð á þrætulandinu vestan skurðarins skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Frá því að skurðurinn var grafinn í upphafi aldarinnar, hafi eigendur og ábúendur Nefsholts haft allan umráðarétt og öll afnot af landinu vestan skurðarins. Þá hafi skurðurinn hindrað, að búpeningur gæti gengið á milli.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefndu hafi getað eignast rétt yfir þrætulandinu fyrir hefð. Þeir hafi hvorki nytjað það né nýtt til neinna hluta. Þá hafi þeir ekki gefið eigendum Götu eða Marteinstungu ástæðu til að

ætla, að stefndu hefðu eignarrétt yfir landinu. Skilyrði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 séu því eigi fyrir hendi.

Álit dómsins.

Leggja verður til grundvallar, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts hafi verið í samræmi við landamerkjalýsingar þær, er gerðar voru eftir setningu laga nr. 5/1882, 14. maí 1884 fyrir Nefsholt og 25. maí 1889 fyrir Marteinstungutorfuna.

Kennileitin „Móhóll" og „Miðhóll", sem nefnd eru í fyrrnefndum landamerkjabréfum, eru augljóslega sama kennileitið, en ljóst er, að sami hóllinn hefur verið nefndur þessum tveimur nöfnum, en nafngiftin bundin við það, frá hvorum bænum þeir komu, sem um það báru. Þeir, sem hafa búið að Götu, kalla hólinn „Miðhól", en þeir, sem búið hafa að Nefsholti, nefna hólinn „Móhól". Umræddur hóll var miðhóllinn af þremur hólum, sem þarna voru, en þriðja hólnum, sem var norðan við eystri hólinn af þeim, sem eftir standa, hefur verið rutt brott og landamerkjalínan því samkvæmt þeim tveimur landamerkjalýsingum, er hér hefur verið fjallað um, í samræmi við dómkröfur stefnanda.

Kemur þá til álita skurður sá, sem grafinn hefur verið í grennd við markalínuna. Stefnandi heldur því fram, að eini tilgangurinn með skurðgreftinum hafi verið að ræsa fram landið, sem þarna hafi verið mjög votlent. Skurðurinn hafi verið grafinn þar, sem land var lægst, til þess að ná sem bestum árangri við framræsluna. Skurðurinn hafi ekki verið merkjaskurður, eins og stefndu hafa haldið fram. Það hafi verið óþarft að grafa slíkan merkjaskurð, þar sem landamerki hafi þarna verið mjög skýr, bein lína milli tveggja þekktra punkta. Ekkert liggur nú fyrir um tilgang þess, er gróf skurðinn í upphafi, en ljóst er, að við uppgröft á skurðinum var að mestu farið eftir eldri skurði. Verður að telja, að stefndu hafi ekki tekist að sýna fram á, að samkomulag hafi verið um að breyta mörkum milli jarðanna með því að grafa landamerkjaskurð utan merkjalínu samkvæmt gildandi landamerkjabréfum jarðanna.

Kemur þá til álita sú málsástæða stefndu, að þeir hafi öðlast eignarrétt að þrætulandinu með hefð samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Styðja þeir þá kröfu sína þeim rökum, að frá því að umræddur skurður hafi verið grafinn í upphafi aldarinnar, hafi ábúendur Götu ekki haft nein afnot af þrætulandinu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefndu hafi getað eignast rétt yfir þrætulandinu fyrir hefð. Þeir hafi hvorki nytjað það né nýtt til neinna hluta. Þá hafi þeir ekki gefið eigendum Götu eða Marteinstungu ástæðu til að

ætla, að stefndu hefðu eignarrétt yfir landinu. Skilyrði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 séu því eigi fyrir hendi.

Ekki liggur fyrir í málinu útreikningur á flatarmáli hins umdeilda svæðis, en ljóst er, að það er ekki mjög stórt. Prætulandið ber það ekki með sér, að það hafi verið nytjað. Það er þýft og í því mikil sina. Hins vegar er borhola á svæðinu, sem gefur heitt vatn, er notað er af hitaveitu staðarins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign skilyrði þess, að eignarréttur skapist að henni.

Ekki verður litið svo á, að landeigandi, sem grefur framræsluskurð í land sitt á þann hátt, er hann ætlar, að gagnist best til þess að ræsa fram landið, sé með því að afsala sér umráðarétti yfir þessari eign sinni, enda þótt skurðgröfturinn verði til þess, að honum nýtist trauðla einhver hluti landsins. Ekki skiptir hér máli, að eitt vitni hefur borið, að það muni hafa verið bóndinn að Nefsholti, sem gróf skurðinn upphaflega. Ekkert liggur nú annað fyrir en tilgangurinn með skurðgreftinum hafi verið að þurrka landið, en vitni í málinu eru á einu máli um það, að landið hafi verið mjög votlent. Sú staðreynd, að skurðurinn var í upphafi handgrafinn, þar sem land er lægst, og grafinn þangað, sem styst er til þess að veita vatninu frá, styður þá fullyrðingu.

Sú staðreynd, að skurðurinn hefur komið í veg fyrir, að prætulandið nýttist eigendum Götu til beitar, getur ekki ein sér skapað eigendum Nefsholts eignarrétt með hefð.

Verður að telja, að stefndu, eigendur Nefsholts, hafi ekki getað sýnt fram á það í máli þessu, að þeir hafi haft slík afnot af landinu, að til eignarhalds geti talist, og að þeir geti þannig talið til eignarréttar yfir prætulandinu fyrir hefðarsakir.

Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið, verða stefnukröfur teknar til greina og staðfest, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts á umræddu svæði skuli vera bein lína úr steini í „Hvítahvammi" í „Miðhól" (einnig nefndur „Móhóll"). Í samræmi við þessa niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 180.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Kristján Torfason dómstjóri.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Götu og Nefsholts skulu vera bein lína úr steini í „Hvítahvammi" í „Miðhól" (einnig nefndur „Móhóll").

Stefndu greiði stefranda 180.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 26/1993. **Sigurður Þorleifsson**
(Elvar Örn Unnsteinsson hdl.)
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)
gegn
Kvistási sf.
(Reynir Karlsson hdl.)
(Jónatan Sveinsson hrl.)
og gagnsök

Ráðgjöf. Ábyrgð. Tilboð. Verksamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar bótakrafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. febrúar 1993. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 4.677.791 krónu auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. mars 1992 til greiðsludags, en til vara 2.682.300 krónur auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 20. febrúar 1988 til 19. mars 1992, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 3.814.536 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 19. mars 1992 til greiðsludags, en til vara 2.187.430 krónur auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 20. febrúar 1988 til 19. mars 1992, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalkröfu og varakröfu. Til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og lýst er í héraðsdómi, stofnaðist samningur milli málsaðila, þegar gagnáfrýjandi leitaði aðstoðar aðaláfrýjanda við tilboðsgerð í

byggingu og hönnun iðnaðarhúss fyrir Trefjar hf. í Hafnarfirði. Samningur aðila var munnlegur, og er ágreiningur um það, hvaða verk aðaláfrýjanda var ætlað. Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað, að aðaláfrýjandi hafi tekið að sér annað og meira en hann heldur fram.

II.

Útreikningar aðaláfrýjanda á einstökum kostnaðarliðum eru í góðu samræmi við áætlun hinna dómkvöddu matsmanna, svo að aðeins munar 1,26%, en í kostnaðaráætlunina vantar lið, sem matsmenn nefna „frágangur og annar kostnaður". Kostnaðaráætlun aðaláfrýjanda, sem lögð var fyrir gagnfrýjanda, bar með sér, að niðurstöðutalan væri 5.500.000 krónur. Aðilar eru sammála um, að sú fjárhæð hafi verið hækkuð um 300.000 krónur. Gagnáfrýjandi hefur frá upphafi haldið því fram, að hann hafi lagt fyrir aðaláfrýjanda að bæta 1.000.000 króna við kostnaðaráætlunina, og hafi hann hugsað það sem hagnað af verkinu. Tilboð gagnáfrýjanda 19. febrúar 1988 nam 6.800.000 krónum, og var það hæsta boð í verkið. Því tilboði var tekið af hálfu Trefja hf. Var gerður verksamningur milli gagnáfrýjanda og Trefja hf. í apríl 1988 á grundvelli teikninga aðaláfrýjanda, sem samþykktar voru á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar 7. apríl 1988. Í verksamningnum höfðu kostnaðartölur einstakra liða breyst frá útreikningi aðaláfrýjanda, og inn í hann hafði verið bætt lið um hitalagnir, 600.000 krónum, sem ekki var gert ráð fyrir í tilboðinu, en niðurstöðutalan var hin sama, 6.800.000 krónur.

Eftir að verksamningur var gerður, fóru Trefjar hf. fram á breytingu, sem fól í sér rúmmálsaukningu á húsi og stækkun á hurð, og tók gagnáfrýjandi það að sér án frekari greiðslu, en matsmenn meta þann verkauka á 730.470 krónur. Er fallist á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að gagnáfrýjandi hafi leitað ráða aðaláfrýjanda og fengið hjá honum rangar leiðbeiningar um þetta. Aðaláfrýjandi breytti teikningunum í samræmi við þessar breytingar, og voru þær samþykktar á fundi byggingarnefndar 29. júlí 1988.

Þá er einnig í ljós leitt, að 10. janúar 1989 fór fram úttekt á verki gagnáfrýjanda fyrir Trefjar hf. Því er ómótmælt, að aðaláfrýjandi hafi verið fulltrúi gagnáfrýjanda við úttektina. Þar varð að samkomulagi, að Trefjar hf. tækju að sér hitalögnina, sem metin var á 600.000 krónur í verksamningi aðila, og var sá verkþáttur metinn á

500.000 krónur í úttektargerðinni, án þess að gagnáfrýjandi mótmælti því.

III.

Það var ekki fyrr en við aðalmeðferð máls þessa í héraði, að í ljós kom við aðilaskýrslur, að í tilboðsútreikningi aðaláfrýjanda er samlagningarskekkja með niðurstöðutölunni 5.500.000 krónur (sem var leiðrétt í 5.800.000 krónur) í stað 6.500.000 króna. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að þessi ranga niðurstöðutala hafi verið notuð við tilboðsgerðina, og væri þannig rauntjón hans 1.000.000 króna hærra en stefnukröfur bæru með sér. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að þessi málsástæða komist að, en telur engu að síður, að þessi ranga samlagning hafi enga þýðingu fyrir mál þetta, þar sem skekkjan hafi verið leiðrétt, áður en tilboðið var gert.

Aðaláfrýjanda urðu á mistök við samlagningu í tilboðsútreikningnum. Þegar verksamningurinn er borinn saman við tilboðið, er ljóst, að kostnaðartölur einstakra liða hafa komið til endurskoðunar við gerð verksamningsins og þeim breytt. Niðurstöðutala samningsins, 6.800.000 krónur, er rétt samtala einstakra greiðsluliða hans. Þykir gagnáfrýjandi ekki geta borið fyrir sig samlagningarskekkju í fyrri útreikningi aðaláfrýjanda og hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi skipt máli við gerð verksamningsins. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að kostnaðaráætlun aðaláfrýjanda hafi verið byggð á röngum forsendum, sem aðaláfrýjandi eigi að bera ábyrgð á, en útreikningar hans á einstökum liðum voru í samræmi við niðurstöður matsmanna. Ber að sýkna hann af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Þorleifsson, skal vera sýkn af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Kvistáss sf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar

Ég er ósamþykkur niðurstöðu meiri hluta í III. kafla.

Ljóst er af málavöxtum öllum, að við gerð tilboðsins og verksamningsins hafi af hálfu hvorugs málsaðila verið gætt þeirrar vandvirkni, sem verk þessi kröfðust.

Aðaláfrýjandi mótmælti aldrei þeirri staðhæfingu gagnáfrýjanda, að hinn síðarnefndi hafi hækkað tilboðsútreikninginn um 1.000.000 króna og tilboðið hafi því orðið 6.800.000 krónur, fyrr en í ljós kom við aðalmeðferð málsins, að aðaláfrýjandi hafði gert samlagningarskekkju í upphaflegum útreikningi sínum, sem nam þessari sömu fjárhæð. Gagnáfrýjanda bar því ekki að sanna þessa staðhæfingu sína, og lá sönnunarbyrði á aðaláfrýjanda um, að gagnáfrýjandi hefði ekki lagt þessa hækkun til. Þetta hefur aðaláfrýjandi ekki sannað.

Fallast ber á með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að samlagningarskekkja aðaláfrýjanda á upphaflegum kostnaðartölum, sem ekkert bendir til, að hafi á nokkurn hátt verið leiðrétt, hafi úrslitaþýðingu í máli þessu, þar sem tilboðsfjárhæð gagnstefnanda og verksamningurinn hafi af þessum sökum byggst á röngum forsendum. Með vísan til röksemda héraðsdóms ber að fallast á, að ráðstöfun gagnáfrýjanda á vatns- og hitalögnum hafi verið sennileg afleiðing af hinum ranga útreikningi aðaláfrýjanda og að tjón gagnáfrýjanda af þessu hafi orðið 500.000 krónur, sem aðaláfrýjandi beri bótaábyrgð á. Ber að fallast á niðurstöður hins áfrýjaða dóms um aðra efnisþætti málsins með vísan til forsendna hans. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 500.000 krónur í skaðabætur, en krafa hans um verðbætur af þeirri fjárhæð verður ekki tekin til greina. Ber að dæma gagnáfrýjanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum þeim, er hann krefst fyrir Hæstarétti, frá 20. febrúar 1988 til greiðsludags svo og málskostnað úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. nóvember 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember 1992, hefur Kvistás sf., kt. 420387-2109, Marargrund 2, Garðakaupstað, höfðað fyrir bæjarþingi Hafn-

arfjarðar 18. febrúar 1992 á hendur Sigurði Þorleifssyni, kt. 241148-3009, Hraunbrún 17, Hafnarfirði, persónulega og f. h. óskráðs einkafirma hans, Tækniþjónustu Sigurðar Þorleifssonar, Strandgötu 11, Hafnarfirði.

Stefnandi krefst þess aðallega, „að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.871.369 kr. auk dráttarvaxta [...]. Þá er þess enn fremur krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...], til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.999.394 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð að liðnum 30 dögum frá þingfestingardegi málsins til greiðsludags auk heimildar til uppfærslu á áföllnum dráttarvöxtum á höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Þá er þess enn fremur krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga af dæmdum málskostnaði að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags".

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, „að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður [...].

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sérstaklega er mótmælt í stefnukröfum, að kostnaður vegna matsgerðar er tekinn sem hluti af stefnukröfu, heldur, ef þessi kostnaður á rétt á sér, ber að taka tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 175. gr., 5. tl., laga nr. 83/1936.

Þá er mótmælt aðferð stefnanda að reikna upp ætlað tjón miðað við byggingarvísitölu, þar sem slíkan uppreikning skorti heimild í lögum".

II.

Stefnandi, Kvistás sf., er byggingaverktaki. Framkvæmdastjóri félagsins og stjórnarformaður er Vilhjálmur Ólafsson byggingameistari.

Stefndi, Sigurður Þorleifsson, er sjálfstætt starfandi tæknifræðingur, og nefnir hann starfstofu sína Tækniþjónustu Sigurðar Þorleifssonar.

Stefnandi leitaði til stefnda um aðstoð við að gera tilboð í hönnun og byggingu iðnaðarhúss að Stapahrauni 8 í Hafnarfirði samkvæmt alútboði. Útboðsgögn voru gróf lýsing á húsinu og frumuppdrættir með fáeinum helstu mælitölum. Héldu aðilar nokkra fundi og ræddu ýmis atriði varðandi tilboðið, svo sem magntölur og einingaverð, og báru saman þekkt gögn úr öðrum tilboðum, en stefndi hafði áður gert tilboð í ýmis verk fyrir stefnanda. Vinnugögn (útreikningar) stefnda hafa ekki verið lögð fram í málinu nema eitt handskrifað blað, sem síðar verður lýst, en á það hefur stefndi skráð niðurstöðutölur áætlunar sinnar um nokkra verkþætti.

Á grundvelli útreikninga sinna og að forsögn framkvæmdastjóra stefn-

anda samdi stefndi síðan tilboð, sem framkvæmdastjórinn yfirfór, undirritaði og skilaði.

Stefnandi fékk verkið. Fjárhæð verksamnings er tilboðsfjárhæðin, 6.800.000 kr. Í verksamningi er bætt við hitalögn, sem ekki var innifalin í útboði eða tilboði, og í verksamningi er vísað til byggingarnefndarteikninga, sem stefndi gerði, eftir að tilboðinu var skilað, en þar er vikið nokkuð frá útboðsgögnum og tilboði. Nákvæmar orðað: Í verksamningi hafa orðið nokkrar breytingar á verkinu frá útboði og tilboði, en fjárhæðin er hin sama.

Kostnaður stefnanda af verkinu reyndist hærri en fjárhæð verksamnings.

Stefnandi fékk dómkvadda matsmenn til þess að meta hæfilegan kostnað af verkinu, og urðu niðurstöður þeirra sem hér segir, allt á verðlagi tilboðsdags í febrúar 1988, byggingarvísitala 107,4 stig:

1. Verkið framkvæmt samkvæmt forsögn verkkaupa (útboðsgögnum) kr. 8.782.960
2. Framkvæmt samkvæmt byggingarnefndarteikningum, dags. 7. 4. 1988 – 8.547.360
3. Framkvæmt samkvæmt hönnun (teikningum, breyttum 28. 7. 1988) – 9.277.830

Hvað verið var að meta í þessum matsliðum, verður fjallað um síðar í dómi þessum. Álitaefni er m. a., hvort og að hve miklu leyti matsliðir nr. 1 og 2 séu sambærilegir við a) tilboð, b) verksamning.

Stefnandi krefur aðallega um mismun á matsverði á verkinu, eins og það var framkvæmt samkvæmt endanlegri hönnun og samningsverði: 9.277.830 kr. – 6.800.000 kr. = 2.477.830 kr. að viðbættum 204.470 kr. vegna hitakerfis, og verður þeim lið síðar lýst, samtals 2.682.300 kr. Þessa fjárhæð vill hann verðbæta til útgáfudags stefnu í febrúar 1992: 2.682.300 × 187,3 : 107,4 = 4.686.511 kr. Við þessa fjárhæð bætir stefnandi útlögðum kostnaði vegna matsgerðar, 184.858 kr., og er þá komin aðalkrafa í stefnu, 4.871.369 kr.

Varakrafan, 3.999.394 kr., er miðuð við matslið 1, 8.782.960 kr. – 6.800.000 kr. = 2.782.960 kr., en að öðru leyti eins útreiknuð.

III.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann hafi ráðið stefnda til þess að vinna tiltekið verk, að reikna út og semja tilboð samkvæmt fyrirliggjandi útboðsgögnum. Með matsgerð sé sannað, að tilboð það, sem stefndi reiknaði út og vann, hafi verið allt of lágt. Það hafi aldrei verið unnt að reisa húsið fyrir tilboðsfjárhæðina, sem varð óbreytt fjárhæð verksamnings. Sigurður sé sjálfstætt starfandi, ráðgefandi tæknifræðingur og auglýsi og selji sérfræðiþjónustu sem slíkur, þar á meðal við gerð tilboða sem

þessa. Ábyrgð Sigurðar sé ríkari fyrir þá sök, að um alútboð sé að ræða og í samningi aðila hafi falist, að hann hannaði húsið (ynni teikningar), fengi stefnandi verkið. Samning nánari hönnunarforsendna hafi verið hluti af umsaminni vinnu Sigurðar við tilboðsgerðina. Í alútboði séu teikningar afleiðingar verksamnings, en ekki öfugt.

Stefnda, Sigurði, hafi orðið á stórfelld fagleg mistök. Á þeim beri hann fulla ábyrgð. Bótaskylda sé fyrir hendi. Tjónsfjárhæð sé sönnuð með matsgerð dómkvaddra manna, sem ekki hafi verið hnekkt. Því beri að dæma bætur.

Stefndi, Sigurður, ber ekki á móti því, að hann hafi sem sérfræðingur tekið að sér að veita stefnanda aðstoð, en þó allt aðra og minni en stefnandi telur, að falist hafi í samningi málsaðila. Hann telur, að sú aðstoð, sem hann tókst á hendur að veita við tilboðsgerðina, hafi aðeins átt að vera og verið ráðgjöf. Hann hafi látið stefnanda í té útreikninga sína, kynnt honum þá og þær forsendur, sem þeir byggðust á. Stefnandi hafi síðan gert sitt eigið tilboð í verkið, algerlega á eigin ábyrgð.

Bendir stefndi á, að Vilhjálmur, framkvæmdastjóri og aðaleigandi stefnanda, Kvistáss sf., sé reyndur byggingameistari og verktaki. Hann hafi verið fyllilega í stakk búinn til þess að yfirfara útreikninga stefnda, sem byggst hafi á einingaverði og magntölum, bæta matskenndum liðum við og leggja sjálfstætt heildarmat á, hver væri hæfileg tilboðsfjárhæð. Hann beri einn ábyrgð á tilboðinu.

Ennþá skýrara sé þó, að stefnandi beri einn ábyrgð á verksamningnum. Þar sé t. d. tekinn inn nýr liður, hitalagnir, án hækkunar frá tilboði. Er verksamningur var gerður, hafi verið um tveir mánuðir liðnir frá tilboði, og á þeim tveimur mánuðum hafi byggingarnefndarteikningar verið unnar og samþykktar 4. apríl 1988, en til þeirra er vísað í verksamningnum. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi þannig haft góðan tíma, fullnægjandi gögn og næga fagþekkingu og reynslu til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hann var að semja um, er hann undirritaði verksamning í apríl 1988.

IV.

Í bréfum, dags. 15. febrúar 1990 og 3. maí 1992, sem lögð hafa verið fram í málinu, segir stefndi, Sigurður, m. a. svo um tilboðsgerðina:

„Í febrúar 1988 kom Vilhjálmur Ólafsson til undirritaðs og bað hann að aðstoða sig við kostnaðarútreikning og e. t. v. teikningu að iðnaðarhúsnæði fyrir Trefjar hf., Stapahrauni 8, Hafnarfirði. Vilhjálmur Ólafsson hafði meðferðis óskir Trefja hf. í formi „skissu"-teikninga. Gerð var grófhönnun vegna hússins og gert tilboð á grundvelli þeirra teikninga ásamt grunnein-

ingaverði, sem hafði áður verið notað í minni háttar tilboðum, unnum af Vilhjálmi Ólafssyni.

Eftir að útreikningi tilboðs var lokið, var hann ræddur milli undirritaðs og Vilhjálms. Ákveðið var, hvert heildarverð skyldi boðið, og það látið fara sem tilboð Vilhjálms Ólafssonar til Trefja. . . .

Við vinnu tilboðsins og undirbúnings héldum við VÓ nokkra fundi og ræddum einingaverð í mismunandi verkhluta, eins og venja er við tilboðsgerð. Síðan voru þau borin saman við þekkt gögn í áður gerðum tilboðum fyrir VÓ, en undirritaður hafði gert nokkur tilboð fyrir VÓ í ýmis verk. Áður en tilboðinu var skilað, fékk VÓ það til skoðunar og yfirferðar, áður en hann setti nafn sitt undir tilboðið . . .

Við grunntilboðsgerð og við tilboðsútreikninga er reiknað með húsi af þeirri gerð, er 1. samþykkta teikning gerir ráð fyrir, enda er teikningin í samræmi við fyrirspurnarteikninguna, sem gerð var, þegar sótt var um lóðina. Sjá meðf. fyrirspurnarteikningu, dags. febr. 1988. . . .

Eftir að tilboð höfðu verið opnuð og VÓ sá, að hann var með hæsta tilboðið, kom beiðni frá Trefjum um, að húsið yrði hækkað. Á þessum tíma var VÓ ekki tilbúinn að ræða breytingu á tilboði til Trefja, sennilega vegna þess, að hann vissi, að hann var með hæsta tilboðið. VÓ vissi um þessa breytingu og að hún yrði til kostnaðarauka, þar sem beiðnin um hana kom fram á sameiginlegum fundi SÞ, VÓ og Auðuns Óskarssonar (framkvæmdastjóra Trefja hf.). . . .

Eftir að tilboð höfðu verið opnuð og fyrir lá, hvaða viðbóta Trefjar óskuðu, var VÓ í lófa lagið að ganga frá tilboðinu. VÓ lagði hins vegar ríka áherslu á að fá verkið og var í því sambandi tilbúinn í alla vega tilfærslu, sbr. hækkun hússins, fjölgun dyra og stækkun hurða. Engar teikningar voru lagðar fram, án þess að VÓ hefði áður séð þær og samþykkt. . . .

Ég tel, að við vinnslu umrædds tilboðs hafi í öllu verið unnið skv. faglegum venjum og Vilhjálmur verið í fullri vissu um, undir hvað hann skrifaði, er hann lagði fram tilboð sitt, enda farið yfir tilboðið sameiginlega af Vilhjálmi og undirrituðum."

V.

Í greinargerð stefnanda er málavöxtum og málsástæðum svo lýst:

„Málavextir eru þeir, að 12. febrúar 1988 óskuðu Trefjar hf., Stapahrauni 7, Hafnarfirði, eftir tilboðum í byggingu iðnaðarhúss að Stapahrauni 8, Hafnarfirði, er hýsa skyldi starfsemi félagsins. Nokkrum aðilum voru send útboðsgögn, og var stefnandi þeirra á meðal. Útboð þetta var svokallað alútboð, sem felur í sér, að verktaki sá, sem samið er við, sér um hönnun

byggingarinnar eftir forskrift verkkaupans, eins og hún er sett fram í útboðsgögnum. Stefnandi leitaði eftir þjónustu stefnda til þess að reikna út fyrir sig tilboð í verkið og sjá jafnframt um hönnun byggingarinnar samkvæmt útboðsgögnum. Þessa þjónustu tók stefndi að sér og hafði til grundvallar þau útboðsgögn og þá forsögn, sem verkkaupinn, Trefjar hf., sendi væntanlegum bjóðendum. Gögn þessi eru dags. 12. febr. 1988, og eru það útboðsskilmálar ásamt forsögn og „skissum" af væntanlegri byggingu, þar sem fram koma helstu málsetningar varðandi stærð hússins og hæð þess.

Á grundvelli þessa reiknaði stefndi út tilboð fyrir stefnanda, byggt á framangreindum útboðsgögnum. Það varð því úr, að endanlegt tilboð, sem stefndi sá um að gera fyrir stefnanda, var 6.800.000 kr., miðað við þær forsendur, eins og þeim er lýst í tilboðinu sjálfu, sem dags. er 19. febr. 1988, og var í tilboði þessu gert ráð fyrir hagnaði stefnanda, enda hafði stefndi sama dag og tilboðið var gert gefið stefnanda upplýsingar um útreiknaðan kostnað, sem gerði ráð fyrir 5,5 milljón króna byggingarkostnaði.

Það varð svo úr, að verkkaupi, Trefjar hf., gekk til samninga við stefnanda á grundvelli þess tilboðs, sem lá fyrir og dagsett er 19. febrúar 1988. Undirritaður var verksamningur um verkið, og er hann dags. í apríl 1988. Samningsverð var 6.800.000 kr. og grundvallaðist á verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í febrúar 1988, sem jafnframt er verðlag tilboðs.

Eins og áður hefur verið greint frá, var það verkefni stefnda vegna alverktökunnar að hanna það mannvirki, sem hann hafði kostnaðarreiknað út við tilboðs- og samningsgerð. Hönnun mannvirkisins hóf stefndi, fljótt eftir að tilboði stefnanda hafði verið tekið og samningur komst á milli stefnanda og verkkaupa. Fyrstu teikningar eru samþykktar í byggingarnefnd 7. apríl 1988. Eftir þessum teikningum hóf stefnandi undirbúning og byrjunarframkvæmdir við byggingu hússins.

Hinn 15. júní 1988 óskaði verkkaupi eftir fundi með stefnda og stefnanda um ákveðin atriði við hönnun byggingarinnar. Þessi atriði voru: reykop í þaki, hæð hússins, hurð á austurgafli, gluggar á vesturhlið og knekti f. brúarkrana. Gerði verkkaupi þá kröfu um, að hönnun hússins yrði lagfærð til samræmis við fram komnar athugasemdir hans, enda væri það til samræmis við útboðsgögn. Í framhaldi af þessum athugasemdum verkkaupans, sem fram komu á framangreindum fundi, voru síðan af hálfu stefnda lagðar fram í byggingarnefnd nýjar og breyttar teikningar, sem samþykktar voru í byggingarnefnd 28. júlí 1988. Eftir þessum teikningum var síðan farið við byggingu hússins.

Hinn 10. janúar 1989 fór fram áfangaúttekt á verkframkvæmdum, og voru þar viðstaddir fulltrúi verkkaupa og stefndi f. h. stefnanda. Þar kom fram,

að verkinu var að mestu lokið að frátalinni klæðningu hússins að utan og hitalögnum. Við úttekt þessa féllst stefndi á það við verkkaupa, að verkþátturinn hitalagnir yrði felldur niður í samningi aðila og verkkaupi sæi um þann verkþátt. Stefndi mat við þetta tækifæri, að sú niðurfelling verkþáttar skyldi metin á 500.000 kr. á verðlagi samnings.

Stefnandi varð þess áskynja, þegar leið að lokum framkvæmda við verkið og uppgjörstölur tóku að birtast, að heildarverkið stefndi í að verða mun dýrara en það endurgjald, sem stefnandi átti von á að fá greitt fyrir það frá verkkaupa á grundvelli tilboðsins, sem stefndi hafði reiknað og samningurinn byggðist á. Þetta ásamt ýmsu öðru, svo sem drætti á fullnægjandi hönnun, varð síðan til þess, að verkinu seinkaði miðað við samningsbundinn verktíma. Færðist verktíminn fram á vetur, og olli það stefnanda enn verulegum örðugleikum. En mestir urðu þó erfiðleikar hans í þessu sambandi vegna þess gífurlega fjárhagstjóns, sem hann sigldi nú í með framkvæmdir við byggingu hússins.

Þegar stefnanda varð ljóst, hver endanlegur kostnaður hans var við hönnun og byggingu hússins, leitaði hann eftir skýringum frá stefnda bæði munnlega og skriflega. Stefndi taldi sig ekki bera neina ábyrgð á tjóni stefnanda og vísaði öllum kröfum þess efnis á bug og fullyrti, að skýringa væri að leita í slökum rekstri og stjórnleysi stefnanda á verkinu. Stefnandi lét því dómkveðja matsmenn til þess að meta ýmis atriði við byggingarkostnað. Var matsmönnum m. a. falið að leggja mat á það, hver væri byggingarkostnaður hússins miðað við forsendur útboðsgagna, og einnig, hver hann væri miðað við þá hönnun, sem fyrir liggur, að byggt var eftir. Skiluðu matsmenn matsgerð í málinu í september 1991, og var hún þá send lögmanni stefnda. Í niðurstöðu matsmanna kemur m. a. fram, að byggingarkostnaður hússins að þeirra mati er rúmlega níu milljónir króna á verðlagi samnings, sem er um 32% hærra en tilboðið. Þessi niðurstaða matsmanna er mjög nærri þeim raunkostnaði, sem stefndi varð fyrir við bygginguna. Þar sem stefndi hefur hafnað öllum kröfum stefnanda um greiðslu skaðabóta, er málsókn nauðsynleg. . . .

Stefndi tók að sér fyrir stefnanda gegn gjaldi að sjá um hvort tveggja, að hanna húsið eftir forsögn verkkaupans og reikna út tilboð stefnanda í verkið, sem boðið var út sem alverk. Af þeim ástæðum hafi stefnda borið að sjá til þess með faglegum hætti sem tæknifræðingi, að útreiknuð tilboðsfjárhæð væri í fyrsta lagi reist á þeim forsendum, sem teknar voru fram í útboðsgögnum, og í öðru lagi, að tilboðsfjárhæðin væri miðuð við þá hönnun hússins, sem stefndi sá jafnframt algerlega um fyrir stefnanda. Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi orðið á stórfelld mistök við gerð þessa verks, sem

hafi bakað stefnanda fjárhagslegt tjón. Tjón það, sem stefnandi varð fyrir af þessum ástæðum, kom fram í því, að fjárhæðir þær, sem hann fékk greiddar fyrir verkið frá verkkaupa á grundvelli tilboðs og verksamnings, hafi verið miklum mun lægri en sá kostnaður, sem hann hafi orðið fyrir við að ljúka verkinu og geta skilað því til verkkaupa samkvæmt samningi. Stefnanda hafi tekist að ljúka verkinu og skila því til verkkaupa, en framkvæmdin hafi kostað rúmlega níu milljónir króna, sem er ríflega 30% meira en stefnandi fékk greitt fyrir verkið skv. samningi.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að heildarkostnaður sinn við byggingu iðnaðarhússins að Stapahrauni 8 í Hafnarfirði hafi farið langt fram úr útreikningum og tilboði því, sem stefndi tók að sér sem sérfræðingur að vinna fyrir stefnanda. Þá byggir stefnandi jafnframt á því, að stefndi hafi vegna alútboðs tekið að sér ásamt tilboðsútreikningi að hanna umrætt iðnaðarhús fyrir stefnanda og að sú hönnun stefnda hafi ekki verið í samræmi við þann fjárhagslega ramma, sem stefndi hafi sjálfur markað með útreikningi tilboðsins.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi borið að sjá til þess, að forsendur tilboðs þess, sem hann reiknaði út fyrir stefnanda, byggðust á þeirri hönnun hússins, sem hann tók jafnframt að sér. Þetta telur stefnandi, að stefndi hafi ekki gert, og hafi tilboðið, sem hann sá um útreikning á, verið vanreiknað, og ekki hafi heldur af stefnda hálfu verið að því gætt að hafa hönnun hússins innan þeirra marka, sem hann hafi sett sér með útreikningi tilboðs.

Stefnandi telur, að með gáleysislegum, óvönduðum og ófaglegum vinnubrögðum við það verk, sem stefndi hafi tekið að sér að vinna fyrir stefnanda, hafi stefnandi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem stefndi beri ótvíræða skaðabótaábyrgð á gagnvart stefnanda. Stefndi sé því bótaskyldur gagnvart stefnanda á grundvelli sakarreglunnar (culpa) vegna þess tjóns, sem stefndi hafi valdið stefnanda með athöfnum sínum eða athafnaleysi."

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Milli stefnanda og stefnda var ekki gerður sérstakur samningur um, í hverju vinna stefnda og skyldur hans fælust. Það, sem stefndi tók að sér, er, eins og greinir í [bréfi hans á] dskj. 32, að reikna út og aðstoða við útboðsgerð miðað við þær forsendur, sem alútboð felur í sér. Kallaði stefndi stefnanda til sín og kynnti honum útreikninga sína og forsendur þær, sem útreikningarnir byggðust á. Gerði stefnandi síðan sitt eigið tilboð í verkið. Það varð hins vegar að samkomulagi að gera tilboð í verkið, sem var að því leyti frábrugðið „skissu" í útboðsgögnum að hafa húsið 0,5 m lægra í heildina og breyta dyrum.

Stefnandi taldi auðveldara og hagstæðara fyrir sig að byggja húsið á þennan hátt og breytingarnar ekki svo verulegar, að þær ættu að skipta sköpum í tilboðsgerðinni, enda var teikningin í samræmi við svonefnda fyrirspurnarteikningu (fylgiskjal með dskj. 32). Fyrirspurnarteikning hafði fylgt umsókn um lóðina. Byggingarnefndarteikning frá apríl 1988 (dskj. 29) er að fullu í samræmi við fyrirspurnarteikningu Trefja hf. Eftir að tilboð höfðu verið opnuð, kom í ljós, að stefnandi var með hæsta tilboðið. Tilboðin, sem bárust í verkið, voru sbr. dskj. 34:

Galax-stálgrindarhús	kr. 5.774.000
Límtré hf., límtréshús	– 5.976.000
Kvistás sf., steinhús	– 6.800.000
(Garðastál, frávikstilboð í stálgrindarhús	– 4.918.000)

Fljótlega vildu forsvarsmenn Trefja hf. fá breytingar á tilboði, sem fólust m. a. í 15% rúmmálsaukningu á húsi og stækkun dyra. Á þessum tíma gat stefnandi hæglega fallið frá tilboði sínu eða óskað breytinga á tilboðsverði. Hann lagði hins vegar mikið kapp á að fá verkið og samþykkti breytingarnar án breytinga á tilboðsverði.

Stefndi sá síðan um hönnun hússins, og við nánari útfærslu kom í ljós, að veggir urðu að vera 20 cm þykkir í stað 18 cm. Samþykkti stefnandi þessa breytingu án athugasemda, enda er hér um óverulega breytingu að ræða.

. . .

Stefndi er tæknifræðingur, sem stefnandi leitar til með ákveðna útreikninga og hönnun á alútboði. Þessu verki skilaði stefndi á hefðbundinn hátt. Stefnandi hafði oftar en einu sinni átt viðskipti við stefnda og þekkir þau. Stefndi lagði fyrir stefnanda útreikninga sína. Aðilar eru báðir sem fagmenn vel kunnugir þeim forsendum, sem verða að gilda, ef verk, eins og hér um ræðir, á að ganga upp. Stefnandi fékk öll gögn hjá stefnda og fór yfir þau með honum og samþykkti forsendurnar. Það er síðan eingöngu á hans ábyrgð, hvort hann gerir tilboð í verkið og þá hvort hann miðar við útreikninga stefnda eða breytir þeim til hækkunar eða lækkunar. Útreikningar þeir, sem stefnandi óskar eftir, eru aldrei nema hjálpartæki stefnanda við tilboð yfirleitt. Hann getur síðan breytt tölum að vild eða notað það úr útreikningum og tillögum þess, sem hann fær til að aðstoða sig. Það er hans að framkvæma verkið og sjá til þess, að það gangi upp. Óhugsandi er að gera stefnda ábyrgan fyrir öllum þeim framkvæmdum, sem stefnandi á eftir að gera á þessum tíma, nema hann sé sérstaklega ráðinn til þess með sérstökum samningi, þar sem rækilega séu skilgreindir þættir hvers um sig. Um slíkt var ekki að ræða. Ef einhver skaðabótaábyrgð kynni að falla á stefnda í máli þessu, hlýtur hún að takmarkast af því, sem stefndi tók að sér að

framkvæma, og því endurgjaldi, er hann fékk fyrir verkið, sem var með söluskatti og útlögðum kostnaði samtals 300.000 kr. Annað væri hlutlæg ábyrgð á verki stefnanda, og engu máli skipti fyrir stefnanda, hvernig hann stæði að verkinu, ef hann teldi sig geta sótt skaðabætur beint til þess, sem sá um útreikninga og hönnun. Þessi ábyrgð, sem stefnandi vill leggja á stefnda, er út í hött. Ábyrgðin, sem stefnandi vill leggja á stefnda, er jafnrakalaus og ef stefndi ætti á sama hátt að fá hlutdeild í hagnaði verksins, ef til kæmi."

VI.

Sem fyrr greinir, fékk stefnandi matsmenn dómkvadda. Í niðurlagi matsgerðar þeirra Ríkharðs Kristjánssonar verkfræðings og Freys Jóhannessonar tæknifræðings, sem þeir skiluðu í október 1991 og er á verðlagi febrúar 1988 (byggingarvísitala 107,4), segir svo:

„Í töflunni hér á eftir er reynt að draga saman matið á þann veg, sem óskað er eftir í matsbeiðni, eins og matsmenn túlka hana.

Tekið er mið af raunfrágangi hússins og byggingarkostnaður þess metinn skv. þremur mismunandi skilgreiningum. Hvergi eru til skilgreiningar verksins á mismunandi stigum þess, sem nægi til þess, að utanaðkomandi geti gert sér fullkomna mynd af því. Því er tekið mið af núverandi útfærslu, þar sem teikningar og lýsingar skortir.

1. Hér er miðað við þá skilgreiningu, sem matsmenn lesa úr forsögn verkkaupa, eins og hún birtist í útboðsgögnum og þeim teikningum, sem þeim fylgja.

2. Hér er tekið mið af verksamningi og byggingarnefndarteikningum, sem samþykktar voru 7. 4. 1988.

3. Hér er miðað við endanlega hönnun, eins og hún birtist á teikningum Sigurðar Þorleifssonar frá júlí 1988.

Matsliðir:	1 Skv. forsögn verkkaupa	2 Skv. byggingarnefndarteikn. 7. 4.	3 Skv. hönnun SÞ, samþ. 28. 7.
A. Hönnun, undirbúningur, umsjón	509.050	509.050	509.050
B. Uppsteypa veggja	2.553.930	2.420.620	2.814.880
C. Þak og þakvirki	1.994.480	2.035.480	2.035.480
D. Einangrun og klæðning	1.181.340	1.121.860	1.308.900
E. Hurðir og glerjun glugga	879.600	829.200	914.000
F. Hita- og vatnslagnir	295.350	295.350	295.350
G. Frágangur og annar kostnaður	1.369.030	1.335.620	1.399.590
Samtals kr.	8.782.960	8.547.360	9277.830"

Eina gagnið, sem lagt hefur verið fram í málinu um undirbúningsvinnu stefnda fyrir tilboðið, er, svo sem áður er að vikið, handskrifað blað af stefnda, dagsett 19. 2. 1988. Yfirskriftin á blaðinu er: „Villi Óla – Trefjar. Heildartilboð." Niðurstöðutalan er 5.500.000 kr. Þar er um samlagningarskekkju að ræða, því að samanlagt gera þær áætlunartölur um einstaka liði, sem á blaðinu eru, 6.500.000 krónur. Neðanmáls er skrifað: „13.750 pr./m2." Verða nú áætlunartölur á nefndu blaði að viðbættri 300 þúsund króna leiðréttingu, sem ágreiningslaust er, að stefndi gerði, bornar saman við dálk 2 í töflu matsmanna hér að framan.

	Áætlun stefnda	Áætlun matsmanna	Mismunur
A. Hönnun, undirbúningur, umsjón	625.000	509.050	– 115.950
B. Uppsteypa veggja	2.304.000	2.420.620	116.620
C. Þak og þakvirki	1.560.000	2.035.480	475.480
D. Einangrun og klæðning	1.111.000	1.121.860	10.860
E. Hurðir og glerjun glugga	900.000	829.200	– 70.800
Leiðrétting	300.000		– 300.000
Samtals kr.	6.800.000	6.916.210	116.210
F. Hita- og vatnslagnir	ekki tilgr.	295.530	295.530
G. Frágangur og annar kostnaður	ekki tilgr.	1.335.620	1.335.620
Samtals kr.	6.800.000	8.547.360	1.747.360

Dálkur 2 í niðurstöðum matsmanna í matsgerð er notaður til samanburðar vegna þess, að þar er metinn byggingarkostnaður, ef byggt hefði verið í samræmi við verksamning, þ. e. eftir fyrstu byggingarnefndarteikningunum frá 7. 4. 1988. Sú hönnun var í samræmi við tilboð stefnanda, en stefndi var að reikna það tilboð út, þegar hann gerði framangreinda kostnaðaráætlun. Tilboðið og síðar verksamningur var ekki í samræmi við forsögn verkkaupa í útboði og ekki í samræmi við endanlega hönnun. Það er því einvörðungu dálkur 2 í matsgerð, sem er samanburðarhæfur við kostnaðaráætlun stefnda.

Um hið handskrifaða blað, dags. 19. 2. 1988, með kostnaðaráætlun, sem áður er á minnst, ber stefnda, Sigurði, og framkvæmdastjóra stefnanda, Vilhjálmi, saman um það, að Vilhjálmur hafi fengið þetta blað hjá Sigurði að morgni þess dags, daginn áður en tilboðinu var skilað. Sigurður hafi síðar um daginn hringt til Vilhjálms og leiðrétt til hækkunar einn liðinn, þeir gátu ekki greint hvaða lið, um 300.000 kr. Hefur réttri samtölu af einstökum liðum í áætlunum stefnda þá borið saman við tilboðsfjárhæðina, 6.800.000 kr.

Framkvæmdastjóri stefnanda hélt því fram við aðilayfirheyrslu, og lögmaður hans lagði á það áherslu við málflutning, að hin ranga samlagningartala hefði verið notuð við tilboðsgerðina og rauntjón stefnanda því einni milljón meira en krafið er í máli þessu. Af hálfu stefnda var þessu mótmælt. Tilboðstalan 6.800.000 kr. komi heim og saman við, að samlagningarskekkjan hafi verið leiðrétt og áðurnefndri 300 þúsund króna leiðréttingu bætt við.

Það athugast, að í dómkröfum reiknar stefnandi ætlað tjón sitt út frá tilboðs- og verksamningsfjárhæðinni, 6.800.000 kr. Hin ranga samlagningartala er hvergi notuð við útreikning á ætlaðri tjónsfjárhæð.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að í hæsta máta sé ólíklegt, að samlagningarskekkja upp á eina milljón króna hafi ekki uppgötvast, áður en tilboðið var sent inn. Aðilar séu sammála um, að stefndi hafi, eftir að framkvæmdastjóri stefnanda fékk blaðið með samlagningarskekkjunni, hringt til hans og komið með 300.000 króna leiðréttingu á einhverjum lið, þeir mundu ekki hverjum. Áætlunin hafi því verið áfram í vinnslu. Þegar þeir gengu síðan frá tilboðinu saman, hafi það ekki hljóðað upp á 5.800.000 kr. eins og hin ranga samlagningartala með þeirri 300 þúsund króna leiðréttingu, er áður greinir, heldur upp á 6.800.000 kr. Allar hugleiðingar framkvæmdastjóra stefnanda um, að hann hafi bætt við einni milljón króna sem hagnaðarkröfu (fyrir liðnum, sem matsmenn nefna frágangur og annar kostnaður), séu ósannaðar. Honum hafi verið í mun að fá verkið og viljað bjóða undir kostnaðaráætlun sem nam þeim lið, þ. e. um 18,2%, sem sé ekki óalgengt frávik.

Þar til verksamningur var undirritaður, hafi síðan liðið um tveir mánuðir og framkvæmdastjórinn því haft góðan tíma til umþóttunar. Í verksamningnum sé m. a. að finna greiðsluáætlun, sem miðist við kostnað af einstökum verkáföngum, og nýjum verkþætti (vatns- og hitalögnum) sé bætt inn. Það sé með öllu óhugsandi, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi ekki verið með rétta samlagningartölu í höndum, er hann undirritaði verksamning.

Þá telur stefndi fráleitt, að stefnandi hefði fengið verkið, ef hann hefði boðið í það einni milljón hærra, þ. e. 7,8 milljónir, þar sem verkkaupi var með þrjú önnur tilboð, á bilinu 4,9 í tæpar 6 milljónir. Það, að stefnandi bauð undir kostnaðaráætlun, sem nam liðnum „frágangur og annar kostnaður", nær 20%, og bætti síðan við án greiðslu 500 til 600 þúsund króna verkþætti, þegar verksamningur var gerður, sýni, að honum hafi verið mikið í mun að fá verkið. Stefnandi hafi einfaldlega boðið tæp 20% undir kostnaðaráætlun til þess að auka líkur á því, að tilboð hans kæmi til greina, og síðan, þegar hann sá, að hann var með hæsta tilboðið, bætt við nýjum verklið án greiðslu til þess að ná verkinu.

VII.

Álit dómsins.

Milli málsaðila stofnaðist samningur, þegar stefnandi leitaði aðstoðar stefnda við tilboðsgerð í byggingu umræddS húss og hönnun þess. Stefndi ber faglega ábyrgð á störfum sínum í þágu stefnanda, þar á meðal, að kostnaðaráætlun hafi verið faglega og vel unnin og ráðgjöf við tilboðsgerðina ekki verið áfátt.

Útreikningar stefnda á einstökum kostnaðarþáttum voru í lagi, réttri samtölu einstakra kostnaðarþátta ber saman við hina vönduðu áætlun matsmanna um margfeldi eininga og verðs, þar munar aðeins 116.210 krónum, 1,26%.

Í kostnaðaráætlunina vantaði óvissulið, sem matsmenn nefna „frágangur og annar kostnaður", en oft er nefndur ýmsum öðrum nöfnum og innifelur stjórnun, fjármagnskostnað og ýmsa smáliði auk hagnaðarkröfu og vegur samkvæmt reynslu varla innan við 10%, en getur numið allt að 20%.

Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra stefnanda mat hann þennan lið á 1 milljón króna, þ. e. tæp 20%, og bætti þeirri fjárhæð við þá fjárhæð, sem stefndi hafði gefið honum upp sem samtölu einstakra kostnaðarþátta. Framkvæmdastjórinn kveðst síðan hafa gefið stefnda upp fjárhæðina 5,5 millj. kr. + 300 þús. + 1 millj. = 6,8 millj. kr. sem tilboðsfjárhæð. Þessa fjárhæð setti stefndi í tilboðið, en upplýst er, að það var stefndi, sem festi það á blað.

Allt væri þetta í lagi, ef eigi hefði það komið til, að stefndi hafði lagt rangt saman einstaka kostnaðarliði. Summa þeirra átti að vera 6,5 millj., en stefndi fékk út 5,5 millj. Það atvik, að stefndi reiknaði fermetraverð, 13,750 kr. pr. m^2, út frá hinni röngu samlagningu, sýnir, að hið fram lagða skjal með kostnaðaráætlun stefnda með hinni röngu samlagningartölu var notað sem grundvöllur frekari útreikninga.

Stefndi hefur andmælt því, að hin ranga samlagning hafi nokkra þýðingu fyrir mál þetta. Hið fram lagða blað sé aðeins rissblað, og rétt samlagning hafi legið fyrir, þegar gengið var frá tilboðinu.

Hið fram lagða skjal er eina gagnið, sem fyrir liggur í málinu um kostnaðaráætlun stefnda. Við annað er ekki að styðjast. Stefndi hefur lýst því, að hann hafi ekki haldið til haga neinum vinnugögnum sínum um framangreint efni. Hann hefur því ekki hnekkt þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi ekki leiðrétt samlagningarskekkjuna og að tilboðsfjárhæðin hafi byggst á hinni röngu niðurstöðutölu kostnaðaráætlunar hans.

Hin ranga samlagning hefur úrslitaþýðingu í máli þessu, þar sem hún gaf stefnanda ranga hugmynd um hlutfall raunkostnaðar, óvissuþátta og hagn-

aðar, svo að stefnandi taldi sig hafa einnar milljónar króna svigrúm umfram raunkostnað.

Samkvæmt framansögðu verður við það að miða, að stefndi hafi gefið stefnanda upp kostnaðaráætlun einstakra verkliða, sem var einni milljón króna of lág vegna reikningsskekkju, og að tilboðsfjárhæð stefnanda í verkið hafi því verið reist á röngum forsendum. Þótt stefnandi hefði að líkindum getað fallið frá tilboði sínu, í síðasta lagi við gerð verksamnings, varð sú raunin, að með tilboðinu var hrundið af stað atburðarás, er leiddi til þess, að stefnandi gerði verksamning, er fól í sér mjög verulega áhættu um tap.

Þegar til gerðar verksamnings kom, tók stefnandi að sér vatns- og hitalagnir, án þess að til hækkunar tilboðsfjárhæðar kæmi. Með hliðsjón af greiðsluáætlun í verksamningi og síðari samningi um að fella þennan verkþátt út má ætla, að stefnandi hafi metið hann á 500 - 600 þúsund krónur. Þessi ráðstöfun gat verið eðlileg til þess að fá verkið, ef stefnandi taldi sig hafa upp á eina milljón króna að hlaupa sem óvissulið, en var ekki vænleg, eins og sakir stóðu. Verður að telja, að þessi ráðstöfun hafi verið sennileg afleiðing hins ranga útreiknings stefnda. Tjón stefnanda af þessari ráðstöfun varð 500.000 kr., því að samningsfjárhæðin lækkaði um þá krónutölu, þegar þessi verkþáttur var síðar felldur út, raunar á grundvelli útreikninga stefnda. Matsmenn telja raunar, að þeir útreikningar stefnda hafi verið mjög rangir, einkum að hann hafi ofmetið verð hitablásara, greiðsla samkvæmt verksamningi hefði aðeins átt að lækka um 295.350 kr., þegar þessi verkliður var felldur út.

Bótaskylda og tjónsfjárhæð liggur því fyrir, að því er varðar ofangreinda fjárhæð, 500.000 kr.

Kostnaðaráætlun matsmanna fyrir húsið, eins og um var samið í verksamningi, var að frádreginni hitalögn 8.547.360 kr. – 295.530 kr. = 8.251.830 kr. Verksamningsfjárhæð er 82,4% af kostnaðaráætlun matsmanna, ef hitalagnir eru frá taldar. Slíkt frávik er ekki meira en það, að ekki verður fullyrt, að stefnandi hefði látið vera að gera verksamning, þótt hann hefði haft réttar kostnaðartölur í höndum. Það atvik, að hann tók vatns- og hitalagnirnar inn í samninginn án greiðslu, sýnir, að honum var í mun að fá verkið. Enn fremur er á það að líta, að það var gáleysi af framkvæmdastjóra stefnanda að yfirfara ekki útreikningana, leggja saman fimm tölur, fjárhæð fimm verkliða, svo að hann uppgötvaði skekkju upp á nær 20%, í síðasta lagi, áður en hann undirritaði verksamning. Með nokkurri aðgæslu hefði framkvæmdastjórinn einnig átt að sjá, að óeðlilegt misræmi var milli greiðsluáætlunar í verksamningi og kostnaðartalnanna frá stefnda um einstaka verkþætti. Því er ekki unnt að dæma stefnda til að greiða bætur, er nemi samlagningarskekkjunni.

Eftir að verksamningur lá fyrir, tók stefnandi á sig aukaverk án greiðslu, hækkun hússins og stækkun dyra, sem matsmenn meta á 730.470 kr. (9.277.830 – 8.547.360 = 730.470). Hann virðist hafa staðið í þeirri trú, að sér væri það skylt, þar sem í útboðsgögnum var miðað við 6 metra veggháð. Byggingarnefndarteikningar, sem voru hluti verksamnings, kváðu þó skýrt á um 5,5 metra veggháð á ytri brún þaks og tæpa 5 m inni, og stefnanda bar engin skylda til að hækka húsið í 6 m án greiðslu. Ekkert er fram komið um, að stefndi hafi leiðbeint stefnanda og ráðið honum að hafna þessari kröfu. Bótaábyrgð verður þó eigi felld á stefnda þegar af þeirri ástæðu, að stefnanda skortir sönnun um, að hann hafi leitað ráða stefnda og fengið hjá honum rangar leiðbeiningar. Enn fremur verður að hafa í huga, að umrætt álitaefni var lögfræðilegt fremur en tæknilegt og því varla á verksviði stefnda að leiðbeina stefnanda óbeðinn og ráðleggja honum að synja kröfu um stækkun hússins um 15% að rúmmáli án greiðslu. Stefnanda hefði verið rétt að leita ráða lögfræðings um svo fjárhagslega mikilvægt atriði.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina með 500.000 kr. og verðbótum og vöxtum, eins og stefnandi krefst, sem gerir þá 500.000 kr. × 187,3 : 107,4 = 871.970 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 19. 3. 1992 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 300.000 kr., þar af matskostnaður 184.858 kr., annar útlagður kostnaður 5.142 kr. og málflutningsþóknun, sem ber virðisaukaskatt, 110.000 kr.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Þorleifsson, greiði stefnanda, Kvistási sf., 871.970 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, frá 19. mars 1992 til greiðsludags, og má leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta, og 300.000 kr. í málskostnað. Þar af er málflutningsþóknun 110.000 kr., og ber hún 24,5% virðisaukaskatt. Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu, og má leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 281/1993. **Tómas Óskarsson**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Sigurjóni Ólafssyni og
Hlyni Tryggvasyni
(Jón Magnússon hrl.)

Verksamningur. Galli. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði sameiginlega gert að greiða sér 840.128 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefur áfrýjandi stefndu um greiðslu vegna viðgerðar, sem hann framkvæmdi á eigin verki við svokallaða Bomanite-gólflögn, en það hafði hann leyst af hendi sem undirverktaki stefndu við smíð íbúðarhúss á Blönduósi. Heldur áfrýjandi því fram, að leyndur galli hafi verið á yfirborði gólfplötu, sem gólflögnin hafi verið sett á. Rekja megi þennan galla til þess, að stefndu hafi látið steypa gólfplötuna í rigningu, sem platan hafi ekki verið varin fyrir. Hafi af þessum sökum myndast svonefnd sementsefja á yfirborði plötunnar, en þetta hafi ekki verið sýnilegt, þegar áfrýjandi vann verk sitt. Hann telur sementsefjuna hafa valdið því, að gólflögnin hafi losnað frá gólfplötunni. Stefndu mótmæla þessu og halda því fram, að annmarkinn á gólflögninni stafi af mistökum áfrýjanda sjálfs.

Í málinu liggur fyrir vottorð Veðurstofu Íslands, sem af verður ráðið, að talsvert hafi rignt á Blönduósi, þegar og eftir að umrædd gólfplata var steypt, svo sem áfrýjandi heldur fram. Að öðru leyti hefur áfrýjandi hins vegar ekki aflað matsgerðar eða annarra við-

hlítandi sönnunargagna til stuðnings framangreindum staðhæfingum sínum. Skortir því sönnun fyrir, að annmarkar á gólfílögninni verði raktir til atvika, sem stefndu bera ábyrgð á, en af því verður áfrýjandi að bera hallann.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tómas Óskarsson, greiði stefndu, Sigurjóni Ólafssyni og Hlyni Tryggvasyni, til samans 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. apríl 1993, er höfðað fyrir dómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, birtri 2. og 6. apríl 1992, af Tómasi Óskarssyni, kt. 120159-3139, Norðurtúni 23, Siglufirði, gegn Sigurjóni Ólafssyni, kt. 290548-2179, Melabraut 13, Blönduósi, og Hlyni Tryggvasyni, kt. 231045-3099, Brekkubyggð 17, Blönduósi.

Málið fluttist til Héraðsdóms Norðurlands vestra með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 840.128 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 14. nóvember 1991 til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, auk málskostnaðar að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu. Til vara krefjast stefndu þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir, að 10. maí 1991 gerði stefnandi í nafni Hellusteypunnar, sem er einkafirma stefnanda, stefndu tilboð um að leggja Bomanitególfílögn á kaupleiguíbúðir fyrir aldraða á Blönduósi. Stefndu, sem voru aðalverktakar að byggingu kaupleiguíbúða fyrir aldraða að Svínvetninga-

braut 3–17. Blönduósi, tóku tilboði stefnanda. Stefnandi var því undirverktaki að verkinu. Sumarið 1991 framkvæmir stefnandi verk það, sem hann átti að vinna.

Á fundi í byggingarnefnd, sem haldinn var 26. ágúst 1991, var m. a. fjallað um úttekt á gólfefni í gangi. Í fundargerð kemur fram, að 23. ágúst hafi verið gerð úttekt á gólfefni í gangi á milli íbúðanna. Við úttektina hafi komið í ljós, að mikill hluti gólfefnisins hafi verið laus og að af hálfu byggingarnefndar og Húsnæðisstofnunar sé gerð krafa um, að gólfið verði brotið upp og lagt að nýju á þeim hlutum, sem þessir gallar hafi komið fram á.

Í framhaldi af þessu, 30. ágúst 1991, rituðu stefndu stefnanda bréf og kröfðust þess, að hann endurynni verkið. Þá er þess og m. a. krafist, að vinna við verkið hefjist strax og að allur beinn og óbeinn kostnaður, sem endurvinnan hafi í för með sér, verði borinn af stefnanda.

Með bréfi, dagsettu 2. september 1991, svaraði stefnandi bréfi stefndu og áskildi sér allan rétt til að taka afstöðu til krafna stefndu um endurvinnu á verkinu. Stefnandi kveðst í bréfi sínu tilbúinn að endurvinna verkið, komi í ljós, að gallar á verkinu væru sér eða starfsmönnum sínum að kenna. Jafnframt áskildi hann sér rétt til að krefja stefnendur um greiðslu fyrir endurvinnuna, kæmi það í ljós, að gallar á verkinu væru ekki sér að kenna.

Hinn 12. september 1991 fór fram úttekt á gólfinu, en þá var búið að brjóta upp allan lausan múr af gólfinu, fjarlægja múrbrotin og hreinsa undirlagssteypu, svo að hún leit út eins og ætla mátti, að hún hafi litið út fyrir ílögn. Steypubrotin, sem hreinsuð voru burt, voru misþykk. Við athugun á steypubrotunum kom í ljós, að sumum þeirra fylgdi töluvert af sementsefjufilmu, en annars staðar sat límið eftir við undirlagið. Við úttektina skiptust aðilar á skoðunum um það, hver orsök þess væri, að gólffílögn losnaði, en eftirlitsmaður taldi það ekki í sínum verkahring að færa það til bókar. Samkomulag varð með aðilum um að hefja viðgerð á gólfinu strax. Stefnandi hóf þá þegar viðgerð og hefur endurunnið verkið og skilað því af sér gallalausu.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi gert stefndu tilboð um að vinna ákveðið verk. Hann hafi staðið óaðfinnanlega að framkvæmd verksins og undirbúningi þess. Hann telur einnig, að gólfflöturinn, sem hann lagði Bomanite-gólffílögnina á, hafi haft leyndan galla, sem hafi m. a. valdið því, að gólffílögnin losnaði frá steypta undirlaginu. Við úttekt á gólfinu hafi sannast, svo að ekki verði um villst, að gallarnir verði ekki á neinn hátt raktir til vanrækslu af sinni hálfu. Þessi leyndi galli hafi ekki verið stefnanda að kenna, og sér hafi ekki mátt vera ljóst, að galli þessi var fyrir

hendi, þegar flögnin fór fram. Stefnandi heldur því einnig fram, að hann hafi endurunnið verkið með fyrirvara um, að hann ætti kröfu á stefndu vegna þessa verks, kæmi í ljós, að gallar á verkinu yrðu ekki raktir til handvammar sinnar. Loks vísar stefnandi til þeirrar málsástæðu, að hann eigi, með hliðsjón af því, sem fram er komið, lögvarðar kröfur á hendur stefndu til greiðslu á öllum kostnaði, sem hann varð fyrir vegna endurvinnu á verkinu.

Lagarök stefnanda eru meginreglur íslensks kröfu- og samningaréttar svo og reglur skaðabótaréttar, eftir því sem þær geta átt við.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að þeir hafi samið við stefnanda um að leggja Bomanite-gólflögn á hluta gólfsins að Svínvetningabraut 3–17, Blönduósi. Fyrir þetta verk hafi þeir greitt stefnanda að fullu. Verkið hafi hins vegar verið verulega gallað, og beri stefnandi einn ábyrgð á þeim göllum, og því beri honum að lagfæra gallana á eigin kostnað. Stefnandi hafi verið ráðinn til verksins vegna sérþekkingar sinnar á efni því, sem nota átti í gólflögnina. Stefndu bera einnig fyrir sig sem málsástæðu, að stefnandi eða starfsmenn hans hafi aldrei gert neinar athugasemdir við aðstæður á verkstað eða það efni, sem stefndu útveguðu til verksins. Því sé ljóst, að stefnanda sé einum um að kenna, hvernig fór með fyrri lögnina, og verði hann einn að bera skaða af því.

Varakröfu sýna byggja stefndu á því, að reikningar þeir, sem stefnandi hefur útbúið og eru grundvöllur stefnukröfu, séu mjög ófullkomnir að allri gerð og fullnægi ekki skilyrðum laga um, hvernig reikningar af þessu tagi eigi að vera útbúnir; því standist þeir ekki sem slíkir. Í annan stað séu þeir allt of háir. Því til stuðnings benda stefndu á þá fjárhæð, sem greidd var fyrir allt verkið, og þá fjárhæð, sem stefnandi krefst fyrir endurvinnuna.

Um lagarök vísa stefndu sérstaklega til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og til meginreglna skaðabóta- og kröfuréttar. Þá vísa þeir einnig til laga og reglna um byggingarefni, iðju og iðnað svo og íslenskra staðla, sem kveða á um verk sem þessi.

Málskostnaðarkrafan styðst við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Í máli þessu er deilt um, hver skuli bera kostnað af endurvinnu á Bomanite-gólflögn, sem lögð var á hluta gólfsins í kaupleiguíbúðum fyrir aldraða að Svínvetningabraut 3–17, Blönduósi. Aðilar hafa lýst yfir því fyrir dóminum, að ekki sé ágreiningur um greiðslu vegna tilboðsverksins sjálfs.

Af gögnum málsins og framburði vitna, sem komið hafa fyrir dóminn, er ljóst, að endurvinna varð gólflögnina að verulegum hluta og að ekki var

unnt að bæta úr gallanum með öðrum hætti. Deila aðila snýst því um það, hver beri ábyrgðina á því, að los varð á Bomanite-gólflögninni. Stefnandi hefur haldið því fram og styður mál sitt aðallega því, að gólfplata sú, sem Bomanite-gólflögnin var lögð á, hafi haft leyndan galla. Galli þessi hafi verið með þeim hætti, að sementsefjufilma hafi verið á gólfplötunni og við þornun Bomanite-lagnarinnar hafi sementsefjan losnað frá gólfplötunni, og þess vegna hafi losið orðið.

Vitnið Guðbjartur Á. Ólafsson, byggingarfulltrúi og eftirlitsmaður með verkinu, gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann kvaðst hafa gert skjal það, sem þingmerkt er nr. 7. Fyrir dóminum bar hann, að ekki væri hægt að fullyrða, hvers vegna umrætt los varð.

Vitnið Oddur Karl Gunnlaugur Hjaltason deildartæknifræðingur bar fyrir dóminum, að hann hefði skoðað tvö steypubrot úr gólflögninni. Hann kvað ekki neitt verða um það fullyrt, hvers vegna losið varð, án þess að skoða verksummerki á verkstað. Vitnið Guðmundur Björnsson márari fullyrðir, að ástæða gallans sé mikil sementsefja á efsta lagi gólfplötunnar. Önnur vitni hafa ekki treyst sér til að fullyrða, hvers vegna gólflögnin losnaði, en hafa bent á hugsanlegar orsakir, eins og of hraða þornun Bomanite-lagnarinnar, lélegt yfirborð gólfplötunnar, ónæga hreinsun hennar o. fl.

Óumdeilt er, að rigning var, meðan gólfplatan var steypt, og liggur vottorð veðurstofu fyrir um það, hversu mikil sú rigning var. Hins vegar er ekki vitað, hvernig hún dreifðist yfir dagana, og því ósannað, að hún hafi haft áhrif á gæði efsta lags gólfplötunnar. Þá eru vitni ekki sammála um, hvort mikil sementsefjumyndun sé sýnileg með berum augum á gólfplötum sem þessari.

Dómurinn telur rétt, að stefnandi, sem á þessum tíma var með einkaumboð fyrir Bomanite á Norðurlandi vestra, verði sem fagmaður í meðferð efnisins að bera sönnunarbyrðina fyrir því, hvers vegna lögnin losnaði, hafi það los ekki verið honum eða starfsmönnum hans að kenna.

Með því að stefnandi óskaði ekki eftir dómkvaðningu matsmanna, meðan þess var kostur, eða reyndi ekki á annan hátt að leiða í ljós með sannanlegum hætti, hvers vegna gólflögnin losnaði, verður að telja ósannaða þá fullyrðingu hans, að leyndur galli hafi verið í gólfplötunni. Þá verður og að telja ósannað, hvers vegna Bomanite-lögnin losnaði. Verður því ekki hjá því komist með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins er rétt, að stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurjón Ólafsson og Hlynur Tryggvason, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Tómasar Óskarssonar.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 338/1993. **Gunnar Svavarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Efnaco hf.
(Friðgeir Haraldsson framkvæmdastjóri)

Samningar. Skipsleiga. Veiðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 117.515 krónur og málskostnaður í héraði verði felldur niður, en stefnda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms fékk Efnaco hf. framseldar allar kröfur í máli þessu frá Faxi hf., og hefur það félag tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Aðilar eru sammála um, að áfrýjandi hafi verið leystur frá leigusamningi þeirra í maí 1991. Ber að miða uppgjör þeirra í milli við þá forsendu. Því er ómótmælt, að úrskurður ráðuneytis um ólögmætan afla m/b Faxafells sé byggður á aflatölum, er stöfuðu frá áfrýjanda, og hefur hann engar líkur að því leitt, að stefndi hafi átt annars kost en hlíta niðurstöðu hans. Með þessum athugasemdum verður fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Svavarsson, greiði stefnda, Efnaco hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. maí 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. maí 1993, hefur Fax hf., kt. 710589-1279, Ægisgötu 44, Vogum, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. nóvember 1992, á hendur Gunnari Svavarssyni, kt. 271138-3799, Bragavöllum 15, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 584.624 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þingfestingardegi 25. nóvember 1992 af 467.109 kr. til greiðsludags og sömu dráttarvöxtum af 117.515 kr. frá 19. maí 1993 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að stefnda verið einungis gert að greiða 117.515 kr. og málskostnaður falli niður.

II.

Mál þetta snýst í fyrsta lagi um kvótaleigu og í öðru lagi um greiðsluskyldu á viðurlögum vegna ólögmæts sjávarafla. Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfu stefnanda, sem er þannig sundurliðuð:

Þorskkvóti, 12.449 kg á 45 kr.		kr.	560.205
Ufsakvóti, 2.155 kg á 24 kr.		–	51.720
	Kvótaleiga alls	kr.	611.925
Upptaka á ólöglegum afla skv. úrsk. ráðuneytis		kr.	188.750
Frádreginn hlutur stefnanda		–	(71.055)
Ofgreitt við fyrra uppgjör		–	(144.816)
Höfuðstóll dómkröfu		kr.	584.624

III.

Fax hf., stefnandi í máli þessu, var eigandi og útgerðaraðili 9,9 rúmlesta báts, Faxafells III, GK-344. Stefndi, Gunnar Svavarsson, var eigandi og útgerðarmaður annars smábáts, Sigurvins, GK-51.

Um áramótin 1990–1991 varð það úr, að stefnandi leigði stefnda bát sinn, Faxafell, ásamt veiðiheimildum frá áramótum til ágústloka. Við ákvörðun leigugjalds var við það miðað, að leigusali, stefnandi, fengi fjórðung af aflaverðmæti miðað við þann kvóta, er fylgdi Faxafellinu.

Bátarnir Faxafell og Sigurvin höfðu svipaðar aflaheimildir. Stefndi, leigutakinn Gunnar, hafði við gerð leigusamningsins 31. desember 1991 ákveðið

að flytja aflaheimildir af sínum bát, Sigurvin, yfir á Faxafell. Ákvæði leigusamningsins um leigugjald hljóðar svo:

„Leigutaki skal greiða sem endurgjald fyrir leigu á skipinu sem prósentu (%) af tekjum samtals 12,5% miðað við fiskmarkaðsverð, eftir að sjóðagjöld, þ. e. 10%, hafa verið frá dregin. Skylt skal leigutaka að halda bátnum til veiða allt tímabilið. Leigutaki leggur til sinn kvóta, um 81 tonn."

Ákvæði þetta, um 12,5% aflaverðmætis, en ekki 25%, skýrist af því, að aðilar miðuðu við samningsgerðina við það, að „tonn kæmi á móti tonni". Raunin varð þó sú, að Faxafelli fylgdu heldur minni aflaheimildir, 47,88% á móti 52,12%, sem fluttar voru frá Sigurvin.

Reri stefndi nú á Faxafelli til vors, en þá veiktist hann og varð að fara á sjúkrahús. Varð um það samkomulag með aðilum 15. maí, að stefnandi tæki þá þegar við bátnum, þótt umsamið leigutímabil væri til ágústloka. Stefndi benti stefnanda á mann, sem vildi taka bátinn á leigu og gera hann út á haukalóð, þ. e. til lúðuveiða, sem voru utan kvóta. Tókust þeir samningar, og leigði stefnandi Faxafellið án kvóta þessum þriðja aðila.

Þegar stefndi afhenti Faxafell, voru óveiddar veiðiheimildir þess samkvæmt útreikningi stefnda 26 tonn af þorski og 4,5 tonn af ufsa. Því er ekki haldið fram, að þá hafi verið rætt neitt um, hvernig þessum aflaheimildum skyldi ráðstafað.

Nokkru síðar kom stefndi til stefnanda og fékk um það undirritun af hans hálfu á skriflega beiðni til sjávarútvegsráðuneytis, að þessar aflaheimildir, sem skráðar voru á Faxafell, yrðu allar fluttar yfir á Sigurvin. Því er ekki haldið fram, að þá hafi verið rætt neitt um, hvort eða þá hvaða greiðsla skyldi koma fyrir, en stefnukrafa er því studd, að stefndi eigi að greiða fyrir 47,88% þessara aflaheimilda, þ. e., að óveiddar aflaheimildir eigi að skiptast í sama hlutfalli og aðilar lögðu fram aflaheimildir í upphafi.

Það er óumdeilt, að gangverð á hverju kílói af þorskkvóta (árskvóta, leigukvóta) var á þessum tíma 45 krónur og 24 krónur á kílói af ufsakvóta.

Stefndi seldi bátinn Sigurvin ásamt þeim kvóta, er honum fylgdi, um vorið, skömmu eftir að leigusamningurinn gekk til baka og síðari kvótaflutningur fór fram.

IV.

Er Fiskistofa fór að liðnu kvótaárinu að athuga sín gögn, þ. e. þær aflaskýrslur, sem henni höfðu borist, taldi hún, að Faxafell hefði farið fram úr kvóta. Taldi hún ólöglegan afla nema 3.298 kg, talið í þorskígildum. Meðalverð það, er ráðuneytið hafði ákveðið að miða við, var hærra en stefnandi byggir á í kröfugerð sinni, 52 kr. á þorskígildiskíló. Í úrskurði Fiskistofu, sem kveðinn var upp 10. júlí 1992, segir:

„Samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla, sbr. reglugerð sama efnis nr. 249/1988, er afli fiskiskipsins (1982) Faxafells III, GK 344, umfram leyfilegt aflamark árið 1991 samtals 3.298 kíló, talið í þorskígildum, gerður upptækur af sjávarútvegsráðuneyti, og skal andvirði hins ólöglega afla, 171.496 kr., renna til fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins."

Ástæða þess, að Faxafell fór samkvæmt útreikningi Fiskistofu fram úr aflaheimildum, var sú, að of mörg þorskígildi voru flutt af Faxafelli yfir á Sigurvin um vorið. Stefndi taldi sig með öðrum orðum hafa veitt minna en skýrslur að lokum sýndu, þegar hann um vorið fyllti út beiðni, sem stefnandi hafði undirritað um, að 26 tonn af þorskkvóta og 4,5 tonn af ufsakvóta yrðu flutt yfir á Sigurvin.

Stefnandi greiddi til Fiskistofu fjárhæð þá, er greinir í úrskurði hennar, auk vaxta og kostnaðar 19. maí 1993, alls 188.570 kr.

Í dómkröfu sinni miðar stefnandi við, að stefndi eigi að endurgreiða sér þá fjárhæð að frádregnum hlut stefnanda, 71.055 kr. (þ. e. 47,88% af 3.298 kg á 45 kr. = 71.055 kr.).

Hér er einnig komin sundurliðun á varakröfu stefnda: 188.570 kr. – 71.055 kr. = 117.515 kr.

V.

Svo sem að framan er að mestu rakið, er stefnukrafan einkum studd eftirtöldum röksemdum stefnanda.

1. Aflaheimildir Faxafells fyrir umsamið leigutímabil, 1. janúar til 31. ágúst 1991, hafi verið þannig til komnar, að leigusali lagði til 47,88% þeirra, en leigutaki 52,12%.
2. Er aðilar sömdu um styttingu leigutímans vorið 1991, fékk stefndi framseldar allar óveiddar aflaheimildir bátsins. Miðað við forsendur leigusamnings hefði stefndi einungis átt rétt á að fá án endurgjalds sama hlutfall þeirra og hann lagði til í upphafi, 52,12%.
3. Í íslenskum rétti gildi sú meginregla, sem er m. a. orðuð svo í 5. grein laga um lausafjárkaup: „Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt." Upplýst sé og óumdeilt, að gangverð á þeim hluta aflaheimilda Faxafells, sem stöfuðu frá stefnanda og stefndi fékk framseldar, hafi verið 611.925 kr. Þá fjárhæð eigi stefndi að greiða að frádreginni þeirri fjárhæð, er hann hafi ofgreitt við fyrra uppgjör, 144.816 kr.
4. Stefndi eigi alla sök á því, að stefnandi varð að greiða 188.570 kr. samkvæmt aðfararhæfum úrskurði Fiskistofu. Stefndi hafi farið eftir röng-

um aflatölum og fengið yfirfærðan á Sigurvin meiri kvóta en eftir var. Stefndi beri ábyrgð á aflaskýrslum bátsins fyrir útgerðartímabil sitt svo og á beiðni þeirri um yfirfærslu aflaheimilda, er stefndi sjálfur útbjó og stefnandi undirritaði í trausti þess, að stefndi gæfi upp réttar tölur í beiðninni. En þar sem stefnandi fellst á, að hann eigi að svara til vanheimildar, að því er varðar kvóta þann, er hann framseldi, fellst hann á að bera sjálfur 71.055 kr. af þeirri fjárhæð, er hann greiddi Fiskistofu, svo sem áður er sundurliðað og skýrt.

5. Til enn frekari rökstuðnings bendir stefnandi á, að stefndi hafi selt bát sinn með umræddum kvóta skömmu eftir kvótaflutninginn. Það liggi í augum uppi, að verulegur hluti af söluverði bátsins hafi einmitt verið verðmæti hins flutta kvóta. Þar að auki sé mjög ólíklegt, að báturinn hafi í raun verið seljanlegur kvótalaus. Hinn flutti kvóti hafi því reynst stefnda mjög verðmætur.

VI.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að þegar leigusamningurinn gekk til baka og stefndi fékk umræddan kvóta yfirfærðan, hafi fullnaðaruppgjör í raun farið fram. Hvorugur aðila eigi kröfur á hinn. Bendir stefndi einkum á eftirtalin atriði þessu til stuðnings:

1. Miklar vanefndir hafi orðið á leigusamningnum af hálfu stefnanda og stefndi því átt á hann gagnkröfur af þeim sökum. Báturinn hafi ekki verið afhentur í umsömdu ástandi við upphaf leigutímans. Vatn hafi lekið út af vél bátsins, lensibúnaður verið í lamasessi og brunnar því allir fullir af fiskúrgangi og öðrum aðskotahlutum. Þá hafi vantað lóran í bátinn og loftnet, einnig mataráhöld. Í fyrsta veðri, sem gerði á úthaldinu, hafi byrjað að leka með skorsteini niður í eldhús bátsins, sem hafi valdið skammhlaupi, er kostað hafi viðgerð. Spildæla bátsins hafi ekki verkað í fyrsta róðri, þar sem snúningsátt dælunnar hafi verið breytt miðað við vél og það gert á rangan hátt. Mestu tjóni hafi þó valdið, að vantað hafi löndunarkrana á bátinn; hafi það leitt til þess, að stefndi hafi orðið að landa einvörðungu í Keflavík og því ekki getað sótt á gjöfulustu miðin, en það hefði hann gert, hefði hann haft krana og getað landað í höfnunum nær þeim miðum.
2. Stefndi hafi útvegað stefnanda nýjan leigutaka. Sá hafi greitt hærri leigu fyrir tímabilið frá 15. maí til loka hins umsamda leigutíma, 31. ágúst, en stefndi hefði greitt, þótt hann hefði fiskað allan kvótann. Stefnandi hafi því hagnast á því, að leigusamningurinn gekk til baka. Nýi leigutakinn hafi greitt 491.277,50 kr. í leigu fyrir bátinn kvótalaus-

an, en stefndi hefði aðeins greitt 276.853 kr., ef leigusamningur hans hefði gilt út leigutímabilið og hann náð að veiða allan kvótann. Stefnandi hafi því beinlínis hagnast á umræddum skiptum á leigutökum.

3. Að þessu athuguðu telur stefndi, að það hafi verið fullkomlega eðlilegt, að hann liti svo á, að stefnandi samþykkti, að kvótinn væri yfirfærður án sérstakrar viðbótargreiðslu. Ef stefnandi hefði viljað fá sérstakt endurgjald fyrir kvótann, hefði hann með tilliti til þessarar forsögu átt að áskilja sér sérstaklega greiðslu fyrir kvótaflutninginn. Það hafi hann ekki gert, og því skorti kröfur stefnanda bæði samnings- og lagastoð.
4. Þá bendir stefndi á, að hann hafi, er leigusamningurinn gekk til baka, verið búinn að ofgreiða leigugjald, að fjárhæð 144.816 kr., sem skýri það enn frekar, að aðilar hafi gert ráð fyrir því, að með kvótaflutningnum færi fram lokauppgjör.
5. Úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins hafi verið óréttmætur og yfirgnæfandi líkur á, að umrædda aflaupptöku hefði mátt fá niður felldа með því að kæra úrskurðinn, færa fram gögn og upplýsa málið. Úrskurðurinn hafi beinst að stefnanda. Stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnanda um úrskurðinn fyrr en með bréfi, dags. 16. nóv. 1992, á dskj. nr. 16 í máli þessu. Þrjátíu daga kærufrestur hafi þá verið löngu liðinn.

VII.

Eftir að ágreiningurinn reis í máli þessu, leitaði stefnandi álits Landssambands smábátaeigenda, sem svaraði með bréfi, dags. 7. október 1991, undirrituðu af Erni Pálssyni, framkvæmdastjóra sambandsins. Það hljóðar svo:

„Í bréfi yðar til Landssambands smábátaeigenda, dagsettu 5. september sl., farið þér þess á leit, að gefin verði fagleg umsögn varðandi leigu á bát yðar, Faxafelli III.

Af bréfi yðar má ráða, að ekki sé um ágreining að ræða milli yðar og leigutaka varðandi leiguupphæð né skiptingu sjóðagjalda. Ágreiningur virðist vera einskorðaður við uppgjör þess aflakvóta, sem óveiddur var, þegar leigusamningur var úti. Umsögn mín hér á eftir byggist því á þessum forsendum.

Þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir upplýsingum um hliðstæður í leigu fiskiskips, þegar leiguupphæð er tengd framlagningu veiðiheimilda, fannst hún ekki. Umsögn mín er því sjálfstæð, hvað varðar þetta tiltekna mál. Þar sem framlagning veiðiheimilda frá leigutaka er lögð fram við upphaf leigu á Faxafelli III, telur undirritaður, að leiguupphæð hafi tekið mið af því. Þar sem allur sá kvóti, sem Faxafell III hafði í upphafi leigusamnings, var ekki

veiddur, eru forsendur 12,5% leigugjalds breyttar. Leigusali á því rétt á bótum varðandi breytingu á forsendum leigugjalds. Reikna má bæturnar út á tvo vegu:

a) Þeim kvóta, sem óveiddur var, er leigusamningi var slitið, skal skipt að jöfnu milli leigusala og leigutaka. Bæði gætu þar komið til færsla til baka á helmingi þess kvóta, sem eftir var, eða hann verði verðlagður eins og um leigukvóta væri að ræða.

b) Leigugjald skal hækka um það hlutfall, sem ekki náðist að veiða. Samkvæmt samningi virðist, að leigugjald taki mið af 162 tonna heildarkvóta. Heildargreiðslur frá fiskmarkaði námu 11.585.268 kr.; búast hefði mátt við, að heildarverðmæti hefði orðið 13.800.098 kr. Leiga á því aflaverðmæti hefði numið 1.725.012 kr. Mismunur á leigu samkvæmt uppgjöri þess afla, sem veiddur var, og þess afla, sem fyrirhugað var að veiða, er því 276.853 kr., sem yrði því greiðsla leigutaka til leigusala.

Undirritaður treystir sér ekki til að gera upp á milli þessara tveggja leiða, en telur, að þarna sé kominn flötur á samningaviðræðum milli leigusala og leigutaka."

Enn fremur leitar stefnandi álits Landssambands íslenskra útvegsmanna, og svaraði lögmaður þess, Jónas Haraldsson hdl., svo með bréfi, dags. 11. júní 1992:

„Samtökunum hefur borist bréf þitt, dags. 1. júní sl., vegna ágreinings um uppgjör leigusamnings milli Fax hf. og Gunnars Svavarssonar ásamt meðfylgjandi gögnum.

Hvað snertir 15. gr. leigusamningsformsins, sem aðilar hafa notað, þá á hann einungis við, þegar um er að ræða ágreining milli útgerðarmanna fiskiskipa 12 rúmlestir og stærri, sem eru eða geta verið aðilar að samtökunum.

Þótt um sé að ræða aðila, sem ekki eru félagar í samtökunum, og báturinn sé 9,9 rúmlestir, þá breytir það ekki því, að báturinn er á aflamarki og samkynja dæmi hefði getað komið upp milli félaga innan samtakanna.

Af gögnum málsins verður ráðið, að leigusali og leigutaki skyldu leggja fram aflaheimildir að hálfu hvor, svo að litlu skeikar.

Má ráða af leigugjaldinu, að gengið hafi verið út frá þessum forsendum við gerð leigusamningsins.

Samtökin telja eðlilegast, þegar ljóst lá fyrir, að leigusamningnum yrði rift með samkomulagi aðila vegna veikinda leigutaka, að þeim kvóta, sem var óveiddur af þeim kvóta, sem aðilar samningsins lögðu til, skuli skipt að jöfnu milli aðila. Myndi það annaðhvort gerast með kvótatilfærslu eða

greiðslu gjalds miðað við söluverð árskvóta (leigukvóta). Að þessu leyti eru samtökin alveg fylgjandi þeirri tillögu, sem fram kemur í bréfi Landssambands smábátaeigenda, dags. 7. október 1991, sem merkt er a-liður, sbr. bréf þitt, dags. 1. júní sl., bls. 2, 1. töluliður."

Álit réttarins.

Ef litið er til leigusamnings aðila frá 31. desember 1990, verður að fallast á það með stefnanda, að eðlileg uppgjörsaðferð aðila á óveiddum kvóta hefði verið sú, að hann skiptist í sömu hlutföllum og þeir lögðu hann til við upphaf leigutímans. Verðmæti hlutdeildar stefnanda í kvótanum miðað við þær forsendur er ágreiningslaust. Að frádregnu ofgreiddu leigugjaldi nemur sú fjárhæð 611.925 kr. – 144.816 kr. = 467.109 kr., svo sem stefnandi krefst.

Að þessu athuguðu og með því að stefndi hefur ekki sýnt fram á það í máli þessu, að hann hafi átt gagnkröfur á stefnanda vegna vanefnda á leigusamningnum, verður stefndi að bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sönnun fyrir því, að um lokauppgjör væri að ræða, er hann tók við umræddu verðmæti, kvótanum.

Ekki var um það að ræða, að stefndi framleigði bátinn. Honum var því óviðkomandi ráðstöfun stefnanda á bátnum, eftir að samkomulag varð um, að leigutíma lyki 15. maí. Því er ekki hald í þeim málsástæðum, að stefnandi hafi fengið andvirði kvótans greitt frá hinum nýja leigutaka, ekki getað nýtt sér kvótann sjálfur og hafi sér að skaðlausu getað afhent stefnda kvótann án frekara endurgjalds.

Fram er komið í málinu, að upptaka sjávarútvegsráðuneytisins á ólögmætum afla var miðuð við aflatölur, er stefndi gaf upp við kvótaflutninginn og bar ábyrgð á, að væru réttar. Að því athuguðu og með því að stefnandi hefur í dómkröfum sínum dregið frá á gangverði kvóta þann hluta hins flutta kvóta, sem í raun var ekki fyrir hendi, ber að taka þennan kröfulið stefnanda til greina, enda er ekkert fram komið í málinu, er bendi til, að kæra hefði neinu breytt. Fjárhæð þessa kröfuliðar er, sem fyrr segir, 188.570 kr. – 71.055 kr. = 117.515 kr.

Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 130.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Svavarsson, greiði stefnanda, Faxi hf., 584.624 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þingfestingardegi 25. nóvember 1992 af 467.109 kr. til greiðsludags og af 117.515 kr. frá 19.

maí 1993 til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, er beri sömu vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Áfallna vexti má leggja við höfuðstól ofangreindra fjárhæða á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Föstudaginn 29. september 1995.

Nr. 312/1995. **Glófaxi hf.**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. september 1995, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði frá 10. apríl 1995 um að úthluta varnaraðila greiðslu af söluverði bifreiðarinnar RU 914 á undan sóknaraðila. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreindri ákvörðun verði hrundið og dæmt verði, að ekki skuli úthlutað af söluverðinu upp í kröfu varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Málsaðilar deila um úthlutun söluverðs áðurnefndrar bifreiðar við nauðungarsölu, en eftir fyrirliggjandi gögnum er hún af gerðinni Toyota Hilux, árgerð 1991. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar var bifreiðin seld við uppboð 25. febrúar 1995 fyrir 1.000.000 króna. Að greiddum sölulaunum, kostnaði af eigendaskiptum og lögveðskröfum stóðu eftir af söluverðinu 851.016 krónur. Þegar til kom, gerðu ekki aðrir en aðilar þessa máls tilkall til greiðslu af þeirri fjárhæð. Varnaraðili krafðist greiðslu á 428.926 krónum og byggði rétt sinn á fjárnámi, sem var gert í bifreiðinni 4. febrúar 1991 og þinglýst 18. sama mánaðar. Sóknaraðili krafðist að fá greiddar 1.602.498 krónur, en hann hafði fengið fjárnám í bif-

reiðinni 6. júlí 1994, og var því þinglýst 7. sama mánaðar. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á varnaraðili að fá greiðslu af söluverðinu á undan sóknaraðila. Með ákvörðun 10. apríl 1995 hafnaði sýslumaður kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpinu.

II.

Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887 um aðför var sett það skilyrði fyrir forgangsrétti samkvæmt fjárnámi í lausafjármunum gagnvart síðara fjárnámi, að fyrri fjárnámshafi kæmi fram nauðungaruppboði eða fengi vörslur lausafjárins innan tólf vikna, frá því að fjárnámsgerð fyrir kröfu hans væri lokið. Sóknaraðili telur þetta lagaákvæði, sem gilti, þegar fjárnám var gert fyrir kröfu varnaraðila, leiða til þess, að varnaraðili hafi glatað forgangsrétti gagnvart sér, enda hafi hann hvorki komið fram sölu bifreiðarinnar né fengið hana úr vörslum gerðarþola.

III.

Lög nr. 19/1887 féllu úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1989 um aðför. Í síðarnefndu lögunum er ekkert efnisákvæði samsvarandi 2. mgr. 50. gr. fyrrnefndu laganna, og hafa vörslur lausafjármuna nú ekki áhrif á rétthæð fjárnáms í þeim gagnvart öðru fjárnámi. Þess í stað er mælt fyrir um þá meginreglu í 60. gr. laga nr. 90/1989, að fjárnám í lausafjármunum falli niður, ef gerðarbeiðandi krefst ekki nauðungarsölu á grundvelli þess innan árs, frá því að það er gert. Þá segir í 61. gr. laga nr. 90/1989, að um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og stöðu þess gagnvart öðrum réttindum fari að öðru leyti eftir almennum reglum laga.

Í ákvæðum um tengsl eldri laga og yngri í 17. kafla laga nr. 90/1989 er ekki vikið sérstaklega að rétthæð fjárnáms, sem hefur verið gert í lausafjármunum fyrir 1. júlí 1992, ef frá er talið, að í 104. gr. laganna er tekið fram, að fyrrnefnd 60. gr. gildi ekki um slíkt fjárnám. Ber því í ljósi almennra lögskýringarreglna að líta svo á, að frá gildistöku laga nr. 90/1989 ráðist innbyrðis rétthæð fjárnámsgerða í lausafjármunum af þeim reglum, sem vísað er til í 61. gr. laganna. Gildir þetta einnig, að því er varðar stöðu fjárnáms, sem gert var fyrir 1. júlí 1992, gagnvart fjárnámi gerðu eftir það.

Fyrir 1. júlí 1992 hafði ekkert það gerst, sem gat eftir eldri lögum valdið því, að fjárnám varnaraðila yrði að þoka í rétthæð fyrir yngri réttindum yfir bifreiðinni RU 914. Þá hafði varnaraðili fyrir þetta tímamark þinglýst réttindum sínum. Þar með hafði hann gætt þeirra ráðstafana, sem vísað er til í 61. gr. laga nr. 90/1989 og þörf var á til að tryggja stöðu hans gagnvart þeim, sem öðluðust eftir þann tíma réttindi yfir bifreiðinni. Þar sem sóknaraðili fékk löngu síðar þinglýst réttindi yfir bifreiðinni, sem standa þannig þinglýstum réttindum varnaraðila að baki, ber varnaraðila réttur til fullnustu af andvirði hennar á undan sóknaraðila.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur um annað en málskostnað, en rétt er að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Glófaxi hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. september 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að loknum málflutningi. Sóknaraðili er Glófaxi hf., kt. 521264-0129, Ármúla 24, Reykjavík. Varnaraðili er þrotabú Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., kt. 450286-1929.

Sóknaraðili krefst þess, „að ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, sem tekin var 10. apríl 1995, um úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914 verði hnekkt og dæmt verði, að ekki verði úthlutað af söluandvirði upp í fjárnámskröfu þrotabús Áfanga hf., varnaraðila máls þessa, og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu".

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og ákvörðun sýslumanns í Hafnarfirði frá 10. apríl 1995 verði staðfest. Málskostnaðar er krafist.

I.

Ágreiningur aðila er um úthlutun söluandvirðis bifreiðar, sem seld var nauðungarsölu.

Málavextir eru þeir, að 25. febrúar 1995 var bifreiðin RU-914, Toyota Hi Lux, árg. 1990, seld nauðungarsölu að kröfu sóknaraðila, sem komið hafði fram vörslusviptingu á bifreiðinni. Bifreiðin var slegin sóknaraðila sem hæstbjóðanda á 1.000.000 kr.

Á bifreiðinni hvíldu eftirfarandi aðfarargerðir:

1. Lögtak Lífeyrissjóðs byggingarmanna, upphaflega að fjárhæð 558.001,78 kr., dags. 28. 1. 1991.
2. Fjárnám Ferðaskrifstofunnar Polaris hf. (nú Áfangar hf.), upphaflega 100.740 kr., dags. 4. 2. 1991.
3. Lögtak Lífeyrissjóðs byggingarmanna, upphaflega 159.291,04 kr., dags. 10. 4. 1991.
4. Lögtak Lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar, upphaflega 265.247,50 kr., dags. 11. 9. 1991.

Eftir uppboðsdag, en áður en frumvarp að úthlutunargerð hafði verið útbúið, var lögtökum á 1. og 4. veðrétti aflýst. Sýslumaður útbjó frumvarp að úthlutunargerð. Hann úthlutaði fyrst til haldsréttar og tveggja lögveða, samtals 96.584 kr., síðan til varnaraðila, 428.926 kr., þá til Lífeyrissjóðs byggingarmanna á 3. veðrétti, 380.000 kr. Eftir stóðu þá 42.090 kr., sem komu í hlut sóknaraðila.

Hinn 8. maí 1995 féll Lífeyrissjóður byggingarmanna frá kröfu í uppboðsandvirði bifreiðarinnar, að fjárhæð 380.000 kr.

Sóknaraðili mótmælti 16. mars 1995 úthlutun til varnaraðila. Aðilar voru boðaðir á fund hjá sýslumanni 7. apríl s. á. til viðræðna, og 10. s. m. tók sýslumaður þá ákvörðun að taka ekki mótmæli sóknaraðila til greina og leggja frumvarpið óbreytt fram til grundvallar úthlutun.

II.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að fjárnám það, sem gert var 4. febrúar 1991 í nafni varnaraðila, hafi verið gert í gildistíð eldri aðfararlaga nr. 18/1887. Um þetta fjárnám og réttaráhrif þess gildi því ákvæði þeirra laga. Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887 sé skýrt kveðið á um, að fjárnám gert samkvæmt lögunum hafi forgang gagnvart síðari fjárnámum í 12 vikur, frá því að það var gert, og að fjárnámið víki að þeim tíma liðnum fyrir síðari fjárnámshafa, sem komi fram vörslusviptingu. Af þessu leiði, að fjárnám það, sem gert var af varnaraðila, hafi aðeins forgang fyrir síðari fjárnámshöfum í 12 vikur frá 4. febrúar 1991 að telja og víki síðan fyrir síðari fjárnámshafa í samræmi við reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887, sem gildi um fjárnámið. Ný aðfararlög nr. 90/1989 hafi ekki breytt gildi fjárnáma, sem gerð voru í tíð eldri laga, hvað varðar reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887 um tímabundin forgangsáhrif gagnvart síðari fjárnámshöfum.

Þar sem sóknaraðili hafi komið fram vörslusviptingu á bifreiðinni, gangi fjárnám hans framar eldra fjárnámi varnaraðila í samræmi við reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887.

Varnaraðili heldur því fram, að 104. gr. laga nr. 90/1989 um aðför standi gegn því, að fjárnám sóknaraðila hafi forgang gagnvart fjárnámi varnaraðila. Varnaraðili bendir á, að fjárnám sóknaraðila og umráðasvipting á grundvelli þess sé gert í gildistíð laga nr. 90/1989. Því beri að fara eftir yngri lögum. Af 104. gr. laga nr. 90/1989 megi ráða, að fjárnám, sem gerð voru í gildistíð eldri laga, skuli fara eftir yngri lögum.

III.

Við aðalmeðferð í dag féll sóknaraðili frá athugasemdum sínum um aðild og fyrirsvar, og telst aðild því rétt varnar megin. Ágreiningur aðila stendur nú einvörðungu um, hvort sóknaraðili eigi betri rétt, vegna þess að hann náði fram vörslusviptingu, og var málið flutt um það atriði og í því sambandi skil eldri laga og yngri.

Sóknaraðili gerði fjárnám í bifreiðinni RU-914 6. júlí 1994, eftir að yngri aðfararlög nr. 90/1989 tóku gildi 1. júlí 1992. Fjárnám varnaraðila er frá 4. febrúar 1991, en þá giltu eldri aðfararlög nr. 19/1887.

Í eldri aðfararlögum er það ákvæði í 2. mgr. 50. gr., sem sóknaraðili reisir málatilbúnað sinn á, að sá fjárnámshafi, sem nær fram vörslusviptingu, geti fengið aukinn rétt umfram þá, sem ofar eru í veðröð. Með 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989 var þessu breytt. Nú er reglan sú, að fjárnám í lausafé fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári, ef nauðungarsölu hefur ekki verið krafist.

Fjárnám sóknaraðila og umráðasvipting bifreiðarinnar á grundvelli þess fór fram eftir gildistöku laga nr. 90/1989. Eldri aðfararlög féllu úr gildi við gildistöku yngri laga 1. júlí 1992. Ágreiningur aðila er um lögskipti, sem fram fóru, eftir að hin nýju lög tóku gildi. Því gilda yngri lög um ágreiningsefnið. Með lögum nr. 90/1989 eru felld úr gildi ákvæði eldri laga um betri rétt þess fjárnámshafa, sem fyrstur nær fram vörslusviptingu.

Niðurstaða málsins er því sú, að kröfur sóknaraðila verða ekki teknar til greina. Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, sem tekin var 10. apríl 1995, um úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914, þ. e., að rétt sé að úthluta upp í fjárnám varnaraðila.

Eftir þessari niðurstöðu verður sóknaraðili úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar, að fjárhæð 70.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um, að við úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914 verði úthlutað upp í fjárnámskröfu varnaraðila.

Sóknaraðili, Glófaxi hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., 70.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 29. september 1995.

Nr. 320/1995. **Ragnar Böðvarsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Jarðeignum ríkisins
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 7. september 1995, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, komi fyrir dóm til munnlegrar skýrslugjafar. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, hvað varðar skýrslu af Steingrími J. Sigfússyni, og heimilað verði, að hann komi fyrir dóm til skýrslugjafar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Mál þetta sætir meðferð eftir 13. kafla laga nr. 90/1989. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna skulu vitnaleiðslur að jafnaði ekki fara fram í slíkum málum. Af hálfu sóknaraðila hafa ekki verið færð fram rök fyrir því, að undantekning frá þeirri meginreglu verði gerð í máli þessu. Verður því fallist á niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ragnar Böðvarsson, greiði varnaraðila, Jarðeignum ríkisins, 75.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 7. september 1995.

Í máli þessu liggur fyrir að taka afstöðu til þess, hvort fram nái að ganga sú krafa gerðarþola, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, verði leiddir fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar fyrir munnlegan málflutning, sem ákveðinn hefur verið 2. október nk., Steingrímur Sigfússon sem vitni, en Jón Höskuldsson sem aðili sóknar megin.

Af hálfu gerðarbeiðanda var litið svo á, að þessir einstaklingar væru það nátengdir gerðarbeiðanda, að líta yrði á þá sem aðila sóknar megin. Því var jafnframt lýst yfir, að af hálfu gerðarbeiðanda yrði ekki gerður reki að því, að þessir einstaklingar kæmu fyrir dóminn, og væri auk þess ljóst, að þeir hefðu ekkert frekar um málið að segja en fram kæmi í gögnum málsins. Málsaðilar lögðu þennan ágreining í úrskurð dómara, en framangreind krafa gerðarþola kom fram í þinghaldi í dag.

Mál þetta, sem gerðarbeiðandi höfðar á grundvelli 12. kafla laga nr. 90/1989, var þingfest 24. ágúst sl. Var þá sótt þing af hálfu gerðarþola og málinu frestað til dagsins í dag, svo að málsaðilum gæfist kostur á að skila greinargerðum og sýnilegum sönnunargögnum, sbr. 1. mgr. 83. gr. laganna. Í máli þessu krefst gerðarbeiðandi útburðar gerðarþola af jörðinni Kvistum, Ölfushreppi. Málsmeðferð fer að hætti 12. og 13. kafla laga nr. 90/1989, en hér er um beina aðfarargerð að ræða. Meðferð málsins ber að hraða í samræmi við eðli kröfunnar og ákvæði aðfararlaga. Kemur þetta m. a. skýrt fram í 83. gr. laganna, sem mælir fyrir um það, að ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verði þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skuli málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerðar og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Í samræmi við þetta ákvæði var málinu frestað til dagsins í dag og málsaðilum þá gert að leggja fram greinargerðir og skjöl til stuðnings kröfum sínum. Í framangreindri lagagrein kemur einnig fram, að ef sátt tekst ekki, skuli málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara. Í þessari meginreglu felst, að alveg sérstök sjónarmið þurfi að liggja til þess, ef leyfa ætti vitnaleiðslur í málum, sem höfðuð eru á grundvelli 12. kafla aðfararlaga, laga nr. 90/1989. Í meginreglunni felst einnig, að aðfararhæfar kröfur eiga að vera það skýrar, að þær þarfnist ekki stuðnings af sönnunargögnum sem þessum. Ef krafan er þannig óljós og illa skýrð, ber væntanlega að hafna kröfunni, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna, en þar segir, að að jafnaði skuli hafna aðfararbeiðni, ef varhugavert verði að telja, að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla.

Gerðarþoli hefur ekki skýrt, í hvaða tilgangi skýrslugjöf framangreindra einstaklinga er nauðsynleg, en hreyft því sjónarmiði, að munnlegur framburður þeirra kynni að vera í ósamræmi við skjöl málsins. Í greinargerð gerðarþola, sem lögð var fram í dag, er ekki að finna áskilnað um, að framangreindir einstaklingar verði leiddir fyrir dóminn fyrir munnlegan málflutning. Þá verður einnig að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðanda, að líta verði á þessa einstaklinga sem aðila sóknar megin, þar sem staða þeirra innan ráðuneytisins sé slík, að þeir hafi haft ákvörðunarvald um þá hagsmuni, sem hér er deilt um. Má í þessu sambandi vísa til 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, en þar kemur fram, að þegar ríki, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld eiga aðild að máli, komi sá fram sem fyrirsvarsmaður, er hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans, sem sakarefnið varðar. Samkvæmt því á gerðarþoli ekki möguleika á því að leiða einstaklinga þessa fyrir dóminn, og ljóst er, að umboðsmaður gerðarbeiðanda mun ekki gera það. Með vísan til framanritaðs, sbr. einnig 1. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, verður að hafna kröfu gerðarþola um, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson deildarstjóri komi fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar í máli þessu.

Ekki er krafist málskostnaðar, og verður hann því eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarþola um, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson deildarstjóri komi fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar í máli þessu, er hafnað.

Miðvikudaginn 4. október 1995.

Nr. 328/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Þór Birgissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að „hinn kærði úrskurður verði ómerktur og felldur úr gildi". Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í greinargerð til Hæstaréttar byggir varnaraðili á því, að ákvæði 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, fái ekki samrýmst 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Samkvæmt því ákvæði beri dómara að ákveða með rökstuddum úrskurði, hvort sakborningur sæti gæsluvarðhaldi. Heldur varnaraðili því fram, að með dómara sé þar átt við þann, sem skipaður er í slíkt embætti af forseta Íslands eða settur af dómsmálaráðherra, og telur hann þann skilning vera í samræmi við 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Varnaraðili vísar einnig til þess, að í máli þessu hafi ekki verið kveðinn upp rannsóknarúrskurður, heldur hafi dómarafulltrúinn í reynd verið að taka refsiákvörðun í máli á hendur varnaraðila, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá telur varnaraðili, að sú framkvæmd við Héraðsdóm Reykjavíkur að fela eingöngu dómarafulltrúum úrlausn gæsluvarðhaldsmála sé í andstöðu við lögskýr-

ingargögn með frumvarpi til laga nr. 80/1995. Hafi komið fram hjá formanni allsherjarnefndar við umræðu á Alþingi um frumvarp til laganna, að einungis væri um heimild að ræða, sem vonir stæðu til, að yrði almennt ekki nýtt.

Af lögskýringargögnum verður ráðið, að áðurnefnd framkvæmd sé á annan veg en löggjafinn hefur ætlast til. Það breytir þó ekki því, að eftir orðalagi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989, svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, er viðhlítandi lagastoð fyrir því, að dómarafulltrúi fari með kröfu um gæsluvarðhald og kveði upp úrskurð um hana. Eins og staða dómarafulltrúa er nú orðin, stenst þessi skipan þær kröfur, sem verða leiddar af stjórnskipunarlögum og alþjóðasamningum, sem íslenska ríkið er aðili að. Hvað þetta varðar, skiptir ekki máli, þótt gæsluvarðhaldsúrskurður sé kveðinn upp á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hefur hann á árunum 1988 til 1994 hlotið þrettán refsidóma, þar af ellefu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Hinn 1. febrúar 1995 var varnaraðila veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 180 dögum. Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila 19. september 1995, þar sem hann er sakaður um þjófnað og nytjastuld í mars, júlí og ágúst 1995. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila eftir c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Birgi Þór Birgissyni, kt. 210971-4839, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út sunnudaginn 1. október nk. kl. 16.00, þar til dómur gengur í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 16.00.

Hinn 19. september sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru í sex liðum á hendur

Birgi Þór Birgissyni og fimm öðrum mönnum fyrir hegningarlagabrot. Í 1. lið ákæru er ákærða Birgi Þór einum gefnir að sök fimm innbrotsþjófnaðir, fjórar tilraunir til innbrotsþjófnaða, ein nytjataka og ein tilraun til nytjatöku. Í 3. lið ákæru er ákærða ásamt tveimur öðrum gefinn að sök innbrotsþjófnaður, og í 4. lið er honum gefinn að sök innbrotsþjófnaður ásamt einum hinna meðákærðu. Brot þau, sem saksókn lýtur að, eru framin í mars-, júlí- og ágústmánuði sl. Verðmæti þeirra muna, sem stolið var í innbrotum þessum, nemur vel á aðra milljón króna.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 18. ágúst sl. á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Mál skv. framangreindri ákæru verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur föstudaginn 6. október nk.

Telja verður ákærða síbrotamann. Skilyrði eru því til áframhaldandi gæsluvarðhalds hans skv. c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir ákærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Birgir Þór Birgisson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út sunnudaginn 1. október nk. kl. 16.00, þar til dómur gengur í héraði í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 418/1993. **Helgi G. Jónsson**
(Árni Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Arnardóttur
Brynjólfi Grétarssyni
Elínu Sigrúnu Guðmundsdóttur
Gunnari Guðjónssyni
Guðrúnu Gísladóttur og
Ragnhildi Kristínu Ólafsdóttur
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Verksamningur. Févíti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1993 og gerir þær kröfur, að stefndu verði dæmd til þess að greiða sér 817.286 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 28. janúar 1991 til greiðsludags. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Breyting á fjárhæð höfuðstóls kröfu áfrýjanda frá kröfum í héraði felst í því, að í reynd greiddu stefndu áfrýjanda 1.045.000 krónur upp í skuld sína við hann, en ekki 953.400 krónur, eins og greinir í héraðsdómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, sem leiðir af leiðréttri kröfugerð áfrýjanda, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Skriflegur verksamningur málsaðila 19. júní 1990 var gerður á grundvelli verktilboðs áfrýjanda. Í tilboðinu kemur nægilega skýrt fram, að magntölur eru áætlaðar, og máttu stefndu því gera ráð fyrir, að umfang einstakra verkþátta gæti breyst, þegar líða tæki á verkið. Á hinn bóginn gættu aðilar ekki formkrafna, sem gert var ráð fyrir í samningnum, að fara skyldi eftir, ef breytingar yrðu á um-

fangi verksins. Svo sem greinir í héraðsdómi, er heildarendurgjald, sem áfrýjandi telur sig eiga fyrir verkið, 1.862.286 krónur í stað 1.178.600 króna, sem upphaflega var samið um. Gögn, sem liggja fyrir til stuðnings kröfum áfrýjanda um greiðslur sökum magnaukningar við aðra liði en vinnu við útidyratröppur, eru með öllu ófullnægjandi. Verður að fallast á það álit héraðsdóms, að áfrýjandi hafi með ýmsum hætti vanrækt skyldur, sem á honum hvíldu sem verktaka, til að tryggja sér sönnun um réttmæti aukinnar kröfugerðar vegna breytingar á magntölum. Er því ekki unnt að fallast á aðrar kröfur áfrýjanda en þær, sem síðar greinir.

II.

Annar liður tilboðs áfrýjanda er „endursteypa á plötu með viðbótarbendingu", 7 fermetrum á 24.000 krónur, alls 168.000 krónur. Í tilboðinu eru engar nánari skýringar á þessum lið. Fyrir héraðsdómi skýrir áfrýjandi svo frá, að hér sé átt við „svalabotna" og skyggni fyrir ofan anddyri. Áfrýjandi ber einnig, að inni í þessum verklið hafi verið niðurbrot, uppsláttur, endursteypa og frágangur. Málsaðila greinir ekki á um, að eftir gerð samnings þeirra hafi verið ákveðið að stækka þrennar svalir húss stefndu og að áfrýjanda beri að fá greitt fyrir það aukaverk sérstaklega. Hins vegar deila þeir um fjárhæð greiðslunnar, en áfrýjandi krefst alls 434.400 króna hækkunar vegna endursteypu á plötum, þ. e. alls 602.400 króna í stað 168.000 króna samkvæmt tilboði. Eftir að ágreiningur aðila kom upp, var af hálfu áfrýjanda bent á, að í verktilboði hefði hann gert ráð fyrir endursteypu á áðurgreindum sjö fermetrum svalagólfa, en í reynd hefðu verið steyptir 22,37 fermetrar af svalagólfum og skyggni yfir útidyrum að flatarmáli 2,69 fermetrar. Aukning frá tilboði sé því alls um 25,1 fermetri.

Skilja verður frásögn áfrýjanda fyrir héraðsdómi svo, að hann hafi í samtölum við stefndu, áður en ákveðið var að stækka svalirnar, áætlað aukakostnað við stækkunina 50.000 krónur á hverjar svalir, alls 150.000 krónur. Þegar litið er til þess, verður ekki talið, að áfrýjandi hafi stutt það nægum rökum, að stefndu sé skylt að greiða hærra endurgjald fyrir aukavinnu við svalir en 150.000 krónur. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þá fjárhæð.

III.

Í skýrslu, sem áfrýjandi gaf fyrir héraðsdómi, kemur fram, að verktilboð sé miðað við að brjóta flögn í útidyratröppum. Segir hann, að þegar verkið var byrjað, hafi komið í ljós, að nauðsynlegt hafi verið að brjóta þrepin að mestu leyti. Einnig heldur áfrýjandi því fram, að teikningar, sem hann fékk í hendur frá húseigendum, hafi ekki verið réttar, þannig, að tröppurnar hafi í raun verið mun stærri en gert hafi verið ráð fyrir í tilboði. Enn fremur hafi viðgerð á tröppunum orðið umfangsmeiri vegna þess, að húseigendur hafi síðar ákveðið að láta leggja í þær hitalögn. Er ekki ágreiningur um, að það var gert. Á grundvelli þessara breyttu forsendna krefur áfrýjandi stefndu um 130.000 krónur fyrir endursteypu á tröppunum.

Stefndu mótmæla þessum kröfulið, en hafa ekki fært rök fyrir því, að verkþættir, sem áfrýjandi krefst hér greiðslu fyrir, hafi falist í tilboði eða verksamningi. Þar sem stefndu hafa ekki sýnt fram á, að endurgjald, sem áfrýjandi reiknar sér fyrir þennan verklið, sé ósanngjarnt, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

IV.

Eftir verksamningi bar áfrýjanda að ljúka verki sínu eigi síðar en 15. september 1990. Leggja verður til grundvallar, að nokkrar tafir hafi orðið á verkinu vegna þeirrar ákvörðunar stefndu að stækka svalir hússins og vinnu við endurgerð á tröppum. Stefndu bera áhættu af töfum, sem rekja má til þess. Þykir hæfileg framlenging verktíma af þessum sökum vera 15 dagar. Ekki er fyllilega ljóst, hvenær áfrýjandi lauk vinnu við verkið, en fallast má á með héraðsdómi, að stefndu eigi ekki rétt til greiðslu á févíti lengur en til 14. nóvember 1990. Samkvæmt því er áfrýjanda skylt að inna af hendi févíti samkvæmt 9. gr. verksamningsins vegna tímabilsins frá 1. október til 14. nóvember 1990, 3.000 krónur á dag í 45 daga, þ. e. 135.000 krónur.

V.

Stefndu krefjast skaðabóta fyrir galla á verki áfrýjanda, svo sem í héraðsdómi greinir. Stefndu létu hvorki meta ætlaða galla til fjár né lögðu fram önnur viðhlítandi gögn til stuðnings bótakröfum þessum. Er því ekki unnt að staðfesta það mat héraðsdómara, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefndu skaðabætur fyrir galla.

VI.

Ekki er ágreiningur um, að stefndu héldu eftir alls 55.000 krónum í geymslufé, er þau greiddu svonefnda áfangareikninga, sem getur í héraðsdómi. Þá er ekki heldur deilt um, að áfrýjandi átti ógreiddar 78.600 krónur af verklaunum, sem í fyrstu var samið um. Ber stefndu að greiða þessar eftirstöðvar ásamt geymslufénu svo og 150.000 krónur fyrir aukaverk við svalir og 130.000 krónur vegna aukaverks við útidyratröppur, alls 413.600 krónur. Frá þeirri fjárhæð dragast dagsektir, 135.000 krónur. Samkvæmt því skulu stefndu greiða áfrýjanda óskipt 278.600 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Í bréfi, dagsettu 9. apríl 1991, buðu stefndu áfrýjanda að greiða honum til að ljúka ágreiningi þeirra fjórðung til viðbótar áður umsömdum verklaunum og falla um leið frá kröfu um févíti. Það boð nam hærri fjárhæð en áfrýjanda er nú dæmd eftir framansögðu. Er rétt samkvæmt því, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Arnardóttir, Brynjólfur Grétarsson, Elín Sigrún Guðmundsdóttir, Gunnar Guðjónsson, Guðrún Gísladóttir og Ragnhildur Kristín Ólafsdóttir, greiði áfrýjanda, Helga G. Jónssyni, óskipt 278.600 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júlí 1993, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. maí 1992, af Helga G. Jónssyni, kt. 220858-4059, Nýbýlavegi 82, Kópavogi, á hendur Guðrúnu Arnardóttur, kt. 150946-2399, Trönuhjalla 3, Kópavogi, áður að Rauðalæk 51, Reykjavík, Brynjólfi Grétarssyni, kt. 130358-4469, Elínu Sigrúnu Guðmundsdóttur, kt. 231055-2589, Gunnari Guðjónssyni, kt. 221050-2159, Guðrúnu Ósk Gísladóttur, kt. 120857-3739, og Ragnhildi Kristínu Ólafsdóttur, kt. 020953-4389, öllum til heimilis að Rauðalæk 51, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð 908.886 kr., ásamt dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Af hálfu stefndu eru dómkröfur aðallega, að stefndu verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I.

Af hálfu stefnanda er málsatvikum og málsástæðum svo lýst: Stefndu séu þinglesnir eigendur hússins nr. 51 við Rauðalæk í Reykjavík og hafi með sér félag, Húsfélagið Rauðalæk 51, Reykjavík, kt. 550690-1289. Í júnímánuði 1990 hafi húsfélagið sem verkkaupi og stefnandi sem verktaki gert með sér verksamning um viðgerð á húsi stefndu, og hafi hann verið undirritaður 19. júní 1990. Í verksamningnum komi fram, að stefnandi taki að sér að gera við húseignina að Rauðalæk 51 samkvæmt tilboði, dagsettu 8. júní 1990, er byggt var á skoðun hans á húsinu. Skyldi verkið unnið í samræmi við nánar tilgreind gögn, þar á meðal tilboð verktaka og íslenskan staðal, ÍST 30, 3. útgáfu, 1988. Í tilboði stefnanda hafi hverjum verkþætti um sig verið lýst, tilgreint magn viðgerðarefnis og einingaverð. Fyrir verkið skyldi verkkaupi greiða verktaka 1.178.600 kr. með þeim breytingum, sem samningsgögn hafi gert ráð fyrir. Tekið hafi verið fram, að verðgrunnur væri fastur og verðbættist ekki, en með feitu letri á áberandi hátt í tilboðinu hafi verið tekið fram, að um væri að ræða áætlaðar magntölur. Samningsfjárhæð skyldi verkkaupi greiða eftir framgangi verksins. Þá hafi verið tekið fram í verksamningnum, að verktaki skyldi vinna þau breytinga- og/eða aukaverk, sem verkkaupi óskaði eftir, og að verkkaupi skyldi greiða verktaka allan kostnað, sem af breytinga- og/eða aukaverkum leiddi. Í samningnum hafi verktaki skuldbundið sig til að hefja verkið fyrir 5. júlí 1990, og skyldi því lokið 15. september 1990.

Fyrir samningsgerð kveðst stefnandi hafa gert stefndu grein fyrir því, að um áætlun væri að ræða og aukning kynni að verða, sérstaklega við viðgerð á svölum.

Stefndu hafi ekki látið fara fram úttekt á húsinu, áður en leitað hafi verið tilboða í viðgerðir. Stefnandi kveðst hafa byrjað á verkinu í júlíbyrjun 1990. Hafi fljótlega komið í ljós, að skemmdir á húsinu voru umfangsmeiri en ráð hafði verið fyrir gert, þegar skemmdir voru kannaðar í tilefni af tilboðsgerð stefnanda, og hafi grunnvinna stefnanda við þær og efnisnotkun af þeim sökum orðið meiri en gert hafi verið ráð fyrir í tilboði hans. Meðan á verkinu hafi staðið, hafi stefndu látið stækka svalir á íbúðum í húsinu og endursteypa útitröppur með hitaleiðslum. Þessi viðbót hafi haft í för með sér aukna efnisnotkun við verkið. Auk þess hafi teikningar, sem stefndu öfl-

uðu, sýnt svalir vera 100 cm á breidd, en þær hafi reynst vera 130 cm breiðar.

Vegna viðbótarverka og aukins umfangs verksins, sem að framan sé lýst, hafi ekki reynst unnt að ljúka því á tilsettum tíma. Hafi verkinu verið skilað í lok októbermánaðar 1990. Við verklok hafi stefndu ekki hlutast til um að láta taka húsið út af sérfræðingum. Hafi stefndu tekið við verkinu án athugasemda eða fyrirvara og tekið verkið í notkun, m. a. með því að láta mála húsið. Meðan á verkinu stóð, kveðst stefnandi hafa gert stefndu grein fyrir því, að skemmdirnar væru umfangsmeiri en hann hafði ætlað og að tafir verksins stöfuðu af því. Við verklok hafi stefndu verið afhent yfirlit yfir magntölur á hverri hlið hússins.

Eftir því sem verkinu hafi miðað áfram, kveðst stefnandi hafa gefið út áfangareikninga til húsfélagsins, samtals að fjárhæð 1.100.000 kr. Hinn 28. desember 1990 hafi stefnandi gefið út lokareikning til húsfélagsins vegna verksins, að fjárhæð 762.286 kr. Vegna aukins umfangs verksins og viðbótarverka hafi heildarverð verksins hækkað og nam nú 1.862.286 kr. Inn á þessa reikninga hafi verið greiddar 953.400 kr. Standi því eftir af heildarverði verksins 908.886 kr., sem séu stefnufjárhæð, en inni í þeirri fjárhæð sé jafnvirði geymslufjár, sem haldið hafi verið eftir af áfangareikningum og ekki verið endurgreitt.

Með lokareikningnum hafi fylgt fylgiskjal, þar sem heildarverðmæti verksins hafi verið sundurliðað samkvæmt einstökum verkþáttum, eins og þeir hafi komið fram í tilboði stefnanda. Stefndu hafi ekki greitt síðastnefndan reikning, heldur ritað stefnanda bréf, dagsett 21. janúar 1991, þar sem þau hafi óskað eftir því, að fullkomnari sundurliðun kæmi fram á fylgiskjali og hver liður yrði útskýrður til fulls og magntölur rökstuddar með tilliti til tilboðs stefnanda í verkið. Hafi verið óskað skriflegrar sundurliðunar, og loks hafi í bréfinu verið farið þess á leit við stefnanda, að tilgreindum verkþáttum yrði lokið.

Stefnandi kveðst hafa falið Landssambandi iðnaðarmanna að svara bréfi stefndu. Í bréfi landssambandsins, dagsettu 27. mars 1991, hafi verið gerð ýtarleg grein fyrir hverjum lið viðgerðarinnar og þeirri magn- og verðaukningu, sem orðið hafði á hverjum einstökum verkþætti. Hafi stefndu svarað bréfi landssambandsins með bréfi, dagsettu 9. apríl 1991, þar sem ítrekað hafi verið, að stefnandi ætti enn eftir að ljúka við tilgreinda þætti verksins. Í bréfinu hafi komið fram, að stefndu væru tilbúin að greiða stefnanda umsamið verð og 25% að auki. Einnig hafi stefndu tjáð sig tilbúin, ef stefnandi samþykkti þessi málalok, að fella niður dagsektir, sem næmu 630.000 kr. Sé í bréfi þessu í fyrsta skipti minnst á dagsektir af hálfu stefndu, en þau hafi

ekki áður gert kröfu um þær eða áskilið sér rétt til að hafa uppi kröfu um þær.

Í kjölfar þessa bréfs stefndu hafi félagi þeirra verið sent innheimtubréf, dagsett 16. desember 1991, þar sem það hafi verið krafið um greiðslu á eftirstöðvum vegna verksamningsins auk vaxta og kostnaðar.

Innheimtubréfi stefnanda hafi verið svarað með bréfi lögmanns íbúa Rauðalækjar 51, dagsettu 11. október 1991. Sé þar hafnað fram kominni kröfu stefnanda um það, að íbúarnir greiði eftirstöðvar vegna verksamningsins.

Kröfur sínar á hendur stefndu kveðst stefnandi styðja því, að hann hafi innt af hendi verk fyrir stefndu og sér beri greiðsla fyrir verkið. Greiðsluskylda stefndu sé byggð á því, að þau beri sem þinglesnir eigendur hússins Rauðalækjar 51 óskipta, beina og persónulega ábyrgð á sameiginlegum kostnaði við viðgerð hússins gagnvart stefnanda. Ekki sé um það deilt, að stefnandi hafi unnið verk það, sem hann krefjist greiðslu fyrir. Hafi stefnandi lagt fram reikning ásamt sundurliðun á einstökum þáttum verksins og rökstutt þá sundurliðun að auki að beiðni stefndu. Hafi stefndu ekki lagt fram gögn, er hnekki reikningi stefnanda. Því hafi ekki verið andmælt, að verk það, sem stefnandi innti af hendi, hafi verið umfangsmeira en búist hafi verið við í upphafi. Því hafi eigi heldur verið andmælt, að við verkið hafi verið bætt að frumkvæði stefndu sjálfra. Stefndu, sem hafi verið kunnugt um magnaukninguna, hafi neitað að greiða fyrir verkið að fullu án þess að færa viðhlítandi skýringar fyrir þeirri neitun. Hafi stefndu viðurkennt greiðsluskyldu sína með greiðslum sínum inn á reikning stefnanda.

Ákvæði samnings stefnanda og stefndu komi ekki í veg fyrir, að stefnandi fái greitt að fullu fyrir allt það verk, sem hann innti af hendi, enda þótt það hafi reynst viðameira en búist hafi verið við í upphafi. Í tilboði stefnanda, dagsettu 8. júní 1990, sem samningur aðila vísi til, sé beinlínis tekið fram á áberandi hátt, að magntölur, sem fram komi í tilboðinu, séu áætlaðar, en í því felst, að þær séu ekki fastákveðnar. Helgist það af því, að ógerlegt megi telja fyrir verktaka að gefa endanlegar og bindandi upplýsingar um magn viðgerðarflatar og efnis, þegar ekki sé gerð úttekt á húsinu fyrir viðgerð. Verkkaupi hefði auðveldlega getað látið taka húsið út fyrir viðgerð, en verði að bera hallann af þeirri óvissu um umfang viðgerðar, sem hlotist hafi af því, að hann lét ekki taka húsið út. Þá sé hluta af verðhækkun verksins að rekja til viðbótarverks á svölum, sem stefndu hafi óskað eftir. Stefndu hafi ekki fært fram haldbær rök fyrir því, að þau eigi ekki að greiða fyrir verk, sem þau hafi beðið gagngert um og sé til viðbótar verki samkvæmt samningi.

Því til stuðnings, að stefnandi eigi rétt til greiðslu fyrir verk, þótt magn þess sé umfram áætlun í tilboði, bendir stefnandi á það, að samningur sinn og stefndu frá 19. júní 1990 geri ráð fyrir, að það verð, sem þar sé tilgreint, kunni að taka breytingum. Í samningnum segi í 5. gr., að fyrir verkið séu greiddar 1.178.600 kr. „með þeim breytingum, sem samningsgögn gera ráð fyrir, þ. e. verðgrunnur sé fastur og verðbætist ekki". Í ákvæði þessu felist, að samið sé um fast einingaverð og að það verðbætist ekki. Hins vegar feli ákvæðið ekki í sér, að ekki eigi að greiða að auki fyrir fjölgun magneininga, sem stafi af því, að verkið reynist umfangsmeira en búist hafi verið við. Stefnandi telur, að slíkar breytingar teljist felast í „samningsgögnum", þar sem skýrt sé tekið fram í tilboði, einu samningsgagna, að magntölur séu áætlaðar.

Stefnandi kveðst telja, að stefndu hafi verið kunnugt um það, meðan á verkinu stóð, að það yrði umfangsmeira en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Eigi þetta ekki síst við um þann þátt, sem stefndu hafi sjálf óskað eftir, að unninn yrði að auki. Telur stefnandi sig ekki hafa vanrækt tilkynningaskyldu sína, hvað snerti magnaukningu í viðgerð.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi innt verkið af hendi og afhent það, svo sem um hafi verið samið. Ekkert af því, sem um hafi verið samið, að hann ynni, hafi verið eftir, er verkinu hafi verið skilað. Tafir þær, sem orðið hafi á verklokum, hafi stafað af viðbótarverkum og auknu umfangi verksins, sem hafi verið ófyrirséð við samningsgerð og stefnanda verði ekki kennt um. Stefndu hafi eigi mótmælt þeirri töf, sem varð á verklokum, og engar athugasemdir gert vegna hennar. Þá hafi stefndu aldrei áskilið sér rétt til tafabóta.

Stefndu hafi haldið því fram, að verklok hafi ekki orðið, þar sem stefnandi hafi ekki boðað til úttektar, og verði stefnandi að bera hallann af því, að lokaúttekt hafi ekki farið fram. Stefnandi telur hér vera um ranga fullyrðingu að ræða. Ekki sé um að ræða skyldu til þess að láta úttekt fara fram. Samkvæmt ÍST 30, grein 28.1.0., standi það verkkaupa næst að boða til úttektar, en verktaka sé heimilt að gera það, ef verkkaupi vanræki það. Um afleiðingar þess, að úttekt fari ekki fram, sé fjallað í ÍST 30, grein 28. 10. Þar segi, að taki verkkaupi verk í notkun, án þess að úttekt hafi farið fram, teljist verktaki hafa skilað þeim hluta verksins af sér. Þar segir og, að verkkaupi verði að skýra frá ætluðum galla innan þriggja vikna frá afhendingu. Af þessu sé ljóst, að stefnandi teljist hafa skilað öllu verkinu. Þá sé og ljóst samkvæmt þessu ákvæði ÍST 30, að síðbúnar staðhæfingar stefndu um galla séu allt of seint fram komnar og það eins, þótt miðað væri við almennar tómlætiskröfur kröfuréttar.

Stefnandi kveðst halda því fram, að stefndu hafi ekki verið heimilt að halda eftir hluta af greiðslu til sín vegna tafabóta og ætlaðra galla. Stefndu hafi aldrei áskilið sér tafabætur og engar athugasemdir gert við stefnanda, þegar verkið var afhent. Sé það brýnt skilyrði tafabóta, að verkkaupi áskilji sér rétt til þeirra í síðasta lagi, er verk er afhent. Það sé ljóst, að stefndu hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni við það, að afhending dróst.

Staðhæfingum stefndu um ætlaða galla á verki stefnanda sé mótmælt sem of seint fram komnum, röngum og órökstuddum. Stefndu hafi ekki gert sér far um að láta staðreyna ætlaða galla eða meta. Engu að síður telji stefndu sér heimilt að halda eftir jafnvirði tæps helmings heildarverðs verksins. Meðan stefndu afli sér ekki sönnunar um umfang ætlaðra galla, sé ljóst, að þeim sé ekki heimilt að halda eftir neinum hluta greiðslunnar til stefnanda. Ekki sé neitt samhengi milli ráðstöfunar stefndu á endurgjaldinu fyrir verkið og staðhæfinga þeirra um ætlaða galla. Í orðum ÍST 30, gr. 20. 6., felist, að verkkaupa sé ekki frjálst að halda eftir fjárhæðum upp á sitt sjálfdæmi án þess að styðja það gögnum, svo sem viðgerðarreikningum eða mati á líklegum kostnaði. Þetta hafi stefndu ekki gert og geti því ekki haldið eftir greiðslum til stefnanda með stoð í þessu ákvæði ÍST 30.

Stefnandi styður greiðslukröfu sína við 1. mgr. 13. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús, almennar reglur kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og meginreglur samningaréttar um túlkun samninga. Þá kveðst hann miða við almennar reglur kröfuréttar um heimild aðila gagnkvæms skuldasambands til að halda eftir eigin greiðslu.

Kröfu um dráttarvexti kveðst stefnandi styðja við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað kveðst stefnandi styðja við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum og 184. gr. sömu laga. Krafa um dráttarvexti á dæmdan málskostnað sé reist á 3. mgr. 175. gr. sömu laga.

II.

Stefndu mótmæla málavöxtum, lagasjónarmiðum og rökstuðningi stefnanda í heild sinni sem röngum og villandi.

Stefndu halda því fram, að 8. júní 1990 hafi stefnandi gert stefndu tilboð í viðgerðir og málun Rauðalækjar 51, Reykjavík. Grundvöllur þess tilboðs hafi verið ýtarleg skoðun stefnanda á ástandi fasteignarinnar að Rauðalæk 51, Reykjavík. Hinn 19. júní 1990 hafi deiluaðilar gert með sér verksamning þess efnis, að stefnandi tæki að sér „... að gera við húseignina Rauðalæk 51, Reykjavík, samkvæmt tilboði, dagsettu 8. 6. 1990". Samkvæmt samningnum skyldu stefndu greiða stefnanda 1.178.600 kr. án vaxta eða verðbóta.

Í samningsverðinu skyldi felast allt, sem við kæmi verkinu, svo sem efniskostnaður, vinnulaun, tryggingar og fleira, sbr. 5. gr. samningsins. Skyldi verkið hefjast 5. júlí 1990, en ljúka 15. september 1990. Enda skyldi stefnandi greiða stefndu févíti, 3.000 kr. fyrir hvern almanaksdag, sem verkið drægist umfram umsamin verklok.

Samkvæmt 6. gr. samningsins skyldu stefndu greiða stefnanda eftir framgangi verksins að frádregnu geymslufé, 5%. Hafi stefndu greitt stefnanda áfangareikninga einum degi eftir framvísun þeirra, þrátt fyrir það að stefndu bæri eigi skylda til greiðslu fyrr en að fjórum dögum liðnum frá framlagningu þeirra. Þannig hafi stefndu greitt reikninga, samtals að fjárhæð 1.100.000 kr., að frádregnu geymslufé, 5%, 55.000 kr. Þar sem orðið hafi að brjóta svalir og endurgera, hafi komið upp sú hugmynd, að svalirnar yrðu lengdar. Hafi verið sæst á þá hugmynd, enda myndu stefndu greiða 50.000 kr. á íbúð til viðbótar samningsverði. Þetta hafi verið gert munnlega, en ekki skriflega, svo sem samningur aðila geri ráð fyrir, samanber og ákvæði ÍST 30.

Stefndu segjast ekki hafa átt mikil samskipti við stefnanda, eftir að verkið hófst. Þó hafi þau gert athugasemdir við framkvæmd verksins, en töluvert hafi borið á, að stefnandi og starfsmenn hans væru fjarverandi frá verkstað, svo að dögum skipti. Hafi stefnandi sagt, að það kæmi eigi að sök og að framkvæmdum við fasteignina að Rauðalæk yrði lokið á tilsettum tíma. Það hafi hins vegar ekki orðið.

Í lok nóvember 1990 hafi stefnandi hlaupið frá verkinu óloknu og eigi hirt um að ljúka því þrátt fyrir áskoranir þar um. Þar sem missætti hafi verið komið upp á milli aðila málsins um áramót 1990 til 1991 sakir vanefnda stefnanda, hafi stefnandi gripið til þess ráðs að gera stefndu reikning, dagsettan 28. desember 1990, og annan, dagsettan sama dag, til samantektar, að því er segi í reikningnum. Hafi heildarfjárhæð numið 1.862.286 kr., eða 683.686 kr., sem séu ríflega 50% hækkun samningsfjárhæðarinnar.

Við móttöku nefndra reikninga 16. janúar 1992 hafi stefndu þegar gert athugasemdir við reikningana og þeim verið mótmælt. Hafi þess verið beiðst, að gerð yrði ýtarleg, skrifleg grein fyrir hverjum kröfulið og magntölur rökstuddar. Jafnframt hafi verið gerð krafa um, að verkinu yrði lokið. Um hafi verið að ræða lagfæringu á kjallaratröppum við baðherbergi og á klæðningu hússins, sem rifin hafi verið frá.

Þessu bréfi hafi eigi verið svarað af hálfu stefnanda, en hann hafi óskað liðsinnis lögfræðings Landssambands iðnaðarmanna í mars 1991. Eftir að stefndu höfðu komið sínum sjónarmiðum á framfæri, hafi lögfræðingur þessi hætt afskiptum sínum af málinu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína eftirtöldum rökum:

1. Samkvæmt verksamningi skyldi stefnandi eiga rétt til 1.178.600 kr. fyrir verk sitt, nema því aðeins að sérstaklega yrði samið um viðbótarverk umfram verksamning aðila. Hafi stefndu talið þá fjárhæð vera fullnaðargreiðslu til stefnanda, enda yrði ekki samið um breytingar á samningi aðila.

   Samkvæmt 8. gr., 2. mgr., samningsins skyldu allar breytingar vera skriflegar svo og kröfugerð og samningar. Með breytingum og/eða aukaverkum hafi verið átt við verkliði, sem hafi ekki verið tilgreindir í magntöluskrá. Í 8. gr. segi, að ef ófyrirséðar breytingar verði á verkinu, svo sem breytingar á magntölum, skuli verktaki tilkynna verkkaupa tafarlaust um þær.

   Af hálfu stefnanda sé krafa á hendur stefndu umfram samningsfjárhæð rökstudd með því, að magntölur hafi tekið verulegum breytingum og verkið í heild verið mun umfangsmeira. Samkvæmt framanlýstum ákvæðum samningsaðila og grein 14. 4. 0. í ÍST 30, sem gildi einnig um samskipti aðila máls þessa, samanber 3. gr., 4. tl., samningsins, hafi stefnanda borið að tilkynna stefndu tafarlaust breytingar á verkinu að þessu leyti, en það hafi hann ekki gert. Það hafi ekki verið, fyrr en stefnandi hafði hlaupið frá verkinu í lok árs 1990, að hann hafi tilkynnt stefndu um breytingar á magntölum og fleira og það í formi reiknings á hendur stefndu. Stefnandi hafi með háttalagi sínu fyrirgert hugsanlegum rétti til frekara endurgjalds úr hendi stefndu. Beri af þessum ástæðum að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.
2. Staðhæfingar stefnanda um magnaukningu frá því, sem greini í verksamningi aðila, séu ósannaðar með öllu. Eigi hafi farið fram sérstök úttekt að frumkvæði stefnanda, svo sem honum hafi borið skylda til, þegar honum hafði orðið ljóst, að verkið væri meira en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. Stefnandi sé því einn til frásagnar um það, hvernig magntölur verksins hafi verið. Hlutlaus úttekt þriðja aðila, þar sem stefndu gæfist kostur á að skýra sjónarmið sín, hafi ekki farið fram. Bent sé á, að stefnanda sem fagmanni hafi borið sérstök skylda til þess að fara að ákvæðum samningsins, sem hannaður sé af stefnanda, og ákvæðum ÍST 30 og vekja athygli stefndu á því, ef um óvænta magnaukningu væri að ræða. Stefndu hafi verið grandalaus um það, að samningsfjárhæðin ætti eftir að hækka um meira en fimmtíu af hundraði. Með vísan til þessa beri að sýkna stefndu.
3. Í samningi aðila sé samningsfjárhæð tiltekin án annarra fyrirvara en varða það, sem getið er um í tl. 1 og tl. 2 hér að framan. Séu þeir fyrir-

varar eigi virkir gagnvart stefndu, beri aðilum að miða við samningsfjárhæðina óbreytta. Ella hefði tilgreining á samningsfjárhæð eigi neina þýðingu um samningsstöðu aðila málsins.

4. Stefndu vilja benda á, að slitrótt vinna stefnanda við fasteignina Rauðalæk 51, Reykjavík, hafi án vafa leitt til þess, að verkið hafi orðið óhagkvæmara fyrir stefnanda. Slíkt geti hins vegar ekki réttlætt hækkun á endurgjaldi til hans.
5. Samkvæmt 6. gr. verksamnings sé stefndu heimilt að halda eftir af geymslufé allt þar til fjórum vikum eftir, að lokaúttekt hafi farið fram og stefnandi fullnægt samningsskyldum sínum. Þessi fjárhæð sé alls 58.930 kr. Sé stefndu heimilt að halda þessari fjárhæð eftir, allt þar til er stefnandi hafi lokið verki sínu samkvæmt samningi aðila. Ágreiningslaust er, að stefndu hafi greitt stefnanda 953.400 kr.
6. Samkvæmt 9. gr. verksamnings skyldi stefnandi hafa lokið verkinu eigi síðar en 9. september 1992. Óumdeilt sé hins vegar, að stefnandi hafi verið að vinna við verkið fram í lok nóvember 1990 og hafi þá eigi lokið verkinu að mati stefndu. Af hálfu stefnanda sé því hins vegar haldið fram, að utanaðkomandi aðstæður hafi réttlætt drátt á verklokum. Samkvæmt grein 24. 2. 1. í ÍST 30 hafi stefnandi getað krafist framlengingar á skilafresti, ef til dæmis stefndu hefðu krafist umfangsmikilla breytinga á verkinu eða vanefnt að leggja fram teikningar o. þ. h., tíð verið sérstaklega óhagstæð. Samkvæmt sama ákvæði hafi stefnanda borið, teldi hann sig eiga rétt á framlengingu, að tilkynna stefndu það tafarlaust með skriflegum hætti. Óumdeilt sé, að stefnandi hafi ekki gert það. Af þeim ástæðum verði að telja drátt á verklokum umfram umsaminn skiladag, 15. september 1990, til vanefnda á samningnum af hálfu stefnanda. Sé miðað við dagsektir fyrir tímabilið 15. september til 1. desember 1990, verði dagsektir alls 228.000 kr. samkvæmt verksamningi.

   Stefndu telja, að verki hafi ekki lokið hjá stefnanda, og hafi þessum skilningi stefndu verið komið á framfæri strax í janúar 1991. Samkvæmt grein 28. 1. 0. í ÍST 30 hafi stefnanda borið að tilkynna stefndu áætluð verklok og hlutast til um, að úttekt færi fram. Það hafi stefnandi ekki gert.
7. Stefndu viðurkenna, að þau hafi fallist á að greiða 50.000 kr. til viðbótar samningsgreiðslu vegna stækkunar á svölum. Hins vegar hafi borið svo við, að stefnanda, sem sé málari að mennt, en ekki múrari, hafi láðst að setja niðurföll í svalir, auk þess sem vatnshalla sé áfátt á sumum þeirra. Þurfi því að brjóta upp svalirnar og lagfæra.

Enn fremur hafi stefndu þurft að bera kostnað af viðgerð við klæðningu hússins, sem stefnanda hafi borið að lagfæra, eftir að hann hafði rifið hana frá. Þessari viðgerð hafi stefnandi eigi lokið.

Samkvæmt gr. 20. 6. í ÍST 30 sé stefndu heimilt að halda eftir fé, sem nemi kostnaði við lagfæringar á göllum.

III.

Samningur sá, er aðilar gerðu með sér um viðgerð á húsciginninni Rauðalæk 51, Reykjavík, er saminn af stefnanda á grundvelli skoðunar hans á húsinu og eftirfarandi tilboðs hans. Ljóst er, að stefnandi selur stefndu vinnu á grundvelli fagþekkingar sinnar og mats á aðstæðum. Máttu stefndu treysta mati hans á umfangi verksins og framsetningu hans á skilmálum þess. Það átti því ekki að vera nauðsynlegt fyrir stefndu að láta gera sérstaka, sjálfstæða úttekt fyrir fram til þess að tryggja réttar magntölur verksins. Stefnandi leggur til form verksamnings og útbýr hann. Það er því hann, sem hefur gert tillögu um, að ákvæði ÍST 30 væru hluti samnings aðila. Er samningurinn, eins og hann liggur fyrir, þar með ÍST 30, bindandi fyrir alla aðila, sbr. 4. tl. 3. gr. samningsins, enda hafa þeir ekki komið sér saman um annað.

Samkvæmt samningi aðila var verðgrunnur fastur og skyldi ekki verðbættur. Í tilboði kemur fram, að magntölur séu áætlaðar, en samkvæmt ÍST 30 bar stefnanda að tilkynna um magnaukningu. Gegn mótmælum stefndu hefur stefnandi ekki sannað, að hann hafi tafarlaust upplýst stefndu og leitað samþykkis þeirra við breytingum á magntölum á verki sínu, svo sem tilskilið er í ÍST 30, gr. 14. 4. 0. Getur hann því ekki krafið þau um greiðslu fyrir þennan þátt. Styðst hann eingöngu við einhliða mælingu sína og aflaði sér ekki heldur síðar sönnunar á því, að um þá magnaukningu væri að ræða, sem hann heldur fram, til dæmis með því að fá utanaðkomandi aðila til að taka út verkið. Eins og aðstæðum er háttað, telur dómurinn ógerlegt að taka afstöðu til magnbreytinga einstakra þátta, svo sem svala, þar sem fyrir liggur, að ekki er unnt að sannreyna magn verksins í heild sinni, hvorki af gögnum málsins né með vettvangskönnun.

Óumdeilt er, að stefnandi vann aukaverk við stækkun svala hússins. Stefndu hafa lýst yfir því, að þau hafi skuldbundið sig til þess að greiða 50.000 kr. fyrir hverjar svalir, og hefur stefnandi staðfest, að það hafi verið sú tala, sem hann hafi giskað á aðspurður. Þykir rétt, að stefndu greiði samkvæmt þessu vegna svalanna samtals 150.000 kr. Deilt er um, hvort hitalögn í tröppur hafi leitt til aukningar á verki. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að um vissa aukningu verksins hafi verið að ræða við tröppurnar

vegna umfangsmeiri endursteypu, og þykir sú aukning hæfilega metin á 80.000 kr. Ber stefnanda samkvæmt þessu 230.000 kr. greiðsla úr hendi stefndu vegna aukaverka.

Að því er varðar ætlaða galla á verki stefnanda, tilgreina stefndu frágang á tröppum við kjallaraglugga, að niðurföll vanti á svalir og vatnshalla sé ábótavant og að klæðningu á þaki útbyggingar hafi ekki verið lokið. Ekki verður séð, að það hafi verið innifalið í skyldum hans samkvæmt verksamningi að gera við útskot yfir stofuglugga. Þar sem útskotið þarfnaðist viðgerðar, var stefnanda sem fagmanni, er vann við viðgerð hússins, skylt að gera stefndu það ljóst, að slík viðgerð væri nauðsynleg, og sjá til með framkvæmd hennar, væri þess óskað. Af framburði aðila verður að ætla, að stefnandi hafi bent á þetta, en því ekki verið sinnt af stefndu, en ljóst þykir af þessu atriði og fleiri lýsingum á samskiptum aðila, að þau hafi að jafnaði ekki farið fram á formlega fullnægjandi eða hæfilega skilmerkilegan hátt. Stefndu hafa ekki gert grein fyrir kostnaði sínum vegna þessa, en þau fengu annan aðila til að ljúka þessum verkþætti. Galli er á frágangi á tröppum við kjallaraglugga. Dómurinn telur, að galli þessi sé afleiðing þeirra breytinga, sem gerðar voru á tröppunum, og sé ekki við stefnanda að sakast í því efni. Um ætlaða galla á svölum er ekki rætt sérstaklega fyrr en í bréfi lögmanns stefndu, dags. 11. okt. 1991, en dómurinn telur það verulegan galla á nýuppsteyptum svölum, að á þeim skuli ekki vera vatnshalli og niðurföll, sbr. gr. 5. 10. 3. í byggingarreglugerð. Stefndu halda því fram, að verklok hafi aldrei orðið og úttekt á verkinu ekki heldur farið fram. Verður að telja, að það hafi staðið stefnanda næst að sjá til þess, að úttekt færi fram til að láta staðreyna þá vinnu, er hann krefur stefndu um greiðslu fyrir. Þegar þetta er virt, þykja kvartanir stefndu um galla ekki of seint fram komnar.

Ekkert það þykir hafa komið fram, sem bendi til þess, að framlenging verktíma hafi verið nauðsynleg. Aukaverk þau, sem tekið hefur verið tillit til í dóminum, þykja ekki vera þess eðlis, að nauðsynlegt hafi verið að lengja verktímann vegna þeirra, og magnaukning hefur ekki verið viðurkennd. Stefnandi fór ekki skriflega fram á framlengingu verktíma, svo sem áskilið er í ÍST 30, gr. 24. 3. Upplýst þykir, að stefnandi hafi síðast unnið við húsið í október eða nóvember. Lokareikningur stefnanda er dagsettur 28. desember 1991 og afhentur stefndu í janúarmánuði.

Skilja verður sýknukröfu stefndu svo, að þau geri kröfu um tafabætur frá 15. september til 1. desember 1990. Samkvæmt samningi aðila, gr. 9, eiga þau rétt á tafabótum, en þar sem óljóst er um verklok og miðað við aðstæður allar, þykir hæfilegt að taka þá kröfu til greina til og með 15. nóvember 1990 með 183.000 kr., sem skuldajafnast við kröfu stefnanda.

Samningsfjárhæð verksins er 1.178.600 kr., og stefnanda ber fyrir aukaverk að mati dómsins 230.000 kr., sem gera samtals 1.408.600 kr. Af þeirri fjárhæð hafa stefndu greitt 953.400 kr., og er skuld þeirra við stefnanda því 455.200 kr. Frá þeirri fjárhæð ber að mati dómsins að draga bætur vegna galla á svölum, 100.000 kr., og tafabætur, sem stefndu eiga rétt á úr hendi stefnanda, 183.000 kr. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda 172.200 kr. Ósannað er, að reikningi hafi verið framvísað fyrr en 16. janúar 1991, og skulu vextir því reiknast frá 16. febrúar 1991.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur þessi er kveðinn upp af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara, Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Sæbirni Kristjánssyni byggingartæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Arnardóttir, Brynjólfur Grétarsson, Elín Sigrún Guðmundsdóttir, Gunnar Guðjónsson, Guðrún Ósk Gísladóttir og Ragnhildur Kristín Ólafsdóttir, greiði Helga G. Jónssyni in solidum 172.200 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 16. febrúar 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 169/1995. **Páll Sigurjónsson**
(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)
gegn
Pétri Símonarsyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Fyrning. Peningalán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1995. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu liggur fyrir skrifleg viðurkenning áfrýjanda frá 17. mars 1988 þess efnis, að hann hafi þá tekið við vaxtalausu láni frá stefnda til fjögurra mánaða, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og ber skjalið einnig áritun stefnda um afhendingu lánsins. Áfrýjandi byggir vörn sína á því, að krafa stefnda um endurgreiðslu verði að teljast fyrnd samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Umrætt skjal gefur til kynna, að krafan sé risin af veitingu peningaláns, og sé skjalið sjálft gefið út til staðfestingar samningi um það lán. Þegar af þeirri ástæðu verður að líta svo á, að krafa stefnda sæti 10 ára fyrningarfresti, á grundvelli 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Sigurjónsson, greiði stefnda, Pétri Símonarsyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. mars 1995.

I.

Mál þetta var tekið til dóms 1. þ. m. eftir munnlegan málflutning.

Stefnandi er Pétur Símonarson, kt. 040811-2069, Austurbrún 31, Reykjavík.

Stefndi er Páll Sigurjónsson, kt. 030535-2789, Hörgslundi 5, Garðabæ.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 800.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. 1. 1991 til greiðsludags, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar og að dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 17. 1. 1992. Þá krefst stefndi málskostnaðar auk virðisaukaskatts samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málkostnaðarreikningi.

Sáttatilraunir dómara báru ekki árangur.

II.

Dómkröfur sínar styður stefnandi því, að hann hafi lánað stefnda 17. mars 1988 800.000 kr. til fjögurra mánaða og stefndi ritað nafn sitt undir skuldarviðurkenningu þess efnis. Stefndi hafi um árabil marglofað endurgreiðslu, en jafnoft svikið þau loforð. Þar sem endurteknar innheimtutilraunir stefnanda hafi reynst árangurslausar, beri honum nauðsyn til að innheimta kröfuna með málsókn. Kröfu sína reisir stefnandi á skriflegri skuldarviðurkenningu stefnda á reikningseyðublaði, þar sem stefndi skrifar undir sem lántaki, en stefnandi sem lánveitandi. Meginmál skjalsins er svohljóðandi:

„1988, 17. mars. Ég undirritaður hef móttekið að láni frá Pétri Símonarsyni, Austurbrún 31, Reykjavík, 800.000 krónur, – átta hundruð þúsund, – vaxtalaust vinarlán í 4 mánuði eða til júlí 1988.

Mótt. Páll Sigurjónsson Afhent. Pétur Símonarson."

Dómkröfur sínar styður stefnandi við almennar reglur kröfuréttar og ákvæði laga nr. 7/1936.

Í greinargerð stefnda er þess getið, að aðilar máls þessa hafi átt í sameiginlegum viðskiptum. Þeir hafi keypt og selt fiskvinnsluvélar og flutt inn bíla, m. a. 2 Benz-jeppa fyrir hann. Stefnandi hafi alltaf hafnað kvittunum. Greiðslur hafi aðeins farið fram með peningum, skuldabréf hafi hann ekki

viljað. Stefnukrafan sé greidd, en stefnda hafi láðst að endurkrefja um kvittunina.

Stefndi miðar sýknukröfu sína hins vegar einvörðungu við það, að krafan sé fyrnd, en ekki, að hún sé greidd. Sýknukröfu stefnda til stuðnings er vísað til 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Lögmenn aðila fjölluðu um ofangreinda málsástæðu stefnda í málflutningi sínum.

Af hálfu stefnda er skírskotað til þess, að krafa stefnanda, sem reist sé á skuldarviðurkenningu, fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga. Skjalið geti á engan hátt talist skuldabréf í skilningi 4. gr. sömu laga. Hér sé um kröfu að ræða, sem falli undir 1. tl. 3. gr. laganna, þ. e. kröfu út af afhendingu lausafjár. Lausafé sé reiðufé og reiðufé peningar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að krafa stefnanda í máli þessu fyrnist samkvæmt 3. gr. fyrningarlaganna. Ákvæði 2. og 3. gr. fyrningarlaga feli í sér undantekningu frá meginreglu laganna um tíu ára fyrningarfrest samkvæmt 4. gr. Krafa stefnanda byggist á einhliða, óskilyrtri og skriflegri skuldarviðurkenningu stefnda, sem sé skuldabréf í sinni einföldustu mynd og fyrnist því á tíu árum samkvæmt 4. gr. fyrningarlaga. Í raun skipti hins vegar ekki máli, hvort umrædd skuldarviðurkenning verði talin skuldabréf og fyrningarfrestur þá tíu ár samkvæmt 1. tl. 4. gr. eða hvort farið verði eftir útilokunarreglu 2. tl. 4. gr. fyrningarlaga, sem mæli fyrir um tíu ára fyrningarfrest.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningslaust, að stefndi undirritaði þá skuldarviðurkenningu, sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Sýknukröfu sína byggir stefndi hvorki á því, að umrætt lán hafi ekki verið veitt né að hann hafi endurgreitt það. Ágreiningur málsaðila snýst einvörðungu um það, hvort krafa stefnanda fyrnist á fjórum eða tíu árum, þ. e., hvort um sé að ræða kröfu vegna afhendingar á lausafé eða kröfu samkvæmt skuldabréfi eða hvort um sé að ræða kröfu, sem falli undir 2. tl. 4. gr. fyrningarlaga, þar sem mælt er svo fyrir, að allar aðrar kröfur, sem ekki sé settur annar fyrningarfrestur fyrir, fyrnist á tíu árum.

Hvergi í lögum er nein almenn skilgreining á því, hvað sé skuldabréf. Almenn skilgreining hugtaksins er sú, að með því sé átt við einhliða, óskilyrta og skriflega viðurkenningu á peningaskuld. Skuldabréf er því ávallt loforð og grundvöllur kröfu. Efni skjalsins skiptir meginmáli. Á hinn bóginn eru í ýmsum lögum gerðar sérstakar formkröfur og efnis til slíkra skjala, svo að með þau megi fara samkvæmt þeim lagaákvæðum, t. d. í 1. gr., 7. tl.,

aðfararlaga, í þinglýsingalögum og lögum um meðferð einkamála, svo að eitthvað sé nefnt.

Skuldarviðurkenning sú, er stefnandi reisir mál sitt á, felur í sér einhliða, óskilyrta viðurkenningu stefnda á því, að hann skuldi stefnanda peninga, 800.000 krónur, og jafnframt loforð um að greiða skuldina. Skjalið er því skuldabréf í skilningi 1. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905, og er fyrningarfrestur kröfu þeirrar, sem gerð er samkvæmt því, tíu ár. Krafa sú, er stefnandi gerir fyrir dóminum, er því ófyrnd, en gjalddagi hennar var í júlí 1988.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 800.000 krónur með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir. Stefnandi krefst einvörðungu ófyrndra dráttarvaxta, og af stefnda hálfu hefur dráttarvaxtakröfu stefnanda ekki verið mótmælt sérstaklega. Stefnanda er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 17. 1. 1992.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 130.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Sigurjónsson, greiði stefnanda, Pétri Símonarsyni, 800.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. janúar 1991 til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 165/1993. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Huldu Hrönn Jónsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðar. Slysatrygging ökumanns. Líkamstjón. Örorkubætur. Örorkumat. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1993. Kröfur hans eru þær, að bætur til gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1993. Hún krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 4.103.000 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 10. mars 1990 til 2. nóvember 1991 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er matsgerð, dagsett 12. ágúst 1994, sem hinir dómkvöddu matsmenn, Árni Tómas Ragnarsson giktarlæknir og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður, hafa unnið. Í matsbeiðni aðaláfrýjanda er óskað mats á heilsufarslegu ástandi gagnáfrýjanda og sérstaklega álits um eftirfarandi atriði:

1) hvort örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis 5. september 1991 hafi verið tímabært, og ef svo er,
2) hvort gagnáfrýjandi hafi af völdum slyssins 10. mars 1990 orðið eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á

getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hennar, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hún á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hennar.

3) Ef talið verður, að gagnáfrýjandi hafi eða muni hljóta tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins, verði hún metin í hundraðshlutum.

4) Hvort fallast megi á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver teljist hæfilega metin tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda af völdum slyssins.

5) Ef önnur slys eða sjúkdómar eiga þátt í örorku gagnáfrýjanda, verði þess getið og í hvaða mæli, og er þar sérstaklega bent á líkamsárás þá, er hún varð fyrir.

Í matsgerðinni kemur meðal annars fram, að matsmaðurinn Árni Tómas hafi skoðað gagnáfrýjanda. Þar segir enn fremur, að gagnáfrýjandi telji einkenni nú eftir slysið vera í aðalatriðum óbreytt frá því, sem lýst er í læknisvottorðum, sem flest lágu fyrir við meðferð málsins í héraði. Í heild telji gagnáfrýjandi einkennin af völdum slyssins alls ekki hafa breyst til batnaðar síðustu 2–3 árin, heldur sé heilsa hennar nú þvert á móti nokkru verri en áður vegna nýrra einkenna frá baki, sem hafi komið í ljós. Þá kemur fram í matsgerðinni, að gagnáfrýjandi hafi við slysið stundað nám við öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð og lokið 80 einingum af 132, sem þurfi til að ljúka stúdentsprófi. Eftir slysið hafi hún reynt að hefja nám að nýju, en orðið að gefast upp í ársbyrjun 1992 vegna verkja og erfiðleika við einbeitingu. Þá hafi afleiðingar slyssins að mestu komið í veg fyrir, að gagnáfrýjandi gæti stundað launuð störf. Telja matsmenn líklegt, að einkennin muni há henni áfram að þessu leyti næstu árin. Hins vegar hafi hún að mestu getað stundað heimilisstörf eftir slysið og hafi eignast annað barn sitt í apríl 1994. Spurningunum í matsbeiðni svöruðu matsmenn þannig í niðurlagi matsgerðar sinnar:

„1) Matsmenn geta ekki staðhæft að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar hafi verið ótímabært, þótt ljóst sé að á þeim tíma var ekki að fullu hægt að sjá fyrir endann á þróun einkenna slösuðu eftir slysið.

2) Matsmenn telja að Hulda Hrönn hafi orðið fyrir fjárhagslegri örorku af völdum slyssins.
3) Tímabundna fjárhagslega örorku Huldu Hrannar af völdum slyssins teljum við hæfilega metna 100% (eitt hundrað prósent) í 6 mánuði eftir slysið og 50% (fimmtíu prósent) í aðra 6 mánuði.

   Varanlega fjárhagslega örorku Huldu Hrannar af völdum slyssins teljum við hæfilega metna 10% (tíu prósent).
4) Matsmenn fallast í aðalatriðum á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis. Læknisfræðilega örorku Huldu Hrannar metum við vera á bilinu 10 – 15% (tíu til fimmtán prósent).
5) Matsmenn telja ekki að önnur slys eða sjúkdómar eigi þátt í örorku Huldu Hrannar og alls ekki líkamsárás sú er hún varð fyrir 1989."

Þá hefur aðaláfrýjandi lagt fram tvo örorkutjónsútreikninga, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur gert að hans beiðni. Í öðrum þeirra, sem dagsettur er 25. júlí 1995, er miðað við 12,5% varanlega læknisfræðilega örorku, en að öðru leyti eru forsendur breyttar frá fyrri útreikningum að því leyti, að miðað er við 4,5% ávöxtun tapaðra framtíðartekna og tekið mið af breyttum kjarasamningum. Hinn tjónsútreikningurinn, sem dagsettur er 18. september 1995, er eins, nema hvað tjón er reiknað á grundvelli 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Gagnáfrýjandi hefur einnig lagt fram nýjan örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar, dagsettan 27. júní 1995. Þar eru lagðar til grundvallar útreikningi sömu breyttu forsendur, sem getur í þeim nýju útreikningum, sem aðaláfrýjandi hefur lagt fram, nema hvað miðað er við 15% varanlega læknisfræðilega örorku. Niðurstöður þessa útreiknings eru þær, að á slysdegi nemi tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku 755.400 krónum, vegna varanlegrar örorku 3.562.500 krónum og vegna tapaðra lífeyrisréttinda 213.700 krónum. Tjón vegna heimilisstarfa reiknar hann 2.044.000 krónur miðað við gefnar forsendur.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi, en um þá er ekki ágreiningur. Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt bótaskyldu sína og boðið gagnáfrýj-

anda bætur á grundvelli verklagsreglna vátryggingarfélaga frá 31. október 1991. Boði aðaláfrýjanda var hafnað, og leitaði gagnáfrýjandi til dómstóla með kröfur sínar. Fer þá um úrlausn þeirra eftir þeim aðferðum, sem dómstólar beita á þessu sviði réttarins, og settum lagaákvæðum að því marki, sem þeirra nýtur við.

Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haldið fram, að líta beri til hinnar fjárhagslegu örorku, svo sem hún birtist í mati dómkvaddra matsmanna, frekar en hinnar læknisfræðilegu örorku við ákvörðun tjónsbóta. Þessu andmælir gagnáfrýjandi. Telur hún lagaskilyrði ekki uppfyllt, svo að matsgerðin fái komist að sem sönnunargagn á þessu stigi máls, auk þess sem ekki hafi gefist færi á að afla munnlegra skýringa hjá matsmönnum fyrir dómi. Þá vefengir hún niðurstöðu matsmanna um 10% fjárhagslega örorku, þar eð gögn málsins og þar með talin umfjöllun matsmannanna sjálfra bendi til, að hún sé í raun mun hærri. Þá telur hún, að skort hafi á þá sérfræðiþekkingu, sem til þurfi hjá matsmönnum, til að framkvæma mat af þessu tagi. Af öllum þessum ástæðum sé matið þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til hinnar læknisfræðilegu örorku og lagt til grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og þannig ákvarðað örorkustig. Engar forsendur eru til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem mál þetta er vaxið. Mat dómkvaddra matsmanna á varanlegri, læknisfræðilegri örorku gagnáfrýjanda, sem þeir telja nema 10-15%, er ekki heldur til þess fallið að hnekkja mati Jónasar Hallgrímssonar læknis um 15% læknisfræðilega örorku gagnáfrýjanda. Er þá meðal annars litið til umfjöllunar matsmannanna sjálfra um heilsufar gagnáfrýjanda.

III.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti er hin sama og höfð var uppi í héraði. Hún kveður kröfu sína byggða á sama grunni, sem lagður var í upphafi með kröfubréfi til aðaláfrýjanda 2. október 1991 og stefnu í kjölfar þess, er ólögmæt synjun aðaláfrýjanda hafi legið fyrir. Krafan styðst við tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar 30. september 1991, þar sem tjón á slysdegi vegna tímabundinnar örorku var talið nema 774.400 krónum, vegna varanlegrar ör-

orku 2.398.000 krónum og tapaðra lífeyrisréttinda 143.900 krónum. Er þá gengið út frá fullu starfi við tekjuöflun utan heimilis. Að ósk lögmanns gagnáfrýjanda reiknaði tryggingafræðingurinn jafnframt heildartjón vegna heimilisstarfa. Tekur hann fram, að tekjur vegna þeirra reikni hann sem 90% launa, ef heimilisstörf eru stunduð eingöngu. Þannig reiknað telur tryggingafræðingurinn heildartjón gagnáfrýjanda vegna heimilisstarfa nema 1.532.600 krónum. Miskabótakrafa gagnáfrýjanda er 500.000 krónur. Kröfu sína um bætur vegna varanlegrar örorku lækkar gagnáfrýjandi um 20% vegna skattfrelsis bóta og hagræðis við eingreiðslu, og af útreiknaðri kröfu vegna heimilisstarfa krefst hún helmings. Kröfur gagnáfrýjanda nema þannig samtals 4.103.000 krónum með dráttarvöxtum frá 2. nóvember 1991. Gagnáfrýjandi leggur áherslu á, að nýr tjónsútreikningur 27. júní 1995 sé einungis lagður fram í Hæstarétti ef svo færi, að hafnað yrði kröfu um bætur miðað við eldri tjónsútreikning og dráttarvexti frá 2. nóvember 1991.

IV.

Samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 skulu skaðabótakröfur bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna að liðnum mánuði frá þeim degi, er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geti þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta. Eins og málið liggur fyrir, ber að telja skilyrði 15. gr. vaxtalaga uppfyllt, svo að krafa gagnáfrýjanda geti borið dráttarvexti frá þeim degi, sem krafist er. Gagnáfrýjandi höfðaði málið til heimtu lögmætra krafna, sem til voru á árinu 1991 og aðaláfrýjandi hafði synjað um greiðslu á. Heldur gagnáfrýjandi sig við þann málsgrundvöll, sem þá var lagður, og telur sig óbundna af síðar til komnum forsendum um útreikning bóta vegna framtíðartjóns, sem einkum hafi verið dregnar inn í málið að frumkvæði aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi einungis byggt á til vara. Er fallist á með gagnáfrýjanda, að kröfugerð í þessu horfi sé henni heimil hér fyrir dómi. Verður málið dæmt með hliðsjón af þeim kröfum hennar, sem raktar eru í III. kafla að framan.

Aðaláfrýjandi hefur andmælt bótakröfu vegna tímabundinnar örorku með vísan til þess, að gagnáfrýjandi hafi ekki verið í starfi á slysdegi. Upplýst er í málinu, að hún hafi verið ráðin til starfa frá

því nokkru eftir slysdag, eða 1. apríl 1990, en sú ákvörðun hafi ekki komist til framkvæmdar vegna slyssins. Samkvæmt því verður héraðsdómur staðfestur um bætur vegna tímabundinnar örorku, 740.000 krónur.

Bætur til gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku þykja hæfilega ákveðnar 1.750.000 krónur að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi er tekin til greina, eins og krafist er, með 143.900 krónum. Eins og kröfugerð gagnáfrýjanda er í heild sinni fram sett, þar sem krafist er bóta fyrir fullt starf utan heimilis, og með hliðsjón af atvikum að öðru leyti þykja ekki efni til að taka sérstakan kröfulið gagnáfrýjanda vegna heimilisstarfa til greina.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti féll aðaláfrýjandi frá þeirri varnarástæðu, að skylda til greiðslu miskabóta hvíli ekki á honum á grundvelli þeirrar tryggingar, sem gagnáfrýjandi reisir rétt sinn á. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar 250.000 krónur.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 2.883.900 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá greiði aðaláfrýjandi málskostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Huldu Hrönn Jónsdóttur, 2.883.900 krónur með 5% ársvöxtum frá 10. mars 1990 til 1. apríl sama ár, með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 2. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 550.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Samkvæmt almennum reglum um skaðabætur utan samninga hafa dómstólar að meginstefnu haft um það sjálfstætt og endanlegt mat, hver væri hæfileg fjárhæð bóta fyrir slys á mönnum, hvort heldur vegna fjártjóns eða miska, og ákvarðað hana einstaklingsbundið. Hefur sönnun um það, hvað bæta þurfi, verið háð meginreglu réttarfarslaga um frjálst sönnunarmat dómenda. Þessar reglur eiga einnig við um bætur úr lögmæltri slysatryggingu ökumanna samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem hér er við að fást, þó að samningur um trygginguna komi þar til. Við mat á bótum fyrir fjárhagslegan hnekki af völdum varanlegrar örorku hefur það tíðkast, að dómstólar hafi til hliðsjónar mat sérfróðra aðila á svonefndri læknisfræðilegri örorku hins slasaða ásamt líkindareikningi tryggingafræðings um skerðingu á framtíðartekjum hans, þar sem stuðst er við rauntekjur fyrir slysið eða meðaltalstekjur, færðar til verðlags á útreikningstíma, og skerðingin reiknuð í hlutfalli við hina læknisfræðilegu örorku. Hin algenga notkun þessara gagna stendur því þó ekki í vegi, að leitað verði annars konar sönnunarfærslu um hinn fjárhagslega hnekki, svo sem mats dómkvaddra manna á grundvelli 61. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jafnframt hefur tíðkast að líta til þess, sem atvik eftir slysið gefi til kynna um stöðu og hagi hins slasaða, svo sem upplýsinga um tekjur hans og möguleika til að halda óbreyttri atvinnu.

Gagnáfrýjandi varð fyrir meiðslum í umferðarslysi 10. mars 1990, og með bréfi 2. október 1991 gerði hún kröfu á hendur aðaláfrýjanda um bætur fyrir örorku, er hún hefði hlotið af þeim. Var krafan reist á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 5. september 1991 og líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 30. sama mánaðar. Með bréfi 4. nóvember 1991 var kröfunni hafnað af hálfu vátryggingarfélagsins, meðal annars á þeirri forsendu, að örorkumat væri ekki tímabært. Hins vegar bauðst félagið til að ljúka málinu með tiltekinni greiðslu til gagn-

áfrýjanda, sem miðuð var við nýuppteknar verklagsreglur aðila að Sambandi íslenskra vátryggingarfélaga um meðferð líkamstjóns, þar sem varanleg örorka væri metin 15% eða lægri. Gagnáfrýjandi hafnaði þeirri lausn.

Við meðferð kröfunnar fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi haft uppi andmæli við öllum meginþáttum hennar og þá bæði hinu læknisfræðilega mati og útlistun gagnáfrýjanda á fjártjóni sínu vegna hinnar tímabundnu og varanlegu örorku, sem metin var. Hvað sem endanlegu vægi andmælanna líður, liggur það fyrir, að þau hafa verið studd málefnalegum rökum, sem annars vegar voru tengd almennum sjónarmiðum um afleiðingar hálshnykks og hins vegar atvikum, er vörðuðu gagnáfrýjanda sjálfa. Var meðal annars til þess vísað um heilsufar hennar, að hún hefði orðið fyrir alvarlegri líkamsárás tæpum fjórum mánuðum fyrir slysið. Líta verður svo á, að þessi rökstudda gagnrýni sé uppistaðan í málflutningi aðaláfrýjanda, og er hún í raun af hefðbundnum toga.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi lagt fram mat dómkvaddra manna frá 12. ágúst 1994 á örorku gagnáfrýjanda, þar sem meðal annars er reynt að meta fjárhagslega örorku hennar sem hlutfall af starfsorku. Þetta mat verður ekki talið þýðingarlaust, og er eðlilegt að hafa hliðsjón af því ásamt hinum fyrri gögnum. Á hinn bóginn rennir það ekki mjög auknum stoðum undir andmæli aðaláfrýjanda, heldur er það fremur til þess fallið að styrkja kröfugerð gagnáfrýjanda í veigamiklum atriðum. Þannig gefur það helst til kynna, að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar fái staðist miðað við yngri upplýsingar, og má því hafa niðurstöður hans til hliðsjónar án tillits til þess, hvort matið hafi verið tímabært að öllu leyti. Þá er það eindregið álit hinna dómkvöddu matsmanna, að fyrrgreind líkamsárás eigi ekki þátt í metinni örorku gagnáfrýjanda, og ber við það að miða, eins og hún hefur krafist. Niðurstöður matsmanna um fjárhagslega örorku gagnáfrýjanda eru athyglisverðar, en þó ekki rökstuddar með þeim hætti, að þær hafi verulega þýðingu í málinu.

Málsaðilar hafa lagt fram nýja líkindareikninga Jóns Erlings Þorlákssonar, þar sem miðað er við 4,5% ársávöxtun á verðmæti tapaðra framtíðartekna og kauplag eftir nýjum kjarasamningum. Af hálfu aðaláfrýjanda er talið eðlilegt, að þessar reikningsforsendur

verði lagðar til grundvallar örorkubótum, og ber á það að fallast, eins og málið er vaxið.

Krafa gagnáfrýjanda vegna skerðingar á starfsorku tekur til starfa utan og innan heimilis. Eins og áætlun um tekjur utan heimilis er háttað, má fallast á það með héraðsdómara, að tillit verði einnig tekið til áhrifa á heimilisstörf gagnáfrýjanda, en hún og eiginmaður hennar eiga nú fyrir tveimur börnum að sjá.

Að athuguðu því, sem hér var rakið, ásamt öðru, er máli skiptir, er það niðurstaða mín, að bætur til gagnáfrýjanda fyrir fjártjón af völdum varanlegrar örorku séu í heild hæfilega ákveðnar 2.750.000 krónur, en bætur fyrir tímabundna örorku 740.000 krónur, eins og ákvarðað var í héraðsdómi. Miski gagnáfrýjanda, sem að hluta kemur fram í metinni örorku, sé hæfilega bættur með 200.000 krónum. Þessar fjárhæðir, samtals 3.690.000 krónur, beri aðaláfrýjanda að greiða henni með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. mars 1990 til uppsögu dóms í Hæstarétti, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim tíma til greiðsludags, sbr. 15. gr. laganna. Ég er sammála öðrum dómendum um málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1993.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 9. þ. m., hefur Hulda Hrönn Jónsdóttir, nú til heimilis að Löngumýri 57, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingu hf., S. G. Einingarhúsum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., Reykjavík, og Þorsteini Hansen, Kambahrauni 38, Hveragerði, til greiðslu vátryggingarfjár, skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hún varð fyrir 10. mars 1990, en þá sat hún undir stýri kyrrstæðrar bifreiðar eiginmanns síns í hríðarkófi og snjóþæfingi á Suðurlandsvegi ofan Kamba í Árnessýslu er stefndi, Þorsteinn, ók bifreið sinni aftan á bifreiðina L 2219, sem við það kastaðist á bifreið stefnanda. Skömmu síðar var bifreiðinni N 700, eign S. G. Einingarhúsa hf., ekið á L 2219 með sömu afleiðingum. Stefnandi fékk svipuóláráverka (tognun í hálsi) og áverka á mjúkvef í neðanverðu brjóstbaki við árekstrana, og var henni metin 100% örorka í sex mánuði eftir slysið, en síðan varanlega 15%. Hún var 24 ára, þegar hún lenti í slysinu. Tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda, m. a. vegna heimilisstarfa, á slysdegi samtals á 4.705.000,00 kr.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.103.000 kr. með skaðabótavöxtum frá 10. mars 1990 til 2. nóvember 1991 og með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað með vöxtum

og virðisaukaskatti. Hefur stefnandi lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 616.232 kr.

Á hendur Sjóvá–Almennum tryggingum hf. eru kröfur gerðar vegna ökumannstryggingar, sem eiginmaður stefnanda hafði keypt af félaginu skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Vátryggingafélagi Íslands hf. og Tryggingu hf. var stefnt sem ábyrgðartryggjendum bifreiða stefndu. S. G. Einingarhúsa hf. og Þorsteins, en þeim var stefnt sem skráðum eigendum bifreiða.

Stefndi Sjóvá–Almennar tryggingar hf. krefst þess aðallega, að félaginu verði einungis gert að greiða 750.000 kr., til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð, og í báðum tilvikum, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfum á hendur öðrum hinna stefndu en Sjóvá-Almennum tryggingum hf. var vísað frá dómi 13. maí 1992.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að örorkumatið sé óhæft sönnunargagn um örorku stefnanda og líklegast, að hún nái sér að fullu. Stefndi heldur því fram, að taka beri tillit til skattfrelsis bótafjár með 39,85% afslætti auk 10% frádráttar vegna eingreiðslu. Kröfum vegna tímabundinnar örorku, heimilisstarfa og miska er sérstaklega mótmælt. Stefndi hefur lýst sig reiðubúinn til að gera tjónið upp með greiðslu 750.000 kr. auk útlagðs kostnaðar.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 30. september 1991:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	774.400
Vegna varanlegrar örorku	–	2.398.000
Samtals	kr	3.172.400

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 143.900 kr. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi reiknaðist þannig:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	374.100
Vegna varanlegrar örorku	–	1.158.500
Samtals	kr	1.532.600

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Bætur vegna tímabundinnar örorku samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings	kr.	774.400
2. Bætur vegna varanlegrar örorku að frádregnum 20% vegna skattfrelsis	–	1.918.400
3. Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	143.900

4. Bætur vegna heimilisstarfa, 50% af útreikningi	–	766.300
5. Miskabætur	–	500.000
	Samtals kr.	4.103.000

Tjón stefnanda er að mestu leyti fólgið í varanlegri skerðingu á getu til tekjuöflunar með vinnu, en mat á því tjóni er ótraust sökum þess, að í því felst fyrirsögn um óorðna hluti. Löng dómvenja er fyrir því, að örorkutjón sé ákvarðað með hliðsjón af mati lækna á örorku, áætlun tryggingafræðinga um vinnutekjur, sem vænta má, að tjónþoli hefði haft framvegis án orkuskerðingarinnar, og útreikningi á vinnutekjutapi og verðmæti þess á slysdegi, byggðum á örorkumati, fram töldum tekjum fyrir slys, aldri tjónþola, starfsorkulíkum, dánarlíkum, og tilteknum vaxtaforsendum. Þegar tryggingafræðingur áætlar tjón vegna varanlegrar örorku af völdum slyss, lítur hann til tekna hins slasaða síðustu þrjú heilu árin fyrir slys og færir þær tekjur til verðlags á útreikningsdegi. Hann styðst síðan við upplýsingar um meðalaldur og mat á varanlegri örorku í prósentum og reiknar út skerðingu teknanna miðað við, að skerðingin sé jafnmikil og hundraðshluti örorkunnar. Með þessu móti hefur hann fundið í krónum tjón á ári miðað við útreikningsdag, og hann hefur aðferðir til að áætla, hve mörg ár hinn slasaði á eftir að vinna. Tölur um fjölda eftirlifenda eru miðaðar við dánartíðni Íslendinga, en tölur um fjölda starfandi eftir aldri eru byggðar á sænskri reynslu. Þessar tölur þarf síðan að afvaxta til útreikningsdags, og tekur tryggingafræðingurinn ekkert tillit til hugsanlegra launabreytinga síðar meir, en miðar við óbreytt laun. Þegar ungt fólk, sem hefur ekki valið sér lífsstarf og ekki verið í fullu starfi síðustu þrjú ár fyrir slys, verður fyrir örorkutjóni, hafa tryggingafræðingar tekið mið af meðaltekjum iðnaðarmanna. Kynferði skiptir máli í útreikningum tryggingastærðfræðinga, þannig, að til þess er litið, að konur eru almennt langlífari en karlar, en að starfsævi þeirra verður þó ekki miklu lengri. Að því leyti, sem tekjur kvenna eru enn minni en tekjur karla, endurspeglast mismunur kynjanna í lægri tölum fyrir konur, þegar reiknað er út frá launatekjum þeirra fyrir slys. Vegna reynslu af lægri rauntekjum kvenna hefur verið miðað við 75% af tekjum karla við áætlun á vinnutekjumissi stúlkna, þegar ekki verður farið eftir tekjum undanfarinna ára. Þá er jafnan litið til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti, og til hagræðis af því að fá bætur greiddar í einu lagi, ýmissa greiðslna og atvika, sem draga úr tjóni, og annarra atriða eftir atvikum. Þegar um líkamstjón með varanlegri örorku er að ræða, verða bætur ekki fullar, nema reynt sé að finna, til hvaða skerðingar tjónið leiði á framtíðarlaunatekjum. Þess vegna er miðað við væntanleg laun hins slasaða, eins og þau hefðu orðið án örorkunnar. Til að slasaður maður fái full-

ar bætur, þarf að taka fyrir allar fjárhagslegar afleiðingar slyssins með fjárgreiðslum, en á hinn bóginn á hann ekki að hagnast fjárhagslega á slysinu. Ákvörðun læknisfræðilegrar örorku felur í sér mat á skerðingu á getu til tekjuöflunar, en það örorkumat, sem venja er að nota í dómsmálum, felur aðeins í sér mat á því frá læknisfræðilegu sjónarmiði, hver sé missir hins slasaða án tillits til raunverulegs starfsgetumissis. Í læknisfræðilegu mati á varanlegri örorku felast raunar líffærafræðilegir, líffeðlisfræðilegir og félagslegir þættir. Þessi ótrausti grundvöllur dregur úr gildi útreikninga tryggingafræðinga auk óvissu um horfur, einkum um vaxtaforsendur. Loks kann að vera umdeilanlegt, hvert hagræði hinum slasaða er af eingreiðslu og að hve miklu gagni skattfrelsi kemur. Í raun má oftast búast við, að slösuðum manni takist betur að girða fyrir fjárhagslegar afleiðingar slyss en örorkustig bendir til.

Samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga á slasaður maður almennt, auk fébóta, rétt á fégjaldi fyrir miska úr hendi þess, sem ábyrgð ber á slysinu, hvort tveggja í þeim mæli, sem orsakir slyssins verða ekki raktar til atvika, er slasaði ber sjálfur ábyrgð á. Stundum er tekið tillit til áhrifa slyss á tómstundaiðju og lífshamingju við mat á örorku. Þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar örorkumati, er miðað er við í uppgjöri örorkutjóns, leiða þannig til þess, að í örorkubótum felast að hluta til bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, og þarf að líta til þess við ákvörðun miskabóta. Þá þarf að líta til þess, að í dráttarvöxtum er fólginn verðbótaþáttur.

Vegna allra þessara óvissuþátta og vandkvæða á að finna áreiðanlega mælikvarða og til að tryggja jafnræði tjónþola er höfð hliðsjón af úrlausnum um sambærileg tilvik bæði við ákvörðun bóta fyrir fjártjón og miska. Föst venja er að taka mið af tekjum tjónþola nokkur síðustu ár fyrir slys, eftir því sem tök eru á, og er þá jafnan höfð hliðsjón af fram töldum vinnutekjum, en ekki gert ráð fyrir breytingum á kaupmætti þeirra síðar meir.

Jónas Hallgrímsson læknir hefur 27. janúar sl. staðfest með hliðsjón af núverandi heilsufari Huldu Hrannar, að 15% örorka sé rétt mat á varanlegri örorku hennar. Eru því ekki efni til að fallast á það álit stefnda að stefnandi muni í raun ekki verða fyrir tekjutapi vegna slyssins til frambúðar. Hún giftist á árinu 1988 og átti barn 11. janúar 1989. Fjölskyldan bjó í foreldrahúsum stefnanda þar til síðastliðið haust, þegar þau hófu sjálfsætt heimilishald. Stefnandi var nýbyrjuð að vinna eftir barnsburðinn, þegar hún varð fyrir hrottalegri árás 17. nóvember 1989. Hún hafði verið við nám í öldungadeild og unnið hlutastarf með, en hætti hvoru tveggja, þegar hún varð fyrir árásinni. Hafði hún ráðið sig í vinnu við verslunarstörf frá 1. apríl 1990, þegar hún lenti í slysinu. Hún hóf þó starfið, eins og til stóð, en gat

ekki gegnt því vegna afleiðinga slyssins. Að þessu athuguðu þykir krafa um tímabundna örorku nálægt lagi.

Stefndi heldur því fram, að miskabætur falli ekki undir ökumannstryggingu; heimild til miskabóta byggist á 264. gr. alm. hegningarlaga og sé háð því skilyrði, að skuldarinn beri að lögum bótaábyrgð á spjöllum á líkama annars manns. Ökumannstrygging sé slysatrygging, en ekki ábyrgðartrygging, og miðist við greiðslu fjártjóns, sem eigandi ökutækis verður fyrir við akstur þess eða annar maður, sem stýrir tækinu á hans vegum. Venjuleg slysatrygging bæti ekki miska. Skilyrði 264. gr. komi því ekki til greina; ökumaður geti ekki beint kröfum sínum um bætur fyrir spjöll á eigin líkama gegn sjálfum sér. Þar sem þessi málsástæða kom ekki fram í greinargerð stefnda, telur stefnandi hana of seint fram komna, en stefndi telur ekki hafa orðið sérstakt tilefni til að hafa hana uppi fyrr en eftir frávísun. Stefnandi telur túlkun á ákvæðum 92. gr. umferðarlaga leiða til þeirrar ályktunar, að tryggingin taki bæði til fjártjóns og miska og þannig hafi hún verið skilin í framkvæmd. Þótt vátrygging eftir 92. gr. sé slysatrygging, segir í vátryggingarskilmálunum, að um ákvörðun bóta fari eftir almennum reglum skaðabótaréttar, þannig, að bótafjárhæð miðast við tjón í hverju einstöku tilfelli og þá hvers konar tjón. Ökumaður á því rétt á bótum fyrir ófjárhagslegt tjón, ef því er að skipta.

Stefnandi var í þann veginn að hefja verslunarstörf, þegar hún varð fyrir slysinu. Hún hafði jafnframt á hendi hússtjórn og vann að því að afla sér réttinda til háskólanáms. Voru því góðar horfur á, að hún myndi nýta aflahæfi sitt vel til tekjuöflunar og verðmætamyndunar. Þykir því mega hafa hliðsjón bæði af útreikningi miðuðum við tekjur iðnaðarmanna og húsmóðurþætti að hluta auk sambærilegra dómsúrlausna. Þykja bætur fyrir varanlega örorku þannig hæfilega metnar 1.700.000 kr. að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi bóta. Bætur fyrir tímabundna örorku ákveðast 740.000 kr. Miskabætur ákveðast samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem áður eru rakin, 120.000 kr. Bætur fyrir missi lífeyrisréttinda ákveðast 140.000 kr. Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda 2.700.000 kr. auk vaxta og kostnaðar. Málskostnaður ákveðst að teknu tilliti til virðisaukaskatts 450.000 kr.

Umboðsmaður stefnanda sendi stefnda sundurliðaðar kröfur hennar, reistar á örorkumati og örorkutjónsútreikningi 2. október 1991, og óskaði viðræðna um uppgjör við fyrsta tækifæri. Þykir því rétt að fallast á vaxtakröfur hennar, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Um skaðabótavexti fer eftir 7. gr. og um dráttarvexti eftir 10. gr. og 12. gr., sbr. 16. gr.

Eftir að kröfum á hendur meðstefndu hafði verið vísað frá dómi, lagði

umboðsmaður stefnda fram bókun, þar sem lýst er afstöðu hans til miskabótakröfu, eins og sá þáttur horfði við félaginu á því stigi. Stefnandi svaraði með því að leggja fram aðra bókun. Fyrri bókunin var lögð fram í gildistíð laga nr. 85/1936. Hún var í raun viðbótargreinargerð, og framlagning hennar átti ekki stoð í lögunum, sbr. 106. gr. þeirra, sbr. 32. gr. l. nr. 28/1981. Um síðari bókunina fór eftir einkamálalögum nr. 91/1991, sbr. 165. gr. þeirra laga. Í þeim er ekki að finna heimild til framlagningar viðbótargreinargerðar. Þegar mál tekur verulegum breytingum, eftir að grundvöllur þess hefur verið lagður með málflutningsskjölum, kunna almennar reglur um greiðan réttargang að réttlæta greinargerð um viðhorf aðila við málinu, eins og það horfir við við lok skriflegrar undirbúningsmeðferðar. Stefndi átti þess að vísu kost að koma röksemdum sínum að í upphaflegri greinargerð, en þá mun hann ekki hafa talið það ómaksins vert, þar sem hann átti vísan aðgang að meðstefndu um uppgjör, og til að gætt væri reglu um jafnræði aðila þótti ekki fært að standa gegn framlagningu svarbréfs stefnanda. Að þessu athuguðu þykja ekki efni til að átelja framlagningu viðbótargreinargerða í málinu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Huldu Hrönn Jónsdóttur, 2.700.000 kr. með 5% ársvöxtum frá 10. 3. 1990 til 1. 4. 1990, með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 10. 1990, með 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1991, með 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. 1. 1991, með 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1991, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 8. 1991, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. 10. 1991, með 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 11. 1991, með 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 2. nóvember 1991 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað auk dráttarvaxta, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppkvaðningu.

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 483/1993. **Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Tryggingastofnun ríkisins
(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Sjómenn. Almannatryggingar. Kröfuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1993. Þeir krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða 1.077.375 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1990 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 430.950 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, sem báru óskipta ábyrgð á útgerð m/s Katrínar, VE-47, krefja stefnda um endurgreiðslu á launum, sem þeir kveðast sem útgerðarmenn hafa greitt áfrýjanda Gísla á grundvelli 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 í forföllum hans frá starfi skipstjóra vegna slyss. Byggja þeir endurgreiðslukröfuna á 1. mgr. 77. gr. þágildandi laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Endurkrafa samkvæmt síðastnefndu lagaákvæði er háð því frumskilyrði, að fyrir hendi sé lögvarin krafa skipverja á hendur útgerðarmanni á grundvelli 36. gr. sjómannalaga. Þótt áfrýjandi Gísli hefði orðið óvinnufær, gat hann ekki sem skipverji öðlast lögvarða kröfu á hendur sjálfum sér sem útgerðarmanni, enda getur enginn átt kröfurétt á hendur sjálfum sér. Skilyrði voru því ekki til greiðslu úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. 77. gr. laga nr. 67/1971. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason, greiði stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 22. október sl., hefur Gísli M. Sigmarsson, kt. 091037-3519, Faxastíg 47, Vestmannaeyjum, og Sigmar Gíslason, kt. 271257-2449, Illugagötu 62, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. mars 1993, á hendur Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 1.077.375 kr. auk dráttarvaxta [... svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru eftirgreindar: aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda, til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnendum 430.950 kr. með vöxtum, eins og krafist er af stefnanda af þeirri fjárhæð. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað. Þess er krafist, að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Feðgarnir Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason, stefnendur máls þessa, áttu og gerðu út ms. Katrínu, VE-47, um árabil, allt til 10. janúar 1992, er hlutafélag tók við rekstri bátsins. Sameign þeirra feðga var með þeim hætti, að Gísli átti 60% í skipinu, en Sigmar 40%, og höfðu þeir ekki með sér félag um reksturinn. Skattframtöl og skattskil voru eingöngu gerð í nafni Gísla, sem verið hefur skipstjóri á skipinu.

Hinn 20. júlí 1979 slasaðist Gísli, þegar hann var að mála bátinn. Hann brotnaði þá illa á hægri ökklalið, og þrátt fyrir tvær læknisaðgerðir hafði hann ekki hlotið fullan bata, er hann varð aftur fyrir slysi við störf sín um borð í bátnum 1. apríl 1989. Þá vildi það óhapp til um borð, þar sem skipið var statt á Öræfagrunni að fiska í siglingu á Bretlandsmarkað, að Gísli rann í stiga í brú skipsins og slasaðist á fæti. Snerist Gísli illa á hægra fæti um ökkla.

Skýra stefnendur svo frá, að 15. júní 1989 hafi Gísli komist að á Borgarspítalanum og verið gerð á honum aðgerð. Hafi hann þá orðið að vera fjóra

mánuði í gifsi og síðan með spelkur. Hafi Gísli ekki orðið vinnufær aftur fyrr en í ársbyrjun 1990. Svo sem áður segi, hafi Gísli slasast í vinnuslysi á sama fæti árið 1979, en slysið 1989 hafi gert það að verkum, að hann hafi aftur orðið óvinnufær, sem rekja megi beint til slyssins 1979.

Samkvæmt 46. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 36. gr., hafi útgerðin greitt Gísla staðgengilslaun (aflahlut) í tvo mánuði og síðan kauptryggingu næstu mánuði á eftir. Hafi útgerð ms. Katrínar, VE-47, síðan sótt um endurgreiðslu á staðgengilslaunum (aflahlut) skipstjóra til stefnda, sem endurgreiði útgerðarmönnum staðgengilslaun fyrstu tvo mánuði í vinnuslysum og síðan dagpeninga.

Í þessu tilviki hafi stefndi greitt útgerðinni dagpeninga fyrir tímabilið 16. júní til 31. desember 1989, 185.888 kr., en neitað að endurgreiða útgerðinni staðgengilslaun vegna Gísla M. Sigmarssonar, meðal annars á þeim forsendum, að skipstjórinn Gísli M. Sigmarsson og útgerðarmaðurinn Gísli M. Sigmarsson væru sami aðili og enginn gæti gert kröfu á sjálfan sig. Hafi Gísli M. Sigmarsson þá átt 60% í ms. Katrínu, VE-47, en Sigmar Gíslason 40% í skipinu. Hinn 10. janúar 1992 hafi verið stofnað hlutafélagið Glóri hf. um rekstur skipsins, og séu eigendur þess stefnendur máls þessa. Hafi þeir ekki framselt hlutafélaginu kröfu sína á hendur stefnda og stefni því málinu í sínu nafni, eins og þeir hafi áður gert.

Í framhaldi af þessari synjun stefnda hafi orðið mikil bréfaskrif milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og stefnda um réttmæti kröfu útgerðarinnar. Hafi þessum deilum lokið með úrskurði Tryggingaráðs, sem kveðinn hafi verið upp 16. nóvember 1990, þar sem kröfu útgerðar ms. Katrínar, VE-47, hafi verið hafnað.

Þar sem útgerð ms. Katrínar, VE-47, þ. e. stefnendur, vilji ekki una þessari niðurstöðu, sem þeir telji ranga, hafi mál verið höfðað til innheimtu kröfunnar. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1992 hafi málinu verið vísað frá dómi ex officio, þar sem það hafi þótt vanreifað, eins og það hafi þá legið fyrir. Með dómi Hæstaréttar 19. mars 1992 hafi hinn kærði frávísunardómur verið staðfestur. Sé því mál þetta höfðað að nýju.

3.0.

Málsástæður og lagarök stefnenda eru þessar:

Skipstjóri ms. Katrínar, VE-47, Gísli M. Sigmarsson, hafi slasast við störf sín um borð í skipinu 1. apríl 1989, er hann hafi fallið í stiga út í sjó. Hafi hann af þeim sökum orðið að gangast undir aðgerð og orðið óvinnufær með öllu, sbr. t. d. læknisvottorð. Samkvæmt læknisvottorðum hafi óvinnufærni Gísla árið 1989 verið afleiðing vinnuslyss árið 1979.

Samkvæmt 36. gr., sbr. 46. gr., sjómannalaga nr. 35/1985 sé útgerð skylt

að greiða skipverja staðgengilslaun í tvo mánuði í vinnuslysum. Ákvæði þessi séu skýlaus og afdráttarlaus. Enginn fyrirvari sé í sjómannalögum, að það losi útgerð undan greiðsluskyldu, að viðkomandi skipverji eigi eignarhlut í skipinu. Breyti engu, hvort sem eignaraðildin sé í formi hlutafélags eða sameignarfélags eða viðkomandi sé einkaeigandi eða sameigandi að skipi og því ekki um hlutafélag eða sameignarfélag að ræða. Greiðsluskylda útgerðar sé afdráttarlaus og með öllu óháð því, hvort viðkomandi eigi eignarhlut í skipi eða eigi aðrar eigur, fasteignir eða lausafé. Skoðun stefnda um hið gagnstæða sé röng. Til þess að svo væri, þyrfti það að koma fram í lagatextanum, en svo sé ekki.

Samkvæmt fram lögðum bréfum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 23. febrúar 1983 og 15. apríl 1983, bréfi Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 6. júní 1983, og lögum nr. 1/1983 um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. beri stefnda að endurgreiða útgerðarmönnum staðgengilslaun (aflahlut) í allt að tvo mánuði í vinnuslysum, sbr. lög nr. 49/1980, nú 36. gr., og 46. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Eins og fram komi í tilgreindum ráðuneytisbréfum, sbr. og greinargerð með frumvarpi til laga um olíusjóð fiskiskipa o. fl., ráðist endurgreiðsluskylda stefnda á staðgengilslaunum algerlega af ákvæðum sjómannalaga um greiðsluskyldu útgerðar í vinnuslysum skipverja á skipi hlutaðeigandi útgerðar. Eini fyrirvarinn af hálfu stefnda sé sá, að þeir, sem séu ekki ráðnir upp á aflahlut, fái aðeins greitt kaup í eina viku, eins og gilti áður. Gísli M. Sigmarsson hafi þegið laun í formi aflahlutar. Breyti hér engu, í hvaða formi viðkomanda sé heimilt að lögum að telja fram til skatts, enda snúist málið ekki um það, hvort stefnandi Gísli M. Sigmarsson hafi talið rétt fram til skatts eða ekki.

Stefndi telji, að í þeim tilvikum, að hinn slasaði skipverji eigi eignarhlut í skipi, beri stefnda ekki greiðsluskylda, ef viðkomandi eigi skip í einkaeign eða sameign, heldur sé greiðsluskyldan eingöngu háð því, að eignaraðild að skipinu sé í félagsformi, þ. e. hlutafélag eða sameignarfélag, en þá endurgreiði stefndi staðgengilslaun. Á þessum tíma hafi skipið verið í sameign Gísla M. Sigmarssonar og Sigmars, sonar hans. Ítreka stefnendur, að slík þrengjandi lögskýring, sem stefndi beiti, eigi ekki við nein rök að styðjast, heldur beri að túlka ákvæði 36. gr., sbr. 46. gr., sjómannalaga eftir orðanna hljóðan svo og efni ráðuneytisbréfanna.

Þá sé einnig á því byggt, að það eigi að leiða til sýknu, að ákvæði 77. gr. laga nr. 67/1971 taki ekki til slysa, sem verði á útgerðarmanni, og þar sem Gísli M. Sigmarsson hafi verið útgerðarmaður í skilningi ákvæðisins, geti

hann ekki öðlast rétt til bóta úr aukatryggingu þeirri, sem 77. gr. taki til. Þessu til frekari staðfestingar skuli bent á IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, en í þeim kafla sé í 27.–36. gr. að finna ákvæði um slysatryggingar. Almenna reglan um slysatryggingar samkvæmt þessum kafla og reyndar almennt sé sú, að þær séu tryggingar á hagsmunum annarra en hins tryggingarskylda. Af því leiði, að það sé meginregla samkvæmt þessum kafla, að þeir, sem séu tryggingarskyldir, þ. e. atvinnurekendur hvers konar, séu ekki tryggðir, þ. e. eigi ekki rétt á greiðslum úr tryggingunni. Frá þessu sé þó ein undantekning, þ. e. í d-lið 1. mgr. 29. gr. laganna, en þar segi, að útgerðarmenn, sem sjálfir séu skipverjar, séu slysatryggðir samkvæmt „þessum kafla". Upphafsákvæði 29. gr. mæli skýrlega fyrir um, að sérreglur um útgerðarmann eigi aðeins við um þann tiltekna kafla.

– – –

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnendur reisa rétt sinn á 77. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, en samkvæmt 1. mgr. hennar getur ráðherra ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67/1963, þannig, að Tryggingastofnun ríkisins greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni. Í 1. mgr. 36. gr. núgildandi sjómannalaga nr. 35/1985, sem samsvarar áðurgreindri 18. gr. eldri laga og stefnendur reisa kröfur sínar á, segir m. a., að ef skipverji verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verði fyrir, meðan á ráðningartíma standi, skuli hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau séu greidd, svo lengi sem hann sé óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði.

Telja verður, að sönnun um óvinnufærni Gísla M. Sigmarssonar hvíli allsendis á stefnendum málsins, enda hefur stefndi hafnað greiðsluskyldu og mótmælt því, að Gísli hafi verið óvinnufær, er hann gekkst undir skurðaðgerð á sjúkrahúsi 16. júní 1989. Ekki leikur vafi á, að Gísla var nauðsynlegt að fara í umrædda aðgerð, en svo virðist sem sú aðgerð hafi gert hann óvinnufæran. Hafa stefnendur ekki sýnt fram á, að Gísli hafi ekki verið vinnufær fram að þeim tíma, er hann fór í aðgerðina, enda viðurkenndi hann við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að hann hefði verið í vinnu frá slysdegi, þar til hann lagðist inn á Borgarspítalann. Þrátt fyrir nauðsyn umræddrar skurðaðgerðar, verður því að telja, að Gísli hafi verið vinnufær, þegar hann fór í aðgerðina.

Þótt ljóst sé, að Gísli hafi orðið óvinnufær vegna umræddrar skurð-

aðgerðar, verður að fallast á það með stefnda, að túlka beri 36. gr. sjómannalaga á þann veg, að forföll verði að hefjast vegna óvinnufærni. Greinin taki ekki til óvinnufærni, er síðar komi til. Er sú niðurstaða í samræmi við skilning dómstóla til þessa í hliðstæðum málum. Þar sem telja verður, eins og áður sagði, að Gísli hafi verið vinnufær, er hann fór í aðgerðina, telst hann ekki hafa fullnægt þessu skilyrði 36. gr. sjómannalaga, þannig, að greiðslur samkvæmt 77. gr. almannatryggingalaga komi til. Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnenda ekki teknar til greina, og ber að sýkna stefnda af þeim.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, skal vera sýkn að kröfum stefnenda, Gísla M. Sigmarssonar og Sigmars Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. október 1995.

Nr. 332/1995. **Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Halldóri Júlíussyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Fjárnám. Kröfuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 3. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 12. september 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um ógildingu á fjárnámi, sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerði hjá honum 7. mars 1995 að kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest gildi fjárnámsins, sem var gert í bifreiðinni JM 897. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fjárnámið, sem deilt er um í málinu, var gert fyrir kröfu sóknaraðila samkvæmt reikningum vegna kaupa á heitu vatni fyrir húsið að Bárugötu 15 á Akranesi á tímabilinu 1. júlí til 26. nóvember 1992. Reikningar þessir hljóða á nafn varnaraðila. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, telur varnaraðili sig ekki bera ábyrgð á þessari kröfu sóknaraðila, þar sem hann hafi hvorki átt fyrrnefnda fasteign á reikningstímabilinu né haft með höndum veitingarekstur, sem þar fór fram.

Óumdeilt er, að varnaraðili var eigandi fasteignarinnar í janúar 1982, þegar heitu vatni frá sóknaraðila var fyrst hleypt á húsið. Samkvæmt greinargerð varnaraðila í héraði sótti hann um heimtaug fyrir hitaveitu og greiddi kostnað af tengingunni. Þótt rétt geti verið hjá varnaraðila, að sameignarfélag, sem hann var meðal eigenda að, hafi á þessum tíma haft með höndum veitingarekstur í húsinu, þá

kemur hvergi fram, að sóknaraðila hafi verið tilkynnt, að orkukaupandi ætti að vera annar en varnaraðili. Verður því að líta svo á, að varnaraðili hafi stofnað á þennan hátt til kröfuréttarsambands milli sín og sóknaraðila um orkukaup, en eftir almennum reglum hvíldi þá á varnaraðila að leita lausnar undan því sambandi, ef hann teldi efni til þess. Því hefur ekki verið haldið fram, að varnaraðili hafi gert neitt slíkt eða að sóknaraðila hafi á annan hátt verið greint frá breytingum í þessum efnum, fyrr en honum var tilkynnt 24. nóvember 1992 um nýjan orkunotanda í umræddu húsi. Allt fram að því munu reikningar frá sóknaraðila hafa verið stílaðir á varnaraðila, sem virðist engum athugasemdum hafa hreyft af því tilefni.

Samkvæmt framangreindu verður að telja varnaraðila bera ábyrgð á greiðslu reikninga fyrir heitt vatn til hússins að Bárugötu 15 á Akranesi, þar til fyrrnefndri tilkynningu var beint til sóknaraðila í nóvember 1992. Þar sem reikningarnir, sem fjárnám sóknaraðila var gert fyrir, stafa af orkukaupum fyrir þann tíma, verður að fallast á það með honum, að ganga hafi mátt að varnaraðila um greiðslu þeirra. Með því að krafa varnaraðila um ógildingu fjárnámsins er ekki studd öðrum rökum, verður að taka til greina kröfu sóknaraðila um staðfestingu þess.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Staðfest er fjárnám, sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerði 7. mars 1995 hjá varnaraðila, Halldóri Júlíussyni, að kröfu sóknaraðila, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 120.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að loknum málflutningi.

Sóknaraðili er Halldór Júlíusson, kt. 201036-2759, Hliðsnesi, Bessastaðahreppi. Varnaraðili er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, kt. 650779-0299.

Sóknaraðili krefst þess, að aðfarargerð, er fram fór hjá honum 7. mars sl., verði úr gildi felld og honum úrskurðaður málskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað, og krefst jafnframt málskostnaðar.

I.

Málavextir eru þeir, að varnaraðili lét gera fjárnám hjá sóknaraðila vegna hitaveituskuldar að Bárugötu 15, Akranesi. Sóknaraðili mótmælti fjárnámi hjá sýslumanni á þeirri forsendu, að hann hefði ekki verið eigandi eignarinnar á tímabilinu 1. júlí 1992 til 26. nóvember 1992, en á þeim tíma safnaðist upp hitaveituskuld við varnaraðila, samtals 120.658 kr.

Sóknaraðili, Halldór Júlíusson, átti húsið Bárugötu 15 á Akranesi. Húsið er í daglegu tali kallað Hótel Akranes, og var sóknaraðili með hótel- og veitingarekstur í húsinu. Þegar Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók til starfa, fékk sóknaraðili heimtaug frá hitaveitunni og greiddi þann stofnkostnað sem eigandi hússins. Vatni var hleypt á húsið 19. janúar 1982 og sóknaraðili skráður sem orkukaupandi, þar sem hann hafði sótt um að fá heimtaugina. Sóknaraðili kveður hins vegar, að með réttu hefðu Skagaveitingar sf. átt að vera orkukaupandi. Það félag hefði tekið við öllum rekstri í húsinu í ársbyrjun 1980. Kveðst sóknaraðili hafa staðið í þeirri trú, að skráning orkukaupa hefði verið leiðrétt, þegar vatni var hleypt á húsið 1982. Hinn 15. ágúst 1987 hefði félagið Skagaveitingar hf. með heimili að Bárugötu 15 verið stofnað og tekið við rekstri sameignarfélagsins. Um áramót 1989/1990 hefði hlutafélagið keypt fasteignina af sóknaraðila. Árið 1992 hefði reksturinn verið farinn að ganga illa og fasteignin Bárugata 15 verið seld á nauðungaruppboði 22. október 1992 og Skagaveitingar hf. úrskurðaðar gjaldþrota 15. desember s. á. Sóknaraðili kveðst hafa neyðst til að kaupa eignina á uppboði til að verja veðkröfu, sem hann átti áhvílandi á eigninni.

Risna hf., sem sóknaraðili er í forsvari fyrir, tók við rekstrinum í lok nóvember 1992, og var þá loks tilkynnt um nýjan orkukaupanda. Til þess tíma var sóknaraðili skráður notandi, allt frá því að vatni var hleypt á húsið í janúar 1982.

II.

Málsástæður sóknaraðila eru þær, að hann hafi í raun aldrei keypt orku af varnaraðila í eigin nafni eða vegna eigin rekstrar. Skagaveitingar hf. hefðu átt fasteignina Bárugötu 15 frá ársbyrjun 1990 til 30. október 1992 og verið með rekstur í húsinu á því tímabili, sem reikningar varnaraðila í máli þessu spanna. Telur sóknaraðili, að varnaraðila hafi átt að vera þetta ljóst, enda hitaveitan að stórum hluta í eigu Akranessbæjar, þar sem skráningar á fasteignum í bænum liggja fyrir. Í öðru lagi bendir sóknaraðili á, að 1. sept-

ember 1992 hafi verið skipt úr sölu á heitu vatni um hemil yfir í sölu gegnum rennslismæli. Það hafi verið á miðju því tímabili, sem hinir umkröfðu reikningar taka til. Þá hljóti starfsmönnum varnaraðila að hafa verið ljóst, hver var eigandi fasteignarinnar og rekstraraðili, enda hafi þeir þurft að skipta um mæligrind inni í húsinu. Sóknaraðili mótmælir því, að það eitt, að hinir umþrættu reikningar séu stílaðir á sitt nafn, geti skapað kröfurétt. Reikningarnir hafi alla tíð verið sendir að Bárugötu 15, Akranesi, og sóknaraðila ekki kunnugt um, að þeir væru stílaðir á hann persónulega, enda hafi aldrei reynt á það, þar sem reikningar hefðu ávallt verið greiddir af rekstraraðila. Að lokum bendir sóknaraðili á, að 28. ágúst 1992 hafi tekið gildi ný reglugerð fyrir varnaraðila, nr. 318/1992. Samkvæmt 18. gr. hennar beri húseigandi ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Þetta ákvæði felli ekki ábyrgð á sóknaraðila á reikningum frá fyrri tíma, þó að hann hafi eignast eignina og fengið umráð hennar frá 30. október 1992 við samþykki boðs á uppboði, enda hafi engin notendaskipti orðið þá. Þau hafi ekki orðið fyrr en í lok nóvember 1992, þegar Risna hf. tók við rekstrinum, og hafi þau skipti verið tilkynnt. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til þeirrar meginreglu, að kröfum vegna sölu vöru eða þjónustu verði einungis beint að þeim, sem var kaupandi, en ekki að þriðja aðila, nema fyrir liggi sjálfstæð ábyrgð hans eða settar réttarreglur.

Varnaraðili bendir á, að sóknaraðili hafi í tíu ár verið skráður orkukaupandi og aldrei á þeim tíma tilkynnt um, að hann væri hættur orkukaupum. Samt hafi hann verið viðriðinn rekstur að Bárugötu 15, fyrst sem einn sameigenda Skagaveitinga sf., en síðan sem stjórnarformaður samnefnds hlutafélags. Sú skylda hvíli á notanda orku að tilkynna varnaraðila, þegar hann hættir orkukaupum, sbr. 1. mgr. 18. gr. rg. nr. 318/1992 og 3. mgr. 17. gr. rg. nr. 580/1980. Sá aðili, sem skráður sé notandi, beri jafnframt ábyrgð á greiðslu. Um sölu á heitu vatni gildi ekki ákvæði laga um lausafjárkaup eða meginreglur kröfuréttar um sölu vöru eða þjónustu. Farið skal eftir stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett eru með reglugerð, um starfsemi varnaraðila og þeirri gjaldskrá, sem gildi á hverjum tíma. Varnaraðili mótmælir því, að sér hafi átt að vera kunnugt um, hver rak starfsemina að Bárugötu 15, t. d. hafi verktakar á vegum varnaraðila skipt um mæla, þegar hemlar voru aflagðir. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að það hafi í raun ekki þýðingu, hvort einhverjir starfsmenn hans kunni að hafa haft einhverjar hugmyndir um, hver væri hinn eiginlegi rekstraraðili að Bárugötu 15. Það hafi verið ótvíræð skylda sóknaraðila að tilkynna varnaraðila, að hann væri hættur orkukaupum. Varnaraðili hafi ekki heimild til að skrá nýjan aðila sem orkukaupanda að eigin frumkvæði, nema sérstök tilkynning komi þar um.

III.

Varnaraðili krefst fjárnáms hjá stefnanda vegna ógreiddra hitaveitureikninga fyrir tímabilið 1. júlí 1992 til 26. nóvember 1992. Á því tímabili voru tvær reglugerðir í gildi fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, hin fyrri nr. 580/1980, sem gilti til 31. ágúst 1992, er við tók ný reglugerð nr. 318/1992. Í eldri reglugerð eru engin ákvæði, sem legga ábyrgð á húseiganda, ef hann vanrækir að tilkynna um notendaskipti. Verður því að líta svo á, að það sé notandi, sem einn beri ábyrgð á greiðslu, a. m. k. fram að gildistöku nýrrar reglugerðar 31. ágúst 1992.

Eftir að reglugerð nr. 318/1992 tók gildi, giltu ákvæði 2. mgr. 18. gr. hennar. Þar er sú skylda lögð á húseiganda að tilkynna um notendaskipti. Heimild er í reglugerðinni til að gera húseiganda ábyrgan fyrir orkunotkun, sem til fellur, eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina. Þegar þessi reglugerð öðlaðist gildi, voru Skagaveitingar hf. eigendur Bárugötu 15 og höfðu verið frá ársbyrjun 1990.

Sú skylda að tilkynna um notendaskipti hvíldi því á Skagaveitingum hf., en ekki á sóknaraðila.

Sóknaraðili keypti húsið undir veitingarekstur og átti það í eigin nafni. Hann leigði það ávallt út, eftir að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók til starfa árið 1982. Fyrst leigði hann húsið Skagaveitingum sf. frá árinu 1980 til 1987, en síðan Skagaveitingum hf., uns Risna hf. tók við rekstrinum í lok nóvember 1992. Skagaveitingar hf. voru þinglesnir eigendur Bárugötu 15 frá ársbyrjun 1990 til 30. október 1992. Af framansögðu þykir ljóst, að tilkynningarskylda hvíldi ekki á sóknaraðila, og þykir ekki skipta máli, þó að hann hafi verið einn af fjórum eigendum sameignarfélagsins og í stjórn hlutafélagsins.

Þá ber einnig sérstaklega að líta til þess, að sóknaraðili var ekki búsettur að Bárugötu 15, Akranesi, heldur í Bessastaðahreppi. Reikningar voru sendir á Bárugötu 15, og þykir því ekki loku fyrir það skotið, að sóknaraðili hafi ekki vitað af því, að reikningar voru stílaðir á hann persónulega.

Niðurstaða málsins er því sú, að aðfarargerð frá 7. mars 1995 í bifreiðinni JM-897, Subaru, árg. 1987, er úr gildi felld. Eftir þessari niðurstöðu verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila 70.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fjárnám, gert 7. mars 1995, að fjárhæð 178.781 kr., í bifreiðinni JM-897, Subaru, árg. 1987, er úr gildi fellt.

Varnaraðili, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, greiði sóknaraðila, Halldóri Júlíussyni, 70.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. október 1995.

Nr. 196/1995. **Flugfélagið Óðinn hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Elsu Pétursdóttur
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Með bréfi stefndu 6. júní 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað.

Rök stefndu eru þau, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda 8. júní 1995, eins og fram komi í meðfylgjandi bréfi frá embætti sýslumannsins í Reykjavík 13. júní 1995. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir stefnda kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt með þeim rökum, að við fjárnámið hafi mætt Jytte M. Jónsson, sem sitji í stjórn áfrýjanda, og hafi hún bent á tvær flugvélar í eigu félagsins, að verðmæti um það bil 30.000.000 króna. Gerðarbeiðandi hafi mótmælt ábendingunni sem ófullnægjandi og fulltrúi sýslumanns fallist á mótmælin. Þar sem ekki var bent á aðrar eignir, hafi gerðinni lokið án árangurs. Áfrýjandi eigi varahlutalager, sem metinn sé á um það bil 9.000.000 króna, og hefði mátt benda á hann við fjárnámið, en umrædd fjárnámskrafa hafi nú verið gerð upp. Áfrýjandi sé því vel fær um greiðslu málskostnaðar, ef til þess komi.

Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki leitt nægar líkur að því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefndu.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefndu, Elsu Pétursdóttur, um málskostnaðartryggingu er hafnað.

Mánudaginn 9. október 1995.

Nr. 281/1995. **Friðrik Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Hríseyjarhreppi
(Árni Pálsson hrl.)
og gagnsök

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Með bréfi gagnáfrýjanda 12. september 1995 var þess krafist, að aðaláfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að kröfu gagnáfrýjanda verði hafnað, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er. Þá krefst hann málskostnaðar.

Rök gagnáfrýjanda eru þau, að bú aðaláfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. apríl 1991 og skiptum lokið 30. september sama ár, án þess að eignir fyndust í búinu. Aðaláfrýjandi sé skráður eigandi bifreiðanna BN-659, Benz 280, árgerð 1975, og KA-225, Ford Bronco, árgerð 1980, og sé fyrrnefnda bifreiðin veðsett. Við embætti sýslumannsins í Reykjavík bíði afgreiðslu tvær aðfararbeiðnir á hendur aðaláfrýjanda. Séu allar líkur á, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir gagnáfrýjandi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu aðaláfrýjanda er kröfu gagnáfrýjanda mótmælt með þeim rökum, að ekkert liggi fyrir í málinu um, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá aðaláfrýjanda. Málið varði mikla fjárhagslega hagsmuni aðaláfrýjanda, og hafi málskostnaður í héraði verið felldur niður. Bendir það til, að hér sé ekki um tilefnislausa eða tilgangslitla málsókn að ræða, sbr. tilvitnaða lagagrein. Aðaláfrýjandi sé eigandi tveggja bifreiða og þeirrar kröfu, sem mál þetta varðar. Hann sé sjálfstæður verktaki og reki bifreiðaverkstæði.

Gegn mótmælum aðaláfrýjanda hefur gagnáfrýjandi ekki leitt nægar líkur að því, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu gagnáfrýjanda.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu gagnáfrýjanda, Hríseyjarhrepps, um málskostnaðartryggingu er hafnað.

Miðvikudaginn 11. október 1995.

Nr. 340/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Heiðari Þór Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1995.

Ár 1995, föstudaginn 6. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, Mánagötu 3, Grindavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum þess gæsluvarðhalds, sem rennur út 10. október nk. kl. 16.00, til þess er dómur gengur í málum hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er kærði undir rökstuddum grun

um aðild að sautján innbrotsþjófnuðum, frömdum á tímabilinu apríl til október á þessu ári, þar af þrettán í félagi við X. Verðmæti þeirra muna, sem stolið hefur verið, er umtalsvert, a. m. k. á fimmtu milljón króna. Kærði hefur ekki látið skipast við gæsluvarðhald það, sem hann sætti frá 19. til 29. ágúst sl., en brot þau, sem lágu til grundvallar því gæsluvarðhaldi yfir kærða, eru sams konar og hann er grunaður um, eftir að gæsluvarðhaldinu lauk. Þykir þannig rík ástæða til að ætla, að kærði muni, ef hann fer frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið. Kærði var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals í júní sl. Þá hefur kærði í þrígang hlotið varðhaldsdóma fyrir brot gegn umferðarlögum, hinn síðasta í október 1993. Upplýst er, að kærði er fíkniefnaneytandi, sem fjármagnar neyslu sína meðal annars með innbrotum.

Að öllu þessu virtu þykja einnig vera skilyrði til að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður því kærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 461/1994. **Féfang hf.**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Þórunni Guðmundsdóttur

Tryggingarbréf. Veðréttur. Grandleysi. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1994. Hann krefst sýknu af þeirri kröfu stefndu, að tryggingarbréfi, dagsettu 28. febrúar 1988, sem gefið var út til tryggingar skuld samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 705 og hvílir nú á 1. veðrétti í eignarhluta stefndu í fasteignunum nr. 5 og 7 við Grensásveg í Reykjavík, verði aflétt af eignunum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í fyrrgreindu tryggingarbréfi segir, að veðréttur í fasteignum Leós E. Löve nr. 5 og 7 við Grensásveg sé til tryggingar skuld, að fjárhæð 7.500.000 krónur, samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 705, dagsettum 28. febrúar 1988, milli áfrýjanda og Fersks og góðs hf. Skuldin sé verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu, og nái tryggingin til hækkunar skuldarinnar af þeirri ástæðu. Tryggingarbréfinu var þinglýst 4. mars 1988.

Í „yfirlýsingu" 31. júlí 1989 segir, að samkomulag hafi orðið milli áfrýjanda og Leós E. Löve um, að Leó taki við réttindum og skyldum Fersks og góðs hf. samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 705. Gerður skuli nýr samningur, sem verði nr. 969. Skuld samkvæmt honum sé 10.765.981 króna, verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Í samkomulagi þessu var jafnframt tekið fram, að tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 yrði framvegis til tryggingar skuld samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 969 með sömu skilmálum og

að öðru leyti óbreytt. Samkomulagi þessu var ekki þinglýst á fasteignirnar. Er samkomulagið var gert, hafði bú Fersks og góðs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta, en samþykki tveggja fyrrum forráðamanna félagsins er engu að síður skráð á samkomulagið.

Nýr fjármögnunarleigusamningur nr. 969 er dagsettur 1. ágúst 1989. Í honum er enga tilvísun að finna til „yfirlýsingar" 31. júlí 1989. Þess er hins vegar getið, að leigumunir séu tæki og búnaður samkvæmt lista, merktum fylgiskjal I.

Orðalag tryggingarbréfsins frá 28. febrúar 1988 felur ekki í sér tilvísun til neinnar annarrar skuldbindingar en fjármögnunarleigusamnings nr. 705. Samþykki eiganda umræddra fasteigna 31. júlí 1989 við því, að veðrétturinn skyldi framvegis ná til skuldar samkvæmt síðar til komnum samningi, er beri annað númer, var ekki þinglýst. Getur það samþykki því ekki bundið grandlausa viðsemjendur eiganda fasteignanna við þau réttindi, sem með því var stofnað til milli þeirra, sem að samkomulaginu stóðu.

II.

Áfrýjandi reisir kröfu sína í annan stað á því, að stefndu hafi verið kunnugt um þá samninga, sem gerðir höfðu verið milli áfrýjanda og Leós E. Löve. Enn fremur hafi hún þekkt samninga Leós og Sigvalda Viggóssonar, sem eignaðist fasteignirnar með afsali frá Leó 15. febrúar 1992 og tók við réttindum og skyldum samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 969 31. mars 1992. Því til stuðnings er einkum bent á, að Sigvaldi hafi verið sambýlismaður stefndu á þessum tíma, og bendi allt til, að hann hafi vitað um „yfirlýsinguna" frá 31. júlí 1989 og þá einnig stefnda. Að auki hafi hún tekið þátt í veitingarekstri sambýlismanns síns í umræddu húsnæði. Þá sé hún skráð sem vottur á afsali Leós til Sigvalda 15. febrúar 1992.

Stefnda neitar því að hafa haft vitneskju um „yfirlýsingu" frá 31. júlí 1989, er hún eignaðist fasteignirnar með afsali frá Sigvalda 1. apríl 1993. Henni hafi á hinn bóginn verið kunnugt um tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 og fjármögnunarleigusamning nr. 969, er leysti af hólmi hinn veðtryggða samning nr. 705.

Hvorki Leó né Sigvaldi hafa komið fyrir dóm í málinu, og nýtur því ekki við skýringa þeirra um staðhæfingar áfrýjanda um vitneskju Sigvalda eða stefndu um samkomulag Leós og áfrýjanda frá

31. júlí 1989. Vottun stefndu á afsali 15. febrúar 1992 rennir ein sér ekki stoðum undir staðhæfingu um vitneskju hennar um samkomulagið, sem ekki er getið um í afsalinu. Hefur áfrýjanda ekki heldur með öðru móti tekist að leiða fram viðhlítandi sönnun þess, að stefndu hafi verið eða mátt vera kunnugt um framangreinda „yfirlýsingu" frá 31. júlí 1989.

Að þessu virtu verður ekki komist hjá að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Í ljósi málsatvika þykir hvor aðila eiga að bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 24. febrúar 1994, af Þórunni Guðmundsdóttur, Skólagerði 62, Kópavogi, gegn Féfangi hf., Hafnarstræti 7, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hinu stefnda félagi verði gert að þola, að tryggingarbréfi, dags. 28. febrúar 1988, upphaflega að fjárhæð 7.500.000 kr., sem nú hvíli á 1. veðrétti eignarhluta stefnanda í fasteignunum nr. 5 og 7 við Grensásveg í Reykjavík, verði aflétt af nefndum eignarhlutum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hún hafi með afsali, dags. 1. apríl 1993, orðið eigandi að austurhluta 1. hæðar fasteignarinnar nr. 5 og norðurhluta 1. hæðar fasteignarinnar nr. 7 við Grensásveg í Reykjavík. Seljandi eignarhlutanna hafi verið sambýlismaður stefnanda, en um þessar mundir hafi þau slitið samvistir.

Á eignarhlutum þessum hafi hvílt tryggingarbréf, þar sem stefndi er skráður kröfuhafi 7.500.000 króna vísitölutryggðrar skuldar skv. fjármögnunarleigusamningi nr. 705. Þegar afsalið var gefið út, hafi hins vegar verið ljóst, að veðið tryggði enga skuld, fjármögnunarleigusamningur hafi verið uppgreiddur með nýjum samningi, sem auðkenndur var 969. Stefnandi hafi

ekki tekið að sér að greiða umrædda skuld, en þess hafi þó verið getið í afsalinu, að skuldinni væri þinglýst á eignarhlutana. Við kaupin hafi aðilum máls þessa verið ljóst, að skuld var engin að baki tryggingarbréfinu, enda hafi stefndi lýst yfir því í málinu nr. E-5780/1993, sem hann hafi höfðað m. a. á þeirri forsendu, að veðið væri ógilt.

Með áskorun, dags. 6. júlí 1993, hafi stefnandi farið fram á við stefnda, að veðinu yrði aflétt. Þeirri áskorun hafi ekki verið sinnt, og því sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að 28. febrúar 1988 hafi Leó E. Löve, Klapparstíg 1, Reykjavík, gefið út tryggingarbréf til stefnda með veði í eignarhlutum sínum í fasteignunum Grensásvegi 5 og 7 í Reykjavík. Veðsetningin hafi verið til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum hlutafélagsins Fersks og góðs hf. við stefnda samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 705, en stefndi er löggilt eignarleigufyrirtæki. Tilgreind hámarksfjárhæð skv. tryggingarbréfinu hafi verið 7.500.000 kr., og hafi sú fjárhæð verið verðtryggð miðað við vísitölu lánskjara frá grunnvísitölu, sem var 1958 stig. Bréfið hafi upphaflega hvílt á 3. veðrétti. Leó E. Löve hafi jafnframt tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á leigusamningi 705 með sérstakri áritun á leigusamninginn.

Ferskt og gott hf. hafi orðið gjaldþrota í mars 1989. Hinn 31. júlí hafi orðið að samkomulagi milli stefnda, Leós E. Löve og Úlfars Eysteinssonar og Kristínar Gestsdóttur, fyrrum forsvarsmanna Fersks og góðs hf., að Leó tæki við öllum skyldum og réttindum Fersks og góðs hf. skv. leigusamningi nr. 705. Jafnframt hafi í tilefni af skuldskeytingunni verið um það samið, að leigusamningnum yrði skuldbreytt þannig, að gjaldfallnar afborganir og vanskilavextir yrðu lagðir við eftirstöðvar og nýr höfuðstóll myndaður, að fjárhæð samtals 10.765.891 króna. Samkomulag hafi orðið um, að fyrsta afborgun eftir skuldbreytinguna skyldi vera 1. ágúst 1989 og að samningstími skyldi lengdur til júlíloka 1994 í stað febrúar 1992. Ákveðið hafi verið að gefa út nýjan leigusamning til staðfestingar skuldbreytingunni og skuldskeytingunni, og hafi hann fengið til auðkenningar númerið 969.

Þá hafi enn fremur verið um það samið, að tryggingarbréfið frá 28. febrúar skyldi eftirleiðis með sama hætti og áður vera til tryggingar leigusamningnum. Skuldskeytingar- og skuldbreytingarsamkomulaginu hafi ekki verið þinglýst.

Hinn 15. febrúar 1992 hafi Leó E. Löve afsalað eignarhlut sínum í Grensásvegi 5 og 7 Sigvalda Viggóssyni, Meðalbraut 18, Kópavogi. Veðsetningarinnar til stefnda sé sérstaklega getið í afsalinu. Stefnandi hafi vottað afsalið.

Hinn 31. mars 1992 hafi Sigvaldi Viggósson tekið á sig allar skuldbinding-

ar Leós E. Löve samkvæmt leigusamningi nr. 969. Stefndi hafi samþykkt skuldskeytinguna með þeim skilyrðum, að Leó tæki sjálfskuldarábyrgð á efndum Sigvalda, þar til tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988, sem hafi 31. mars 1992 hvílt á 2. veðrétti, hefði færst upp á 1. veðrétt. Sérstakt samkomulag milli Leós E. Löve og stefnda um ábyrgðina og lausnarskilyrði hennar hafi verið undirritað sama dag og skuldskeytingin fór fram.

Hinn 8. apríl 1992 hafi verið samið um skuldbreytingu vegna samnings nr. 969. Hafi vanskil þá verið orðin veruleg. Samkvæmt skuldbreytingarsamkomulaginu hafi höfuðstóll samningsins orðið 12.411.914 kr. og fyrsti gjalddagi eftir skuldbreytingu 15. október 1992. Leó E. Löve hafi, sama dag og skuldbreytingarsamkomulagið var undirritað, samþykkt, að sjálfskuldarábyrgð sín næði til skuldbreytingarsamkomulagsins með sama hætti og til samnings nr. 969 og samkomulagsins frá 31. mars 1992.

Með yfirlýsingu, dags. 29. janúar 1993, hafi stefndi lýst yfir, að þar sem veðréttur skv. tryggingarbréfinu frá 28. febrúar 1988 í fasteignunum Grensásvegi 5 og 7 vegna leigusamnings nr. 969 hefði samkvæmt veðbókarvottorði færst á 1. veðrétt, væri Leó E. Löve leystur undan ábyrgð sinni á samningi nr. 969 í samræmi við framangreint samkomulag frá 31. mars 1992.

Með símskeyti, dags. 25. febrúar 1993, hafi stefndi tilkynnt Sigvalda Viggóssyni, að leigusamningi nr. 969 væri rift vegna verulegra vanefnda á greiðslu leigugjalda. Sigvaldi hafi mótmælt riftuninni með bréfi, dags. 13. apríl, án þess að rökstyðja andmælin.

Hinn 16. mars 1993 hafi lögmaður stefnda ritað Leó E. Löve bréf, þar sem athygli hans er vakin á því, að Sigvaldi Viggósson hafi haldið því fram gagnvart stefnda, að tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 væri ekki til tryggingar leigusamningi nr. 969, þar sem láðst hefði að þinglýsa samkomulaginu frá 31. mars (sic í greinargerð stefnda, en umrætt samkomulag er dags. 31. júlí) 1989. Hafi því verið haldið fram í bréfinu gagnvart Leó, að kæmi í ljós, að veðsetningin væri ekki til tryggingar skuld skv. samningi nr. 969, yrði að líta svo á, að ábyrgð Leós væri enn í fullu gildi. Leó hafi mótmælt þessum skilningi stefnda með bréfi, dags. 2. apríl 1993.

Hinn 1. apríl 1993 hafi Sigvaldi Viggósson afsalað framangreindum eignarhlutum í Grensásvegi 5 og 7 sambýliskonu sinni, stefnanda máls þessa.

Tryggingarbréfsins frá 28. febrúar 1988 sé sérstaklega getið í afsalinu.

Með stefnu, birtri 18. og 24. júní 1993, hafi stefndi höfðað mál á hendur Leó E. Löve og Sigvalda Viggóssyni. Í málinu hafi stefndi aðallega gert kröfu um, að Sigvaldi og Leó yrðu dæmdir in solidum til að greiða skuld skv. leigusamningi nr. 969. Dómur hafi verið kveðinn upp 7. febrúar 1994. Hafi Leó verið sýknaður af öllum kröfum stefnda, en Sigvaldi dæmdur til að greiða umkrafðar fjárhæðir.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa hagsmuni af því, að skuldinni, sem um ræðir í máli þessu, verði aflétt. Hún hafi í huga að selja eignarhlutana, en slíkt sé ómögulegt, á meðan tryggingarbréfið hvíli þar á. Áskilur stefnandi sér rétt til að krefja stefnda um skaðabætur, verði verulegur dráttur á, að skuldinni verði aflétt.

Eftir að skuld sú, er tryggingarbréfið átti að tryggja, hafi verið greidd upp, sé tryggingarbréfið ekki til neins gagns fyrir stefnda, sem engin réttindi geti á því byggt, en sé um leið stefnanda til tjóns.

Kröfugerð sína reisir stefndi á eftirgreindum málsástæðum og lagarökum:

1. Krafan, sem tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 hafi átt að tryggja innan umsaminnar hámarksfjárhæðar, sé enn í stórfelldum vanskilum, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. febrúar 1994 í málinu nr. E-5780/1933. Við útgáfu fjármögnunarleigusamnings nr. 969 hafi ekki stofnast ný krafa, heldur hafi samkomulagið frá 31. júlí 1989 og útgáfa leigusamningsins í sér skuldskeytingu og skuldbreytingu.

Því er sérstaklega mótmælt, að skuld samkvæmt samningi nr. 705 hafi verið greidd með útgáfu samnings nr. 969 eða krafan, sem tryggð sé með tryggingarbréfinu, sé fallin niður af öðrum ástæðum.

2. Verði ekki á framangreind sjónarmið fallist, er kröfugerð stefnda reist á þeirri röksemd, að veðsamningurinn frá 31. mars 1989 sé bindandi gagnvart stefnanda, enda sé hún grandsöm um efni hans og hafi verið 1. apríl 1993, þegar afsal til stefnanda vegna Grensásvegar 5 og 7 var gefið út og móttekið.

Hafið sé yfir allan vafa, að Sigvalda Viggóssyni hafi a. m. k. frá 31. mars 1992 og líklega allt frá 31. júlí 1989 verið kunnugt um samkomulag Leós E. Löve og stefnda þess efnis, að tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 skyldi frá 31. mars 1989 vera til tryggingar öllum fjárkröfum stefnda skv. leigusamningi nr. 969.

Telja verði víst, að Þórunni Guðmundsdóttur, sambýliskonu Sigvalda, hafi enn fremur verið eða mátt vera þetta ljóst vegna náinna tengsla hennar við Sigvalda og þeirrar staðreyndar, að ágreiningur var risinn milli stefnda og Sigvalda um það, hvort leigusamningur nr. 969 nyti veðtryggingar í Grensásvegi 5 og 7, áður en afsalið til stefnanda er gefið út 1. apríl 1993. Sé þessi vitneskja beinlínis viðurkennd í stefnu, þar sem segir: „Þegar afsalið var gefið út, var hins vegar ljóst, að veðið tryggði enga skuld, fjármögnunarleigusamningur nr. 705 var uppgreiddur með nýjum samningi, sem auðkenndur var 969."

Vegna ummæla í stefnu sé rétt, að fram komi, að stefna í málinu nr. E-5780/1993 var birt í júní 1993, en ekki, áður en afsal til stefnanda var gefið út 1. apríl 1993, eins og staðhæft sé í stefnu. Afstaða stefnda 1. apríl 1993 hafi verið sú, að tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 væri til tryggingar skuld skv. leigusamningi nr. 969. Rétt hafi hins vegar þótt að láta á það reyna, hvort sá möguleiki, að veðsamningurinn frá 31. júlí 1989 nyti ekki réttarverndar gagnvart grandlausum viðsemjendum veðþola og síðari grandlausum rétthöfum yfir fasteigninni Grensásvegi 5 og 7, hefði áhrif á réttaráhrif yfirlýsingar stefnda frá 29. janúar 1993. Niðurstaða héraðsdóms í málinu nr. E-5780 hafi hins vegar verið sú, að stefndi væri bundinn af efni yfirlýsingarinnar frá 29. janúar 1993 og Leó E. Löve af þeirri ástæðu laus undan sjálfskuldarábyrgð sinni frá 31. mars 1992. Dómurinn hafi hins vegar enga afstöðu tekið til þess, hvort tryggingarbréfið frá 28. febrúar 1988 næði til leigusamnings nr. 969 eða ekki, og hefur stefndi hvorki í rekstri málsins né af öðru tilefni lýst yfir því, svo að bindandi sé fyrir hann gagnvart stefnanda, að hann gefi eftir hugsanlegan rétt sinn skv. tryggingarbréfinu frá 28. febrúar 1988 vegna samnings nr. 969. Þvert á móti hafi hann með öllu hafnað að gefa slíka yfirlýsingu gagnvart stefnanda. Hljóti stefnandi, eins og mál þetta er vaxið, að bera sönnunarbyrðina fyrir því, að hún hafi verið grandlaus um efni veðsamningsins frá 31. júlí 1989 eða að veðréttindi stefnda skv. margnefndu tryggingarbréfi séu niður fallin.

Niðurstaða.

Eins og greinir hér að framan, er því haldið fram, að við útgáfu fjármögnunarleigusamnings nr. 969 hafi ekki stofnast ný krafa, heldur hafi samkomulag frá 31. júlí 1989 og útgáfa leigusamningsins falið í sér skuldskeytingu og skuldbreytingu.

Í skuldskeytingu felst, að nýr skuldari tekur að öllu leyti á sig skyldur hins fyrri skuldara, en eðli og efni kröfunnar breytist ekki við skuldskeytinguna.

Aðilar fjármögnunarleigusamnings nr. 705 eru Féfang hf. og Ferskt og gott hf., en aðilar að fjármögnunarleigusamningi nr. 969 eru Féfang hf. og Leó E. Löve. Samningur nr. 969 ber ekki með sér, að um skuldskeytingu vegna samnings nr. 705 sé að ræða. Er efni samnings nr. 969 í mörgum atriðum annað en efni samnings nr. 705, t. d. að því er snertir fjárhæð, upphaf frumleigutíma, fyrsta gjalddaga á frumleigutíma og fjölda afborgana, og þá er grunnvísitalan önnur. Í samningi nr. 969 er ekkert getið um veð í fasteignunum Grensásvegi 5 og 7, eins og gert er í samningi nr. 705.

Þykir því ekki sýnt fram á, að samningur nr. 969 feli í sér skuldskeytingu

eða skuldbreytingu, og er litið svo á, að um nýjan samning hafi verið að ræða, enda segir í yfirlýsingu um samkomulag milli Féfangs hf. og Leós E. Löve á dskj. nr. 8, að aðilar séu sammála um, að undirritaður verði nýr leigusamningur, og verði stofnverð hans 10.765.891 kr. miðað við lánskjaravísitölu janúarmánaðar 1989, sem er 2540 stig.

Leó E. Löve tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á fjármögnunarleigusamningi nr. 705, sem dags. er 28. febrúar 1988. Til tryggingar greiðslu á leigusamningi þessum veðsetti Leó fasteignirnar Grensásveg 5 og 7. Kemur skýrt fram í tryggingarbréfinu, að veðið sé til tryggingar skuld, að fjárhæð 7.500.000 kr., samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 705, dags. 28. febrúar 1988, milli Fersks og góðs hf. og Féfangs hf. Ekkert í fram lögðu tryggingarbréfi gefur vísbendingu um, að veðið skuli tryggja greiðslu samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. 969 milli Leós E. Löve og Féfangs hf.

Í yfirlýsingu, dags. 31. júlí 1989, á dskj. nr. 8, sem undirrituð er bæði af Féfangi hf. og Leó E. Löve, er hins vegar lýst yfir því, að það hafi orðið að samkomulagi þeirra í millum, að tryggingarbréf, út gefið af Leó E. Löve 28. febrúar 1988, með veði í Grensásvegi 5 og 7 til tryggingar skuldbindingum skv. samningnum nr. 705 verði framvegis til tryggingar skuld skv. fjármögnunarleigusamningi nr. 969 með sömu skilmálum og að öðru leyti óbreytt.

Yfirlýsingu þessari var ekki þinglýst, og hefur hún því ekki gildi gagnvart grandlausum þriðja manni. Telst hún samkvæmt því aðeins bindandi gagnvart stefnanda, sem öðlaðist réttindi yfir umræddum fasteignum með afsali, dags. 1. apríl 1993, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita á þeim tíma um framangreinda yfirlýsingu Leós E. Löve og Féfangs hf., en Leó var á þeim tíma, er um ræðir, eigandi fasteignanna að Grensásvegi 5 og 7.

Með yfirlýsingu, dags. 31. mars 1992, tók Sigvaldi Viggósson, þáverandi sambýlismaður stefnanda, á sig allar skuldbindingar og réttindi Leós Löve gagnvart Féfangi hf. skv. fjármögnunarleigusamningi nr. 969, dags. 1. ágúst 1989, milli Féfangs og Leós Löve. Áður, þ. e. 15. febrúar 1992, hafði Leó afsalað Sigvalda fasteignunum Grensásvegi 5 og 7, og er þess getið í afsalinu, að þinglýst er á eignina láni vegna Féfangs, dags. 28. febrúar 1988.

Sigvaldi Viggósson kom ekki fyrir dóm, og liggur vitneskja hans um framangreint samkomulag ekki fyrir, en eins og áður er rakið, hvíldi veð vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 705 á fasteign hans, en hann hafði hins vegar tekið að sér skyldur Leós E. Löve skv. fjármögnunarleigusamningi nr. 969.

Stefnandi bar fyrir dómi, að henni hefði verið kunnugt um, að um einhverja skuld við Féfang hf. hefði verið að ræða, en hún hefði ekki kynnt sér

það mál nánar. Er til kom, að hún tæki við umræddum fasteignum vegna uppgjörs hennar við Sigvalda sökum sambúðarslita þeirra, hefði hún kynnt sér málið og komist að þeirri niðurstöðu, að búið væri að greiða lán það við Féfang hf., er hvíldi á fasteignunum, en eftir hafi verið að aflétta veðunum. Hún bar, að Sigvaldi hefði verið sömu skoðunar og hún um það, að engin skuld stæði að baki 1. veðrétti. Styður bréf á dskj. nr. 19 þessa fullyrðingu stefnanda, en það er bréf Þórðar S. Gunnarssonar hrl. til Leós E. Löve, dags. 16. mars 1993. Þar kemur fram, að Sigvaldi Viggósson hafi tjáð Féfangi hf. þá skoðun sína, að umrætt veð væri ekki til tryggingar skuldbindingum samkvæmt leigusamningi nr. 969, þar sem tryggingarbréfið sé samkvæmt orðanna hljóðan til tryggingar samningi nr. 705 og nái ekki til samnings nr. 969.

Eins og að framan er rakið, er litið svo á, að fjármögnunarleigusamningar nr. 705 og 969 séu tveir sjálfstæðir samningar. Enda þótt stefnanda hafi verið kunnugt um fjármögnunarleigusamning nr. 969, er sambýlismaður hennar tók að sér, er ekkert í þeim samningi, sem bendi til, að hann sé tryggður með veði í umræddum fasteignum. Þá þykir ekkert það hafa komið fram í málinu, er sýni fram á, að stefnandi hafi verið grandsöm um framangreinda yfirlýsingu, dags. 31. júlí 1989, á dskj. nr. 8 milli Leós E. Löve og Féfangs hf., þegar hún öðlaðist eignarréttindi sín yfir umræddum fasteignum 1. apríl 1993, er afsal var gefið út.

Hefur stefnda samkvæmt framansögðu ekki tekist að sýna fram á, að skuld standi að baki veði á 1. veðrétti áhvílandi á fasteignunum Grensásvegi 5 og 7, Reykjavík, samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu 28. febrúar 1988, og ber því að taka til greina kröfur stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 25.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Féfangi hf., er gert að þola, að tryggingarbréfi, dags. 28. febrúar 1988, upphaflega að fjárhæð 7.500.000 kr., sem nú hvílir á 1. veðrétti eignarhluta stefnanda, Þórunnar Guðmundsdóttur, í fasteignunum nr. 5 og 7 við Grensásveg í Reykjavík, verði aflétt af nefndum eignarhlutum.

Stefndi greiði stefnanda 25.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 234/1995. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurði Pétri Sigurðssyni
(Kristján Stefánsson hrl.) **og**
Þorra Jóhannssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Ólögleg meðferð á fundnu fé. Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk beggja ákærðu með stefnu 30. júní 1995.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson vísar til a- til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar, sem verði skilorðsbundin.

Af hálfu ákærða Þorra Jóhannssonar var í greinargerð til Hæstaréttar sett fram sú eina krafa, að refsing hans yrði skilorðsbundin að öllu leyti. Við munnlegan málflutning fyrir réttinum krafðist verjandi ákærða þess aðallega, að ákærði yrði sýknaður, en fyrrnefnd krafa hans varð varakrafa. Með hliðsjón af bréfi ákærða til ríkissaksóknara 5. júní 1995 verður að líta svo á, að hann hafi viljað áfrýja málinu í heild.

Einn dómfelldra í héraði unir dómi.

Ágreiningslaust er, að í ákæru 10. janúar 1995 á stund brotsins að vera síðari hluti sunnudagsins 26. júní 1994, en ekki aðfaranótt hans, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð sakavottorð beggja ákærðu. Frá uppsögu héraðsdóms hefur ákærði Sigurður Pétur verið dæmdur til 60 daga varðhalds fyrir ölvunarakstur og akstur án ökuréttar. Ákærði Þorri hefur hlotið tvo dóma, sem báðir fela í sér hegningarauka við þetta mál, annan vegna líkamsárásar og hinn vegna fíkniefnabrots.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi byggist sönnunarmat héraðsdómara fyrst og fremst á munnlegum skýrslum ákærðu og vitna. Eru ekki efni til aðgerða af því tilefni, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður héraðsdómur því staðfestur með skírskotun til forsendna hans. Með hliðsjón af aðstæðum og sakaferli ákærðu þykir hvorki rétt að skilorðsbinda refsingu ákærða Sigurðar Péturs að nokkru leyti né refsingu ákærða Þorra frekar en gert er í héraðsdómi.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Sigurður Pétur Sigurðsson og Þorri Jóhannsson, skulu sameiginlega greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson skal greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Ákærði Þorri Jóhannsson skal greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 1995.

Ár 1995, mánudaginn 13. mars, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 49/1995: Ákæruvaldið gegn Sigurði Pétri Sigurðssyni, Þorra Jóhannssyni og X í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, hinu fyrra dagsettu 10. janúar sl., en hinu síðara 31. s. m.

Fyrri ákæra á hendur Sigurði Pétri Sigurðssyni, Unufelli 20, Reykjavík, kt. 301071-4349, fyrir ólögmæta meðferð fundins fjár með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júní 1994 slegið eign sinni á 12 áfengisflöskur og 38 vindlingapakka, sem hann kveðst hafa fundið í runna við Alþingishúsið í Reykjavík.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Síðari ákæra er á hendur Sigurði Pétri, X og Þorra Jóhannssyni, Hringbraut 54, kt. 250163-6579, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 10. október 1994 að Dugguvogi 12 í Reykjavík í félagi stolið segulbandstæki, tónjafnara, tveimur plötuspilurum, tveimur geislaspilurum, tveimur hljómmögnurum, tveimur hátölurum, tveimur heyrnartólum og 500 geisladiskum, alls að verðmæti um 1.150.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Málin voru sameinuð við þingfestingu 17. febrúar sl.

Ákærðu hafa ekki gengist við sakargiftum. Sigurður Pétur kannast ekki við að hafa slegið eign sinni á þau verðmæti, sem um ræðir í fyrri ákæru. Þorri kannast við staðreyndir málsins, eins og þeim er lýst í sakargögnum, en neitar þjófnaðarásetningi.

Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

I. Ólögleg meðferð á fundnu fé.

Sunnudagsmorguninn 26. júní sl. milli kl. 7 og 10 var brotist inn í Kaffibarinn að Bergstaðastræti 1 og stolið þaðan áteknum áfengisflöskum og vindlingum. Um kvöldið kl. 22.26 fann lögreglan þýfið bak við Naustskjallarann og lagði hald á það. Ákærði Sigurður Pétur gaf sig fram sem eiganda þess, og var hann handtekinn, grunaður um þjófnaðinn. Sagði hann í fyrstu, að sér hefði verið gefið það, en síðan, að hann hefði fundið það í garði Alþingishússins. Vitnið Jón Benjamín Einarsson, sem var handtekinn með ákærða, sagði lögreglu, að Sigurður Pétur hefði heimsótt sig um kl. 22.00 um kvöldið og þeir síðan farið saman vestur á Vesturgötu, þar sem Pétur gekk að áfenginu og tóbakinu í bakgarði. Þeir hafi síðan falið það bak við veitingahúsið Skipperinn, meðan þeir fóru þangað inn og nutu veitinga. Þegar þeir komu út aftur, fundu þeir það í vörslum lögreglunnar við Naustið, eins og áður segir. Þýfinu var skilað eiganda Kaffibarsins 20. júlí sl.

Hér fyrir dómi hefur ákærði Sigurður Pétur sagst hafa farið inn í Alþingisgarðinn seinni part sunnudagsins, undir kvöld, til að létta á sér og fundið þar tvo plastpoka með áfengi og tóbaki, farið með þá að Vesturgötu og komið þeim fyrir í porti, farið til vinar síns, Jóns Benjamíns, þeir sótt pokana, farið með þá að Skippernum, skilið þá eftir fyrir utan og fengið sér þar bjór. Þegar þeir komu út, voru pokarnir horfnir. Fóru þeir þá að svipast um eftir pokunum og fundu þá við Naustið, en voru þar handteknir, aðallega

vegna ölvunar. Hann kveðst hafa verið á fylliríi á laugardagsnóttina og fram á sunnudag og dvalist hjá vini sínum í Fischersundi. Hann telur sig hafa haft munina undir höndum rúman klukkutíma, en ekkert notað af þeim. Hann kveðst ekki telja neitt frekar, að hann hafi slegið eign sinni á þýfið. Að gefnu tilefni frá verjanda sínum segist hann myndu hafa komið því til skila, ef hann hefði haft svigrúm til þess. Hann hefur staðfest skýrslu, er hann gaf hjá lögreglu 27. júní sl.

Jón Benjamín Einarsson hefur borið vitni. Hann segist hafa hitt Pétur á laugardagskvöldið og verið með honum fram eftir nóttu. Eftir það fór hann heim, en Pétur hringdi á sunnudagsmorguninn og bauð honum að Fischersundi 3. Þar var haft um hönd áfengi, sem hann álítur að Pétur og húsráðandi hafi átt. Hann fór síðan aftur heim að leggja sig, en Pétur kom heim til hans um kvöldið, og fóru þeir út saman. Pétur sótti poka og hjól á Vesturgötu. Síðan fóru þeir á Skipperinn og skildu hjól og poka eftir fyrir utan. En er þeir komu út, var hvort tveggja horfið. Svipuðust þeir þá um í hverfinu, en þar tók lögreglan þá og hafði þá fundið munina. Vitnið segir, að hann hafi ekki verið mikið undir áhrifum á sunnudagsmorgun, en um kvöldið, þegar þeir fóru á Skipperinn, var hann mikið undir áhrifum. Hann segist ekki geta tjáð sig um Pétur. Vitnið staðfesti skýrslu, er það gaf hjá lögreglu 27. júní 1994, með athugasemdum. Hann segir, að ekki sé rétt eftir sér haft, að hann hafi séð áfengið, sem lögreglan tók áður í Fischersundi. Hann kveðst hafa gert athugasemd við þetta, en lögreglumaðurinn ekki talið það skipta máli. Vitnið vildi ekki staðfesta fyrir dómi, að Pétur hefði verið með talsverðar áfengisbirgðir og boðið viðstöddum.

Pétur kvaðst ekki hafa veitt Jóni Benjamín af víninu, sem hann fann fyrr um daginn.

Matthías Haraldsson Johannessen, sumarafleysingamaður í lögreglunni, segist hafa verið kallaður ásamt öðrum lögreglumanni að Naustinu og komið þar að reiðhjóli og poka með áfengi. Þeir hefðu tekið áfengið og kallað eftir aðstoð við að taka hjólið. Þá hefðu ákærði Pétur og vitnið Jón Benjamín komið og gert tilkall til munanna. Þeir hefðu verið mjög drukknir og verið fluttir á lögreglustöðina ásamt munum.

Sigurður Reynir Þórarinsson, starfsmaður í stjórnstöð lögreglunnar, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði verið sendur að Naustskjallaranum ásamt Matthíasi vegna hluta, sem þar voru. Þeir hefðu fundið hjól og poka með áfengi og tóbaki og fært á lögreglustöðina, en hann aldrei séð ákærða í sambandi við þessa aðgerð.

Þegar þess er gætt, sem hér hefur verið rakið um meðferð ákærða á þýfinu og að hann hélt fram eignarrétti sínum á því við lögregluna í stað þess

að afhenda það í samræmi við réttarvenju um meðferð fundins fjár og varð tvísaga um heimildir sínar á því, þykir fullsannað, að ákærði hafi slegið eign sinni á hina stolnu muni, eins og lýst er í ákæru. Saga ákærða um fund þýfisins er ósennileg, en hvernig sem hann komst yfir það, þykir ljóst, að ekki gat leynst fyrir honum, að það var illa fengið. Ber því að refsa honum fyrir auðgunarbrot samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og þykir mega fallast á það með ákæruvaldinu, að heimfæra megi brotið undir 246. gr. laganna.

II. Innbrot og þjófnaður.

Ákærði Sigurður Pétur kom í heimsókn til Þorra um kl. 1.00 aðfaranótt mánudagsins 10. október sl., en þar var X fyrir. Þaðan héldu þeir allir saman í bíl, sem X hafði ráð á. Um kl. 2.46 um nóttina tilkynnti vaktmaður lögreglu um þrjá grunsamlega menn, sem voru að bera varning út í bílinn frá Dugguvogi 12. Sá hann einn þeirra hlaupa burt, en hinir tveir óku burt á bílnum. Þeir Þorri og X voru síðan handteknir á bílnum á mótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar með þýfið, sem lýst er í ákæru. Sögðust þeir hafa farið á innbrotsstaðinn með Pétri, sem sagði þeim, að hann hefði verið í vinnu á brotsstaðnum og ætti þar inni óuppgerð laun. Hann hefði talað um að taka sér þar greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu og áfengi, sem þeir ætluðu að neyta saman. Þeir Pétur og Þorri hefðu farið inn í húsið, – Pétur opnað útidyr með lykli, – og síðan inn í veitingasal. Hefði Pétur látið þar greipar sópa og borið síðan það, sem hann tók, út úr húsinu og inn í bílinn, en X hjálpað til að ferma bílinn. Þegar vart varð mannaferða, hefði Pétur sagt félögum sínum að aka brott, en hlaupið sjálfur af vettvangi. Vaktmaðurinn lýsti þeim svo, sem hann sá hlaupa burt, að hann hefði virst yngri en hinir, grannvaxinn, um 180 cm á hæð, skolhærður, stuttklipptur og klæddur gráleitum, hálfsíðum frakka. Þessi lýsing samrýmist því, að þar hafi Sigurður Pétur verið á ferð.

Lögreglan fann merki um, að brotist hefði verið inn um salardyrnar. Sagði Sigurður Pétur lögreglu 12. október, að X hefði ekið sér beint heim frá Þorra, og kvaðst ekkert vita um innbrotið. Í ljós kom, að hann hafði aldrei unnið í veislusalnum, sem brotist var inn í, og að sögn veitingamannsins átti enginn að hafa lykil að salnum annar en hann sjálfur. Tók hann við hinum stolnu munum 10. október, en taldi vanta einn míkrófón, að verðmæti 20.000 kr.

Hér fyrir dómi sagði Sigurður Pétur, að hann hefði farið með meðákærðu af Bíóbarnum heim til Þorra og dvalist þar í 5–10 mínútur. Þar hefðu orðið deilur milli þeirra félaganna, sem lauk með því, að X ók

ákærða heim til hans á Óðinsgötu um kl. 1.30. Hann kveðst ekki eiga hálfsíðan, gráleitan frakka, en vera 180 cm á hæð.

Þorri segir, að þeir X hafi setið að drykkju ásamt Ægi Guðmundssyni á Hringbraut nr. 54, þegar Sigurð Pétur, sem X hafði nýlega kynnst, bar að milli kl. tólf og eitt um nóttina. Þá var orðin þurrð á víni og rætt um að útvega meira. Pétur sagðist hafa lyklavöld að bar, þar sem ákærða skildist, að hann hefði starfað og þekkti til. Þeir fóru síðan þrír saman í bíl, sem X hafði ráð á, inn í Dugguvog, og fór ákærði inn með Pétri á nr. 12. Pétur opnaði útidyrnar með lykli og fór upp. Ákærða dvaldist niðri, en þegar hann kom upp, var Pétur búinn að opna salardyrnar. Tíndi ákærði áfengi í tösku, en Pétur fór að fást við hljómtæki og losa þau og setja geisladiska í töskuna. Hann segist hafa spurt ákærða Pétur, hvað hann ætlaði að gera við „græjurnar", en Pétur sagst eiga inni hjá eigandanum og ætla að taka „græjurnar" í „pant" og að tryggingarnar myndu borga. Ákærði kveðst ekki hafa verið ánægður með þetta og ekki viljað, að þessir munir væru bornir heim til sín. En Pétur sagðist ætla með þá í sumarbústað móður sinnar. Ákærði segist hafa borið töskuna út og haft tal af X, en Pétur var inni á meðan. Það varð að ráði, að þeir X óku burt, hringsóluðu um Vogahverfið, en tóku loks þá ákvörðun að fara aftur á vettvang og vitja um Pétur. Þá var hann búinn að bera út „slatta af græjum". Þeir lögðu bílnum þar að og hjálpuðu Pétri við að setja munina í bílinn að hans ósk. Pétur sagði þeim síðan að flýta sér burt, og það gerðu þeir, en hann hvarf skyndilega. Þeir voru síðan stöðvaðir af lögreglu.

Ákærði kannast ekki við neinar deilur milli þeirra félaga. Hann segir, að Pétur hafi verið í grábrúnum taufrakka. Hann áréttar, að tilgangurinn með förinni hafi einvörðungu verið áfengisöflun af sinni hálfu.

Borin er undir ákærða skýrsla, er hann gaf hjá lögreglu. Skýrsluna staðfestir hann með þeirri athugasemd, að ekki sé rétt, að hann hafi borið fleira en töskuna niður, og telur, að um misskilning sé að ræða.

X kveðst hafa verið heima hjá Þorra og Þorri verið við drykkju, þegar Pétur kom, en þá var vínið þorrið. Pétur sagðist þá geta útvegað meira, og ók vitnið Þorra og Pétri að Dugguvogi 12. Þar fóru þeir inn, en ákærði beið í bílnum. Kom Þorri þá út með áfengi í tösku. Leist þeim nú ekki á blikuna og óku um stund um Vogahverfið, en komu síðan aftur í Dugguvoginn. Var Pétur þá búinn að bera út dót, sem ákærði vissi ekki, hvað var. Aðspurður sagðist Pétur eiga þetta hjá eigandanum. Var nú dótið borið í bílinn, og gerði Pétur það, en Þorri hjálpaði honum. Að öðru leyti man ákærði ekki glöggt, hvernig dótið komst í bílinn. Þegar bíllinn var fullur, hljóp Pétur burt, en ákærði ók af stað. Varð hann þá var við eftirför, og stöðvaði lögregla síðan aksturinn.

Lögregluskýrsla var borin undir ákærða, sérstaklega það, að Pétur hefði sagt í upphafi, að hann ætlaði að sækja varning, sem hann ætlaði upp í skuld. Ákærði kannast við að hafa sagt þetta, en telur þetta ekki rétt; þetta hafi ekki komið til orða fyrr en síðar. Honum er bent á framburð Þorra um þetta atriði og segist þá ekki muna þetta glöggt. Að öðru leyti staðfesti hann skýrsluna, sérstaklega það, að Pétur og Þorri hefðu farið nokkrar ferðir inn. Ekki man hann, hvernig Pétur var klæddur.

Erlendur Páll Karlsson öryggisvörður segist hafa komið að bíl við Dugguvog 12 og ekið upp að honum. Þá kom maður í gráum, stuttum frakka, stuttklipptur, hlaupandi út úr húsinu með kassa, sem hann kastaði frá sér, reyndi síðan að komast inn í bílinn, en gat ekki og hljóp í hvarf. Bíllinn var gangsettur og honum ekið áleiðis niður Súðarvog. Gerði vitnið lögreglunni viðvart, og stöðvaði hún bílinn.

Guðmundur Ómar Þráinsson aðstoðarvarðstjóri segist hafa verið á vakt, þegar tilkynning kom frá vaktmanni um grunsamlega menn að bera varning út í bíl og að einn þeirra hefði hlaupið burt, en aðrir tveir ekið af vettvangi. Mennirnir voru síðan stöðvaðir við Suðurlandsbraut, og fannst varningur aftur í bílnum og í farangursrými.

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, unnusta Sigurðar Péturs, bar vitni við aðalflutning. Hún segist hafa verið með honum um kvöldið 9. október sl. og gengið með honum að Bíóbarnum, en skildi þar við hann um eða upp úr miðnætti. Fór hún að Óðinsgötu 17, þar sem þau búa saman í óvígðri sambúð, en hann kom þar um kl. 1.30 í bíl.

Birna Tómasdóttir, vinkona Bryndísar, segist hafa komið að Óðinsgötu 17 eftir miðnætti 10. október sl. Sigurður Pétur hafi komið þangað skömmu á eftir sér í bláum bíl. Hún kveðst ekki vera skyld Pétri eða tengd.

Spurð um það, hvers vegna hún hefði ekki komið fyrr með upplýsingar um ferðir ákærða, segist Bryndís hafa beðið eftir, að haft yrði samband við sig. Við þingfestingu var málinu frestað til aðalflutnings mánudaginn 27. þ. m., án þess að fram kæmi af hálfu varnarinnar, að óskað væri vitnayfirheyrslna. Þegar til kom, var Pétur ekki við fyrirhugaðan aðalflutning, sem var þá frestað til 9. þ. m. Daginn áður lét ákærði verjanda vita um vitnin. Þegar litið er til sambands ákærða og Bryndísar, þykir ekki fært að treysta framburði hennar sem fjarvistarsönnun. Framburður Birnu þykir fjarri því að vera sannfærandi.

Leggja verður til grundvallar, að ákærðu hafi allir þrír lagt af stað í leiðangur, sem endaði með stórþjófnaði, og að þrír menn hafi unnið saman að því verki. Lýsing sjónarvotts á þriðja manninum kemur vel heim og saman við útlit Sigurðar Péturs, og framburður ákærðu X og Þorra samrýmist vel

framburði vaktmannsins. Framburður piltanna virðist og að öðru leyti sennilegur. Með framburði Þorra, X og vaktmannsins, sem samrýmist öðru, sem fram hefur komið í málinu, þykir nægilega sannað, að ákærði Sigurður Pétur hafi brotist inn í veislusalinn að Dugguvogi 12, eins og lýst er í ákæru, og borið þá muni, sem þar er lýst, út í bíl. Meðákærðu aðstoðuðu hann við þetta og tóku þannig þátt í þjófnaðinum og óku síðan burt með þýfið að beiðni Péturs. Þeir gátu ekki gengið þess duldir, að Pétur átti engan rétt á að taka munina. Þykir þannig fullsannað, að ákærðu hafi allir gerst sekir um það, sem þeir eru sakaðir um og rétt er heimfært til refsiviðurlaga í ákæru.

Sönnunarmat styðst að mestu við munnlegar skýrslur ákærðu og vitna.

Sakaferill Sigurðar Péturs hófst árið 1989, þegar hann var 17 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum sjö sinnum, þar af skilorðslausri fangelsisrefsingu samtals í sjö mánuði, fyrir þjófnaðarbrot, fjárdrátt, líkamsárás, húsbrot og ölvunarakstur. Hann hefur auk þess einu sinni sætt sektarrefsingu fyrir fíkniefnabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Hinn 16. apríl sl. hlaut ákærði reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 60 dögum. Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 42. gr., 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnar, og hafa ber í huga, að hann hefur framið innbrot og þjófnaðarbrot í félagi við aðra. Samkvæmt þessu þykir refsing hans hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi.

Ákærði Þorri hefur sætt refsingu alls sjö sinnum, þar af fimm sinnum frá átján ára aldri. Frá þeim tíma hefur hann sætt sektum fyrir brot á áfengislögum og fíkniefnalöggjöf, en aðeins einu sinni verið dæmdur fyrir brot á hegningarlögum, 6. júní 1985, í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir skjalafals. Við mat á refsingu Þorra þykir bera að líta til þess, að langt er um liðið, frá því að hann var síðast fundinn sekur um hegningarlagabrot, en á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því, að ákærði hefur framið innbrot og stórþjófnaðarbrot í félagi við aðra, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, skilorðsbundin að hluta, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði X hefur ekki sætt refsingu fyrr, svo að kunnugt sé. Um sök hans gegnir hinu sama og um sök Þorra, og þykir refsing hans hæfilega metin hin sama og refsing Þorra, en skilorðsbundin að öllu leyti.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson sæti níu mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 kr.

Ákærði Þorri Jóhannsson sæti sex mánaða fangelsi, en fullnustu þriggja mánaða fangelsisrefsingar þar af er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði X sæti sex mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu X og Þorri greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Ragnarssonar hdl., 40.000 kr., að óskiptu.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu eins og hér segir: ákærðu allir saman helming að óskiptu, en Sigurður Pétur einn annan kostnað.

Saksóknarlaun, 40.000 kr., greiðist í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 239/1995. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhanni Björnssyni
(Andri Árnason hrl.)

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. laga nr. 19/1940. Skotvopn. Upptaka. Skilorð. Sekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 30. júní 1995 til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði hefur skýlaust játað sakargiftir í ákæru, og er háttsemi hans þar réttilega færð til refsiákvæða. Ákærði fór til gæsaveiða á Gnúpverjaafrétti ásamt félögum sínum 20. ágúst 1994, og höfðu þeir næturvist í gangnamannakofa á Skeiðamannafit á Skeiðaafrétti. Af framburði ákærða og vitna verður ekki séð, að áfengi hafi verið haft um hönd eða ósætti verið milli félaganna. Ákærði lýsti atvikum í skýrslu sinni hjá lögreglu og staðfesti þá lýsingu fyrir héraðsdómi. Þar kom fram, að einn félaganna hefði næsta morgun þurft að bregða sér á náðhús vestan við gangnakofann. Síðan segir í lögregluskýrslu: „Þá segist mætti hafa ætlað að hrekkja hann svolítið og tók haglaskot, sem er fyrir leirdúfur, og skaut því af byssu sinni á náðhúsið af, að hann telur, a. m. k. 30 metra færi. Höglin í þessum skotum eru smá, og hrundu þau af hlið náðhússins. Tók þá mætti annað skot, að hann ætlaði sams konar, en fyrir mistök kveðst hann hafa tekið skot, sem ætlað er til gæsaveiða, en þau eru eins á litinn. Þessu skaut hann líka á hlið náðhússins."

Tjónþoli hefur hvorki gert refsi- né bótakröfur á hendur ákærða vegna þessa atviks.

Áfrýjun ákærða umrætt sinn var háskalegt og glannafengið. Það

leysir hann ekki undan ábyrgð, þótt honum hafi orðið á mistök við val skotfæra, en hann öðlaðist skotvopnaleyfi haustið 1992 og mun hafa nokkra reynslu í meðferð skotvopna. Átti hann að gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem var samfara slíkri beitingu skotvopns. Þykir hæfilegt, að hann sæti refsivist í sex mánuði. Með hliðsjón af atvikum og aðstæðum ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsingu, þykir mega fresta fullnustu þessarar refsingar skilorðsbundið í þrjú ár. Þá þykir rétt, að ákærða verði jafnframt gert að greiða 80.000 króna fésekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 9. gr. laga nr. 101/1976, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Björnsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þessarar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 80.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 29. maí 1995.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 22. mars sl., á hendur Jóhanni Björnssyni, fæddum 19. ágúst 1970, til heimilis að Skriðu-

felli, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, „fyrir brot á almennum hegningarlögum og lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda með því að hafa um hádegi sunnudaginn 21. ágúst 1994 við gangnamannahús á Skeiðamannafit á Skeiðaafrétti stefnt lífi eða heilsu Gunnars Runólfssonar, fædds 19. júní 1970, í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt með því að skjóta tveimur skotum úr haglabyssu á kamar við húsið, þar sem Gunnar var innan dyra, með þeim afleiðingum, að nokkur högl úr síðara skotinu fóru í gegnum krossviðarplötu á kamrinum og í andlit Gunnari.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr., laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 35. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, krafist upptöku á tveimur haglabyssum, Remington 11-87 PC-177373 og Remington 870 Express nr. W 798806 M, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins".

Málið sætti meðferð hér fyrir dómi eftir ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991. Var það þingfest 4. þ. m. og dómtekið í sama þinghaldi að lokinni skýrslutöku af ákærða og umfjöllun verjanda hans og fulltrúa ákæruvalds um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

I.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Er dómur lagður á málið á grundvelli þeirrar játningar hans og um málsatvik í meginatriðum látið nægja að vísa til ákærunnar, sbr. 2. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í málinu liggur frammi vottorð Huldu B. Magnadóttur, læknis á heilsugæslustöðinni í Laugarási í Biskupstungum, um Gunnar Runólfsson. Samkvæmt því leitaði Gunnar á heilsugæslustöðina um klukkan 15 21. ágúst 1994. Segir í vottorðinu, að nokkur sár hafi verið á höfði eftir högl; „eitt hagl var greinilega í augnkrók vinstra megin og auk þess að minnsta kosti fimm högl víðs vegar undir höfuðleðrinu." Þörf var á augnlækni til að fjarlægja haglið við augnkrókinn, og var Gunnari af þeim sökum vísað á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Þangað kom hann þennan sama dag. Er meiðslum hans og þeirri læknismeðferð, sem hann naut þar, lýst í vottorði Ragnars Jónssonar læknis. Í vottorðinu segir: „Við skoðun komu í ljós nokkur húðgöt eftir högl í andliti og hálsi. Rtg-mynd er tekin af höfði og hálsi, og komu í ljós fimm högl. Eitt sat vinstra megin á enni ofarlega, tvö yfir hvirfilbeini vinstra megin og tvö í andliti, þ. e. eitt í miðsnesi og hitt í nasavængnum vinstra megin. Það sáust ekki nein högl á hálsi. Þar sem hagl

reyndist sitja mjög nálægt táraganginum í vinstra augnkrók, var kallaður til augnlæknir ..., sem fjarlægði þetta hagl í staðdeyfingu, enn fremur var táragangurinn kannaður og reyndist hann vera óskaddaður. Enginn áverki greindist á augum nema það að nokkuð væg blæðing var undir vinstra augnloki. Reynt var að taka hagl, sem var í nasavængnum, en það reyndist hafa farið það djúpt að ekki þótti ástæða til að grafa eftir því. Fleira var ekki aðhafst. Þar sem haglið var tekið úr augnlokinu, var sári lokað með einu spori. Ekki var gert ráð fyrir frekara eftirliti á slysadeild og er líklegt að engin frekari eftirköst verði af þessu önnur en hugsanleg lýti vegna sáranna í andliti, en hugsanlega geta höglin leitað út síðar ef sýking eða bólga myndast umhverfis höglin. Ekkert haglanna reyndist hafa farið inn úr beini, öll sátu í húð eða undir húð. Eitt (hagl) hafði þó farið inn í miðsnesi vinstra megin frá og brotið sér leið í gegnum brjóskið á hægri hlið."

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram, að hann hefði skotið að kamrinum í umrætt sinn, þrátt fyrir það að honum hafi þá verið ljóst, að Gunnar Runólfsson væri staddur þar innan dyra. Hefur ákærði ekki gefið aðra skýringu á þessu atferli sínu en þá, að hann hafi viljað hrekkja Gunnar.

Við meðferð málsins fyrir dómi kom fram, að ákærði hefði allnokkra reynslu í meðferð skotvopna. Hefur hann stundað skotveiðar og æfingar í skotfimi, allt frá því er hann öðlaðist skotvopnaleyfi haustið 1992.

Að mati ákærða eru um það bil 30 metrar að kamrinum frá þeim stað, sem skotið var frá. Er ekki við önnur gögn að styðjast í málinu um þetta atriði.

II.

Með framburði ákærða, sem felur í sér, eins og að framan greinir, viðurkenningu af hans hálfu á verknaðarlýsingu ákæru, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þar greinda háttsemi. Er háttsemin réttilega heimfærð í ákæru til 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr., laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

III.

Þegar viðurlög eru ákveðin, ber til þess að líta, að hið refsiverða atferli ákærða fólst í beitingu öflugs skotvopns á ófyrirleitinn hátt. Þetta atferli hans var háskalegt og hefði hæglega getað leitt til enn frekari líkamsmeiðsla en raun varð á og örkumla. Á hinn bóginn ber að virða ákærða það til refsilækkunar, að hann hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot og framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins var óaðfinnanleg. Að þessum sjónarmiðum virtum og með hliðsjón af því, sem rakið er í kafla I hér að framan, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði, en fresta má fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla

niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

IV.

Í ákæru er krafist upptöku á tveimur haglabyssum. Fram er komið, að önnur þeirra, Remington Express W 798806, er í eigu bróður ákærða. Brestur þegar af þeirri ástæðu lagaskilyrði fyrir upptöku á skotvopni þessu, og ber að hafna kröfu ákæruvalds þar um. Hins vegar þykir mega taka til greina kröfu um upptöku á Remington-haglabyssu, 11-87 PC-177373, en ákærði mun vera eigandi hennar, og hana kveðst hann hafa notað í umrætt sinn. Við upptöku þessa skotvopns er stuðst við ákvæði 35. gr. laga nr. 46/1977, sem vísar til 69. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Magnússonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist lítillega vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Björnsson, sæti fangelsi í 9 mánuði. Fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Upptæk skal vera til ríkissjóðs Remington-haglabyssa, 11-87 PC-177373, sem hald var lagt á við rannsókn málsins. Að öðru leyti er upptökukröfu ákæruvalds hafnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Magnússonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 209/1993. **Bóas Dagbjartur Bergsteinsson**
(Ólafur Garðarsson hrl.)
gegn
Hrafnhildi Borgþórsdóttur og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Vátryggingarsamningur. Bifreiðar. Ökumannstrygging. Ölvun við akstur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 14.723.300 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 8. ágúst 1989 til 14. ágúst 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeim verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1989 til uppsögu dóms Hæstaréttar, en málskostnaður falli niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

I.

Áfrýjandi velti bifreið þáverandi sambúðarkonu sinnar, stefndu Hrafnhildar, á þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal í Borgarfirði aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989. Kastaðist hann úr bifreiðinni og stórslasaðist. Slysið var tilkynnt lögreglu kl. 1.16. Er lögreglumenn, læknir og sjúkraflutningamaður komu á vettvang um klukkustund síðar, sýndist þeim áfrýjandi ölvaður, og var því ákveðið að taka úr honum blóðsýni. Er vottorð um það tímasett kl. 2.15.

Reyndist áfengismagn í blóði hans nema 1,35‰. Áfrýjandi og sambúðarkona hans halda því fram, að hún hafi gefið honum áfengi eftir slysið til að lina þjáningar hans, en fyrir slysið hafi hann verið allsgáður. Í málinu sækir áfrýjandi vátryggingarfélag bifreiðarinnar um bætur úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur sig hins vegar laust úr ábyrgð, þar sem áfrýjandi hafi verið ölvaður, þegar slysið varð, en félagið hafi undanþegið sig ábyrgð við slíkar aðstæður í almennum skilmálum sínum fyrir slysatryggingu ökumanns, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

II.

Frásögn áfrýjanda og sambúðarkonunnar um áfengisneyslu hans eftir slysið styðst einungis við framburð sjúkraflutningamanns um, að áfrýjandi hafi sagt honum frá neyslu sinni og lögreglumaður séð átekinn viskípela í fórum sambúðarkonunnar, eftir að komið var á lögreglustöðina í Borgarnesi. Við mat á framburði sambúðarkonunnar verður að líta til 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við yfirheyrslur hjá lögreglu fyrst eftir slysið kvaðst hún hafa blandað sér viskí í tonik, eftir að áfrýjandi tók við akstri bifreiðarinnar í Varmahlíð í Skagafirði, og hafa drukkið þá blöndu ein. Hún kvaðst hafa verið sofandi, þegar slysið varð, og ekki vaknað, fyrr en bifreiðin valt. Hún kom síðan aftur af sjálfsdáðum til yfirheyrslu 7. desember 1989 og kvaðst þá hafa verið vakandi fyrir slysið og gat borið um aðdraganda þess. Þá fyrst segir hún frá því, að hún hafi gefið áfrýjanda viskí úr flösku eftir slysið, og telur hann hafa drukkið eitthvert magn úr henni. Áfrýjandi hafði 20. september 1989 gefið þá skýrslu hjá lögreglu, að einhver hefði gefið sér áfengi eftir slysið, sennilega viskí, og eitthvað annað, blandað í gosdrykk. Hann kvaðst hafa drukkið eitthvert magn, en ekki mikið. Sambúðarkonan var yfirheyrð fyrir sakadómi 5. mars 1990 og kannaðist þá ekki við að hafa drukkið úr flöskunni fyrir slysið og taldi sig aldrei bragða tonik. Þessu hefur hún breytt við yfirheyrslur, sem fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af niðurlagsorðum 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 ber að fallast á það með héraðsdómi, að framburður áfrýjanda og sambúðarkonu hans ráði ekki úrslitum í máli þessu.

Í héraðsdómi er rakinn framburður vitna þeirra, sem komu á vettvang. Vitnin eru sammála um, að þau hafi ekki orðið þess vör, að ákærða væri gefið áfengi. Kristján Skjóldal Ingimarsson, sem vitni varð að slysinu, bar, að sambúðarkonan hefði verið að leita áfrýjanda utan við bifreiðina, þegar hann kom á vettvang. Hjónin Ágúst Friðgeirsson og Sigurbjörg Jóna Traustadóttir, sem komu á vettvang 5 til 10 mínútum eftir, að áfrýjandi hafði ekið fram úr bifreið þeirra, hafa borið, að Sigurbjörg hafi hlúð að áfrýjanda og setið hjá honum mestallan tímann, sem beðið var lögreglu og hjúkrunarfólks. Sigurbjörg gaf honum gosdrykk, sem vitnin fundu í bifreið sambúðarkonunnar, en hún og Kristján og fleiri vitni eru sammála um, að ekkert áfengi hafi verið í gosflöskunni. Þegar þessi framburður eru skoðaður, verður að telja nánast óhugsandi, að framburður áfrýjanda og sambúðarkonunnar um áfengisneyslu hans eftir slysið fái staðist.

Áfrýjandi hafði 1,35‰ af vínanda í blóði, þegar sýni var tekið rúmri klukkustund eftir slysið. Af framangreindu er nægilega sannað, að við slysið hafi hann haft að minnsta kosti það vínandamagn í blóði sínu. Samkvæmt 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1,20‰ eða meira. Áfrýjandi var því óhæfur til að stjórna bifreiðinni, þegar slysið varð, og er ekkert fram komið um, að annað hafi valdið slysinu. Þá niðurstöðu styður einnig framburður hjónanna Ágústs og Sigurbjargar Jónu um aksturslag hans, er hann ók fram úr bifreið þeirra, og Kristjáns Skjóldals um aksturslagið, þegar áfrýjandi mætti bifreið hans rétt fyrir slysið.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að 20. gr. vátryggingarsamningalaga taki til samnings um vátryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Fram er komið samkvæmt framansögðu, að áfrýjandi var óhæfur til að stjórna ökutæki, er slysið varð. Á 20. gr. vátryggingarsamningalaganna við um ástand hans, og þar sem vátryggingarfélagið hefur undanskilið sig ábyrgð í vátryggingarskilmálum, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Krafa áfrýjanda um bætur fyrir líkamstjón úr hendi stefndu er gerð á grundvelli 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er kveður á um tryggingu handa ökumönnum gegn slysum, sem þeir verða sjálfir fyrir við stjórn á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki. Það er tilgangur þessa ákvæðis að tryggja ökumönnum bótavernd eftir hlutlægri reglu með svipuðum hætti og vegfarendum eða farþegum, sem verndar njóta samkvæmt 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 91. gr. sömu laga gegn tjóni af notkun ökutækja, og ber að skýra það með hliðsjón af þeim og öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt því er rétt að líta svo á, að megintakmörkunina á umfangi þessarar lögmæltu slysatryggingar sé að finna í 2. mgr. 88. gr. laganna, þar sem heimilað er að lækka bætur fyrir líkamstjón eða fella þær niður, ef hinn slasaði hefur sjálfur orðið valdur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þegar áfrýjandi slasaðist, var hann í sumarleyfi með þáverandi fjölskyldu sinni á ferð frá Akureyri til Reykjavíkur, sem þau hófu um kvöldmatarleytið mánudaginn 7. ágúst 1989 eftir ferðalag í Eyjafirði fyrr um daginn. Voru þau komin suður yfir Holtavörðuheiði, þegar slysið varð um klukkustund eftir miðnætti. Gerðist það með þeim hætti, að áfrýjandi missti stjórn á bifreið þeirra, eftir að hafa mætt öðru ökutæki, og rásaði hún út af veginum og valt með þeim afleiðingum, að hann hlaut stórfellda líkamsmeiðsl. Niðamyrkur var á slysstað og vegurinn blautur, og gekk á með þungum regnskúrum. Fyrir liggur, að áfrýjandi ók með meiri hraða en við átti við þessar aðstæður, og var hann sakfelldur þess vegna í refsimáli fyrir sakadómi Reykjavíkur. Að sögn þess ökumanns, er á móti kom, hafði áfrýjanda einnig láðst að lækka ljósin á bifreið sinni, áður en ökutækin mættust, en áfrýjandi kveðst sjálfur hafa orðið fyrir truflun af akstri hinnar bifreiðarinnar.

Af hálfu hins stefnda vátryggingarfélags er einkum á því byggt, að slysið hafi orðið af ölvun áfrýjanda, enda hafi áfengismagn í

blóðsýni úr honum mælst 1,35‰. Fyrir sakadómi var áfrýjandi sýknaður af ákæru um ölvunarakstur á grundvelli þess, að ekki væri hægt að hafna með öllu þeim frásögnum hans og stefndu Hrafnhildar Borgþórsdóttur, að hún hefði gefið honum áfengi að drekka eftir slysið. Varhugavert er að hverfa frá þessu mati sakadómarans, og frásagnirnar njóta nokkurs stuðnings í framburði tveggja vitna. Samkvæmt því er rétt að miða við, að áfengismagn í umræddu blóðsýni verði rakið til neyslu eftir slysið að einhverju leyti. Eigi að síður er þó nægilega sannað í máli þessu, þegar gögn þess eru virt í heild, að áfrýjandi hafi ekki verið allsgáður við aksturinn. Hafi það ásamt hröðum og ógætilegum akstri hans orðið orsök þess, að honum tókst ekki að mæta fyrrnefndu ökutæki áfallalaust. Að öllu athuguðu hefur áfrýjandi þannig orðið valdur eða meðvaldur að slysinu af gáleysi, sem telja verður stórkostlegt.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist, að áfrýjandi eigi óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingu bifreiðarinnar. Eftir atvikum að slysinu og afleiðingum þess er þó rétt, að bætur til hans verði ekki felldar alveg niður, heldur lækkaðar þannig, að hann fái sannað tjón sitt bætt að hálfu. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að sýkna eigi stefndu, er ekki ástæða til nánari umfjöllunar um þá hlið málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 1992.

I.O.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þriðjudaginn 2. mars sl., hefur Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, Klapparstíg 26, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 28. nóvember 1991, á hendur Hrafnhildi Borgþórsdóttur, kt. 230653-5699, Hverfisgötu 86, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 14.723.300 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir, en til vara, að þeim verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. nóvember 1991, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989 hafi hann lent í umferðaróhappi á þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal. Stefnandi, sem hafi verið ökumaður bifreiðarinnar S-2011, Subaru J 10, fólksbifreiðar, hafi lent með bifreiðina út af veginum, þar sem hún hafi farið nokkrar veltur. Hafi hann kastast út úr bifreiðinni og stórslasast. Hafi hann verið fluttur í þyrlu á slysadeild Borgarspítalans. Stefnandi kveðst á slysstað hafa fundið óbærilegar kvalir um allan líkamann og öskrað af sársauka. Einhver hafi komið og gefið sér áfengi, sennilega viskí, og annað, sem var blandað gosdrykk. Fyrrverandi sambýliskona stefnanda, Hrafnhildur Borgþórsdóttir, hafi staðfest fyrir sakadómi Reykjavíkur að hafa gefið stefnanda að drekka á slysstað úr viskíflösku, sem verið hafi í bifreiðinni. Blóðsýni hafi verið tekið úr stefnanda á slysstað, og hafi reynst í því 1,35‰ af vínanda.

Stefnandi og sambýliskona hans séu sammála um það, að stefnandi hafi fyrir slysið aðeins verið búinn að drekka einn áfengan bjór með kvöldmatnum. Ekkert hafi hann verið búinn að drekka áður og ekki drukkið annað fyrir slysið. Stefnandi kveðst engin áfengisáhrif hafa fundið við aksturinn. Hafi hann ekið með 80–90 km hraða rétt fyrir slysið. Stór bifreið hafi komið á móti þeim og verið að nokkru leyti á öfugum vegarhelmingi. Hafi hann orðið að víkja alveg út í vegaröxlina, sem sé malborin. Við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni, sem hafi farið út af og oltið. Stefnandi kveðst álíta, að hann hafi losað um öryggisbeltið í veltunni. Hafi hann síðan rankað við sér, þar sem hann hafi legið úti í móa, og fundið til mikilla kvala í öðrum fæti og baki.

Ríkissaksóknari hafi gefið út ákæru, dagsetta 16. janúar 1990, á hendur stefnanda, þar sem honum hafi verið gefið að sök að hafa í umrætt skipti ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis og án nægjanlegrar aðgæslu. Þetta hafi verið talið varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sakadómur Reykjavíkur hafi fengið málið til meðferðar og kveðið upp dóm 29. janúar 1991. Stefnandi hafi verið sýknaður af ætluðum ölvunarakstri, en hins vegar fengið sekt, að fjárhæð 10.000 kr., fyrir brot á 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ekki hafi þótt vera tilefni til ökuleyfissviptingar. Dómi þessum hafi hvorki verið áfrýjað af hálfu stefnanda né ákæruvalds.

Eins og áður greini, hafi stefnandi slasast mjög mikið í þessu umferðarslysi. Stefán Bogason læknir hafi 13. desember 1990 metið tímabundna og varanlega örorku stefnanda. Hafi niðurstaða læknisins orðið sú, að tíma-

bundin örorka væri 100% í fjórtán mánuði frá slysdegi, síðan í tvo mánuði 50% og varanleg örorka 35%.

Stefnandi hafi ekki verið sáttur við þetta örorkumat, enda hafi hann talið varanlegu örorkuna vera fjarri lagi með tilliti til þess, að afleiðingar slyssins væru þær, að hann væri algjörlega óvinnufær. Af þessum sökum hafi Atli Þór Ólason, dr. med., verið fenginn til að endurskoða örorkumatið, og hafi hann skilað nýju örorkumati, dags. 25. júlí 1991. Þar hafi niðurstaða orðið sú, að stefnandi hefði hlotið tímabundna örorku 100% frá slysdegi til 25. júlí 1991 og síðan 70% varanlega örorku.

Á grundvelli þessa örorkumats og tekna stefnanda þremur árum fyrir slysið hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Niðurstaða hans hafi orðið sú, að höfuðstólsverðmæti vinnulaunatekna stefnanda á slysdegi væri þetta:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.991.600
Vegna varanlegrar örorku	–	10.124.200
Samtals	kr.	12.115.800

Töpuð lífeyrisréttindi vegna varanlegrar örorku hafi verið talin nema 607.500 kr.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., hafi verið krafinn um greiðslu bóta með bréfum, dagsettum 31. júlí 1991 og 23. ágúst 1991. Með bréfum, dagsettum 14. ágúst 1991 og 3. september 1991, hafi stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig 20. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í máli þessu sé stefnt skráðum eiganda bifreiðarinnar S-2011, Hrafnhildi Borgþórsdóttur, svo og tryggingarfélagi bifreiðarinnar, Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

3.0.

Stefndu segja málavexti vera þá, að stefnandi hafi ekið bifreið stefndu, Hrafnhildar, 8. ágúst 1989 út af þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal. Hafi stefnandi slasast svo mikið, að ekki hafi reynst unnt að ræða við hann á vettvangi. Talsverðan áfengisþef hafi lagt af vitum stefnanda, og hafi því verið tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Á vettvangi hafi verið rætt við stefndu, og hafi hún borið, að stefnandi hafi drukkið stórt glas af sterku öli á Bautanum á Akureyri, en ekki ekið bifreiðinni, fyrr en komið hafi verið í Varmahlíð, en þá hafi hann tekið við stjórn bifreiðarinnar. Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem tekið hafi verið úr stefnanda á slysstað, hafi reynst vera 1,35 prómille. Hafi sýnið verið tekið kl. 2.15. Vitnið Ágúst Friðgeirsson hafi tilkynnt slysið til lögreglu kl. 1.16 og borið, að 5 til 10 mínútum áður hafi

bifreiðinni, sem ekið hafi verið út af, verið ekið fram úr sér á mikilli ferð, sbr. lögregluskýrslu, tekna af honum 26. september 1989. Fyrir dómi hafi hann borið, að innan við fimm mínútur hafi liðið.

Ekki hafi verið tekin skýrsla af stefnanda fyrr en 20. september 1989, og hafi stefnandi þá borið, að einhver hafi „komið, og hafi sá gefið honum áfengi, sennilega viskí, og annað, sem var blandað gosdrykk". Stefnandi neiti eindregið allri áfengisdrykkju við aksturinn, en segist hafa drukkið úr stóru bjórglasi, áður en lagt hafi verið af stað frá Akureyri.

Vitnið Ágúst Friðgeirsson, sem fyrr sé vitnað til, hafi borið, að áfengi hafi ekki verið haft um hönd, eftir að hann hafi komið á vettvang, en hins vegar hafi stefnandi beðið um það. Þá hafi Ágúst borið, að honum hafi virst stefnandi hafa verið undir áhrifum áfengis. Sigurbjörg Traustadóttir, eiginkona Ágústs, hafi borið á sama hátt og maður hennar, en segist hafa gefið stefnanda Coca cola.

Vitnið Kristján Skjóldal hafi borið fyrir lögreglu, að stefnandi hafi ekki drukkið áfengi, eftir að hann kom á slysstað, en áreksturinn hafi orðið örskömmu fyrr, og er hann hafi komið að „Subaru-bílnum, hafi kona verið á hlaupum í kringum hann að leita að ökumanninum, sem lá úti í móa þarna rétt hjá bílnum". Vitnið Helgi Garðarsson hafi borið fyrir lögreglu á sama veg og Kristján. Þá hafi vitnið Magnús Þór Haraldsson borið fyrir lögreglu mjög á sama veg, en bætt því við, að menn hafi athugað, áður en stefnanda hafi verið gefið af kókflösku, hvort áfengi væri í flöskunni.

Hinn 7. desember 1989 hafi hins vegar stefnda, Hrafnhildur, komið til lögreglu að eigin frumkvæði og borið, að hún hafi gefið stefnanda úr viskíflösku, sem hafi verið í bifreiðinni.

Höfðað hafi verið opinbert mál á hendur stefnanda og honum gefið að sök að hafa ekið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og jafnframt sýnt gáleysi. Fyrir sakadómi hafi greind vitni staðfest framburð sinn, en Sigurbjörg Traustadóttir sagst hafa haft það á tilfinningunni, að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Lögreglumenn þeir, sem hafi komið að stefnanda, hafi komið fyrir dóm. Oddur Hauksteinn Knútsson hafi borið, að hann hafi séð áfengisáhrif á stefnanda og sterk áfengislykt verið af honum. Kristvin Ómar Jónsson hafi borið, að sér hafi verið ljóst, að ákærði hafi verið mjög ölvaður. Hermann Jóhannsson sjúkrabílsstjóri hafi einnig komið fyrir dóm og borið, að stefnandi hafi komið sér fyrir sjónir sem mjög drukkinn.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1991 hafi stefnandi verið sýknaður af ákæru um að hafa ekið undir áhrifum áfengis, en í forsendum hins áfrýjaða dóms segi: „Enda þótt telja verði talsverðar líkur til þess, að

ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, er ekki hægt að hafna alveg skýrslum hans og Hrafnhildar Borgþórsdóttur um, að hún hafi gefið honum áfengi að drekka eftir slysið. Þykir því ekki alveg fullsannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og ber því að sýkna hann af ákærunni að því leyti."

Stefnandi hafi krafið stefnda, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., um bætur, en bifreið stefndu, Hrafnhildar Borgþórsdóttur, hafi verið tryggð hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., sem hafi runnið inn í hið fyrrnefnda. Félagið hafi neitað bótum á þeim grundvelli, að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið stefndu út af, og jafnframt sýnt af sér svo vítaverðan akstur, að fella eigi tjónbætur niður.

– – –

6.0. Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er sérstaklega deilt um það, hvort stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis og sýnt af sér vítaverðan akstur, er hann ók bifreið stefndu, Hrafnhildar, út af þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal 8. ágúst 1989. Í niðurstöðum dóms sakadóms Reykjavíkur í málinu nr. 40/1991: Ákæruvaldið gegn Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni, sem kveðinn var upp 29. janúar 1991, segir m. a.: „Enda þótt telja verði talsverðar líkur til þess, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, er ekki hægt að hafna alveg skýrslum hans og Hrafnhildar Borgþórsdóttur um, að hún hafi gefið honum áfengi að drekka eftir slysið. Þykir því ekki alveg fullsannað, að hann hafi verið undir áhrifum við aksturinn, og ber að sýkna hann af ákærunni að því leyti. Aftur á móti þykir hafa verið sýnt fram á með skýrslum ákærða og Ágústs Friðgeirssonar og því, sem upplýst er um aðstæður, að ákærði gætti ekki fyllstu varúðar og ók of hratt og óvarlega við þær, og hefur hann með því orðið brotlegur við 1. mgr., 4. gr. og 1. mgr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaganna."

Sú meginregla gildir í refsimálum, að aðili telst saklaus, þar til sekt er sönnuð, og hvílir sönnunarbyrði á ákæruvaldinu. Þótt sekt verði þannig að vera hafin yfir allan vafa í refsimálum, verða ekki gerðar jafnstrangar kröfur í einkamálum til heimtu skaðabóta. Niðurstaða áðurgreinds dóms sakadóms Reykjavíkur verður því ekki algerlega lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Hrafnhildur Borgþórsdóttir, sem var eigandi umræddrar bifreiðar og farþegi í henni fyrir slysið, er fyrrverandi sambýliskona stefnanda. Eftir atvikum þykir því varhugavert að taka slíkt mark á vitnisburði hennar, að úrslitum ráði um niðurstöðu málsins. Sama gildir um vitnisburð stefnanda, en

frásögn þessara málsaðila af atburðarásinni hefur þegar verið rakin í 2.0. að framan. Við úrlausn þessa máls verður því einkum að líta til annarra vitna og sönnunargagna.

Slysið var tilkynnt lögreglu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kl. 1.16 aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989, og komu Kristvin Ómar Jónsson varðstjóri og Oddur H. Knútsson lögreglumaður á vettvang um kl. 1.50. Tóku þeir þá blóðsýni úr stefnanda til alkóhólrannsóknar. Segir Oddur í lögregluskýrslu sinni um atburðinn svo frá m. a., að talsverðan áfengisþef hafi lagt frá vitum stefnanda. Við skýrslutöku fyrir dómi 10. ágúst 1990 segir hann, að kona stefnanda hafi sýnt lögreglu þela af viskí, sem hún var með í tösku sinni, þegar hún var komin niður á lögreglustöð. Nánar spurður segir hann, að sig minni, að u. þ. b. ¼ hafi verið eftir í pelanum, þegar konan sýndi þeim hann.

Við skýrslutöku fyrir dómi sama dag segir Kristvin Ómar Jónsson m. a., að sér hafi verið það ljóst strax, er hann kom á staðinn, að stefnandi væri mjög ölvaður. Áfengislykt hafi verið af honum og erfitt að ná sambandi við hann, og hann hafi verið ruglaður, líkt og ölvaðir menn séu gjarnan, og því erfitt að ræða við hann. Hins vegar segir hann, að stefnandi hafi ekki neytt áfengis, eftir að lögregla kom á staðinn. Hann segist ekki hafa séð áfengi á vettvangi, hvorki í meðförum ákærða, konu hans né annarra, sem voru á staðnum.

Kristján Skjóldal Ingimarsson, sem ók fólksbifreið á leið norður, varð fyrstur á slysstað ásamt þremur farþegum. Í lögregluskýrslu sinni frá 18. október 1989 segir hann m. a., að það hafi verið einhvers staðar í Norðurárdal, sem hann hafi mætt bifreið, sem ekki lækkaði ljósin, er hún nálgaðist. Kristján segist hafa blikað ljósum sinnar bifreiðar, en það ekki dugað til og ökumaður þessarar bifreiðar ekki sinnt því. Kristján segist hafa blindast og þurft að fara alveg út í kant, þar sem hann sá ekkert. Hann segist svo hafa séð í baksýnisspeglinum, að bifreið þessi, sem var Subaru Justy, hafi farið að rása á veginum, eftir að hún hefði mætt sér, og svo oltið út af veginum. Hann segist þá strax hafa snúið við og farið á staðinn. Þegar hann hafi komið að Subaru-bifreiðinni, hafi kona verið á hlaupum í kringum hana að leita að ökumanninum, sem hafi legið úti í móa þarna rétt hjá bifreiðinni. Þessi maður hafi hljóðað og borið sig aumlega og kvartað um verki í fótum. Um hugsanlegt ölvunarástand þessa manns kveðst Kristján ekki hafa hugsað eða þann möguleika þarna á staðnum. Hins vegar eftir á að hyggja hafi framkoma manns þessa verið furðuleg. Hann hafi verið að formæla konunni, sem var með honum, og brotið hana niður, svo að hún hafi farið að gráta. Kristján segist ekki hafa fundið áfengislykt af þessum manni, enda

ekki verið að hyggja að henni. Kristján segist ekki hafa gefið hinum slasaða vín og ekki þeir, sem með sér voru, þar sem þeir hafi lítið sem ekkert komið nærri þessu. Hann segist ekki heldur hafa séð neinn gefa manni þessum vín og ekki neinn hafa haft vín þarna um hönd, svo að hann viti eða hafi orðið var við. Kristján segir, að hinn slasaði hafi beðið um að fá eitthvað að drekka, þar sem hann væri svo þurr í munninum. Hann segist þá hafa fundið 1½ lítra flösku af pepsí eða kóki í bifreið hins slasaða. En í þeirri flösku hafi einungis verið gos. Hinn slasaði hafi sopið úr þessari flösku, en mjög lítið, sennilega ekki nema einu sinni, svo að hann sæi. Annað segist Kristján ekki hafa séð þennan mann drekka.

Helgi Garðarsson, sem var með Kristjáni Skjóldal Ingimarssyni í bifreið, segir í lögregluskýrslu frá 20. október 1989 m. a., að hann hafi ekki séð neinn gefa stefnanda áfengi að drekka. Hann segir, að Kristján og þau, sem með honum voru, hafi ekki haft neitt vín um hönd og hann ekki séð aðra hafa það heldur þarna á staðnum. Helgi segist telja það alveg óhugsandi, að þessum slasaða manni hafi verið gefið áfengi, á meðan beðið var eftir lögreglu og sjúkrabíl. Hann segist a. m. k. ekki hafa orðið var við neitt slíkt. Hann segir, að þessi maður hafi beðið um að fá eitthvað að drekka og kvartað um þorsta. Hann hafi ekki minnst á vín eða neitt þess háttar. Helgi segir, að kona þessa manns hafi gefið honum eina tvo sopa úr 1½ lítra kókflösku. Helgi telur, að Kristján hafi fundið þessa flösku, og hann telji, að bara hafi verið kók í þessari flösku. Í skýrslu fyrir dómi 11. október 1990 segir Helgi m. a., að stefnandi hafi fyrst spurt, hvort einhver ætti vín að drekka, en enginn hafi átt, en hann hafi kvartað mjög um þorsta. Hann segir, að Kristján Skjóldal hafi fundið kókflösku við bifreiðina S-2011 og Kristján bragðað á innihaldi hennar til að athuga það, og hafi hann sagt, að það væri hreint kók eða gos. Hann segist ekki hafa séð neinn gefa stefnanda vín að drekka, er hann var á vettvangi, en kona stefnanda hafi gefið honum að drekka gosið.

Magnús Þór Haraldsson, sem einnig var farþegi í bifreið þeirri, er Kristján Skjóldal ók, segir í lögregluskýrslu frá 20. október 1989 m. a., að hann hafi ekki komið svo nálægt hinum slasaða, að hann sæi, hvort hann væri ölvaður, eða fyndi vínlykt af honum. Hann segist hins vegar hafa heyrt þarna á staðnum hjá öðrum vegfarendum, að ökumaður umræddrar Subaru-bifreiðar hefði verið búinn að aka fram úr nokkrum bifreiðum, rétt áður en slysið varð, og ekið nokkuð greitt. Einnig hefði hann heyrt, að bæði hinn slasaði og konan, sem með honum var, hefðu verið búin að neyta áfengis, áður en slysið varð. Það hafi hann heyrt frá einhverjum, sem þarna var, en veit ekki, hver var. Magnús segir, að sá, sem nefndi þetta, hefði ver-

ið með þessu fólki á einhverjum veitingastað skömmu fyrir slysið, og kvaðst gruna, að þetta fólk hefði neytt áfengis. Magnús segist ekki hafa séð neinn hafa vín þarna um hönd á slysstað eða annað áfengi. Hann segist ekki hafa orðið var við, að neinn gæfi hinum slasaða áfengi. Honum hefði verið gefið kók úr 1½ til 2 lítra plastflösku. Hann telur, að bara hafi verið kók í henni, þar sem fólk lyktaði af henni, áður en manninum var gefið úr henni. Í skýrslu fyrir dómi 11. október 1990 kveðst Magnús, spurður af dómara, ekki muna betur en hann hafi lyktað af gosflöskunni, sem stefnanda var gefið að drekka úr, til þess að ganga úr skugga um, hvort í henni væri áfengi, en svo hafi ekki verið. Hann segist ekki hafa séð neinn á slysstað hafa áfengi um hönd.

Ágúst Friðgeirsson, sem ók bifreið á suðurleið ásamt eiginkonu sinni, segir í lögregluskýrslu frá 26. september 1989 m. a., að bifreiðinni S-2011 hafi verið ekið hratt fram úr þeim og um 5 til 10 mínútum síðar hafi hann svo komið þar að, sem bifreiðin S-2011 hafi verið utan vegar. Áfengi hafi ekki verið haft um hönd á staðnum, en hins vegar hafi hinn slasaði beðið um það. Sér hafi virst maðurinn vera eitthvað í víni, þar sem tilburðir hans voru slíkir, og kona sín einnig haft orð á því, að áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, þá er hún var hjá honum og hlúði að honum eftir bestu getu. Í skýrslu fyrir dómi 26. apríl 1990 skýrir Ágúst m. a. svo frá, að bifreiðinni, sem valt, hafi 3 til 4 mínútum áður verið ekið fram úr sér, glannalega, að því er Ágústi fannst, og hratt. Þegar Ágúst hafi komið að, hafi kona, sem muni hafa verið með ökumanninum í bifreiðinni, verið að koma til hans, þar sem hann lá bjargarlaus. Spurður um það segist Ágúst ekki geta fullyrt, hvort hún hafi verið að finna hann eða verið búin að ná til hans áður, en kveðst hafa talið þá, að hún hefði verið að koma að honum í fyrsta sinn. Ágúst kveðst ekki hafa orðið þess var, að maðurinn hefði fengið áfengi að drekka. Kveðst Ágúst hafa verið þarna á staðnum, þangað til lögregla og sjúkralið komu á vettvang. Maðurinn hafi virst vera mjög kvalinn og heimtað einu sinni, að sér væri gefinn „sjúss" að drekka. Ágúst kveðst hafa þurft að huga að börnum þeirra hjóna öðru hverju, á meðan þau biðu þarna, og því ekki geta fullyrt af eigin raun, hvort maðurinn fékk að drekka, á meðan Ágúst fór til barnanna. Hafi kona sín setið hjá manninum allan tímann. Ágúst kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á manninum. Maðurinn hafi legið á að giska 20 metra frá flaki bifreiðarinnar.

Eiginkona Ágústs, Sigurbjörg Jóna Traustadóttir, sem var farþegi í bifreið hjá eiginmanni sínum á leið til Reykjavíkur, segir svo m. a. í lögregluskýrslu, gefinni 26. september 1989, að nokkru áður en þau komu að slysinu, hafi bifreiðinni S-2011 verið ekið allgreitt fram úr þeim, en hún seg-

ir mann sinn hafa ekið varlega, þar sem skyggni hafi verið mjög slæmt, myrkur og hellirigning. Kveðst hún hafa sagt við mann sinn: „Það er aldeilis, að þessum liggur á.“ Nokkru síðar, segir hún, að þau hafi komið á slysstað. Alllangur tími hafi liðið, frá því að þau komu að slysinu og þar til hjálp barst, um ein klukkustund. Hún segir ekkert áfengi hafa verið haft um hönd þar á staðnum, meðan þau voru þar, en hún hafi fundið einhvern áfengisþef leggja frá vitum mannsins. Fyrir dómi 26. apríl 1990 skýrir hún svo frá m. a., að sjálf hafi hún farið að bílnum, sem oltið hafði, og náð í teppi og breitt yfir manninn. Hinn slasaði hafi beðið um, að sér yrði gefinn „sjúss“ að drekka. Hún kveðst hafa spurt þau hin, hvort þar væri citthvað til að gefa manninum að drekka, og hafi hvorugt hinna og enginn af öðru fólki, sem komið hafði að, haft neitt af slíku. Hún kveðst þá hafa farið aftur að bílnum, sem oltið hafði, og fundið í honum plastflösku, 1½ lítra, sem var u. þ. b. hálf af Coca cola. Kveðst hún hafa bragðað á innihaldi flöskunnar og ekki fundið áfengisbragð að því og gefið manninum að drekka af flöskunni. Hafi maðurinn drukkið örfáa sopa alls. Hún kveðst hafa verið hjá hinum slasaða eftir þetta, þar til lögregla og sjúkralið komu á vettvang, og ekkert farið frá manninum nema einu sinni til að huga að barninu, sem var með hinum slasaða og konunni, en það hafi aðeins verið nokkra metra frá manninum. Telur hún sig geta fullyrt, að hinn slasaði hafi ekkert fengið að drekka fyrir utan það, sem hún gaf honum, þar til sjúkralið og lögregla komu á vettvang. Hún kveðst hafa fengið hugboð um, að maðurinn væri undir áhrifum áfengis. Bæði hafi hann verið mjög ruddalegur í tali við sig og aðra, og eins hafi hún fundið áfengisþef af honum. Kveðst hún þó ekki vilja fullyrða neitt um þetta.

Hermann Jóhannsson sjúkrabílsstjóri, sem ók sjúkrabifreið á slysstað, segir svo m. a. í skýrslu, er hann gaf 10. ágúst 1990, að stefnandi hafi verið illa haldinn vegna meiðsla og komið sér fyrir sjónir sem mjög drukkinn. Stefnandi hafi verið ákaflega þreytulegur og útlit hans borið vitni um langa drykkju. Sérstaklega spurður segir Hermann, að stefnandi hafi ekki neytt áfengis, eftir að Hermann kom á staðinn, og kveðst hann aldrei hafa yfirgefið stefnanda. Hermann kveðst ekki hafa séð áfengi á staðnum. Hann kveðst þó minnast þess, að stefnandi bað um áfengi, eftir að hann kom í sjúkrabifreiðina, og einnig þess, að stefnandi hafi sagt þeim, að hann hafi fengið sér áfengi til að lina kvalirnar. Kveðst Hermann ekki geta fullyrt um það, hvort það hafi gerst, áður en hann kom á staðinn, en ítrekar, að stefnandi hafi komið sér fyrir sjónir sem maður, er væri búinn að drekka í langan tíma.

Í blóðsýni því, sem tekið var af stefnanda á slysstað, reyndust vera 1,35‰

af vínanda. Samkvæmt niðurstöðum réttarmáladeildar læknaráðs þyrfti meðalmaður að hafa innbyrt hálfan pela af sterku áfengi (t. d. viskí) á slysstað til að ná umræddu vínandamagni í blóði. Telur deildin slíkt ólíklegt, og undir þá skoðun taka læknaráðsmenn. Landlæknir telur þó, að flestir geti tæmt hálfan pela af sterku áfengi á skömmum tíma við þessar kringumstæður. Þegar þetta er haft í huga og þar sem framburður framangreindra vitna hnígur allur í sömu átt, verður, þegar þau eru virt í heild sinni, eftir atvikum að telja nægilega sýnt fram á, að stefnandi hafi þrátt fyrir framburð sinn og sambýliskonu sinnar verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar þegar fyrir slysið. Þá verður einnig að fallast á, að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysislegan akstur.

Kröfur stefnanda eru reistar á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um sérstaka slysatryggingu ökumanns. Hins vegar tapast réttur til vátryggingarbóta samkvæmt vátryggingarskilmálum og eftir reglum laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. 1.–20. og 124. gr. laganna, valdi ökumaður vátryggingaratburði ölvaður eða af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi. En í vátryggingarskilmálum tryggingarinnar, þ. e. almennum skilmálum fyrir slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega, 5. lið, segir svo: Réttur til vátryggingarbóta getur fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga, ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, t. d. ef hann ekur án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

20. gr. laga nr. 20/1954 hljóðar svo: „Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg."

Í málinu er deilt um túlkun orðsins „ölæði" í þessu samhengi. Hér er um samnorræna löggjöf að ræða, en í samsvarandi ákvæði dönsku vátryggingarsamningalaganna (20. gr.) er notað orðið „beruselse". Með hliðsjón af merkingu orðsins í norrænu lögunum þykir ekki verða lögð þröng merking í orðið ölæði, heldur taki það til ólögmæts ölvunaraksturs. Verður því að telja, að orð þetta taki til ölvunar stefnanda við akstur bifreiðarinnar fyrir slysið.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. málsgreinar 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 91.325 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 441.325 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hrafnhildur Borgþórsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bóasar Dagbjarts Bergsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 91.325 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 441.325 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 16. október 1995.

Nr. 339/1995. **Heiðar R. Ástvaldsson**
Krabbameinsfélag Íslands og
Rauði kross Íslands
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Viðari Daníelssyni
(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 28. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, kröfum varnaraðila með eða án heimvísunar hafnað og að synjað verði um framgang nauðungarsölu á fasteigninni Rauðarárstíg 33 í Reykjavík, íbúð á 2. hæð, merktri 02-02. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað.

Hinn 12. febrúar 1991 framseldi varnaraðili Landsbanka Íslands með sjálfskuldarábyrgð veðskuldabréf, út gefið af Viðari hf. 28. nóvember 1990, en varnaraðili var jafnframt forsvarsmaður þess félags. Á frumriti skuldabréfsins er yfirstrikuð áritun bankans frá 18. október 1994 um kvittun bréfsins og afhendingu til aflýsingar. Þá er bréfið einnig áritað sama dag um framsal til varnaraðila. Á hinn bóginn hafa sóknaraðilar lagt fram ljósrit af umræddu skuldabréfi, þar sem greiðsluáritun er hvorki yfirstrikuð né bréfið áritað um framsal til varnaraðila.

Eftirstöðvar skuldabréfsins voru greiddar Landsbanka Íslands 18. október 1994 með 720.929,50 krónum, en málsaðilar deila um, hvort varnaraðili hafi innt af hendi greiðslu eða aðalskuldari bréfsins,

Viðar hf. Sama dag voru greiðsluseðlar vegna þriggja síðustu afborgana áritaðir um greiðslu, en þeir eru gefnir út til aðalskuldara bréfsins. Hinn 24. janúar 1995 staðfesti Landsbanki Íslands með áritun á umrædda greiðsluseðla, að greiðandi væri varnaraðili. Samkvæmt ódagsettri yfirlýsingu forstöðumanns afgreiðslu verðbréfadeildar Landsbanka Íslands framseldi bankinn varnaraðila bréfið, og voru fyrri áritanir leiðréttar í samræmi við það. Í ljósi þess, að fasteign þeirri, sem stóð til tryggingar greiðslu skuldabréfsins, var hvað eftir annað afsalað með þeim áskilnaði, að kaupandi tæki að sér greiðslu bréfsins, þykir ósennilegt, að aðalskuldari bréfsins hafi greitt það. Þar sem sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á hið gagnstæða gegn yfirlýsingum Landsbanka Íslands, sem var framsalshafi veðskuldabréfsins og hafði það til innheimtu, verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Heiðar R. Ástvaldsson, Krabbameinsfélag Íslands og Rauði kross Íslands, greiði varnaraðila, Viðari Danielssyni, sameiginlega 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1995.

I.

Mál þetta var þingfest hér fyrir dómi 28. júní sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 7. september sl.

Sóknaraðili er Viðar Daníelsson, kt. 030442-4829, Fýlshólum 8, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Heiðar Ástvaldsson, kt. 011036-2229, Rauðagerði 6, Reykjavík, Krabbameinsfélag Íslands, kt. 700169-2789, Skógarhlíð 8, Reykjavík, og Rauði kross Íslands, kt. 530269-2649, Rauðarárstíg 18, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að felld verði úr gildi sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík að stöðva framgang uppboðs á Rauðarárstíg 33, íbúð á 2. hæð, merktri 0202, Reykjavík, frá 18. maí 1995 og lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda áfram nauðungarsölu á hinni tilgreindu eign á grundvelli veðskuldabréfs sóknaraðila. Jafnframt er þess

krafist, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að synjað verði um framgang umræddrar nauðungarsölu á umræddri íbúð að Rauðarárstíg 33 hér í borg og sóknaraðila gert að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

II.

Hinn 28. nóvember 1990 var af hálfu Viðars hf., byggingafélags, gefið út veðskuldabréf til sóknaraðila, að fjárhæð 1.000.000 kr., er greiða skyldi upp með sex afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. október 1991. Veðskuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni Rauðarárstíg 33, íbúð á 2. hæð, merktri 0202, Reykjavík. Hinn 12. febrúar 1991 framseldi sóknaraðili veðskuldabréfið Landsbanka Íslands og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Með afsali, dagsettu 1. desember 1992, var íbúð þeirri, er stóð til tryggingar veðskuldabréfinu, afsalað af Viðari hf. Húsprýði hf., en sama dag afsalaði Húsprýði hf. íbúðinni Páli Jenssyni. Hinn 17. janúar 1993 afsalaði Páll Jensson íbúðinni varnaraðilanum Heiðari R. Ástvaldssyni. Í öllum afsölunum er ákveði þess efnis, að kaupandi taki á sig skuld samkvæmt nefndu veðskuldabréfi sóknaraðila. Með afsali 30. nóvember 1994 afsalaði Heiðar R. Ástvaldsson íbúðinni varnaraðilunum Krabbameinsfélagi Íslands og Rauða krossi Íslands. Í afsalinu kemur fram, að veðskuldabréfið sé upp greitt og að afsalsgjafi ætlaði að sjá til þess, að því yrði aflýst hið allra fyrsta á ábyrgð afsalsgjafa, og í því sambandi afhenti afsalsgjafi afsalshafa bankaábyrgð Íslandsbanka hf. til tryggingar aflýsingunni.

Af veðskuldabréfinu verður ráðið, að tvær fyrstu afborganir hafa verið greiddar á réttum gjalddaga, og þá er ágreiningslaust með aðilum, að þriðja afborgun hafi verið greidd. Vegna vanskila leysti sóknaraðili bréfið til sín 18. október 1994 að kröfu Landsbanka Íslands á grundvelli sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila með greiðslu 720.929,50 kr. og fékk bréfið jafnframt framselt til sín á grundvelli innlausnarinnar. Var varnaraðilinn Heiðar R. Ástvaldsson krafinn um innlausnarfjárhæðina, og þegar það bar ekki árangur, var óskað nauðungarsölu á hinni veðsettu eign. Hinn 18. maí 1995 stöðvaði fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík framgang uppboðsins á grundvelli mótmæla frá Heiðari, en þá hafði afsali hans á íbúðinni til Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands verið þinglýst.

III.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á því, að hann sé réttur handhafi og eigandi veðskuldabréfsins, og verði innheimta þess ekki stöðvuð, nema ákveði

XVII. kafla laga nr. 91/1991 geti átt við. Skjöl málsins beri það með sér, að Landsbanki Íslands hafi gert mistök við áritun veðskuldabréfsins og útgáfu kvittana vegna innlausnar sóknaraðila á veðskuldabréfinu frá bankanum, en þau mistök hafi verið leiðrétt, og mistök bankans verði ekki til þess, að varnaraðili eignist sjálfstætt betri rétt en hann átti áður; en samkvæmt afsali, þegar hann keypti þá eign, sem veðskuldabréfið er tryggt með veði í, hafi hann lofað afsalsgjafa að taka við og greiða framangreint veðskuldabréf. Styður sóknaraðili rétt sinn til veðskuldabréfsins við framsal Landsbanka Íslands til hans, og leggi sóknaraðili fram leiðréttar kvittanir bankans, er sýni, hverja fjárhæð hann greiddi á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar sinnar. Telji sóknaraðili því, að Heiðar R. Ástvaldsson eigi engan rétt á að fá framangreindu veðskuldabréfi aflýst án greiðslu þess, og vísi sóknaraðili í því sambandi til kröfuréttarins. Telji sóknaraðili því, að fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík hafi tekið ranga ákvörðun, er hann ákvað að stöðva framgang nauðungarsölu á nefndri íbúð 18. maí sl. Hafi efnislegar forsendur ekki verið færðar fram fyrir þeirri ákvörðun, og beri því að fella hana úr gildi og leggja fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda nauðungarsölunni áfram, meðan veðskuldabréf sóknaraðila sé enn ógreitt.

Af hálfu varnaraðila er til þess vísað, að við fyrirtöku nauðungarsölunnar 18. maí 1995 hafi verið lýst yfir því af hálfu sóknaraðila, að ákvörðun sýslumanns um að stöðva nauðungarsöluna yrði skotið til héraðsdóms og þess krafist, að ákvörðun sýslumanns yrði felld úr gildi. Beiðnin til héraðsdóms sé ekki dagsett fyrr en 7. júní 1995 og afhent dóminum 8. sama mánaðar, þ. e. 21 degi eftir ákvörðun sýslumanns. Sé því ekki mögulegt að taka beiðni sóknaraðila til greina þegar af þeirri ástæðu samkvæmt 3. mgr. 22. gr., sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Skipti hér ekki máli, að lögmaður sóknaraðila hafi ekki sótt gögn uppboðsmálsins fyrr en 6. júní 1995.

Þá er af hálfu varnaraðila skírskotað til þess, að Viðar hf. hafi fengið fyrrnefnt veðskuldabréf kvittað og afhent til aflýsingar af Landsbanka Íslands 18. október 1994, og þar sem bréfið hafi borið það með sér að vera að fullu greitt af skuldara þess, hafi borið að aflýsa því, og hafi seinni framsöl á bréfinu ekki gildi eða endurveki kröfur eða veðtryggingar samkvæmt því. Af hálfu sóknaraðila hafi síðar verið lögð fram hjá sýslumanninum í Reykjavík skjöl, þar sem einhver aðili vegna Landsbanka Íslands breytir nafni greiðanda í nafn sóknaraðila í stað hins rétta greiðanda, Viðars hf. Sé þetta dagsett 24. janúar 1995, rúmum ársfjórðungi frá því að Viðar hf. fékk sínar greiðslukvittanir og veðskuldabréfið að fullu greiðslukvittað og afhent til aflýsingar af viðkomandi gjaldkera Landsbanka Íslands. Sé þessum gögnum mótmælt sem þýðingarlausum og röngum, enda ekkert í þeim stutt

rökum og aðili sá, er gaf umrædda yfirlýsingu, ekki haft neina vitneskju um, á hvern hátt greiðslur fóru fram 18. október 1994. Reynt sé að strika yfir greiðslustimpil Landsbanka Íslands og eins fært inn á bakhlið bréfsins framsal til sóknaraðila, dagsett 18. október 1994. Umrætt framsal og yfirstrikun á greiðslustimpli hafi ekki verið á veðskuldabréfinu um miðjan nóvember 1994 né þegar greinargerð sóknaraðila er dagsett 29. nóvember s. á. Sé því um fölsun að ræða á umræddu skjali og umræddum áritunum mótmælt sem röngum og þýðingarlausum, auk þess sem framsali á greiddri og uppgerðri kröfu af skuldara sé mótmælt sem þýðingarlausri. Ljóst sé af skjölum málsins, að Viðar hf. hafi greitt umrædda skuld og fengið veðskuldabréfið afhent fullkvittað og til aflýsingar, og einnig sé ljóst, að sóknaraðili eigi engar kröfur á hendur varnaraðilum samkvæmt fyrrgreindu veðskuldabréfi.

IV.

Af hálfu umboðsmanns sóknaraðila var lýst yfir því þegar við fyrirtöku uppboðsmáls þess, sem hér um ræðir, 18. maí sl., að ákvörðun sýslumanns um að stöðva framgang uppboðsins yrði skotið til héraðsdóms og þess krafist, að ákvörðunin yrði felld úr gildi og uppboðið næði fram að ganga. Þá kemur fram í bréfi lögmanns sóknaraðila til dómsins 7. júní sl., þar sem sömu kröfur eru áréttaðar, að lögmaðurinn hafi ekki fengið endurrit af nefndu þinghaldi og ljósrit af skjölum málsins afhent hjá sýslumanninum í Reykjavík fyrr en 6. sama mánaðar. Hefur þeirri staðhæfingu sóknaraðila ekki verið hrundið. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til þess, sem að ofan greinir, eru eigi efni til að vísa beiðni sóknaraðila frá dómi á grundvelli 3. mgr. 22. gr., sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 svo sem krafist er af hálfu varnaraðila.

Við kaup á nefndri íbúð á Rauðarárstíg 33 17. janúar 1993 tók varnaraðilinn Heiðar Ástvaldsson á sig skuld samkvæmt veðskuldabréfi því, sem mál þetta tekur til. Hefur því eigi verið haldið fram af hans hálfu, að hann hafi greitt skuld þessa, heldur vísar hann til þess, að Viðar hf. hafi gert það, þ. e. upprunalegur skuldari bréfsins. Af gögnum málsins er þó ljóst, að tveir eigendur áttu íbúðina, áður en nefndur varnaraðili eignaðist hana, og að í öllum afsölum fyrir íbúðinni er ákvæði þess efnis, að kaupandi taki á sig skuld samkvæmt veðskuldabréfinu.

Í málinu liggur fyrir ódagsett yfirlýsing forstöðumanns afgreiðslu verðbréfadeildar Landsbanka Íslands. Í henni kemur fram, að greiðsla fyrir umrætt veðskuldabréf, að fjárhæð 720.929,50 kr., hafi borist bankanum til greiðslu á skuldbindingum ábyrgðarmanns, en bréfið hafi verið framselt bankanum af sóknaraðila máls þessa 12. febrúar 1991 með sjálfskuldar-

ábyrgð framseljanda. Hafi framangreind greiðsla verið fyrir sóknaraðila og bankinn framselt honum veðskuldabréfið með öllum þeim réttindum, sem því fylgja.

Þá segir orðrétt í yfirlýsingunni: „Á meðan veðskuldabréfið var enn í vörslum og eigu bankans, var stimplað á framhlið þess, að það kvittaðist og væri afhent til aflýsingar. Þessi áritun er ekki í samræmi við greiðslu ábyrgðaraðila, og var hún því leiðrétt, áður en bréfið var afhent ábyrgðarmanni."

Samkvæmt yfirlýsingu þessari, sem leggja ber til grundvallar við úrlausn máls þessa, urðu þau mistök af hálfu Landsbanka Íslands, er umrætt veðskuldabréf var innleyst 18. október 1994, að veðskuldabréfið var áritað um fullnaðargreiðslu í stað þess að árita það um innlausn sjálfskuldarábyrgðarmanns og framsal til hans. Þessi mistök voru þó leiðrétt, áður en bankinn lét bréfið af hendi. Verður því eigi fallist á það með varnaraðilum, að bréfið hafi verið falsað efnislega.

Af framangreindu leiðir, að sóknaraðili er lögmætur handhafi umrædds veðskuldabréfs. Veðskuldabréf þetta er í vanskilum, og er sóknaraðila því heimilt að krefjast nauðungarsölu á íbúð þeirri á Rauðarárstíg 33 hér í borg, sem það er tryggt með veði í samkvæmt ákvæðum bréfsins. Verða kröfur sóknaraðila því teknar til greina og úr gildi felld sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 18. maí 1995 að stöðva framgang uppboðs á framangreindri eign. Jafnframt er lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda áfram nauðungarsölu á eigninni.

Dæma ber varnaraðila til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 18. maí 1995 að stöðva framgang uppboðs á íbúð á 2. hæð, merktri 0202, að Rauðarárstíg 33, Reykjavík, og er lagt fyrir sýslumann að halda áfram nauðungarsölu á eigninni.

Varnaraðilar greiði sóknaraðila 60.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 16. október 1995.

Nr. 321/1995. **Kristján Stefánsson**

gegn

Fiskanesi hf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 27. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og allar kröfur hans fyrir héraðsdómi teknar til greina. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kristján Stefánsson, greiði varnaraðila, Fiskanesi hf., 200.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 7. september 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í gær að loknum málflutningi. Sóknaraðili er Kristján Stefánsson hrl., 010345-3169, Austurstræti 10A, Reykjavík. Varnaraðili er Fiskanes hf., kt. 451165-0119, Grindavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru aðallega þær, að aðför verði heimiluð hjá varnaraðila fyrir dómkröfum skv. dómi bæjarþings Keflavíkur frá 22. júlí 1991 í málinu nr. 412/1985, að fjárhæð 26.553.276 kr., auk dráttarvaxta frá 29. mars sl. og öllum kostnaði við fjárnám og eftirfarandi uppboð. Til vara er þess krafist, að fjárnám verði heimilað fyrir ofangreindri fjárhæð, en að

frádregnum samtals 5.405.720 kr., sem teljist innborgun skv. gerðardómi, upp kveðnum 12. febrúar 1985. Til þrautavara er krafist fjárnáms fyrir 26.553.276 kr. ásamt áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði af aðför og eftirfarandi uppboði að frádreginni innborgun frá og með 29. ágúst 1991, 5.405.720 kr. Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

I.

Upphaf máls þessa má rekja til ársins 1983. Hinn 11. júlí það ár gerðu Skipasmiðjan Hörður hf. (nú Kristján Stefánsson skv. framsali á kröfu) og Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. (nú Fiskanes hf. eftir sameiningu félaganna) með sér samning um, að skipasmiðjan tæki að sér að gera breytingar á ms. Þórkötlu II, GK-197, sem var í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. Samkvæmt verksamningi skyldi verkinu ljúka 16. desember 1983, og átti þá að afhenda skipið. Tafir urðu á verkinu, og í framhaldi af því deildu aðilar um uppgjör á verkinu og uppgjör samningsbundinna dagsekta. Hinn 6. apríl 1984 lýsti Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. yfir skuldajöfnuði á dagsektum og ógreiddum eftirstöðvum verkkaups. Sú skuldajafnaðaryfirlýsing var ítrekuð 24. maí 1984 og birt með stefnuvottum. Vegna ákvæða í verksamningi aðila var ákveðið, að ágreiningur um dagsektir yrði leystur fyrir samningsbundnum gerðardómi. Var og ákveðið, að viðskiptabankar aðilanna, Landsbanki Íslands fyrir hönd Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Útvegsbanki Íslands hf. fyrir hönd Skipasmiðjunnar Harðar hf., ábyrgðust uppgjör samkvæmt verksamningnum. Landsbankinn ábyrgðist greiðslu eftirstöðva verkkaupsins að ákveðnu marki, og Útvegsbankinn ábyrgðist greiðslu dagsektanna. Gerðu bankarnir með sér skriflegt samkomulag þessa efnis, dags. 29. júní 1984.

Gerðardómur komst að þeirri niðurstöðu 12. febrúar 1985, að Skipasmiðjan Hörður hf. skyldi greiða Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. dagsektir, að fjárhæð 2.941.960 kr., með 19% ársvöxtum frá 29. júní 1984 til greiðsludags. Þá var skipasmiðjan einnig dæmd til greiðslu kostnaðar af störfum gerðardómsins, 228.000 kr. Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. greiddi hins vegar þennan kostnað af gerðardóminum. Lögmaður Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. sendi 31. maí 1985 yfirlit yfir uppgjör á kröfunni samkvæmt gerðardóminum og dró þá frá skuld Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. við Skipasmiðjuna Hörð hf. samkvæmt skuldayfirliti, þ. e. fór eftir þeim skuldajafnaðaryfirlýsingum, sem áður höfðu verið gefnar. Skipasmiðjan Hörður vildi ekki una gerðardóminum og bannaði Útvegsbanka Íslands hf. að gera kröfuna upp í samræmi við gerðardóminn.

Hinn 28. mars 1985 höfðaði Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Útvegsbanka Íslands hf. til greiðslu dagsektanna samkvæmt gerðardóminum og studdi málsókn sína ábyrgðaryfirlýsingu bankans frá 29. júní 1984.

Skipasmiðjan Hörður hf. höfðaði mál, sem þingfest var 10. apríl 1985 á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur, og gerði þær dómkröfur, „að staðfest verði með dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, að stefnanda sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning stefnanda og stefnda þar um, dags. 11. júlí 1983".

Með stefnu, út gefinni og þingfestri 20. nóvember 1985, höfðaði Skipasmiðjan Hörður hf. framhaldssök í málinu og gerði þær dómkröfur, að Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. yrði gert að greiða „eftirstöðvar kostnaðar við framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK-197, 2.360.936 kr.," auk dráttarvaxta og kostnaðar. Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. höfðaði gagnsök, þar sem krafist var greiðslu á þeim málskostnaði, er fyrirtækið hafði þurft að greiða lögmanni sínum vegna reksturs gerðardómsmálsins.

Mál þessi voru sameinuð á bæjarþinginu, en ákveðið var að skipta því upp og dæma fyrst um aðalsök, en að framhaldssök og gagnsök skyldu geymdar, þar til dómur lægi fyrir í aðalsök.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 5. mars 1986 var kveðinn upp úrskurður þess efnis, að málinu á hendur Útvegsbanka Íslands hf. skyldi frestað, þar til dómur lægi fyrir á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur. Þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem staðfesti hann (Hrd. 1986, 704. bls.).

Aðalsökinni fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur var vísað frá dómi 3. febrúar 1987. Sá dómur var kærður til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi (Hrd. 1987, 782. bls.). Málið var því tekið fyrir að nýju og dæmt 20. júlí 1987 á þann veg, að gerðardómurinn skyldi standa óhaggaður, og var Skipasmiðjan Hörður hf. dæmd til að greiða 80.000 kr. í málskostnað. Skipasmiðjan Hörður hf. áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 13. júní 1989 og dæmdi Skipasmiðjuna Hörð hf. til að greiða 100.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti (Hrd. 1989, 995. bls.).

Þegar hér var komið sögu, lá fyrir endanleg niðurstaða um, að skipasmiðjan skyldi greiða hraðfrystihúsinu dagsektir skv. dómsorði gerðardómsins. Var því gengið frá sátt í máli Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. gegn Útvegsbanka Íslands hf. 23. október 1989. Samþykkti Útvegsbanki Íslands hf. að greiða beint til Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. 4.724.346 kr., og var tekið fram í sáttinni, að þá væri búið að draga frá 2.281.143 kr., sem voru taldar skuld hraðfrystihússins vegna ógreiddra eftirstöðva smíðaverðs Þórkötlu II, GK-197.

Varnaraðili kveður fyrirsvarsmenn Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. hafa talið, að með framangreindu uppgjöri væri málaferlum aðila lokið, því að skuldajöfnuður hefði farið fram. Þess hefði hins vegar ekki verið gætt við undirritun sáttarinnar að fella niður málið, sem enn var í fresti á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur. Kveður varnaraðili lögmann sinn hafa horfið á þessum tíma til annarra starfa og nýr tekið við, og sé orsakanna m. a. til þess að leita.

Í maí 1991 var boðað til þinghalds á bæjarþingi í framhaldssök málsins, þar sem ákveðið hefði verið að fresta framhaldssök, uns aðalsök hefði verið til lykta leidd. Kveðinn var upp dómur í málinu 22. júlí 1991, og var Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. dæmt til að greiða Skipasmiðjunni Herði hf. 2.360.936 kr. með dráttarvöxtum frá 1. júní 1985 og 620.000 kr. í málskostnað. Í dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur var ekki tekið á kröfu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. um skuldajöfnuðinn, enda var sú krafa ekki höfð uppi í málinu, að séð verði. Það er á grundvelli þessa dóms, sem nú er krafist fjárnáms.

Í árslok 1990 var ákveðið að sameina Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. Fiskanesi hf., og var gefin út innköllun til kröfuhafa 11. janúar 1991. Skipasmiðjan Hörður hf. lýsti ekki kröfu skv. dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur.

Eftir að dómur féll, ítrekaði Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. kröfu um skuldajöfnuð og sendi í ábyrgð 29. ágúst 1991. Engin mótmæli bárust við yfirlýsingu þessari, heldur krafðist skipasmiðjan fjárnáms hjá Fiskanesi hf. í fógetarétti Grindavíkur 23. desember 1991. Úrskurðað var, að skuldajafnaðarkrafan kæmist ekki að og að fjárnám næði fram að ganga. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi 29. september 1992 og dæmdi skipasmiðjuna til að greiða 30.000 kr. í málskostnað. Í forsendum dóms Hæstaréttar er tekið fram, að fógetarétti hefði borið að taka á kröfu Fiskaness hf. um skuldajöfnuð (Hrd. 1992, 1494. bls.).

Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. áfrýjaði dómi bæjarþings í framhaldssök til Hæstaréttar. Er þingfesta skyldi málið, komu fram mótmæli við þingfestingunni af hálfu lögmanns Skipasmiðjunnar Harðar hf., og taldi hann Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. ekki vera til eftir sameininguna við Fiskanes hf. Var kröfum hans hrundið og Skipasmiðjan Hörður hf. dæmd til að greiða Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. 10.000 kr. í málskostnað (Hrd. 1992, 267. bls.). Mál þetta var síðan fellt niður fyrir Hæstarétti, en áfrýjað að nýju og fellt endanlega niður 9. mars 1995. Þá var mætt af hálfu sóknaraðila þessa máls. og gerði hann kröfu til málskostnaðar, þar sem hann væri aðili málsins á grundvelli ódagsetts framsals á kröfunni. Kröfu hans um málskostnað var hafnað (Hrd. 9. mars 1995).

Um mitt ár 1993 var bú Skipasmiðjunnar Harðar hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Af hálfu varnaraðila var lýst yfir því gegn búinu 13. október 1993, að kröfunni væri skuldajafnað. Kristján Stefánsson hrl. ritaði skiptastjóra bréf, dags. 26. október 1993, þar sem hann lýsti yfir, að hann hefði fengið kröfuna framselda í mars 1992 vegna ógreiddrar lögmannsþóknunar, þóknunar, sem hefði ekki verið reikningsfærð. Lýsti hann ekki kröfu í búið. Kröfuframsalið er undirritað af tveimur stjórnarmönnum Skipasmiðjunnar Harðar hf. Er lýst yfir því, að félagið afsali Kristjáni Stefánssyni hrl. dómkröfum félagsins á hendur Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. samkvæmt dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur frá 22. júlí 1991.

II.

Sóknaraðili hafnar skuldajöfnuði í fyrsta lagi á þeirri málsástæðu, að um skilyrði skuldajafnaðar sé ekki að ræða, þar sem kröfur séu ekki hæfar til að mætast, með því að gerðardómurinn sé ekki aðfararhæfur. Í öðru lagi hafi varnaraðili sett fram kröfu um skuldajöfnuð í héraðsdómsmálinu, sem er aðfararheimild þessa máls, en dómari hafi hafnað þeirri kröfu. Verði hins vegar talið, að skuldajöfnuður sé tækur, er þess krafist, að kröfur mætist fyrst 29. mars 1995, en þá hafi varnaraðili fyrst lýst yfir skuldajöfnuði.

Varnaraðili skírskotar til þess, að Skipasmiðjan Hörður hf. hafi ekki lýst kröfu sinni, þegar innköllun var gefin út við sameiningu félaganna Fiskaness hf. og Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. Með þeirri vanlýsingu hafi skipasmiðjan viðurkennt skuldajöfnuð, sem hafði áður farið fram, og fyrirgert kröfu sinni. Varnaraðili mótmælir því, að í dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 22. júlí 1991 hafi verið fjallað um skuldajafnaðarkröfuna. Gagnstætt því hafi einungis verið dæmt um réttmæti þeirrar kröfu, sem áður hafði verið notuð til skuldajafnaðar og verið viðurkennd af varnaraðila. Varnaraðili telur kröfur aðila hæfar til að mætast, og svo hafi verið, þegar skuldajöfnuði var lýst yfir. Varnaraðili telur, að eins og staðan var eftir uppgjör við Útvegsbanka Íslands hf., hafi Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. átt töluverðar fjárhæðir inni hjá Skipasmiðjunni Herði hf. vegna dæmds málskostnaðar og vaxta, sem aðeins höfðu verið reiknaðir einfaldir, en ekki höfuðstólsfærðir.

Varnaraðili mótmælir aðild Kristjáns Stefánssonar hrl. Hann telji sig hafa fengið kröfuna framselda í mars 1992, en síðar sama ár hafi hann komið fram í málinu fyrir hönd Skipasmiðjunnar Harðar hf. og það félag m. a. verið dæmt til greiðslu málskostnaðar. Varnaraðili heldur því fram, að framsal kröfunnar sé síðari tíma tilbúningur, og áskilur sér rétt til málshöfðunar á hendur Kristjáni Stefánssyni hrl. til greiðslu málskostnaðar, sem Skipasmiðjan Hörður hf. hefur verið dæmd til að greiða, eftir að framsalið á að

hafa farið fram, ef talið verður, að Kristján Stefánsson sé réttur aðili að máli þessu.

III.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að sóknaraðili, Kristján Stefánsson hrl., hafi tekið til varna fyrir Skipasmiðjuna Hörð hf. í hæstaréttarmálinu nr. 47/1992 á árinu 1992, eftir að framsal kröfunnar fór fram í maí það ár. Samt sem áður telst sú staðhæfing sóknaraðila ósönnuð, að framsalið hafi verið dagsett aftur í tímann. Aðild telst því rétt sóknar megin.

Sóknaraðili heldur því fram, að í dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur frá 22. júlí 1991 hafi verið fjallað um skuldajafnaðarkröfu varnaraðila og henni hafnað. Ekki verður séð, að það eigi við rök að styðjast.

Önnur málsástæða sóknaraðila er sú, að gagnkrafa varnaraðila sé ekki hæf til að mæta aðalkröfu, þar sem gagnkrafan sé studd gerðardómi, sem ekki sé aðfararhæfur.

Með lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma, sem gildi tóku 1. janúar 1990, er í 13. gr. laganna kveðið á um, að dómar gerðardóms skuli vera aðfararhæfir, nema um annað sé samið. Gerðardómur sá, sem varnaraðili reisir skuldajafnaðarkröfu sína á, var kveðinn upp 12. febrúar 1985. Þá voru engin lög í gildi um samningsbundna gerðardóma, og þeir urðu ekki aðfararhæfir nema að undangenginni málsókn í einkamáli. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 90/1989 um aðför er skuldajöfnuður því aðeins leyfður, að skuldajafnaðarkrafan sé aðfararhæf.

Ákvæði 40. gr. aðfararlaga taka einungis til þess tilviks, er gerðarþoli setur fram skuldajafnaðarkröfu, eftir að aðför hefst. Þá er gerð sú krafa, að gagnkrafan sé aðfararhæf. Öðru máli gildir, eins og hér háttar, þegar lýst hefur verið yfir skuldajöfnuði, áður en aðför hefst. Þá getur gerðarþoli ítrekað fyrri skuldajafnaðaryfirlýsingu, og gilda þá almennar reglur kröfuréttar að öðru leyti um skilyrði skuldajafnaðar.

Fyrir liggur, að gerðardómurinn er endanleg niðurstaða um ágreining aðila um dagsektir. Skipasmiðjan Hörður hf. reyndi að fá honum hnekkt, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, en fékk ekki meðbyr. Á sama hátt er dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur frá 22. júlí 1991 endanleg niðurstaða um ágreining aðila um uppgjör vegna eftirstöðva á smíðaverði Þórkötlu II, GK-197.

Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. beindi skýrri og ótvíræðri skuldajafnaðaryfirlýsingu til Skipasmiðjunnar Harðar hf. með bréfi, sem birt var af stefnuvottum 25. maí 1984. Réttaráhrif yfirlýsingarinnar teljast frá þeim degi, en þar sem kröfur aðila eru samrættar, voru þær hæfar til að mætast þegar í

upphafi. Öllum almennum skilyrðum skuldajafnaðar telst fullnægt. Niðurstaða gerðardóms var, að ógreiddar dagsektir væru 2.941.960 kr. Niðurstaða héraðsdóms var, að ógreitt verkkaup væri aftur á móti 2.360.936 kr. Því þykir nægilega fram komið, að varnaraðili telst ekki standa í skuld við sóknaraðila, og telst hann hafa greitt skuldina með skuldajöfnuði. Verður því krafa sóknaraðila um aðför ekki tekin til greina.

Eftir þessari niðurstöðu verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 150.000 króna málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Kristjáns Stefánssonar hrl., að fjárnám fari fram hjá varnaraðila, Fiskanesi hf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 150.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 344/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Michael Paul Rimmer

(Ásgeir P. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi. Stjórnarskrá. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að hann verði látinn laus gegn tryggingu. Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að sér verði gert að sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds, en verði ekki á það fallist, er þess krafist, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að þörf sé á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila í þágu rannsóknar málsins, sem eftir gögnum þess er vel á veg komin. Ekki verður heldur séð, að þörf sé gæsluvarðhalds til að tryggja nærveru varnaraðila, enda eru aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar í því skyni. Þá er ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að varnaraðili var handtekinn sunnudaginn 8. október sl. kl. 11.28. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 12.42 9. sama mánaðar, en engar skýringar á þeirri töf er að finna í gögnum málsins. Er þetta andstætt fyrirmælum 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1995.

Ár 1995, mánudaginn 9. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Michael Paul Rimmer verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 31. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn laust fyrir klukkan tíu að morgni 8. október sl. vegna ætlaðrar nauðgunar, sem orðið hefði í togaranum Þerney, RE-101, sem lá við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn. Rannsóknarlögreglan kveður Kristínu Ingu Birgisdóttur hafa kært ætlaða nauðgun kærða. Hafi hún borið, að hún hefði hitt skipverja af bresku skipi að kvöldi 7. október sl. á Skipperkránni og slegist í hóp með þeim og farið með þeim á veitingahús og matsölustað. Að lokum hefðu hún og kærði verið ein eftir og þá bæði mjög undir áhrifum áfengis. Hafi kærði ætlað að selja henni fisk og þau því farið niður að höfn. Þar hafi þau farið um borð í fiskiskip og inn í tækjaklefa. Þar inni hafi kærði ýtt henni niður í gólfið og tekið niður um hana fötin. Honum hafi tekist að þröngva getnaðarlim sínum í leggöng hennar og endaþarm, þrátt fyrir það að hún streittist á móti. Talsvert ber á milli í framburði kærða annars vegar og kæranda hins vegar af atvikum málsins og aðdraganda. Þá kemur fram í lögregluskýrslu og í framburði hér fyrir dóminum, að kærði er ekki viss um, hvort þau kærandi höfðu samfarir í togaranum. Hins vegar kveður kærði kæranda hafa boðið sér líkama sinn umrætt kvöld, áður en þau fóru um borð í skipið.

Í skýrslu læknis, sem skoðaði kæranda 8. október sl., segir, að kærandi sé með för eftir fingur víða um líkamann, sem stutt geti sögu hennar. Með vísan til þessa, fram lagðra gagna og vitnisburðar kærða hér fyrir dóminum þykir kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið ætlaða nauðgun. Samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar slíkt brot fangelsi ekki skemur en eitt ár eða/og allt að 16 árum eða ævilangt.

Rannsókn málsins er ekki lokið, og þar eð kærði er erlendur ríkisborgari og búsettur í Englandi með skamma viðdvöl á Íslandi sem skipverji á erlendum togara, þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Hins vegar verður ekki á það fallist með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að 2. mgr. 103. gr. sömu laga eigi hér við.

Arnfríður Einarsdóttir kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Michael Paul Rimmer, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 31. október nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 65/1995. **Snorri Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gylfa Gunnarssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Mál þetta var þingfest 30. maí 1995. Með bréfi stefnda 2. október 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 300.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað og stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í þessum þætti málsins, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er.

Rök stefnda eru þau, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda að kröfu Búnaðarbanka Íslands, eins og fram komi á meðfylgjandi endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Selfossi 4. júlí 1995. Aðfararbeiðni stefnda vegna annarrar skuldar áfrýjanda hafi verið endursend sama dag. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Stefndi hafi ekki haft tækifæri til að krefjast tryggingar við þingfestingu málsins, þar sem hann hafi ekki vitað um ógjaldfærni áfrýjanda á þeim tíma. Reisir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að samkomulag hafi verið gert um uppgjör á kröfu Búnaðarbanka Íslands. Þegar stefndi krafðist fjárnáms hjá áfrýjanda, hafi legið fyrir hjá sýslumanni nauðungarsölubeiðni vegna kröfu áfrýjanda á hendur stefnda 11. ágúst 1994, sbr. dóm Hæstaréttar 9. september 1993 í málinu nr. 300/1993. Krafa áfrýjanda hafi ekki fengist greidd við nauðungarsöluna eða síðar, og sé krafa stefnda ekki raunhæf nema til skuldajöfnunar. Málið varði verulega fjárhagslega hagsmuni áfrýjanda eða á tíundu milljón króna. Ekki sé um að ræða til-

efnislausa eða tilgangslitla málsókn, en samkvæmt fyrri héraðsdómi í málinu hafi stefnda verið gert að greiða áfrýjanda 4.534.301 krónu auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Málið hafi tafist mjög í héraði, ekki síst vegna málatilbúnaðar stefnda. Stefndi hafi verið dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og setja tryggingu fyrir málskostnaði við endurupptöku málsins í héraði. Vegna útivistar stefnda í héraði sé þess ekki að vænta, að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda málskostnað. Áfrýjandi sé í starfi og ekki í vanskilum annars staðar. Þá hafi stefnda borið að setja fram kröfu um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður áfrýjanda ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu í máli þessu. Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Gylfa Gunnarssonar, um málskostnaðartryggingu er hafnað.

Þriðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 338/1995. **Einar Kristbjörnsson**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Magnúsi Th. S. Blöndahl ehf.
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Aðför. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1995, sem barst réttinum 9. október sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að fram nái að ganga krafa hans um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, verði tekinn úr vörslum varnaraðila með beinni aðfarargerð og fenginn sóknaraðila. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar svo og, að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af gerðinni.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að umráðataka áðurgreinds krana verði eingöngu heimiluð gegn því, að sóknaraðili setji varnaraðila tryggingu, að fjárhæð 10.000.000 krónur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með kaupsamningi 2. nóvember 1994 seldi Íslandsbanki hf. varnaraðila gröfuprammann Dag II. Um borð í prammanum var krani sá, sem sóknaraðili krefst nú umráða yfir með beinni aðfarargerð, en kraninn var undanskilinn við kaupin. Í kaupsamningnum er svohljóðandi ákvæði: „Kaupandi skuldbindur sig til að koma prammanum seljanda að kostnaðarlausu til Reykjavíkur að Vogabakka eða annars staðar í Reykjavíkurhöfn til þess að unnt verði að koma krana frá borði og gefa kaupanda kranans eða þeim, sem bankinn vísar til, þann tíma sem til þess þarf án sérstaks endurgjalds.“ Með afsali 10. mars 1995 seldi Íslandsbanki hf. sóknaraðila kranann, og hefur varnaraðili ekki vefengt eignarrétt sóknaraðila yfir honum.

Varnaraðili heldur því fram, að hann hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt fyrrgreindu samningsákvæði með því að sigla prammanum til Reykjavíkur 17. nóvember 1994, þar sem pramminn hafi verið um nokkurt skeið. Varnaraðili hefur þó ekki sýnt fram á, að hann hafi á þessu tímabili skorað á Íslandsbanka hf. að taka kranann. Verður því að telja varnaraðila hafa flutt prammann til Reykjavíkur í eigin þágu, en með því einu gat hann ekki losnað undan greindum skuldbindingum.

Í fyrrnefndum kaupsamningi varnaraðila við Íslandsbanka hf. áskildi varnaraðili sér ekki geymslugjald vegna kranans, heldur virðist þar vera gert ráð fyrir, að hann verði áfram í vörslum varnaraðila, þar til bankinn eða kaupandi að krananum taki hann til sín. Varnaraðili hefur ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því, að hann hafi af öðrum ástæðum öðlast tilkall til geymslugjalds, þannig, að haldsréttur komi til álita.

Samkvæmt framangreindu eru réttindi sóknaraðila það ljós, að sönnur teljast fengnar fyrir þeim með gögnum, sem færð verða fram eftir 83. gr., sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Verður umráðakrafa sóknaraðila því tekin til greina, en ekki verður talið, að það standi rétti hans í vegi, þótt þörf yrði að flytja gröfupramma varnaraðila til Reykjavíkur til að fullnægja þeim rétti.

Lagaskilyrði skortir til, að sóknaraðila verði gert að leggja fram tryggingu samkvæmt varakröfu varnaraðila.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Það athugast, að vegna ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 er ekki tilefni til að mæla í dómi þessum fyrir um heimild til fjárnáms fyrir kostnaði af framkvæmd umbeðinnar gerðar.

Dómsorð:

Sóknaraðila, Einari Kristbjörnssyni, er heimilt að láta taka krana af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, úr vörslum varnaraðila, Magnúsar Th. S. Blöndahl ehf., með beinni aðfarargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, samtals 140.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 13. þ. m. og tekið til úrskurðar 18. þ. m., en endurupptekið 20. þ. m. og tekið til úrskurðar að nýju þann dag að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Einar Kristbjörnsson, kt. 151147-3729, Kambahrauni 42, Hveragerði.

Gerðarþoli er Magnús Th. S. Blöndahl ehf., kt. 450269-4929, Vonarstræti 4 B, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunr. 3580-4, á beltum, smíðaður árið 1975, verði tekinn úr vörslum gerðarþola með beinni aðfaragerð og fenginn Hróbjarti Jónatanssyni hrl. f. h. gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu gerðarþola eru eftirfarandi dómkröfur gerðar:

1. aðallega, að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um vörslusviptingu hjá gerðarþola með beinni aðfaragerð á „Krana sf. af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, á beltum, smíðaður 1975",

2. til vara, að vörslusvipting á krananum verði eingöngu heimil gegn því, að gerðarbeiðandi setji gerðarþola peningatryggingu, að fjárhæð 10.000.000 kr.,

3. að gerðarbeiðandi verði dæmdur til að greiða gerðarþola málskostnað að mati réttarins.

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. nóvember 1994, keypti gerðarþoli gröfuprammann Dag II af Íslandsbanka hf. Krani sá, sem krafist er, að tekinn verði úr umráðum gerðarþola, var þá og er enn á nefndum gröfupramma, en var undanskilinn í kaupunum. Samkvæmt samningnum skuldbatt gerðarþoli sig til að koma prammanum í Reykjavíkurhöfn seljanda að kostnaðarlausu, svo að taka mætti kranann af prammanum. Með kaupsamningi, dagsettum 10. mars 1995, afsalaði Íslandsbanki hf. krananum gerðarbeiðanda.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir Íslandsbanka hf. og gerðarbeiðanda um að flytja umræddan pramma í Reykjavíkurhöfn, svo að taka mætti kranann þar af samkvæmt sérstöku leyfi hafnaryfirvalda, sem til þurfti, hafi þær ekki borið árangur. Hafi gerðarbeiðandi því gripið til þess ráðs að óska innsetningar í kranann,

svo að flytja megi prammann til Reykjavíkur og taka kranann þar af. Þar sem gerðarþoli hafi neitað að afhenda kranann, sé gerðarbeiðanda nauðsyn að krefjast umráða yfir krananum með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að hann hafi látið draga prammann til Reykjavíkur og hann verið kominn á Vogabakka 17. nóvember 1994. Hafi Íslandsbanka hf. verið tilkynnt um þetta, en þrátt fyrir ítrekuð tilmæli gerðarþola til bankans hafi bankinn aldrei getað vísað gerðarþola á aðila, sem taka myndi kranann frá borði. Þá hafi gerðarþoli ekki heldur talið sig hafa neina heimild til að vinna þetta verk sjálfur. Hafi hann hvorki haft aðstöðu til að geyma kranann né efni á því, en vægt áætlað muni kostnaður við að koma krananum frá borði vera á bilinu 500.000–1.000.000 króna. Hinn 23. ágúst sl. hafi gerðarþoli gert verksamning við Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. í Hafnarfirði um dýpkun og efnisskipti á sjávarbotni í sleðastæði við Drafnarslipp. Í framhaldi af þessum samningi hafi Íslandsbanka hf. verið ritað bréf 1. september sl., þar sem bankanum hafi verið tilkynnt, að gerðarþoli treysti sér ekki lengur til að geyma kranann um borð í prammanum, en jafnframt hafi bankinn verið krafinn um geymslugjald fyrir kranann frá 1. janúar til 1. september 1995, samtals með virðisaukaskatti 10.756.800 kr. Haldi gerðarþoli því fram, að hann eigi haldsrétt í krananum til tryggingar greiðslu geymslugjaldsins samkvæmt venju þar að lútandi.

Það hafi loks verið með bréfi lögmanns gerðarbeiðanda, dagsettu 7. september sl., sem gerðarþoli hafi fengið staðfestingu á því, að gerðarbeiðandi hefði keypt kranann og fengið afsal fyrir honum 10. mars 1995. Pramminn sé nú í Hafnarfjarðarhöfn í fyrrgreindu verkefni og verði ekki tekinn úr því, eins og virðist vera ætlun gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli mótmæli kröfu gerðarbeiðanda öðru fremur á þeirri málsástæðu, að um rétt hans til þess að fá vörslu kranans á þessu stigi sé ekki að ræða, nema hann greiði áfallið geymslugjald. Sé haldsréttur gerðarþola í krananum til tryggingar greiðslu geymslugjaldsins ótvíræður og því sérstaklega mótmælt, að gerðarþoli hafi ekki staðið við sinn hluta kaupsamningsins við Íslandsbanka hf., eins og haldið sé fram. Hafi gerðarþoli komið prammanum á Vogabakka, en bankinn aldrei vísað á neinn til að fjarlægja kranann. Með vísan til þessa sé því ljóst, að gerðarþoli hafi ekki aftrað sóknaraðila með ólögmætum hætti að neyta eignarréttar síns. Sé skilyrðum 78. gr. laga nr. 90/1989 því ekki fullnægt, svo að unnt verði að beita beinni aðfarargerð. Einnig sé í þessu sambandi vísað til 3. mgr. 83. gr. sömu laga.

Þá telji gerðarþoli, að einnig eigi að hafna kröfu gerðarbeiðanda um vörslusviptingu, þar sem hann geri enga kröfu til þess, að pramminn verði

fluttur til Reykjavíkur. Verði vörslusviptingu kranans ekki við komið, þar sem hann sé nú, án þess að pramminn verði fluttur, og fái gerðarþoli alls ekki séð, með hvaða hætti gerðarbeiðandi hyggist fjarlægja kranann, án þess að svo verði gert. Sé krafan, eins og hún sé fram sett af gerðarbeiðanda, því vart dómtæk, eins og málum sé háttað.

Verði hins vegar krafan um vörslusviptingu á krananum tekin til greina með þeim hætti, að pramminn verði fluttur til Reykjavíkur, sé þess krafist, að gerðarbeiðanda verði gert að setja gerðarþola peningatryggingu, að fjárhæð 10.000.000 kr., fyrir því fjárhagstjóni, sem hann verði óneitanlega fyrir við það, að pramminn sé tekinn úr vörslu gerðarþola um ótiltekinn tíma og úr samningsbundnu verkefni. Einnig þurfi gerðarþoli að fá tryggingu fyrir því, að gerðarbeiðandi skili prammanum aftur í Hafnarfjarðarhöfn. Beri að hafa í huga, að verðgildi prammans með þeim tækjum, sem gerðarþoli hafi sett um borð, sé vart undir 40.000.000 kr. Hafi gerðarþoli því af því hagsmuni, að pramminn verði ekki fluttur, nema örugglega sé frá því gengið, að vinnutap verði bætt og prammanum skilað.

IV.

Af hálfu gerðarþola er staðhæft, að hann hafi flutt umræddan gröfupramma í Reykjavíkurhöfn 17. nóvember 1994, þar sem hann hafi verið allt þar til í þessum mánuði, að hann hafi verið fluttur í Hafnarfjarðarhöfn vegna verksamnings gerðarþola við vélsmiðju þar í bæ um dýpkun og efnisskipti á sjávarbotni í höfninni. Til stuðnings því, að pramminn hafi verið fluttur í Reykjavíkurhöfn, hefur gerðarþoli lagt fram „samkomulag" milli aðila máls þessa, dagsett 18. apríl sl., þar sem fram kemur, að gerðarþoli leigi gerðarbeiðanda nefndan gröfupramma [gröfuskip]. Skyldi leigutaki bera alla ábyrgð á gröfuskipinu, frá því að landfestum þess hefði verið sleppt við Vogabakka [Reykjavík] vegna verks þess, sem gerðarbeiðandi hafði tekið að sér, og þar til þær hefðu verið festar aftur að verki loknu.

Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að gerðarþoli hafi verið krafinn um afhendingu á umræddum krana fyrr en með bréfi Íslandsbanka hf., dagsettu 6. september sl. Virðist tilefni þeirrar kröfu hafa verið bréf gerðarþola til bankans, dagsett 1. september sl., þar sem gerðarþoli krefur bankann um biðleigugjald, að fjárhæð 10.756.800 kr.

Samkvæmt framansögðu þykir eigi unnt að hafna þeirri fullyrðingu gerðarþola, að hann hafi efnt kaupsamninginn við Íslandsbanka hf. frá 2. nóvember 1994 um gröfuprammann með því að sigla honum í Reykjavíkurhöfn, eins og áskilið var í samningnum, og verður eigi við annað miðað en svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki séð, að bankinn eða gerðarbeiðandi hafi gert tilraun til að taka kranann þar af prammanum og að það hafi

loks verið með bréfi bankans frá 6. september sl. og aftur með bréfi gerðarbeiðanda næsta dag, að gerðarþoli hafi verið krafinn um afhendingu kranans, þ. e. rúmum 10 mánuðum eftir, að hann keypti prammann. Er því ósannað, að gerðarþoli hafi með ólögmætum hætti aftrað gerðarbeiðanda að taka kranann í sínar vörslur. Þá er jafnframt ljóst, að gerðarbeiðandi öðlast eigi betri rétt en Íslandsbanki hf. átti samkvæmt kaupsamningnum um gröfuprammann.

Eftir því sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið útilokað, að gerðarþoli eigi rétt á geymslugjaldi fyrir kranann og í því sambandi haldsrétt í honum, svo sem hann heldur fram. Úr því verður hins vegar eigi skorið nema í almennu einkamáli.

Það er því niðurstaða dómsins að eigi séu skilyrði til að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, og er henni af þeim sökum hafnað.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, á beltum, smíðaður árið 1975, verði tekinn úr vörslum gerðarþola, er synjað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 60.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 366/1993. **Stefán Jón Sigurðsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Jóni Thorberg Jenssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 1.818.203 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 24. september 1983 til 18. apríl 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er viðbótarálitsgerð Atla Þórs Ólasonar læknis og nýr örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Stefndu hafa hins vegar lagt fram ljósrit kvittunar áfrýjanda fyrir fullnaðarbótum frá 28. nóvember 1990 og ávísunar til hans, sem út gefin er af hinu stefnda félagi sama dag.

I.

Í viðbótaráliti Atla Þórs Ólasonar læknis er vitnað til yfirlýsingar Ragnars Sigurðssonar læknis, sem um er getið í héraðsdómi, þess efnis, að áfrýjandi hafi verið hjá honum í meðhöndlun árlega 1984–1987. Vottorð þetta lá ekki fyrir, er Atli Þór vann upphaflega álitsgerð sína, og segir hann það gjörbreyta málavöxtum. Í viðbótarálitinu segir meðal annars:

„Í dómi héraðsdóms er bent á að undirritaður hafi stutt álit Stefáns Bogasonar um tengsl bakóþæginda og slyss án þess að færa rök

fyrir því. Fallist er á að rök skorti, og verður því bætt úr því. Rökin fyrir sambandi slyss og bakóþæginda voru þau, að Sverrir Bergmann taugalæknir og Þórir Ragnarsson taugaskurðlæknir álitu að samband gæti verið milli áverka og bakóþæginda. Þá hafði Stefán Bogason komist að sömu niðurstöðu. Auk þess virtist hafa komist á samkomulag milli slasaða og tryggingafélags um að viðurkenna þetta samband, þar sem ekki var gerður fyrirvari um það í uppgjöri, sem byggðist á örorkumati Stefáns Bogasonar þann 24. 10. 1990. Þessi ágreiningur, hafi hann þá yfirleitt verið til, var þar með leystur milli deiluaðila, og var því ekki beinlínis í verkahring undirritaðs að taka tillit til hans, enda ekki sérstaklega beðinn um það. . . . Þótt skrifleg skráning liggi ekki fyrir, er það á engan hátt sönnun fyrir því að slasaði hafi ekki haft bakverki. Með tilkomu hinna nýju upplýsinga, sérstaklega í læknisvottorði Ragnars Sigurðssonar, má líta svo á að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir um að bakóþægindi hafi verið til staðar allt frá slysi fram til dagsins í dag."

Atli Þór vísar svo að lokum til þess, að hann telji stefndu hafa viðurkennt orsakasamband tjónsins og slyssins, og því hafi sitt hlutverk verið það eitt að ákvarða örorku.

II.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að um skilyrði 78. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1972, fyrir því, að krafa áfrýjanda verði talin fyrnd, sé ekki að ræða.

Fram er komið, að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gerðu upp við áfrýjanda 28. nóvember 1990 á grundvelli örorkumats Stefáns Bogasonar læknis um 25% örorku áfrýjanda. Samkomulag varð þó um að miða uppgjörið við 20% örorku, eftir að Jónas Hallgrímsson, trúnaðarlæknir félagsins, hafði skoðað áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að niðurstaða Atla Þórs Ólasonar 21. janúar 1992 um frekari örorku hans byggist á álitsgerð Sverris Bergmanns læknis 14. október 1991. Fram er komið, að þegar áfrýjandi leitar fyrst til Sverris í júlí 1991, telur hann sig hafa gert upp við vátryggingafélagið á grundvelli lægri örorku og að ekki hafi verið tekið tillit til bakóþæginda. Þessi afstaða áfrýjanda var ekki á rökum reist. Síðara örorkumat Stefáns Bogasonar, sem var grundvöllur samkomulags aðilanna, byggðist á sömu áverkum og örorkumat Atla Þórs. Verður

ekki séð, að vottorð Ragnars Sigurðssonar breyti nokkru þar um. Fallast verður á það með héraðsdómi, að fyrri álitsgerð Atla Þórs sé annmörkum háð. Hann telur tímabundna örorku 100% í tvo mánuði án rökstuðnings, en fram er komið, að áfrýjandi var aðeins frá vinnu í fimm daga. Þá verður ekki af álitsgerðinni ráðið, hverjar nýjar afleiðingar slyssins hafi komið fram, frá því er áfrýjandi gerði samkomulag við vátryggingafélagið. Áfrýjandi hefur því ekki sýnt fram á, að afleiðingar slyssins hafi í verulegum atriðum orðið alvarlegri en gera mátti ráð fyrir, þá er hann samdi um fullnaðarbætur við félagið. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og sýkna stefndu af öllum kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Jón Sigurðsson, greiði stefndu, Jóni Thorberg Jenssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 21. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Stefáni Jóni Sigurðssyni, Kötlufelli 9, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 30. júní 1992, á hendur Jóni Thorberg Jenssyni, Túngötu 19, Grindavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda er þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 1.818.203 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Jóns eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. taxta lögmannafélagsins.

II.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa verið að störfum við akstur á leigubifreið sinni, R-8737, vestur Laugaveg á gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar í

Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 24. september 1983, er bifreiðinni Ö-7907, sem ekið var norður Snorrabraut, hafi verið ekið inn í hlið bifreiðar stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar Ö-7907 hafi ekki virt biðskyldu á gatnamótunum. Ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö-7907 hafi verið Almennar tryggingar hf. Hafi stefnandi við áreksturinn fengið mikið högg á öxl og herðar og farið á slysadeild Borgarspítalans daginn eftir áreksturinn. Hafi stefnandi átt í meiðslum sínum árum saman án þess að gera reka að bótakröfu vegna þess. Hafi hann stöðugt verið til meðferðar hjá læknum vegna slyssins um árabil, aðallega vegna verkja í hálsi, baki og hægri öxl.

Samkvæmt örorkumati, dags. 24. apríl 1989, hafi varanleg örorka hans verið metin 10%. Á grundvelli þess örorkumats hafi þáverandi lögmaður stefnanda gert samkomulag um bótauppgjör f. h. stefnanda við Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem tekið höfðu við skuldbindingum Almennra trygginga hf. Í nóvember 1990 hafi stefnandi síðan fengið málið endurupptekið með aðstoð lögmanns síns. Enn að nýju hafi verið fengið örorkumat hjá lækni, og hafi stefnanda verið metin 25% varanleg örorka skv. mati, dags. 24. október 1990. Hafi lögmaður stefnanda gengið frá bótasamningi við stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. á grundvelli þess örorkumats. Hafi orðið að samkomulagi við uppgjörið að miða við 20% varanlega örorku stefnanda. Stefnandi hafi enn kennt aukinna óþæginda, og á miðju ári 1991 hafi hann leitað til Sverris Bergmanns læknis. Hafi Sverrir ritað greinargerð og komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka stefnanda væri enn meiri en fyrra örorkumat bæri með sér. Hafi því enn að nýju verið óskað eftir örorkumati læknis. Þriðja og síðasta örorkumat stefnanda sé dagsett 21. janúar 1992. Sé niðurstaða þess, að varanleg örorka stefnanda sé 30%. Þrátt fyrir örorkumat þetta hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafnað frekari bótagreiðslum.

Afleiðingar meiðslanna, sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins, séu þær, að hann hafi liðið miklar þjáningar, bæði líkamlegar og andlegar. Stefnandi hafi um langt skeið haft mikla verki í hálsi, herðum, baki og fótum.

Samkvæmt áðurnefndri örorkumatsgerð sé örorka stefnanda metin 100% í tvo mánuði og síðan 30% varanlega.

Stefndi Jón Thorberg Jensson hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar Ö-7907, og styðjist ábyrgð hans við 69. gr., sbr. 67. og 68. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Almennar tryggingar hf. hafi verið ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Y-4743, en stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi tekið við skyldum þess félags. Bifreiðin hafi verið ábyrgðartryggð skv. 70. gr. l. nr. 40/1968, og sé Sjóvá-Almennum tryggingum hf. stefnt skv. 1. mgr. 74. gr. laganna. Krafa um, að stefndu beri óskipt ábyrgð á greiðslu stefnukröfunnar

og málskostnaðar er reist á almennum reglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Stefnukrafan er samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings og miðuð við tekjur stefnanda skv. skattframtölum. Slysdagsverðmæti þeirra greiðslna, sem stefnandi hafi fengið vegna slyssins, séu dregnar frá dómkröfu stefnanda.

1.	Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:			
	Örorkutjón:			
	Tímabundin örorka	kr.	30.000	
	Varanleg örorka	–	2.161.300	
	Frá dregst slysdagsverðmæti innborgana	–	902.897	kr. 1.288.403
2.	Töpuð lífeyrisréttindi	–	129.700	
3.	Miski	–	400.000	
	Samtals	kr.	1.818.103	

Kröfurnar vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku séu reistar á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 13. mars 1992. Greiðslur frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Tryggingastofnun ríkisins, dags. 30. 8. 1989, 30. 10. 1990, 14. 11. 1990 og 28. 11. 1990, séu dregnar frá kröfunni miðað við slysdagsverðmæti greiðslnanna. Að öðru leyti sé útreikningurinn miðaður við tekjur vegna skv. skattframtölum (sic í grg. stefnanda). Tekjur þessar séu svo lágar, að ekki séu efni til frádráttar vegna skattfrelsis bótanna.

Gerð sé krafa um miskabætur, að fjárhæð 400.000 kr. Vísast um þá kröfu til 1. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940. Stefnandi hafi liðið miklar þjáningar, bæði andlegar og líkamlegar, eftir slysið. Langvinn þrautasaga stefnanda lýsi sér best í skjölum málsins. Verði miskabótakrafan því að teljast hófleg.

Gerð sé krafa um vexti frá slysdegi 24. september 1983 til jafns við þá vexti, sem Jón Erlingur Þorláksson noti í útreikningi sínum á dskj. nr. 23. Vísist um þetta til 7. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 2. gr. l. nr. 67/1988. Upphafstími dráttarvaxta sé ákveðinn í samræmi við reglu 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þannig sé þeirra krafist frá 18. apríl 1992, en skv. dskj. nr. 24 hafi þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, verið sendar stefnda 18. mars 1992.

Krafa um málskostnað sé reist á XII. kafla l. nr. 85/1936, einkum 177. gr. Krafa um dráttarvexti á málskostnað sé studd 175. gr. s. l. Kröfur um, að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, séu skv. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Stefnandi hafi fengið gjafsóknarleyfi 16. desember 1991, sbr. dskj. nr. 18. Sé þess krafist, að við ákvörðun gjafsóknarlaunanna og málskostnaðar úr

hendi stefndu verði miðað við gjaldskrá LMFÍ og reikninga vegna útlagðs kostnaðar á dskj. nr. 26.

Málsástæður stefndu.

Af hálfu stefndu er sök vegna slyss stefnanda viðurkennd.

Sýknukröfu sína styðja stefndu því í fyrsta lagi, að bótakröfur séu fyrndar.

Samkvæmt ákvæðum 78. gr. l. nr. 40/1968, sem séu samhljóða 99. gr. núgildandi umferðarlaga, fyrnist allar bótakröfur vegna bifreiðarslyss, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð beri, og vátryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefnandi hafi slasast 24. september 1983. Í örorkumati Stefáns Bogasonar, dags. 24. apríl 1989, sé rakið orðrétt læknisvottorð frá Leifi Jónssyni, sem hann gefi 15. mars 1989. Þar geti læknirinn þess, að stefnandi hafi ekki sótt til slysadeildar fyrr en daginn eftir, að hann meiddist, og þar hafi ekki fundist önnur einkenni um meiðsli en þroti í „musculus trapezius" vinstra megin svo og eymsli yfir „palpation" um öxlina og í hnakkavöðvum. Önnur áverkamerki hafi ekki fundist. Sjúklingurinn hafi fengið hálskraga og verið stefnt til endurmats fimm dögum seinna. Hann hafi komið aftur á slysadeild 29. september, þ. e. fjórum dögum eftir slysið, og tekið af sér hálskragann nokkrum dögum áður. Samkvæmt þessu sama vottorði líði og bíði og ekkert heyrist frá sjúklingnum fyrr en 23. febrúar 1989, er hann komi aftur vegna sömu meiðsla. Þá sé liðið um 6½ ár frá slysdegi. Þá skrái læknirinn, bls. 3 á dskj. nr. 4, að sjúklingurinn hafi aldrei verið skráður óvinnufær, þótt hann telji sig hafa verið tilneyddan að sleppa úr degi og degi vegna óþæginda frá baki, herðum og öxlum. Læknis hafi hann ekki leitað fyrr en á þessum vetri.

Á grunni þessa læknisvottorðs og eigin rannsóknar hafi Stefán Bogason tryggingalæknir metið slasaða 10% varanlegan öryrkja 24. apríl 1989, og geti þess á bls. 5 á dskj. nr. 4, að þar sem hinn slasaði hafi ekki leitað til læknis að neinu ráði, frá því að hann kom á slysadeild 29. 9. 1983, þar til hann komi aftur þangað 23. 2. 1989, verði að telja líklegt, að einkenni þau, sem hann hafi þá, eigi rætur að rekja til slyssins, enda ekki vitað til, að hann hafi orðið fyrir neinum öðrum skakkaföllum.

Það megi því ljóst vera, að stefnandi hafi getað orðið fyrir ýmsum skakkaföllum á þessu langa tímabili, sem valdi þeim þrautum, er stefnandi kvarti um. Ógerningur sé fyrir stefndu að færa rök eða sannanir fyrir einstökum óhappatilvikum, sem alla geti hent á svo löngum tíma og full ástæða sé til að ætla, að hendi menn, sem lýsi yfir því, sbr. dskj. nr. 10, að

þeir hafi verið alkóhólistar árum saman, og bæti því við, að líkamlegt ástand þeirra hafi stórum versnað, eftir að þeir hættu við áfengið. Þetta veiki mjög trúverðugleika stefnanda, ekki að ástæðulausu, eins og raunar komi fram í læknisvottorðunum á dskj. nr. 10, 14 og 19. Í síðastnefndu vottorði sjáist, að stefnandi hafi haft verki og bólgur víða í líkamanum allt frá árinu 1970, og jafnframt, að stefnandi hafi látið taka röntgenmyndir á árinu 1976, sjö árum fyrir slysið, sem sýnt hafi væga hryggskekkju og slitbreytingar. Í þessu vottorði komi einnig fram, að margt bendi til þess, að stefnandi fari með hreinar ýkjur. Á dskj. nr. 21 komi beinum orðum fram, að ýmsar fullyrðingar stefnanda um komur á slysadeild og sjúkraþjálfun, sem stefnandi hafi sagt frá, séu trauðla sannleikanum samkvæmar.

Vafalaust séu ákvæðin um fjögurra ára fyrningu sett inn í lögin með hliðsjón af því, að menn geti ekki gert bótakröfur á hendur tjónvaldi allt að tíu árum síðar með því að vanrækja árum saman að afla vottorða fyrir meiðslum sínum og sýna fram á, að heilsubresturinn stafi af eðlilegum (vávænum) afleiðingum umferðarslyssins. Það sé aðeins í þeim tilvikum, er læknar telji ótímabært að meta örorku í allt að tíu ár, sem tíu ára fyrningarreglan gildi, sbr. Hrd. 1976, 14. bls. Í þessu tilfelli sé sérstaklega bent á Hrd. 1987, 1369, og Hrd. 1983, 451.

Stefndu vísa enn fremur til þess, að stefnandi hafi tvívegis samþykkt greiðslur frá tryggingafélaginu sem lokagreiðslur.

Jón Erlingur reikni út örorkuna skv. vottorði Stefáns Bogasonar. Útreikningur Jóns liggi frammi á dskj. nr. 6, dags. 21. ágúst 1989, og nemi heildarverðmæti vinnutekjutaps skv. honum 600.900 kr. á slysdegi. Félagið hafi síðan greitt umfram skyldu, þar sem krafan hafi verið fyrnd, 905.572 kr., og séu þar í reiknaðir vextir frá slysdegi, í nálega 6 ár. Á dómskjali nr. 7 geti þáverandi lögmaður stefnanda þess, að það sé lokauppgjör skv. samkomulagi. Stefnandi hafi þó ekki látið staðar numið við þessa afgreiðslu, en haldi áfram að rella um auknar bætur. Hafi það leitt til þess, að Stefán Bogason tryggingalæknir mat á nýjan leik örorku stefnanda og nú 25% varanlega örorku, sbr. dskj. nr. 10. Enn hafi tryggingafélagið látið undan og greitt viðbót, sbr. dskj. nr. 11. Hafi stefnandi fallist á, að útreikningur miði við 20% örorku, og kvittað fyrir greiðslu sem fullnaðaruppgjör í samræmi við það. Hér hafi tryggingafélagið aftur greitt umfram skyldu, að sögn starfsmanna þess til þess að losna við eilíft kvabb þessa manns um bætur. Á dskj. nr. 16 sé bent á, að slasaði geri engan fyrirvara, þegar hann kvitti fyrir móttöku á heildartjóni.

Ekki hafi stefnandi látið staðar numið við þetta. Þegar honum hafi tekist að fá gjafsókn 16. desember 1991, fari hann í enn eitt örorkumat og nú hjá

Atla Þór Ólasyni, dskj. nr. 19. Atli hafi hækkað varanlegt örorkumat upp í 30% og tímabundna örorku 100% í tvo mánuði. Þó sé sannað og viðurkennt í málinu, að stefnandi var óvinnufær í innan við fimm daga.

Nýjum kröfum beini lögmaður stefnanda til vátryggingafélagsins á dskj. nr. 24, og sé þeirra synjað á dskj. nr. 25. Styðst sú synjun auk fyrningarviðbáru við það, að stefnandi hafi samið um, að 20% varanleg örorka yrði lögð til grundvallar bótunum og þær þegar greiddar.

Stefndu benda enn fremur á, að verði sýkna ekki reist á framangreindum málsástæðum, skipti 5% hækkun varanlegrar örorku engu máli um raunverulegt tekjutap stefnanda. Sé þar vísað til hinna nýju verklagsreglna tryggingafélaganna og fyrirhugaðra breytinga í fram komnu lagafrumvarpi um skaðabætur.

Stefndu mótmæla greiðslu vaxta. Vextir fyrnist sjálfstætt á fjórum árum frá slysdegi skv. 2. tl. 3. gr. l. nr. 14/1905.

Stefndu mótmæla tölulegum útreikningi stefnanda. Hann dragi að vísu frá heildarútreikningi tryggingastærðfræðings í greinargerð sinni 902.897 kr., sem séu slysdagsverðmæti innborgana, og fái út niðurstöðutöluna 1.288.503 kr. Síðan bæti hann við töpuðum lífeyrisréttindum, 129.700 kr., sem virðist byggð á 30% örorku. Mikill hluti þeirrar tölu, 2/3 hlutar, sé kominn inn í 20% örorkuna, sem honum hafi verið greidd að fullu. Sama gildi um kröfuna um 400.000 kr. í miska. Búið sé að bæta a. m. k. 2/3 hluta miskabóta áður. Auk þess sé miskinn allt of hátt reiknaður hér, jafnvel þótt miðað sé við 30% varanlega örorku.

Þá sé á það bent, að stefnandi geri engan frádrátt vegna skattfríðinda og eingreiðslu (39,85% + 10%).

III.

Niðurstaða.

Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru, þegar stefnandi slasaðist, fyrnast bótakröfur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefnandi slasaðist 24. september 1983. Ósannað er, að krafan hafi verið fyrnd, þegar örorkan var fyrst metin, 24. apríl 1989, þá 10%. Hinn 24. október 1990 var örorka stefnanda metin að nýju 25%, og 21. janúar 1992 var örorkan metin 30%. Ljóst er, að örorka stefnanda hefur samkvæmt fram lögðu örorkumati aukist, frá því að fyrsta örorkumat er dagsett. Verður því ekki á þá málsástæðu stefndu fallist, að stefnandi hafi átt þess kost að krefjast bóta vegna viðbótarörorkunnar, fyrr en hún var komin fram. Er því ekki fallist á sýknukröfu stefndu vegna fyrningar.

Ekki liggur fyrir í málinu fullnaðarkvittun frá stefnanda vegna bótauppgjörs í október 1990, en samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda á dskj. nr. 11 var þá samið um heildarbætur vegna viðbótarörorku, sem þá var fram komin. Eins og áður greinir, var örorka þá metin 25%, en samið var um bætur miðað við 20% örorku auk miskabóta og vaxta. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að samið hafi verið um annað en heildarbætur fyrir það tjón, sem þegar var komið fram. Firrir uppgjör þetta stefnanda því ekki rétti til þess að krefja um bætur vegna afleiðinga slyssins, sem höfðu ekki komið fram þá og ekki þá fyrirsjáanlegt, að myndu koma fram.

Stefnandi reisir kröfur sínar á örorkumati Atla Þórs Ólasonar, sérfræðings í bæklunarlækningum, dags. 21. janúar 1992. Er örorka stefnanda þar metin 100% í tvo mánuði og síðan varanleg örorka 30%. Af hálfu stefndu hefur örorkumati þessu verið mótmælt.

Fyrir liggur í gögnum málsins, sbr. örorkumat, dags. 24. 4. 1989 og 24. 10. 1990, að tímabundin örorka stefnanda hafi verið 100% í fimm daga eftir slysið, en síðan ýmist 10 eða 25%. Hefur ekkert komið fram í síðasta örorkumati, sem hnekkir fyrra mati að þessu leyti. Þá var örorka stefnanda einungis 25%, þegar hann kom til skoðunar 19. 10. 1990, og hefur ekkert komið fram í hinu síðara vottorði, sem hnekkir því mati. Liggur ekki annað fyrir í málinu en að sú hækkun á örorkustigi stefnanda samkvæmt síðasta matinu hafi orðið, frá því að örorka stefnanda var metin 19. október 1990.

Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar kemur fram, að tilefni stefnanda til endurmats örorkunnar er versnandi ástand stefnanda, aðallega í baki, og að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til mjóbaksáverkans í eldra örorkumati.

Samkvæmt örorkumatinu leiddi skoðun læknisins á stefnanda eftirfarandi í ljós:

„Göngulag og limaburður eðlilegur.

Í hálsi finnast eymsli í hálsvöðvum, einkum hægra megin, og lítillega fyrir hryggtindum. Þá eru eymsli í herðavöðvum, einkum hægra megin.

Hreyfingar í hálsliðum eru takmarkaðar í lok þeirra, einkum þó vangaveltur og snúningshreyfingar.

Á bol finnast eymsli yfir langvöðvum baksins, einkum hægra megin, svo og yfir brjóstkassa og síðu hægra megin.

Í mjóbaki voru eymsli neðst í mjóbakinu og yfir spjaldliðum. Hreyfingar mjóbaks voru eilítið skertar, sérstaklega fyrir frambeygju svo og afturbeygju. Taugaskoðun var eðlileg, en ökklataugaviðbrögð voru ekki til staðar beggja megin.

Skoðun á stoðkerfi a. ö. l. var eðlileg."

Við endurskoðun röntgenmynda segir læknirinn svo í örorkumatinu:

„Endurskoðun röntgenmynda hefur ekki leitt í ljós áverkamerki á hálsi, baki eða fótum. Slitbreytingar hafa sést í hálsliðum og vægar í mjóbaksliðum. Aðrar sjúklegar hreyfingar hafa ekki greinst."

Enn fremur segir svo í matsgerðinni:

„Sjúkdómsgreining:

1. Hálstognun (háð slysinu 24. 9. 1983).
2. Mjóbakstognun (háð slysinu 24. 9. 1983).
3. Slit í hálsliðum (óháð slysinu 24. 9. 1983).
4. Grunur um liðagigt (óháð slysinu 24. 9. 1983).
5. Misnotkun áfengis og lyfja (óháð slysinu 24. 9. 1983)."

Í kafla, sem kallast „samantekt og álit" í matsgerðinni, segir svo m. a.:

„Í síðara örorkumati Stefáns Bogasonar frá október 1990 er tekið tillit til óþæginda frá hálsi, herðum og baki. Heildarörorka er metin 25%. Þar með virðist ekki vera fótur fyrir þeirri fullyrðingu slasaða, að óþægindi frá baki hafi ekki verið tekin til greina við örorkumat Stefáns. Á hinn bóginn er ekki fullljóst, að óþægindi frá mjóbaki eigi yfirleitt að taka með í matið. Ástæður fyrir því eru þær, að eiginlegur bakverkur kemur fyrst fram u. þ. b. 1½ ári eftir slysið og slasaði hafði ekki verið undir eftirliti lækna frá því fimm dögum eftir slysið þar til 1½ ári eftir það. Alveg er óljóst, hvernig líðan slasaða var á þessum tíma eða hvað hafi komið fyrir á þeim tíma. Slasaði upplýsir hins vegar, að hann hafi ekki orðið fyrir áverka á þessum tíma.

Á tímabilinu 1985 til 1989 liggja ekki fyrir neinar skriflegar upplýsingar um líðan slasaða eða lýsing á líkamsskoðun lækna. Hins vegar fullyrðir slasaði, að hann hafi verið undir umsjón Leifs Jónssonar á slysadeild Borgarspítalans, sem hafi gefið honum meðferð, eins og fyrr er nefnt. Ekki skal dregið í efa, að frásögn slasaða geti verið rétt.

Það, sem mælir með því, að bakverkinn megi tengja við fyrrnefnt slys, er eftirfarandi:

1. Slasaði segist hafa verið einkennalaus frá baki nema í stuttan tíma á árinu 1976, eftir að hann hafði tognað við að lyfta fiskkassa. Hann var þá frá vinnu í tvo daga. Annars eru engin óþægindi önnur þekkt frá baki.
2. Óþægindi frá baki fara oft saman með óþægindum frá hálsi eftir áverka á hrygg. Til þess að slík óþægindi teljist með sannfærandi hætti tengjast slysinu, þurfa þau að koma fram nokkrum vikum eftir slysið, vera staðfest af lækni og meðferð við þeim hafin. Þessu er hins vegar ekki til að dreifa hjá slasaða.

Þannig er ekki með sannfærandi hætti hægt að sýna fram á örugg tengsl

bakóþæginda við fyrrnefnt bílslys. Þrátt fyrir þessar vangaveltur hefur Stefán Bogason í örorkumati sínu samþykkt þessi tengsl. Undirritaður mun taka undir þetta álit Stefáns."

Í bréfi Leifs Jónssonar læknis, dags. 20. 2. 1992, til Stefáns Þórissonar lögfræðings kemur fram, að stefnandi hefur ekki gefið Atla Þór Ólasyni réttar upplýsingar um meðhöndlun þá, sem hann fékk eftir slysið, en ekki er fullljóst, hvort þær upplýsingar hafi ráðið einhverju um þá ákvörðun læknisins að samþykkja tengsl örorkunnar við slysið. Í niðurlagi bréfsins segir læknirinn svo:

„Í stuttu máli er hvorki hjá Tryggingastofnun ríkisins né á Borgarspítala til stafkrókur, sem segir, að sjúklingur hafi hér verið til eftirlits eða meðferðar á tímabilinu '83 til '89, ef undan er skilin áðurnefnd heimsókn vegna kjúklingabeins í hálsi árið '85. Ef sjúklingur staðhæfir áfram, að hann hafi verið til meðferðar hjá nuddara og sjúkraþjálfara, væri ekki úr vegi, að hann benti á þessa aðila, og væri þá ef til vill í gegnum þá hægt að komast nær sannleikanum. Sjálfum (sic í dskj. nr. 21) minnist ég þess ekki að hafa haft neitt með þennan sjúkling að gera á margáðurnefndu tímabili, enda ekki lagt í vana minn að stunda sjúklinga án bókunar."

Hins vegar hefur verið lögð fram yfirlýsing frá Guðbjörgu E. Þorgeirsdóttur sjúkranuddara um, að stefnandi hafi komið til hennar í meðferð fyrst árið 1988 og síðan öðru hverju í reglulega meðferðartíma. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá Ragnari Sigurðssyni lækni um, að stefnandi hafi verið hjá honum í „therapie" árlega á tímabilinu 1984–1987.

Með hliðsjón af því, að Atli Þór Ólason læknir telur sig ekki geta með sannfærandi hætti sýnt fram á örugg tengsl bakóþæginda stefnanda við fyrrgreint slys og færir ekki að því rök, hvers vegna hann tekur engu að síður undir álit Stefáns Bogasonar læknis, verður að telja ósannað gegn andmælum stefndu, að þau óþægindi stafi af slysinu og að hin síðast tilkomna viðbótarörorka stefnanda verði rakin til þess.

Samkvæmt framansögðu verður framangreint örorkumat Atla Þórs Ólasonar læknis ekki lagt til grundvallar örorkutjóni stefnanda vegna slyssins 24. 9. 1983, hvorki hvað varðar tímabundna né varanlega örorku. Með því að stefnandi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að rekja megi viðbótarörorku hans til nefnds slyss, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi fékk gjafsókn í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. 12. 1991. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði og ákveðst 332.030 kr. Þar af renna 270.000 kr. til skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Thorberg Jensson, Túngötu 19, Grindavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Stefáns Jóns Sigurðssonar, Kötlufelli 9, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 332.030 kr., greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 270.000 kr. til skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 478/1993. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Pálma Sigurðssyni
f. h. einkafirma síns, Dráttarbíla
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
og gagnsök

Stjórnsýsla. Andmælaréttur. Þungaskattur. Ógilding.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1993. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þeir krefjast málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi vék málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1994. Hann krefst þess, að „skattákvarðanir aðaláfrýjenda (gagnstefndu) 3. júní 1988 um álagningu þungaskatts vegna áætlaðs 49.500 kílómetra viðbótaraksturs á bifreiðina G 2432 fyrir aksturstímabilið 15. júní 1987 til 30. maí 1988 verði dæmdar ógildar". Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 5.000.000 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1992 til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð með sama vaxtafæti. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 30. maí 1988 undirritaði Björn Halblaub, eftirlitsmaður fjármálaráðuneytisins með ökumælum, tilkynningu um brot gagnáfrýjanda á reglum um ökumæla. Sagði þar í fyrsta lagi, að frá síðasta

álestri bifreiðarinnar G 2432 hefði ökumælir verið tekinn tvisvar úr sambandi vegna viðgerða og ekki færður til eftirlitsmanns eftir þær viðgerðir. Í öðru lagi virtust tölur í mælabók vera undarlegar. Í þriðja lagi væri ökumælir „bilaður nú". Merkt var við reitinn „Ökumælir óvirkur". Fyrir héraðsdómi kom fram, að Finnbogi Guðmundsson eftirlitsmaður var með Birni Halblaub, er bifreið gagnáfrýjanda var stöðvuð.

Fjármálaráðuneytið sendi bæjarfógetanum í Hafnarfirði, innheimtumanni ríkissjóðs í Garðabæ, þessa tilkynningu með bréfi 3. júní 1988 og sagði þar meðal annars: „Eins og þar kemur fram, er um margítrekað brot að ræða, og þegar bifreiðin var stöðvuð 30. 5. sl., var ökumælir óvirkur. ... Ráðuneytið telur eðlilegt miðað við málsatvik, að bifreiðinni sé áætlaður viðbótarakstur vegna tímabilsins 15. 6. '87 til 30. 5. '88 sem nemur 45 þús. km akstri."

Innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ lagði sama dag á gagnáfrýjanda þungaskatt, að fjárhæð 888.030 krónur. Var þar um að ræða þungaskatt af 45000 km akstri að viðbættu 10% álagi, eða samtals 49500 km. Í bréfi til ríkislögmanns 2. nóvember 1992 lýsti innheimtumaður því, að þessi álagning hefði verið samkvæmt „ákvörðun ráðuneytisins, auk 10% álags, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 349 frá 1986 um þungaskatt".

Fyrir héraðsdómi greindi gagnáfrýjandi frá því, að í júlí 1988 hefði verið hringt í sig frá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og sér greint frá þessum viðbótarskatti. Hefði það verið fyrsta vitneskja sín um álagninguna. Gagnáfrýjandi kvaðst fljótlega hafa rætt við starfsmenn fjármálaráðuneytisins og mótmælt skattlagningunni munnlega. Hann hefði síðan margsinnis rætt við innheimtumann og ráðuneytið, en allt komið fyrir ekki. Í bréfi ráðuneytisins til gagnáfrýjanda 31. janúar 1989 var sagt, að engin ný gögn væru komin fram, sem gætu leitt til þess, að ráðuneytið mæltist til þess við bæjarfógetann í Hafnarfirði, að hann breytti áætlun sinni.

Lögmaður gagnáfrýjanda ritaði fjármálaráðuneytinu 16. mars 1989 og fór fram á leiðréttingu á áætlun þungaskattsins. Ráðuneytið synjaði þess með bréfi 26. september sama ár. Í bréfi núverandi lögmanns gagnáfrýjanda til fjármálaráðuneytisins 16. maí 1991 voru fyrst bornar brigður á það, að ökumælir í bifreið gagnáfrýjanda hefði verið óvirkur umrætt sinn.

II.

Þegar bifreið gagnáfrýjanda var stöðvuð 30. maí 1988, var mælisstaða hennar 250529 km. Mælisstaðan var óbreytt, er bifreiðin var færð á verkstæði tveimur dögum síðar. Eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins fara með opinbert vald, og hafa þeir tveir, er komu að málinu, staðfest fyrir dómi, að ökumælirinn hafi þá verið óvirkur. Er sannað, að svo hafi verið.

III.

Innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ, sem þá var bæjarfógetinn í Hafnarfirði, er álagningaryfirvald þungaskatts í umdæminu, sbr. dóm Hæstaréttar 19. júní 1991 í málinu nr. 97/1989. Hann tók ekki ákvörðun um hina umdeildu álagningu með öðrum hætti en tölvufærslu í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Lagaheimild til álagningarinnar er í 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, en eftir því ákvæði er um viðurlög að ræða. Ákvörðunin var hvorki formleg né rökstudd, og innheimtumaður tilkynnti gagnáfrýjanda ekki bréflega um hana. Gagnáfrýjanda var ekki gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhuguð viðurlög, áður en ákvörðun var tekin, en verulegir fjárhagslegir hagsmunir voru í húfi fyrir hann. Er engan veginn útilokað, að ákvörðunin hefði að efni til orðið með öðrum hætti, ef svo hefði verið. Stjórnsýslukæra til fjármálaráðuneytisins var naumast raunhæft úrræði, eins og á stóð, en ráðuneytið hafði með bréfi sínu til innheimtumanns 3. júní 1988 tekið afstöðu til málsins, og innheimtumaður leit sjálfur svo á, að hann væri að framfylgja ákvörðun ráðuneytisins.

Af orðalagi í framangreindu bréfi fjármálaráðuneytisins verður ráðið, að talið hafi verið rétt að beita gagnáfrýjanda viðurlögum samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 593/1987 um þungaskatt. Innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ bætti hins vegar 10% álagi við þá kílómetratölu, sem ráðuneytið lagði til, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt þeirri málsgrein er gert ráð fyrir grandleysi eiganda eða umráðamanns bifreiðar, þegar ökumælir er ekki virkur eða telur rangt. Þetta ákvæði tekur ekki til annarra ávirðinga, sem nefndar eru í 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987. Þegar svo háttar til sem í ákvæðinu greinir, „getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt

því, sem telja má sennilegan akstur, að viðbættu 10% álagi". Fram er komið í málinu, að 15. október 1988 var gjaldfærður á þessa sömu bifreið gagnáfrýjanda þungaskattur vegna 49398 km aksturs á tímabilinu frá 15. júní 1987 til 10. október 1988 samkvæmt álestri þann dag. Hin umdeilda álagning innheimtumanns fól því ekki í sér mat á „sennilegum akstri" bifreiðarinnar frá 15. júní 1987 til 30. maí 1988, heldur var hún til viðbótar álagningu eftir akstursmæli.

Samkvæmt framansögðu þykir meðferð opinberrar stjórnsýslu í máli gagnáfrýjanda með þeim annmörkum, að eigi verði hjá því komist að ógilda hina umdeildu ákvörðun innheimtumanns ríkissjóðs í Garðabæ 3. júní 1988.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bótakröfur gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjendur skulu gjalda gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvörðun aðaláfrýjanda innheimtumanns ríkissjóðs í Garðabæ 3. júní 1988 um álagningu þungaskatts vegna bifreiðarinnar G 2432 er ógild.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er sýkn af bótakröfum gagnáfrýjanda, Pálma Sigurðssonar fyrir hönd einkafirma síns, Dráttarbíla.

Aðaláfrýjendur skulu greiða gagnáfrýjanda 360.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 1993.

I.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þriðjudaginn 12. október sl., hefur Pálmi Sigurðsson framkvæmdastjóri, kt. 301142-4129, Holtsbúð 22, Garðabæ, fyrir hönd einkafirma síns, Dráttarbíla, kt. 620480-0299, Holtsbúð 22, Garðabæ, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 1. október 1992, á hendur lögreglustjóranum og innheimtumanni ríkissjóðs í Garðabæ, kt. 490169-5559, Strandgötu 31, Hafnarfirði, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Hann krefst þess, að skattákvörðun stefndu 3. júní 1988, er fólst í

þungaskattsáætlun þeirra á bifreiðina G-2432 með fastanúmerið FS-196, eign stefnanda, verð dæmd ógild.

2. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 5.000.000 kr. í miska- og skaðabætur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 1. janúar 1992 til greiðsludags.

3. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara krefjast þeir, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Deila málsaðila snýst um lögmæti ákvörðunar stefndu um álagningu þungaskatts vegna áætlaðs viðbótaraksturs á bifreiðina G-2432 fyrir akstursrstímabilið 15. júní 1987 til 30. maí 1988. Deilt er um gildi ákvörðunarinnar og ætlað tjón stefnanda vegna hennar.

Málsatvik eru nánar þau, að í bréfi fjármálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði frá 3. júní 1988 er gerð tillaga til innheimtumanns ríkissjóðs vegna ákvörðunar um álagningu viðbótaraksturs á bifreiðina fyrir greint aksturstímabil, en þetta tímabil hafði G-2432 þegar verið ekið 39.889 kílómetra samkvæmt akstursbók bifreiðarinnar. Í bréfi þessu gerði ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar og reglugerð nr. 593/1987 tillögu um álagningu samtals 45.000 kílómetra viðbótarakstur á bifreið stefnanda, G-2432, sem er dráttarbifreið af Volvo-gerð, 9.360 kíló að eiginþyngd, en með gjaldþyngdina 23.000 kíló samkvæmt akstursbók. Innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ tók ákvörðun um álagningu viðbótarakstur í samræmi við tillögu ráðuneytisins og bætti við svokölluðu 10% álagi samkvæmt 2. mgr. 11. greinar reglugerðar nr. 593/1987 um þungaskatt.

Stefnandi segir, að hann hafi ekki fengið að vita um álagningu þessa fyrr en í júlí 1988, þegar hann hafi verið krafinn um greiðslu á 880.030 kr., sem sé þungaskattur fyrir ekna 49.500 kílómetra. Bendir stefnandi á, að sér sé því alls gert að greiða kílómetragjald fyrir um 90.000 kílómetra akstur tímabilið 15. júní 1987 til 30. maí 1988. Stefnandi mótmælir því, að tilefni hafi verið til þess að áætla á bifreiðina 49.500 kílómetra akstur eða 45.000 kílómetra akstur, eins og hann telur, að fyrirskipað hafi verið í bréfi ráðuneytisins frá 3. júní 1988 til innheimtumanns ríkissjóðs í Hafnarfirði.

Stefnandi kveður grundvöll þessarar álagningar hafa verið tilkynningu

mælaeftirlitsmanns fjármálaráðuneytisins frá 30. maí 1988, sem hann segir alranga og villandi, enda hafi bifreiðarstjóri stefnanda neitað að skrifa undir þessa tilkynningu, þegar mælaeftirlitsmaðurinn hafi farið fram á það við hann.

Stefndu segja hins vegar, að þegar bifreið stefnanda, G-2432, hafi verið stöðvuð 30. maí 1988, hafi það verið tveir eftirlitsmenn, en ekki einn, sem hafi skoðað ökumælinn í bifreiðinni og sannreynt, að hann væri óvirkur. Þeir, sem þar hafi verið á ferð, hafi verið Björn Halblaub og Finnbogi Guðmundsson, eftirlitsmenn fjármálaráðuneytis með ökumælum.

Stefndu segja, að staðhæfingar stefnanda þess efnis, að ökumælir bifreiðarinnar hafi verið virkur og í lagi 30. maí 1988, fái ekki staðist og séu andstæðar framburði eftirlitsmanna. Að auki komi til, að mælisstaða sé skráð nákvæmlega hin sama 30. maí 1988 og 1. júní 1988, þegar komið sé með bílinn á verkstæði til viðgerðar. Þarna líði tveir dagar á milli. Hinn 30. maí hafi eftirlitsmaður skráð mælisstöðu 250529 km, sbr. 36. bls. í akstursbók. Þegar komið sé með bifreiðina til viðgerðar tveimur dögum síðar, 1. júní 1988, sé skráð mælisstaða nákvæmlega hin sama, þ.e. 250529 km, sbr. 23. bls. í akstursbók. Hafið sé yfir allan vafa, að staðhæfingar stefnanda að þessu leyti séu rangar.

Stefnandi segir, að ökumælirinn hafi verið tekinn úr 18. október 1987 vegna bilunar í „kúplingu" á svokölluðu viðurkenndu verkstæði, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla, og í síðara skipti 10. nóvember 1987, að vísu vegna seguldósar í ökumæli, en þá einnig á viðurkenndu verkstæði.

Bendir stefnandi á, að svo sem 21. og 22. blaðsíða í akstursbók fyrir G-2432 vitni um, hafi innsigli í bæði skiptin verið rofin af verkstæði, áður en viðgerð hafi farið fram. Þá kveður stefnandi það einnig ljóst, að ökumælirinn hafi verið innsiglaður af verkstæðunum í samræmi við 14. grein reglugerðar nr. 62/1977, þegar viðgerð hafi verið lokið, enda þótt gleymst hafi að láta bifreiðaeftirlitsmann staðfesta það. Stefnandi segir, að það séu viðurkennd viðgerðarverkstæði, sem hafi innsiglað ökumælinn. Stefnandi telur, að áritun verkstæðisformanna í akstursbókina staðfesti, að ökumælirinn hafi verið innsiglaður að viðgerð lokinni.

Stefnandi vill árétta, að þegar ökumælirinn hafi verið athugaður 30. maí 1988, hafi ekki verið gerð athugasemd við innsigli ökumælisins. Því hafi verið ljóst, að ekkert hafi verið átt við mælinn af stefnanda.

Stefnandi telur ljóst, að skráning kílómetratalna í akstursbókina sé í alla staði eðlileg, þegar litið er á þær í samhengi og í tímaröð, enda sé skráningin í nær öllum tilvikum unnin af stefndu og gerð án athugasemda. Það sé þó ljóst, að kílómetraskráningin 18. október 1987 hafi verið röng, en þar hafi

verið um að ræða mannleg mistök, sem alltaf geti orðið og komi öðru hverju fyrir við skráningu kílómetratalna í akstursbók.

Um þessa fullyrðingu stefnanda, að skráning kílómetratalna í akstursbókinni sé í alla staði eðlileg, þegar litið sé á hana í samhengi og tímaröð, segja stefndu, að vegna þessa skuli vakin athygli á því, að samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum beri eiganda ökutækis sjálfum að færa inn í akstursbók stöðu ökumælis einu sinni í mánuði. Þessari skyldu hafi stefnandi aldrei sinnt, hvorki fyrr né síðar. Í þau fáu skipti, sem mælisstaða sé færð inn í bókina, hafi það verið gert af eftirlitsmönnum ökumæla við eftirlitsstörf eða við álestur af ökumæli.

Samkvæmt reglugerð nr. 593/1987 um þungaskatt með síðari breytingum beri eiganda ökutækis með ökumæli að færa bifreiðina til álesturs þrisvar á ári. Álesturstími sé í janúar-febrúar, maí-júní og september-október. Stefnandi hafi fært bifreið sína til álesturs í júní 1987. Það hafi hann hins vegar ekki gert í september-október, er bifreiðina hafi næst átt að færa til álesturs. Hann hafi ekki heldur hirt um þá skyldu sína í janúar-febrúar 1988. Þannig hafi liðið heilt ár, án þess að stefnandi hafi sinnt skyldum sínum að þessu leyti.

3.0.

Stefnandi byggir kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum umfram allt:

1. Viðurkenningarkrafan sé á því reist, að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni til þess að fá úr því skorið, hvort stefndu hafi farið að lögum, þegar á téða bifreið stefnanda hafi verið áætlaður þungaskattur tímabilið 15. júní 1987 til 30. maí 1988, alls 49.500 kílómetrar, 3. júní 1988, þar sem kílómetragjaldið hvíli enn á bifreiðinni sem lögveð, og að einnig hafi verið gert lögtak fyrir þessum skatti í fasteign stefnanda, Holtsbúð 22, Garðabæ, en þungaskattur nemi nú með vöxtum 2.644.119 krónum. Skuld þessi geri það að verkum, að ekki sé unnt að færa bifreiðina til skoðunar. Þá geri áhvílandi veð það að verkum, að veðhæfi bifreiðarinnar og fasteignarinnar sé skert, og hafi þessi áhvílandi veð komið í veg fyrir, að nota megi þessar eignir sem viðskiptagrundvöll. Þá reyni stefndu nú að innheimta ætlaða kröfu sína með öllum tiltækum ráðum.

2. Stefnandi heldur því einnig fram, að engar efnislegar ástæður hafi verið til þess að leggja ofangreindan skatt á stefnanda. Þá hafi stefnanda ekki verið tilkynnt, að fyrirhugað væri að leggja skattinn á. Hafi því stefnandi á engan hátt getað skýrt sjónarmið sín fyrir álagningaraðilunum, áður en þeir hafi tekið þá stjórnarfarslegu ákvörðun að leggja þungaskattinn á stefnanda. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um skattálagninguna, fyrr en hann

hafi verið krafinn um greiðslu skattsins af innheimtumanni ríkissjóðs í Garðabæ, en þá hafi skatturinn þegar hvílt sem lögveð á bifreið sinni og verið skráður hjá embættinu sem gjaldfallin skuld stefnanda við ríkissjóð.

Stefnandi hafi ástæðu til að ætla, að öðruvísi hefði verið tekið á máli þessu, ef sér hefði verið gefinn kostur á að skýra mál sitt og gera athugasemdir við gerðir mælaeftirlitsmanns, áður en ákvörðun hafi verið tekin um ofangreinda viðbótarskattálagningu.

Um það, að ekki hafi verið beitt efnislegum mælikvarða, efnislegum og málefnalegum sjónarmiðum við álagningu viðbótarskattsins, sé vísað til akstursbókar stefnanda vegna G-2432, en bók þessi, sem sé nokkurs konar skattframtal stefnanda, veiti sönnun þess, að ökumælir bifreiðarinnar G-2432 hafi verið innsiglaður allt tímabilið frá 15. júní 1987 til 30. maí 1988. Akstursbókin sýni líka einungis raunverulegan akstur, sem viðurkenndur hafi verið af álagningaraðila skattsins, þar sem kílómetratölur í akstursbók séu skráðar án athugasemda.

3. Stefnandi telur, að hann hafi ekki getað kært þessa stjórnvaldsákvörðun til nokkurs hlutlauss aðila, þar sem það hafi einmitt verið hinir sömu embættismenn, sem ákvörðun hafi tekið um álagningu skattsins, og svöruðu kæru stefnanda til stefndu. Hlutlaust mat hafi því ekki verið lagt á athafnir stefndu og gerðir stefnanda. Stefnandi styður kröfu sína um, að þungaskattsálagning stefndu á stefnanda 3. júní 1988 hafi verið ógild stjórnarathöfn, við það, að almennt verði ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í stjórnsýslustörfum, að sami aðili fari bæði með álagningu skatta og innheimtu þeirra.

Haldið sé fram, að hér sé í raun um að ræða svokallaðan álagningarskatt. Skatturinn sé lagður á einhliða á grundvelli lögskyldra upplýsinga, sem veittar séu álagningaraðila í svokallaðri akstursbók. Því verði áætlun þungaskatts að miðast við, að akstursbókinni hafi verið vikið til hliðar. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

Stefnandi bendir á, að heimild til að ákvarða viðurlög samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1987 sé ekki falin neinum sérstökum aðila samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987. Þá sé einnig bent á, að um sé að ræða heimild til óvenjulega þungra viðurlaga.

4. Stefnandi telur, að aðgerðir mælaeftirlitsmanns fjármálaráðuneytisins 30. maí 1988 hafi ekki haft stoð í settum lögum. Þá verði ekki séð, að með nokkru móti sé unnt að reisa stjórnarathafnir á hinni svokölluðu tilkynningu mælaeftirlitsmanns frá 30. maí 1988 til bæjarfógetans í Hafnarfirði. Ekki verði séð, að tilkynning þessi hafi getað falið í sér viðvörun til stefnanda um, að áætlaður yrði þungaskattur á bifreiðina, þar sem bifreiðarstjóri

stefnanda hafi neitað 30. maí 1988 að skrifa undir tilkynningu þessa og stefnandi ekki séð tilkynninguna, fyrr en hún hafi borist honum frá fjármálaráðuneytinu með bréfi ráðuneytisins frá 31. janúar 1989.

Stefnandi kveði ökumæli ekki hafa verið bilaðan 30. maí 1988, og fyrir því hafi stefndu sönnunarbyrði. Þá sé í tilkynningunni ekki skýrt, á hvern hátt ökumælirinn hafi verið bilaður. Engin rannsókn á mælinum hafi verið gerð af hálfu mælaeftirlitsmanns.

5. Stefnandi styðji fjárkröfu sína því, að hann hafi orðið fyrir miklu tjóni af því að geta ekki notað bæði bifreiðina og fasteign sína sem viðskiptagrundvöll vegna áhvílandi aðfararveða til tryggingar ofangreindum áætluðum þungaskatti. Þá hafi stefnanda verið neitað um skoðun á bifreiðinni vegna ógreidds þungaskatts. Hafi því bifreiðin staðið meira og minna ónotuð undanfarin misseri, allt frá 28. september 1989, eins og akstursbók sýni og sanni.

Um lagarök sín segir stefnandi:

1. Kröfu sína um ógildingu þeirrar stjórnarathafnar, sem felst í áætlun þungaskattsins, miði stefnandi við, að um slíkar stjórnvaldsaðgerðir gildi reglur skattaréttar og stjórnarfarsréttar, sem hafi verið virtar að vettugi af stefndu 3. júní 1988, þegar umstefnd ákvörðun um skattálagningu hafi verið tekin.

Stefnandi telji, að aðgerðir stefndu hafi brotið í bága við svokallaða andmælareglu stjórnarfarsréttar, og sé um það meðal annars vísað til H. 1980, 1763 (Fellahreppsmálsins) og þeirra sjónarmiða, er í þeim dómi komi fram. Stefnandi haldi því fram, að sér hafi ekki verið veittur nokkur kostur þess að koma að sjónarmiðum sínum, áður en umstefnd stjórnarathöfn hafi verið ákvörðuð. Þá hafi hann ekki verið fræddur um það, við hvaða lagagrundvöll væri stuðst, þegar hann hefði fyrst fengið senda kröfu um greiðslu skattsins. Þá fullyrðingu sína, að stefndu hafi brotið gegn andmælareglunni, styðji stefnandi við 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum með lögjöfnun. Efni þessa ákvæðis laga nr. 75/1981 megi einnig hafa til hliðsjónar um sönnunarbyrði stefndu í máli þessu.

Stefnandi haldi því fram, að aðgerðir stefndu hafi brotið í bága við svokallaða jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar, þar sem stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tala máli sínu fyrir stjórnvöldum í sama mæli og stefndu, áður en ákvörðun um stjórnarathöfnina hafi verið tekin, og tengist regla þessi andmælareglunni.

Stefnandi telji, að aðgerðir stefndu hafi brotið í bága við svokallaða forsendureglu og rannsóknarreglu stjórnarfarsréttar, þar sem ekki hafi verið gætt efnislegra sjónarmiða til grundvallar hinni umstefndu stjórnarathöfn,

heldur hafi verið um að ræða gerræðisleg vinnubrögð, þar sem raunverulegir málavextir hafi ekki verið rannsakaðir á nokkurn hátt. Farið hafi verið eftir tilkynningu svokallaðs mælaeftirlitsmanns, sem hafi verið algerlega marklaus.

2. Stefnandi styðji kröfu sína um ógildingu skattálagningarinnar enn fremur við það, að stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á því að bera réttmæti álagningarinnar með raunhæfum hætti undir hlutlausan úrskurðaraðila, en slík tilhögun brjóti í bága við 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem íslenska ríkið hafi undirgengist 19. júní 1953. Vísað sé til þeirra lagareglna, sem fram koma í H. 1990, 9.

Stefnandi styðji kröfu sína einnig þeirri meginreglu, sem fram komi í 106. gr. og 107. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, og bendi á, að ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 feli í raun í sér refsingu í skilningi 1. gr. laga nr. 19/1940 með síðari breytingum, svo þung séu þau viðurlög sem 4. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 heimili. Hafi því ætlað brot stefnanda á lögum nr. 3/1987 í raun átt að sæta rannsókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

3. Stefnandi reisi kröfu sína um ógildingu skattálagningarinnar einnig á því, að aðgerðir stefndu hafi brotið í bága við lögmætisregluna, þar sem aðgerðir mælaeftirlitsmanns styðjist nær eingöngu við reglugerðarákvæði, sem hafi mjög óljósa stoð í settum lögum. Hér sé vísað til ákvæða stjórnarskrár, 40. greinar hennar og 77. greinar. Vísað sé til þess, að heimildin til að bæta við 10% álagi sé ekki í settum lögum.

4. Skaðabótakröfu sína styðji stefnandi við þá reglu, að stjórnvöld verði að bæta það tjón, sem þau valdi með ólögmætum stjórnvaldsaðgerðum. Stefnandi reisi skaðabótakröfu sína á því, að ef viðurkenningarkrafan verði tekin til greina, sé skaðabótakrafan afleidd krafa. Enn fremur sé með lögjöfnun vísað til ákvæða XXI. kafla laga nr. 19/1991. Um bótafjárhæð sé vísað til þeirrar lagareglu, sem fram komi í H. 1942, 28, og H. 1952, 467. Þá sé vísað til þess, að ákvæði (sic) 1. mgr. 9. gr. laga nr. 19/1991. Um bótafjárhæð sé vísað til þeirrar lagareglu, sem fram komi í H. 1942, 28, og H. 1952, 467. Þá sé vísað til þess, að ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 brjóti í bága við reglur stjórnarfarsréttar um málefnalega skattheimtu, sbr. U. 1929, 452.

5. Um aðild, kröfugerð og réttarfarsleg atriði skuli tekið fram, að stefnandi styðji kröfugerð sína á hendur stefndu því, að þeir beri óskipta sakaraðild í þessu máli. Ef lög nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar og reglugerð 558/1988 um þungaskatt séu skoðuð, komi í ljós, að jöfnum höndum sé rætt um lögreglustjóra og innheimtumann ríkissjóðs, að því er virðist, þannig, að innheimtumaður ríkissjóðs sé álagningaraðili, en lögreglustjóri innheimtuaðili, sjá t. d. 8. gr. og 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 og 2. mgr. 11. gr. reglu-

gerðar nr. 558/1988 til glöggvunar. Um aðild sýslumannsins í Garðabæ sé vísað til 12. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991. Um aðild fjármálaráðherra sé vísað til laga nr. 3/1987, en hann hafi í raun á hendi framkvæmd laganna og njóti til þess aðstoðar hlutaðeigandi lögreglustjóra.

4.0.

Um málsástæður sínar og lagarök segja stefndu eftirgreint:

Í lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar sé kveðið á annars vegar um skyldu til greiðslu sérstaks innflutningsgjalds af bensíni, sbr. 1. gr., og hins vegar í 4. gr. laganna um skyldu til greiðslu þungaskatts vegna bifreiða, er noti annan orkugjafa en bensín. Samkvæmt B-lið 4. gr. skuli þungaskattur af bifreiðum, sem séu 4000 kg eða meira af leyfðri heildarþyngd, greiddur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Í 5. mgr. B-liðar 4. gr. sé kveðið á um, að ökumælar skuli settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skuli kveðið á í reglugerð.

Kílómetramæling samkvæmt mælum sé grundvölluð að ákvörðun skattsins. Reglur um eftirlit með því, að mælar séu í lögmætu horfi og fullnægjandi grundvöllur að álagningu á hverjum tíma, og um heimildir og viðurlög í því sambandi eigi sér hliðstæðu í reglum um skatteftirlit á öðrum sviðum skattaréttar. Þessar reglur um þungaskatt komi fram í reglugerðum um þungaskatt og um ökumæla. Í reglugerð um ökumæla nr. 62/1977 komi fram, að í þágu reglulegs álesturs og sérstaks eftirlits eigi meðal annars eftirlitsmenn aðgang að þeim bifreiðum, sem eftirlit taki til, sbr. til dæmis 4. gr., 6. gr., 7. gr., 9. gr. og 10. gr. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 593/1987 um þungaskatt sé eftirlitsmönnum með ökumælum heimilt að stöðva bifreiðar, sem gjaldskyldar séu samkvæmt þeirri reglugerð, í því skyni að kanna, hvort fyrirmæli reglugerðarinnar og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum séu haldin.

Lögreglustjóri annist álagningu viðurlaga. Sætti aðili sig ekki við þá ákvörðun, geti hann krafist úrskurðar, sem sæti stjórnlegri kæru til fjármálaráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnarfarsréttar um kæru til æðra stjórnvalds. Engar skorður séu reistar við því, að skattlagning samkvæmt lögum verði borin undir dómstóla.

Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar skuli það varða eiganda og/eða umráðamann bifreiðar viðurlögum, er samsvari allt að 10.000 km akstri á mánuði, sé ökumælir óvirkur, innsigli rofin eða ekki sé komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot megi viðurlög þessi samsvara allt að 15.000 km akstri á mán-

uði. Samkvæmt sömu málsgrein sé heimilt meðal annars að taka bifreið úr umferð, ef ekki sé komið með hana til álesturs á tilskildum tíma.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 593/1987 um þungaskatt innheimtist slíkt álag eins og um venjulegan álestur væri að ræða. Í 2. mgr. þeirrar greinar sé sérstakt heimildarákvæði til að ákvarða skatt samkvæmt því, sem telja megi sennilegan akstur, að viðbættu 10% álagi, ef ætla megi, að viðkomandi hafi verið grandlaus um annmarka á ökumæli.

Það sé þannig í þremur tilvikum, sem eiganda og/eða umráðamanni skuli ákvarða viðurlög, er samsvari allt að 10.000 km akstri á mánuði. Tvær af þeim þremur efnisástæðum, sem lagagreinin tilfæri, eigi við gagnvart stefnanda þessa máls. Ökumælir hafi verið óvirkur, sbr. að framan. Enn fremur hafi stefnandi ekki hirt um að færa bifreiðina til álesturs, og það brot hans hafi reyndar verið ítrekað. Fullljóst sé því, að efnislegar ástæður hafi verið til umræddrar aðgerðar.

Á það skuli lögð áhersla, að samkvæmt orðalagi lagagreinarinnar sé fortakslaust skylt að beita viðurlögum. Tilvísanir stefnanda til Hæstaréttardóma 1980, 1763. bls., eigi því þegar af þeirri ástæðu ekki við. Andmæli stefnanda við álagningu viðurlaga, sem hann telji sig ekki hafa átt kost á að hafa uppi, hafi því aldrei getað breytt neinu um þá lagaskyldu stjórnvaldsins, innheimtumanns ríkissjóðs, að ákvarða honum viðurlög samkvæmt lögum.

Á það skuli jafnframt sérstaklega bent, að viðurlagaákvörðun sýnist í umrætt sinn hafa verið beitt mjög hófsamlega. Viðurlögin séu ákvörðuð sem næst 4000 km á mánuði, en heimildin/skyldan hafi verið 10.000 km á mánuði, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987. Eins og lagagreinin sé orðuð, skipti í raun engu máli heldur, hver hin huglæga afstaða skattaðilans sé, svo sem til þess, hvort ökumælir sé óvirkur eða ekki. Stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á neitt í máli þessu, sem ætti að leiða til þess, að lægri áætlun hefði átt að koma til en sú, sem ákvörðuð hafi verið.

Eins og mál þetta liggi fyrir, verði að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi verið kunnugt um tilkynningu um brot á reglum um ökumæla, sem sé að finna sem fram lagt dómskjal, dags. 30. maí 1988. Bifreiðarstjóri stefnanda hafi neitað að undirrita tilkynninguna, þótt eftir því hafi verið leitað við hann. Því sé ekki haldið fram í málatilbúnaði stefnanda, að bifreiðarstjóri hafi ekki upplýst stefnanda um tilkynninguna og efni hennar. Með því að stefnandi hafi vitað um þessa tilkynningu, hafi honum verið fullljóst um það, að hún myndi óhjákvæmilega leiða til áætlunar viðbótaraksturs bifreiðarinnar, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987 og 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar um þungaskatt nr. 593/1987. Hefði hann talið tilkynninguna ranga,

hefði hann haft fullt tilefni til þess að mótmæla henni tafarlaust. Einnig af þeirri ástæðu eigi sjónarmið stefnanda um ógildingu álagningarinnar, vegna þess að andmælaréttar stefnanda hafi ekki verið gætt, ekki við rök að styðjast.

Eyðublað fyrir tilkynningu um brot á reglum um ökumæla sé útbúið í þríriti. Samkvæmt upplýsingum eftirlitsmanna muni eitt eintak þess ætíð afhent bifreiðarstjóra, en eyðublaðið sé fyllt út á staðnum.

Því sé mótmælt, að rangur álestur hafi orðið í október 1987, svo sem stefnandi staðhæfi. Því sé hér haldið fram, að sá álestur hafi verið réttur. Vegna þessara staðhæfinga stefnanda skulu þó vakin athygli á því, sem hafi farið fram hjá stefnanda, að jafnmiklar líkur séu þá til þess, að álestur í nóvember 1987 hafi verið rangur, hafi annar hvor álesturinn á annað borð verið rangur. Í raun skipti þessi atriði þó ekki máli fyrir úrslit málsins, enda sé alveg ljóst, að vegna þeirra brota stefnanda, sem að framan séu rakin, hafi verið skylt að áætla honum viðbótarakstur, svo sem gert hafi verið.

Vegna málatilbúnaðar stefnanda skuli vakin athygli á, að það sé innheimtumaður ríkissjóðs, sem sé álagningaraðili viðbótarskatts. Fram lagt bréf fjármálaráðuneytis til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 3. júní 1988, beri að skoða sem tillögu til innheimtumanns. Eftir þeirri tillögu hafi innheimtumaður farið, auk þess sem hann hafi ákvarðað 10% álag þar ofan á. Stefnandi hafi kært þessa ákvörðun innheimtumanns til fjármálaráðuneytis. Málið hafi fengið þar ýtarlega skoðun, sem hafi leitt til þess, að ákvörðun hins lægra stjórnvalds hafi verið staðfest. Um það skuli vísað til bréfs fjármálaráðuneytis til Lögmanna, Suðurlandsbraut 4, dags. 26. september 1989.

Að öðru leyti sé mótmælt þeim tilvísunum til lagaákvæða, sem fram hafi komið hjá stefnanda. Þau sjónarmið eigi ekki við í máli þessu.

Stefnandi hafi ekki uppi endurgreiðslukröfu á ofgreiddum skatti í máli þessu. Krafa hans undir kröfulið II sé miska- og skaðabótakrafa. Hann telji sig hafa orðið fyrir fjártjóni af því að hafa ekki getað „notað bæði bifreiðina og fasteign sína sem viðskiptagrundvöll vegna áhvílandi aðfararveða til tryggingar ofangreindum áætluðum þungaskatti". Því sé mótmælt, að um nokkurt slíkt tjón sé að ræða. Allt slíkt sé ósannað í málinu.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefndu er því ómótmælt, að stefnandi hafi ekki átt þess sérstaklega kost að tjá sig um ætlað brot sitt á reglum um ökumæla, áður en til ákvörðunar um álagningu þungaskatts vegna hins áætlaða viðbótaraksturs kom. Stefndi fullyrðir að vísu, að stefnanda hafi verið kunnugt um tilkynn-

ingu um slíkt brot, en hvergi er að finna þess stað í málskjölum, að honum hafi verið gefinn kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun var tekin um álagningu þungaskatts vegna áætlaðs viðbótaraksturs á umrædda bifreið, þótt sjónarmið stefnanda hafi að einhverju leyti komist á framfæri við yfirvöld, áður en til innheimtu kom. Viðurlögin reyndust vera þungaskattur vegna 49.500 kílómetra aksturs til viðbótar 39.889 kílómetra akstri samkvæmt akstursdagbók. Stefnanda er því umrætt tímabil samtals gert að greiða þungaskatt af akstursvegalengd, sem reynist töluvert meiri en tvöföld aksturslengd bifreiðarinnar árin á undan.

Af úrlausnum dómstóla verður ráðið, að í stjórnsýslurétti gildi regla andmælaréttar þess efnis, að málsaðila skuli tryggður réttur til þess að tjá sig um mál, áður en ákvörðun er tekin í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum máls afstaða hans eða augljóslega sé óþarft, að hann tjái sig. Þessi regla var talin gilda án beinnar lagaheimildar samkvæmt eðli máls og meginreglum laga, áður en stjórnsýslulög nr. 37/1993 tóku gildi, a. m. k. þegar um það var að ræða, að stjórnvald væri úrskurðaraðili, og þegar mikilvægir fjárhagslegir hagsmunir aðila væru verulega skertir með stjórnvaldsákvörðun. Þannig getur málsaðili tryggt réttindi sín og hagsmuni með því að kynna sér gögn máls, komið athugasemdum sínum á framfæri, bent á misskilning eða ónákvæmni í gögnum máls, leiðrétt fram komnar upplýsingar, komið að frekari upplýsingum um málsatvik og jafnframt bent á heimildir, sem séu betri grundvöllur að ákvörðun máls.

Þegar litið er til málsatvika og framvindu atburðarásar samkvæmt framansögðu og eðli greindra viðurlaga, þar sem um er að ræða ákvörðun um refsikennda álagningu skatts á stefnanda, verður að telja, að áðurgreind andmælaregla stjórnsýsluréttar hafi verið brotin á honum.

Þá hefur svokölluð meðalhófsregla, sem fram kemur í 12. gr. núgildandi stjórnsýslulaga nr. 37/1993, verið viðurkennd af dómstólum. Nauðsyn ber til, að stjórnvöld leggi til grundvallar þá meginreglu stjórnarfarsréttar, að stjórnvöld skuli ekki fara strangar í sakir en nauðsynlegt er til að leysa það viðfangsefni, sem stjórnvaldinu er falið, þ. e. beita verður úrræðum hóflega miðað við þá hagsmuni, sem í húfi eru. Eðlilegt vægi verður að vera á milli þeirra stjórnsýsluúrræða, sem gripið er til, og þeirra stjórnsýslumarkmiða, sem að er stefnt.

Ljóst liggur fyrir, að stefnandi kom ekki margsinnis með bifreiðina til álesturs og vanrækti að færa akstursstöðu í akstursbók. Einnig var önnur meðferð og umgengni stefnanda um ökumæli og akstursbók ábótavant. Þrátt fyrir það verður að telja, að viðurlögin séu meira íþyngjandi en efni standa til, einkum þegar tekið er tillit til þeirra hagsmuna, sem í húfi eru.

Úr framangreindum annmörkum á meðferð málsins og ákvörðun þess var ekki nægjanlega bætt við meðferð þess í ráðuneytinu, sem staðfesti ákvörðun lögreglustjórans og innheimtumanns ríkissjóðs í Garðabæ. Samkvæmt þessu er stjórnvaldsákvörðun stefndu bæði með málsmeðferðar- og efnisannmarka. Dómurinn telur því, að þegar af þessum ástæðum beri að ógilda greinda stjórnvaldsákvörðun stefndu.

Stefnandi hefur ekki gert nægilega grein fyrir því tjóni, sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Hefur t. d. ekki verið gerð grein fyrir því viðskiptalega tjóni, sem stefnandi hafi getað orðið fyrir. Hefur hann ekki lagt fram efnahags- og rekstrarreikning undanfarinna ára eða önnur gögn, sem sýnt gætu, hvort og hversu mikill hreinn hagnaður varð af rekstri bifreiðarinnar, eða annað, er bent gæti til þess hugsanlega tjóns hans. Af þessum sökum telur dómurinn, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, svo að fullnægjandi sé, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni. Lagaheimild skortir til að dæma stefnanda miska. Dómurinn telur því ekki fært að taka til greina annan lið kröfugerðar stefnanda, og ber að sýkna stefndu af þeim kröfum.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvarðanir stefndu, lögreglustjórans og innheimtumanns ríkissjóðs í Garðabæ og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um álagningu þungaskatts vegna áætlaðs 49.500 kílómetra viðbótaraksturs á bifreiðina G-2432 fyrir akstursímabilið 15. júní 1987 til 30. maí 1988 eru ógildar.

Stefndu, lögreglustjórinn og innheimtumaður ríkissjóðs í Garðabæ og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu in solidum greiða stefnanda, Pálma Sigurðssyni f. h. einkafirma hans, Dráttarbíla, 200.000 kr. í málskostnað.

Stefndu skulu vera sýknir af öðrum kröfum stefnanda.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 367/1993. **Hrafnhildur Vilhelmsdóttir**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Herborgu Árnadóttur
(Sveinn Snorrason hrl.)
og til réttargæslu
Atla Vagnssyni persónulega og
f. h. Vagns Jónssonar, fasteignasölu

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1993. Krefst hún þess, að stefndu verði gert að greiða sér 500.105 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. mars 1992 til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að hún verði sýknuð af kröfum áfrýjanda og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Aðalkrafa stefndu er studd þeim rökum, að sanngjarnt sé með hliðsjón af niðurstöðu héraðsdóms, að kostnaður af mati því, er hún lét fram fara, gangi á móti þeirri fjárhæð, sem henni var gert að greiða áfrýjanda, eftir því sem við þurfi til fullrar skuldajöfnunar milli þeirra. Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og eru því ekki efni til að sinna þessari kröfu.

Álitaefnið hér fyrir dómi er þannig aðeins það, hvort stefnda geti mætt kröfu áfrýjanda um 500.105 króna greiðslu af kaupverði fasteignarinnar nr. 6 við Silungakvísl í Reykjavík með kröfu um afslátt eða skaðabætur, að fjárhæð allt að 438.000 krónur, vegna galla á snjóbræðslukerfi í steinsteyptri stétt við útgöngudyr á húsinu, en þá kröfu styður stefnda við meginreglur 1. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Umrædd stétt er framan við þverbyggingu út frá aðalhúsi á lóð eignarinnar, þar sem skjól er af aðalhúsinu á aðra hönd og bílskúr á hina, og er stéttin að hluta jafnframt þak yfir innisundlaug í kjallara hússins. Í stéttinni er röralögn fyrir affallsvatn frá hitunarkerfi hússins, sem nýta átti til snjóbræðslu. Að sögn áfrýjanda varð lögnin fyrir frostskemmdum, meðan húsið var í smíðum, án þess að viðgerð yrði við komið, og var hún þá gerð óvirk með aftengingu innan húss. Frá stéttinni liggja þrep niður að bílastæði, sem nær að lóðarmörkum við gangstétt í götunni. Í stæðinu og þrepunum er sams konar snjóbræðslukerfi frá húsinu, sem reynst hefur eins og til var ætlast. Enn fremur er gangstéttin sjálf búin hitalögn. Auk þessa er fram komið, að stefnda og eiginmaður hennar höfðu sett snjóbræðslukerfi í stétt við hús það á Seltjarnarnesi, er þau létu í makaskiptum fyrir hús áfrýjanda.

Áfrýjandi heldur því fram, að snjóbræðslukerfið í stétt og bílastæði hafi verið umfram það, sem telja megi til eðlilegs búnaðar fasteignarinnar. Fyrir liggur, að stefndu var greint frá búnaðinum við kaupin, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Verður að líta svo á, að hann hafi verið meðal áskilinna kosta hins selda. Með skírskotun til forsendna dómsins ber að fallast á það með dómendum, að áfrýjandi hafi ekki fært sönnur á, að tekið hafi verið fram við stefndu, að annmarkar væru á búnaðinum, og verði stefnda ekki sökuð um tómlæti gagnvart þeim. Staðfest er með mati, að úrbótum verði ekki við komið nema með nýrri lögn í stéttina. Á stefnda rétt á skaðabótum úr hendi áfrýjanda, og eru þær hæfilega virtar til þeirrar fjárhæðar, sem stefndu var dæmd í héraði.

Varakrafa stefndu um staðfestingu hins áfrýjaða dóms er þannig tekin til greina.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hrafnhildur Vilhelmsdóttir, greiði stefndu, Herborgu Árnadóttur, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júní sl., er höfðað af Hrafnhildi Vilhelmsdóttur, kt. 111040-4439, Bergstaðastræti 43, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. og 27. maí 1992, á hendur Herborgu Árnadóttur, kt. 040747-3389, Silungakvísl 6, Reykjavík, og til réttargæslu Atla Vagnssyni, hdl. og löggiltum fasteignasala, kt. 180646-4779, Breiðagerði 2, Reykjavík, persónulega og f. h. Vagns Jónssonar, fasteignasölu, með starfsstofu að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Með stefnu, birtri 6. maí 1993, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda í máli þessu.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefnda verði dæmd til að greiða aðalstefnanda 500.105 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. mars 1992 til greiðsludags. Vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti við útreikning vaxta, í fyrsta sinn 20. mars 1993. Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar úr hendi aðalstefndu [...].

Dómkröfur aðalstefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda í málinu og aðalstefnanda gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfða dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að gagnstefndu verði gert að greiða gagnstefnanda 697.000 kr., þannig, að af þeirri fjárhæð komi 500.105 kr. til skuldajafnaðar við kröfu gagnstefndu á aðalsök, en með sjálfstæðum dómi mismuninn, 196.895 kr., auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 30. júní 1992 til greiðsludags, til greiðslu málskostnaðar, þar með málflutningslauna skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfða dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags auk 24.5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur gagnstefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í gagnsök, bæði aðalkröfu og skuldajafnaðarkröfu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða skv. síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar og ekki gerðar kröfur á hendur honum.

Sættir voru árangurslausar í aðalsök og gagnsök.

II.

Aðalsök.

Málavaxtalýsing aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveður málavexti vera þá, að með kaupsamningi, dagsettum 2. október 1991, keypti aðalstefnda, Herborg Árnadóttir, fasteignina nr. 6 við Silungakvísl í Reykjavík af aðalstefnanda. Kaupverðið var umsamið, 28.500.000 kr., sem greiddist að hluta með afhendingu húseignarinnar nr. 15 við Sólbraut á Seltjarnarnesi, að verðmæti 20.000.000 kr., að frá dregnu áhvílandi láni, 425.479 kr., að nettóverðmæti 19.574.521 kr. Þá greiddi kaupandi með fasteignaveðbréfi 7.560.000 kr., tók við áhvílandi láni við Lífesj. stm. rík., 865.374 kr., og skyldi auk þess greiða 20. mars 1992 500.105 kr. Aðalstefnda hafi fengið afsal fyrir eigninni 6. nóvember 1991, þrátt fyrir það að lokaútborgunargreiðsla, 500.105 kr., hefði ekki verið innt af hendi eða sett trygging fyrir greiðslunni. Að því leyti er rangt svofellt ákvæði í afsali: „. . . kaupverð alls hins selda er að fullu greitt, m. a. . . .“ Kaupandi eignarinnar hafi ekki enn greitt útborgunargreiðsluna pr. 20. mars, og sé mál þetta rekið til innheimtu þeirrar greiðslu, þar sem innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur. Uppgjör vaxta og gjalda hafi farið fram um leið og afsal.

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveður kröfu aðalstefnanda reista á bindandi samningi aðila um greiðslu fjárskuldbindingar, sbr. 2. tl. A-kafla kaupsamnings frá 2. október 1991, og vísar til reglna samningaréttar og kröfuréttar um skyldu skuldara til að efna bindandi samninga gagnvart kröfuhafa. Aðalstefnda hafi sett fram órökstuddar kröfur um bætur fyrir ætlaða galla á eigninni vegna snjóbræðslu á svæði milli húss og bílskúrs, sem er aftengd, og þá sé múrlögn á svölum skemmd.

Aðalstefnandi hafi hafnað bótakröfum, enda engan veginn unnt að telja það til sjálfsagðra kosta og eiginleika fasteignarinnar, að svæðið væri hitað, svo og hafi aðalstefndu verið tjáð sérstaklega, að ekki væri hiti í nefndu svæði, heldur eingöngu í bílastæðum, og múrskemmd á svölum hafi alltaf verið augljós.

Aðalstefnda hafi ekki gert athugasemdir vegna ætlaðra galla, þegar afsal var gert, og ekki heldur, þegar eiginmaður aðalstefndu talaði við aðalstefnanda 10. mars 1992, er samkomulag var gert um, að lokagreiðslan yrði greidd Atla Vagnssyni fasteignasala vegna fjarveru stefnanda á greiðsludegi 20. mars 1992. Kvörtun hafi ekki borist aðalstefnanda fyrr en með bréfi aðalstefndu á greiðsludegi 19. mars s. ár, sem var boðsent 25. sama mánaðar, um fimm mánuðum eftir afhendingu eignarinnar. Að þessu leyti sé um

stórfellt tómlæti að ræða hjá stefndu. Aðalstefnda hafi sent aðalstefnanda símskeyti og kvaðst hafa geymslugreitt („deponerað") stefnufjárhæðina aðalstefnanda, en ekki upplýst nánar um skilyrði geymslugreiðslu eða greiðslustað. Er „deponeringunni" sérstaklega mótmælt sem tilefnislausri og án heimildar að lögum.

Aðalstefnandi styður kröfu um dráttarvexti við vaxtalög nr. 25/1987, III. kafla, og krafan um dráttarvexti á tildæmdan málskostnað er studd 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé vegna þess, að lögfræðiþjónusta sé virðisaukaskattsskyld, og því sé aðalstefnanda nauðsyn að krefjast hans úr hendi aðalstefndu af skaðleysissjónarmiðum. Aðalstefnandi kveður réttargæslustefnda stefnt í málinu í tilefni mögulegrar bótaábyrgðar hans vegna mistaka við samningsgerð, þegar kaupin fóru fram.

Málavaxtalýsing aðalstefndu.

Aðalstefnda kveður málavexti að nokkru rakta í stefnu. Hins vegar hafi aðalstefnandi látið undir höfuð leggjast í málavaxtalýsingu sinni að skýra frá því, sem hún mátti vita, að á hinni seldu húseign að Silungakvísl 6 í Reykjavík voru verulegir leyndir gallar annars vegar og að öðru leyti ekki þeir kostir á eigninni, sem lýst hafði verið og aðalstefnda hafði við kaupin ástæðu til að áskilja, að á henni væru. Hafi þetta komið fljótlega í ljós, eftir að aðalstefnda fluttist í húseignina. Við skoðun á húseigninni fyrir kaupin hafi aðalstefndu verið skýrt frá því, að snjóbræðslukerfi væri í öllum stéttum, og sérstaklega á það bent, hvaðan það lægi út í stétt í geymslu áfastri ruslatunnugeymslu. Hins vegar hafi ekki verið skýrt frá því, sem síðar hafi komið í ljós, að mikill hluti kerfisins hafði, áður en kaup fóru fram, orðið fyrir frostskemmdum.

Áður en kaupin fóru fram, hefði aðalstefnandi fullyrt við aðalstefndu, að á snjóbræðslukerfinu væri sjálfvirk stýring, sem dreifði hitanum um það, og þyrfti því engar áhyggjur af því að hafa, að það gæti frosið. Það var þó ekki fyrr en langt var liðið á nóvember, er aðalstefnda hafði búið í húsinu um það bil viku eða hálfan mánuð, að frost gerði og nokkurn snjó. Ekki hafi þá sést þess nein merki, að neinn hiti væri í stéttinni framan við inngang við húsið. Nokkru síðar hafi eiginmenn aðila hist, og skýrði þá eiginmaður aðalstefnanda frá því, að lagnir í plani hefðu sprungið í frosti og eyðilagst. Þessu hafði aðalstefnandi leynt með sviksamlegum hætti, þegar kaup voru gerð. Við skoðun á húsinu hafi aðalstefndu verið bent á, að lítillega þyrfti að lagfæra yfirborð pússningar framan við dyr á hjónaherbergi út á svalir. Um veturinn hafi hins vegar komið í ljós, að um meiri háttar galla var að ræða, og við skoðun, sem fagmaður vann, kom í ljós, að trefjasement hafði

verið notað til þess að loka og hylja sprungur í svalagólfinu, að því er virtist, til þess að leyna raunverulegum göllum. Ljóst sé, að ílögnin undir væri ónýt og óhjákvæmilegt að brjóta hana alla upp og leggja að nýju.

Þá kveður aðalstefnda hafa komið í ljós við skoðun á eigninni, að móða var á gleri í garðhúsi og að skipta þyrfti því. Aðalstefnandi hafi fullyrt, að gler þetta væri í ábyrgð framleiðanda, sem bæri að bæta fyrir gallana. En þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og áskoranir hafi aðalstefnandi látið undir höfuð leggjast að láta af hendi gögn, er staðfestu þessa ábyrgð.

Málsástæður og lagarök aðalstefndu.

Aðalstefnda kveður ágreiningslaust, að stefnufjárhæð nemi sömu fjárhæð og eftirstöðvar kaupverðs skv. samningi. Vegna galla þeirra, sem að framan sé lýst og óefað má gera ráð fyrir, að kosta muni mun meiri fjárhæð að bæta úr en stefnukröfunni nemur, hafi aðalstefnda tilkynnt aðalstefnanda, að hún myndi fresta greiðslu, þar til bætt hefði verið úr göllunum eða samið um afslátt af kaupverði vegna þeirra. Leitaði aðalstefnda meðalgöngu fasteignasalans í þessu skyni. Þegar séð var, að aðalstefnandi var hvorki til viðtals um viðgerðir á göllunum né um afslátt af kaupverði, hafi aðalstefnda geymslugreitt stefnufjárhæðina ásamt vöxtum frá gjalddaga til geymslugreiðsludags.

Sýknukrafa aðalstefndu er reist á þeirri málsástæðu, að hún eigi gagnkröfu á hendur aðalstefnanda um afslátt af kaupverði skv. 1. mgr. og greiðslu skaðabóta vegna galla skv. 2. mgr. 42. gr. lausafjárkaupalaga nr. 39/1922 eða með lögjöfnun frá þeim ákvæðum, og nemi fjárhæð gagnkröfunnar sömu fjárhæð og stefnukrafan í máli þessu. Neiti aðalstefnandi áfram samningum um afslátt, bætur eða greiðslu kostnaðar við að bæta úr göllunum, áskilji aðalstefnda sér fullan rétt til að láta dómkveðja matsmenn til þess að meta kostnað við að bæta úr göllunum, sem nemi hærri fjárhæð en stefnukröfur þessa máls.

III.

Gagnsök.

Málavaxtalýsing gagnstefnanda.

Gagnstefnandi lýsir málavöxtum á sama veg og í greinargerð sinni í aðalsök. Þá telur hún, að þar sem sættir hafi ekki tekist, hafi eigi orðið hjá því komist að láta dómkveðja matsmann til þess að gefa lýsingu á göllunum og álit á því, hvernig úr megi bæta, og á kostnaði við endurbætur. Hann hafi skilað matsgerð sinni, dagsettri 5. apríl sl., en samkvæmt henni sé kostnaður við að bæta úr göllum þeim, sem að framan greinir, 697.000 kr. miðað við verðlag í apríl 1993, en án virðisaukaskatts á vinnu á byggingarstað. Þessi fjárhæð sé stefnukrafan í málinu.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda.

Gagnstefnandi styður kröfur sínar því, að gagnstefndi hafi látið undir höfuð leggjast að skýra gagnstefnanda frá göllum þeim, sem að framan hefur verið lýst og gagnstefnda hafi vitað um, er kaup voru gerð. Verði ekki annað séð en það hafi verið gert í því skyni að leyna þeim. Enn fremur verði að telja, að gagnstefnda hafi gert sér fulla grein fyrir því, þar sem um jafndýra eign sé að ræða og raun er á og samningur greinir, að gagnstefnandi hefði við kaupin áskilið, að slíkir gallar væru ekki á eigninni.

Bótaskylda gagnstefndu og réttur gagnstefnanda til bótagreiðslu eða afsláttar af kaupverði er reistur á ákvæðum 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, beint eða með lögjöfnun. Varakrafa er reist á ákvæðum vaxtalaga og upphafstími vaxta miðaður við kröfugerð í greinargerð í aðalsök. Málskostnaðarkrafa er reist á heimild í 129. gr. einkamálalaga.

Málavaxtalýsing gagnstefndu.

Gagnstefndi vísar til málavaxtalýsingar gagnstefndu, sem fram kemur í stefnu í aðalsök. Gagnstefnda mótmæli sem röngum fullyrðingum í gagnstefnu um ætlaða frásögn gagnstefndu um, að snjóbræðslukerfi væri í öllum stéttum. Gagnstefnanda hafi verið sýnt stýrikerfi snjóbræðslulagnar og skýrt frá því skilmerkilega, að snjóbræðslukerfið væri einungis í bílastæði og engin önnur snjóbræðsla utan húss. Henni hafi verið sýndar lagnir og kranar kerfisins í kjallara hússins, en þar megi sjá, að hluti kerfisins er aftengt, og leynist það engum, sem sjá vill.

Mótmælt er sjónarmiðum gagnstefnanda um yfirborð pússningar á svalagólfi að því leyti, sem látið sé að því liggja, að reynt hafi verið að leyna ástandi þess. Gagnstefnandi hafi skoðunarskyldu og hafi séð ástand svalagólfs, og leyndi það sér ekki. Þegar eftir að lagt var í svalagólfið við byggingu hússins, hafi komið fram sprungur, fimm árum áður en kaupsamningur aðila þessa máls var gerður. Engar tilraunir hafi verið gerðar til að lagfæra gólfið; hins vegar megi vera, að við frágang þakrennu við svalir hafi verið notuð trefjasteypa, en það sé allt annað mál. Þessum lið sé því mótmælt, enda sá eða átti gagnstefnandi að sjá ástand gólfsins við skoðun, áður en kaup fóru fram.

Þá hafi gagnstefnandi gert athugasemdir við móðu, sem var á rúðum í garðhúsi, þegar hún skoðaði eignina. Gagnstefnda hafi enga ábyrgð tekið eða skuldbindingar á sig um að lagfæra það, en rétt sé, að getið var um, að glerið væri frá Íspan, og gagnstefnda teldi, að því fyrirtæki bæri að bæta þennan galla. Gagnstefndu hafi engin skylda borið til að leggja fram gögn til sönnunar ábyrgð glerframleiðanda, en á það skuli bent, að glerframleiðandinn hefur væntanlega hjá sér skráð allt um glerviðskiptin og því ein-

falt fyrir gagnstefnanda að sækja upplýsingar og hugsanlegan rétt til bóta til hans. Þessum lið sé því með öllu mótmælt, enda hafi gagnstefnandi fallið frá kröfum um bætur fyrir nýtt gler á matsfundi 13. janúar 1993. Auk þessa megi benda á, að glerísetning og frágangur garðhúss hafi verið urnin eftir viðurkenndum aðferðum á þeim tíma, þegar glerísetning fór fram, þ. e. með notkun kíttis, en sú aðferð muni að mestu af lögð nú, þó ekki alveg. Telja verði álit matsmanns um þennan þátt málsins fjalla um endurbætur, viðhald og lagfæringar á garðhúsi, en ekki galla. Þá komu kröfur gagnstefnanda í þessum þætti ekki fyrr fram en í greinargerð lögmanns, dags. 30. júní 1993, og því allt of seint.

Málsástæður og lagarök gagnstefndu.

Gagnstefnda telur samkvæmt framansögðu engin rök vera fyrir kröfugerð gagnstefnanda í gagnsök, og því beri að sýkna gagnstefndu af öllum kröfum og dæma gagnstefndu málskostnað, eins og að framan greinir. Gagnstefnda hafi þegar hafnað öllum bótakröfum, enda engan veginn hægt að telja það til sjálfsagðra kosta og eiginleika fasteignarinnar, að stéttin utan húss sé með snjóbræðslu. Öllum málsástæðum og lagarökum gagnstefnanda í III. kafla í gagnstefnu er mótmælt. Gagnstefnandi hafi ekki gert athugasemdir vegna ætlaðra galla, þegar afsal fyrir eigninni var gert, og ekki heldur, þegar eiginmaður gagnstefnanda talaði við gagnstefndu 10. mars 1992 og samkomulag var gert um, að lokagreiðsla skyldi greidd Atla Vagnssyni fasteignasala vegna fjarveru gagnstefndu á greiðsludegi 20. mars 1992. Kvörtun hafi ekki borist fyrr en með bréfi, dags. 19. mars 1992, sem var boðsent 25. mars 1992, um fimm mánuðum eftir afhendingu eignarinnar. Að þessu leyti sé um að ræða stórfellt tómlæti gagnstefnanda.

Krafa gagnstefndu um dráttarvexti og virðisaukaskatt af málskostnaði er reist á sömu rökum og aðalstefnandi fjallar um í aðalsök.

IV.

Svo sem að framan greinir, er krafa gagnstefnanda studd matsgerð Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara, sem dómkvaddur var að beiðni gagnstefnanda til þess að gefa lýsingu á eftirtöldum ætluðum göllum á fasteigninni Silungakvísl 6: a) á snjóbræðslukerfi vegna frostskemmda, b) á ílögn og pússningu svalagólfs framan við svefnherbergi hjóna, c) á gleri og ísetningu glers í garðhúsi svo og að lýsa því, hvernig úr göllunum yrði bætt, og meta kostnað við úrbætur.

Matsgerðinni hefur verið mótmælt af hálfu gagnstefndu sem þýðingarlausri fyrir úrslit þessa máls.

Matsmaðurinn hefur komið fyrir dóminn og staðfest matsgjörðina, sem

er dagsett 5. apríl sl. Í niðurstöðu hennar kemur fram, að óvarlegt sé að reyna viðgerð á núverandi snjóbræðslulögn, sem skemmst hafi í frosti, í stéttinni framan við húsið. Allar tilraunir samfara uppbroti á steypu gætu valdið því, að loft yfir sundlauginni færi að leka. Í ljósi þess sé óraunhæft að leggja í prófun á lögninni með viðgerð í huga. Því sé lagt til, að nýrri lögn verði komið fyrir í múrílögn ofan steypunnar í stéttinni. Er verktilhögun þeirri, sem kostnaðaráætlun er reist á, nánar lýst í matsgerð, en samkvæmt henni er kostnaðarmatið samtals 438.000 kr.

Þá segir um svalagólfið, að múrílögn þess sé illa farin. Sé hún víða holótt og laus frá steypu, og þá sé „glatthúð" yfirborðs ílagnarinnar hvarvetna flögnuð og laus. Aðeins beri á því, að reynt hafi verið að gera við eitthvað af holunum, án sýnilegs árangurs. Af hálfu matsþola hafi því verið lýst yfir, að öll vinna hafi mistekist í upphafi og engar viðgerðir farið fram síðar, svo að hann vissi til. Í matsgerð er gert ráð fyrir, að viðgerð felist í því, að gamla ílögnin verði brotin upp og fjarlægð og nýrri múrílögn þar komið fyrir. Kostnaður við þá viðgerð var metinn 108.000 kr.

Loks er fjallað um glerísetningu í garðhúsi. Matsmaður var samþykkur lýsingu Stefáns Árnasonar húsasmíðameistara, bróður matsþola, á vanbúnaði, er varðar ísetningu glers í garðhúsi. Í þeirri lýsingu kemur fram, að orsök lekans væri aðallega sú, að glerföls hefðu ekki verið loftræst og glerlistar ekki pressaðir að rúðum, þegar þeir voru skrúfaðir fastir við glerjun glugganna. Þá væri frágangur á ísetningu glers í þaki ófullnægjandi. Þéttilista úr málmi vantaði alveg ofan við stóru rúðurnar í þaki garðhússins. Þar hafi einungis verið notað kítti til þéttingar, sem væri engan veginn fullnægjandi frágangur. Búið væri að lagfæra frágang glerjunar að utan á flestum af stóru rúðunum í hliðum og framhlið garðhússins, en ekkert farið að eiga við rúður í þaki. Endurbætur þær á glerjun, sem búið væri að vinna, væru fólgnar í því, að glerlistar voru losaðir úr fölsum, skipt um glerjunarborða og skrúfur og nýir sérsniðnir állistar smelltir í lárétt föls að neðan til loftræstingar. Síðan voru yfir- og hliðarlistar skrúfaðir fastir og jafnframt þrýst vel að rúðum um leið. Ekkert kítti hafi verið notað. Matsmaður taldi endurbætur á glerjun garðhússins vel af hendi leystar. Voru endurbætur á glerísetningu metnar á samtals 151.000 kr.

Dómurinn fór á vettvang og kynnti sér aðstæður.

Niðurstaða.

Rétt þykir að fjalla um aðalsök og gagnsök samtímis, þar sem kröfurnar eru af sömu rót runnar.

Ágreiningslaust er, að aðalstefnda skuldbatt sig samkvæmt ákvæði í 2. tl. kaupsamnings aðila, dags. 2. október 1991, til að greiða aðalstefnanda um-

samda útborgun, 500.105 kr., 20. mars 1992, sem aðalstefnandi krefur um í máli þessu.

Hinn 29. apríl sama ár geymslugreiddi aðalstefnda þá fjárhæð auk dráttarvaxta frá gjalddaga greiðslunnar til geymslugreiðsludags með þeim athugasemdum, að ágreiningur væri um greiðsluna og kaupandi krefðist þess, að fjárhæðin kæmi að hluta eða öllu leyti til frádráttar til að mæta kostnaði vegna lagfæringar á hitalögn í stétt yfir sundlaugarlofti, sem væri á ábyrgð seljanda, og frá greiðslunni drægist því allur kostnaður vegna lagfæringar þessa galla að öllu leyti eða, ef ekki næðist samkomulag þar um, fjárhæð, sem sé jöfn greiðslunni. Var aðalstefnanda tilkynnt geymslugreiðslan samdægurs, en daginn áður krafðist aðalstefnda skriflega úrbóta vegna galla á snjóbræðslu á milli húss og bílskúrs svo og vegna skemmdar í múrlögn á svölum, sem aðalstefnandi hafnaði nokkrum dögum síðar.

Svo sem skilyrðum geymslugreiðslunnar var háttað, verður hún ekki talin fullnægja skilyrðum laga nr. 9/1978 um geymslufé, og þar með telst hún ekki vera fullnægjandi efnd á greiðsluskyldu aðalstefndu samkvæmt framangreindu ákvæði kaupsamningsins. Hins vegar sýndi hún með henni greiðslugetu sína á þeim tíma. Þegar greiðsla útborgunarinnar 20. mars 1992 átti að fara fram, lá ekki fyrir mat á göllum þeim, sem um er deilt í máli þessu, enda nokkrir mánuðir, frá því að kaupin voru gerð.

Gagnstefnandi hefur haldið því fram, að fyrir samningsgerð hafi gagnstefnda og fv. eiginmaður hennar tjáð sér og eiginmanni sínum, að umdeild snjóbræðsla væri sjálfvirk og í lagi, en í nóvember sl. hafi komið í ljós, að hluti hennar var óvirkur. Hvorki gagnstefnda né eiginmaður hennar hafi upplýst þau um, að hluti snjóbræðslunnar væri ótengdur, óvirkur, ónýtur eða skemmdur, fyrir eða við gerð kaupsamnings eða við útgáfu afsals. Þeim hafi hvorki verið gert ljóst við sýningu á stjórntækjum snjóbræðslukerfisins, að hluti þess væri aftengdur, né hafi þau veitt því athygli við skoðun á kerfinu, enda sé sértenging út í umræddan hluta þess úr geymslu og ógerlegt að vita, að þessar leiðslur væru ekki tengdar, nema sérstaklega sé vakin á því athygli, þar sem þessar tengingar séu í kringum önnur rör við inntak og því varla á færi annarra en fagmanna að greina slíkt.

Þessu hefur gagnstefnda mótmælt og haldið því fram, að eiginmanni gagnstefnanda hafi verið sýnt, að snjóbræðsla væri í öllum bílastæðum, en eiginmaður gagnstefndu hafi tilkynnt, að svo væri hins vegar ekki í sundlaugarþaki, þar sem snjóbræðslan hefði sprungið, þegar húsið var í smíðum, og aftengd, svo sem sjá mætti í inntaksklefa, og flísar lagðar þar seinna, þegar engar leiðir fundust til að gera við snjóbræðsluna. Þá hafi eiginmaður gagnstefndu sýnt eiginmanni gagnstefnanda stýrikrana í snjóbræðslukerfinu

í útigeymslu og bent á, hvar kerfið væri, og jafnframt bent á, að hluti kerfisins væri aftengdur í inntaksklefa hússins.

Réttargæslustefndi, Atli Vagnsson, sem kom fyrir dóminn, kannast ekki við, að af hálfu gagnstefndu hafi verið minnst á annmarka á snjóbræðslukerfi, fyrr en síðar var leitað til sín um meðalgöngu um sættir, enda kvaðst hann ella myndu hafa tekið það fram í samningnum. Kaupendum hafi verið sýndar teikningar með grunnmynd og útliti húseignarinnar, en ekki teikningar af pípulögn.

Upplýst er, að snjóbræðslukerfi það, sem um er deilt, kom til tals milli málsaðila. Eins og frágangi á stýrikerfi þess var háttað, verður ekki talið, að gagnstefnandi eða eiginmaður hennar, sem skoðaði kerfið, hafi sem leikmenn átt að gera sér grein fyrir, að kerfið var óvirkt á þeim stað, sem um er deilt. Svo sem upplýsingaskyldu seljanda er háttað, þykir gagnstefnda hafa sönnunarbyrði um það, að kaupanda hafi verið kynnt, að kerfið væri ekki í lagi eða óvirkt. Þykir gagnstefnda ekki hafa fært sönnur á, að tekið hafi verið fram við gagnstefnanda, að framangreindir annmarkar væru á snjóbræðslukerfinu. Ekki verður fallist á gegn mótmælum gagnstefnanda, sem kveðst þegar hafa borið fram munnlega kvörtun í nóvember 1991, að hún hafi sýnt af sér stórfellt tómlæti með því að bera ekki kvörtun fram fyrr en bréflega 19. mars 1992.

Samkvæmt framansögðu þykir gagnstefnandi því eiga rétt á afslætti vegna þessa galla á snjóbræðslukerfinu, sem nemur kostnaðarmati viðgerðar samkvæmt matsgerð hins dómkvadda matsmanns, 438.000 kr., en gagnstefndi hefur ekki hnekkt því mati, og verður matsgerðin því lögð til grundvallar við ákvörðun bótafjárhæðar.

Fram er komið, að gagnstefndu voru sýndar skemmdir á yfirborði flagnar svalagólfs. Þessar upplýsingar og skoðun gagnstefndu á skemmdunum hefðu átt að kalla á frekari athugun af hálfu gagnstefnanda á ástandi svalagólfsins. Gagnstefnandi heldur því fram, að skemmdirnar séu alvarlegri en við hefði mátt búast og reynt hefði verið að hylja sprungur með trefjasteypu. Að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna er hér um slíkan galla að ræða, að varanleg viðgerð gæti hæglega orðið hin sama, hvort sem miðað er við lýsingu gagnstefnanda á því, sem sýnt var við kaupin, eða það ástand svala, sem nú er ljóst.

Dómurinn telur, að gagnstefndu hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni í þessu atriði, og hefði gagnstefnandi átt að athuga svalagólfið nánar, eftir að bent hafði verið á skemmdir í því. Í matsgerð segir, að aðeins beri á, að reynt hafi verið að gera við eitthvað af holum í flögninni. Við vettvangsskoðun fundust ekki merki um trefjasteypu. Með vísan til þessa ber að sýkna gagn-

stefndu af kröfu um greiðslu 108.000 kr., sem er efni og vinna vegna uppbrots og múrílagnar á svölum.

Ágreiningslaust er, að við skoðun á garðhúsi fyrir kaupin kom í ljós, að móða var á rúðum í garðhúsi. Staðhæfði gagnstefnda, að það væri vegna galla á glerinu, sem framleiðandi bæri ábyrgð á og myndi bæta. Fram er komið í málinu, að gagnstefnanda var fyrir kaupin greint frá leka úr lofti garðhúss, þar sem það tengist svölum. Þessar upplýsingar hefðu átt að kalla á nánari skoðun gagnstefnanda. Hvað varðar frágang glers og þéttingu í þaki, er góð aðstaða til að skoða þau atriði frá svölum. Ísetning glers í gluggaveggjum er ekki eins og best verður á kosið, þar sem ekki hefur verið ræst niður úr fölsum. Hér er þó ekki um slíkan ágalla að ræða, að fella beri ábyrgð á gagnstefndu, hvað þetta varðar. Í kaupsamningi aðila eru og ákvæði þess efnis, að eignin sé seld í því ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við að öllu leyti. Þá ber að hafa í huga, að ljóst er, að glerframleiðandinn lætur í té nýtt gler til endurnýjunar án athugasemda. Með hliðsjón af framansögðu ber að sýkna gagnstefnda af kröfu um greiðslu á efni og vinnu vegna endurbóta á glerísetningu í garðhúsi, 151.000 kr.

Ekki er ágreiningur um greiðsluskyldu stefnanda á fyrrgreindri útborgun í aðalsök, svo sem rakið hefur verið. Er fallist á kröfu gagnstefnanda um að skuldajafna afsláttinn, sem hún á rétt á samkvæmt framansögðu, 438.000 kr., við kröfu aðalstefnanda í aðalsök, og skal þá miða skuldajöfnuðinn við gjalddaga útborgunarinnar. Þótt mat hafi ekki legið þá fyrir, svo sem að framan er vikið, var ljóst á gjalddaga útborgunarinnar 20. mars 1992, að tjón aðalstefndu væri talsvert, þar sem umrædd snjóbræðsla var óvirk eða ónýt. Þegar litið er til þessa og þess, að tjón aðalstefndu nam að mestum hluta umræddri útborgun samkvæmt niðurstöðu matsgerðar, var henni vansalaust að greiða ekki afborgunina, enda sýndi hún fram á greiðslugetu sína þá skömmu síðar.

Mismunur samkvæmt framangreindum skuldajöfnuði, sem aðalstefndu ber að greiða aðalstefnanda, 62.105 kr., skal bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. mars 1992 til greiðsludags, og bætast vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti við útreikning vaxta, í fyrsta sinn 20. mars 1993.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kváðu upp Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Eiríki Jónssyni múrarameistara og Sæbirni Kristjánssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefnda, Herborg Árnadóttir, greiði aðalstefnanda, Hrafnhildi Vilhelmsdóttur, 62.105 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. mars 1992 til greiðsludags, og leggjast vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. mars 1993.

Hvor aðili um sig beri sinn málskostnað.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 290/1993. **Pharmaco hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Hlutafélög. Skattar. Jöfnunarhlutabréf. Endurgreiðsla. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1993. Hann krefst þess, að úrskurður ríkisskattanefndar nr. 625/1992 frá 30. júní 1992 verði ógiltur og stefndi verði dæmdur til að endurgreiða sér ofgreidd opinber gjöld, aðallega að fjárhæð 4.680.155 krónur, en til vara að fjárhæð 230.978 krónur. Í vexti krefst áfrýjandi nánar tilgreindra dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. ágúst 1990 til greiðsludags, en til vara vaxta samkvæmt 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 17. gr. laga nr. 49/1987, frá 21. ágúst 1990 til þingfestingardags málsins, 15. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög er hlutafjárhækkun með útgáfu jöfnunarhlutabréfa ekki gild, fyrr en ákvörðun hefur verið skráð. Fallist er á það með héraðsdómara, að þar sé átt við skráningu í Hlutafélagaskrá, sbr. og H. 1994, 758, þar sem því er slegið föstu, að það sé lögbundið skilyrði fyrir útgáfu jöfnunarhlutabréfa, að hún sé tilkynnt til Hlutafélagaskrár.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var samþykkt á aðal-

fundum áfrýjanda árin 1986 til 1990 að hækka hlutafé félagsins með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Var jafnan bókað í fundargerðabók, að ákveðið væri að gefa út jöfnunarhlutabréf, eins og lög leyfðu, og var það einnig skráð í bókhald og ársreikninga félagsins. Jöfnunarhlutabréfin voru síðan gefin út fljótlega, eftir að ákvörðun aðalfundar lá fyrir. Var hlutafjáraukningin alltaf tilgreind í skattframtali áfrýjanda, og skattstjóra voru sendir hlutafjármiðar árlega vegna hlutafjáraukningarinnar. Það var ekki fyrr en með bréfi skattstjóra 2. maí 1990, að áfrýjanda varð ljóst, að ákvörðunin hafði ekki verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Eins og að framan segir, var ákvörðun aðalfunda áfrýjanda um útgáfu jöfnunarhlutabréfa ógild samkvæmt skýru ákvæði hlutafélagalaga.

II.

Ekki er ágreiningur um það, að áfrýjandi hafi í raun gefið út jöfnunarhlutabréf og lagt fram gögn um þau, eins og að framan greinir, til skattyfirvalda án athugasemda af þeirra hálfu fyrr en árið 1990. Verður ekki annað séð en að öll efnisleg skilyrði til útgáfu hlutabréfanna hafi verið fyrir hendi og rétt hafi verið að henni staðið að öðru leyti en því, að á hafi skort tilkynningu til Hlutafélagaskrár. Skattyfirvöld gátu sannreynt þann skort með upplýsingum frá Hlutafélagaskrá, ef tilefni hefði gefist til. Með hliðsjón af því þykir rétt að taka til greina varakröfu áfrýjanda og telja, að skattstjóra Reykjanessumdæmis hafi einungis verið rétt að endurákvarða áfrýjanda skatt fyrir árin 1988 til 1990, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt því á áfrýjandi rétt á endurgreiðslu á 230.978 krónum, sem hann greiddi vegna áranna 1986 og 1987 vegna endurákvörðunar skattstjóra árið 1990 ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Pharmaco hf., 230.978 krónur með vöxtum samkvæmt 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 17. gr. laga nr. 49/1987, frá 21. ágúst 1990 til upp-

sögu dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Arnljóts Björnssonar og
Hjartar Torfasonar

Í máli þessu er óumdeilt, að ákvarðanir áfrýjanda um útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árunum 1986 til 1990 voru skráðar í fundargerðabækur, bókhald og ársreikninga áfrýjanda svo og, að hlutabréfin hafi jafnan verið gefin út, send hluthöfum og upplýsingar um þau færð í hlutaskrá eftir fyrirmælum 24. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sem þá giltu. Ekki er heldur deilt um, að hinu hækkaða hlutafé var skipt milli hluthafa samkvæmt ákvörðunum á aðalfundum áfrýjanda, eins og við átti. Þá hefur stefndi ekki vefengt, að áfrýjandi og einstakir hluthafar hafi á því tímabili, sem hér skiptir máli, talið fram til skatts í samræmi við fyrrnefndar ákvarðanir um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Hins vegar greinir aðila á um, hvort það, að áfrýjandi tilkynnti ekki Hlutafélagaskrá um útgáfu jöfnunarhlutabréfanna fyrr en 10. maí 1990, valdi því, að honum beri að greiða tekjuskatt og eignarskatt vegna næstliðinna starfsára, eins og bréfin hafi aldrei verið gefin út. Eru athugasemdir stefnda við útgáfu jöfnunarbréfa áfrýjanda einskorðaðar við þetta atriði, en það telur stefndi vera skilyrði fyrir því skatthagræði, sem áfrýjandi heldur fram, að hann eigi rétt á.

Leggja verður til grundvallar, að greindar ákvarðanir áfrýjanda um jöfnunarhlutabréf hafi verið teknar með lögmætum hætti og án þess að vegið væri að þeim hagsmunum, sem ákvæðum hlutafélagalaga er einkum ætlað að vernda. Verður ekki fallist á, að ákvarðanirnar séu markleysa í skattalegu tilliti vegna þess eins, að áfrýjandi vanrækti fram á árið 1990 að gæta reglna laga nr. 32/1978 um tilkynningar til Hlutafélagaskrár. Ekki er fram komið, að reynt hafi verið að vefengja ákvarðanirnar, eftir að bætt var úr þessum bresti. Verður við það að miða, að áhrif þeirra á skipan hlutafjár í félaginu hafi orðið varanleg. Ekkert bendir til þess, að áfrýjandi eða hluthaf-

ar hafi með ákvörðunum þessum eða öðrum gerðum í framhaldi af þeim reynt að sniðganga réttarreglur um opinber gjöld.

Ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. meðal annars 1. mgr. 9. gr. og 8. tl. 31. gr. þeirra, veita skattþegnum tiltekið hagræði, ef jöfnunarhlutabréf eru gefin út innan þeirra marka, sem lögin setja. Lögin verða ekki skýrð svo, að hagræði þetta sé, hvernig sem á stendur, háð því, að Hlutafélagaskrá sé tilkynnt um ákvarðanir um jöfnunarhlutabréf innan þess mánaðarfrests, sem greinir í þágildandi lögum nr. 32/1978, sbr. 1. mgr. 147. gr. þeirra. Eins og atvikum er háttað í þessu máli, verður ekki séð, að lagarök mæli gegn því, að áfrýjandi njóti lögmælts skatthagræðis vegna ákvarðana sinna um jöfnunarhlutafé.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, teljum við, að taka beri til greina kröfu áfrýjanda um endurgreiðslu opinberra gjalda, að fjárhæð 4.680.155 krónur. Við álítum, að niðurstaða þessi sé ekki andstæð dómi Hæstaréttar 29. mars 1994 í málinu nr. 10/1994, en í því máli voru atvik aðeins að nokkru leyti sambærileg sakarefni því, sem hér er til úrlausnar.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, teljum við ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um vexti og málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 27. apríl sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 16. september sl.

Stefnandi er Pharmaco hf., kt. 500269-7319, Hörgatúni 2, Garðabæ.

Stefndi er íslenska ríkið, og er fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, stefnt fyrir þess hönd.

Málið er höfðað til ógildingar úrskurði ríkisskattanefndar nr. 625/1992, sem kveðinn var upp 30. júní 1992. Er aðallega gerð krafa um endurgreiðslu ofgreiddra opinberra gjalda, að fjárhæð 4.680.155 kr., en til vara um endurgreiðslu ofgreiddra opinberra gjalda, að fjárhæð 230.978 kr. Þess er enn fremur krafist aðallega, að aðalkrafa verði endurgreidd með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en til vara er krafist vaxta skv. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt til þingfestingardags málsins, en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Sams konar vaxtakrafa er höfð uppi um varakröfu. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þann veg, að á aðalfundum hans árin 1986 til 1990 hafi verið samþykkt að hækka hlutafé hans með því að gefa út jöfnunarhlutabréf. Hafi á hverjum aðalfundi verið ákveðið að gefa út jöfnunarhlutabréf eins og lög leyfðu og það ávallt verið bókað í fundargerðabók. Ákveðinn starfsmaður stefnanda hafi séð um útgáfu jöfnunarhlutabréfanna eftir hvern aðalfund og sent þau hluthöfum. Stefnandi kveðst hafa samþykkt hlutafjárhækkanirnar óáreittur af yfirvöldum, allt þar til honum hafi borist bréf skattstjóra Reykjanessumdæmis, dagsett 2. maí 1990. Þá hafi forsvarsmönnum stefnanda orðið ljóst, að starfsmanni sínum hafði sést yfir ákvæði 37. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 um, að hlutafjárhækkun sé ekki gild, fyrr en ákvörðun hafi verið skráð. Með bréfi, dagsettu 10. maí 1990, hafi stefnandi sent Hlutafélagaskrá tilkynningu um útgáfu jöfnunarhlutabréfanna vegna allra áranna. Þrátt fyrir þessa leiðréttingu hafi skattstjóri breytt framtölum stefnanda fyrir gjaldárin 1986, 1987, 1988 og 1989 þannig, að hlutafé hans hafi verið lækkað sem svari til útgáfu jöfnunarhlutabréfanna. Þetta hafi haft veruleg áhrif til hækkunar á eignarskattsstofni stefnanda. Jafnframt hafi hlutafjárlækkunin áhrif á fjárhæð frádráttarbærs arðs, en sá frádráttur megi aldrei vera hærri en 10% af nafnverði hlutafjár, sbr. 8. tl. 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Hafi fjárhæð hins frádráttarbæra arðs fyrir þessi fjögur gjaldár verið lækkuð. Við það hafi tekjuskattsstofn stefnanda hækkað um verulegar fjárhæðir. Sambærilega breytingu og að framan getur gerði skattstjóri á framtali stefnanda vegna gjaldársins 1990 og tilkynnti honum um það með bréfi, dagsettu 26. júlí 1990.

Með úrskurðum, upp kveðnum 2. júlí og 10. og 27. september 1990, ákvað skattstjóri, að hin endurskoðaða álagning skyldi standa óbreytt. Stefnandi kærði endurákvörðun gjaldanna til ríkisskattanefndar, sem staðfesti úrskurð skattstjóra 30. júní 1992.

Á tímabilinu ágúst til desember 1990 greiddi stefnandi opinber gjöld í samræmi við endurálagninguna, alls 4.680.155 kr., sem er aðalstefnukrafa hans í málinu.

Aðilar eru sammála um þessa málavaxtalýsingu. Þá er enginn tölulegur ágreiningur í málinu og ekki heldur um endurgreiðslutíma, en stefndi hefur fallið frá mótmælum sínum í þá veru, er fram koma í greinargerð hans.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það, hvort vanræksla stefnanda við að tilkynna útgáfu jöfnunarhlutabréfanna til Hlutafélagaskrár eigi að valda því, að útgáfa þeirra sé ógild og hann eigi að greiða skatta, eins og þau hafi aldrei verið gefin út.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi vísar til þess í fyrsta lagi, að það sé röng lögskýring að túlka formreglur hlutafélagalaga þannig, að þær ráði úrslitum um skattlagningu. Tilgangur reglna hlutafélagalaga um skráningu upplýsinga sé að tryggja, að þeir, sem eigi viðskipti við hlutafélög, og aðrir, er hagsmuna eigi að gæta, geti aflað sér vitneskju um efni ýmissa mikilvægra ákvarðana. Í athugasemdum með 37. gr. hlutafélagalaga komi berlega í ljós tilgangurinn með tilkynningarskyldu til Hlutafélagaskrár um ákvörðun um útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hann sé sá að koma í veg fyrir útgáfu þeirra, fyrr en ákvörðunin hafi verið tilkynnt. Hugtakið „gild" í 4. mgr. 37. gr. hlutafélagalaga beri að skilja þannig, að vanræksla í skráningu geti valdið því, að litið verði á óskráða hlutafjárhækkun sem ógilda gagnvart viðsemjendum félagsins og hluthöfum. Hugtakið hafi samkvæmt lagaákvæðinu þessa takmörkuðu þýðingu. Þegar svo stefnandi hafi tilkynnt Hlutafélagaskrá um útgáfuna, hafi hún verið skráð athugasemdalaust. Þá er því haldið fram, að skattstjóra hafi verið ljóst, að útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi verið samþykkt á aðalfundi stefnanda árlega, þar eð stefnandi hafi sent skattstjóra ársreikninga með skattframtölum, auk þess sem hlutafjáraukningin hafi verið tilgreind á skattframtölunum. Til viðbótar hafi svo skattstjóra verið sendir hlutafjármiðar árlega vegna hlutafjáraukningarinnar.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að með því að vanræksla hans um tilkynningarskyldu hafi ekki valdið neinu tjóni, hafi skattstjóra borið að beita svonefndri meðalhófsreglu. Beiting hennar hafi falið í sér, að skattstjóri hefði tilkynnt stefnanda, að hann hefði vanrækt tilkynningarskylduna. Í framhaldi af því hefði skattstjóri gefið stefnanda stuttan frest til að bæta úr vanrækslunni.

Í þriðja lagi hafi jafnræðisregla stjórnsýsluréttar verið brotin á stefnanda. Alkunna sé, að formkröfum hlutafélagalaga sé ekki framfylgt og það látið átölulaust af yfirvöldum, bæði Hlutafélagaskrá og öðrum. Skattyfirvöld hafi aldrei gengið eftir því, að þeim væri framfylgt. Þegar skattstjóri komist að því fyrir tilviljun, að stefnandi hafi ekki fylgt þessum formreglum, sé það brot á jafnræðisreglunni að skylda hann til þungbærra fjárútláta, sem séu reist á allt öðrum lagagrunni en formreglum hlutafélagalaga, þ. e. skattalögum.

Verði ekki fallist á ógildingu úrskurðar ríkisskattanefndar af framangreindum ástæðum, heldur stefnandi því fram, að útgáfa jöfnunarhlutabréfanna hafi öðlast gildi, um leið og hún hafi verið tilkynnt og skráð hjá Hlutafélagaskrá, jafnvel þótt farið væri fram úr þeim fresti, sem settur sé í 147. gr. hlutafélagalaga. Verði að líta svo á, að ákvörðunin öðlist gildi afturvirkt frá

þeim degi, er hún var tekin. Hlutafélagaskrá hafi engar athugasemdir gert og metið hækkunina gilda að öllu leyti.

Varakrafa stefnanda er rökstudd með því, að skattstjóra hafi ekki verið heimilt að endurákvarða stefnanda skatt nema vegna síðustu tveggja ára, sem næst voru á undan því ári, er endurákvörðunin fór fram, þótt í ljós hafi komið, að álagningin væri of lág. Skattstjóra hafi því ekki verið heimilt, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga um tekju- og eignarskatt, að endurákvarða stefnanda skatt fyrir árin 1986 og 1987. Fjárhæð varakröfunnar sé sú fjárhæð, er stefnandi hafi greitt vegna þessara tveggja ára.

Auk framangreindra ákvæða hlutafélagalaga og skattalaga styður stefnandi málsókn sína ákvæðum vaxtalaga og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi heldur því fram, að lokaákvæði 37. gr. hlutafélagalaga sé skýrt og ekkert tilefni til að skýra það öðruvísi en eftir orðum þess. Ljóst sé af því og öðrum ákvæðum V. kafla laganna, að skilyrði þess, að hlutafjárhækkun sé gild, sé, að hún sé skráð. Tilgangurinn með því að setja þetta skilyrði sé sá að tryggja það, að viðskiptamenn hlutafélags og aðrir, er hagsmuna eigi að gæta, geti aflað sér upplýsinga um mikilvægar ákvarðanir hlutafélaga. Þetta eigi einnig við um skattyfirvöld. Því er mótmælt, að ekki hafi hlotist tjón af atferli stefnanda. Þótt skattar hafi verið endurákvarðaðir, hafi þeir greiðst síðar til ríkissjóðs og án vaxta.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi brotið meðalhófsregluna og jafnræðisregluna á stefnanda. Skattstjóra hafi ekki borið að leiðbeina stefnanda um reglur hlutafélagalaga, og jafnvel þótt hann hefði gert það, breytti það engu, þar er slík tilkynning gæti ekki haft afturvirk áhrif. Skattyfirvöldum beri að leggja á skatta samkvæmt gildandi lögum og gæta þess, að samræmi og jafnræði sé milli skattþegna, eftir því sem unnt sé. Framtöl stefnanda hafi fengið sömu meðferð og framtöl annarra, og því hafi jafnræðisreglu verið gætt. Ef litið hefði verið fram hjá því, að hækkun hlutafjár taki gildi við skráningu þess, hefðu ekki sömu reglur gilt um skattlagningu stefnanda og annarra.

Stefndi hafnar varakröfu stefnanda með þeim rökum, að tveggja ára reglan í 2. mgr. 97. gr. laga um tekju- og eignarskatt eigi aðeins við, ef látnar hafi verið í té fullnægjandi upplýsingar í framtali eða fylgigögnum, er reisa mætti rétta álagningu á. Augljóst sé, að svo hafi ekki verið gert, og gildi því 1. mgr. greinarinnar, sem heimili endurákvörðun vegna tekna og eigna síðustu sex ár.

Stefndi vísar til sömu lagaákvæða og stefnandi.

Niðurstaða.

Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. hlutafélagalaga er hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa ekki gild, fyrr en ákvörðun um það hefur verið skráð. Í athugasemdum með frumvarpi því, er síðar varð að lögum um hlutafélög nr. 32/1978, segir, að ákvæðið hafi það í för með sér, að ekki megi gefa út jöfnunarhlutabréf, fyrr en ákvörðunin hafi verið tilkynnt og skráð. Er vísað til þess, að hér sé um áþekka reglu að ræða og í 2. mgr. 21. gr. hlutafélagalaga. Það segir hins vegar ekki, að um sams konar reglu sé að ræða, en í 2. mgr. 21. gr. er aðeins um að ræða skráningu í hlutaskrá.

Með hliðsjón af athugasemdunum verður að skilja ákvæði 4. mgr. 37. gr. þannig, að hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa sé ekki gild, fyrr en hún hefur verið skráð hjá Hlutafélagaskrá. Samkvæmt 1. mgr. 147. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna hækkunina til Hlutafélagaskrár innan mánaðar. Þar eð gildi ákvörðunarinnar er bundið við skráningu í Hlutafélagaskrá, verður ekki fallist á, að hún gildi afturvirkt, eins og stefnandi heldur fram.

Eins og að framan var rakið, láðist stefnanda að tilkynna Hlutafélagaskrá um útgáfu jöfnunarhlutabréfanna. Skattstjóra var því óheimilt annað en meta hana ógilda og endurákvarða skatta stefnanda. Annað mat skattstjóra hefði verið andstætt tilvitnuðu lagaákvæði, auk þess sem hann hefði með því mismunað framteljendum. Þá verður að fallast á það með stefnda, að skattstjóra hafi ekki borið skylda til að leiðbeina stefnanda um reglur hlutafélagalaga. Þar eð útgáfa jöfnunarhlutabréfanna var ógild, voru skattframtöl stefnanda röng og því heimilt að endurákvarða skatta hans sex ár aftur í tímann, sbr. 97. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á það með stefnanda, að ógilda beri úrskurð ríkisskattanefndar nr. 625/1992. Af því leiðir, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Pharmaco hf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 243/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hólm Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Hótanir. Lögreglurannsókn. Sakartæming. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 7. júlí 1995. Vísar ákærði til a- – e-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu. Til þrautavara krefst ákærði, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Ákæruvaldið krefst þyngingar refsingar ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

I.

Ákærði reisir aðalkröfu sína um frávísun málsins frá héraðsdómi á því, að lögreglurannsókn málsins hafi verið framkvæmd af aðila, sem ekki var til þess bær lögum samkvæmt. Hafi Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík, verið skipaður sérstakur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til að annast meðferð kæru Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra á hendur ákærða. Ásgeir hafi hins vegar framselt þetta rannsóknarvald til tveggja lögreglumanna við embætti sýslumannsins í Keflavík í stað þess að annast rannsóknina sjálfur. Verði ekki séð, með hvaða heimild hann hafi getað falið öðrum það verkefni, sem hann var sérstaklega skipaður til að inna af hendi.

Af gögnum málsins, þar á meðal bréfum, sem lögð voru fram við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi, verður ekki annað ráðið en að Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík, er skipaður var til að rannsaka málið sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri samkvæmt 8. gr. laga nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, hafi haft yfirstjórn rannsóknar með höndum og fylgst með gangi hennar í samræmi við þau lög. Á hinn bóginn kemur ekki nægilega skýrt fram í bréfum, sem undirrituð eru af Ásgeiri Eiríkssyni, að hann komi fram sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri í málinu, óháður sýslumanninum í Keflavík. Ekki verður heldur séð, að hann hafi leitað eftir formlegri heimild til að fela lögreglumönnum við embætti sýslumannsins að annast rannsókn málsins í umboði sínu sem sérstaks rannsóknarlögreglustjóra. Er þetta aðfinnsluvert, en gefur hins vegar ekki tilefni til þess að ómerkja málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

II.

Með vætti vitna er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann með athæfi sínu unnið sér til refsingar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvæðum 233. gr. sömu laga, sem vísað er til í ákæru, verður ekki beitt samhliða því lagaákvæði, svo sem atvik málsins eru vaxin. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður niðurstaða hans um sakfellingu ákærða staðfest. Með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 þykir einnig mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða og sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 3. maí, er kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 849/1994: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari fer með mál þetta, sem ríkissaksóknari höfðaði 15. nóvember sl. á hendur Sigurði Hólm Sigurðssyni refsifanga, til heimilis að Kandegade (?) 26, Malmö, Svíþjóð, f. 1. maí 1964, til refsingar fyrir brot gegn valdstjórninni og hótanir með því að hafa á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 27. júlí 1994 í Dómhúsinu við Lækjartorg í þinghaldi, þar sem úrskurðað var um kröfu RLR um gæsluvarðhald ákærða, margsinnis ráðist að Þóri Oddssyni, varalögreglustjóra ríkisins, sem þar gegndi skyldustarfi sínu, með hótunum um að drepa Þóri og fjölskyldu hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Málið var dómtekið að loknum aðalflutningi 28. apríl sl. Við þingfestingu málsins krafðist ákærði þess, að dómari viki sæti. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 20. desember sl. Hinn 12. janúar sl. var ákveðið, að aflað skyldi vottorðs læknis um andlegt heilbrigðisástand ákærða. Hinn 23. mars 1995 var lagt fram vottorð Snorra Ingimarssonar geðlæknis, þar sem segir, að ákærði greinist ekki með þau einkenni geðsjúkdóms, sem mæli gegn því, að hann geti talist sakhæfur.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, segist ekki muna eftir atvikum og ber því við, að hann hafi verið í vímu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Miðvikudaginn 27. júlí sl. var ákærði færður fyrir dóm í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík vegna kröfu, er vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins lagði þar fram og þá um gæsluvarðhald fyrir þjófnað. Ákærði, sem látinn hafði verið laus eftir þriggja og hálfs árs afplánun 26. júlí sl., viðurkenndi brot sín að hluta. Var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 1. september sl. Af hálfu rannsóknarvaldsins var þá ákveðið, að ákærði skyldi fyrst um sinn látinn vera í einangrun og að heimsóknir, bréfaskipti og aðgangur að fjölmiðlum skyldu takmörkuð, þar til öðruvísi yrði ákveðið samkvæmt heimild í 108. gr. laga nr. 19/1991. Fulltrúi rannsóknarvaldsins vakti athygli ákærða á heimild 3. mgr. um heimild til að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara, og óskaði ákærði þá eftir endurskoðun dómarans á ákvörðun rannsóknarans. Ákvað dómarinn að fresta úrlausn til næsta dags og gefa verjanda ákærða kost á að árétta kröfu ákærða skriflega

og rökstyðja hana. Urðu þá þeir atburðir, sem eru tilefni máls þessa. Voru þá í þingstofunni auk dómarans þingvitnið, sem jafnframt var dómritari, vararannsóknarlögreglustjórinn, verjandi ákærða við rannsókn og tveir lögreglumenn.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum og telur sig ekki muna eftir atvikum. Fjögur vitni hafa gefið skýrslu fyrir dóminum, vararannsóknarlögreglustjóri, tveir lögreglumenn og dómritarinn. Öllum ber þeim saman um, að ákærði hafi oftsinnis hótað að bana Þóri. Þrjú þeirra sögðu, að hótunin hefði jafnframt beinst að fjölskyldu hans. Annar lögreglumaðurinn taldi sig ekki muna eftir því, en þegar lesinn var fyrir honum framburður hans við lögregluranns6kn um það efni, kvað hann það myndu vera rétt, sem þar var haft eftir honum, að ákærði hefði einnig hótað fjölskyldunni bana. Telst þannig fullsannað, að ákærði hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Vararannsóknarlögreglustjórinn kveðst hafa álitið, að ákærði væri til alls vís, m. a. vegna langvarandi fíkniefnaneyslu, og segir hótunina hafa vakið hjá sér ótta um velferð fjölskyldu sinnar og sína eigin. Annar lögreglumaðurinn segir ákærða hafa verið mjög „aggressívan" og ógnvekjandi. Framburður annarra vitna og gögn málsins í heild, þar á meðal sakavottorð, benda til, að ærin ástæða hafi verið til að óttast, að ákærði gerði alvöru úr hótunum sínum. Brot ákærða telst þannig rétt fært til refsiákvæða.

Samkvæmt álitsgerð geðlæknis kemur til greina, að ákærði sé haldinn persónuleikatruflunum, sem einkennist af gallaðri félagslegri hæfni eða andfélagslegum háttum, drykkjusýki og lyfjafíkn. Hann átti erfiða æsku, var tekinn frá móður sinni fimm ára gamall vegna illrar meðferðar og komið fyrir á barnaheimili, þar sem hann dvaldist til ársins 1974, er hann fluttist aftur heim til móður sinnar.

Samkvæmt sakavottorði hófst sakaferill ákærða árið 1979. Hefur hann sætt refsingum fyrir dómi þrjátíu og tvisvar, þar af fjórum sinnum fyrir þjófnað, nauðgun, nytjastuld og umferðarlagabrot, fyrir 18 ára aldur. Tvisvar hefur hann gengist undir sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot. Sex sinnum hefur hann sætt refsingu fyrir áfengislagabrot, 14 sinnum fyrir umferðarlagabrot og 15 sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir nauðgun, fjórum sinnum fyrir líkamsárás (217. og 218. gr. hgl.), tvisvar fyrir rán og einu sinni fyrir húsbrot. Hann hefur samtals verið dæmdur til að sæta frelsissviptingu, án þess að fullnustu væri frestað skilorðsbundið, í 127½ mánuð. Auk þess, sem talið hefur verið, hlaut ákærði tveggja ára fangelsi fyrir þjófnað hér fyrir dómi 9. september sl., en refsing var færð í 15 mánaða fangelsi með dómi Hæstaréttar 27. október sl. Dómur í þessu máli er hegningarauki við dóm í því máli.

Með framburði vitnanna þykir sannað, að ákærði hafi skýrt frá því, sem rétt er, að hann væri haldinn lifrarbólgu. Samkvæmt framburði lögreglumannanna og vararannsóknarlögreglustjórans kvað hann sjúkdóminn bráðsmitandi og ræddi um smitunarhættu í tengslum við hótun sína við vararannsóknarlögreglustjórann. Hann hafði orð á, að hann myndi fyrst drepa börn Þóris og síðan hann sjálfan. Ákærði viðhafði hótanir sínar með svo ógnandi látbragði, að annar lögreglumaðurinn sá ástæðu til að hafa hendur á honum.

Samkvæmt framburði lögreglumannanna hélt ákærði áfram að ræða um hótanir sínar í lögreglubifreið á leið í fangelsið og kvaðst ætla að hefja líkamsæfingar til að auka þrek sitt, svo að hann yrði hæfari til að framkvæma áform sitt.

Nokkrum dögum eftir atburðinn bað ákærði annan lögreglumanninn fyrir afsökunarbeiðni, og 16. ágúst sl. við skýrslutöku í rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík bað hann fyrir afsökunarbeiðni til Þóris og skilaboð þess efnis, að ekkert hefði búið að baki hótunum sínum og að hann bæri engan óvildarhug til hans; hann hefði verið í „black-out" og myndi ekkert eftir því, sem gerðist. Hvorki lögreglumennirnir né þingvitnið telja sig hafa merkt, að ákærði væri undir annarlegum áhrifum. Af framburði vitnanna verður ekki ráðið, að ákærði hafi verið í vímu, þannig, að hann myndi ekki eftir atburðum þess vegna. Hann var handtekinn 27. júlí sl. kl. 05.00–05.30 og færður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sama dag, kl. 20.45. Ekkert var bókað um hótanir ákærða, en af því verður ekki dregin sú ályktun, að þinghaldi hafi verið lokið, þegar hann hafði þær uppi, eins og verjandi ákærða hefur haldið fram. Af gögnum málsins, munnlegum og skriflegum, verður ekki annað ráðið en atvikið hafi orðið við lok þinghalds, þegar dómari ákvað að fresta ákvörðun skv. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 til næsta dags.

Þegar þess er gætt, sem að framan greinir um feril ákærða, andlega heilbrigði, hegðun hans, eftir að hann framdi brotið, og atvik að broti hans, þykir refsing hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Þá þykir bera að dæma hann til að greiða sakarkostnað, eins og þar greinir nánar.

Samkvæmt ákvæðum 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994 um breyting á þeim lögum, skal m. a. greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög, þar á meðal, hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Dómurinn er saminn samkvæmt þessum ákvæðum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fimm mánaða fangelsi. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 65.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 93/1994. **Geirlaug Sigurðardóttir**
(Ragnar Halldór Hall hrl.)
gegn
St. Jósefsspítala
(Logi Guðbrandsson hrl.)

Ráðningarsamningur. Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1994. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 993.462 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Auk þess krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi var félagi í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR), sem gerði samning 16. nóvember 1984 og annan sama efnis 5. maí 1987 við stefnda vegna þeirra félaga sinna, er störfuðu hjá honum. Samkvæmt samningunum skyldu kjör félagsmanna SFR hjá stefnda vera í samræmi við kjarasamning félagsins og fjármálaráðherra, og réttindi og skyldur áttu að vera hliðstæð því, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Óumdeilt er í málinu, að samningur þessi tók til áfrýjanda. Samkvæmt greinargerðum stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti verður málflutningur hans skilinn svo, að viðurkennt sé, að 14. gr. laga nr. 38/1954 geti átt við um stöðu áfrýjanda, ef skilyrðum greinarinnar er fullnægt. Að því athuguðu er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að staða áfrýjanda hafi verið lögð niður. Ber að meta skyldur stefnda með hliðstæðum hætti og skyldur ríkisins samkvæmt lagaákvæðinu.

II.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjanda hafi verið boðin endurráðning hjá honum, en því hafi hún hafnað. Þessu mótmælir áfrýjandi. Því til stuðnings hefur hún lagt fram bréf eða minnisblað stefnda til SFR 9. apríl 1992 með lista yfir þá félagsmenn, „sem ekki verða endurráðnir", og er nafn áfrýjanda þar á meðal. Við tvö nafnanna á listanum er tekið fram, að starfsmanni hafi verið boðin endurráðning, en það á ekki við um nafn áfrýjanda. Í framburði áfrýjanda fyrir dómi kom fram, að hún hefði, eftir að henni var ljóst, að ekki var gert ráð fyrir endurráðningu hennar, haft samband við Borgarspítalann að eigin frumkvæði til að leita eftir starfi. Síðar hefði hún rætt við Gunnar Má Hauksson, rekstrarstjóra stefnda, og telur hún, að það hafi verið um miðjan aprílmánuð. Hafi Gunnar Már þá verið búinn að frétta, að hún hefði fengið starf hjá Borgarspítalanum, en talað um, að hann hefði haft starf fyrir hana. Það hafi aldrei komist svo langt, að rætt hafi verið um, hvaða starf það væri.

Gunnar Már Hauksson skýrði svo frá fyrir dómi, að áfrýjandi hefði verið búin að ráða sig til Borgarspítalans, er hún kom til hans, og ekki haft áhuga á starfi hjá stefnda, sem hann hafi talið koma til greina. Aðspurður kvaðst hann ekki geta sagt, að hann hefði boðið henni starf, en hún hefði lýst því eindregið yfir, að hún hefði ekki áhuga á þessari vinnu.

Af hálfu Gunnars Más kom ekki fram, hvenær umrætt samtal fór fram. Þykir bera að miða við samkvæmt framburði áfrýjanda, að það hafi ekki farið fram fyrr en um miðjan aprílmánuð, en uppsagnarfrestur áfrýjanda rann út 30. apríl. Verður því að líta svo á, að fyrir miðjan apríl hafi ekkert legið fyrir af hálfu stefnda um endurráðningu áfrýjanda. Stefndi hefur ekki sýnt óyggjandi fram á, að eftir þann tíma hafi hann boðið henni ákveðna stöðu, sambærilega hinni fyrri, og þykja viðbrögð stefndu í framangreindu viðtali í ljósi aðstæðna ekki verða metin sem höfnun slíkrar stöðu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ráðning áfrýjanda hjá Borgarspítalanum, þar sem hún hóf störf sem læknaritari í byrjun maí 1992, jafngildi ráðningu samkvæmt 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Þessu mótmælir áfrýjandi og kveður það starf hafa verið mjög ólíkt fyrra starfi, laun hafi verið lægri, og auk þess hafi hún flust í annað stéttarfélag og annan lífeyrissjóð. Þegar litið er til þessara

fullyrðinga, sem ekki hefur verið hnekkt af hálfu stefnda, ber að fallast á mótmæli áfrýjanda, og verður þessi málsástæða stefnda því ekki tekin til greina.

III.

Samkvæmt framansögðu þykir áfrýjandi eiga rétt til biðlauna úr hendi stefnda. Kröfugerð sína miðar áfrýjandi við föst laun auk fastrar yfirvinnu, sem nam 10 klukkustundum á mánuði, og desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi. Þá miðar hún við tólf mánaða biðlaun samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, þar sem samanlagður starfstími hennar hjá ríkinu og stefnda hafi verið rúmlega 18 ár, en áfrýjandi hóf störf hjá stefnda 15. janúar 1984 og hafði því starfað þar rúmlega átta ár, er hún lét af störfum. Stefndi telur, að eingöngu eigi að miða við starfstíma áfrýjanda hjá honum, og beri þá aðeins að greiða biðlaun í sex mánuði samkvæmt ákvæðinu. Einnig heldur stefndi því fram, að uppsagnarfrestur eigi að teljast til biðlaunatíma, og eigi því að miða við 1. febrúar 1992, er uppsagnarfrestur hófst.

Með hliðsjón af samningi stefnda og SFR, sem áður er getið, svo og því, að ómótmælt er, að við launagreiðslur til áfrýjanda hafi stefndi miðað við samanlagðan starfsaldur hennar hjá honum og ríkinu, verður sá starfsaldur lagður til grundvallar. Hins vegar ber að líta til þess tilgangs biðlaunareglu 14. gr. laga nr. 38/1954 samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum að tryggja starfsmanni laun, sem svara ríflegum uppsagnarfresti, þegar staða hans er lögð niður. Þykir því rétt, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur áfrýjanda teljist til tólf mánaða biðlaunatímans. Samkvæmt því ber stefnda að greiða áfrýjanda biðlaun í níu mánuði frá 1. maí 1992 að telja, þ. e. til janúarloka 1993.

Fallast ber á þá kröfu áfrýjanda, að fastar greiðslur vegna yfirvinnu svo og desemberuppbót 1992 og hlutfall af desemberuppbót 1993 skuli reikna með biðlaunum. Laun áfrýjanda með fastri yfirvinnu námu 80.720 krónum á mánuði, og laun í níu mánuði því 726.480 krónum. Til viðbótar kemur desemberuppbót 1992, 16.548 krónur, og hlutfall desemberuppbótar 1993, 1.379 krónur. Er ekki ágreiningur um, að leggja megi þessar fjárhæðir til grundvallar. Ber

stefnda samkvæmt þessu að greiða áfrýjanda 744.407 krónur samtals með dráttarvöxtum, eins og nánar segir í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, St. Jósefsspítali, greiði áfrýjanda, Geirlaugu Sigurðardóttur, 744.407 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem hér segir: af 80.720 krónum frá 1. maí 1992 til 1. júní sama ár, af 161.440 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 242.160 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 322.880 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 403.600 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 484.320 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 565.040 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 645.760 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1993 og af 744.407 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 18. maí sl.

Stefnandi er Geirlaug Sigurðardóttir, kt. 010933-4719, til heimilis að Furugerði 19, Reykjavík.

Stefndi er St. Jósefsspítali, kt. 710169-5949, Ægisgötu 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 993.462 krónur með dráttarvöxtum [...].

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti samkvæmt heimild í 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 1. maí 1993.

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins úr hendi stefnanda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda verði dæmdur málskostnaður af hálfu stefnanda samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

St. Jósefsspítali er sjálfseignarstofnun og rekur Landakotsspítalann í Reykjavík. Stefnandi varð starfsmaður spítalans 15. janúar 1984. Hún var allan starfstíma sinn félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og tók laun samkvæmt tilteknum launaflokki í samræmi við það.

Með bréfi, dagsettu 27. janúar 1992, var stefnanda sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara, og í samræmi við það hætti hún störfum 30. apríl það ár. Í uppsagnarbréfinu kemur fram, að óhjákvæmilegt sé að draga saman rekstur spítalans síðari hluta árs 1992 vegna mikillar lækkunar á framlögum til spítalans á fjárlögum ársins 1992. Verði rekstur stofnunarinnar endurskipulagður og síðan endurráðnir eins margir starfsmenn og unnt verði.

Stefnandi telur ástæðu uppsagnarinnar vera þá, að ákveðið hafi verið að fækka stöðum á spítalanum og staða hennar verið lögð niður.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar bera fyrir sig.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að hún hafi sem starfsmaður St. Jósefsspítala, Landakoti, haft hliðstæð réttindi og borið samsvarandi skyldur og þeir, sem falla beint undir ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þótt hún hafi ekki verið ríkisstarfsmaður, komi þetta skýrt fram í ráðningarsamningi sínum. Þar er Starfsmannafélag ríkisstofnana tilgreint sem stéttarfélag hennar, en þar er einnig svofellt ákvæði:

> Um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fer eftir því, sem í samningi þessum greinir, og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags, sem tilgreint er að ofan, eins og hann er á hverjum tíma, enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins og starfsmaðurinn hafi rétt til aðildar að stéttarfélaginu samkvæmt samþykktum þess.

Stefndi og Starfsmannafélag ríkisstofnana gerðu 5. maí 1987 sérstakan samning í tíu greinum. Í 1. grein hans segir, að samningurinn taki til þeirra starfsmanna St. Jósefsspítala, „sem eru félagar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana eða í stéttarfélögum innan þess, og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum". 5. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

Réttindi og skyldur félagsmanna skulu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi telur af þessu ljóst, að um rétt sinn til biðlauna gildi sömu reglur og gilda um ríkisstarfsmenn, og ráðist sá réttur af efni laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 14. gr. þeirra laga eigi þeir, sem lögin taka til, rétt til biðlauna í tólf mánuði, hafi þeir starfað

samtals fimmtán ár við störf, sem veita rétt til biðlauna. Stefnandi telur augljóst af áðurgreindum samnings- og lagaákvæðum, að við ákvörðun biðlauna sér til handa verði að leggja saman starfstíma sinn hjá ríkisstofnunum og hjá stefnda. Stefnandi hafi unnið hjá ýmsum ríkisstofnunum við störf, sem veita henni rétt til biðlauna, áður en hún hóf starf hjá stefnda, t. d. hjá Ríkisspítölum, Sakadómi Reykjavíkur og Skipaútgerð ríkisins. Þegar þjónustutími hennar hjá þessum aðilum sé lagður við starfstíma hennar hjá stefnda, sé sá starfsaldur, sem biðlaunarétturinn ráðist af, orðinn meiri en 18 ár. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 beri henni því biðlaun í tólf mánuði, frá því að staða hennar var lögð niður. Biðlaunaréttur samkvæmt þessu lagaákvæði sé skýr og skerðist aðeins samkvæmt beinum ákvæðum lagagreinarinnar, þ. e., ef starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu hjá vinnuveitandanum. Þetta eigi ekki við hér, því að stefnanda hafi ekki verið boðin nein staða, sem skert gæti biðlaunarétt hennar, eftir að henni var sagt upp störfum hjá stefnda.

Stefnandi telur biðlaun eins og þau, sem mælt er fyrir um í 14. gr. laga nr. 38/1954, vera lögákveðnar bætur til starfsmanns, sem sagt er upp starfi vegna þess, að staða sú, sem hann hefur gegnt, er lögð niður.

Stefnandi telur ekki leika á því nokkurn vafa, að ástæða þess, að henni var sagt upp starfi sínu, sé sú, að ákvörðun hafi verið tekin um að leggja stöðu hennar niður. Þetta sé skýrt tekið fram í uppsagnarbréfi til hennar, sem reifað er efnislega hér að framan.

Stefnandi kveður fjárhæð kröfu sinnar miðast við föst laun, er hún hefði haft hjá stefnda á þeim tíma, sem krafist er biðlauna fyrir, svo og kaupauka, sem hún hefði hlotið á þeim tíma samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Hún hefði tekið laun samkvæmt launaflokki 237 – 8. þrepi. Starfshlutfall hennar hafi verið 100% og mánaðarlaun 73.382 kr. samkvæmt þeim launaflokki. Að auki hafi stefnandi ávallt fengið greidda fasta yfirvinnu, sem svaraði 10 klst. á yfirvinnukaupi á mánuði án sérstaks vinnuframlags. Yfirvinnukaupið hafi á biðlaunatímanum verið 7.338 kr. á mánuði. Samkvæmt þessu hefðu föst laun hennar í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 á biðlaunatímabilinu því verið 80.720 kr. á mánuði.

Þessu til viðbótar eigi stefnandi að fá greidda desemberuppbót samkvæmt grein 1.7. í kjarasamningi, 16.548 kr., á gjalddaga í desember 1992 og vegna ársins 1993 8.274 kr. á gjalddaga í lok biðlaunatímabilsins. (Full desemberuppbót reiknast 30% af launum samkvæmt launaflokki 244 – 6. þrepi, en fyrir hluta úr ári er reiknað hlutfallslega.)

Um vaxtakröfur sínar vísar stefnandi til ákvæða III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Stefnandi mun leggja fram málskostnaðarreikning undir rekstri málsins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilyrði þess, að krafa um biðlaun stofnist, sé, að staða hafi verið lögð niður, en það skilyrði skorti hér.

Í 14. gr. laga nr. 38/1954 sé gert ráð fyrir því, að verði ekki um að ræða greiðslu biðlauna, ef starfsmaður tekur við nýju starfi í þjónustu ríkisins. Í samningi St. Jósefsspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana segi, að félagar skuli njóta réttinda, sem séu „hliðstæð" við réttindi samkvæmt lögunum. Verði því að telja, að sams konar starf hjá sams konar stofnun sé nægilegt til þess, að biðlaun falli niður. Í samkomulagi, sem gert hafi verið á milli stefnda og Borgarspítala, hafi verið gert ráð fyrir því, að starfsmenn stefnda nytu forgangs um störf hjá Borgarspítala.

Stefnandi hafi ráðist til sams konar starfa og hún hafði gegnt hjá stefnda á Borgarspítalanum fyrir meðalgöngu stefnda og samkvæmt nefndu samkomulagi.

Þá hafi stefnandi hafið störf á St. Jósefsspítala 15. janúar 1984 og því ekki verið búin að vinna fimmtán ár hjá stefnda, er henni var sagt upp störfum, miðað við 30. apríl 1992. Er því mótmælt, að hún eigi rétt á biðlaunum í tólf mánuði.

Þá er fjárhæð kröfu mótmælt með því, að samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi að jafnaði aðeins að greiða föst laun.

Þá er þess krafist, að upphafstími biðlaunagreiðslu verði 1. febrúar 1992 og að greidd laun í uppsagnarfresti dragist frá kröfunni.

Þá er mótmælt vaxtakröfu af þeim hluta launanna, sem þegar sé greiddur.

Forsendur og niðurstaða.

Á fundi í framkvæmdastjórn stefnda 24. janúar 1992 var eftirfarandi bókun lögð fram:

> „Framkvæmdastjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að undirbúa uppsagnir allra starfsmanna St. Jósefsspítala fyrir næstu mánaðamót að höfðu samráði við yfirstjórn. Áður en samþykkt þessi komi til framkvæmda, sé ráðuneytum heilbrigðismála og fjármála kynnt sú staða, sem spítalinn stendur frammi fyrir í ljósi þeirra fjárveitinga, sem veittar hafa verið til starfsemi hans á yfirstandandi ári."

Á fundi í yfirstjórn stefnda 28. janúar 1992 var bókað, að framkvæmdastjóri skýrði þá ákvörðun framkvæmdastjórnar að heimila framkvæmda-

stjóra að höfðu samráði við yfirstjórn að segja upp öllu starfsfólki spítalans frá næstu mánaðamótum að telja.

Á fundi í fulltrúaráði stefnda 29. janúar 1992 var eftirfarandi m. a. bókað:

> „Framkvæmdastjórn hefur samþykkt tillögu um, að öllu starfsliði spítalans verði sagt upp störfum og síðan endurráðið eftir endurskipulagningu."

Bókanir þær, sem gerðar voru á fundi framkvæmdastjórnar 24. janúar 1992 og á fundi yfirstjórnar 28. sama mánaðar, voru bornar undir fulltrúaráðið og samþykktar þar.

Aðgerðir þær í starfsmannahaldi, sem hér er fjallað um, voru beinlínis gerðar í því skyni að spara í rekstri stofnunarinnar. Hlaut því til þess að koma, að einhverjar stöður yrðu lagðar niður.

Í 14. gr. starfsmannalaga er ekki að finna skilgreiningu á því, hvað átt sé við með niðurlagningu stöðu. Í athugasemdum við 14. gr. frumvarps til starfsmannalaga segir þó, að átt sé t. d. við þau tilvik, þegar staða er lögð niður af sparnaðarástæðum.

Stefnandi gegndi starfi læknaritara og bar starfsheitið læknafulltrúi samkvæmt ráðningarsamningi, og var starfshlutfall hennar 100%.

Samkvæmt yfirliti um fjölda starfsmanna, sem lagt var fram á dskj. nr. 21, kemur fram, að stöðum læknaritara fækkaði úr 15,30 í 10,30 frá árslokum 1991 til ársloka 1992, og í skýrslu stefnanda kom fram, að hún hefði starfað ásamt tveimur öðrum læknariturum við að skrifa fyrir allar deildir utan röntgendeild og að öll störfin hefðu verið lögð niður.

Ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu, að endurráðið hafi verið í þá stöðu, er stefnandi gegndi, og verður því fallist á það með stefnanda, að staðan hafi verið lögð niður í skilningi starfsmannalaganna.

Í skýrslu vitnisins Gunnars Más Haukssonar, sem var rekstrarstjóri á Landakoti, er atvik máls þessa urðu, kom fram, að hann hefði haft samband við skrifstofustjóra Borgarspítalans til þess að útvega stefnanda vinnu. Hafi verið tekið mjög vel í það. Stefnandi hafi síðan talað við skrifstofustjórann og byrjað að vinna á Borgarspítalanum upp úr þessu. Þá sagði vitnið, að komið hefði fram hjá stefnanda, að hún hefði ekki haft áhuga á því að halda áfram að starfa á Landakoti, svo að ekki hefði til þess komið, að henni hefði verið boðin staða þar.

Um þetta sagði stefnandi, að ekki hefði verið komið svo langt, að sér hefði verið boðin staða á Landakoti; reyndar hefði rekstrarstjórinn sagt við sig, að hann hefði starf handa sér, en hann hefði verið að tala við skrifstofustjórann á Borgarspítalanum og stefnandi verið búin að ráða sig í vinnu þar.

Framburður stefnanda og vitnisins Gunnars Más benda eindregið til

þess, að stefnandi hafi ekki kært sig um starf hjá stefnda, enda þótt hún hafi átt kost á því, og verður að líta svo á, að skilyrði lokamálsliðar 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaga sé ekki fullnægt, og ber því að sýkna stefnda af biðlaunakröfu stefnanda.

Rétt þykir að fella niður málskostnað á milli aðila.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, St. Jósefsspítali, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Geirlaugar Sigurðardóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 248/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kynferðisbrot. Frelsissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað með stefnu 12. júlí 1995 að ósk ákærða með vísun til a- – c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar, og komi þá til frádráttar gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt vegna málsins.

Við úrlausn sína byggir héraðsdómur á framburði kæranda að meginefni til, en margvísleg atriði eru framburði hans til styrktar. Ekkert er fram komið, sem veitt getur tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Er fallist á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsiákvæða. Við ákvörðun refsingar er óhjákvæmilegt að líta til sakaferils ákærða, eins og héraðsdómur gerir, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. júlí 1995 kemur dæmdri refsivist til frádráttar auk þeirra sex daga, sem greinir í héraðsdómi.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, Steingríms Njálssonar, frá 12. júlí 1995 kemur að auki dæmdri refsivist til frádráttar.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995.

Ár 1995, föstudaginn 16. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Ingibjörgu Benediktsdóttur og Pétri Guðgeirssyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 527/1995: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí sl., á hendur ákærða, Steingrími Njálssyni, nú refsifanga á lögreglustöðinni á Akureyri, kennitala 210442-3679.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa 6. janúar 1995 gert tilraun til kynferðismaka við B. M., fæddan 1967, vangefinn mann og 75% öryrkja, sem ákærði hafði þekkt nokkur ár, og jafnframt brotið gegn frjálsræði hans, svo sem rakið er, en fyrr þennan sama dag hafði ákærði boðað B. M. á sinn fund, veitt honum áfengi og sýnt honum klámkvikmyndir á þáverandi heimili sínu að 1 götu 15 við Suðurlandsveg í Reykjavík og einnig gefið honum áfengi og peninga í spilakassa í veitingahúsi í borginni.

I. Tilraun til kynferðisbrots.

Um kl. 20 nefndan dag hafi ákærði farið aftur með B. M. inn á framangreint heimili sitt og í því skyni að notfæra sér andlega annmarka hans til að hafa við hann kynmök sýnt honum klámkvikmyndir, klætt sig úr öllum fötum og farið höndum um kynfæri sín í návist hans og lagt að honum að afklæðast líka, káfað á honum og reynt í nokkur skipti að taka buxur hans niður um hann og þá náð að strjúka innanverð læri hans, en vegna mótþróa B. M. tókst ákærða ekki að koma fram vilja sínum.

II. Brot gegn frjálsræði.

Í framhaldi af þeim atburðum, sem greinir í I. lið, hafi ákærði neytt B. M. til að dveljast áfram á heimili sínu með því að hindra hann í því að komast út úr húsinu, tekið af honum yfirhöfn hans í þessu skyni, fylgt honum eftir um íbúðina og haft í hótunum við hann og gripið í hann og reynt að halda honum, en B. M. tókst loks að forða sér og náði að stöðva bifreið, sem leið átti um Suðurlandsveg um kl. 22, og fékk aðstoð.

III.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt I. lið varða við 196. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1922, og háttsemi hans samkvæmt II. lið aðallega við 1. mgr. 226. gr., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

– – –

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og vætti þeirra B. M., Þórarins og Helga Þrastar er sannað, að B. M. dvaldist talsverðan tíma heima hjá ákærða þetta kvöld og var í mikilli geðshræringu, þegar þeir Helgi Þröstur hittust, og fram eftir kvöldi, eins og móðir hans, Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögregluvarðstjóri og Ívar Þór Jónsson aðstoðarlæknir hafa borið. Frásögn piltsins af atburðunum heima hjá ákærða og aðdraganda þeirra er í sjálfu sér trúverðug. Þykja eftirtalin atriði sérstaklega styrkja frásögn hans, að hann skildi eftir kuldagallann með veskinu heima hjá ákærða, að fatnaður hans var í ólagi, þegar hann kom heim, að hann hefur í öllum meginatriðum haldið fast við skýrslur sínar í málinu, allt frá því að hann sagði móður sinni frá atburðunum, er hann kom heim, að ákærði var nakinn, þegar lögregla kvaddi dyra hjá honum, og loks, að hjá ákærða fundust klámspólur, sem pilturinn hafði lýst. Þykir að þessu athuguðu ekki varhugavert þrátt fyrir neitun ákærða að treysta að fullu frásögn B. M. um sakarefni og aðdraganda þess.

Ákærði kveðst hafa kynnst B. M. fyrir þremur til fjórum árum. Samkvæmt gögnum málsins er B. M. verulega greindarskertur, með greindarvísitölu 65 stig. Að mati dómsins getur þetta ástand hans ekki dulist neinum, sem einhver samskipti á við hann. Verður að hafna þeirri viðbáru ákærða, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þroskastigi hans. Ákærði hefur með kynferðistilburðum sínum gagnvart B. M., það er að sýna honum klámkvikmyndir, afklæðast sjálfur, fara höndum um kynfærin á sér, leggja að piltinum að afklæðast og reyna að toga niður um hann buxurnar, gerst sekur um tilraun til þess að eiga við hann kynferðismök og þannig brotið

gegn 196. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992. Telja verður aftur á móti ósannað með hliðsjón af dómskýrslu piltsins, að ákærði hafi strokið innanverð læri hans.

Fyrir utan það að grípa til B. M., þegar hann fór út úr húsinu, hefur ekki verið leitt í ljós í málinu, að ákærði hafi svipt hann frelsi með valdi eða beinlínis lokað hann inni. Af frásögn piltsins er aftur á móti ljóst, að orð og athafnir ákærða gáfu honum fullt tilefni til þess að álíta, að honum væri ófrjálst að fara. Verður og að telja, að ákærða hafi hlotið að vera þetta ljóst. Hefur hann þannig brotið gegn 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Brotaferill ákærða nær aftur til ársins 1959. Hefur hann verið dæmdur 28 sinnum fyrir margvísleg brot, þar á meðal sex sinnum fyrir kynferðisbrot. Í öll skiptin beindust kynferðisbrot hans gegn börnum eða ungmennum. Nemur dæmd óskilorðsbundin refsivist ákærða frá upphafi tæpum tólf árum, en auk refsivistar var ákærði í eitt sinn dæmdur auk refsingar í fimmtán mánaða hælisvist. Þá hefur hann verið sektaður sautján sinnum, aðallega fyrir ölvun.

Dómurinn álítur, að ákærði hafi sett sig í samband við B. M. í því skyni að fá hann til kynferðismaka við sig. Ákærði hefur sex sinnum áður gerst sekur um kynferðisbrot, sem beindust gegn börnum eða ungmennum. Þykir refsing hans með hliðsjón af þessu atriði og sakaferlinum hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 80.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og 80.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sótti málið af ákæruvalds hálfu.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingunni komi sex daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 80.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og 80.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 168/1995. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Kynferðisbrot. Tilraun. Líkamsárás. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið áfrýjað í heild með stefnu 18. maí 1995 að ósk ákærða, sem vísar til a- – c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og einnig af hálfu ákæruvaldsins.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að refsing ákærða verði þyngd og fjárhæð miskabóta úr hendi hans ákveðin 1.000.000 króna, svo sem krafist var í ákæru 7. febrúar 1995. Telur ákæruvaldið, að staðfesta beri ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu og færslu til refsiákvæða vegna þeirrar ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu af sakargiftum samkvæmt ákæru 7. febrúar 1995, en til vara vægari refsingar og lækkunar miskabóta.

Af hálfu ákæruvalds og ákærða er ekki krafist endurskoðunar á niðurstöðum héraðsdóms um sakarefni samkvæmt ákæru 17. janúar 1995.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Leifs Jónssonar læknis 10. október 1995 um heilsufar og hagi kæranda í málinu.

Auk þeirra áverka, sem ákærði bar að morgni 10. júlí 1994 og bentu til nýlegra átaka, fundust ummerki á fötum hans og bifreið, sem gátu komið heim við frásögn kæranda af skiptum þeirra. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á þá niðurstöðu dómenda, að ákærði hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi með þeim ásetningi að hafa við hana samræði og þannig orðið sekur um tilraun til nauðgunar samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. hegningar-

laganna. Jafnframt sé hann sekur um líkamsárás, er varði við 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og hafi áverkar á kæranda, sem lýst er í ákæru, hlotist af atlögu hans. Með hliðsjón af framburði Arnar Smára Arnaldssonar yfirlæknis og frásögnum af falli kæranda úr bifreið um fjórum vikum fyrr og afleiðingum þess þykir þó varhugavert að telja fyllilega sannað, að sprungur í höfuðkúpu kæranda, sem greindust á röntgenmyndum, stafi frá atlögunni. Verður hún þá ekki metin svo stórfelld, að 2. mgr. 218. gr. eigi við, heldur verður verknaður ákærða að þessu leyti talinn varða við 1. mgr. þeirrar greinar.

Brot ákærða var alvarlegt eigi að síður, og þykja ekki efni til að breyta ákvörðun héraðsdóms um tveggja ára fangelsisrefsingu hans.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og fram komnum gögnum, þar á meðal fyrrgreindu læknisvottorði, teljast miskabætur til kæranda á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber ákærða að gjalda þá fjárhæð með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til uppsögu dóms þessa og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, greiði K 500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til uppsögudags dóms þessa og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 90.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnunum Allani Vagni Magnússyni og Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 80/1995: Ákæruvaldið gegn Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, sem tekið var til dóms 27. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 17. janúar og 7. febrúar sl., gegn ákærða, Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Hléskógum 6, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958, fæðingarnúmer 625.

Með ákæru, dagsettri 17. janúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, framin árið 1994:

1. Fyrir að aka laugardaginn 18. júní bifreiðinni X-226 undir áhrifum áfengis frá Hlíðarhjalla 73, Kópavogi, út á Álftanes, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Að kvöldi þriðjudags 26. júlí eða aðfaranótt næsta dags brotist inn í húsnæði Bílamarkaðarins, Smiðjuvegi 46 E, Kópavogi, og stolið tölvu, tölvuskjá, lyklaborði, tölvumódemi, tékka að fjárhæð 8.000 kr. og fjórum bíldekkjum og í heimildarleysi tekið þar bifreið og notað hana til aksturs um götur í Reykjavík, en lögregla hafði uppi á bifreiðinni aðfaranótt miðvikudagsins 27. júlí. Ákærði reyndi árangurslaust að selja tölvubúnaðinn Þorsteini Skúla Ingasyni, kt. 280760-7819, Faxaskjóli 24, Reykjavík.

Telst þjófnaður ákærða aðallega varða við 244. gr., en til vara við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og heimildarlaus taka og akstur bifreiðarinnar við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga".

Með ákæru, dagsettri 7. febrúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar með því að hafa um miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí 1994 við sumarbústað norðan Rauðavatns í Reykjavík veist að K og þröngvað henni til holdlegs samræðis, eftir að hann hafði fellt hana til jarðar, þrengt að hálsi hennar og slegið hana mörg hnefahögg í andlit. Hlaut konan tvær sprungur í höfuðkúpu við vinstra gagnauga, glóðarauga báðum megin auk smærri áverka í andlit og mar á útlimi og á bak, og flís brotnaði úr völubeini í hægri ökkla.

Telst þetta varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 og 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst K miskabóta, 1.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til greiðsludags og að ákærða verði gert að greiða bótaþola málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991".

Málavextir.

Ákæra, dagsett 17. janúar 1995.

Ákæruliður 1.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæruskjali, að því er þennan ákærulið varðar.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og réttilega er fært til refsiákvæðis í ákæru, enda mældist magn alkóhóls í blóði ákærða 0,63‰.

Ákæruliður 2.

Þriðjudaginn 26. júlí 1994 kl. 09.14 var lögreglu tilkynnt um innbrot í húsnæði Bílamarkaðarins að Smiðjuvegi 46 E, Kópavogi. Höfðu útidyr verið spenntar upp og bifreiðin PJ 669, sem þar var innan dyra, tekin. Einnig hafði tölvubúnaður horfið, og síðar kom í ljós, að tékka, að fjárhæð 8.000 kr., og fjórum bíldekkjum hafði verið stolið.

Miðvikudaginn 27. júlí 1994 kl. 03.45 var óskað lögregluaðstoðar að Hlíðarhjalla 73 vegna hávaða frá íbúð þar. Höfðu lögreglumenn tal af húsráðanda, Grétari Magnússyni, kt. 041162-2019, sem lofaði að lækka hávaðann. Er lögreglumenn voru á leið frá vettvangi, veittu þeir athygli ofangreindri bifreið, PJ 669, þar sem hún stóð á bifreiðastæði við ofangreint hús. Ætluðu lögreglumenn að færa bifreiðina með kranabifreið, er þeir sáu áðurnefndan Grétar ganga að bifreiðinni ásamt kvenmanni. Var Grétar handtekinn, og reyndist hann vera með lykla að bifreiðinni í fórum sínum. Í lögregluskýrslu er bókað, að skömmu áður en lögreglumenn fóru að Hlíðarhjalla 73, hafi þeir hitt ákærða sunnan við hús nr. 67. Kvaðst hann vera að koma frá Grétari og vera á leið til Vals að Marbakkabraut 15, Kópavogi.

Grétar Magnússon var yfirheyrður hjá RLR daginn eftir, og kvað hann ákærða hafa verið á umræddum bíl. Kvaðst Grétar saklaus af áðurgreindu innbroti og nytjastuldi. Grétar kvaðst ekki muna, hvernig á því stóð, að kveikjulásslyklar bifreiðarinnar voru í vörslum hans.

Hinn 2. ágúst sl. skýrði Grétar RLR frá því, að einhver karlmaður vestur í bæ, í Sörlaskjóli eða Frostaskjóli, hefði beðið ákærða að útvega sér tölvu.

Hinn 4. ágúst sl. kom Þorsteinn Skúli Ingason, Faxaskjóli 24, á skrifstofu RLR og afhenti þar tölvubúnað þann, er stolið var í áðurgreindu innbroti, og kvaðst hann hafa fengið búnaðinn hjá ákærða fyrir u. þ. b. tíu dögum.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist ekki við að hafa brotist inn í húsnæði Bílamarkaðarins. Ákærði kannaðist ekki við að hafa tekið bifreið í heimildarleysi umrætt sinn, en kannaðist við að hafa verið farþegi í bifreið, sem stúlka að nafni Hildur ók, og hefði hún sagt móður sína hafa lánað sér hana.

Ákærði kvaðst kannast við mann, er héti Þorsteinn Skúli Ingason, og kvaðst hafa átt viðskipti við hann með geisladiska. Ákærði kvaðst hafa kynnst manni, sem var að selja ferðatölvu, og kvaðst hafa kynnt hann fyrir Þorsteini. Kvað ákærði, að rætt hefði verið um kaup á umræddri tölvu, en Þorsteinn síðan ekki getað notað hana. Ákærði kvað Þorstein hafa beðið sig að útvega sér tölvu af Macintosh-gerð með litaskjá. Ákærði kvaðst ekki hafa gert neitt í því og kannaðist ekki við að hafa útvegað Þorsteini tölvu. Ákærði kvað Þorstein hafa talað um, að sér kæmi ekki við, hvernig tölvan væri fengin.

Ákærði kvaðst hafa átt samskipti nokkrum sinnum í fyrra sumar við Þorstein og þá selt honum geisladiska og „kassettur". Ákærði kvað þessi samskipti hafa verið, áður en hann fór í gæsluvarðhald, en ekkert eftir þann tíma.

Vitnið Grétar Magnússon, kt. 041162-2019, Ránargötu 2, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, eftir að honum hafði verið bent á ákvæði 51. gr. laga um meðferð opinberra mála, að ákærði hefði komið að máli við sig, er þeir voru staddir á skemmtistað í miðborginni, og sagst vera kominn á nýjan bíl. Hefði ákærði boðið vitninu og vinkonu þess far með bifreiðinni, en vinkona vitnisins ók að Hlíðarhjalla í Kópavogi. Kvaðst vitnið hafa ætlað að tala við ákærða og sambýliskonu vitnisins vegna kæru hennar á hendur ákærða um nauðgun. Vitnið kvað sambýliskonuna ekki hafa verið heima, og kvaðst vitnið þá hafa fengið bíllykilinn hjá ákærða og farið út með vinkonu sinni til þess að leita að sambýliskonu sinni. Vitnið kvað ákærða ekki hafa skýrt frá því, hvar hann fékk bifreiðina, en vitninu skildist, að ákærði ætti hana. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um áðurgreint innbrot, og þá kvaðst vitnið ekki vita til þess, að ákærði hefði haft þýfi úr því í fórum sínum. Vitnið kvaðst ekki kannast við Þorstein Skúla Ingason, en vissi til þess, að einhver maður hafði beðið ákærða um að útvega sér tölvur.

Vitnið Þorsteinn Skúli Ingason, kt. 280760-7819, Faxaskjóli 24, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði kynnst ákærða, sem hafi sýnt áhuga á bókum og geisladiskum, sem vitnið átti. Vitnið kvað ákærða hafa

talað um, að hann gæti selt vitninu geisladiska, og kom hann nokkrum sinnum og reyndi að selja vitninu, en vitnið kvaðst ekki hafa átt viðskipti við hann. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að það hefði áhuga á að kaupa tölvu af Apple-gerð, og sagðist ákærði geta útvegað hana. Vitnið kvað ákærða eitt sinn hafa komið í heimsókn að nóttu til og sagst vera kominn með tölvu. Vitnið kvaðst hafa farið inn í nýlegan rauðan bíl, sem ákærði var á, og var hann einn á ferð. Vitnið kvaðst hafa séð, að tölvan, sem ákærði var með, hentaði vitninu ekki. Vitnið kvað ákærða þá hafa sagt, að hann þekkti mann, sem ætti tölvu, sem hentaði, og vildi hann fá fé til þess að leysa tölvuna út. Varð að samkomulagi, að ákærði skildi tölvuna og vetrardekk eftir til tryggingar. Kvað vitnið tölvuna síðan hafa verið í vörslum sínum, þar til lögreglan hafði samband við sig og tjáði sér, að um þýfi væri að ræða. Þá kvað vitnið ákærða hafa sýnt sér ávísun, að fjárhæð um 8.000 krónur, er nota átti sem greiðslu fyrir tölvuna, og sýndist vitninu ávísunin vera frá Bílamarkaðnum eða fyrirtæki með svipuðu nafni. Vitnið mundi eftir því, að Grétar Magnússon hefði komið í heimsókn til vitnisins, eftir að tölvan var komin á heimili þess, og kvaðst vitnið hafa beðið Grétar að koma þeim skilaboðum til ákærða að taka tölvuna.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa brotist inn í umrætt fyrirtæki og stolið þar þeim verðmætum, er í ákæru greinir. Þá hefur ákærði ekki kannast við að hafa tekið bifreiðina PJ-669 í heimildarleysi, en kannast við að hafa verið farþegi í henni, og hafi ökumaðurinn, Hildur að nafni, sagt, að móðir sín ætti bifreiðina. Í málinu er upplýst, að Grétar Magnússon hafði kveikjulásslykla bifreiðarinnar í fórum sínum og var á leið í bifreiðina, er hann var handtekinn, en ákærði var fótgangandi og ætlaði annað. Engin vitni eru að samskiptum ákærða og Þorsteins Skúla, og upplýst er, að tölvubúnaðurinn kemur í leitirnar, eftir að Grétar skýrir lögreglu frá því, að karlmaður vestur í bæ hafi beðið ákærða að útvega sér tölvu. Þá ber að hafa í huga, að skömmu áður hafði sambýliskona vitnisins Grétars lagt fram kæru á hendur ákærða fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar, og ber að meta framburð vitnisins Grétars með hliðsjón af því.

Þegar framanritað er virt, þykja eigi fram komin næg gögn, er tengi ákærða með ótvíræðum hætti við ofangreindan verknað, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds, að því er þennan ákærulið varðar.

Ákæra, dagsett 7. febrúar 1995.

Sunnudaginn 10. júlí 1994 kl. 01.37 var óskað lögregluaðstoðar að Reykási 25 hér í borg, en tilkynnt hafði verið um ölvaða konu, sem hefði orðið fyrir líkamsárás. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af kæranda, K [...],

Kópavogi. Skýrði hún svo frá, að hún hefði komið hlaupandi frá húsi við Rauðavatn, þar sem sér hefði verið misþyrmt með barsmíðum og nauðgun. Kvaðst hún þekkja árásarmanninn, og í lögregluskýrslu er hann sagður heita Kristján. Kærandi kvað hann vera vin eiginmanns síns, og kvaðst hún hafa lamið og sparkað frá sér og jafnframt klórað árásarmanninn. Í lögregluskýrslu er bókað, að kærandi hafi verið sokka- og skólaus, klædd í gallabuxur og síðermabol.

Sama dag kl. 06.09 var ákæröi handtekinn við norðurhorn Hafnarhússins í Reykjavík, en hann lá sofandi á gangstétt. Lögreglumenn töldu hann talsvert ölvaðan, og var hann færður í fangageymslur. Í lögregluskýrslu er bókað, að hann hafi verið klæddur svörtum bol með þrykkimyndum, bláum gallabuxum og lopapeysu. Er bókað, að klæðnaður hafi verið allur í lagi.

Kærandi fór á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans kl. 02.08 sama morgun, og tóku þær Valgerður Sigurðardóttir læknir og Ingveldur Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur á móti henni. Meðal gagna málsins er frásögn kæranda af atburðum, skráð af lækninum. Þar segir m. a.: „Heimilislaus kunningi eiginmanns konunnar bauð henni upp að Rauðavatni. Þau voru úti undir beru lofti og neyttu áfengis. Hann byrjaði síðan að reyna við hana, en hún kærði sig ekki um það. Þá réðst hann á hana og barði hana margsinnis, náði henni úr öllum fötum nema blússu og nauðgaði henni gegnum leggöng, en náði ekki að fara í endaþarm. Hann reyndi m. a. að taka hana kverkataki. Hún barðist á móti og veitti honum einhverja áverka. Hann barði hana margsinnis, sérstaklega í andlit, bæði fyrir og eftir nauðgun, og elti hana um svæðið."

Samkvæmt ofangreindum gögnum svarar kærandi því játandi á sérstöku skýrsluformi, að samfarir hafi orðið um leggöng, en neitar því, að samfarir hafi orðið um endaþarm, telur það hafa verið reynt, en ekki tekist.

Samkvæmt ofangreindum gögnum er ástand kæranda við komu á neyðarmóttökuna lýst svo: „Mjög illa til reika. Lauf og mosi í hári, föt skítug og blússa blóðug. Konan er undir áhrifum áfengis, en alveg skýr og „áttuð" og gefur greinargóða sögu. Hún er óttaslegin, grátandi, með mikinn skjálfta og hroll, endurtekur sífellt, að hún hafi þurft að berjast fyrir lífi sínu, getur ekki verið ein. Konan sýnir þannig mikil bráðakreppuviðbrögð, en róast þegar líður á skoðun."

Í niðurstöðum Valgerðar Sigurðardóttur læknis eftir skoðun á kæranda segir svo m. a.: „Hún er mjög bólgin í andliti og með áverka þar, á hálsi, vi. öxl, handleggjum, fótleggjum, baki og rasskinnum. Hún getur ekki stigið í hægri fót, enda mjög bólgin um ökkla. Allir áverkar eru ferskir og koma heim og saman við frásögn konunnar um mikil átök, barsmíðar og að hún

hafi legið á bakinu úti í náttúrunni. Engir áverkar sjáanlegir á ytri eða innri kynfærum, sæðisfrumur sáust ekki við smásjárskoðun."

Samkvæmt álitsgerð Gunnlaugs Geirssonar prófessors eftir rannsókn sakargagna, m. a. kynhára, verða ekki greind hár af ætluðum árásarmanni meðal þess, sem kom frá konunni, né heldur fundust hár af konunni meðal þess, sem sent var frá manninum. Þá var það álit prófessorsins, að ekki hefði fundist nægjanlegt erfðaefni (DNA) í flíkum málsaðila, til þess að unnt væri að beita því til persónukennsla.

Leifur Jónsson læknir skoðaði kæranda kl. 13.30 sama dag, og segir í vottorði hans m. a., að á röntgenmynd af höfði hennar hafi fundist tvær fínar sprungur í höfuðkúpu um vinstra gagnauga. Þá hafi flísast úr völubeini í hægri ökkla. Samantekt læknisins er svohljóðandi: „Áverkar á sjúkl. virðast að aldri og útliti geta samrýmzt sögu hennar um líkamsárás. Áverkar á höfði geta samrýmzt höfuðhöggum, á hálsi hálstaki, á úlnliðum grip um úlnliði. Mar á herðablöðum og rispur á mjóbaki geta samrýmzt því, að sjúkl. hafi legið á hörðu og ósléttu undirlagi svo og rispazt nakin. Ökklaáverkinn getur samrýmzt því, að sjúkl. hafi misstigið sig, til dæmis í átökum."

Ákærði var færður til læknisrannsóknar kl. 12.15 sama dag, og í vottorði Leifs Jónssonar læknis er eftirfarandi áverkum ákærða lýst: Mar á vi. gagnauga, rispur á hæ. kinn og enni, rispur beggja megin á hálsi, rispur á mjóbaki, einstaka rispur á hæ. handlegg svo og fleiður með undirliggjandi þrota, einstaka rispur svo og þrjú sár á vi. handlegg og fleiður framan á hægra sköflungi." Þá segir svo m. a. í vottorði læknisins: „Hér er greinilega um gamla og nýja áverka að ræða. Til eldri áverka má telja fleiður á hæ. sköflungi svo og á hæ. framhandlegg. Enn fremur nokkrar rispur á mjóbaki. Aðrar nefndar rispur svo og sár virðast nýtilkomnar, til dæmis frá síðasta sólarhring. Rispurnar geta mjög vel samrýmzt naglaklóri, og sárin á vi. framhandlegg líkjast engu meir en mannsbiti."

Ákærða var tekið blóð og þvag til rannsóknar á alkóhóli og lyfjaleifum kl. 12.45 sama dag. Reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,26‰, og magn alkóhóls í þvagi reyndist vera 2,96‰. Þá var það mat Rannsóknastofu í lyfjafræði, að hann hefði jafnframt tekið díazepam og amfetamín, enda þótt magn þessara lyfja í blóði væri mjög lítið. Þá var talið ótvírætt, að hann hefði neytt kannabiss nokkru áður.

Sama dag kl. 17.00 hafði RLR samband við Svend Richter tannlækni, og var hann beðinn um að taka til rannsóknar hugsanleg bitför á ákærða. Tannlæknirinn skoðaði ákærða og tók myndir. Þá tók hann eftirfarandi áverka til sérstakrar rannsóknar, en þeim er svo lýst í skýrslu hans: Áverki

1: Hringlaga áverki á utanverðum hægri framhandlegg. Nokkur þroti og roði til staðar, sem náði 1–2 cm út fyrir áverkann. Áverki 2: Stuttur V-laga áverki á mótum vinstri fram- og upphandleggs. Áverki 3: U-laga áverki nokkru neðar og utar en áverki 2. Áverki 4: Hringlaga áverki á aftanverðum hálsi vinstra megin. Í skýrslu tannlæknisins eru bókaðar skýringar ákærða á áverkunum. Sagði hann áverka nr. 1 vera eftir heitt púströr, en aðrir áverkar væru vegna vinnu hans við að þurrka fiskhausa.

Tannlæknirinn skoðaði ákærða aftur 13. júlí sl. og myndaði áverkana að nýju, og vildi ákærði þá breyta framburði sínum um tilurð áverkanna. Kvað hann áverka nr. 1 vera brunasár eftir púströr, áverki nr. 2 væri eftir gaddavír, og áverka nr. 3 hefði hann fengið við fall.

Tannlæknirinn tók mát af tönnum ákærða og kæranda, og segir í skýrslu hans, að við samanburð á myndum af tann-/bitförum og myndum af tönnum eða afsteypum af tönnum sé auðveldast að nota spegilmynd (negatífa mynd) af tönnum til samanburðar eða glæru til að leggja ofan á förin (superimposition).

Það er niðurstaða tannlæknisins, að ofangreindir áverkar séu nýlegir og geti verið innan við sólarhringsgamlir. Því til stuðnings sé, að einstakir staðir innan áverkanna virðast vera á sama sáragræðslustigi.

Lokaniðurstaða Svend Richters tannlæknis er á þá leið, að í ljósi rannsóknar á fjórum framangreindum áverkum ákærða séu yfirgnæfandi líkur til, að áverki 1 sé mannsbit, og nokkrar líkur á, að áverkar 2, 3 og 4 séu það einnig. Þegar tekið er tillit til, hversu margar tennur og margir tannfletir kæranda komi heim og saman við för í áverka 1, telur tannlæknirinn miklar líkur til, að hún hafi veitt honum þá með tönnum sínum. Þá var það mat tannlæknisins, að nokkrar líkur séu til, að hún hafi veitt með tönnum sínum áverka 2 og 3, en afstaða var ekki tekin, hvað varðar áverka 4. Þá var það mat tannlæknisins, að skýring ákærða á tilurð áverkanna væri mjög ósennileg og nánast útilokuð.

Við leit í bifreið ákærða, X-226, 10. júlí sl., þar sem hún var í stæði við [...] í Kópavogi, fundust eftirgreindir munir, er kærandi staðfesti, að hún ætti: svartir skór, ljósfjólubláir sokkar, grængráar nærbuxur, órifnar, og nafnskírteini.

Ofangreind bifreið var enn skoðuð 26. júlí sl., og kom þá í ljós, að útblásturskerfi hennar var mjög lélegt, og hafði bindivír eða suðuvír verið vafinn um hljóðdeyfinn og upp í botn yfirbyggingarinnar.

Framburður ákærða og vitna.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði síðastliðið sumar búið um tíma að [...] ásamt M og kæranda, eftir að hann hafði misst húsnæði

sitt. Ákærði kvað þau um miðjan júní í fyrra hafa farið á bifreið ákærða í hringferð um landið, og kvað ákærði það þá hafa gerst, að kærandi henti sér út úr bifreiðinni og meiddist á fæti og höfði.

Ákærði skýrði þannig frá atburðum 9. júlí sl., að hann ásamt M og kæranda hefði farið suður í Hafnarfjörð fyrir hádegi, að því er ákærða minnti, og keypt þar vodka af rússneskum sjómönnum. Ákærði kvaðst hafa verið að aka frá bryggjunni í Hafnarfirði, þegar púströr datt undan bifreið hans. Ákærði kvaðst hafa skriðið undir bifreiðina til að festa púströrið og þá hafa brennt sig á hægri upphandlegg. Ákærði kvaðst hafa tjáð M, að hann hefði brennt sig, og sagði ákærði, að bæði M og kærandi hefðu séð áverkann.

Ákærði kvaðst eftir þetta hafa komið við á púströjónustu til að fá lagfæringu á púströrfinu. Ákærði kvað ekki hafa verið gert við púströrfið, enda kvaðst hann ekki hafa átt fyrir viðgerð. Ákærða minnti, að þau hefðu síðan farið í tívolíið á hafnarbakkanum í Reykjavík, en kvaðst ekki geta fullyrt það. Ákærði kvað þau hafa komið að [...] um kvöldið, en ákærði kvaðst ekki vita hvenær. Ákærði kvaðst hafa hafið neyslu áfengis þá, en ekkert hafa drukkið, meðan hann ók bifreiðinni. Ákærði kvað þau öll hafa sofnað fljótlega, en ákærði kvaðst hafa vaknað, og jafnframt vaknaði kærandi, en M svaf áfram. Ákærði kvaðst hafa ætlað niður í bæ, og vildi kærandi fara með, en ákærði sagði henni, að það væri ekki hægt. Ákærði kvaðst hafa farið einn í leigubíl niður í bæ og farið í tívolíið, en ákærði kvaðst ekki muna, hvað klukkan var þá, en taldi, að komið hefði verið að lokun. Ákærði kvaðst síðan hafa gengið um bæinn, farið inn á nokkra „pöbba", t. d. Skipper, Hafnarkrána og Ölkjallarann. Ákærði kvaðst hafa lent í átökum og fengið áverka við það, m. a. á hálsi. Þá kvaðst ákærði hafa ætlað að brjótast inn, en fengið áverka við það á vinstri hönd eftir gaddavír og hætt við innbrotið. Ákærði kvaðst síðan ekkert vita, fyrr en hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa farið með kæranda í bifreið að Rauðavatni.

Ákærði kvað kæranda oftast hafa verið með föt með sér í bifreiðinni til skiptanna og tók fram, að hann varð ekki var við neitt, sem tilheyrði kæranda, í bifreiðinni, þegar hann lagði henni við [...] um kvöldið.

Ákærði gaf þær skýringar á rispum á baki sínu, sem sjást á mynd nr. 12, að þær væru vegna trjárunna, er hann var í innbroti skömmu fyrir umræddan laugardag.

Ákærði kannaðist ekki við, að áverkar á handleggjum sér væru tannaför, og gaf eftirfarandi skýringar á áverkum nr. 1–4, sem um er getið í skýrslu Svend Richters tannlæknis: Ákærði kvað áverka nr. 1 vera brunasár vegna

púströrs. Ákærði kvað áverka nr. 2 vera eftir gaddavír. Ákærði kvað áverka nr. 3 sennilega vera eftir viðgerð á pústkerfi bifreiðar, og loks kvað ákærði áverka nr. 4 vera eftir áflog í bænum. Ákærði kannaðist við að hafa tjáð tannlækninum, að aðrir áverkar en áverki nr. 1 væru vegna vinnu sinnar við að þurrka fiskhausa, og kvaðst hann þá hafa átt við smærri áverka, sem sjást á myndunum.

Ákærða var sýnd mynd nr. 8 á skjali V, sem er nærmynd af höfði ákærða vinstra megin. Ákærði kvað áverka á vinstra gagnauga vera vegna höggs, sem hann fékk árið 1993, og þá kvað ákærði, að hann hefði fengið högg á þennan stað umræddan laugardag. Þá kvað ákærði áverka á enni vera eftir barefli og hafa komið umræddan laugardag.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýrt frá því áður hjá lögreglu, að hann hefði sagt M og kæranda frá brunasárinu.

Ákærði kvaðst hafa reynt að finna vitni, sem gætu staðfest, að hann hefði verið í bænum á þeim tíma, sem hann segir, en kvað sér ekki hafa tekist það, enda ekki vita nöfn þeirra. Ákærði kvaðst hafa tjáð lögreglumanninum við yfirheyrslu, að hann hefði verið á „pöbbarölti".

Ákærði kannaðist við að hafa lent í áflogum umrætt sinn við 2–3 menn, hvern í sínu lagi, en ákærði kvaðst ekki þekkja þá. Ákærði kvað ekki koma til greina, að hann hefði fengið bitsár í átökum við þessa menn.

Ákærða virtist kærandi hafa náð sér eftir áverkana, sem hún fékk í hringferðinni, en hún hafi verið nokkuð aum á eftir, og þá kvartaði hún um höfuðverk.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa ekið að Rauðavatni laugardaginn 9. júlí sl., kvað þau hafa haldið sig á „Stór-Reykjavíkursvæðinu".

Ákærði kvaðst, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, hafa bent rannsóknaraðilum á fólk, sem hann taldi, að gæti borið um ferðir sínar umræddan laugardag.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði ásamt ákærða og sambýlismanni sínum, M, farið í bíltúr í bifreið ákærða umræddan laugardag og þau ekið um bæinn og meðal annars farið í Hafnarfjörð, þar sem ákærði keypti áfengi í skipi. Kærandi kvað ákærða ekki hafa lent í vandræðum með pústkerfi bifreiðar sinnar og ákærði ekki talað um, að hann hefði brennt sig við að festa pústkerfið. Kærandi kvað þau hafa farið í tívolíið í Reykjavík um kvöldið og síðan heim til kæranda og M [...]. Kærandi kvað M hafa farið að sofa, en ákærða talað um, að þau færu í bíltúr, og samþykkti kærandi það. Kærandi kvaðst hafa neytt áfengis, en gerði sér ekki grein fyrir, hversu mikið. Kærandi kvað þau hafa farið í bifreið ákærða út fyrir bæinn og taldi, að þau hefðu farið að sumarbústað við Rauðavatn.

Kvað hún þau hafa lagst í grasið, en veður var hlýtt og gott. Kvaðst hún hafa spurt ákærða, hvort ekki væri gott að vera til og liggja alsæll með glasið sitt. Kærandi kvað ákærða hafa viljað kyssa sig, en hún kvaðst ekki hafa viljað það og tjáð honum það og sagt honum, að þetta gengi aldrei upp. Kvað hún ákærða hafa lagst ofan á sig, og kvaðst hún hafa beðið hann að hætta. Hann hefði síðan haldið höndum hennar niðri og rifið hana úr buxum og lagst ofan á hana. Hefði hann setið á maga hennar og slegið hana í andlitið. Kærandi kvaðst hafa reynt að ýta honum af sér, en það ekki tekist. Ákærði hefði síðan tekið um höfuð kæranda og slegið því hvað eftir annað í jörðina, og kvaðst hún hafa heyrt bein í höfði sér brotna. Þá hefði hann tekið um háls henni og haldið í hár hennar og sagt: „Ef þú liggur ekki kyrr, drep ég þig!" Er kærandi var yfirheyrð hjá lögreglu, minntist hún ekki á þessi ummæli ákærða, en kvað hann hafa sagt sér að þegja, en hún myndi ekki, hvort hann hótaði henni líkamsmeiðingum eða dauða. Kærandi kvaðst fyrir dómi ekki geta skýrt þetta misræmi. Kærandi kvaðst eftir þetta hafa sparkað ákærða af sér og hlaupið buxnalaus í burtu. Hún kvaðst þó hafa komið aftur á sama stað og þá fundið buxur sínar og farið í þær. Kærandi kvað ákærða hafa náð sér, og þá hafi honum tekist að hafa samfarir við sig, er hún lá á bakinu, og lýsti hún því þannig, að ákærði hefði spurt hana, er hann setti lim sinn inn í leggöng hennar, hvort ekki væri yndislegt að fá hann inn. Kærandi kvað sér hafa tekist að ná ákærða af sér, en samfarirnar hefðu staðið í u. þ. b. eina mínútu. Kvaðst kærandi hafa bitið ákærða, þar sem hún náði til, a. m. k. tvisvar, en ekki gert sér grein fyrir, hvar hún beit hann. Þá kvaðst hún hafa klórað hann. Kærandi kvað ákærða ekki hafa farið úr buxum sínum. Kærandi kvaðst síðan hafa hlaupið á brott og í íbúðahverfi, þar sem hún hitti fólk og bað um aðstoð. Kærandi kvaðst ekki hafa farið inn í bifreið ákærða, eftir að þetta gerðist. Kærandi hafði ekki aðrar skýringar á því, að nærbuxur hennar, skór, sokkar og nafnskírteini fundust í bifreið ákærða, en þær, að ákærði hefði safnað því saman og sett í bifreiðina. Kærandi neitaði því að hafa geymt föt af sér til skiptanna í bifreið ákærða.

Kærandi kvað ákærða hafa búið á heimili þeirra M um tíma, og þá kvað kærandi þau hafa farið hringferð um landið fyrr um sumarið. Kærandi kvaðst hafa orðið fyrir meiðslum í ferðinni og hafa beðið um, að bifreiðin yrði stöðvuð, en þegar því var ekki sinnt, kvaðst hún hafa stokkið út úr bifreiðinni, meðan hún var á ferð. Kvaðst hún hafa meiðst aðeins á fæti við það, en jafnað sig fljótlega. Þá kvaðst hún hafa meitt sig á höfði vinstra megin og fengið smávægilegan heilahristing, en jafnað sig á viku til tíu dögum.

Kærandi vann að loknum lögmætum undirbúningi eið að framburði sínum.

Vitnið M skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði tekið ákærða inn á heimili sitt að [...] um mánaðamót júní/júlí, en hann var atvinnulaus og húsnæðislaus. Vitninu virtist ákærði vera í lagi, og ákváðu þau kærandi að taka ákærða inn á heimili sitt. Þá kvaðst vitnið hafa útvegað ákærða vinnu við að þurrka þorskhausa. Vitnið kvað þau hafa farið í bíltúr í bifreið ákærða umræddan laugardag, m. a. í Hafnarfjörð, og keypti ákærði þar áfengi af rússneskum sjómönnum. Vitnið kvað þau hafa verið saman allan daginn. Vitnið kvað ákærða ekki hafa reynt að gera við pústkerfi bifreiðarinnar, og ekki hafi hann farið á verkstæði þeirra erinda. Vitnið kvað þau sennilega hafa farið í tívolíið þennan dag, en mundi ekki eftir því, að þau hefðu farið á skemmtistað um kvöldið. Vitnið kvað þau hafa farið heim að [...], og neyttu þau áfengis þar. Vitnið kvaðst hafa farið að sofa um miðnætti og ekkert hafa orðið vart við ákærða og kæranda. Vitnið kvaðst hafa vaknað um níuleytið morguninn eftir, og var þá enginn heima, en bifreið ákærða stóð fyrir utan. Vitnið kvað lögreglu hafa skömmu síðar haft samband við sig, og fór hann þá á Borgarspítalann, þar sem honum var tjáð, hvað hefði gerst. Vitnið kvaðst ekki hafa trúað því á ákærða, að hann hefði verið þarna að verki. Vitnið lýsti ferðalagi, sem þau fóru á bifreið ákærða fyrr um sumarið, og kvað vitnið kæranda hafa hoppað út úr bifreiðinni og snúið sig á ökkla, en kvað hana ekki hafa slasast á höfði, a. m. k. ekki haft orð á því. Vitnið kvaðst hafa fengið teygjubindi og vafið um ökkla kæranda, en læknir skoðaði hana ekki. Vitnið kvað kæranda hafa jafnað sig fljótlega af fótarmeininu. Ekki kvaðst vitnið hafa séð áverka á ákærða laugardaginn 9. júlí sl. og kannaðist ekki við, að kærandi hefði haft með sér föt til skipta í bifreið ákærða.

Vitnið Nína Björg Sigurðardóttir, kt. 110369-4769, Reykási 25 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið statt á heimili sínu, er það sá einhvern koma skríðandi yfir götuna við Rauðavatn. Vitnið kvað þarna hafa verið um konu að ræða, sem bað um hjálp og skýrði svo frá, að búið væri að fótbrjóta sig, skemma á sér andlitið og búið eða reynt hefði verið að nauðga sér. Kvað vitnið hana hafa talað um, að vinur manns hennar hefði verið þarna að verki. Vitnið kvað konuna hafa verið í miklu uppnámi, og var lögregla síðan kvödd á vettvang.

Vitnið Flóvent Sigurðsson, kt. 060868-4339, Reykási 25, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn séð stúlku á túninu fyrir neðan húsin við Reykás. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa séð hana liggja fyrir neðan svalirnar illa til reika og þá hafa verið hringt á lögreglu. Vitnið kvað stúlk-

una hafa talað um, að reynt hefði verið eða búið að nauðga sér, og hefði hún talað um, að hún hefði farið í bíltúr með kunningja manns síns. Vitnið kvað að öðru leyti hafa verið erfitt að henda reiður á framburði hennar.

Vitnið Ásgeir Þór Davíðsson, kt. 250150-4909, Suðurhvammi 7, Hafnarfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að það ræki veitingastaðinn Hafnarkrána, Hafnarstræti 9. Kvaðst vitnið kannast við ákærða, en mundi ekki nákvæmlega um ferðir ákærða laugardaginn 9. júlí sl. Vitnið kannaðist við, að ákærði hefði verið settur í aðgöngubann um svipað leyti, vegna þess að hann var grunaður um að hafa stolið veski af manni á veitingastaðnum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða í nokkurn tíma, eftir að hann var settur í aðgöngubannið.

Vitnið Gunnlaugur Björn Geirsson, kt. 300140-3279, prófessor í réttarlæknisfræði, kom fyrir dóm og staðfesti, að þau réttarlæknisfræðilegu sýni, er fundust og vitnið rannsakaði, hefðu ekki nægt til að tengja saman ákærða og kæranda. Vitnið skoðaði í dóminum mynd af áverka nr. 1 í skýrslu Svend Richters tannlæknis og taldi afar ólíklegt, að um brunasár væri að ræða, en blöðrumyndun fylgir yfirleitt slíkum sárum. Vitnið gaf sama svar um mynd af áverka nr. 3. Þá kvað vitnið frekar ólíklegt, að sár nr. 2 í ofangreindri skýrslu væri eftir gaddavír. Vitninu virtist vera um nýlega áverka að ræða, eins til tveggja sólarhringa. Vitnið sá myndir af áverkum á baki ákærða í dóminum og kvað um rispur eða klór að ræða, sem gætu stafað af runnagróðri.

Vitnið Svend Richter tannlæknir, kt. 290847-4789, kom fyrir dóm og staðfesti ofangreinda rannsókn á tannaförum. Vitnið kvaðst hafa lagt rannsókn sína fyrir þrjá erlenda sérfræðinga, er það var statt í Noregi í ágústmánuði sl. Kvaðst vitnið hafa fengið athugasemdir frá þeim, og væru þær hluti af niðurstöðum vitnisins. Vitnið kvaðst við rannsókn sína hafa haft til hliðsjónar framburð kæranda og ákærða, en kvað niðurstöður sínar byggðar á læknisfræðilegu mati á áverkunum.

Vitnið Leifur Jónsson, kt. 180833-4719, læknir kom fyrir dóm og staðfesti læknisvottorð þau, er það gaf vegna máls þessa. Vitnið skoðaði mynd af áverka nr. 1 í skýrslu Svend Richters tannlæknis og sagði þar ekki um brunasár að ræða. Væri um brunasár að ræða, væri umrætt sár kallað þriðju gráðu brunasár, en slíkt sár er aldrei afmarkað eins og þetta sár, því að utan um það myndi vera annarrar gráðu sár og þar fyrir utan fyrstu gráðu brunasár.

Vitnið Örn Smári Arnaldsson, kt. 180437-7119, yfirlæknir á röntgendeild Borgarspítala, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði skoðað röntgenmyndir af höfði kæranda og ekki unnt að greina á þeim, hvort um nýjar sprungur

á höfuðkúpu hennar væri að ræða eða mánaðargamlar. Vitnið kvað hið sama gilda um brot á ökkla kæranda. Þá kvað vitnið ósennilegt, að sá, sem fengið hefði slíkan höfuðáverka fjórum vikum fyrr, hefði ekki leitað læknis, og ósennilegt, að sá, sem verði fyrir höfuðkúpubroti, heyri beinið bresta. Vitnið kvað sprungu í höfuðkúpu vera hið sama og höfuðkúpubrot.

Einnig komu rannsóknarlögreglumennirnir Óskar Þór Sigurðsson og Kristján Hallgrímur Kristjánsson fyrir dóm og staðfestu rannsóknargögn.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa farið í ökuferð með kæranda að Rauðavatni og þröngvað henni til holdlegs samræðis né veitt henni líkamsáverka, eins og honum er gefið að sök. Ákærði hefur kannast við að hafa verið með kæranda og sambýlismanni hennar í bifreið sinni laugardaginn 9. júlí sl. og þá hlotið brunaáverka, sem merktur hefur verið nr. 1 í rannsókn Svend Richters á tannaförum, við það að lagfæra pústkerfi bifreiðar sinnar. Ákærði kvað þau hafa farið að þáverandi heimili þeirra að [...] um kvöldið. Kvaðst ákærði hafa eftir áfengisneyslu þar farið einn í leigubifreið niður í bæ og inn á ýmsa veitingastaði og jafnframt lent í átökum við menn. Þá kvaðst ákærði hafa ætlað að brjótast inn, en fengið áverka á handlegg eftir gaddavír og því hætt við innbrotið. Fer síðan ekki sögum af ferðum ákærða, fyrr en lögreglan vekur hann við Hafnarhúsið kl. 6.09 um morguninn.

Vitnin Nína Björg og Flóvent hafa lýst mikilli geðshræringu kæranda, er hún kom að húsunum við Reykás. Þá hafa verið lögð fram ýtarleg gögn frá neyðarmóttöku Borgarspítalans, þar sem fram kemur m. a. lýsing á ástandi kæranda og frásögn hennar af atburðum. Þá hefur kærandi verið staðföst í framburði sínum um atvik málsins og eiðfest hann fyrir dómi, en þó ber að hafa í huga, að kærandi lýsir því fyrst, er hún kemur fyrir dóm, að ákærði hafi hótað að drepa hana, ef hún væri ekki kyrr. Þá ber að líta til þess, að engir áverkar eru sjáanlegir á kynfærum kæranda, sæðisfrumur finnast ekki við skoðun og engin kynhár finnast, sem tengja ákærða við kæranda.

Telja verður skýringar ákærða á tilurð áverka sinna ótrúverðugar í ljósi þeirra sérfræðigagna, er lögð hafa verið fram í máli þessu. Þegar rannsókn Svend Richters tannlæknis á tannaförum er virt svo og önnur sérfræðigögn, verður að telja nægilega sannað, að áverki, sem merktur hefur verið nr. 1, sé mannabit, og þá telst með sömu rökum nægilega sannað, að kærandi hafi veitt ákærða þennan áverka.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að ákærði hafi farið með kæranda að Rauðavatni og veitt henni þá líkamsáverka, er lýst er í

kæru. Þegar höfð er hliðsjón af framburði vitnisins M um það, hvernig kærandi náði sér af fótarmeini sínu, og framburði læknisins Arnar Smára um höfuðáverka kæranda, þykir í þessu sambandi ekki skipta máli, hvort kærandi hafi hlotið áverka á höfði og fæti við fall úr bifreið nokkrum vikum áður. Þykir ákærði bera fulla ábyrgð á þeim áverkum, er greindust á kæranda. Samkvæmt sérfræðigögnum var atlaga ákærða og áverkarnir slíkir, að brot hans varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar gögn máls þessa eru virt, sérstaklega þær staðreyndir, að engir áverkar eru sjáanlegir á kynfærum kæranda, sæðisfrumur finnast ekki við skoðun og engin kynhár finnast, sem tengja ákærða við kæranda, verður að telja ósannað, að ákærða hafi tekist að hafa samfarir við kæranda. Hins vegar verður að telja sannað með framangreindum gögnum málsins, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að hafa samræði við kæranda, og þykir hann með atlögu sinni að henni hafa sýnt þann ásetning í verki. Telst ákærði því sannur að sök um tilraun til nauðgunar samkvæmt 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Sakfelling, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða á hann verulegan sakaferil að baki. Ákærði hefur frá árinu 1975 hlotið 27 refsidóma fyrir ýmis brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum, aðallega skjalafals, þjófnað, fjársvik og ölvunarakstur. Nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú rétt tæpum sex árum, en ákærði hlaut síðast dóm árið 1990. Auk þessa hefur ákærði nokkrum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot. Ákærða var veitt heimild til ökuleyfis að nýju 15. mars 1993, en var síðast dæmdur fyrir ölvunarakstur 14. mars 1988.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsivistinni ber að draga sextán daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Þá ber að svipta ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæru, dagsettri 17. janúar sl., og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem ákærði var síðast dæmdur fyrir ölvunarakstur árið 1988, eru ítrekunaráhrif fyrri brota fallin niður, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Skaðabætur.

Hrefna Friðriksdóttir hdl. hefur fyrir hönd kæranda krafist 1.000.000 króna miskabóta úr hendi ákærða auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga og lögmannskostnaðar samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ásamt vöxtum og virðisaukaskatti. Við flutning málsins skýrði talsmaður-

inn, sem var viðstaddur alla aðalmeðferð málsins, málskostnaðarkröfuna þannig, að krafist væri greiðslu á 124.500 kr. úr hendi ákærða, og sé virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð. Til vara var krafist greiðslu á lögmannskostnaði að mati dómsins.

Með vísan til 26. gr. skaðabótalaga ber að dæma ákærða til að greiða kæranda 700.000 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 10. júlí 1994 til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 150.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gunnarssonar hdl., 250.000 krónur.

Guðjón Magnússon fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í tvö ár.

Frá refsivistinni skal draga sextán daga gæsluvarðhald.

Ákærði skal sviptur ökurétti í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði K 700.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 10. júlí til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 150.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gunnarssonar hdl., 250.000 krónur.

Föstudaginn 20. október 1995.

Nr. 345/1995. **Júlíus Þorbergsson**
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)
gegn
Grétari Sívertsen
(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Útburðargerð. Leigusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. október. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október, þar sem tekin er til greina krafa varnaraðila um, að sóknaraðili verði með beinni aðfarargerð borinn út úr verslunarhúsnæði í eigu varnaraðila á jarðhæð Rauðarárstígs 41, Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um útburðargerð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af greinargerð sóknaraðila verður ráðið, að hann reisi nú ekki kröfur á þeirri málsástæðu, að hann eigi forleigurétt að þeirri eign, sem hér um ræðir. Hins vegar heldur hann því fram, að hann verði ekki borinn út úr húsnæðinu sökum þess, að hann eigi forkaupsrétt að því. Eftir gögnum málsins hefur varnaraðili veitt nafngreindum fasteignasala umboð til þess að selja þessa eign sína. Ekkert er þó komið fram um, að varnaraðili hafi fengið kauptilboð í eignina, og enn síður, að hann hafi ákveðið að selja hana tilteknum kaupanda. Hugsanlegur forkaupsréttur er því ekki virkur. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að beiðni um útburðargerð verði hafnað af þessum sökum.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Júlíus Þorbergsson, greiði varnaraðila, Grétari Sívertsen, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 22. september sl. og tekið til úrskurðar 2. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Grétar Sívertsen, kt. 251031-3639, Urðarbakka 8, Reykjavík.

Gerðarþoli er Júlíus Þorbergsson, kt. 100844-3549, Heiðarási 3, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að kveðinn verði upp dómsúrskurður þess efnis, að gerðarþoli verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, borinn út úr verslunarhúsnæði á jarðhæð hússins að Rauðarárstíg 41, Reykjavík, sem hann hefur haft á leigu undir söluturninn Drauminn, með beinni aðfaragerð. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, auk þess að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að útburðarkröfu gerðarbeiðanda verði hafnað og að honum verði jafnframt gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu.

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 7. janúar 1989, keypti gerðarþoli rekstur söluturnsins Draumsins sf. Samkvæmt samningnum gekk gerðarþoli inn í leigusamning, dagsettan 15. mars 1988, milli fyrri eiganda söluturnsins og gerðarbeiðanda um húsnæði það á jarðhæð hússins nr. 41 við Rauðarárstíg hér í borg, sem starfsemi söluturnsins fer fram í. Sá samningur var tímabundinn til fimm ára frá 1. apríl 1988. Hefur gerðarþoli rekið söluturninn upp frá því, og stofnaðist því ótímabundinn leigusamningur milli aðila máls þessa, er hinn tímabundni samningur rann út 1. apríl 1993. Hinn 29. nóvember 1994 sagði gerðarbeiðandi upp leiguafnotum gerðarþola að hinu leigða húsnæði með sex mánaða uppsagnarfresti. Gerðarþoli mótmælti uppsögninni 18. maí sl., og sendi gerðarbeiðandi honum þá ítrekað uppsagnarbréf,

dagsett 31. maí sl., þar sem skorað var á gerðarþola að rýma húsnæðið 1. júní 1995. Með bréfi, dagsettu 20. júní 1995, framlengdi gerðarbeiðandi uppsagnarfrestinn um þrjá mánuði, til 2. september sl.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að ágreiningslaust sé með aðilum, að á þeim tíma, sem uppsögn er beint til gerðarþola, hafi verið í gildi ótímabundinn leigusamningur milli aðila. Honum hafi verið sagt upp með skriflegum hætti 29. nóvember 1994 í samræmi við 12. gr. þágildandi húsaleigulaga nr. 44/1979. Í samræmi við 3. tl. 13. gr., sbr. 14. gr., sömu laga sé uppsagnarfrestur ákveðinn sex mánuðir og hann runnið út 1. júní sl. Gerðarbeiðandi hafi síðan framlengt uppsagnarfrestinn um þrjá mánuði, til 2. september 1995, til að uppfylla ákvæði 3. tl. 56. gr. laga nr. 36/1994 um níu mánaða uppsagnarfrest. Sé leigusamningur um hið leigða húsnæði því runninn út, og hafi gerðarþola verið skylt að rýma húsnæðið 2. september sl. að kröfu gerðarbeiðanda. Það hafi hann ekki gert og útburður því nauðsynlegur.

Gerðarbeiðandi mótmælir því harðlega, að gerðarþoli eigi forleigurétt að hinu leigða. Í fyrsta lagi verði í máli þessu ekki fjallað um meintan forleigurétt gerðarþola, enda varði mál þetta réttmæti uppsagnar á leigusamningi, en ekki áframhaldandi leigu húsnæðisins. Í öðru lagi séu ekki efnisleg rök til að verða við kröfu um forleigu. Umrætt húsnæði sé einfaldlega ekki falt til áframhaldandi leigu, enda hafi gerðarbeiðandi gefið fasteignasölu umboð til að selja eignina. Þá sé því mótmælt, að forleiguréttur hafi nokkurn tímann stofnast gagnvart gerðarþola, en verði talið, að hann hafi stofnast, hafi hann fallið niður vegna vangeymslu gerðarþola á rétti sínum. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 36/1994 um húsaleigusamninga, sem gildi um réttarsamband aðila, skuli leigjandi, sem vill notfæra sér forleigurétt samkvæmt 51. gr. laganna, tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a. m. k. þremur mánuðum áður en leigusamningurinn rennur út. Það hafi gerðarþoli ekki gert. Loks gildi forgangsréttur gerðarþola ekki vegna ákvæða 6., 9., 10. og 11. tl. 51. gr. laga nr. 36/1994.

Gerðarþoli byggir á því, að hann hafi greitt leigu skilvíslega fyrir hið leigða húsnæði, eftir að umsaminn leigutími var liðinn samkvæmt leigusamningnum frá 15. mars 1988, og eigi gerðarþoli því rétt til húsnæðisins á grundvelli 17. gr. þágildandi laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979. Í leigusamningnum segi skýrt og ótvírætt, að leigutaki eigi bæði forkaups- og forleigurétt. Svonefnd „þegjandi framlenging" hafi komist á um leigusamninginn, því að báðir aðilar hafi haldið áfram að efna samninginn, gerðarþoli hafi greitt húsaleigu og gerðarbeiðandi leyft honum að vera áfram í hús-

næðinu. Sé réttarstaðan því sú, að gerðarbeiðandi geti ekki gert gerðarþola að víkja úr húsnæðinu, ef hann, þ. e. gerðarbeiðandi, hyggst selja eða endurleigja húsnæðið, nema hann gefi leigutaka kost á að ganga inn í leiguna eða kaupin. Þangað til eigi gerðarþoli fullan rétt á afnotum af húsnæðinu, enda séu þau forsendan fyrir þessum samningsbundna forgangsrétti hans.

Það sé ekki fyrr en í aðfararbeiðninni, sem fram komi, að uppsögn og útburður byggist á því, að gerðarbeiðandi hyggist selja húsnæðið. Ekkert bendi til þess, að kaupsamningur hafi komist á. Forkaupsréttur leigutaka sé því ekki enn orðinn virkur, svo að gerðarþoli geti ekki varið þann rétt sinn. Gerðarbeiðandi geti ekki krafist þess, að gerðarþoli víki úr húsnæðinu, fyrr en hinum síðarnefnda hafi verið boðið að ganga inn í kaup og hann jafnframt hafnað því.

Frá því að samningssamband aðila komst á, hafi orðið lagaskil, þar eð 1. janúar sl. hafi tekið gildi ný húsaleigulög nr. 36/1994. Eigi ágreiningur aðila rót sína að rekja til atvika, sem urðu í gildistíð eldri laga, og hljóti þau þess vegna að eiga að gilda þótt ekki verði séð, að það skipti öllu máli.

Gerðarbeiðandi byggi m. a. á því, að gerðarþoli hafi glatað forleigurétti sínum, og vísi í því efni til 6., 9., 10. og 11. tl. 51. gr. og 52. gr. laga nr. 26/1994. Í máli þessu reyni hins vegar ekki á forleigurétt gerðarþola, heldur forkaupsrétt. Að auki sé því mótmælt með ofangreindum rökum, að eldri lög gildi um réttarsamband aðila, og í öðru lagi sé bent á, að þessi lagaákvæði takmarkist við íbúðarhúsnæði.

IV.

Óumdeilt er, að til ótímabundins leigusamnings hafi stofnast milli aðila um húsnæði það, sem hér um ræðir, 1. apríl 1993, er hinn tímabundni leigusamningur frá 15. mars 1988 rann út.

Samkvæmt 3. tl. 56. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, sem telja verður, að gildi nú um réttarsamband aðila, sbr. 1. mgr. 87. gr. nefndra laga, á gerðarþoli rétt á 9 mánaða uppsagnarfresti. Gerðarbeiðandi sagði leigusamningum upp með sex mánaða fyrirvara 29. nóvember 1994. Þann frest framlengdi gerðarbeiðandi til 2. september sl. með bréfi, dagsettu 20. júní sl. Verður því að telja, að staðið hafi verið að uppsögn leigusamningsins með lögmætum hætti.

Eigi verður skorið úr því í útburðarmáli þessu, hvort gerðarþoli eigi forkaupsrétt að umræddu húsnæði, en fyrir liggur, að gerðarbeiðandi hyggur á sölu þess.

Gerðarbeiðandi er ótvíræður eigandi húsnæðis þess, sem hann krefst útburðar úr, og stóð hann löglega að uppsögn á leiguafnotum gerðarþola. Þykir gerðarþoli þar af leiðandi ekki eiga rétt á að vera áfram í húsnæðinu.

Breytir hugsanlegur forkaupsréttur hans þar engu um. Samkvæmt því og með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina að öllu leyti. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 50.000. kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Grétars Sívertsen, um að gerðarþoli, Júlíus Þorbergsson, ásamt öllu því, sem honum tilheyrir, verði með beinni aðfarargerð borinn út úr verslunarhúsnæði á jarðhæð hússins nr. 41 við Rauðarárstíg, Reykjavík, sem hann hefur haft á leigu undir söluturninn Drauminn, er tekin til greina. Fjárnám er heimilt fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 23. október 1995.

Nr. 348/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Michael Paul Rimmer

(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. október sl. um farbann yfir varnaraðila allt til föstudagsins 27. október 1995 kl. 16.00. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 19. október sl. Krefst hann þess, að varnaraðila verði bönnuð för úr landi allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember nk.

Hinn 17. október sl. felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir varnaraðila vegna grunar um brot á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Í dómi Hæstaréttar segir, að ekki hafi verið sýnt fram á, að þörf sé á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila í þágu rannsóknar málsins, sem eftir gögnum þess sé vel á veg komin. Jafnframt var talið, að ekki væri þörf á gæsluvarðhaldi til að tryggja nærveru varnaraðila, enda aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar í því skyni. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að með þessum dómi hafi verið lagt endanlegt mat á það, hvort þvingunarúrræðum XIII. kafla laga nr. 19/1991 verði beitt gegn honum. Með umræddum dómi Hæstaréttar var ekki tekin frekari afstaða til málsins en kröfugerð sóknaraðila gaf tilefni til. Verður því ekki fallist á þessa röksemd varnaraðila.

Varnaraðili er breskur ríkisborgari, búsettur í Englandi. Hann hefur staðfest fyrir dómi þá ætlun sína að halda af landi brott, en

hyggst koma til landsins aftur, þegar málið verður tekið til meðferðar fyrir dómi. Fallast verður á það með sóknaraðila, að nauðsynlegt sé að tryggja nærveru varnaraðila, meðal annars í ljósi þess, að rannsókn málsins mun ekki vera að fullu lokið. Verður honum því meinuð brottför af Íslandi, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991. Farbannið skal gilda allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember 1995.

Dómsorð:

Varnaraðila, Michael Paul Rimmer, er meinuð för úr landi allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember 1995.

Mánudaginn 23. október 1995.

Nr. 347/1995. **Rut Skúladóttir**
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 29. september sl., þar sem sóknaraðila var gert að setja málskostnaðartryggingu í máli, sem hún sækir á hendur varnaraðila um gildi nauðungarsölu. Kæruheimild er í 1. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst ógildingar hins kærða úrskurðar og að héraðsdómara þeim, sem kvað hann upp, verði gert að greiða sekt í ríkissjóð. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Hafna ber kröfu sóknaraðila um sekt á hendur héraðsdómara, enda er krafan tilhæfulaus.

Það athugast, að kæra í máli þessu er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Rut Skúladóttir, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1995.

Með bréfi sóknaraðila, dags. 14. ágúst 1995, var með vísan til XIV. kafla laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 krafist úrlausnar dómsins á gildi nauð-

ungarsölu, sem fram fór hjá sýslumanninum í Reykjavík 19. júlí sl.

Málið var fyrst tekið fyrir 31. ágúst sl., og var þá m. a. gerð sú krafa af hálfu varnaraðila með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála, að sóknaraðila yrði gert að setja honum tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, þar sem ljóst væri, að sóknaraðili væri ófær um að greiða varnaraðila málskostnað, félli úrskurður honum í vil. Sóknaraðili mótmælti kröfu varnaraðila um málskostnaðartryggingu og óskaði eftir mánaðarfresti til að leggja fram gögn um fullyrðingar, sem fram komu af hálfu varnaraðila um ógjaldfærni sóknaraðila. Af hálfu varnaraðila var því mótmælt, að frestur yrði veittur til gagnaöflunar um umrætt ágreiningsefni, en til vara, að einungis yrði veittur skammur frestur. Það ágreiningsefni var leitt til lykta með úrskurði dómsins, upp kveðnum 6. september sl., en samkvæmt honum var sóknaraðila veittur vikufrestur til gagnaöflunar um ágreining um málskostnaðartryggingu.

Báðir málsaðilar hafa lagt fram gögn um þann ágreining, að sóknaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Var sá ágreiningur tekinn til úrskurðar í síðasta þinghaldi 26. september sl., og verður leyst úr þeim þætti málsins með úrskurði þessum í samræmi við 2. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála.

Varnaraðili vitnar til þess, að 16. mars sl. hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila. Samkvæmt upplýsingum héraðsdómsins hafi verið beðið um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila með beiðni, dags. 16. júní sl. Enn fremur er krafa varnaraðila studd þeim rökum, að andvirði hins fjárnumda lausafjár, sem selt var nauðungarsölu 19. júlí sl., hrökkvi hvergi til greiðslu óumdeildrar fjárkröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, en krafan nemi nú 5.748.692,30 krónum. Þá kom fram við munnlegan málflutning, að málarekstur sóknaraðila væri bæði tilefnislaus og tilgangslítill og fyrirsjáanlegt, að sóknaraðili gæti ekki greitt málskostnað.

Sóknaraðili styður mótmæli sín því, að fjárnámið frá 16. mars sl. hafi verið fellt úr gildi, eins og fram kemur í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík frá 15. maí sl., en þar kemur einnig fram, að kröfur gerðarbeiðanda í því máli voru þá greiddar.

Í gögnum málsins kemur fram, að fjárnám var gert hjá sóknaraðila máls þessa í tilgreindum munum hennar með aðfarargerð 9. júní 1994 vegna réttarsáttar frá 7. apríl sama ár, en samkvæmt henni skyldi sóknaraðili í máli þessu greiða varnaraðila, Íslandsbanka hf., 1.978.133,35 kr. auk dráttarvaxta frá 15. október 1989 til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað. Við gerðina kom fram, að talsmaður sóknaraðila taldi hana ekki eiga aðrar eignir að benda á, og var gerðinni lokið sem árangurslausri að hluta. Ekki liggja fyrir

aðrar upplýsingar í málinu um eignir sóknaraðila. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 1995 var felldur úr gildi sá hluti aðfarargerðarinnar, sem laut að árangursleysi hennar, með þeim rökum, að sýslumaður hefði ekki metið eignir sóknaraðila til verðs, sem talið var brjóta í bága við skýr fyrirmæli um, að svo skyldi gert, í 2. mgr. 38. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Varnaraðili krafðist nauðungarsölu á umræddum munum með bréfi til sýslumanns 30. ágúst 1994, og var hluti þeirra seldur samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumanns 10. apríl 1995 fyrir 300.000 krónur. Samþykkt var, að andvirðið rynni allt til varnaraðila máls þessa, sem voru 225.964 kr., þegar sölulaun og virðisaukaskattur höfðu verið dregin frá, en krafa varnaraðila samkvæmt nauðungarsölubeiðninni var 30. ágúst 1994 samtals 5.571.828,15 kr. Við fyrirtöku hjá sýslumanni 13. júlí sl. var sölutilraunum á almennum markaði lýst lokið, og samkvæmt ákvörðun þar um fór uppboð fram 19. júlí sl. á þeim munum, sem fjárnám hafði verið gert í fyrir skuldinni og þá voru óseldir. Hæstbjóðandi var varnaraðili, sem bauð fyrir þá 20.000 kr. Í máli þessu hefur sóknaraðili krafist þess, að nauðungarsölumeðferðin verði felld úr gildi frá 9. desember 1994 með vísan til þess, að ekki hafi verið heimilt að auglýsa og halda uppboð á munum þessum, þar sem þeir hafi verið til sölumeðferðar á almennum markaði á grundvelli 2. mgr. 62. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. laga um nauðungarsölu, og að ekki hafi verið staðið að sölu á almennum markaði með lögmætum hætti.

Hinn 31. ágúst 1995 lagði varnaraðili fram yfirlit yfir stöðu kröfu þeirrar, sem tilgreind er hér að framan. Samkvæmt því var krafan þann dag samtals að fjárhæð 5.748.692,30 kr., en á umræddu skjali kemur einnig fram, að eina greiðslan inn á kröfuna var 16. júní 1995, 225.964 kr. Hér að framan er rakið, hvernig varnaraðili hefur reynt að ná fram fullnustu kröfunnar. Einnig hefur komið fram, að við aðför hjá sóknaraðila 9. júní 1994 var talið, að sóknaraðili ætti ekki aðrar eignir til að benda á til fjárnáms en þær, sem þegar hafa verið seldar, eins og að framan er rakið. Ekki er vitað um tekjur sóknaraðila. Með vísan til alls þessa verður að telja, að leiddar hafi verið líkur að því, að sóknaraðili sé ófær um að greiða málskostnað í máli þessu. Ber því með vísan til 1. og 2. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að taka til greina kröfu varnaraðila um, að sóknaraðili setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í málinu. Málskostnaðartrygging þykir hæfilega ákveðin 60.000 kr., og ber sóknaraðila að leggja trygginguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar í síðasta lagi mánudaginn 16. október nk. kl. 10.30, en málið verður þá tekið fyrir í dómsal 302.

Úrskurðurinn er kveðinn upp af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðila, Rut Skúladóttur, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 60.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu. Ber henni að leggja trygginguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar í síðasta lagi mánudaginn 16. október nk. kl. 10.30.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 398/1993. **Þrotabú Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis**
(Hlöðver Kjartansson hdl.)
gegn
Samvinnulífeyrissjóðnum
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1993. Hann krefst þess, að rift verði með dómi greiðslu á hluta skuldar Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis (KRON) við stefnda, sem fór fram 30. júní 1990 með afhendingu hlutabréfa í Olíufélaginu hf., að nafnverði 1.206.700 krónur. Áfrýjandi krefst þess einnig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 6.709.252 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1990 til 22. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Af gögnum málsins má ráða, að KRON stóð í ársbyrjun 1988 í skuld við stefnda vegna ógreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda, að fjárhæð 3.769.242 krónur. Þá mun stefndi jafnframt hafa átt á reikningum við innlánsdeild KRON 12.208.307 krónur. Áfrýjandi staðhæfir, að sú reikningsinnstæða stefnda hafi myndast á þann hátt, að eldri skuldir kaupfélagsins vegna lífeyrissjóðsiðgjalda hafi verið gerðar upp við stefnda með því að færa fjárhæð þeirra til tekna á innlánsreikningum hans. Hefur því ekki verið mótmælt af stefnda.

Árið 1988 námu iðgjöld til stefnda vegna starfsmanna KRON 20.375.154 krónum. Af þeim greiddi kaupfélagið aðeins 5.940.613

krónur, að því er virðist með skuldabréfi á hendur þriðja manni. Var iðgjaldaskuldin þannig orðin 18.203.783 krónur í lok árs 1988 að frátöldum vöxtum af vanskilum. Þá jókst innstæða stefnda á innlánsreikningum um 1.699.140 krónur vegna vaxta ársins 1988, og var hún í árslok orðin 13.907.447 krónur. Á því tímamarki virðist stefndi hafa þannig átt alls 32.111.230 krónur hjá KRON.

Samkvæmt gögnum málsins námu iðgjöld til stefnda vegna starfsmanna KRON 21.348.352 krónum árið 1989. Iðgjöld mánaðanna ágúst til nóvember, samtals 6.834.933 krónur, voru greidd á árinu. Jókst því skuld kaupfélagsins við stefnda vegna iðgjalda um 14.513.419 krónur. Í desember 1989 reiknaði stefndi sér vexti af uppsöfnuðum vanskilum KRON, samtals 9.108.920 krónur, en þannig var heildarskuldin vegna ógreiddra iðgjalda orðin 41.826.122 krónur. Á þessu ári voru stefnda færðar til tekna á fyrrnefndum reikningum í innlánsdeild KRON samtals 5.628.286 krónur í vexti, og var innstæðan þar því orðin 19.535.733 krónur í lok desember. Í lok ársins keypti stefndi hlutabréf í Samvinnubanka Íslands hf. af KRON fyrir 38.393.891 krónu. Var öll innstæða stefnda á fyrrnefndum innlánsreikningum tekin sem greiðsla upp í kaupverðið, en afgangurinn, 18.858.158 krónur, var færður sem innborgun á iðgjaldaskuld kaupfélagsins. Voru ógreidd iðgjöld KRON til stefnda þannig orðin 22.967.964 krónur í lok árs 1989.

Iðgjöld til stefnda vegna starfsmanna KRON þrjá fyrstu mánuði ársins 1990, alls 8.831.351 króna, voru greidd jafnharðan. Að auki voru greidd á því tímabili iðgjöld vegna desember 1989, 2.182.523 krónur. Eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi, hætti KRON rekstri að mestu leyti 1. apríl 1990. Frá þeim tíma og til loka nóvember 1990 voru iðgjöld til stefnda einnig greidd jafnóðum, en þau voru samtals 311.036 krónur. Á þessu tímabili lækkaði þannig eldri iðgjaldaskuld sem nam greiðslunni vegna desember 1989, en á móti komu vextir vegna vanskila, 1.636.926 krónur, og var því staðan að teknu tilliti til þessara hreyfinga 22.422.367 krónur.

Hinn 30. júní 1990 innti KRON af hendi greiðsluna til stefnda, sem áfrýjandi leitar nú riftunar á, með hlutabréfum í Olíufélaginu hf., að nafnverði 1.206.700 krónur. Tók stefndi við bréfunum á genginu 5,56 og taldist þannig fá með þessu greiddar 6.709.252 krónur, sem er fjárhæð greiðslukröfu áfrýjanda. Með þessari greiðslu lækk-

aði skuld kaupfélagsins við stefnda í 15.713.115 krónur, og virðist ekki hafa verið greitt meira inn á hana.

Við skipti á þrotabúi KRON lýsti stefndi kröfu, að fjárhæð 18.751.605 krónur, sem virðast vera fyrrgreind skuldafjárhæð að viðbættum vöxtum til upphafsdags skipta, 22. apríl 1991. Samkvæmt málatilbúnaði áfrýjanda hefur þessi krafa stefnda verið viðurkennd sem forgangskrafa við gjaldþrotaskiptin. Auk hennar mun aðeins ein krafa, að fjárhæð 769.637 krónur, njóta þessarar stöðu í réttindaröð við skiptin. Í málflutningi áfrýjanda fyrir Hæstarétti kom fram, að krafa að fjárhæð 1.895.360 krónur standi þessum kröfum framar í réttindaröð, en heildarandvirði eigna þrotabúsins sé um tíu milljónir króna.

II.

Samkvæmt 190. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. ber í máli þessu að leysa úr um heimild áfrýjanda til að koma fram riftun eftir ákvæðum áðurgildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin, sem hér um ræðir, er 22. apríl 1991, en ráðstöfunin, sem áfrýjandi krefst riftunar á, fór fram 30. júní 1990. Vegna þess tíma, sem leið frá ráðstöfuninni til frestdags, getur riftun því aðeins stuðst við 54. gr. laga nr. 6/1978, sem áfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á, að KRON og stefndi verði talin hafa verið nákomin í skilningi 2. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 54. gr. þeirra.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að KRON og stefndi hafi ekki verið nákomin í fyrrgreindum skilningi. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina af þessari ástæðu.

III.

Í ársreikningi KRON fyrir árið 1989, sem var áritaður af löggiltum endurskoðanda félagsins 17. apríl 1990, var bókfært verð eigna þess í lok reikningsársins samtals 699.760.169 krónur, en heildarskuldir þess á sama tíma 756.497.766 krónur. Næstu reikningsskil félagsins, sem liggja fyrir í málinu, miðast við 30. júní 1990, þann dag, sem hin umdeilda ráðstöfun til stefnda átti sér stað. Er þar um að ræða reikningsyfirlit, sem sami endurskoðandi gerði 24.

ágúst 1990. Samkvæmt yfirlitinu var bókfært verð eigna félagsins þá orðið 310.409.399 krónur og heildarskuldir 397.297.019 krónur, en á tímabilinu milli þessara reikningsskila hafði félagið að mestu hætt starfsemi, svo sem áður var getið.

Þegar leyst er úr, hvort áfrýjandi geti komið fram riftun á ráðstöfun KRON til stefnda á grundvelli 61. gr. laga nr. 6/1978, verður að líta til þess, að sá hluti kröfu stefnda, sem var greiddur 30. júní 1990, hefði á þeim tíma notið stöðu forgangskröfu í skuldaröð samkvæmt 4. tölulið 84. gr. þágildandi laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979. Samkvæmt málflutningi áfrýjanda fyrir Hæstarétti er ekki vitað til þess, að þá hafi hvílt á félaginu kröfur, sem hefðu staðið samhliða kröfu stefnda í skuldaröð. Af efnahagsyfirlitinu, sem miðast við 30. júní 1990, er unnt að ráða, að greiðslan til stefnda nam aðeins litlum hluta eigna, sem þá tilheyrðu KRON og hefðu þannig að öðru leyti átt að standa almennum kröfuhöfum til fullnustu.

Að þessu virtu er ekki unnt að fallast á það með áfrýjanda, að greiðslan til stefnda hafi verið ótilhlýðileg á þeim tíma, sem hún fór fram. Þegar af þeirri ástæðu geta ákvæði 61. gr. laga nr. 6/1978 ekki átt við þessa ráðstöfun.

Samkvæmt þessu verða staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda. Verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefnda, Samvinnulífeyrissjóðnum, samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 10. júní sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 10. september sl.

Stefnandi er þrotabú Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis (KRON), kt. 680169-2259, Reykjavík.

Stefndi er Samvinnulífeyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, Sambandshúsinu á Kirkjusandi, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi, „að rift verði með dómi greiðslu á hluta skulda KRON við stefnda 30. júní 1990, sem fram fór í því formi, að stefndi keypti og fékk afhent hlutabréf í Olíufélaginu hf., að nafnverði 1.206.700 kr. á genginu 5,56 eða fyrir 6.709.252 kr., og færði andvirðið sem greiðslu inn á ógreidd lífeyrissjóðsiðgjöld KRON". Í öðru lagi er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða framangreinda fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1991 var bú KRON tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi dagur er frestdagur við skiptin. Rúmu ári áður, 1. apríl 1990, hafði KRON hætt rekstri. Hinn 30. júní 1990 greiddi KRON stefnda inn á skuld sína við hann með framangreindum hlutabréfum og á því verði, er þar var tilgreint.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að stefndi sé tengdur Sambandi íslenskra samvinnufélaga og samvinnufélögunum sterkum hagsmunaböndum og ítök þeirra í honum mjög sterk, m. a., þegar litið er til þess, hvernig stjórn og ávöxtun fjár hans sé háttað. Þá virðist svo einnig sem stefndi vilji með þeim ráðum, sem hann hafi, styrkja samvinnufélögin og efla. Þetta hafi m. a. birst í því, að gamlar iðgjaldaskuldir hafi verið lánaðar sem innlegg í innlánsdeild KRON, þótt vanskil hafi hrannast upp þrátt fyrir það vegna ógjaldfærni þess. Stefnandi heldur því fram, að KRON hafi langtímum saman verið rekið fyrir reikning stefnda. Þessi sterku tengsl bendi til þess, að traustar upplýsingar um fjárhag og afkomu einstakra samvinnufélaga liggi jafnan fyrir stjórnendum stefnda eða ættu að vera þeim kunnar með hæfilegri aðgát. Stjórnunarlega komi tengsl stefnda og KRON fram í því, að tveir stjórnarmanna hans séu kosnir á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga, þar sem málefni sjóðsins séu til umfjöllunar, og á þessum tíma hafi fulltrúar sambandsins í stjórn sjóðsins verið forstjóri þess, sem samkvæmt venju sé formaður sjóðstjórnar, og fyrrum kaupfélagsstjóri KRON. Þá komi berlega í ljós í ársskýrslu stefnda, að hann hafi mikilvægu hlutverki að gegna í samvinnustarfinu. Í þessu tilviki hafi því verið um nákomna aðila að ræða. Þá hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri, og ekki verði talið, að greiðslan sé venjuleg eftir atvikum, en aðferðin, sem notuð hafi verið við greiðsluna, þ. e. viðskipti með hlutabréf, verði aðeins að

skoða sem umbúðir utan um gjörninginn. Einnig er því fram haldið, að KRON hafi verið orðið ógjaldfært eða orðið það við þessa greiðslu.

Verði ekki fallist á riftunarkröfu, reista á hlutlægum grunni, er miðað við almennu riftunarregluna. Heldur stefnandi því fram, að tengsl KRON og stefnda hafi verið slík, að verulega slakni á sönnunarbyrði stefnanda fyrir þeim atvikum, sem honum beri að sanna við beitingu huglægra riftunarreglna. Er byggt sjálfstætt á því, að greiðslan hafi leitt til skerðingar á rétti sumra kröfuhafa og verið ótilhlýðileg mismunun stefnda í vil á kostnað þeirra. KRON hafi í raun ekki verið að ráðstafa eigin fjármunum, heldur þeim, sem ganga hafi átt til fullnustu á kröfum lánardrottna þess, og ráðstöfunin því verið brot á jafnræðisreglum gjaldþrotalaga. KRON hafi á þessum tíma verið orðið ógjaldfært, og hafi stefnda ekki getað dulist það. Að minnsta kosti hafi verið full ástæða til fyrir hann að kanna, hver fjárhagsstaðan hafi verið.

Með vísan til 190. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira kveðst stefnandi vísa til 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 2. gr. s. l., og sjálfstætt á 61. gr. s. l. Um endurgreiðslukröfuna er vitnað til 62. og 63. gr. s. l., verði riftun reist á 61. gr. Þá er skírskotað til laga um samvinnufélög, vaxtalaga og laga um meðferð einkamála.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann sé sjálfstæð stofnun, sem tryggi eftirlaun starfsmanna margra fyrirtækja, samvinnu- jafnt sem hlutafélaga, auk einstaklinga. Samband hans við þá, er greiða til hans iðgjöld, sé ekkert öðruvísi en annarra lífeyrissjóða við fyrirtæki, er greiða iðgjöld til þess. Samband íslenskra samvinnufélaga hafi á sínum tíma beitt sér fyrir stofnun stefnda og átt rétt á að tilnefna mann í stjórn hans allt til 1986. Hvernig svo sem litið verði á tengsl KRON og sambandsins, hafi það engin áhrif á réttarstöðu stefnda. Stefndi og KRON hafi því ekki verið nánir í skilningi gjaldþrotalaga. Verði hins vegar ekki á það fallist, sé greiðslan ekki riftanleg, þar eð ekki hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Olíufélagið hf. sé almenningshlutafélag, og hlutabréf í því gangi kaupum og sölum. Greiðsla með hlutabréfum sé því greiðsla, sem næst komist greiðslu með peningum. Þá hafi ekki verið greitt fyrr en eðlilegt var, og greiðslan hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni KRON, þegar litið sé til eigna og skulda þess og borið saman við þá upphæð, sem hér sé um að ræða. Verði greiðslan talin óvenjulegur greiðslueyrir, telur stefndi hana venjulega eftir atvikum og bendir á, að KRON hafi áður greitt stefnda vanskilaiðgjöld bæði með skulda- og hlutabréfum. Nánast hafi verið um fyrirgreiðslu stefnda að ræða við KRON með því að taka beint við hlutabréfunum í stað þess, að það seldi þau fyrst á markaði og greiddi stefnda andvirðið.

Stefndi heldur því fram, að sönnunarbyrðin samkvæmt 61. gr. gjaldþrotalaga hvíli á stefnanda. Ósannað sé, að stefndi hafi vitað eða mátt vita í júní 1990, að KRON væri gjaldþrota. Hvergi í gögnum málsins sé að finna vísbendingar um, að athæfi stefnda hafi verið ótilhlýðilegt eða hann vitað um ógjaldfærni KRON. Öllu heldur hafi forsvarsmenn þess fullyrt við stefnda, að það hafi verið fjarri gjaldþroti vegna mikilla eigna. Stefndi hafi því verið í góðri trú að innheimta iðgjöld starfsmanna KRON, er hafi verið í vanskilum.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt, og telur stefndi ekki heimilt að reikna dráttarvexti fyrr en að liðnum mánuði frá ritun og dagsetningu riftunarbréfs, þ. e. 2. október 1992.

Stefndi vísar til sömu ákvæða gjaldþrotalaga og stefnandi auk ákvæða einkamálalaga.

Niðurstaða.

Í málinu hefur verið lögð fram reglugerð fyrir Samvinnulífeyrissjóðinn. Í henni kemur fram, að tilgangur hans sé að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru Samband íslenskra samvinnufélaga og sambandsfélögin svo og fyrirtæki og samstarfsfyrirtæki þeirra. Sjóðfélagar eru allir verslunar- og skrifstofumenn aðildarfyrirtækjanna svo og aðrir starfsmenn, sem eru fastráðnir. Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum mönnum og jafnmörgum til vara. Helmingur er kosinn á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga og helmingur á þingi Landssambands íslenskra samvinnustarfsmanna. Sömu aðilar kjósa endurskoðendur sjóðsins. Þá á að gera grein fyrir málefnum sjóðsins og hag hans á þessum þingum. Breytingar á reglugerðinni eru því aðeins gildar, að þær hafi verið samþykktar á þingunum. Reglugerð þessi tók gildi 1. júlí 1991 og kom í stað reglugerðar frá 1. janúar 1986, en aðilar eru sammála um, að það, sem hér skipti máli, sé samhljóða í þeim báðum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að KRON var aðildarfyrirtæki stefnda. Það er hins vegar óupplýst, hvað í því hafi falist annað en að starfsfólk þess hafi verið í lífeyrissjóðnum eins og aðrir launþegar. KRON var í Sambandi íslenskra samvinnufélaga og var þar stærsta félagið, ef litið er til fjölda félagsmanna og fjölda fulltrúa þess á aðalfundum sambandsins, sem kusu í stjórn stefnda, eins og rakið var. Ekki hefur verið sýnt fram á, að fjárhagsleg tengsl KRON og stefnda hafi verið önnur og meiri en gengur og gerist á milli fyrirtækja og lífeyrissjóða. Það verða ekki talin náin tengsl, að stefnda var heimilt að ávaxta fé sitt m. a. í innlánsdeild KRON eins og annarra samvinnufélaga, er starfræktu slíkar deildir samkvæmt heimild í lögum um

samvinnufélög. Er þessi ávöxtunarheimild raunar nefnd um leið og heimild stefnda til að ávaxta fé sitt í bönkum og sparisjóðum.

Þegar allt framangreint er virt, er það álit dómsins, að stefndi og KRON hafi ekki verið nákomnir í skilningi 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Frá því að KRON greiddi stefnda greiðsluna, sem málið fjallar um, og þar til það varð gjaldþrota, liðu meira en sex mánuðir, og verður riftun því þegar af þeirri ástæðu ekki studd 54. gr. nefndra laga.

Kemur þá til athugunar, hvort riftun verði reist á 61. gr. gjaldþrotalaga, og verður fyrst að athuga, hvort KRON hafi verið gjaldfært, þegar það greiddi inn á skuld sína við stefnda á framangreindan hátt. Samkvæmt ársreikningi 1989 var eigið fé þess neikvætt um 56.737.597 kr. 31. desember 1989, en hafði verið jákvætt um 31.221.000 kr. í árslok 1988. Heildareignir félagsins í árslok 1989 voru metnar á 699.760.169 kr. í ársreikningi, en skuldir samtals 756.497.766 kr. Samsvarandi tölur fyrir árið 1988 voru 641.554.00 kr. í eignir og 610.332.000 kr. í skuldir. Þegar KRON leitaði eftir heimild til nauðasamninga 28. nóvember 1990, kom fram í beiðninni, að ástæðan væri sú, að félagið væri komið í greiðsluþrot vegna langvarandi tapreksturs, er leitt hefði til óbærilegrar skuldasöfnunar, og það ekki í stakk búið að greiða skuldir sínar að fullu. Í frumvarpi að nauðasamningi, er fylgdi beiðninni, var gert ráð fyrir, að kröfur yrðu greiddar að 25 hundraðshlutum á næstu fimm mánuðum eftir staðfestingu nauðasamnings, en tekið fram, að ekki væri unnt að setja tryggingu fyrir efndum. Hinn 12. desember var KRON veitt heimild til að leita nauðasamninga. Hún var felld niður 13. mars 1991 og félagið síðan tekið til gjaldþrotaskipta 22. apríl, eins og rakið var.

Með vísan til framanritaðs telur dómurinn sannað, að KRON hafi verið ógjaldfært 30. júní 1990, þegar það greiddi stefnda á framangreindan hátt inn á skuld sína við hann.

Fram á það hefur verið sýnt í málinu, að KRON greiddi stefnda með hlutabréfum í traustu fyrirtæki á genginu 5,56. Greiðsla með svo verðmætum bréfum, þegar staða félagsins var með þeim hætti, er að framan var lýst og forsvarsmönnum þess hlaut að vera ljós, verður að teljast ótilhlýðileg.

Er þá næst til athugunar, hvort forsvarsmenn stefnda hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni KRON og að greiðslan til stefnda hafi verið ótilhlýðileg, eins og á stóð.

Gögn málsins bera ekki með sér, að sömu menn hafi verið í stjórn KRON og stefnda eða gegnt trúnaðarstörfum fyrir báða á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á með gögnum, að stefnda hafi verið eða mátt vera ljós ógjaldfærni KRON og þar með, að greiðslan væri ótilhlýðileg. Gegn eindregnum mótmælum stefnda hefur

stefnanda því ekki tekist að sanna, að svo hafi verið, og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 450.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnulífeyrissjóðurinn, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þrotabús KRON.

Stefnandi greiði stefnda 450.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 492/1993. **Húsfélagið Engihjalla 19**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Gifspússningu hf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)
og gagnsök

Verksamningur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1993. Hann krefst þess *aðallega*, að viðurkennd verði riftun sín með bréfi, dagsettu 23. desember 1992, á kaupsamningi við gagnáfrýjanda, dagsettum 1. júní 1989, um íbúðina nr. 1-C að Engihjalla 19, Kópavogi, og að gagnáfrýjandi greiði sér 1.505.000 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. janúar 1990 til greiðsludags, en *til vara*, að gagnáfrýjandi greiði sér 3.435.120 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. september 1992 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1994 og krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara* staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að íbúð nr. 1-C í fjölbýlishúsinu Engihjalla 19 í Kópavogi var afhent gagnáfrýjanda sem greiðsla á nær helmingi samningsverðs samkvæmt verksamningi málsaðila, 2.600.000 krónum, en aðaláfrýjandi greiddi að auki 1.000.000 krónur við undirritun samningsins. Eftirstöðvarnar, 1.790.000 krónur, greiddi hann með jöfnum greiðslum.

Framkvæmdastjóri húseigendafélagsins ritaði fundargerð á fundi aðila 3. maí 1991 og sendi þeim að fundi loknum. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina, en þar segir meðal annars:

„Með aðilum tókst samkomulag um eftirfarandi:

Verktaki samþykkir að framkvæma eftirtaldar endurbætur á viðgerð sinni á húsinu:

1. Að mála glugga á suður- og norðurhlið hússins.

2. Að lagfæra blikkhatta á múrklæðningu á svalaveggjum á norður- og suðurhlið hússins.

3. Að veita inn blikkköntum á þaki á suður- og norðurhlið hússins.

4. Að saga af og ganga eðlilega frá steinþynnum á vatnsbrettum í sjónlínu frá stigagöngum.

5. Að stöðva og lagfæra leka fyrir ofan eldhússglugga – suður í íbúð 6-F.

6. Verktaki, í samráði við fulltrúa húsfélags, skoði leka sem fram hefur komið í stigagöngum sem snúa í suður. Að því búnu verði tekin ákvörðun um úrbætur.

7. Að verktaki lagfæri það jarðrask, sem orðið hefur á lóð, svo og það rask sem kann að verða vegna fyrirhugaðra framkvæmda hans í vor og sumar.

Framangreindum úrbótum skal vera lokið eigi síðar en 15. júlí 1991. . . .“

Fyrir héraðsdómi bar forsvarsmaður gagnáfrýjanda, að hann hefði verið tilbúinn til að framkvæma þessa liði nema lið 4, en með því skilyrði, að greiddur yrði reikningur vegna krana, sem notaður var við verk hans fyrir aðaláfrýjanda, og því hafi ekki orðið samkomulag 3. maí 1991. Ekkert er til stuðnings þessum fullyrðingum gagnáfrýjanda, sem stangast á við skýrslur annarra fyrir dómi, og verður því á því byggt, að samkomulag hafi orðið með aðilum, svo sem í fundargerð greinir, og eru báðir aðilar af því bundnir.

Þegar samkomulagið var gert 3. maí 1991, höfðu þegar komið fram gallar á verki gagnáfrýjanda við vatnsbretti neðan við glugga. Voru gallarnir þess eðlis, að aðaláfrýjanda var gefið tilefni til að áskilja sér rétt í samkomulaginu til að hafa uppi kröfur vegna þeirra. Það gerði hann ekki, og verður því að líta svo á, að hann hafi með samkomulaginu afsalað sér rétti vegna galla á þessum þætti verksins umfram það, sem samkomulagið kvað á um.

Vegna vanefnda gagnáfrýjanda á framkvæmdum samkvæmt samkomulagi aðila fékk aðaláfrýjandi dómkvadda matsmenn til að

meta liði þessa til fjár. Mat þeirra er dagsett 23. júní 1992, og er niðurstaða þess samtals 1.738.920 krónur. Þar af töldu matsmenn kostnað vegna 4. liðar samkomulagsins nema 167.200 krónum. Mati þessu hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar í málinu. Viðbótarmat hinna dómkvöddu matsmanna, dagsett 29. júlí 1992 fjallar um annmarka á verki gagnáfrýjanda við vatnsbretti, sem samkomulagið frá 3. maí 1991 nær ekki til samkvæmt framansögðu. Koma kröfur samkvæmt viðbótarmatinu því þegar af þeirri ástæðu ekki til álita.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms og rök fyrir henni, að sýkna skuli gagnáfrýjanda af aðalkröfu aðaláfrýjanda um riftun. Einnig ber að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um skuldajafnaðarkröfur gagnáfrýjanda með vísan til forsendna hans. Verður niðurstaðan því sú, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda matsfjárhæðina, 1.738.920 krónur, með dráttarvöxtum, svo sem krafist er.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur.

Dómsorð:

Staðfest er niðurstaða hins áfrýjaða dóms, að því er varðar riftunarkröfu aðaláfrýjanda, Húsfélagsins Engihjalla 19.

Gagnáfrýjandi, Gifspússning hf., greiði aðaláfrýjanda 1.738.920 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. september 1992 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. október, er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri við þingfestingu málsins 28. janúar 1993. Stefnandi er Húsfélagið að Engihjalla 19, kt. 620981-0369, Kópavogi, en stefndi er Gifspússning hf., kt. 670588-1499, Hólabergi 36, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Aðallega, að viðurkennd verði með dómi riftun, sem stefnandi gerði með bréfi, dags. 23. desember 1992, á kaupsamningi við stefnda, dagsettum 1. júní 1989, um íbúðina nr. 1-C í húsinu nr. 19 við Engihjalla, Kópavogi, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.505.000 kr. með dráttarvöxt-

um af 245.000 kr. frá 1. janúar 1990 til 1. janúar 1991, en af 665.000 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1992, en af 1.085.000 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1993, en af 1.505.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.435.120 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. september 1992 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

I.

Málavextir eru þeir, að stefndi, sem rekur verktakastarfsemi, gerði tilboð í viðhaldsverk á húsinu Engihjalla 19, sem er átta hæða fjölbýlishús. Aðilar gerðu með sér verksamning 31. maí 1989. Um var að ræða framkvæmdir utan húss á norður- og suðurhlið hússins. Í verkinu fólust m. a. sprunguviðgerðir, háþrýstiþvottur, að gera við ryðbletti, setja flísar á vatnsbretti undir gluggum og mála glugga. Aðalþáttur verksamningsins var þó viðgerð á múr og sérstök pússning, sem stefndi sprautaði á suður- og norðurhlið hússins. Nánar er því lýst þannig í verksamningi, að grunnað sé með kvartsgrunni („regnkápu"), en síðan sprautað Knauf Sp 260, sem mun vera 3 mm pússningsblanda. Þá var jafnframt gert ráð fyrir sérstöku einangrunarmúrkerfi fyrir ofan 8. hæð. Í verksamningi skuldbatt stefndi sig til að ljúka verkinu fyrir 1. nóvember 1989 að viðlögðum dagsektum. Verkkaupið skyldi vera 5.390.000 kr., og skyldi stefnandi greiða það með því að afhenda stefnda tveggja herbergja íbúð að Engihjalla 19, að nettóverðmæti 2.600.000 kr., en eftirstöðvar, 1.790.000 kr., skyldu greiddar með jöfnum greiðslum. Gerðu aðilar sérstakan kaupsamning um íbúðina, dags. 1. júní 1989. Þá er það ákvæði í verksamningi, að stefnanda sé heimilt að þinglýsa tryggingarbréfi, að fjárhæð 539.000 kr., á íbúðina til tryggingar því, að verkið yrði unnið á fullnægjandi hátt.

Stefndi hóf nú verkið, en tókst ekki að ljúka því á umsömdum tíma, fyrir 1. nóvember 1989. Gerðu aðilar þá með sér viðbótarsamning 28. janúar 1990, þar sem stefndi fékk frestinn framlengdan til 15. ágúst 1990, en dagsektir til þess tíma voru látnar falla niður.

Þá er stefndi hugðist skila verkinu í ágúst 1990, gerði stefnandi athugasemdir við frágang. Var Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fengin til að segja álit sitt á því, hvort verkið gæti talist fullnægjandi. Niðurstaða stofnunarinnar var sú, að verulega skorti á, að svo væri.

Stefnandi kveðst margsinnis hafa reynt að fá stefnda til að bæta úr göll-

um á verkinu. Hafi hann m. a. leitað til húseigendafélagsins, sem hafi loks tekist að koma fundi á með aðilum 3. maí 1991. Í fundargerð, sem rituð er af lögfræðingi húseigendafélagsins, segir, að með aðilum hafi tekist samkomulag um, að stefndi framkvæmdi eftirfarandi endurbætur á verki sínu:

„1. Að mála glugga á suður- og norðurhlið hússins.
2. Að lagfæra blikkhatta á múrklæðningu á svalavegg á norður- og suðurhlið hússins.
3. Að veita inn blikkköntum á þaki á suður- og norðurhlið hússins.
4. Að saga af og ganga frá steinþynnum á vatnsbrettum í sjónlínu frá stigagöngum.
5. Að stöðva og lagfæra leka fyrir ofan eldhússglugga-suður, íbúð 6-F.
6. Verktaki, í samráði við fulltrúa húsfélags, skoði leka, sem fram hefur komið í stigagöngum, sem snúa í suður. Að því búnu verði tekin ákvörðun um úrbætur.
7. Að verktaki lagfæri það jarðrask, sem hefur orðið á lóð, svo og það rask, sem kann að verða vegna fyrirhugaðra framkvæmda hans í vor og sumar."

Samningur þessi er ekki undirritaður af aðilum, en þennan fund sat þáverandi stjórn húsfélagsins, þau Kristinn Gestsson, Dröfn Eyjólfsdóttir og Þóra Ásgeirsdóttir. Þau hafa öll borið hér fyrir dómi, að samkomulag hafi tekist um ofangreind atriði. Lögfræðingur húseigendafélagsins hefur einnig borið, að svo hafi verið. Forsvarsmaður stefnda, Guðmundur Davíðsson, sem sat fundinn einn af hálfu stefnda, heldur því hins vegar fram, að þetta stafi af misskilningi. Hann hafi alla tíð gert það að skilyrði, að stefnandi greiddi leigu fyrir kranabifreið, sem hann hafi tekið á leigu, er hann var að vinna við efstu hæðina. Að því skilyrði uppfylltu hafi hann verið tilbúinn að efna samkomulagið að undanskildum 4. lið. Hann hafi aldrei samþykkt að saga framan af vatnsbrettum, því að það væri óframkvæmanlegt.

Samkvæmt fundargerð skyldi verkinu lokið fyrir 15. júlí 1991. Stefndi hóf hins vegar ekki framkvæmdir, og var haldinn annar fundur með aðilum á skrifstofu húseigendafélagsins 25. nóvember 1991. Í fundargerð þess fundar kemur fram, að stefnandi taldi, að tekist hefði bindandi samkomulag á fundinum 3. maí 1991 og við það yrði stefndi að standa. Guðmundur Davíðsson taldi hins vegar á fundinum, að stefnanda bæri að greiða fyrir áðurnefnda kranabifreið, því að um aukaverk hefði verið að ræða, er klætt var fyrir ofan 8. hæð að beiðni stefnanda í stað einangrunarmúrkerfis, sem verksamningur gerði ráð fyrir. Þessu mótmæltu forsvarsmenn stefnanda og töldu ekki, að um aukaverk hefði verið að ræða, heldur hefði verksamningi aðeins verið breytt. Einnig skyti skökku við, að Guðmundur hefði fyrst far-

ið að halda því fram sumarið 1991, að húsfélagið ætti að greiða kostnað vegna kranabíls, sem notaður hefði verið haustið 1990. Fundi þessum lauk, án þess að samkomulag næðist.

Eins og fram kemur í fundargerð frá 25. nóvember 1991, var risinn ágreiningur um framkvæmdir fyrir ofan 8. hæð, en samkvæmt verksamningi skyldi nota einangrunarmúrkerfi og ganga frá þakbrúnum í samræmi við það. Forsvarsmenn stefnanda skýra svo frá um þetta atriði, að Guðmundur hafi komið að máli við þau og stungið upp á, að efsti hlutinn yrði klæddur með stáli frá Garða-Héðni hf., því að það væri vandaðri frágangur. Fallist hafi verið á það, og hafi Guðmundur boðið, að stefnandi greiddi klæðninguna, en hann myndi sjá um allan annan kostnað. Klæðningin kæmi í stað einangrunarmúrkerfis, og hafi forsvarsmönnum stefnanda fundist tilboð stefnda sanngjarnt. Ekki hafi verið rætt um kranabíl í þessu sambandi og Guðmundur ekki tekið fram, að körfubíll sá, er hann notaði við framkvæmdirnar, myndi ekki duga við að klæða. Guðmundur Davíðsson kveðst hins vegar hafa skýrt forsvarsmönnum stefnanda frá því, að óvinnandi væri að klæða efst uppi án þess að fá krana með stórri körfu. Væri hvort tveggja, að körfubíllinn, sem var á staðnum, næði ekki upp að sunnanverðu, og einnig hitt, að karfan væri of lítil, til að tveir menn gætu athafnað sig við að klæða. Stefnandi hafi því samþykkt að greiða fyrir krana, efni og alla aukavinnu, sem af þessari breytingu á verksamningi leiddi. Þegar á reyndi, hafi stefnandi neitað að greiða leigu fyrir kranann og kranaeigandinn þá höfðað mál gegn honum. Hann hefði tapað því máli og verið dæmdur til að greiða stefnukröfur, 552.186 kr. Því hefði hann sett það á oddinn, að stefnandi greiddi þá fjárhæð, og hefði hann þá verið tilbúinn að hefja framkvæmdir skv. samkomulagi að undanskildum þeim lið að saga framan af vatnsbrettum.

Hinn 3. apríl 1992 voru dómkvaddir matsmenn til að meta, hver væri kostnaður við viðgerðir og endurbætur á fasteigninni samkvæmt því samkomulagi, sem stefnandi taldi, að á hefði komist á fundi í húseigendafélaginu 3. maí 1991. Enn fremur var þess óskað, að matsmenn fjölluðu um önnur atriði, sem kynnu að koma upp við skoðun og ástæða væri að geta um.

Þá er málið var þingfest, var bókað eftir stefnda og lögmanni hans, að matsþoli mótmælti dómkvaðningu matsmanna vegna þess, að stefndi væri tilbúinn að ljúka verkinu þá um sumarið að undanskildum vatnsbrettunum. Hann teldi sig eiga rétt á því, og væri því matskostnaður á ábyrgð stefnanda.

Matsgerð lá fyrir 23. júní 1992. Þar kemur fram um frágang á flísum á vatnsbrettum, að matsmenn telja, að fjarlægja þurfi þær allar, því að þær

séu farnar að detta af og valdi verulega slysahættu. Matsmenn töldu sig hins vegar ekki geta vikið frá matsbeiðni, þar sem óskað væri aðeins eftir mati á því, hvað kostaði að saga framan af flísunum. Stefnandi bað þá matsmenn um útreikning á þessu atriði, og skiluðu matsmenn viðbótarmati 27. júlí 1992, þar sem fram kemur kostnaður við endurnýjun allra vatnsbretta á húsinu, 1.863.400 kr. Séu aðeins endurnýjuð vatnsbretti í sjónlínu við stigagang, er viðgerðarkostnaður áætlaður 1.100.132 kr.

Þegar matsgerð lá fyrir, krafði stefnandi stefnda um viðgerðarkostnað skv. mati. Stefndi sendi þá vinnuflokk 12. ágúst 1992 til að hefja viðgerðir á fasteigninni. Starfsmenn stefnda hættu þó fljótt störfum að kröfu stefnanda. Hinn 27. ágúst 1992 hóf stefndi að nýju framkvæmdir. Var þá lögregla til kvödd, en taldi sig ekki geta haft sig í frammi. Krafðist þá stefnandi lögbanns, og við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni í Kópavogi lýsti lögmaður stefnda yfir, að stefndi væri hættur framkvæmdum. Var því lögbannskrafan dregin til baka.

Með bréfi, dags. 23. desember 1992, rifti stefnandi kaupsamningi um íbúðina, og var yfirlýsingu þar að lútandi þinglýst á eignina. Stefndi fékk umráð íbúðarinnar að Engihjalla 19 í samræmi við kaupsamning aðila. Vorið 1993 fór leigjandi úr íbúðinni og afhenti stefnanda lyklana. Neitaði stefnandi að afhenda lyklana og tilkynnti, að hann hefði tekið við vörslu íbúðarinnar í samræmi við riftunarbréf sitt. Stefndi krafðist þá aðfarar hjá stefnanda, en þeirri beiðni var hafnað í undirrétti með úrskurði 13. júlí 1993. Skaut stefndi þá málinu til Hæstaréttar, og í dómi hans 10. september 1993 segir, að stefndi skuli hafa umráð íbúðar 1-C að Engihjalla 19 í Kópavogi ásamt tilheyrandi lyklum.

II.

Niðurstaða matsmanna er eftirfarandi.

1. Málun glugga á suður- og norðurhlið	kr.	637.120
2. Lagfæring blikkhatta	–	54.000
3. Lagfæring blikkkanta á suður- og norðurhlið	–	141.600
4. Endurnýjun á vatnsbrettum	–	1.863.400
5. Lagfæring leka í eldhúsi í íbúð 6-F	–	20.200
6. Lagfæring leka í stigagöngum	–	129.000
7. Tyrfing lóðar	–	30.000
8. Viðgerð á flagnaðri pússningu	–	20.000
9. Körfubílar og verkpallar	–	540.000
	Kr.	3.435.320

1. Málun glugga á suður- og norðurhlið.

Kostnaðarmat matsmanna miðast við sköfun, grunnun og síðan tvímálun

með þekjandi málningu, solignum eða sambærilegu. Í verksamningi er gert ráð fyrir, að borið sé á alla glugga solignum-acrýl.

Stefndi heldur því fram, að gluggar séu smíðaðir úr gljúpri furu. Þeir hafi verið vatnsósa, því að ekkert hafi verið borið á þá, frá því að húsið var reist, en þá hafi líklega verið borið á þá solignum-efni í brúnum lit. Ákveðið hafi verið að bera sama lit á til þess að forðast flögnun. Hann hafi borið á 40%–50% af gluggum í brúnum lit, en þá hafi stefnandi ákveðið að fá gráan lit. Hann hafi byrjað á þeim gráa, en þá hafi enn verið breytt og nú í bláan lit. Blár litur hafi ekki verið til í solignum, og því hafi hann keypt bláa málningu. Hún hafi hins vegar flagnað af, líklega vegna þess, hve gluggarnir voru blautir. Stefndi telur málun með bláum lit vera aukaverk, sem honum beri sérstök greiðsla fyrir.

Forsvarsmenn stefnanda kannast ekki við, að stefndi hafi byrjað að bera brúnan lit á. Það sé hins vegar rétt, að hann hafi byrjað aðeins á gráum lit, en ákveðið hafi verið að skipta yfir í bláan.

2. Lagfæring blikkkanta.

Matsmenn gera ráð fyrir að setja undir kantana krossviðarrenninga og pappa og festa aftur. Þannig myndu þeir síður glamra og ending yrði betri.

Stefndi bendir á, að ekki sé gert ráð fyrir þessum lið í verksamningi. Hann hafi hins vegar talið það vandaðri frágang að setja hatta á tvo svalaveggi á hvorri hlið til þess að hlífa múrkerfinu fyrir neðan. Vel kunni að vera, að það sé vandaðri frágangur, sem matsmenn leggi til. Það skipti þó ekki máli, því að þessi þáttur sé utan samningsskuldbindinga stefnda. Þá bendir stefndi einnig á, að hann hafi sett blikkkanta á 13 aðra veggi á vestur- og austurhlið. Það verk hafi verið unnið umfram skyldu og fyrir utan verksamning.

3. Lagfæring blikkkanta á suður- og norðurhlið.

Í matsgerð er frá því skýrt, að flögnun í múrhúðun hafi komið fram á einum stað undir samskeytum kantsins. Á öðrum stað liggi taumur niður vegg. Frágangur kantsins sé með þeim hætti, að nýi kanturinn hafi verið settur ofan á þann gamla. Vatn geti því víða lekið og legið á milli kantanna og leiti síðan út á samskeytum. Í mati er gert ráð fyrir, að smíðaðir verði nýir kantar, sem nái inn á bárujárn þaksins.

Stefndi fellst á með stefnanda, að frágangur á þessum köntum hefði mátt vera betri. Hins vegar hafi hann lagt þá umfram skyldu, því að ekki sé gert ráð fyrir þeim í verksamningi. Hann hafi sett þessa kanta upp til að koma í veg fyrir leka, er nú væri úr sögunni.

4. Að saga af og ganga eðlilega frá steinþynnum á vatnsbrettum í sjónlínu frá stigagöngum.

Nauðsynlegt þótti að vernda vatnsbretti undir gluggum. Á húsfundi var ákveðið að leggja steinflísar á vatnsbrettin. Flísarnar eru 15×30 cm. Þær voru límdar á, en er stefndi hafði gengið þannig frá norðurhlið, voru aðilar sammála um, að illa hefði til tekist, að því er útlit varðaði. Frá stigagöngum séð voru flísarnar skakkar og alls ekki í beinni sjónlínu. Guðmundur Davíðsson segir, að haldinn hafi verið óformlegur fundur með tveimur stjórnarmönnum í húsfélaginu. Hafi allir verið sammála um, að illa hefði til tekist, og hefði hann lagt til, að sett yrði járnvatnsbretti á suðurhlið, og jafnframt hefði hann boðist til að brjóta flísar niður á norðurhlið og setja járn einnig þar. Þessu hafi stjórnarmenn hafnað og skírskotað til þess, að flísarnar hefðu verið samþykktar á húsfundi. Hann hefði því haldið verkinu áfram á suðurhlið.

Húsið sé mjög illa upp steypt og vatnsbretti í bylgjum. Hefði því átt að nota náttúrlegt grjót með óreglulegum þykktum til að brjóta upp línuna. Þannig hefði átt að bera minna á misfellum.

Matsmenn telja, að það muni ekki nema að litlu leyti bæta útlit vatnsbretta að saga framan af þeim. Eina ráðið sé að fjarlægja þau, sem fyrir eru, og setja ný. Þá benda matsmenn á, að flísarnar séu farnar að losna og veruleg slysahætta því samfara. Óverjandi sé að festa flísarnar með múrlími einu saman á svo háu húsi.

Stefndi bendir á, að mjög óheppilegt sé að saga framan af flísunum, því að þá verji þær ekki lengur pússninguna undir. Því sé eina ráðið að fjarlægja flísarnar, ef laga eigi þennan útlitsgalla. Stefnandi hafi sjálfur valið þessar flísar, sem notaðar voru. Þær séu úr náttúrusteini og misþykkar. Aðalorsök þess, að yfirborð flísanna sé ójafnt, sé þó sú, að vatnsbrettin séu illa steypt. Steypan sé allt að hálfan cm fyrir neðan glugga öðrum megin, en 4–5 cm hinum megin. Ef leggja hefði átt flísarnar þannig, að yfirborð væri slétt, hefði þurft að brjóta upp flest vatnsbrettin. Það hefði ekki verið innifalið í tilboði stefnda að laga ágalla á uppsteypu hússins. Matsmenn bendi réttilega á, að flísarnar séu farnar að falla af húsinu og réttara verið að festa þær einnig með skrúfum eða boltum. Hér á landi séu hins vegar engar reglur um slíkan frágang, þótt þær séu til erlendis. Vissulega hafi komið fram gallar á límingunni, en svo virðist sem flísarnar hafi losnað í ofsaveðri, en þekkt sé, að vindhæð geti orðið mögnuð við Engihjalla í Kópavogi. Stefndi fullyrðir, að notuð hafi verið fullgild aðferð við að festa flísarnar og viðurkennt steinlím. Aðrar kröfur hafi ekki verið gerðar á þessum tíma.

5. Að stöðva leka fyrir ofan eldhússglugga í íbúð 6 F.

Matsmenn búast við, að þétta þurfi gluggann að ofan svo og glugga á næstu hæð þar fyrir ofan.

Stefndi bendir aftur á móti á, að í verksamningi sé hvergi kveðið á um lekaviðgerðir á gluggum. Hann beri því enga ábyrgð á lekanum.

6. Leki í stigagöngum, sem snúa í suður.

Matsmenn telja, að um tvíþættan vanda sé að ræða, annars vegar leka með gluggum og þá milli gluggakarms og steins með trélista, sem þar er, á hinn bóginn sjáist ummerki um leka frá samskeytum húsanna, en veggurinn er tvöfaldur á þessum stað. Matsmenn taka fram, að þeir hafi ekki staðfest leka, þar sem slagveður hafi ekki verið, meðan á matsstörfum stóð. Matsmenn treysta sér því ekki til að skera úr um, hvort rakamerki séu til komin fyrir eða eftir viðgerð þá, er stefndi vann.

Stefndi heldur því einnig fram um þennan lið, að leki á stigagöngum sé sér óviðkomandi. Hann vísar til verksamnings í því sambandi.

7. Lagfæring á jarðraski.

Stefndi þurfti að fá kranabifreið að sunnanverðu, en þar er garður hússins. Við það varð jarðrask. Stefndi gerir ekki athugasemd við kostnaðarmat matsmanna, að því er þetta varðar, en vísar til þess, sem áður sagði, að klæðning var aukaverk og stefnandi hafi átt að bera ábyrgð á kranabifreiðinni. Óhjákvæmilegt jarðrask hafi orðið, er klæðning á göflum hafi ekki verið innifalin í verksamningi. Hluti af kostnaði við þennan verkþátt sé að laga lóðina.

8. Viðgerð á flagnaðri pússningu.

Matsmenn miða við, að gert verði við flögnun, eftir að þakkanti hafi verið breytt í þá átt að minnka vatnsálagið.

Stefndi gerir ekki athugasemd við þennan lið.

9. Körfubílar og verkpallar.

Stefndi telur enga þörf á verkpöllum. Verkið verði hagkvæmast unnið úr körfubíl.

III.

Aðalkröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi hafi svo verulega vanefnt kaupsamning frá 1. júní 1989, að sér hafi verið heimilt að rifta samningnum. Endurgjald stefnda fyrir umrædda íbúð hafi verið fólgið í viðgerðum og endurbótum á fasteigninni. Höfuðskylda hans hafi verið að skila stefnanda verki, er væri í samræmi við samning aðila og uppfyllti almennar faglegar

kröfur á viðkomandi sviði. Þær skyldur hafi hann vanefnt. Verk stefnda hafi reynst svo stórlega gallað, að samtals kostaði 3.435.120 kr. að bæta úr því.

Í aðalkröfu gerir stefnandi enn fremur þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna tapaðrar húsaleigu af íbúð nr. 1-C við Engihjalla 19 frá 1. júní 1989 til 1. janúar 1993, samtals í 43 mánuði. Stefndi hafi haft full afnot umræddrar íbúðar á þessum tíma og valdið stefnanda tjóni vegna missis leigutekna. Tekjur stefnda af húsaleigu ætlar stefnandi 35.000 kr. á mánuði. Nemi skaðabótakrafa stefnanda því 35.000 kr. × 43, samtals 1.505.000 krónum.

Stefnandi fellst á, að til frádráttar skaðabótakröfu sinni komi greiðslur stefnda af lögboðnum gjöldum íbúðarinnar og þær greiðslur, sem hann hefur innt af hendi vegna áhvílandi láns á 1. veðrétti við veðdeild Landsbanka Íslands.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda um riftun, krefst hann þess til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.435.120 kr., sem er sú fjárhæð, sem kostar að bæta úr verki stefnanda að mati hinna dómkvöddu matsmanna skv. matsbeiðni.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi tekið að sér tiltekið verk fyrir sig gegn ákveðinni þóknun og ábyrgst honum árangur verksins. Verk hans hafi reynst gallað og hann samþykkt að bæta úr göllunum, sbr. samkomulag aðila 3. maí 1990. Samkvæmt því hafi stefnda borið að ljúka úrbótunum eigi síðar en 15. júlí 1991. Stefndi hafi vanefnt samkomulagið, og því hafi stefnanda verið heimilt að krefja hann um kostnaðinn við endurbæturnar skv. mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Samkvæmt samkomulaginu 3. maí 1990 hafi stefndi skuldbundið sig til „að saga af og ganga eðlilega frá steinþynnum á vatnsbrettum í sjónlínu frá stigagöngum". Í matsgerð matsmanna komi fram, að þeir telji efnisval og frágang vatnsbretta meingallað og að eðlilegum frágangi þeirra verði ekki náð nema með því að fjarlægja flísarnar, sem fyrir eru, og setja nýjar í staðinn. Eigi það við um öll vatnsbretti, bæði þau, sem eru í sjónlínu við stigagang, og þau, sem eru það ekki.

Samkomulag aðila frá 3. maí 1990 nái til að „ganga eðlilega frá steinþynnum á vatnsbrettum í sjónlínu frá stigagöngum". Krafa stefnanda taki hins vegar til allra vatnsbretta, enda verkið svo stórlega gallað, að stórhætta stafi af fyrir vegfarendur, ef þungar steinflísar falli af vatnsbrettunum. Þá hafi stefndi skuldbundið sig samkvæmt greindu samkomulagi til að skoða „leka, sem fram hefur komið í stigagöngum, sem snúa í suður. Að því búnu verði tekin ákvörðun um úrbætur". Orsakir leka í stigagangi reki matsmenn til ófullnægjandi frágangs stefnda efst í þaki. Beri stefnda að bæta tjón

stefnanda vegna þessa skv. samningi aðila og almennum reglum um ábyrgð verktaka gagnvart verkkaupa á gölluðu verki. Réttur stefnda til að bæta úr verki sínu hafi fallið niður vegna aðgerðaleysis hans 15. júlí 1991. Í málflutningi mótmælti stefnandi gagnkröfum stefnda á þeirri forsendu, að ekki væri um aukaverk að ræða.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi fyrst og fremst því, að ekkert samkomulag hafi tekist með aðilum á fundi í húseigendafélaginu í maí 1990. Ekkert samkomulag hafi verið undirritað, heldur sé aðeins til fundargerð frá fundinum, sem rituð sé af lögmanni húseigendafélagsins, sem gætt hafi hagsmuna stefnanda í málinu. Viðurkennt sé hér fyrir rétti, að lögmaðurinn og framkvæmdastjóri húseigendafélagsins hafi litið svo á, að hann hafi farið með hagsmunagæslu fyrir stefnanda á fundinum. Því sé ósannað með öllu, að samkomulag hafi tekist. Af því leiði, að grundvellinum sé þar með kippt undan matsgerðinni, sem hvíli eingöngu á ímynduðu samkomulagi.

Stefndi hefur uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar með vísan til viðskiptayfirlits um skuld stefnanda við stefnda samkvæmt verksamningi svo og með vísan til fram lagðra reikninga fyrir aukaverk.

Stefndi mótmælir svokölluðu viðbótarmati og kröfum, sem á því eru reistar. Þar sé farið út fyrir frummatsbeiðni, og stefnda hafi ekki verið gert viðvart.

Stefndi sundurliðar skuldajafnaðarkröfu sína þannig:

A. Ofgreitt vegna körfubifreiðar	kr.	668.750
B. Aukaverk vegna körfubifreiðar	–	2.586.000
C. Kranaleiga	–	702.186
	Kr.	3.956.936

A. Stefndi kveður stefnanda hafa ofgreitt Þorsteini Péturssyni körfubílaeiganda 668.750 kr., en um hafi samist, að húsfélagið greiddi Þorsteini beint. Forsvarsmenn stefnanda hafa skýrt svo frá hér fyrir dómi, að Þorsteinn hafi ætlað að hætta verkinu, vegna þess að Guðmundur hafi verið kominn í skuld við hann. Stefnandi hafi þá komið með þá málamiðlun, að greitt yrði beint til Þorsteins, og hafi það verið gert. Mótmælir stefnandi því, að ofgreitt hafi verið, og bendir á, að stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

B. Stefndi heldur því fram, að hann hafi unnið margs konar aukaverk fyrir stefnanda, sem ekki heyri til verksamningi. Hann hefur útbúið reikning, dags. 20. mars 1993, vegna aukaverka, svohljóðandi:

Austur-vestur hlið v/leka í loftinntökum, 150 tímar / 1750	150×1.750	kr.	262.500

Blikkkantur á svalaveggjum, 70 tímar	70×1.750	–	122.500
Efni, festingar, hönnun og fleira	1×163.000	–	163.000
Klæðning á suðurhlið, settar upp lektur, einangrað og klætt með Garða-Héðins-stáli; vinna 180 tímar / 1750	108×1.750	–	315.000
Efni	1×186.000	–	186.000
Vinna v/hraunun, 2650 fm á 580: efni + vinna	580×2.650	–	1.537.000
Samtals með vsk. 24,5%		kr.	2.586.000
Vsk. 24,5%		–	508.925
Til greiðslu		–	2.586.000

Stefndi skýrir reikning sinn þannig, að stefnandi hafi óskað eftir, að blikkkantar yrðu settir yfir loftinntök til að koma í veg fyrir leka. Þetta hafi kostað 262.500 kr. vegna vinnu í 150 tíma.

Stefnandi hafi ákveðið að setja blikkkanta á svalaveggi til að hlífa þeim. Það hafi tekið 70 tíma að vinna verkið fyrir 122.500 kr.

Efni fyrir báða ofangreinda verkþætti hafi kostað 163.000 kr.

Ákveðið hafi verið að stálklæða stafnveggi efst á suðurhlið. Sett hafi verið timburgrind með 50 cm bili, plasteinangrun sett á milli lista og lokað með járnklæðningu, blikkkantur settur yfir til að loka á milli klæðningar og þaks. Samtals hafi þetta kostað 501.000 kr.

Að lokum tiltekur stefndi 1.537.000 kr. vegna vinnu og efnis við hraunun. Stefnandi hafi óskað eftir aukayfirferð, sem stefndi hafi framkvæmt.

C. Stefndi kveðst hafa greitt fyrir kranabifreið, sem hann hafi notað við aukaverk, er hann vann við að klæða fyrir ofan 8. hæð. Hefur hann lagt fram reikning vegna þessa, að fjárhæð 702.186 kr.

Fyrir dóminn komu eftirfarandi til skýrslugjafar: Kristinn Gestsson, Dröfn Eyjólfsdóttir og Þóra Ásgeirsdóttir, öll í stjórn húsfélagsins, matsmennirnir dr. Ríkharður Kristjánsson og Freyr Jóhannesson, Guðmundur Davíðsson, framkvæmdastjóri stefnda, Ásgeir Guðmundsson og Flosi Ólafsson, báðir starfsmenn stefnda, Þorsteinn Pétursson, eigandi körfubifreiðar, sem notuð var við verkið, Karl Axelsson, lögfræðingur húseigendafélagsins, Magnús Bjarnason verkfræðingur, Magnús Einarsson, en hann málaði glugga hússins, og Oddur Guðmundsson múrarameistari.

Dómurinn hefur í tvígang farið á vettvang og skoðað aðstæður.

IV.

Málatilbúnaður stefnanda er reistur á því, að bindandi samningur hafi komist á með aðilum á fundi í húseigendafélaginu 3. maí 1991. Matsgerð er

miðuð við, hvað kosti að efna hann. Er bæði riftunarkrafa og skaðabótakrafa stefnanda á þessu byggð. Fundargerð frá þessum fundi er hins vegar óundirrituð, og hefur forsvarsmaður stefnda mótmælt því, að samkomulag hafi tekist.

Þegar það er virt, að til fundarins var boðað af húseigendafélaginu, sem gætti hagsmuna stefnanda í málinu, og fundargerð var rituð af framkvæmdastjóra félagsins, þykir ósannað gegn andmælum stefnda, að bindandi samningur hafi komist á með aðilum. Bókun í þinghaldi 3. apríl 1992, er matsmenn voru til kvaddir, þykir ekki breyta þessari niðurstöðu. Í þeirri bókun segir, að „matsþoli mótmælir dómkvaðningu matsmanna nú vegna þess, að hann sé tilbúinn að ljúka þáttum 1, 2, 3, 5, 6 og 7 fyrir ákveðið tímamark í sumar, um leið og unnt er, og telji sig eiga rétt á því og krefjist þess, að matið fari fram á ábyrgð og kostnað matsbeiðanda og matsþoli beri ekki greiðsluskyldu á matskostnaði". Þykir rétt að túlka þessa bókun með tilliti til þess, að sumarið 1991 gerði stefndi fyrirvara vegna kostnaðar af kranabifreið, sem hann fékk til verksins og taldi stefnanda eiga að greiða fyrir. Þennan fyrirvara ítrekaði stefndi á fundi í húseigendafélaginu 25. nóvember 1991. Þegar þetta er virt, þykir ekki unnt að fallast á með stefnanda, að í umræddri bókun felist bindandi loforð af hálfu stefnda.

Niðurstaða er því sú, að ósannað þykir, að samkomulag hafi tekist. Matsgerð og kröfugerð stefnanda er aftur á móti studd hinu ætlaða samkomulagi. Öðrum þræði er málið þó byggt á því, að verk stefnda sé gallað. Í málflutningi var málið reifað með tilliti til þess. Verður því fjallað um gallakröfur stefnanda hér á eftir, en telja verður að fenginni þessari niðurstöðu, að um samningssamband aðila gildi verksamningurinn frá 31. maí 1989.

Verður nú fjallað um einstaka kröfuliði stefnanda.

1. Málun glugga.

Í verksamningi segir það eitt, að glugga skuli mála með solignum-acrýl. Ekki er getið um, hvort mála skuli eina eða tvær umferðir né hvernig undirvinnu skuli háttað. Upplýst er í málinu, að öll suðurhlið var máluð með solignum-efni í gráum lit og mestöll norðurhlið. Undirverktaki sá, er málaði, hefur skýrt svo frá, að er hann kom að verkinu, hafi starfsmenn stefnda verið búnir að mála norðurhlið að mestu og þrjár neðstu hæðir á suðurhlið. Hann hafi lokið við suðurhlið og unnið verkið á venjulegan máta, þ. e. skrapað upp flagnaða málningu, grunnað þar, sem viðurinn var ber, og málað síðan yfir. Fram hefur komið, að húseigendur óskuðu eftir bláum lit, þegar hér var komið, og var hann keyptur hjá Slippfélaginu hf. að ósk stefnanda. Blái liturinn var ekki úr solignum-acrýl, eins og verksamningur gerði ráð fyrir.

Engin rannsókn hefur farið fram á því, hvers vegna málning flagnaði af

gluggum. Dómendur hafa þó á vettvangi komist að raun um, að viðurinn var mjög blautur. Er því líklegasta skýringin sú, að of mikill raki sé í gluggum vegna langvarandi viðhaldsskorts. Ekki þykir þó unnt að fullyrða, að forsvarsmanni stefnda hafi mátt vera þetta ljóst, er hann hóf verkið. Hann fullnægði skyldum sínum skv. verksamningi, og verður ekki talið, að hann hafi mátt gera sér grein fyrir, að svo kynni að fara, að málning flagnaði fljótlega af. Kröfur skv. þessum lið verða því ekki teknar til greina.

2. Lagfæring blikkhatta.

Stefndi kom fyrir blikkhöttum á svalaveggi á suður- og norðurhlið. Setti hann blikkhatta á lárétta fleti efst uppi, þar sem veggirnir enda. Ekkert ákvæði er um þetta í verksamningi, en þessi frágangur telst viðunandi, því að þannig má hlífa múrkerfinu fyrir neðan. Krafa stefnanda skv. þessum lið verður því ekki tekin til greina, enda telst frágangur stefnda fullnægjandi.

3. Blikkkantar á þaki.

Í verksamningi segir, að ganga skuli frá þakbrúnum í samræmi við einangrunarmúrkerfi. Stefnda bar því að búa svo um hnútana, að frágangur á þakbrúnum væri í lagi. Hann hefur viðurkennt, að betur hefði mátt standa að því verki. Í ljós hefur komið, að múrkerfið hefur flagnað á tveimur stöðum norðan megin undir samskeytum kantsins. Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála matsmönnum um orsök lekans. Verður því krafa stefnanda tekin til greina skv. þessum lið, en þó þannig, að aðeins helmingur verður tekinn til greina, 70.800 kr., því að enginn galli hefur komið fram á suðurhlið.

4. Vatnsbretti.

Í verksamningi segir, að vatnsbretti skuli endursteypt með Knauf cm 700 með trefjum, en áður skuli vera búið að grunna þau með sérstakri aðferð. Á fundi hjá húsfélaginu var ákveðið að setja flísar úr granít á vatnsbrettin. Þykir sannað, að aðilar voru sammála um endanlegt yfirborðsefni í upphafi verks. Taka verður einnig tillit til þess, að stefndi gerði stefnendum viðvart, er verkið var hálfnað, og kom með þá tillögu, að sett yrðu vatnsbretti úr stáli. Því var hafnað af húseigendum, þar af tveimur stjórnarmönnum, sem vildu, að verkið héldi áfram, eins og um var samið.

Í ljós hefur komið, að flísarnar hafa losnað og dottið af sums staðar, vegna þess að límið heldur ekki. Dómurinn er sammála matsmönnum, að óverjandi sé á svo háu húsi að festa flísarnar með líminu einu saman. Nauðsynlegt var að nota festingar jafnframt, t. d. skrúfur. Þykir rétt, að stefnandi fái skaðabætur, að fjárhæð 485.000 kr., vegna þessa. Er þá miðað við, að þær flísar, sem enn eru fastar, verði skrúfaðar niður, en í stað þeirra, sem fallið hafa af, verði nýjar límdar og festar.

5.–6. Leki við glugga.

Þessir liðir falla fyrir utan verksamning, og ber stefndi því ekki ábyrgð á þeim.

7. Jarðrask.

Sunnan megin við húsið er garður þess. Til þess að komast að með körfubíl og krana þurfti að fara yfir garðinn með þau tæki. Matsmenn gera ráð fyrir, að slétta þurfi og tyrfa 50 m^2 vegna þessa. Dómurinn telur, að jarðrask hafi ekki orðið meira en eðlilegt megi teljast við verk sem þetta. Þykir stefndi ekki skaðabótaskyldur vegna þessa.

8. Flögnuð pússning.

Undir rekstri málsins hefur stefndi samþykkt þennan kröfulið, að fjárhæð 20.000 kr.

9. Körfubílar og verkpallar.

Telja verður, að unnt sé að vinna verkið úr körfubíl, og telst kostnaður vegna þess hæfilegur 221.000 kr.

Niðurstaða verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina, að fjárhæð samtals 796.800 kr. Eftir þeim úrslitum verður stefndi sýknaður af riftunar- og leigugreiðslukröfu stefnanda. Vanefndir þykja ekki það verulegar, að riftun valdi.

Koma þá næst til athugunar skuldajafnaðarkröfur stefnda. Styður hann þær í fyrsta lagi því, að stefnandi hafi ofgreitt 668.750 kr. til Þorsteins Péturssonar, sem leigði körfubíl til verksins. Ómótmælt er af hálfu stefnda, að samkomulag hafi orðið um, að stefnandi greiddi Þorsteini beint. Stefndi ber sönnunarbyrðina fyrir því, að ofgreitt hafi verið. Gegn mótmælum stefnanda þykir sú staðhæfing ósönnuð.

Í öðru lagi er gagnkrafa stefnda reist á því, að stefnanda beri að greiða fyrir kranabifreiðina, sem stefndi pantaði til verksins, að fjárhæð 702.186 kr. Krani þessi var nauðsynlegur, þar sem körfubifreiðin náði ekki nægilega hátt upp og ekki unnt fyrir tvo menn að athafna sig í körfu, eins og nauðsynlegt er, þegar húsveggur er klæddur. Telja verður, að um aukaverk hafi verið að ræða, er ákveðið var að klæða fyrir ofan 8. hæð í stað þess að nota einangrunarmúrkerfi, eins og til stóð skv. verksamningi. Hins vegar verður að telja, að stefndi hefði átt að tilkynna stefnanda og fá samþykki hans fyrir þessum mikla kostnaðarauka, sem af kranabifreiðinni hlaust. Stefnandi stóð í þeirri trú, að körfubifreið sú, er stefndi hafði umráð yfir, myndi duga. Stefnda var óheimilt að binda stefnanda á þennan hátt án hans samþykkis, og verður því krafa hans ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi er skuldajafnaðarkrafa stefnda samkvæmt reikningi, dags. 25. mars 1993, að fjárhæð 2.586.000 kr. Telur stefndi, að um aukaverk sé að

ræða, sem hann hafi unnið að beiðni stefnanda. Verk þau, er stefndi krefst greiðslu á skv. reikningi þessum, voru unnin sumarið 1990. Það var ekki fyrr en með bréfi 18. desember 1992, að stefndi minntist á, að hann kynni að eiga gagnkröfu, en þá lá matsgerð fyrir. Gagnkrafan er fyrst sett formlega fram í greinargerð stefnda, sem lögð var fram í málinu 25. mars 1993. Reikningurinn er dagsettur skömmu áður, 20. s. m., sem er tveimur og hálfu ári eftir, að verkið var unnið.

Reikningur þessi hefur svo til enga umfjöllun fengið við rekstur málsins að undanskildum þeim verkþætti, er lýtur að klæðningu efst á suðurhlið. Að öðru leyti hefur reikningurinn varla verið reifaður, hvorki af stefnda né stefnanda. Kostnaðarliður, að fjárhæð 1.537.000 kr., vegna vinnu við að hrauna hefur t. d. enga umfjöllun fengið. Engin gögn hafa verið lögð fram um þessi verk, aðeins stutt lýsing á því, hvað unnið var. Einingarverð er ekki að finna í gögnum málsins, og vitni hafa ekki verið leidd til að upplýsa, hvernig um hafi samist með aðilum. Stefnandi hefur mótmælt því, að stefndi hafi unnið aukaverk.

Framangreindur hluti gagnkröfunnar þykir því svo vanreifaður, að vísa beri þeim hluta frá dómi.

Öðru máli gegnir um kröfu stefnda um greiðslu vegna stálklæðningar á stafnveggi efst á suðurhlið. Ákveðið var að hætta við svokallað einangrunarmúrkerfi fyrir ofan 8. hæð og setja þess í stað klæðningu. Ósönnuð þykir sú staðhæfing stefnanda, að þannig hafi um samist, að stefndi ynni verkið á sinn kostnað og stefnandi greiddi fyrir stálklæðninguna. Telja verður, að um aukaverk hafi verið að ræða, sem ekki sé innifalið í verksamningi. Hins vegar þykir eiga að koma til frádráttar það hagræði fyrir stefnda að sleppa við að múra með einangrunarmúrkerfi, eins og verksamningur gerði ráð fyrir. Þegar það hagræði er haft í huga, telur dómurinn, að þessi breyting á verksamningi hafi ekki bakað stefnda aukaútgjöld.

Niðurstaðan er því sú, að gagnkröfur stefnda verða ekki teknar til greina. Eftirfarandi gagnkröfum skv. reikningi, dags. 20. mars 1993, er vísað frá dómi: Vinna við leka í loftinntökum á austur- og vesturhlið, 262.500 kr., vinna við blikkkant á svalaveggjum, 122.500 kr., efni og fl. þessu samfara, 163.000 kr., og vinna við hraunun, 1.537.00 kr., samtals 2.084.000 kr.

Heildarniðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 796.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1992 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Ármann Jóhannesson byggingaverkfræðingur og Atli Ólafsson byggingaiðnfræðingur kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gifspússning hf., skal vera sýkn af aðalkröfu stefnanda, Húsfélagsins Engihjalla 19, að viðurkennd verði riftun á kaupsamningi um íbúðina 1-C í húsinu nr. 19 við Engihjalla, Kópavogi. Stefndi skal einnig vera sýkn af aðalkröfu stefnanda um greiðslu húsaleigu.

Stefndi greiði stefnanda 796.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1992 til greiðsludags.

Skuldajafnaðarkröfu stefnda, samtals að fjárhæð 2.085.000 kr. skv. reikningi, dags. 20. mars 1993, er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 104/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ásvaldi Friðrikssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.) **og**
Hallgrími Sigurði Sveinssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Opinber fjársöfnun. Upptaka eigna. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákæruvalds með stefnu 14. mars 1995. Krefst ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærðu dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði Ásvaldur Friðriksson krefst þess, að sér verði einungis gert að sæta vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þá krefst hann sýknu af kröfu ákæruvalds um upptöku ólöglegs ávinnings af keðjubréfastarfsemi ákærðu, en til vara krefst hann þess, að þeirri kröfu verði vísað frá dómi. Hann fellst hins vegar á þá kröfu ákæruvalds, að honum verði gert að sæta upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærði Hallgrímur Sigurður Sveinsson krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákæruvalds, en til þrautavara, að sér verði einungis gerð vægasta refsing að lögum og að hún verði skilorðsbundin. Þá krefst hann þess sérstaklega, að vísað verði frá kröfu um, að honum verði gert að sæta upptöku á þeim gögnum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, svo og kröfu um upptöku ólöglegs ávinnings, en til vara krefst hann sýknu af þeim kröfum.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, stofnuðu ákærðu til og hófu dreifingu á peningakeðjubréfum um miðjan janúar 1994. Meðal

skjala málsins er svokölluð þátttökutilkynning í „leiknum Auðbjörgu“ og enn fremur „leiðbeiningar og reglur“ til þeirra, er þátt vildu taka. Nafn þátttakanda skyldi skráð í þar til gerðan reit á þátttökutilkynningu, en þeim fjórum mönnum, sem áður höfðu skráð sig á tilkynninguna, átti hinn nýi þátttakandi að greiða 1.000 krónur hverjum. Tilkynningin skyldi síðan send til félags ákærðu, Landsmálafélagsins, ásamt 1.000 króna greiðslu fyrir þátttöku og kvittun um viðtöku á greiðslu frá þeim fjórum, sem ofar stóðu á skjalinu. Í kjölfar þess sendi félagið hinum nýja þátttakanda um hæl fjórar þátttökutilkynningar með nafni hans nr. 4 í röðinni, en nafn þess, sem stóð efstur á fyrri tilkynningu, hafði verið fellt brott. Hlutverk hins nýja þátttakanda var síðan að selja með sama hætti þær fjórar þátttökutilkynningar, sem hann hafði fengið. Í hinum skriflegu leiðbeiningum til þátttakenda kemur meðal annars fram, að ef „keðjan gengur upp“, fái viðkomandi 340.000 krónur í sinn hlut, áður en yfir ljúki.

Fyrir Hæstarétti hefur ákærði Ásvaldur gengist við þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og fallist á, að hún sé refsiverð. Ákærði Hallgrímur krefst hins vegar sýknu með þeim rökum, að starfsemi ákærðu feli ekki í sér refsivert brot. Hafi ákærðu ekki verið að safna fé, hvorki sér til handa né til félags síns. Hafi sú þóknun, er þeir tóku sér, eingöngu runnið til að greiða áfallinn kostnað. Verði starfsemi ákærðu ekki jafnað til opinberra fjársafnana í skilningi laga nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir.

Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Samkvæmt 2. ml. 4. gr. laganna er fjársöfnun með keðjubréfum óheimil. Í greinargerð, er fylgdi frumvarpi til þeirra laga, kemur fram sú skýring á ákvæðinu, að keðjubréf í fjáröflunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi sem þær kunni að vera gerðar. Starfsemi ákærðu var ótvírætt rekin í fjáröflunarskyni. Eru brot ákærðu réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæru. Verður niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest.

II.

Krafa ákærða Hallgríms um ómerkingu málsins í heild er á því reist, að rannsókn þess sé svo ófullkomin, að ekki sé unnt að leggja dóm á málið. Verður ekki á það fallist, að annmarkar á rannsókn

gefi tilefni til að taka þá kröfu til greina. Sama niðurstaða verður um þá kröfu hans, að vísað verði frá dómi kröfu ákæruvalds um, að ákærðu sæti upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Verður sú krafa ákæruvalds tekin til greina.

Rannsókn málsins hefur meðal annars beinst að því að leiða í ljós, hvaða ávinning ákærðu hafi haft af hinni ólögmætu starfsemi sinni. Verður ekki talið, að það hafi verið gert með viðhlítandi hætti, er lögreglurannsókn fór fram í kjölfar þess, að starfsemi ákærðu var stöðvuð. Ekki tókst að varpa skýrara ljósi á þennan þátt málsins við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsetta 15. október 1995. Þar kemur fram, að 11.-13. október sl. hafi verið talin gögn Landsmálafélagsins, sem lagt var hald á 1. mars 1994. Talin hafi verið öll bréf með óskum um þátttöku í peningakeðjunni. Reyndust þau vera 3.583. Kvittanir hafi einnig verið taldar og reynst vera 15.475, en af þeim hafi 3.095 verið kvittanir um greiðslu á 1.000 krónum til Landsmálafélagsins. Við þá framhaldsrannsókn, sem þarna var efnt til, var ekki gætt þess ákvæðis 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að verjanda skuli gefið færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Af þeim sökum verður nefnd skýrsla ekki lögð til grundvallar dómi um kröfu ákæruvalds um upptöku ólögmæts ávinnings.

Samkvæmt framansögðu er þessi þáttur málsins svo vanreifaður, að ekki verður hjá því komist að vísa þessari kröfu ákæruvalds frá dómi.

III.

Eftir þessum úrslitum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um refsingu stefndu, greiðslu sakarkostnaðar og upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Vísað verður frá dómi kröfu ákæruvalds um upptöku ólögmæts ávinnings.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að lýsing málavaxta í héraðsdómi er ófullnægjandi. Er það aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en upptöku ólöglegs ávinnings.

Kröfu ákæruvalds um upptöku ólöglegs ávinnings er vísað frá héraðsdómi.

Ákærðu, Ásvaldur Friðriksson og Hallgrímur Sigurður Sveinsson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur. Þá greiði ákærði Ásvaldur málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, og ákærði Hallgrímur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 1. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 814/1944: Ákæruvaldið gegn Ásvaldi Friðrikssyni og Hallgrími Sigurði Sveinssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. janúar sl., er höfðað af hálfu ákæruvalds með ákæru, út gefinni 8. nóvember 1994, á hendur Hallgrími Sigurði Sveinssyni, Mjóuhlíð 8, Reykjavík, fæddum 19. mars 1954, fæðingarnúmer 512, og Ásvaldi Friðrikssyni, Álfheimum 21, Reykjavík, fæddum 29. júlí 1959, fæðingarnúmer 455, fyrir brot á lögum um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977 með því sem forráðamenn og einkaeigendur Landsmálafélagsins, kennitala 540194-2389, Laugavegi 33 A, pósthólf 1762, Reykjavík, sem ákærðu stofnuðu og fengu skráð með kennitölu í janúar 1994, að hafa í því skyni að setja af stað fjársöfnun með keðjubréfum undir heitinu Auðbjörg útbúið eyðublöð fyrir slíka starfsemi, þátttökutilkynningar með leiðbeiningum og reglum fyrir starfsemina og afhent fyrstu keðjubréfin um eða laust eftir 15. janúar 1994 með sínum eigin nöfnum efstum fjögurra nafna til viðtöku væntanlegra greiðslna, en haldið síðan utan um starfsemina með því að senda þeim, sem óskuðu þátttöku og höfðu útfyllt þátttökutilkynningar og greitt þeim fjórum fyrstu, sem þar voru tilnefndir, 1.000 kr. hverjum, fjórar útfylltar þátttökutilkynningar til sölu. Þátttakendur greiddu hver um sig Landsmálafélaginu 1.000 kr. eða inn á reikning þess nr. 150300 í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, sem þátttökugjald. Er Rannsóknar-

lögregla ríkisins hafði afskipti af starfsemi ákærðu 1. mars 1994, höfðu um það bil 3.000 þátttakendur greitt þátttökugjald, og höfðu ákærðu með þeim hætti einum náð til sín miklum fjármunum, um þremur milljónum króna.

Teljast brot ákærðu varða við 2. ml. 4. gr., sbr. 10. gr. laga um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upptöku á þeim gögnum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, skjölum í 17 kössum, 7 möppum með nafnalistum, kvittanahefti og tveimur pökkum með tölvudisklingum, samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þess að sæta upptöku ólöglegs ávinnings, 3.000.000 kr., samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. sömu laga.

Hinn 13. janúar sótti ákærði Hallgrímur um kennitölu til Hagstofu Íslands fyrir félag ákærðu, Landsmálafélagið, fræðslu- og kynningarfélag um landsmál. Næsta dag var félagið skráð. Ákærðu hófust síðan handa um að koma af stað fjársöfnun með keðjubréfum, eins og lýst er í ákæru, á vegum félagsins í húsnæði Hallgríms að Sundaborg 9–11, en um 20. febrúar fluttist starfsemin að Laugavegi 33 A, þar sem Ásvaldur starfaði með einum starfsmanni og hafði opna afgreiðslu. Að sögn Hallgríms störfuðu fimmtán manns með einum eða öðrum hætti við fyrirtækið. Í leiðbeiningum og reglum, sem ákærðu sömdu fyrir þátttakendur, segir, að þeir fái 340.000 kr., áður en yfir ljúki, gangi keðjan upp. Þátttökugjöld, sem inn komu, voru lögð inn á reikning nr. 150300 í Búnaðarbanka Íslands. Hinn 28. febrúar stofnaði Hallgrímur annan tékkareikning, nr. 1503, vegna félagsins í sama banka, og voru jafnframt millifærðar á hann 200.000 kr. Daginn eftir voru lagðar inn á reikninginn 2.200.000 kr. Hallgrímur ávísaði síðan út af reikningnum samtals 2.400.000 kr. með þremur handhafaávísunum. Hann hefur gert þá grein fyrir ávísunum þessum, að 400.000 kr. hafi runnið til hans sjálfs til greiðslu fyrir vinnu og vegna útlagðs kostnaðar, 800.000 kr. hafi farið til fyrirtækis hans, Kaupsýslu, til greiðslu fyrir afnot húsnæðis að Sundaborg 9–11 o. fl. 1.200.000 kr. runnu að sögn Hallgríms til Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar til að gera upp vinnulaun og/eða verklaun. Þá sagði Hallgrímur við lögregluyfirheyrslu, að 500.000–600.000 kr. til viðbótar, sem komu inn fyrir þátttökugjöld, hefði verið ráðstafað í ýmsan kostnað. Hann taldi þátttakendur hafa verið þrjú þúsund. Hér fyrir dómi kvaðst hann telja ofáætlað, að 500.000–600.000 kr. til viðbótar hefðu komið inn í þátttökugjöld. Hann segir þá félagana hafa fengið 300.000–400.000 kr. í þóknun af þátttökugjöldum. Hann telur sig hafa fengið um 30.000 kr. út úr leiknum. Ásvaldur segist ekki hafa séð um peningamál. Við lögregluyfirheyrslu sagðist hann aðeins hafa fengið 38.000 kr. af inn komnum þátttökugjöldum. Hér fyrir dómi

kvaðst hann hafa fengið 61.000 kr. út úr leiknum. Hann segist hafa sett eitt eða tvö bréf í umferð í upphafi og telur sama eiga við um Hallgrím.

Hinn 1. mars sl. var gerð húsleit að Laugavegi 33 A og Sundaborg 9–11 og hald lagt á gögn, sem talin eru í ákæru, og ákærðu yfirheyrðir.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þar á meðal einkum skýrslum ákærðu sjálfra, þykir fullsannað, að ákærðu hafi aðhafst það, sem þeir eru ákærðir fyrir. Hið eina, sem orkar tvímælis í lýsingu ákærunnar, er, að samkvæmt gögnum málsins virðist sem ákærðu hafi ekki í öllum tilvikum sett sín nöfn efst á lista í þátttökutilkynningum þeim, sem notaðar voru til að setja keðjuna af stað. A. m. k. í einu tilviki voru nöfn þeirra í 2. og 3. sæti. Þetta þykir þó ekki skipta máli um úrlausn málsins.

Samkvæmt 2. ml. 4. gr. laga 5/1977 er fjársöfnun með keðjubréfum óheimil. Samkvæmt skýrum orðum laganna virðist vafalaust, að ákvæðið á við atferli ákærðu, eins og því er lýst í ákæru.

Ásvaldur var dæmdur fyrir minni háttar líkamsárás árið 1978 og gekkst undir greiðslu sektar og ökuréttarsviptingu árið 1985, en Hallgrímur gekkst undir sams konar viðurlög árið 1984. Þessi sakaferill þykir ekki hafa þýðingu fyrir málið.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 5/1977 varðar brot ákærðu sektum. Hæfilegt þykir, að ákærðu greiði hvor um sig 150.000 kr. í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara.

Fullnægjandi upptökuheimild er í 69. gr. alm. hegningarlaga, í 1. tl. 1. mgr., að því er varðar haldlögð gögn, og í 3. tl. varðandi ágóða. Verjandi ákærðu hefur krafist frávísunar upptökukröfu, en engin efni eru til þess. Samkvæmt gögnum málsins, einkum skýrslu Hallgríms, þykir mega leggja til grundvallar, að hagnaður ákærðu hafi verið a. m. k. 3.000.000 kr., sem komu inn fyrir þátttökugjöld, auk a. m. k. 91.000 kr., sem ákærðu fengu út úr keðjunni. Ákærðu eiga rétt á því, að dreginn sé frá kostnaður, sem hefur orðið þannig, að stofnast hafi lögvarðar kröfur á hendur þeim. Ákærðu voru yfirheyrðir um þetta atriði fyrir dóminum, en engin haldbær gögn hafa komið fram fyrir einstökum kostnaðarliðum. Þeir kveðast hafa ráðið ónafngreinda kunningja sína á tímakaupi, án þess að ákvörðun væri tekin um, hvort þeir ynnu sem launþegar eða verktakar, notað síma og rafmagn og bifreiðar og haft kostnað af prentun og ljósritun. Samkvæmt skýrslu Hallgríms ætlaði Ásgeir Hannes Eiríksson að slást í félagsskap ákærðu, en hætti við vegna gjaldþrots. Ákærðu segja hann hafa útvegað húsnæðið við Laugaveg og fengið 150.000 kr. af 1.200.000 kr. tékkanum fyrir afnot þess. Nafn Ásgeirs Hannesar er efst á þátttökulista, sem lagður hefur verið fram í málinu. Eins og ákærðu hafa gert grein fyrir tengslum Ásgeirs Hannesar

við fyrirtæki þeirra, verður ekki talið, að greiðslur til hans séu þess eðlis, að efni séu til að láta þær koma til frádráttar ávinningi við upptöku. Að öðru leyti þykja ekki efni til að álíta, að lækka beri þá fjárhæð, sem ákæruvaldið hefur krafist upptöku á, og verður þannig fallist á allar kröfur ákæruvaldsins. Ákærðu ber að greiða allan sakarkostnað að óskiptu, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Ásvaldur Friðriksson greiði 150.000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara, greiðist sektin ekki innan 4 vikna. Ákærði Hallgrímur Sigurður Sveinsson greiði 150.000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara, greiðist sektin ekki innan 4 vikna.

Ákærðu greiði sakarkostnað að óskiptu, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Hafsteinssonar hdl., 50.000 kr., og 50.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs og sæti upptöku á skjölum í 17 kössum, 7 möppum með nafnalistum, kvittanahefti, tveimur pökkum með tölvudisklingum og ólöglegum ávinningi, 3.000.000 kr.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 359/1994. **Geir G. Waage**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Stjórnarskrá. Bráðabirgðalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Arnljótur Björnsson hæstaréttardómari og varadómararnir Gunnar Sæmundsson hæstaréttarlögmaður, Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Sigurður Líndal prófessor og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1994 og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 522.114 krónur svo og dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987, eins og nánar er greint í héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Málavöxtum, málsástæðum og röksemdum aðila er lýst í héraðsdómi.

Löng réttarhefð er fyrir því, að dómstólar eigi fullnaðarúrskurð um, hvort almenn lög eru sett á stjórnskipulegan hátt. Með sama hætti ber að telja, að dómstólum sé heimilt að meta, hvort setning bráðabirgðalaga sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár.

Svo sem segir í héraðsdómi, var Kjaradómi með bráðabirgðalögum nr. 66/1992, sem sett voru 3. júlí 1992, veittur frestur til 31. sama mánaðar til að kveða upp nýja úrskurði í stað úrskurða dómsins frá 26. júní. Fallast má á með áfrýjanda, að unnt hefði verið að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara í þinghléi sumarið 1992. Þrátt fyrir það mat bráðabirgðalöggjafinn stjórnmálaaðstæður og ástand í þjóðfélaginu þannig, að brýnt væri að breyta strax lögum um Kjaradóm, þannig, að ákvarðanir hans tækju nú mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins svo og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega.

Skilyrði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn hefur í lagaframkvæmd hér á landi verið skýrt rúmt. Þykir ekki leitt í ljós, að löggjafinn hafi með því mati sínu, að brýna nauðsyn bæri til að setja hin umdeildu bráðabirgðalög, misbeitt valdi því, sem honum er fengið með 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991.

Vegna ummæla í héraðsdómi er rétt að taka fram, að bráðabirgðalög, sem sett voru eftir setningu bráðabirgðalaga þeirra, sem mál þetta reis af, eru lög nr. 86/1993, nr. 1/1994 og nr. 112/1994.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til röksemda héraðsdóms verður hann staðfestur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, ríkið, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Geirs G. Waage, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns og
Sigurðar Líndal prófessors

I.

Í þessu máli er til úrlausnar, hvort bráðabirgðalög nr. 66/1992 um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum hafi verið sett innan þeirra marka, sem 28. gr. stjórnarskrárinnar setur, sbr. 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991, þannig, að fullnægt hafi verið áskilnaði um „brýna nauðsyn".

Dómstólar hafa úrskurðarvald um það, hvort almenn lög samrýmist ákvæðum stjórnarskrár um efni og setningarhætti. Bráðabirgðalög hafa sömu réttarverkanir og almenn lög, en sæta ekki jafntryggilegri meðferð, og því er enn ríkari ástæða til að leggja stjórnlagagildi þeirra á vald dómstóla. Í 28. gr. er bráðabirgðalöggjafinn sérstaklega minntur á aðgæslu í þessum efnum.

Almenni löggjafinn metur það sjálfstætt, hvort setja skuli lög, hvenær það skuli gert og hvers efnis þau skuli vera. Ekki er hann

bundinn af öðru en ákvæðum stjórnlaga og þeim óskráðu og almennt viðurkenndu grundvallarreglum, sem búa að baki réttarskipan þjóðfélagsins. Innan þessara marka getur löggjafinn ráðið lagasetningu í samræmi við þau markmið, sem stefnt er að í stjórnmálum hverju sinni.

Bráðabirgðalög má setja um sérhver þau málefni, sem almenni löggjafinn hefur heimild til að skipa með lögum, nema sérstakar skorður séu reistar umfram þær, sem taka til almennra laga. Meðal þeirra má nefna, að óheimilt er að gefa út bráðabirgðafjárlög, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið, sbr. 3. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Bráðabirgðalöggjafinn mat það svo, að brýna nauðsyn bæri til að breyta þeim „laga- og efnisreglum", sem niðurstöður Kjaradóms í úrskurðunum tveimur frá 26. júní 1992 hvíldu á, þannig, að í þeim yrði tekið mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum annarra launþega í landinu. Öðrum kosti væri teflt í tvísýnu þeim stöðugleika og þeirri samstöðu, sem náðst hefði til að mæta áföllum, sem þjóðarbúið hefði orðið fyrir. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika fælist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir, en niðurstöður Kjaradóms tefldu þessum árangri í tvísýnu.

Ekki er á valdi dómstóla að hnekkja mati bráðabirgðalöggjafans á nauðsyn lagasetningar til að ná stjórnmálalegum markmiðum, svo sem hér hefur verið lýst.

II.

Á hinn bóginn er það innan valdsviðs dómstóla að meta, hvort bráðabirgðalöggjafinn hafi beitt heimild sinni til lagasetningar innan þeirra marka, sem honum eru sett í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Þrennt er þar áskilið:

að brýna nauðsyn beri til útgáfu bráðabirgðalaga,

að Alþingi sé ekki að störfum,

að lögin ríði ekki í bága við stjórnarskrána.

Skilyrðið um „brýna nauðsyn", sem mál þetta snýst um, hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874. Í athugasemdum við 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991, sem síðar varð 6. gr. laganna, er tekið fram, að ekki sé breytt þeim skilyrðum, sem verið hafi fyrir út-

gáfu bráðabirgðalaga, en þau hafa iðulega verið túlkuð allfrjálslega, frá því að þau voru fyrst lögleidd árið 1874.

Með 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991 var gerð breyting á 35. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar nú þannig:

> Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, og stendur til jafnlengdar næsta árs, hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.
>
> Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.

Sú skipan, sem hér er gerð, felur í sér, að Alþingi stendur nú allt árið.

Rökin fyrir heimildinni til að setja bráðabirgðalög voru í upphafi þau, að Alþingi kom einungis saman annað hvert ár, nema aukaþing væri kvatt saman, og var svo til ársins 1911. Þá stóð þing almennt ekki lengur en 8 vikur. Samgönguerfiðleikar og stirð fjarskipti réttlættu einnig útgáfu bráðabirgðalaga. Þegar dró úr þessum vandkvæðum, ýtti það helst undir útgáfu slíkra laga, að boða varð til aukaþings, sem setja þurfti formlega, og síðan kjósa forseta og nefndir, áður en þingstörf hæfust. Þrátt fyrir þetta hefur því oft verið hreyft, að heimild til að setja bráðabirgðalög hafi iðulega verið beitt umfram brýna nauðsyn. Hafa slíkar skoðanir birst bæði í ritum fræðimanna og ummælum alþingismanna.

Sú nýskipan, sem gerð var með framangreindri breytingu á 35. gr. stjórnarskrárinnar, veldur því, að nú er að jafnaði fátt til fyrirstöðu, að Alþingi sé kallað saman með stuttum fyrirvara og hefji störf tafarlaust, enda var tilgangurinn sá með því að breyta 35. gr.

Þótt ekki hafi verið haggað við formlegum skilyrðum til útgáfu bráðabirgðalaga í 28. gr. stjórnarskrárinnar með 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991, þar á meðal þeim áskilnaði, að brýna nauðsyn þurfi til útgáfu þeirra, er ljóst, að breyting sú, sem gerð var á 35. gr., hlýtur að hafa áhrif á túlkun orðanna „brýn nauðsyn“. Eftir því sem auðveldara verður að kalla saman Alþingi, þeim mun ríkari verður nauðsynin að vera, og hún ræðst aðallega af tvennu, annars vegar því, hver þörf er á skjótum viðbrögðum, og hins vegar, hversu langan tíma tekur að kalla Alþingi saman. Enn fremur ber að gefa því

gaum, hversu mikilvægt málefni er og hvort tvímælis orki, hvernig leysa skuli.

Af gögnum þessa máls verður ekki séð, að reynt hafi verið að kveðja Alþingi til fundar til að taka á aðsteðjandi vanda, og var þó sérstök ástæða til vegna þess, hversu mikilvægt mál var til úrlausnar. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalög nr. 66/1992. Með útgáfu þeirra hefur verið farið út fyrir þær heimildir, sem 28. gr. stjórnarskrárinnar veitir.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að líklegt megi telja, að meðferð málsins á þingi hefði tekið óhæfilega langan tíma og veruleg vandræði af hlotist, enda brýn nauðsyn skjótra viðbragða. Alþingi ber sjálft ábyrgð á þingstörfum, þar á meðal, hversu hratt mál eru afgreidd. Starfshættir þess hafa ekki áhrif á túlkun orðanna „brýn nauðsyn" í 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Einnig hefur verið bent á, að Alþingi hafi fallist á þá rúmu túlkun, sem viðgengist hafi við útgáfu bráðabirgðalaga með staðfestingu þeirra eftir á og án frekari eftirmála. Af þingræðisreglunni leiðir, að aðhald Alþingis er takmarkað. Stuðningsmenn ríkisstjórnar hljóta að forðast þá árekstra, sem óhjákvæmilega yrðu, ef kalla ætti ríkisstjórn eða einstaka ráðherra til fyllstu ábyrgðar vegna útgáfu bráðabirgðalaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að bráðabirgðalög nr. 66/1992 séu ekki sett með réttum stjórnskipulegum hætti og verði því ekki beitt um ákvörðun Kjaradóms frá 12. júlí 1992 um laun presta þjóðkirkjunnar.

Bráðabirgðalög nr. 66/1992 voru að efni til staðfest með lögum nr. 79/1992, sem birt voru 23. október 1992. Með þeim hafði Alþingi sett lög með réttum stjórnskipulegum hætti, sem breyttu lögum nr. 92/1986, sem Kjaradómur skyldi beita í úrskurðum sínum. Fallast má á það með áfrýjanda, að lög þessi hafi að verulegu leyti bundið hendur Kjaradóms við ákvörðun launa presta þjóðkirkjunnar. Öðrum kosti hefðu þau ekki náð tilgangi sínum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að miða ákvörðun Kjaradóms frá 12. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 79/1992. Stefnda ber því að greiða áfrýjanda vangoldin laun fyrir mánuðina ágúst, september og október 1992, en föst laun starfsmanna ríkisins skulu greidd fyrir fram fyrsta hvers mánaðar, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1954. Nemur fjár-

hæð þessi 111.572 krónum, sbr. yfirlit frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, dags. 6. janúar 1994, á héraðsdómsskjali nr. 18. Framangreinda fjárhæð ber stefnda að greiða með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 37.212 krónum frá 1. ágúst 1992 til 31. sama mánaðar, af 74.424 krónum frá 1. september 1992 til 30. sama mánaðar og af 111.572 krónum frá 1. október 1992 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl 1994, hefur séra Geir G. Waage, kt. 101250-3189, Reykholti, Reykholtshreppi, Borgarfjarðarsýslu, höfðað fyrir dóminum 25. október 1993 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkisins, kt. 540269-6549, Arnarhváli, Reykjavík.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 522.114 krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati héraðsdóms.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins. Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Undir rekstri málsins kom fram krafa frá stefnda með tilvísun til g-liðar 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að sá dómari málsins, er fyrstur fékk það til meðferðar, viki sæti. Krafan var rökstudd með vísan til þess, að dómarinn hefði verið skipaður og starfað sem dómari á þeim tíma, sem bráðabirgðalög nr. 66/1992 voru gefin út, en deilt er um réttmæti þeirra laga í máli þessu. Um launakjör dómarans hafi þá farið eftir ákvörðun Kjaradóms frá 26. júní 1992 um launakjör æðstu embættismanna ríkisins. Bráðabirgðalög nr. 66/1992 mæltu fyrir um, að Kjaradómur skyldi eigi síðar en 31. júlí 1992 kveða upp nýja úrskurði um laun frá og með 1. ágúst 1992 á grundvelli laganna. Eins og mál þetta er rekið, verði ekki annað séð en hagsmunir dómarans fari saman við hagsmuni stefnanda málsins og dómarinn því vanhæfur að fara með málið.

Hinn 7. febrúar 1994 kvað dómarinn upp úrskurð, þar sem fallist var á kröfu stefnda, og vék sæti.

Hinn 14. febrúar 1994 tóku aðrir héraðsdómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur þetta mál til meðferðar, úrskurðuðu sig vanhæfa til að fara með það og viku sæti.

Sama dag ritaði dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur dómsmálaráðherra bréf og greindi frá því, að allir dómarar dómstólsins hefðu vikið sæti, og óskaði þess jafnframt með vísan til 1. mgr. 7. gr. l. nr. 92/1989, að dómari yrði settur til að fara með og dæma mál nr. E-8248/1993. Hinn 15. apríl 1994 var Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður skipaður setudómari til að fara með málið.

Hinn 8. mars 1994 tilkynnti setudómari ráðuneyti dómsmála, að hann hygðist beita heimild 3. tl. 2. gr. l. nr. 91/1991 og kveðja til tvo aðra héraðsdómara, og setti dómsmálaráðherra þá Andra Árnason og Jóhann H. Níelsson hæstaréttarlögmenn héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Aðilar málsins hafa ekki borið brigður á hæfi áðurnefndra dómara, og dæma þeir mál þetta.

III.

Mál þetta er höfðað til heimtu skuldar vegna tjóns, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmætrar kjaraskerðingar frá 1. ágúst 1992 til 1. október 1993, og er höfuðstóll kröfunnar 522.114 krónur.

Stefnandi máls þessa er sóknarprestur í Reykholtsprestakalli í Borgarfirði og tók skipan til starfans í júlímánuði 1979. Skv. 18. gr. l. nr. 62/1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands tekur stefnandi laun úr ríkissjóði, er opinber starfsmaður, nýtur lögkjara og ber skyldur skv. því, en 18. gr. l. nr. 62/1990 vísar einnig til l. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Skv. ákvæðum l. nr. 45/1991 um starfskjör presta þjóðkirkjunnar skyldu launakjör tiltekinna starfsmanna þjóðkirkjunnar, þ. á m. stefnanda, ákveðin af Kjaradómi, sem þá starfaði eftir l. nr. 92/1986. Allt fram til ársins 1962 voru laun presta eins og annarra ríkisstarfsmanna ákveðin með launalögum. Frá 1963 tók við tímabil takmarkaðs samningsréttar, en til kasta Kjaradóms kom, ef samningar tókust ekki. Með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1984 fengu háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn samningsfrelsi. Stéttarfélag stefnanda, Prestafélag Íslands, gerði sem félag innan vébanda Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna tvo kjarasamninga, og var hinn síðari undirritaður 18. maí 1989. Sá samningur var felldur úr gildi með bráðabirgðalögum nr. 89/1990, og í framhaldi af því ákvað Prestafélag Íslands að segja sig úr Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og óskaði eftir því, að launakjör presta yrðu ákveðin af Kjaradómi. Var sú ósk tilefni l. nr. 45/1991, en þau tóku gildi 1. september 1991.

Hinn 26. júní 1992 ákvað Kjaradómur prestum laun í samræmi við l. nr. 45/1991. Í forsendum meiri hluta dómsins er m. a. fjallað um viðveruskyldu

og óreglulegan vinnutíma presta, rakin sérstaða vegna aukaverka og því slegið föstu, að þessi atriði hefðu ekki nema að litlu leyti verið viðurkennd í kjarasamningi Prestafélags Íslands og ríkisins. Niðurstaða meiri hluta Kjaradóms varð sú, að laun presta, sem þjónuðu færri en eitt þúsund sóknarbörnum, svo sem í tilviki stefnanda, skyldu vera 150.000 krónur á mánuði, og var um talsverða kjarabót að ræða. Einn kjaradómsmanna skilaði sératkvæði og taldi launahækkun þessa tvöfalt meiri en hann gæti fallist á og vísaði m. a. til þess, að hliðsjón yrði að hafa af almennum launakjörum í landinu.

Sama dag ákvað Kjaradómur forseta Íslands laun svo og þeim ríkisstarfsmönnum, sem 2. gr. l. nr. 92/1986 tók til. Í forsendum þeirrar ákvörðunar er því m. a. lýst sem markmiði, að leiðrétta verði launamisræmi, sem dómurinn taldi, að orðið væri milli mánaðarlauna, eins og þau höfðu áður verið ákveðin af Kjaradómi, og þeirra launa, sem greidd voru í raun. Þá er í forsendum m. a. tekið mið af launum þeirra, sem sambærilegir gátu talist á almennum vinnumarkaði með tilliti til starfa og ábyrgðar, eins og lög um Kjaradóm kváðu á um. Samkvæmt launaákvörðunum þessum hækkuðu laun margra opinberra embættismanna talsvert. Aftur skilaði einn kjaradómsmanna sératkvæði og taldi hækkanirnar langt úr hófi fram miðað við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu og u. þ. b. þrisvar sinnum meiri en unnt væri að fallast á.

Mánuði fyrir þessar ákvarðanir Kjaradóms höfðu náðst kjarasamningar við þorra launafólks að undangengnum kjaradeilum, sem staðið höfðu um tíma. Kjarasamningarnir byggðust á miðlunartillögum ríkissáttasemjara, sem voru bornar fram í apríllok. Helsta ákvæði þeirra samninga var 1,7% almenn launahækkun, en yfirlýsingar fylgdu um ýmsa aðra þætti efnahagsmála, þ. á m. frá ríkisstjórn Íslands, um stöðugt gengi, aðhald í vaxtamálum og ýmsar breytingar í félags- og réttindamálum. Almennt mun með kjarasamningum þessum hafa verið tekið mið af ríkjandi efnahagsástandi, einkum samdrætti í þjóðartekjum og tilraunum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að skapa og halda efnahagslegum stöðugleika. M. a. er í bókunum með kjarasamningnum vísað til svonefndra þjóðarsáttarsamninga frá 1990 og minnkandi verðbólgu, sem sögð er ávinningur þeirra samninga. Litið var svo á, að kjarasamningarnir hefðu skilað launþegum mjög hóflegum launahækkunum.

Svo virðist sem ákvarðanir Kjaradóms frá 26. júní 1992 hafi valdið uppnámi á vinnumarkaði og vakið verulega athygli í þjóðfélaginu. Af fram lögðum skjölum má ráða, að fjölmiðlaumræða hafi verið líflég, og m. a. var fjallað um ákvarðanir Kjaradóms í leiðaraskrifum helstu dagblaða. Oftar

en ekki fólst í umfjöllun fjölmiðla gagnrýni á ákvarðanir Kjaradóms, og þar við bættist, að nokkur launþegasamtök sendu frá sér ályktanir af þessu tilefni. Var þeim í einhverjum tilvikum fylgt eftir með mótmælafundum. Ekki er að sjá af gögnum, að mótmælunum og gagnrýninni hafi sérstaklega verið beint gegn þeirri ákvörðun Kjaradóms, er laut að launum félagsmanna í stéttarfélagi stefnanda, þ. e. Prestafélagi Íslands.

Viðbrögð ríkisstjórnar Íslands voru í fyrstu þau, að forsætisráðherra ritaði Kjaradómi bréf 29. júní 1992, og var í því bréfi fullyrt, að niðurstaða dómsins stangaðist í veigamiklum atriðum á við þá þróun, sem orðið hafði á hinum almenna vinnumarkaði, og væri ekki í „takt" við staðreyndir íslensks efnahagslífs um þær mundir. Vísað var til þess, að ákvarðanir Kjaradóms væru líklegar til að valda óróa í þjóðfélaginu og gætu rofið samstöðu, sem náðst hafði í tilraunum til, að þjóðin ynni sig sameiginlega út úr efnahagslegum þrengingum. Í niðurlagi bréfsins var því beint til Kjaradóms, að hann tæki ákvarðanir sínar þegar til endurmats og tæki nýjar, sem ekki væru líklegar til að hafa þær afleiðingar, sem að framan var lýst.

30. júní svaraði Kjaradómur bréfi forsætisráðherra, og segir í niðurlagi þess bréfs, að hvorki séu efnahagsleg né lagaleg rök til þess að endurupptaka þá kjaradómsúrskurði, sem upp voru kveðnir 26. júní 1992, og var tilmælum ríkisstjórnarinnar hafnað.

Daginn eftir gaf forsætisráðherra út fréttatilkynningu, þar sem m. a. sagði, að lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar teldu stjórnarskrá lýðveldisins setja því skorður, að bráðabirgðalög yrðu gefin út til að afnema eða breyta niðurstöðu Kjaradóms. Síðan er boðað, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að endurskoða lög um Kjaradóm og muni leggja fram frumvarp um það efni, þegar þing komi saman að nýju.

Skjöl málsins bera með sér, að þau launþegasamtök og félög, sem gagnrýnt höfðu launaákvarðanir Kjaradóms, hafi ekki talið nóg að gert, og 3. júlí 1992 sendu m. a. Alþýðusamband Íslands og formenn landssambanda innan Alþýðusambandsins forsætisráðherra mótmæli. Þar er m. a. fullyrt, að ríkisstjórnin hafi vikist undan því að taka á málinu og vísað því til meðferðar Alþingis, þegar það kæmi saman í ágústmánuði 1992. Tekið er fram, að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafi tekið mið af erfiðu efnahagsástandi og haft sem meginmarkmið að ná verðbólgu niður, en ákvarðanir Kjaradóms gangi þvert á þá stefnu og þvert á þau markmið, að stöðugleiki skuli haldast í þjóðfélaginu. Sagt er, að ríkisstjórnin hafi sett bráðabirgðalög af minna tilefni, ekkert sé því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara, ekki séu rök til að fresta meðferð þessa máls til ágústmánaðar og enn síður að taka ekki afstöðu til þess, hvað þá eigi að

gera. Síðan fylgdi krafa um, að félagsmenn Alþýðusambandsins fengju sömu launahækkanir og æðstu embættismenn ríkisins, og sagt, að þeirri kröfu myndi fylgt eftir af þunga. Í niðurlagi bréfsins er ítrekuð áskorun um, að þing verði kallað saman.

Önnur stór launþegasambönd, svo sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Landssamband íslenskra verzlunarmanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, settu einnig fram mótmæli og gerðu kröfu um samsvarandi launahækkanir handa félagsmönnum sínum og fólust í ákvörðun Kjaradóms.

Hinn 3. júlí 1992 gaf forseti Íslands að tillögu fjármálaráðherra út bráðabirgðalög nr. 66/1992 um breytingu á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986, og birtust þau í Stjórnartíðindum 4. júlí 1992.

Í aðfaraorðum laganna segir orðrétt:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum vegna tveggja úrskurða, sem Kjaradómur kvað upp hinn 26. júní sl. Nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu. Á þessu ári hafi tekist að treysta stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika felist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir. Afar brýnt sé að varðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi m. a. fram í yfirlýsingum aðila á vinnumarkaði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:".

Samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaganna bættust tvær nýjar málsgreinar við 6. grein laganna. Þar var kveðið á um, að við úrlausn mála skyldi Kjaradómur taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess. Teldi Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa, skyldi þess gætt, að það ylli sem minnstri röskun á vinnumarkaði. Samkvæmt 2. gr. laganna öðluðust þau þegar gildi. Í ákvæði til bráðabirgða var kveðið á um, að Kjaradómur skyldi, svo fljótt sem verða mætti og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli laganna og að gildistaka hinna nýju úrskurða skyldi miðast við 1. ágúst 1992.

Kjaradómur tók síðan nýja ákvörðun á grundvelli bráðabirgðalaganna

12. júlí 1992 um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tók til, og presta skv. l. nr. 45/1991.

Í forsendum nýrrar ákvörðunar Kjaradóms er forsagan rakin og tekið fram, að fyrri ákvarðanir dómsins hafi valdið miklu uppnámi hjá samtökum launþega og atvinnurekenda, og vísað til þess, að í maí 1992 hafi laun á almennum vinnumarkaði hækkað um 1,7%. Síðan er bréf forsætisráðherra frá 29. júní 1992 rakið svo og fyrri svör Kjaradóms og gerð grein fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna, forsendum þeirra og efnisreglum.

Síðan segir: „Með hliðsjón af forsendum og tilurð bráðabirgðalaganna og yfirlýsingum ráðherra um forskrift að nýrri ákvörðun Kjaradóms er það niðurstaða dómsins að skýra verði lögin á þann veg að aðstæður í þjóðfélaginu nú leyfi ekki meira en 1,7% almenna hækkun á launum þeirra sem undir kjaradómsákvarðanir heyra."

Áfram segir: „Í síðari málsgrein bráðabirgðalaganna, nú 3. mgr. 6. gr., er gefið færi á að gera breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa. Síðari hluti ákvæðisins um að þess skuli gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði vísar væntanlega til viðbragða aðila vinnumarkaðarins en þau viðbrögð treystir Kjaradómur sér ekki til að meta."

Um presta þjóðkirkjunnar segir Kjaradómur m. a.: „Að því er presta þjóðkirkjunnar varðar var með kjaradómsákvörðun 26. júní sl. reynt að mynda grunn að launakerfi fyrir presta og tengja það launakerfi Kjaradóms. Sá úrskurður fól ekki í sér breytingu á fyrri launaákvörðunum dómsins þar sem laun presta hafa ekki verið ákveðin af Kjaradómi um árabil. Af þeim gögnum, sem lögð voru fyrir Kjaradóm, er ljóst, að kjarasamningur presta þarfnast endurskoðunar og brýnt er orðið að hann verði lagfærður. Í þessu efni vísast til forsendna fyrir ákvörðun um laun presta frá 26. júní sl."

Niðurstaða Kjaradóms var síðan að framlengja síðast gildandi kjarasamning Prestafélags Íslands og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með þeirri breytingu, að laun presta hækkuðu um 1,7% frá 1. ágúst 1992. Í þessu samhengi skal tekið fram, að prestar, þ. á m. stefnandi, fengu laun í samræmi við ákvörðun Kjaradóms frá 26. júní 1992 fyrir júlímánuð þess árs, og er ekki um það atriði deilt í máli þessu.

Alþingi kom saman, eins og boðað hafði verið, 18. ágúst 1992, og var lagt fyrir það frumvarp til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögum nr. 66/1992. Frumvarpið var síðan samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi 18. september 1992, þ. e. lög nr. 79/1992. Í lok árs 1992 voru síðan á Alþingi samþykkt lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og Kjaranefnd, en lög nr. 92/1986 um Kjaradóm felld úr gildi.

Samkvæmt 9. gr. l. nr. 120/1992 á Kjaranefnd m. a. að ákvarða starfskjör

presta, og tók nefndin ákvörðun um kjör þeirra 29. nóvember 1993. Í forsendum ákvörðunar Kjaranefndar er sagt, að stjórn Prestafélags Íslands hafi farið þess á leit við nefndina, að hún tæki launakjör presta þjóðkirkjunnar til endurskoðunar í samræmi við lög nr. 120/1992. Tekið er fram, að nefndin hafi kynnt sér kjaramál prestastéttarinnar ýtarlega, kallað fyrir sig ýmsa aðila og skoðað sérstaklega tekjur presta af svokölluðum aukaverkum. Síðan er rakin þróun í launamálum presta og nefndar ákvarðanir Kjaradóms frá 26. júní 1992 og 12. júlí 1992 og sá lagagrunnur, sem Kjaranefnd er ætlað að starfa eftir. Tekið er fram, að nefndin hafi borið kjör presta saman við kjör annarra stétta og komist að þeirri niðurstöðu, að prestar séu lakar settir en þeir starfsmenn ríkisins, sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Auk þess er nefnt, að þjóðfélagsleg staða presta geri þeim örðugra um vik en flestum öðrum að vinna að bættum kjörum stéttar sinnar með hefðbundnum aðferðum kjarabaráttu. Niðurstaða nefndarinnar var síðan að ákveða prestum, sem þjóna færri en eitt þúsund sóknarbörnum, 105 þúsund króna mánaðarlaun auk 28 yfirvinnustunda á mánuði vegna yfirvinnu, óreglulegs vinnutíma og bakvakta. Ákvörðun Kjaranefndar tók gildi 1. júní 1993.

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman yfirlit um laun stefnanda, og kemur þar fram, að mánaðarlegur mismunur á launum hans eftir ákvörðun Kjaradóms frá 12. júlí 1992 er 1. ágúst 1992 37.212 kr. stefnanda í óhag. 1. september 1993 eftir niðurstöðu Kjaranefndar 29. nóvember 1993 er mismunurinn 10.487 krónur stefnanda í óhag. Samtals er mismunurinn fyrir tímabilið 1. ágúst 1992 til 1. október 1993, þ. e. það tímabil, sem stefnukröfur ná til, 522.114 kr. stefnanda í óhag, en ekki er ágreiningur milli aðila um fjárhæðir. Stefnandi óskaði eftir gjafsókn í samræmi við reglur l. nr. 91/1991, en fékk synjun. Í bréfum lögmanns stefnanda til dómsmálaráðuneytis kemur fram, að stefnandi hefur ekki fjárhagslegan stuðning stéttarfélags síns og standi einn að málsókninni.

Stefnandi málsins, séra Geir G. Waage, kom fyrir dóminn og staðfesti m. a., að hann hefði verið kosinn formaður Prestafélags Íslands 1992 og sé enn formaður félagsins.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að bráðabirgðalögin, sem gefin voru út 3. júlí 1992 um breytingu á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum, „hafi ekki verið sett með stjórnskipulegum hætti ..."

Því er haldið fram, að í stjórnskipulegum skilningi hafi ekki borið brýna nauðsyn til að breyta ákvörðunum Kjaradóms frá 26. júní 1992, sem að mati

stefnanda var tekin með heimild í l. nr. 92/1986 og í fullu samræmi við þær lagareglur, sem Kjaradómi bar að byggja ákvarðanir sínar á.

Stefnandi bendir á, að skv. bráðabirgðalögunum frá 3. júlí 1992 hafi Kjaradómi verið veittur frestur til 31. júlí 1992 til að kveða upp nýja úrskurði í stað úrskurðanna frá 26. júní 1992. Þetta ákvæði laganna, telur stefnandi, að staðfesti, svo að ekki verði um villst, að ekki hafi borið brýna nauðsyn í skilningi 28. gr. stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaganna. Í þessu sambandi telur stefnandi, að hafa verði í huga, að heimild ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga hafi verið þrengd með setningu stjórnskipunarlaga nr. 56/1991, en samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar sitji Alþingi nú allt árið, og því sé auðvelt að kalla það saman með stuttum fyrirvara í þinghléum, ef mikið liggur við.

Stefnandi telur, að hafi bráðabirgðalögin frá 3. júlí 1992 ekki verið gefin út með stjórnskipulegum hætti, verði að draga þá lögfræðilegu ályktun, að úrskurður Kjaradóms frá 12. júlí 1992 varðandi presta þjóðkirkjunnar hafi ekki réttaráhrif gagnvart stefnanda. Þá telur stefnandi, að með bráðabirgðalögunum og nýjum úrskurði Kjaradóms í kjölfar þeirra hafi stefnandi verið sviptur kjarabót, sem hann öðlaðist á grundvelli úrskurðar Kjaradóms frá 26. júní 1992, en stefnandi telur réttaráhrif úrskurðarins frá 26. júní 1992 taka sjálfkrafa gildi á nýjan leik, reynist ákvörðun Kjaradóms frá 12. júlí 1992 ekki styðjast við fullnægjandi lagaheimildir.

Í málflutningi lögmanns stefnanda kom fram, að hann telur, að beint orsakasamband hafi verið á milli kjaradómsákvörðunarinnar frá 12. júlí 1992 og bráðabirgðalaganna, sem gefin voru út 3. júlí 1992, og taldi hann, að þessu hefði ekki verið sérstaklega mótmælt. Þá var bent á, að þeir aðilar, sem mótmæltu ákvörðunum Kjaradóms, hefðu ekki gert kröfu um útgáfu bráðabirgðalaga, heldur yfirleitt vísað til þess, að kalla ætti Alþingi saman. Sérstaklega spurður lýsti lögmaður stefnanda yfir, að eingöngu væri byggt á þeirri málsástæðu, að ekki hefði borið brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaganna.

Sjónarmið stefnanda vegna varakröfu stefnda eru þau, að ef fallist er á, að bráðabirgðalögin hafi ekki verið gild, séu staðfestingarlög Alþingis einungis staðfesting á ógildum bráðabirgðalögum, sem geti ekki veitt ákvörðunum Kjaradóms frá 12. júlí 1992 lagaheimild eftir á.

Stefndi styður kröfur sínar um sýknu við það, að „dómstólar séu ekki bærir til að taka til endurskoðunar hið huglæga mat bráðabirgðalöggjafans á því hvort brýn nauðsyn hafi legið til grundvallar lagasetningunni". Stefndi segir, að ekki verði séð, „að eftirlit með meðferð þess valds geti að því leyti verið í höndum dómstóla. Gildir það jafnt um mat á því hvort ríkar efnis-

legar ástæður knýi á um lagasetningu sem um mat á því að beita þessari heimild fremur en kveðja þing sérstaklega saman. Bráðabirgðalöggjafinn á sjálfur fullnaðarúrskurð um þessi atriði og á mati sínu um brýna nauðsyn til lagasetningar ber viðkomandi ráðherra stjórnmálalega ábyrgð gagnvart Alþingi og eftir atvikum lagalega skaðabóta- og refsiábyrgð gagnvart Landsdómi, sbr. 14. gr. stjskr., telji Alþingi að misfarið hafi verið með heimildina".

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína einnig því, að brýn nauðsyn hafi verið fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna um breytingar á lögum um Kjaradóm. Mikil ólga hafi verið í þjóðfélaginu, og nauðsynlegt hafi verið að bregðast hart við og lægja þær öldur strax, ef takast ætti í bráð og lengd að varðveita samstöðu og markmið um efnahagslegan stöðugleika.

Varakröfu sína um, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, reisir stefndi á því, „að stefnandi geti a. m. k. ekki átt neinn rétt að lögum á grundvelli úrskurðar Kjaradóms frá 26. júní 1992 eftir að Alþingi hafði hinn 18. september 1992 staðfest bráðabirgðalögin, sbr. lög nr. 79/1992, og þar með gildi úrskurðar Kjaradóms frá 12. júlí 1992 sem gildandi um launaákvarðanir þeirra sem hann tók til".

Stefndi heldur því fram, að ef lögin hefðu verið felld vegna þess, að brýn nauðsyn hefði ekki verið talin fyrir hendi, hefðu þau engu að síður haldið gildi sínu þann tíma, sem þeim var ætlað að standa, eða þar til þau hefðu verið felld.

V.

Í máli þessu er um það deilt, hvort dómstólar hafi heimildir til að endurskoða mat bráðabirgðalöggjafans á beitingu 28. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt langri réttarhefð hafa dómstólar úrskurðarvald um það, hvort almenn lög eru sett á stjórnskipulegan hátt. Á sama hátt mæla rök með því, að dómstólar hafi úrskurðarvald um gildi bráðabirgðalaga. Það er því álit dómsins, að hann hafi úrskurðarvald um, hvort bráðabirgðalög nr. 66/1992 samrýmast ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Ágreiningur aðila í máli þessu er um það, hvort mat bráðabirgðalöggjafans á skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar um „brýna nauðsyn" hafi verið rétt með tilliti til aðstæðna við útgáfu laganna. Í þessu sambandi er það álitaefni, hvort sú breyting, sem gerð var á ákvæðum stjórnarskrárinnar með lögum nr. 56/1991, hafi leitt til þess, að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga sé takmarkaðri en áður, þannig, að lagaskilyrði um „brýna nauðsyn" hafi þrengst til muna.

Með 9. gr. l. nr. 56/1991 var gerð sú breyting á skipulagi og starfsháttum

Alþingis, að þingið stendur nú allt árið, frá 1. október til jafnlengdar næsta árs. Af þeirri breytingu leiðir, að Alþingi getur komið saman til framhaldsfundar, eftir að því hefur verið frestað að vori, án þess að til þurfi að koma formleg þingsetning, kjör forseta, fastanefnda þingsins o. s. frv. Orðalagi 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt til samræmis þannig, að útgáfa bráðabirgðalaga er nú einungis heimil, þegar „Alþingi er ekki að störfum", og auk þess var breytt ákvæðum um, hvenær leggja skuli bráðabirgðalög fyrir Alþingi til staðfestingar.

Við skoðun á því, hvort framangreind breyting á starfstíma Alþingis hafi ein og sér þau áhrif, að heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga sé takmarkaðri en áður, verður m. a. að hafa í huga grunnreglur um þrískiptingu ríkisvaldsins skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar og um löggjafarhlutverk Alþingis. Af þeim leiðir, að túlka ber heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga þröngt. Augljóst er, að með breytingunni var ætlunin að auðvelda og gera það raunhæfara en ella að kalla Alþingi saman í þinghléum. Má því fallast að nokkru á það með stefnanda, að með setningu laga nr. 56/1991 hafi heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga verið þrengdar á vissan hátt. Á hinn bóginn var skýrt tekið fram í greinargerð með frumvarpi að stjórnarskrárbreytingunni 1991, að ekki væri um að ræða breytingar á þeim formlegu skilyrðum, sem verið höfðu fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Einnig er ljóst, að ekki var hreyft við orðalagi 28. gr. stjórnarskrárinnar um „brýna nauðsyn", en þannig hefur orðalagið verið óbreytt frá stjórnarskránni 1874. Til þess er einnig að líta, að eftir samþykkt laga nr. 56/1991 hafa verið gefin út bráðabirgðalög önnur en þau, sem mál þetta snýst um. Má hér nefna bráðabirgðalög nr. 28/1993 um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, sem gefin voru út tæpum mánuði eftir frestun Alþingis vorið 1993, og bráðabirgðalög nr. 1/1994 vegna verkfalls sjómanna, sem gefin voru út í jólaleyfi þingsins. Með vísan til þessa er ekki fallist á þau rök stefnanda, að eftir samþykkt l. nr. 56/1991 hafi skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar um „brýna nauðsyn" breyst á þann hátt, að skilyrðislaust hafi átt að kalla Alþingi saman af því tilefni, sem var til útgáfu l. nr. 66/1992.

Í málavaxtalýsingu eru rakin aðfaraorð laga nr. 66/1992, en þar er m. a. fullyrt, að nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem ákvarðanir Kjaradóms byggðust á, þannig, að þær tækju mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins svo og launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega. Rakin er nauðsyn stöðugleika í þjóðfélaginu, en forsenda hans sé m. a. hóflegar launahækkanir.

Af gögnum málsins er ljóst, að ákvarðanir Kjaradóms frá 26. júní 1992 ollu uppnámi í þjóðfélaginu. Launþegasamtök, sem skömmu áður höfðu

fengið 1,7% launahækkun, kröfðust sambærilegrar launahækkunar og talið var, að fælust í ákvörðunum Kjaradóms. Var þar m. a. um að ræða fjölmennustu launþegasamtök landsins, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fleiri samtök launþega. Kröfunum var fylgt eftir með útifundum, ályktunum og kröfugerð á hendur ríkisstjórninni.

Verulegur hluti almennrar löggjafar byggist á því, að hvaða stjórnmálalegu markmiðum þinglegur meiri hluti og ríkisstjórnir stefna hverju sinni. Mat á nauðsyn útgáfu bráðabirgðalaga er á sama hátt háð stjórnmálalegum tilgangi bráðabirgðalöggjafans.

Löng hefð er fyrir beitingu 28. gr. stjórnarskrárinnar. Tilefni til útgáfu bráðabirgðalaga hafa verið margvísleg og jafnvel vandséð, að ætíð hafi borið „brýna nauðsyn" til útgáfu þeirra. Orðalag 28. gr. stjórnarskrárinnar um „brýna nauðsyn" hefur því rúma merkingu.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna frá 3. júlí 1992 var það mat bráðabirgðalöggjafans, að brýna nauðsyn bæri til að breyta þegar lögum um Kjaradóm í þeim tilgangi að eyða óvissu í kjaramálum og svo skjótra aðgerða væri þörf, að ekki væri kostur á að kalla Alþingi saman.

Það er álit dómsins, að ekki hafi verið sýnt fram á, að þetta mat bráðabirgðalöggjafans hafi verið rangt, svo að valdi ógildingu laganna, og jafnframt, að ekki hafi verið sannað, að lögin hafi að geyma ólögmæti gagnvart stefnanda málsins. Ekki er heldur fallist á það sjónarmið stefnanda, að sú staðreynd, að Kjaradómi var veittur frestur í tæpan mánuð til að taka nýjar ákvarðanir samkvæmt bráðabirgðalögunum, sýni sérstaklega, að ekki hafi borið brýna nauðsyn til útgáfu þeirra.

Ekki verður séð, að önnur þau lagasjónarmið, sem dóminum ber að gæta af sjálfsdáðum, komi hér til álita, svo að varði úrslit þessa máls.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, séra Geirs G. Waage, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 233/1994. **Guðrún Halldórsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Árna Sigurðssonar
(Jóhann Þórðarson hrl.)

Gjaldþrot. Riftun. Kaupmáli. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1994. Hún krefst *aðallega* frávísunar málsins frá héraðsdómi, *til vara* sýknu af kröfum stefnda og *til þrautavara*, að „einungis verði tekinn til greina hluti af kröfum stefnda". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur „að öðru leyti en því að fallið er frá kröfu um afhendingu eignarráða fasteignarinnar að Fagraholti 12, Ísafirði, en í þess stað er krafist eignarráða að eftirstöðvum söluandvirðis eignarinnar, kr. 1.914.381". Til vara krefst stefndi þess, að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér 2.914.381 krónu með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. mars 1990 til 16. júní 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði, sem upp var kveðinn 2. nóvember 1993, þar sem synjað var frávísunarkröfu áfrýjanda. Að lokum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Meðal þeirra er endurrit af skýrslum, sem aflað var fyrir Héraðsdómi Reykjaness 7. mars 1995.

I.

Hinn 12. apríl 1994, tveimur dögum fyrir uppsögu hins áfrýjaða dóms, var fasteignin Fagraholt 12 á Ísafirði seld á nauðungaruppboði fyrir 9.500.000 krónur. Við úthlutun söluverðs eignarinnar til

rétthafa samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð frá 13. maí 1994 var ekki tekið tillit til veðskuldabréfs þess, sem áfrýjandi gaf út með veði í Fagraholti 12 og um er fjallað í héraðsdómi. Er tilgreind fyrir þeirri ákvörðun sú ástæða, að veðsetningunni beri samkvæmt dóminum að aflétta af eigninni. Aftur á móti var ákveðið í frumvarpinu, að 1.914.381 króna af söluverði eignarinnar rynni til stefnda. Var sú fjárhæð lögð inn á geymslureikning til varðveislu, uns mál þetta yrði til lykta leitt. Á grundvelli þessa byggist breytt kröfugerð stefnda fyrir Hæstarétti.

Frestur var veittur til 1. júní 1994 til að koma að athugasemdum við úthlutunargerðina. Fyrir lok hans barst sýslumanninum á Ísafirði bréf frá Pétri Þór Sigurðssyni héraðsdómslögmanni, dagsett 27. maí s. á., þar sem lýst er kröfu í söluverð Fagraholts 12 í umboði Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns. Að baki þeirri kröfulýsingu var áðurnefnt veðskuldabréf út gefið af áfrýjanda, sem Jón Einar kveðst hafa fengið að handveði frá Bárði Halldórssyni, bróður áfrýjanda, til tryggingar tilteknum skuldum Bárðar. Jafnframt var þess krafist, að frumvarpi að úthlutunargerð yrði breytt, eins og nánar er lýst í bréfinu. Á fundi hjá sýslumanni 13. júní var frestað að taka afstöðu til þeirrar kröfu. Ágreiningi um þetta var Jóni Einari Jakobssyni kostur að skjóta til úrlausnar héraðsdómara samkvæmt 52. og 73. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Það var ekki gert. Lagaskilyrði eru ekki til þess, að úr þeim ágreiningi verði skorið með dómi Hæstaréttar í þessu máli, sem Jón Einar Jakobsson á ekki aðild að.

II.

Staðfesta ber með skírskotun til forsendna úrskurð héraðsdómara um synjun á frávísun málsins.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta riftunarákvæði hans og úrlausn um skyldu áfrýjanda til að greiða stefnda 1.000.000 króna. Af þeirri fjárhæð ber áfrýjanda að greiða vexti, eins og í dómsorði greinir. Eftirstöðvar af söluverði Fagraholts 12 samkvæmt áðurnefndu frumvarpi að úthlutunargerð, 1.914.381 króna, skulu renna til stefnda ásamt vöxtum af geymslureikningi fjárins.

Þar sem ráðstöfun Árna Sigurðssonar á fasteigninni Fagraholti 12

til áfrýjanda var ólögmæt gagnvart stefnda, svo sem reifað er í héraðsdómi, skorti lagaskilyrði fyrir því, að áfrýjandi mætti tryggja umrætt skuldabréf með veði í eigninni. Veðsetningin var því ekki fremur en ráðstöfun fasteignarinnar til áfrýjanda bindandi gagnvart stefnda, enda reynir ekki í málinu á rétt þriðja manns, er hagga kynni þeirri niðurstöðu á grundvelli traustfangsreglna. Þar sem eigninni hefur þegar verið ráðstafað við nauðungarsölu, þarf ekki að taka afstöðu til kröfu stefnda um aflýsingu bréfsins, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Staðfest er riftun á ráðstöfun Árna Sigurðssonar til áfrýjanda, Guðrúnar Halldórsdóttur, á fasteigninni Fagraholti 12, Ísafirði, og innanstokksmunum þar samkvæmt sérstakri búsmunaskrá með kaupmála þeirra frá 27. febrúar 1990.

Eftirstöðvar af söluverði Fagraholts 12 á nauðungaruppboði 12. apríl 1994, 1.914.381 króna, greiðist stefnda, þrotabúi Árna Sigurðssonar, með áföllnum vöxtum af geymslureikningi fjárins.

Áfrýjandi greiði stefnda 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. mars 1990 til 16. júní 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 14. apríl 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 14. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jó-

hannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-98/1993: Þrotabú Árna Sigurðssonar gegn Guðrúnu Halldórsdóttur, sem tekið var til dóms 28. mars síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði skiptastjóri, Jón Sigfús Sigurjónsson héraðsdómslögmaður, fyrir hönd þrotabús Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, Laugavegi 18 A, Reykjavík, á hendur Guðrúnu Halldórsdóttur, kt. 100348-3069, 34 Green Meadow Drive, Tinton Falls, New Jersey 07724, Bandaríkjum Norður-Ameríku, með stefnu, út gefinni 20. apríl 1993, sem birt var á heimili stefndu 13. maí s. á., en málið var þingfest hér fyrir dómi 16. júní s. á.

Lögmaður stefndu, Björgvin Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess við meðferð málsins, að því yrði vísað frá héraðsdómi, þar sem liðinn væri lögmæltur málshöfðunarfrestur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, og jafnframt á grundvelli tómlætis stefnanda við að fylgja málshöfðun sinni eftir. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði réttarins, upp kveðnum 2. nóvember 1993. Er því nú eingöngu fjallað um efniskröfur málsaðila.

Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi:

1. Að rift verði með dómi örlætisgerningi þrotamanns, Árna Sigurðssonar, sem fólst í afhendingu á fasteigninni Fagraholti 12, Ísafirði, til eiginkonu sinnar, stefndu í málinu, með kaupmála þeirra hjóna, dagsettum 27. febrúar 1990, sem skráður var í kaupmálabók bæjarfógetaembættisins á Ísafirði 9. mars 1990, og stefnda verði dæmd til að afhenda stefnanda eignarráð fasteignarinnar.

2. Að stefnda verði dæmd til þess að létta af sömu fasteign veðsetningu skuldabréfs, að fjárhæð 8.000.000 krónur, út gefins 14. ágúst 1990 af stefndu til handhafa, sem upphaflega var tryggt með 9. veðrétti í fasteigninni, en ella verði hún dæmd til greiðslu andvirðis skuldabréfsins, 8.000.000 króna, auk dráttarvaxta frá 20. ágúst 1990 til greiðsludags.

3. Að rift verði með dómi samningi þrotamanns og stefndu, sem fólst í fyrrgreindum kaupmála þeirra hjóna, þar sem innbú þeirra var gert að séreign stefndu, og stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 króna með dráttarvöxtum frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags.

4. Að stefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega krefst hún sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að henni verði einungis gert að endurgreiða stefnanda sem nemur búshluta þrotamanns, Árna Sigurðssonar, sem hefði komið til gjaldþrotaskipta. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavextir.

Hinn 27. febrúar 1990 gerðu hjónin Árni Sigurðsson og Guðrún Halldórsdóttir, stefnda í máli þessu, þá til heimilis að Fagraholti 12, Ísafirði, með sér kaupmála, þar sem kveðið var á um, að einbýlishús þeirra að Fagraholti 12 ásamt meðfylgjandi bílskúr og lóðarleiguréttindum skyldi vera séreign stefndu og hjúskapareignum þeirra hjóna óviðkomandi. Jafnframt voru öll húsgögn, búsmunir og búsáhöld samkvæmt viðfestri búsmunaskrá, að áætluðu verðmæti 2.000.000 króna, gerð að séreign stefndu. Þá var í kaupmálanum ákvæði þess efnis, að þau verðmæti, sem kæmu í stað ofangreindra eigna, skyldu einnig teljast séreign hennar. Á móti tók stefnda að sér greiðslu allra veðskulda á viðkomandi fasteign, sem hvíldu á 1.–8. veðrétti. Kaupmáli þessi var skráður í kaupmálabók bæjarfógetaembættisins á Ísafirði 9. mars 1990 og fasteigninni þinglýst á nafn stefndu sama dag, en áður hafði eignin verið þinglýst á nafn Árna Sigurðssonar.

Með bréfi, dagsettu 12. júlí 1990, fór lögmaður Íslandsbanka hf. þess á leit við skiptaráðanda á Ísafirði, að bú Árna Sigurðssonar yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar, sem fram hafi farið í fógetarétti Ísafjarðar sama dag, en við það tækifæri lýsti Árni yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Þegar birta átti Árna skiptastefnu, út gefna 10. ágúst s. á., var hann farinn af landi brott, en þau hjónin, Árni og Guðrún, munu samkvæmt gögnum málsins hafa flutt lögheimili sitt til Bandaríkjanna 15. s. m., þar sem þau hafa verið búsett síðan. Bú Árna var síðar tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli annarrar skiptastefnu og úrskurður upp kveðinn 12. nóvember 1990 að þrotamanni fjarstöddum. Var hann hvorki sjálfur né neinn fyrir hans hönd við síðari réttarhöld vegna búskiptanna.

Áður hafði það gerst í málinu 14. ágúst s. á., að stefnda gaf út skuldabréf til handhafa, að fjárhæð 8.000.000 króna, sem tryggt var með 9. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Fagraholti 12. Samkvæmt bréfinu bar stefndu að endurgreiða umrædda fjárhæð vaxtalaust með 10 jöfnum afborgunum á 5 árum, hinni fyrstu 15. febrúar 1991. Skuldabréf þetta var móttekið til þinglýsingar 17. ágúst 1990 og fært í þinglýsingabók þremur dögum síðar. Hinn 3. júlí 1991 undirritaði umboðsmaður stefndu, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, samning um sölu nefndrar fasteignar fyrir 10.500.000 krónur. Samkvæmt 5. gr. samnings þessa skyldu greiðslur væntanlegra kaupenda, hvort sem greiddar væru stefndu sem seljanda til afléttingar áhvílandi veðskuldum á fasteigninni eða inn á geymslureikning, færðar sem innborganir á áðurgreint veðskuldabréf frá 14. ágúst 1990, en við útgáfu afsals fyrir fasteigninni skyldi bréfið liggja frammi, áritað um fullnaðar-

greiðslu, og afhent væntanlegum kaupendum til afl ýsingar. Þá skyldi sú kvöð hvíla á handhafa skuldabréfsins, að hann veitti kaupendum þegar við gerð kaupsamnings veðleyfi fyrir 3.500.000 króna láni frá Byggingasjóði ríkisins, sem gengi framar handhafabréfinu. Í samningsuppkastinu er gerður fyrirvari af hálfu kaupenda, Eyjólfs Bjarnasonar og Ingibjargar Jónsdóttur, um samþykki þrotabúsins fyrir eigendaskiptunum, en gögn málsins bera með sér, að slíkt samþykki hafi ekki fengist. Ekkert varð af nefndum fasteignaviðskiptum.

Fyrrgreindum úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar frá 12. nóvember 1990 var af hálfu þrotamanns áfrýjað til Hæstaréttar Íslands með stefnu 9. janúar 1991 og þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður yrði ómerktur og synjað yrði um gjaldþrotaskipti á búi hans. Kröfulýsingarfrestur í þrotabúið rann út 28. s. m., og námu lýstar kröfur u. þ. b. 14.500.000 krónum. Fram að þeim tíma var meðferð búsins í höndum skiptaráðanda á Ísafirði. Þar sem ekki var kunnugt um eignir í búinu aðrar en þær, sem til þess gætu runnið við riftun áðurgreindra ráðstafana þrotamanns gagnvart stefndu, var á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu 6. mars 1991 ákveðið að höfða riftunarmál á hendur henni. Bauðst Íslandsbanki hf. til að bera kostnað af því máli, og var lögmanni hans falið að reka það fyrir hönd þrotabúsins. Riftunarmál var þingfest á bæjarþingi Ísafjarðar 5. september 1991, en vísað frá að kröfu stefndu með dómi, upp kveðnum 5. desember s. á., þar sem liðinn hefði verið málshöfðunarfrestur skv. 68. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 4. febrúar 1992 í málinu nr. 520/1991 var dómur undirréttar hins vegar úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar. Þeirri meðferð var ekki lokið 16. mars 1992, er Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu nr. 14/1991 og felldi þar með úr gildi gjaldþrotaúrskurð skiptaréttar Ísafjarðar frá 12. nóvember 1990 á þeirri forsendu, að krafa Íslandsbanka hf. um gjaldþrotaskipti hefði ekki verið löglega birt. Í ljósi þeirrar niðurstöðu var riftunarmálið á hendur stefndu hafið með úrskurði undirréttar, upp kveðnum 27. mars 1992.

Lögmaður Íslandsbanka hf. ítrekaði fyrri kröfu um gjaldþrotaskipti á búi Árna Sigurðssonar í bréfi til skiptaráðanda 20. mars 1992. Með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar, upp kveðnum 15. júní s. á., var synjað um kröfu skiptabeiðanda, en þá niðurstöðu kærði lögmaðurinn til Hæstaréttar Íslands, sem felldi hinn kærða úrskurð úr gildi með dómi, upp kveðnum 23. september 1992 í málinu nr. 352/1992.

Krafa skiptabeiðanda var tekin fyrir að nýju í dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða 18. desember 1992. Kvað dómurinn samdægurs upp úrskurð um töku bús Árna Sigurðssonar til gjaldþrotaskipta á grundvelli skiptabeiðn-

innar frá 12. júlí 1990. Þann úrskurð kærði þrotamaður til Hæstaréttar Íslands 28. desember 1992. Með dómi réttarins, upp kveðnum 28. janúar 1993, í málinu nr. 33/1993 var kærumálinu vísað frá Hæstarétti.

Á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu 30. mars 1993 var lögð fram skrá um lýstar kröfur í búið og afstaða skiptastjóra til þeirra. Námu samþykktar kröfur u. þ. b. 17.600.000 krónum, en sem fyrr reyndust engar vísar eignir í búinu. Var því á fundinum leitað eftir afstöðu kröfuhafa til höfðunar riftunarmáls gegn stefndu vegna fasteignarinnar að Fagraholti 12. Íslandsbanki hf. samþykkti slíka málshöfðun og lýsti sig enn reiðubúinn að ábyrgjast allan kostnað af rekstri málsins, sem þingfest var hér fyrir dómi 16. júní síðastliðinn.

Við skýrslugjöf fyrir dómi bar stefnda, að hún hefði gefið út umrætt veðskuldabréf 14. ágúst 1990 í því skyni að selja það til framfærslu þeirra hjóna. Bróðir hennar, Bárður Halldórsson, hefði skömmu síðar selt bréfið, en um kaupanda þess og síðari handhöfn kvaðst stefnda ekkert vita. Varðandi afborganir af bréfinu bar stefnda, að hún hefði tvívegis sent Bárði 800.000 krónur frá Bandaríkjunum, en um fleiri afborganir hefði ekki verið að ræða af hennar hálfu. Greiðslukvittanir hefði hún aldrei séð. Skuldabréfið væri nú í vanskilum, án þess þó að hún hefði nokkrar tilkynningar fengið þar að lútandi. Ekki kvaðst stefnda vita, hvort Bárði hefðu borist slíkar tilkynningar, en lagði bann við því, að hann bæri nokkuð um afdrif bréfsins fyrir rétti. Þá kvaðst stefnda ekkert vita um fyrirhugaða notkun skuldabréfsins við ætlaða sölu einbýlishússins að Fagraholti 12, sem áður er rakin, en kvað umboðsmann sinn við þær sölutilraunir væntanlega geta upplýst um slík atriði.

Einnig bar stefnda, að hún og eiginmaður hennar, Árni Sigurðsson, hefðu gert umræddan kaupmála í þeim tilgangi einum að skipta eignum þeirra hjóna til helminga, en er þau hófu búskap, hefði hún verið útivinnandi og lagt til búsins þó nokkuð af húsmunum, þar á meðal píanó, málverk og sófasett. Þá hefði hún og tekið fullan þátt í fjármögnun húsbyggingarinnar að Fagraholti 12. Eiginmaður stefndu tók í sama streng, en hann bar fyrir dómi, að þau hjónin hefðu hafið búskap árið 1966 og í sameiningu tvívegis ráðist í byggingu íbúðarhúsnæðis. Búskapurinn hefði staðið með ágætum, er þau hjónin síðan tóku þá ákvörðun að gera skil á fjárhag, og þar sem þau töldu heildareignir sínar nema rúmlega tvöföldu andvirði umrædds einbýlishúss og innbús, hefðu þau ákveðið eignaskipti í samræmi við hinn umdeilda kaupmála. Fullyrti Árni, að við gerð kaupmálans hefðu eignir þeirra hjóna numið mun hærri fjárhæð en skuldir þeirra.

Bróðir stefndu, Bárður Halldórsson, kt. 170846-3039, var kvaddur fyrir dóm vegna málsins, en skoraðist undan því að gefa skýrslu vitnis í málinu.

Vitnið Haraldur Blöndal, kt. 060746-3119, staðfesti fyrir dómi, að það hefði verið umboðsmaður stefndu og eiginmanns hennar við ætlaða sölu á fasteigninni að Fagraholti 12, en kvað sér óheimilt að tjá sig um tilurð og handhöfn viðkomandi skuldabréfs og bar þar fyrir sig tilskipun um þagnarskyldu málflutningsmanna gagnvart skjólstæðingum sínum. Í framhaldi af því kvaðst vitnið engu að síður ekkert vita um útgáfu eða handhöfn bréfsins, en umbjóðendur sínir hefðu fullyrt, að þau myndu geta staðið við umræddan kaupsamning fyrir sitt leyti.

Vitnið Eyjólfur Bjarnason, kt. 070855-5429, bar fyrir dómi, að það myndi lítið eftir efni þeirra samningaviðræðna, sem fram hefðu farið milli þeirra hjóna annars vegar og umboðsmanns seljanda hins vegar. Kvaðst vitnið því hvorki geta upplýst um tilvist umrædds skuldabréfs né þátt þess í ætluðum fasteignaviðskiptum. Af hálfu vitnisins og eiginkonu þess hefði hins vegar verið gerður einhver fyrirvari um fasteignakaupin, sem hefði ekki verið hægt að ganga að, og því hefði ekkert orðið af viðskiptunum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður riftunarkröfur í málinu við ákvæði VIII. kafla eldri gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 190. gr. núgildandi laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991, en samkvæmt 1. mgr. 51. gr. fyrrgreindra laga megi krefjast riftunar gjafagerninga þrotamanns, ef gjöf var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Vísar stefnandi um frestdag til a-liðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1978 og dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 352/1992, en þar sé því slegið föstu, að frestdagur í máli þessu skuli miðast við 12. júlí 1990. Afhending á fasteigninni Fagraholti 12 og innbúi þar hafi sannanlega farið fram, þegar innan við hálft ár var til frestdags, en með afhendingu allra hjúskapareigna sinna til stefndu hafi eiginmaður hennar, Árni Sigurðsson, orðið ógjaldfær, og hafi bæði honum og stefndu verið það ljóst eða mátt vera það ljóst. Ummæli Árna við hina árangurslausu löghaldsgerð 12. júlí 1990 beri þessa glöggt vitni, en þá hafi hann lýst yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Vilji stefnda hins vegar halda öðru fram, beri hún sönnunarbyrði fyrir því, sbr. 2. mgr. 51. gr. téðra laga.

Stefnandi kveður engum vafa undirorpið, að umræddur kaupmáli milli hjónanna sé örlætisgerningur og því riftanlegur, enda feli hann í sér, að allar hjúskapareignir Árna voru gerðar að séreign stefndu, án þess að nokkuð kæmi á móti af hennar hálfu. Við gerð kaupmálans hafi gjaldþrot Árna verið yfirvofandi, og því hafi stefndu hlotið að vera ljós riftanleiki ráðstöfunarinnar samkvæmt almennum skaðabótareglum, bæði að því er varðar fasteignina Fagraholt 12 og allt innbú samkvæmt fram lagðri búsmunaskrá.

Með vísan til 64. gr. síðastgreindra laga beri því að dæma stefndu til að afhenda stefnanda eignarráð fasteignarinnar Fagraholts 12, enda hefði eignin komið til skipta í þrotabúi Árna, ef kaupmáli þeirra hjóna hefði ekki verið gerður. Með sömu rökum beri samkvæmt 62. gr. laganna að dæma stefndu til greiðslu tjónbóta vegna innbúsins, en fjárhæð þeirra miði stefnandi við matsverð hjónanna sjálfra, 2.000.000 króna, auk dráttarvaxta frá tjónsdegi 27. febrúar 1990. Telur stefnandi viðkomandi innbú ekki þess eðlis, að það hefði verið undanþegið fjárnámi og þannig runnið til stefndu í upphafi skipta, sbr. 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Öllu heldur sýni áðurgreind búsmunaskrá, að um hafi verið að ræða dýr húsgögn, hljómflutningstæki, málverk o. fl., sem ekki hefði verið undanþegið við gjaldþrotaskipti.

Krafa stefnanda um, að stefnda verði dæmd til þess að aflétta veðsetningu hins 8.000.000 króna skuldabréfs frá 14. ágúst 1990, er á því reist, að um málamyndagerning sé að ræða, sem gerður hafi verið eftir frestdag, þegar gjaldþrot eiginmanns stefndu var yfirvofandi, og í því skyni að rýra stórlega eign, sem falla átti undir þrotabú hans. Veðsetningin sé því óskuldbindandi fyrir þrotabúið, og verði engin réttaráhrif bundin við þann veðsamning, en ekkert bendi til þess, að grandlaus þriðji maður leiði rétt sinn af skuldabréfinu. Gögn málsins, þar á meðal ákvæði í kaupsamningi, dagsettum 3. júlí 1991, bendi miklu fremur til þess, að stefnda hafi sjálf forræði á skuldabréfinu, en ekki hafi fengist upplýst, að annar aðili hafi bréfið undir höndum, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir til stefndu um að upplýsa um atriði, er varða skuldabréfið og hugsanlegt framsal þess. Beri að meta slíkt stefnanda í hag.

Nái krafa um afléttingu veðsins af Fagraholti 12 ekki fram að ganga, er gerð sú krafa, að stefnda verði dæmd til greiðslu á andvirði skuldabréfsins ásamt dráttarvöxtum frá þinglýsingu þess 20. ágúst 1990, en þann dag hafi eignin rýrnað um 8.000.000 króna. Reisir stefnandi varakröfu sína á almennum reglum skaðabótaréttar, en stefnda hafi með umræddri veðsetningu rýrt fasteignina með ólögmætum og saknæmum hætti, eftir að fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti á búi eiginmanns hennar.

Framangreindar dráttarvaxtakröfur styður stefnandi III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, en krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 131. gr. laganna.

Stefnda styður sýknukröfu sína því, að stefnandi geti hvorki krafið hana um afhendingu umræddrar fasteignar né lausafjár, þar sem hvort tveggja hafi í raun verið hennar eignir fyrir gerð kaupmálans í febrúar 1990, en á

greindu tímamarki hefðu hún og Árni Sigurðsson verið í hjónabandi í tæplega 24 ár og hún lagt sitt af mörkum til fjárfélags þeirra hjóna. Þá væri með öllu ósannað af hálfu stefnanda, að umræddar eignir hefðu allar verið hjúskapareignir eiginmanns hennar, og bæri því að sýkna hana á grundvelli sönnunarskorts. Um búsmunaskrána bendir stefnda jafnframt á, að í henni séu engar eignir taldar, sem komið hefðu til skipta við gjaldþrot, sbr. 72. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga og 43. gr. aðfararlaga, en fyrirvara megi þó gera þar um píanó, sem á hinn bóginn hefði sannanlega verið í hennar eigu.

Þá er skírskotað til þess, að dómur geti ekki skyldað stefndu til að aflétta veðskuldabréfi, sem hún eigi ekki, heldur hefði verið nauðsynlegt að stefna eiganda bréfsins, til þess að slík dómkrafa næði fram að ganga. Beri því að sýkna af þessum kröfulið og það jafnvel þótt fallist yrði á riftanleika kaupmálans, að því er fasteignina varðar. Með sömu rökum verði stefnda ekki dæmd til greiðslu bóta, enda geti ábyrgð hennar aldrei numið hærri fjárhæð en tjón þrotabúsins af gerð kaupmála þeirra hjóna. Verði fráleitt talið, að tjónið nemi umstefndri fjárhæð, þegar litið sé til andvirðis fasteignarinnar og áhvílandi skulda.

Loks er dráttarvaxtakröfum stefnanda vísað með öllu á bug. Verði hins vegar fallist á slíkar kröfur, beri að miða vextina við útgáfu stefnu í málinu, en þá fyrst hefði kröfunum verið komið á framfæri.

Varakröfu sína reisir stefnda á meginreglum laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, einkum 33. og 60. gr. laganna, en samkvæmt þeim reglum beri að líta svo á, að einungis sé unnt að dæma stefndu til að greiða fjárhæð, sem nemi búshluta eiginmanns hennar, sem hefði komið til gjaldþrotaskipta.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 190. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 fer um heimild til riftunar ráðstafana þrotamanns, sem gerðar voru fyrir 1. júlí 1992, eftir eldri gjaldþrotalögum nr. 6/1978 án tillits til þess, hvenær úrskurður gengur um töku bús viðkomandi þrotamanns til gjaldþrotaskipta. Eru riftunarkröfur stefnanda því réttilega reistar á VIII. kafla síðargreindra laga.

Af dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 352/1992 er ljóst, að frestdagur í skilningi gjaldþrotalaga skuli í máli þessu miðast við 12. júlí 1990, en þann dag var krafist gjaldþrotaskipta á búi Árna Sigurðssonar á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar, sem fram hafði farið sama dag. Voru þá liðnir rúmir fjórir mánuðir frá skráningu kaupmálans milli stefndu og Árna, sem áður er lýst og mál þetta er risið af. Þykir mega fallast á það með stefnanda, að umræddur kaupmáli hafi falið í sér gjafagerning milli hjónanna,

þar sem fasteign þeirra að Fagraholti 12, Ísafirði, sem áður hafði verið þinglýst eign Árna, var þinglýst á nafn stefndu. Jafnframt voru innanstokksmunir á heimili þeirra, að matsverði 2.000.000 króna, gerðir að séreign stefndu, án þess að sýnilegt endurgjald kæmi fyrir. Er þar um að tefla ýmsa hluti á borð við leðursófa, leðurhægindastóla, hljómflutningstæki, sjónvarps- og myndbandstæki, uppþvottavél, borðstofuhúsgögn, píanó, silfurborðbúnað, kristallsmuni, veggmyndir og málverk, sem óvíst er, hvort allir verði undanþegnir fjárnámi á grundvelli 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga. Er nú svo komið, að ógerlegt er að greina á milli slíkra muna og hinna, sem undanþágurétturinn tæki til. Þykir rétt, eins og málsatvikum er háttað, að stefnda beri hallann af því, að slík sundurgreining hefur ekki farið fram. Verður því við það að miða, að verðmæti innbús þess, sem ekki verði undanþegið fjárnámi, nemi umstefndri fjárhæð, 2.000.000 króna.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það álit réttarins, að umræddar gjafir til stefndu séu riftanlegar á grundvelli hinnar hlutlægu riftunarreglu 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 60. gr. sömu laga, en ágreiningslaust er, að afhending fasteignar og lausafjármuna fór fram við skráningu og þinglýsingu kaupmálans 9. mars 1990. Af kröfu stefnanda og með vísan til 64. gr. nefndra gjaldþrotalaga ber því að dæma stefndu til að afhenda stefnanda eignarráð fasteignarinnar að Fagraholti 12. Þá ber samkvæmt 62. gr. téðra laga að dæma stefndu til að greiða stefnanda 1.000.000 króna í tjónbætur vegna lausafjárins, en telja verður auðgun stefndu af gerningi hjónanna og samsvarandi tjón stefnanda nema helmingi hjúskapareigna samkvæmt áðurgreindri búsmunaskrá, enda gat stefndu á greindum tíma ekki dulist riftanleiki ráðstöfunar eiginmanns síns.

Rétt þykir, að tildæmdar bætur beri almenna vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 9. mars 1990 til þingfestingar máls þessa 16. júní 1993, en dráttarvexti samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda hefur verið orðfá um tilurð og afdrif veðskuldabréfs þess, er hún gaf út til handhafa 14. ágúst 1990 og þinglýst var á fasteignina Fagraholt 12 20. s. m. Vísast hér nánar til framburðar hennar fyrir dómi, sem áður er rakinn. Jafnframt hefur stefnda lagt bann við því, að bróðir hennar, Bárður Halldórsson, kæmi fyrir dóm og upplýsti frekar um ýmis atriði, er bréfið varða og telja verður nauðsynlegt til skýringar máli þessu. Hefur engu breytt, þótt dómurinn beindi slíkum tilmælum til stefndu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 46. gr. einkamálalaga. Þegar jafnframt er virtur allur aðdragandi að útgáfu skuldabréfsins, sem er óverðtryggt og ber enga vexti, og einnig er litið til mjög svo óvenjulegra ákvæða 5. gr. áðurnefnds kaupsamn-

ings frá 3. júlí 1991, verður ekki ályktað á annan veg en stefnda hafi sjálf forræði á skuldabréfinu og engum sé til að dreifa, sem í grandleysi leiði betri rétt af bréfinu. Jafnframt þykir nægjanlega í ljós leitt, að með útgáfu skuldabréfsins hafi falist málamyndagerningur, sem var til þess fallinn að rýra verulega verðmæti umræddrar fasteignar við yfirvofandi gjaldþrot eiginmanns stefndu, enda hefur hún ekki gert sennilegt, að öðruvísi hafi verið háttað atvikum að baki útgáfu skuldabréfsins. Þykir því mega fallast á sjónarmið stefnanda og dæma stefndu til að aflétta veðsetningu nefnds skuldabréfs.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, sem þykir með hliðsjón af fjölda þinghalda, ferðakostnaði umboðsmanns stefnanda og umfangi málsins hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Rift er gjafagerningi Árna Sigurðssonar til stefndu, Guðrúnar Halldórsdóttur, sem fólst í afhendingu einbýlishússins að Fagraholti 12, Ísafirði, og innanstokksmuna þar samkvæmt sérstakri búsmunaskrá með kaupmála þeirra, dagsettum 27. febrúar 1990.

Jafnframt afhendi stefnda stefnanda, þrotabúi Árna Sigurðssonar, eignarráð umræddrar fasteignar og greiði honum 1.000.000 króna með almennum vöxtum frá 9. mars 1990 til 16. júní 1993, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá aflétti stefnda af fasteigninni veðsetningu skuldabréfs, út gefins 14. ágúst 1990, að fjárhæð 8.000.000 króna.

Stefnda greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 236/1993. **Þrotabú Álafoss hf.**
(Jakob R. Möller hdl.)
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Gjaldþrot. Handveð. Skuldajöfnuður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1993. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.076.188,38 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. september 1992 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fært fram þá nýju málsástæðu, að Álafoss hf. í Mosfellshreppi, síðar Mosfellsbæ, nnr. 0181-7949, útgefandi tryggingarbréfsins frá 23. maí 1986, sem stefndi byggir rétt sinn á, sé ekki sami aðili og Álafoss hf. á Akureyri, kt. 421287-1049, en það félag hafi verið stofnað 30. nóvember 1987 og úrskurðað gjaldþrota 20. júní 1991. Eldra félagið hafi breytt um nafn 30. nóvember 1987 og verið nefnt Gamli-Álafoss hf., uns það sameinaðist Verksmiðjunni Vífilfelli hf. 30. desember 1988 undir nafni hins síðarnefnda. Þegar af þessari ástæðu geti stefndi ekki nýtt sér ákvæði tryggingarbréfsins þannig, að það taki til skulda Álafoss hf. á Akureyri við stefnda, annarra en þeirra, sem berlega séu tilteknar í bréfinu. Áfrýjandi heldur því jafnframt fram, að sannað sé, að Álafoss hf. á Akureyri hafi orðið eigandi þeirrar innstæðu hjá stefnda, sem hann hefur notað til skuldajafnaðar.

Eigi verður talið, að það hafi verið afsakanlegt af áfrýjanda að þekkja ekki þær breytingar á Álafossi hf., sem raktar voru, þegar hann lagði grundvöll málsóknar sinnar í héraði. Það verður honum ekki heldur til réttarspjalla, þótt tillit verði ekki tekið til hinnar nýju málsástæðu. Stefndi hefur ekki andmælt því, að áfrýjandi komi í þessu máli í stað útgefanda tryggingarbréfsins, og óumdeilt er, að áfrýjandi hafi orðið greiðandi þeirrar skuldar, sem þar greinir. Eru því ekki lagaskilyrði til að sinna þessari málsástæðu áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallist er á það með héraðsdómi, að við útgáfu tryggingarbréfsins 23. maí 1986 hafi stofnast samningsbundinn handveðsréttur til handa Verzlunarbanka Íslands hf. í innstæðu á kaskóreikningi nr. 403015, að fjárhæð 6.493.413 krónur. Veðsetningin var til tryggingar greiðslu á kröfu PK-finans International (Luxembourg) S. A. vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans á grundvelli kaupleigusamnings frá 16. sama mánaðar. Samkvæmt prentuðum skilmálum átti handveðsrétturinn að auki að ná til annarra skulda, sem Álafoss hf. í Mosfellshreppi stæði þá eða síðar í við Verzlunarbanka Íslands hf., en hámark veðtryggingar skyldi vera samtals að jafnvirði 157.000 bandaríkjadala. Óumdeilt er, að skuldir vegna kaupleigusamningsins voru að fullu greiddar 23. ágúst 1991 og engin önnur viðskipti voru á milli Verzlunarbankans annars vegar og Gamla-Álafoss hf. eða Álafoss hf. á Akureyri hins vegar.

Við sameiningu Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verzlunarbanka Íslands hf. 1. janúar 1990 í Íslandsbanka hf. tók hinn síðastnefndi við „allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri . . .", sbr. auglýsingu bankastjórnar Íslandsbanka hf. 3. janúar 1990 og 1. mgr. 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Eigi verður talið, að framangreindur handveðsréttur hafi við þessa sameiningu bankanna færst yfir á aðrar skuldbindingar, sem útgefandi tryggingarbréfsins kynni þá eða fram að sameiningu bankanna að hafa gengist undir gagnvart öðrum þessara banka en Verzlunar-

banka Íslands hf. Forsendur handveðsins voru viðskipti Álafoss hf. í Mosfellshreppi við Verzlunarbankann, eins og þeim var lýst í tryggingarbréfinu. Hinn nýi banki gat ekki öðlast rýmri rétt en hver bankanna um sig hafði gagnvart viðskiptamönnum sínum, og því gat efnislegt umfang handveðsins ekki aukist við sameininguna, án þess að annað kæmi til. Handveðsrétturinn féll því úr gildi við uppgjör kaupleigusamningsins 23. ágúst 1991, enda var þá engum öðrum viðskiptum til að dreifa milli Álafoss hf. og Verzlunarbanka Íslands hf. Stefndi hafði ekki samið við fyrirtækið um veðrétt í innstæðunni eða bindingu hennar vegna viðskipta við sig. Er ekki fram komið, að þau viðskipti hafi náð til annars en skuldabréfs Álafoss hf. á Akureyri til Iðnaðarbanka Íslands hf. frá 29. desember 1989, þar sem meðal annars voru sett að veði kröfuréttindi á hendur Hitaveitu Reykjavíkur um endurgjaldslausa afhendingu á heitu vatni.

Telja verður, að réttur stefnda til að skuldajafna fjárhæð hinnar umdeildu innstæðu gegn skuldum Álafoss hf. hafi fallið niður um leið og handveðsrétturinn og af sömu ástæðum. Eins og hér stóð á, varð skuldajafnaðarréttur eigi leiddur af 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Stefnda var því ekki rétt að lýsa yfir skuldajöfnuði 17. september 1992.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina ásamt dráttarvöxtum frá þingfestingu málsins í héraði 8. október 1992, en ekki er ágreiningur um fjárhæð kröfunnar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, þrotabúi Álafoss hf., 8.076.188,38 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1992 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, sem greinir í I. kafla og 1. mgr. II. kafla dómsins.

Við sameiningu Alþýðubankans hf., Iðnaðarbankans hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verzlunarbanka Íslands hf. 1. janúar 1990 í Íslandsbanka hf. tók hinn síðastnefndi við „allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri frá og með 1. janúar 1990", sbr. auglýsingu bankastjórnar Íslandsbanka hf. um starfsleyfi bankans 3. janúar 1990, er birtist í 8. tölublaði Lögbirtingablaðs 1990, svo og 1. mgr. 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Í framangreindri auglýsingu stóð enn fremur: „að í sameiningu þessari felst að allir innlánsreikningar í bönkunum fjórum hafa nú færst til Íslandsbanka hf. Þeim sem athugasemdir kynnu að vilja gera við yfirfærslu þessara reikninga, er hér með gefinn til þess frestur til 15. febrúar 1990. – Með heimild í ofangreindum lagaákvæðum hafa veðtryggingar fyrir útlánum og ábyrgðum þeirra banka, sem sameinað hafa bankarekstur sinn, verið færðar yfir til hins sameinaða banka og tryggja frá sameiningardegi skuldir og skuldbindingar hlutaðeigandi aðila við Íslandsbanka hf.".

Við þessa sameiningu bankanna tel ég, að handveðsréttur sá, sem stofnaðist til handa Verzlunarbanka Íslands hf. við útgáfu tryggingarbréfsins 23. maí 1986, hafi ekki fallið úr gildi 23. ágúst 1991 við uppgjör kaupleigusamningsins, heldur hafi hann færst yfir á aðrar skuldbindingar, sem útgefandi tryggingarbréfsins, Álafoss hf., kynni að hafa gengist undir gagnvart öðrum þeim bönkum, sem að sameiningunni stóðu. Eins og lýst er í héraðsdómi, gaf Álafoss hf. út veðskuldabréf 29. desember 1989 til Iðnaðarbanka Íslands hf., sem þinglýst var 23. janúar 1990. Af framangreindu leiðir, að stefnda var rétt að lýsa yfir skuldajöfnuði vegna þessarar skuldar Álafoss hf. við Iðnaðarbankann hf. á grundvelli 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms um annað en málskostnað, sem ég tel hæfilega ákveðinn samtals 600.000 krónur til handa stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 21. apríl sl., hefur þrotabú Álafoss hf., kt. 421287-1049, Akureyri, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Húsi verslunarinnar, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.076.188.38 kr. auk dráttarvaxta skv. 9. og 10. gr. laga nr. 25/1987 og 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989 frá 25. september 1992 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. september 1993, skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppkvaðningu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir stefnanda.

Stefnandi ber, að Álafoss hf. hafi með tryggingarbréfi með handveði, dags. 23. maí 1986, sett Verslunarbanka Íslands hf. að veði innstæðu á kaskóreikningi nr. 403015, sem hafi numið 6.493.413 kr. 21. maí 1986.

Samkvæmt efni tryggingarbréfsins hafi því verið ætlað að tryggja skilvísa og skaðlausa greiðslu á kröfum PK-finans International (Luxembourg, SA) vegna kaupleigusamnings no. 2108600220, dags. 16. maí 1986, svo og öllum skuldum, sem Álafoss hf. væri í eða stæði síðar í við Verslunarbanka Íslands hf., hvort sem það væru víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdráttur á hlaupareikningi eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir, sem bankinn tækist á hendur, samtals að jafnvirði 157.000 bandaríkjadala.

Stefnandi kveður Verslunarbanka Íslands hf. hafa hætt bankastarfsemi í árslok 1989, og hafi innstæður stefnanda þá verið fluttar í Íslandsbanka hf. (áður Útvegsbanki Íslands hf.), sem keyptur hafi verið af Verslunarbanka Íslands hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Alþýðubankanum hf., sem haldið hafi áfram aðeins sem eignarhaldsfélög.

Stefnandi ber, að við þessa breytingu hafi innstæða á framangreindum reikningi færst til útibús Íslandsbanka hf. í Mosfellsbæ og orðið að reikningi 0549-14-190151.

Bú Álafoss hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðandans á Akureyri 15. júní 1991.

Stefnandi heldur því fram, að af hálfu Íslandsbanka hf. hafi verið látið svo, að innstæða á greindum reikningi nægði vart fyrir greiðslu ábyrgðarinnar, en bankinn hafi greitt upp ábyrgðina 23. ágúst 1992, og hafi innstæða á reikningi numið 8.076.188,38 kr. 27. september 1992.

Stefnandi ber, að sumarið 1992 hafi skiptastjórar orðið þess varir, að innstæða væri inni á reikningnum, að fjárhæð 8.005.804,01 kr. Þeir hafi ætlað að hefja þá fjárhæð, en verið neitað um útborgun. Skarphéðinn Þórisson hrl., annar skiptastjórinn, hafi ritað bankanum bréf, dags. 24. ágúst 1992, og krafist innstæðunnar, en þeirri kröfu hafi verið hafnað af Íslandsbanka hf., með bréfi, dags. 17. september 1992. Hafi þar verið lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu Íslandsbanka hf. á hendur þrotabúinu og verið vísað í 100. gr. laga nr. 21/1991.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að allar kröfur, sem tryggingarbréfinu hafi verið ætlað að tryggja, hafi verið greiddar. Álafoss hf. hafi ekki verið í neinum viðskiptum við Verslunarbanka Íslands hf. fyrir utan þau viðskipti, sem hann hafi átt vegna ábyrgðaryfirlýsingarinnar, og bankinn hafi ekki lýst neinum kröfum í þrotabúið. Íslandsbanki hf. hafi ekki lýst kröfu í búið, heldur Iðnaðarbankinn, einn þeirra banka, sem standa að Íslandsbanka hf.

Stefnandi heldur því fram, að Íslandsbanki hf. geti ekki reist rétt sinn á tryggingarbréfinu frá 23. maí 1986, því að það hafi verið gefið út til tryggingar kröfum Verslunarbanka Íslands hf., sem sé önnur lögpersóna en Íslandsbanki hf.

Stefnandi mótmælir því, að 100. gr. laga nr. 21/1991 eigi við um það tilvik, er þrotabú á inni fé hjá innlánsstofnun og skuldi innlánsstofnun fé og ekki hafi verið gerður samningur um veðsetningu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að væri slík skuldajafnaðarheimild viðurkennd, væri verið að veita bönkunum sterkari stöðu en öðrum kröfuhöfum í þrotabú, en slíkt hafi ekki verið ætlun löggjafans þrátt fyrir víðtækt orðalag 100. gr. gjaldþrotalaga. Stefnandi telur innstæðu í innlánsstofnun ekki vera skuld innlánsstofnunarinnar við innstæðueigandann, heldur eign hans.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Málavextir stefnda.

Stefndi telur nauðsynlegt að rekja tildrögin að stofnun Íslandsbanka hf., en 29. júní 1989 eignuðust Alþýðubanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki Íslands u. þ. b. 76% hlutafjár í Útvegsbankanum hf. með því að kaupa hlut ríkissjóðs í bankanum. Á hluthafafundi í Útvegsbankanum 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að auka hlutafé bankans um einn og hálfan milljarð króna. Alþýðubanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki Íslands hafi átt forkaupsrétt að stærstum hluta hins nýja hlutafjár. Á hluthafafundi hafi verið samþykkt, að áskrift nýrra hluthafa yrði greidd með bankarekstri, eignum að frádregnum skuldum bankanna þriggja, jafnframt sem þeir hættu bankastarfsemi sinni, en legðu til hins sameinaða banka, sem ákveðið var, að heita skyldi Íslandsbanki hf. frá 1. janúar 1990. Alþingi samþykkti lög nr. 120/1989 til að greiða fyrir sameiningu hinna fjögurra banka. Í samræmi við þau hafi Íslandsbanki hf. tekið við þeim réttindum og skyldum, sem áður hafi verið á nafni bankanna fjögurra. Hin breytta aðild hafi átt sér stoð í samningi bankanna um samruna, sbr. ákvæði laga nr. 120/1989 og auglýsingar, sem birtar hafi verið í 8. tölublaði Lögbirtingablaðs 1990 skv. fyrirmælum laganna.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi reisir rétt sinn til innstæðu á framangreindum reikningi á handveðssamningi frá 15. júní 1986 (sic), sbr. dskj. nr. 2. Álafoss hf. hafi með undirritun sinni sett að veði innstæðu bankabókar til tryggingar ábyrgðaryfirlýsingu Verslunarbanka Íslands vegna kaupleigusamnings og enn fremur til tryggingar á öllum skuldum sínum við bankann þá og síðar. Í texta tryggingarbréfsins hafi verið skýrt kveðið á um heimildir bankans þá og síðar. Eitt ákvæði tryggingarbréfsins veiti bankanum heimild til að taka veðið til eignar án virðingar, verði vanskil á skuldum Álafoss hf. Bankinn styðji rétt sinn við sameiningu hinna fjögurra banka, er hafi sameinast Íslandsbanka hf. 1. janúar 1990 og tekið við réttindum og skyldum eldri bankanna. Sameiningin hafi grundvallast á samningi bankanna, sem staðfestur hafi verið af viðskiptaráðherra 2. janúar 1990 með stoð í lögum nr. 120/1989. Sérstaklega er bent á 1. og 3. mgr. 50. gr. laga nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Auglýsingin um starfsleyfi Íslandsbanka hf. hafi verið birt í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990. Þar hafi komið skýrt fram, að veðtryggingar fyrir útlánum og ábyrgðum þeirra banka, sem sameinað höfðu bankarekstur sinn, höfðu verið færðar yfir til hins sameinaða banka og tryggðu frá sameiningardegi skuldir og skuldbindingar hlutaðeigandi aðila við Íslandsbanka hf. Þá hafi verið skorað á þá, sem vildu gera athugasemdir við þessar yfirfærslur, að gera það fyrir 15. febrúar 1990.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, mótmælir stefndi því, sem fram kemur í stefnu, að allar kröfur, sem tryggingarbréfinu sé ætlað að tryggja, séu greiddar. Kröfur, sem fyrir mistök hafi verið lýst í búið í nafni Iðnaðarbankans, séu augljóslega kröfur Íslandsbanka hf., þar sem kröfur allra bankanna þriggja hafi runnið inn í Útvegsbanka Íslands hf., síðar Íslandsbanka hf. Af þessu tilefni bendir stefndi á yfirlýsingu frá Eignarhaldsfélagi Iðnaðarbankans. Þá bendir stefndi á afsal, undirritað af báðum skiptastjórum þrotabús Álafoss hf., þar sem þeir afsali Íslandsbanka hf. hitavatnsréttindum sem ófullnægðum veðhafa. Í afsalinu felst skýr viðurkenning þess, að Íslandsbanki hf. sé eigandi þeirra krafna, sem á sínum tíma hafi verið lýst í nafni Iðnaðarbankans. Stefnandi geti því ekki haldið því fram, að þar sem um aðrar lögpersónur hafi verið að ræða í upphafi við stofnun skuldbindinganna, leiði það til þess, að stefndi geti ekki byggt rétt á þeim kröfum, sem honum hafi verið framseldar. Stefndi bendir á, að sameiningin hafi getað orðið viðskiptavinum eldri bankanna í hag í viðskiptum við Íslandsbanka hf., ef tryggingar þeirra í einum af eldri bönkum voru umfram þær skuldbindingar, sem stofnað hafi verið til í hinum bönkunum.

Stefndi skírskotar til skuldajafnaðarheimildar samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991, fallist dómurinn ekki á, að hann geti reist rétt sinn á veðsamningi. Stefndi mótmælir rökum stefnanda. Fráleitt sé að halda því fram, að innstæða á bókarlausum reikningi sé eign reikningseiganda að því marki, að henni sé á einhvern hátt haldið sérgreindri í bankanum. Rétturinn til innstæðunnar sé krafa, sem reikningseigandi eigi á hendur bankanum, er byggist á samningi þeirra í milli um stofnun reiknings og stofnskírteininu. Hér sé um að ræða kröfur á báða vegu, sem falli undir 100. gr. laga nr. 20/1991, þar sem gagnkröfur stefnda komi fram í kröfulýsingu, sbr. dskj. nr. 6.

Þá mótmælir stefndi upphafstíma vaxta, sem fram komi í stefnu.

Um sýknukröfu vísar stefndi til almennra reglna veðréttar, sbr. lög nr. 18/1887 um veð, almennra reglna kröfu- og gjaldþrotaréttar um skuldajöfnuð, sbr. lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., og til laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka ásamt síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður stefndi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði, sérstaklega 130. gr. Kröfu um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir stefndi á 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Forsendur og niðurstöður.

Hér að framan hefur ýtarlega verið rakinn aðdragandi að stofnun Íslandsbanka hf. Deilt er um það, hvort Íslandsbanki hafi eignast sama rétt og Verslunarbanki Íslands hf. hafði við sameiningu bankanna 1. janúar 1990.

Sameiningin var rækilega kynnt, m. a. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þeim viðskiptamönnum, sem vildu ekki skipta við hina nýju bankastofnun, var gefið tækifæri til þess að tilkynna það til 15. febrúar 1990. Forráðamenn Álafoss hf. virðast ekki hafa sent slíka tilkynningu.

Talið er, að Íslandsbanki hf. hafi í öllu eignast sömu réttindi og enn fremur borið sömu skyldur gagnvart Álafossi hf. og Verslunarbanki Íslands hf. hafði fyrir sameininguna.

Í málinu liggur frammi tryggingarbréf, dags. 23. maí 1986, með handveði, þar sem Álafoss hf. gerir kunnugt, að innstæða á kaskóreikningi nr. 403015, að jafnvirði 157.000 USA-dala, ásamt vöxtum og kostnaði, sem á kunni að falla, sé sett Verslunarbanka Íslands að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á kröfum PK-finans International samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu við bankann, dags. 21. maí 1986, vegna kaupleigusamnings, dags. 16. maí 1986. Í tryggingarbréfinu er tekið fram, að veðsetningin taki til hvers konar arðs af hinu veðsetta og jafnframt, að bankanum sé heimilt, en ekki skylt, að innheimta hann svo og veðið sjálft til greiðslu á ofangreindum skuldum, enda þótt þær séu ekki gjaldfallnar.

Þá kemur fram í bréfinu, að verði vanskil á skuldum Álafoss hf. við bankann, sé bankanum heimilt að selja veðið eða taka það til eignar án virðingar.

Enn fremur er þess getið, að á meðan bankinn hafi handveðið, sé Álafoss hf. skylt að greiða það, sem greiða ber, til þess að rétturinn, sem fylgir hinu veðsetta, glatist ekki né rýrni, svo sem vátryggingariðgjöld, lífsábyrgðariðgjöld eða annað, eftir því sem við á, og láta bankanum í té skilríki fyrir því, að svo sé gjört.

Iðnaðarbankinn lýsti kröfu í þrotabú Álafoss hf. 2. september 1991 vegna veðskuldabréfs, út gefins 29. desember 1989 af Álafossi hf. til Iðnaðarbankans, upphaflega að jafnvirði 700.000 USA-dala, tryggðs með 3. veðrétti í lager- og skrifstofuhúsnæði, svokölluðu ÚP-húsi, Mosfellsbæ, en Iðnaðarbankanum höfðu enn fremur verið veðsett að óskiptu með 1. veðrétti kröfuréttindi Álafoss hf. á hendur Hitaveitu Reykjavíkur um endurgjaldslausa afhendingu á 132 mínútulítrum af 85 gráðu heitu vatni. Samkvæmt gengi 1. júní 1990 á USA-dollar, 60,65 kr., nam krafan 42.455.000 kr. auk vaxta, að fjárhæð 2.179.356 kr., dráttarvaxta, 10.555.862 kr., innheimtulauna o. fl., samtals 56.718.406 kr.

Hinn 27. febrúar 1992 afsalar þrotabú Álafoss hf. Íslandsbanka hf. réttindum þrotabúsins til endurgjaldslausra afnota af orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem nemi 132 mínútulítrum af 85 gráðu heitu vatni, afhentu í Mosfellsbæ. Vísað er til yfirlýsingar Hitaveitu Reykjavíkur, sem þinglýst

var með ofangreindu veðskuldabréfi, að fjárhæð 700.000 USA-dölum, út gefnu af Álafossi hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., dags. 29. desember 1989. Þrotabúið afsalar sér Íslandsbanka hf. þessum réttindum sem ófullnægðum veðhafa samkvæmt nefndu veðskuldabréfi, og er yfirtökuverð talið nema 20.000.000 króna. Líta verður á afsal stefnanda til stefnda á hitavatnsréttindum vegna kröfu, sem lýst hafði verið í þrotabú stefnanda af Iðnaðarbankanum vegna skulda stefnanda við bankann, sem viðurkenningu þess, að Íslandsbanki hf. hafi tekið við réttindum og skyldum Iðnaðarbankans.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing, dags. 18. nóvember 1992, frá eignarhaldsfélagi Iðnaðarbankans, þar sem fram kemur, að kröfur að fjárhæð 56.718.406, sem lýst hafi verið í þrotabú Álafoss hf. af hálfu eignarhaldsfélagsins, hafi réttilega mátt telja til krafna Íslandsbanka hf. allt frá 31. desember 1989, sbr. auglýsingu í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990 og 1. gr. laga nr. 120/1989 um breytingar á lögum nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

Hinn 23. ágúst 1992 greiddi Íslandsbanki hf. af kaskóreikningi Álafoss hf. ábyrgð, sem reikningurinn var m. a. stofnaður til að uppfylla vegna kaupleigusamnings milli stefnanda og PK-finans International, að fjárhæð 4.905.073 kr., og voru eftirstöðvar á reikningi 8.005.804. kr.

Í þessu máli þarf því að athuga, hvort til handveðs hafi stofnast með formlegum hætti, þ. e. með samningi milli aðila, og hvort ráðstafanir hafi verið gerðar, sem miði að því að girða fyrir, að veðþoli hafi getað ráðið yfir hinni veðsettu eign. Talið er, svo sem hér að framan er rakið, að þessi skilyrði fyrir stofnun handveðssamnings milli aðila séu uppfyllt, þannig, að Íslandsbanki hf., áður Verslunarbanki Íslands hf., hafi sýnt fram á skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir veðréttindum, sbr. áðurnefnt tryggingarbréf, með handveði, dags. 23. maí 1986, undirritað af Álafossi hf.

Réttarsamband, sem tekst milli aðila við handveðssetningu, er með þeim hætti, að handveðshafi á rétt á að hafa veðið í vörslum sínum, á meðan veðrétturinn er í gildi. Þá er honum heimilt að ganga að veðinu, þegar veðskuldin er komin í eindaga. Telja verður, að Íslandsbanka hf. hafi verið heimilt að ganga að veðinu, þ. e. innstæðunni á áðurnefndum kaskóreikningi, vegna skulda Álafoss hf. við Iðnaðarbankann hf., enda höfðu samningar aðila við stofnun handveðsins hljóðað þannig og ekkert komið fram síðar, sem bent gæti til þess, að það hefði breyst þrátt fyrir sameiningu bankanna, svo sem lýst er hér að framan. Það athugast, að til skuldar Álafoss hf. við Iðnaðarbankann stofnaðist 29. desember 1989, aðeins þremur dögum fyrir sameiningu bankanna.

Þegar litið er til þess, sem hér að framan er rakið, þykir vera sannað, að gildur handveðssamningur hafi stofnast milli Álafoss hf. og Verslunarbanka

Íslands hf. Þá er talið sannað, að samningurinn hafi haldist í gildi við yfirtöku Íslandsbanka hf. á réttindum og skyldum Verslunarbankans hf. Telja verður, að Íslandsbanki hf. hafi ekki einungis tekið við skyldum frá Verslunarbankanum, heldur hafi hann einnig hlotið þau réttindi, sem viðskiptamenn hans veittu bankanum, og því hafi Íslandsbanka hf. verið heimilt að nota handveðið ekki einungis til greiðslu á þeirri ábyrgð, sem það var sett fyrir, heldur og til greiðslu þeirra skulda, sem Álafoss hf. var í við Iðnaðarbankann, einn þeirra banka, sem féllu undir Íslandsbanka hf. við sameiningu bankanna 1. janúar 1990. Enda eru ákvæði í tryggingarbréfinu, sem sýna, að veðið standi ekki einungis fyrir ábyrgð á skuld fyrirtækisins við PK-finans International, heldur ýmsum öðrum skuldum, þ. á m. skuldum Álafoss hf. við Verslunarbankann hf., bæði þá og síðar. Stefnandi viðurkennir þetta enn fremur, svo sem rakið er hér að framan, er hann afsalar sér hitavatnsréttindum til Íslandsbanka hf. vegna skuldar þrotabúsins við Iðnaðarbankann.

Stefndi, Íslandsbanki hf., er því sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Álafoss hf.

Stefnandi, þrotabú Álafoss hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 900.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Dóminn kveður upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Álafoss hf.

Stefnandi, þrotabú Álafoss hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 900.000 kr. í málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 204/1995. **Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Ingvar Sveinbjörnsson hrl.)
gegn
Guðmundi Rúnari Alfonssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök

Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfufjárhæðum, og verði málskostnaður fyrir báðum dómstigum þá felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 16. júní 1995, og krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 48.845 krónur, til vara 30.390 krónur og til þrautavara 29.163 krónur. Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, hvernig háttað var greiðslu lögmannsþóknunar af hálfu vátryggingarfélaga við bótauppgjör fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki þykja efni til að byggja á því, svo sem aðaláfrýjandi gerir í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að eftir gildistöku laganna sé bótakrefjendum almennt ekki þörf á sérfræðilegri aðstoð til að gæta hagsmuna sinna við bótauppgjör. Staðfesta ber það mat héraðsdómara, að við ákvörðun þóknunar lögmanns gagnáfrýjanda beri í meginatriðum að miða við sömu sjónarmið og áður við uppgjör einfaldra bótamála. Þykir því mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað með stefnu, þingfestri 11. apríl 1995.

Stefnandi er Guðmundur Rúnar Alfonsson, kt. 120168-5179, með lögheimili í Danmörku.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnt er til heimtu bóta vegna lögmannskostnaðar og þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 48.845 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af þeirri fjárhæð frá 31. mars 1995 til greiðsludags. Til vara er krafist greiðslu 30.390 kr. og til þrautavara 29.163 kr. ásamt vöxtum í báðum tilvikum, eins og í aðalkröfu greinir. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1996. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi leitaði árið 1993 eftir aðstoð lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. til að gæta hagsmuna sinna og semja um bætur sér til handa vegna líkamstjóns, sem hann varð fyrir í umferðarslysi 25. ágúst 1993. Af hálfu lögmannsstofunnar var staðið að málinu með heföbundnum hætti, aflað lögregluskýrslu og læknisvottorðs og stefnandi við svo búið sendur í örorkumat til læknis og að því mati fengnu samin kröfugerð á hendur stefnda. Um bótarétt stefnanda fór eftir skaðabótalögum nr. 50/1993, sem gildi tóku 1. júlí 1993. Náðust samningar við stefnda um annað en greiðslu stefnda á lögmannskostnaði, og voru stefnanda greiddar bætur 31. mars sl., að fjárhæð 638.091 kr., að meðtöldum vöxtum frá tjónsdegi auk útlagðs kostnaðar, samtals að fjárhæð 57.600 kr. Stefnandi krafðist 64.233 kr.

í þóknun vegna lögmannsaðstoðar auk virðisaukaskatts samkvæmt reikningi lögmanns síns, en stefndi taldi hæfilega þóknun vera 25.000 kr. Tók lögmaður stefnanda við 25.000 kr. auk virðisaukaskatts sem „innheimtuþóknun lögfræðings" samkvæmt tjónskvittun með fyrirvara vegna „ófullnægjandi greiðslu á lögmannsþóknun".

III.

Stefnandi styður kröfugerð sína gjaldskrá lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. frá 12. febrúar 1994, en sú gjaldskrá er reist á sama grunni og gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem síðast var gefin út 1. júlí 1992. Um grundvöll umræddrar gjaldskrár lögmannsstofunnar vísar stefnandi til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, 10. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands og 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á mismun þeirrar fjárhæðar, sem hann greiddi lögmanni sínum samkvæmt reikningi, og þeirrar fjárhæðar, sem stefndi greiddi stefnanda vegna bótauppgjörsins.

Varakrafa stefnanda tekur að sama skapi mið af 2. gr. gjaldskrárinnar, þó þannig, að ekki er gerð krafa um 30% álag, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Þrautavarakrafa stefnanda miðast einnig við 2. gr. gjaldskrárinnar, þó þannig, að málskostnaður er reiknaður af höfuðstól án vaxta og ekki er gerð krafa um 30% álag, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Um vara- og þrautavarakröfu vísar stefnandi til þess, að hið stefnda félag hafi áratugum saman líkt og önnur vátryggingafélög í landinu ágreiningslaust gert lögmannskostnað tjónþola upp á grundvelli hinnar gömlu gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Þó hafi í einhverjum tilvikum risið ágreiningur um það, hvort reikna beri þóknun af vöxtum auk höfuðstóls, svo og, hvort bæta skuli við þóknunarlið svonefndu 30% álagi, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrár lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefndi hafi fram að gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 reiknað lögmannskostnað tjónþola á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, þó þannig, að ekki hafi nema í undantekningartilvikum verið greidd þóknun af vöxtum af skaðabótamálum og 30% álag á þóknun, sbr. 4. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands og 5. mgr. 2. gr. lögmanns stefnanda. Með skaðabótalögum hafi orðið einföldun á uppgjöri líkamstjóns frá því, sem var, með því að bótafjárhæðir séu nú fastsettar samkvæmt ákveðnum reglum í lögunum og frádráttarliðum við uppgjör fækkað. Sé fyrirhöfn og vinna lögmanns tjónþola við samningsgerð og uppgjör bótanna að sama skapi minni og léttari. Eigi ekki lengur við að miða við hina gömlu hagsmunagjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða sambæri-

legar gjaldskrár. Hafi stefndi því talið eðlilegt, að fyrir störf lögmanns tjónþola við skaðabótauppgjör samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 sé greidd önnur og eftir atvikum lægri fjárhæð en fyrir bótauppgjör samkvæmt ólögfestum eldri reglum. Sé við ákvörðun þóknunar einkum litið til vinnuframlags í stað fjárhæðar bótanna. Hafi stefndi til viðmiðunar sett fram eigin gjaldskrá, studda þessu sjónarmiði.

Afstaða stefnda sé sú, að fyrir lögmannsaðstoð við venjulegt bótauppgjör eins og í þessu máli sé hæfileg þóknun 25.000 kr., þegar litið sé til umfangs starfsins í þessu tilviki. Hafi aðstoð lögmanns stefnanda verið fólgin í leiðbeiningu um bótarétt stefnanda, gagnaöflun um heilsufar hans, kröfugerð stefnda og viðtöku bóta. Hafi þetta starf aðeins tekið fáeinar klukkustundir. Telji stefndi, að meta verði fjárhæð þóknunar fyrir lögmannsaðstoð við skaðabótauppgjör eftir umfangi verks hverju sinni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að honum sé óskylt að greiða stefnanda hærri lögmannskostnað, þegar framangreint er virt, enda sé stefndi óbundinn af einstökum gjaldskrám lögmanna tjónþola.

Stefndi reisir varakröfu sína á því, að í öllu falli ákveðist lögmannsþóknun lægri en greinir í aðal- og varakröfu stefnanda.

Dráttarvöxtum er andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

IV.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 62/1941 um málflytjendur er héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls. Starf lögmanns stefnda fólst í ráðgjöf um bótarétt, öflun lögregluskýrslu og læknisvottorðs, beiðni um örorkumat, gagnaöflun um tekjur stefnanda, ritun kröfubréfs og móttöku bóta. Spurður af dómara við munnlegan málflutning greindi lögmaður sá, er með mál þetta fór af hálfu stefnanda, frá því, að hann áætlaði, að í þessa vinnu hefðu farið um 5 - 10 klukkustundir.

Fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 hafði mótast sú venja við bótauppgjör, að vátryggingafélögin reiknuðu út lögmannskostnað á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, en þó þannig, að ekki var nema í undantekningartilvikum greidd þóknun af vöxtum eða 30% álag á þóknun. Með samkeppnislögum nr. 8/1993 var hin sameiginlega „lágmarksgjaldskrá" Lögmannafélags Íslands numin úr gildi, og upp frá því settu lögmannsstofur sér sínar eigin gjaldskrár, sem byggðar eru upp á sama hátt og síðasta gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992.

Ágreiningur er með aðilum um, hvort vinna lögmanna tjónþola við bótauppgjör hafi minnkað við gildistöku skaðabótalaganna. Þykir eigi verða fullyrt, að svo sé að neinum verulegum mun, þegar litið er til ofangreinds

vinnuframlags lögmanns stefnanda og það borið saman við hefðbundna vinnu við tjónsuppgjör í tíð ólögfestra reglna skaðabótaréttar. Er það því mat dómsins, að sömu meginreglum sé beitt og áður við frágang tjónsuppgjörs.

Að öllu framangreindu virtu og þegar annars vegar er tekið tillit til þess verks, sem unnið var af lögmanni stefnanda, og hins vegar þeirra hagsmuna, sem í húfi voru, þykir bera að fallast á þrautavarakröfu stefnanda, enda verður að telja þá þóknun hæfilega samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942.

Miðað við kröfugrundvöll stefnanda þykir sýnt, að virðisaukaskattur sé innifalinn í kröfugerð hans. Af hálfu stefnda er vaxtakröfu stefnanda ekki mótmælt nema hvað upphafstíma varðar. Samkvæmt því ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 29.163 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Guðmundi Rúnari Alfonssyni, 29.163 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags og 30.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 87/1994. **Framkvæmdasjóður Íslands**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Nauðungarsala. Vanefndir. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1994. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 11.813.387 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. febrúar 1992 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi, átti áfrýjandi hæsta boð á uppboðsþinginu 3. desember 1991 og gerði kröfu um útlagningu, en stefndi var næstbjóðandi. Voru málsaðilar bundnir af boðum sínum í þrjár vikur, sbr. 19. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Í bréfi áfrýjanda til uppboðshaldara 12. desember 1991 segir meðal annars: „Vegna fram komins boðs Íslandsbanka hf. hefur umbj. vor ákveðið að falla frá útlagningarkröfu sinni og gefa Íslandsbanka hf. kost á að standa við boð sitt. Er hér með lagt til, að þér, hr. uppboðshaldari, samþykkið boð Íslandsbanka hf. innan samþykkisfrests."

Fallast ber á með héraðsdómara, að yfirlýsing þessi hafi jafngilt því, að áfrýjandi lýsti því yfir, að hann ætlaði að vanefna boð sitt. Enginn lagagrundvöllur var því fyrir kröfu áfrýjanda á hendur stefnda vegna vanefnda. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Málið var í héraði munnlega flutt og dómtekið 26. nóvember 1993, en 9. febrúar 1994 tekið til flutnings að nýju með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Verður að finna að þessum drætti á málsmeðferð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Framkvæmdasjóður Íslands, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 6. ágúst 1992, af Framkvæmdasjóði Íslands, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, gegn Íslandsbanka hf., Kringlunni 3, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Íslandsbanki hf., verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 11.839.700 kr. auk 23% dráttarvaxta á ári frá 3. febrúar 1992 til 1. mars 1992, með 20% vöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní 1992, með 18,5% vöxtum á ári frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að stefndi greiði stefnanda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af stefnukröfunum, og til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefnandi hafi átt kröfur á hendur Vatnarækt hf. skv. fjórum skuldabréfum, út gefnum 10. júní 1986, upphaflega USD 94.294,01, 9. janúar 1987, upphaflega að fjárhæð USD 101.939,33, 23. desember 1987, upphaflega að fjárhæð USD 54.945,05, 3. febrúar 1988, að fjárhæð 1.500.000 kr., og 29. september 1988, að fjárhæð USD 62.292,36. Hafi bréfin verið tryggð með veði í 2,5 ha. lóð úr landi Bakka I, Ölfushreppi, Árnessýslu, ásamt öllum mannvirkjum og tækjum til fiskeldis og mannvirkjum til öflunar á heitu og köldu vatni. Hafi verið starfrækt fiskeldisstöð á lóðinni, og hafi verið lánað út á uppbyggingu stöðvarinnar. Hinn

3. desember 1991 hafi fasteignaréttindi þessi verið seld þriðju og síðustu sölu. Hafi stefnandi orðið hæstbjóðandi með boð að fjárhæð 12.600.000 kr. og krafist útlagningar, ef skilyrði væru til. Stefndi hafi hins vegar verið næsthæstbjóðandi með boð að fjárhæð 12.400.000 kr.

Hinn 12. desember 1991 hafi lögmaður stefnanda tilkynnt uppboðshaldara í Árnessýslu, að stefnandi teldi rétt að gera stefnda kost á að fá eignina til sín og lýsti yfir, að stefnandi félli frá boði sínu. Í framhaldi þessa hafi uppboðshaldari samþykkt 13. desember 1991 boð stefnda í fasteignina með bréfi þar um.

Hinn 30. janúar 1992 hafi uppboðshaldari samið frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði ofangreindrar fasteignar. Í því hafi verið ráð fyrir gert, að stefnandi fengi 11.839.700 kr. í sinn hlut af uppboðsandvirðinu. Stefndi hafi vanefnt uppboðskaupin, eftir að hann hafði margsinnis óskað frests til þess að semja um greiðslu, og hafi uppboðshaldari loks ákveðið, að vanefndauppboð skyldi fara fram 24. apríl 1992. Á því uppboði hafi lögmaður stefnda persónulega verið hæstbjóðandi með 800.000 kr.

Af hálfu stefnda er um málavexti sérstaklega bent á, sbr. dskj. nr. 6, að stefndi hafi mótmælt því, að boði hans sem næsthæstbjóðanda hafi verið tekið.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndi hafi verið bundinn við boð sitt, sem fram kom á uppboðsþingi 3. desember 1991, og hafi samningur komist á með samþykki uppboðshaldara við boði stefnda 13. desember 1991. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 59/1947, er þá giltu, hafi stefndi sem bjóðandi verið bundinn við boð sitt í þrjár vikur, ef öðru boði hefði eigi verið tekið. Hafi uppboðshaldari því samþykkt boð stefnda innan lögmæts samþykkisfrests.

Stefnandi vísar og til, að uppboðshaldari hafi heimild til þess að taka hvaða boði, sem er, sbr. 2. mgr. 19. gr. Hafi stefnandi sem eini veðhafi, er vænta mátti nokkurs af uppboðsandvirði, átt rétt til að krefjast þess, að hæsta boði annarra en stefnanda skyldi tekið, sbr. sjónarmið 4. mgr. 29. gr. nul. Stefnandi hafi litið svo á, að hagsmunum sínum væri betur borgið með því að eftirláta stefnanda fasteignina, enda búið að leggja stefnanda niður sem útlánastofnun. Jafnframt hafi stefnandi litið svo á, að stefndi legði kapp á að komast yfir fasteignina, en stefndi hafi átt veðbönd í fasteigninni á eftir stefnanda, ef marka hafi mátt fjölmörg boð stefnda á uppboðsþinginu.

Stefnandi lítur svo á, að stefndi hafi vanefnt uppboðsskilmála, þann samning, sem komist hafi á milli hans og uppboðshaldara um nauðungar-

kaupin, og eigi stefnandi því bótarétt á hendur stefnda, sem nemi þeim fjármunum, er stefnandi hafi átt í vændum af uppboðsverði, ef stefndi hefði staðið við boð sitt, sbr. 35. gr. nul.

Um lagarök vísar stefnandi til áður gildandi uppboðslaga nr. 57/1949, einkum 19. gr., 29. gr., 34. gr. og 35. gr. Þá er jafnframt vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skyldur samningsaðila í gagnkvæmum samningum.

Kröfugerð stefnanda miðast við þá fjárhæð, sem stefnanda hefði borið úr hendi stefnda, ef stefndi hefði staðið við samþykkt boð sitt 3. desember 1991 skv. frumvarpi uppboðshaldara að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, 11.839.700 kr. Krafist sé dráttarvaxta frá 3. febrúar 1992, en þá hafi verið liðnir tveir mánuðir frá uppboðsþingi, en skv. uppboðsskilmálunum skyldi stefndi hafa reitt af hendi allt kaupverðið innan tveggja mánaða frá uppboðsþingi.

Málsástæður stefnda eru eftirfarandi:

Vanefndauppboð hafi farið fram 24. apríl 1992, sbr. dskj. nr. 10. Heimild sé til slíks uppboðs í 35. gr. laga nr. 57/1949. Stefnandi krefji um greiðslu á 11.839.000 kr. úr hendi stefnda. Það sé sama fjárhæð og hann hafi átt að fá skv. dskj. nr. 7, sem sé úthlutunargerð vegna þriðju sölu 3. desember 1991. Bent er á af hálfu stefnda, að skv. úthlutunargerð á dskj. nr. 11 hafi stefnandi fengið 26.313 kr. upp í kröfu sína. Þá fjárhæð beri að draga frá stefnukröfu.

Stefnandi krefjist greiðslu á grundvelli þess, að stefndi hafi verið bundinn við boð sitt, sem fram kom á uppboðsþinginu 3. desember 1991, og hafi samningur komist á með samþykki uppboðshaldara á boði stefnda 13. desember 1991. Enn fremur eigi stefnandi því bótarétt á hendur stefnda, sem nemi þeim fjármunum, er stefnandi hafi átt í vændum af uppboðsandvirði.

Í 35. gr. laga nr. 57/1949 sé fjallað um vanefndir uppboðskaupanda o. fl. Samkvæmt 1. mgr. megi þá láta fara fram vanefndauppboð, eins og hér hafi gerst. Skv. 2. mgr. er þá hinum upphaflega kaupanda skylt að greiða það, er á þessu uppboði fæst minna fyrir eign en það, er áður var hæst boðið. Hér virðist því vera um málshöfðun skv. fyrri málslið 3. mgr. að ræða. Stefnandi vísi reyndar um lagarök til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skyldur samningsaðila í gagnkvæmum samningum. Málsaðilar hafi ekki gert neina gagnkvæma samninga sín á milli. Þar með leiði þessi rök stefnanda ekki til, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum umstefnda fjárhæð. Sé málshöfðun á grundvelli 3. mgr. 35. gr. laga um nauðungaruppboð skoðuð, skuli bent á eftirfarandi:

Stefnandi hafi sjálfur verið hæstbjóðandi á nauðungaruppboðinu. Stefndi hafi mótmælt því, að stefnandi geti fallið frá boði sínu, sbr. dskj. nr. 6.

Stefnandi hafi ekki heldur sótt vanefndauppboðið til að gæta hagsmuna sinna. Hafi hann orðið fyrir tjóni vegna ætlaðra vanefnda stefnda, hafi honum borið að gera það, sem í hans valdi stóð, til að reyna að takmarka það. Hann hefði auðveldlega getað keypt eignina á vanefndauppboðinu með því að bjóða hærra en 800.000 kr. Þar með hefði hann getað eignast fasteignina og látið andvirði hennar ganga upp í kröfuna. Sérstaklega megi benda á, að við þriðju sölu hafi stefnandi boðið 12.600.000 kr., en sú fjárhæð ætti að mati stefnda að koma til frádráttar stefnukröfunni. Verði hún tekin til greina, leiði það til þess, að engin krafa standi eftir á hendur stefnda, enda augljóst, að stefnandi hafi sjálfur valdið því tjóni, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, með því að falla frá boði sínu í eignina og gæta ekki hagsmuna sinna við vanefndauppboðið. Þessi skoðun styðjist við almennar reglur skaðabótaréttar, og eigi hér við reglur hans um, að tjónþola beri að takmarka tjón sitt.

Enn fremur er við það miðað, að mótmæli umboðsmanns stefnda við því, að boði hans sé tekið, beri að skilja á þann hátt, að hann sé að falla frá boði sínu. Hann sé því ekki bundinn við boð sitt frekar en stefnandi. Í dskj. nr. 11 komi fram, að vanefndauppboðið er haldið vegna þess, að „hvorki hæstbjóðandi né næsthæstbjóðandi gat staðið við boð sitt". Hæstbjóðandi eigi ekki rétt til að krefja næsthæstbjóðanda um greiðslu, þegar svo standi á, að hann hafi sjálfur vanefnt.

Í þinghaldi 9. september 1993 óskaði lögmaður stefnda bókað, að sér hefði með bréfi sýslumanns á Selfossi, dags. 18. ágúst 1993, borist endurrit úr uppboðsbók Árnessýslu vegna fyrirtöku 13. mars 1992 í uppboðsmálinu nr. 78/1991: Nauðungaruppboð á Fiskeldisstöð Bakka o. fl., og jafnframt gögn, sem lögð höfðu verið fram í uppboðsmálinu frá og með 3. desember 1991. Af þessu tilefni óskaði lögmaðurinn eftir því, að bókuð yrði ný málsástæða stefnda þess efnis, að vanefndauppboð það, sem fram hafi farið á ofangreindri eign, hafi verið markleysa, þar sem enginn þeirra, sem greinir í 35. gr. laga nr. 57/1949, hafi krafist uppboðsins né tekið á sig áhættu og kostnað af framkvæmd þess, og beri því að sýkna stefnda af stefnukröfum.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni. Þá mótmælti hann þeirri fullyrðingu, að málsástæðan leiði til sýknu, þar sem lögmaður stefnda, sem fór með uppboðsmálið, hafi sótt vanefndauppboðið 24. apríl 1992 og engar athugasemdir gert um framkvæmd eða undirbúning uppboðsins, sbr. dskj. nr. 10.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram hefur komið, var stefnandi hæstbjóðandi á uppboði því, er haldið var 3. desember 1991. Krafðist hann jafnframt útlagningar sér til

handa. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1949, sem í gildi voru, er umrætt uppboð fór fram, og jafnframt skv. uppboðsskilmálum á dskj. nr. 12, var stefnandi bundinn af boði sínu í þrjár vikur eða þar til annað boð yrði samþykkt. Annað boð hafði ekki verið samþykkt 12. desember 1991, er stefnandi sendi uppboðshaldara í Árnessýslu bréf, þar sem hann fellur frá útlagningarkröfu sinni, en stefnandi var samt sem áður á þeim tíma enn bundinn af boði sínu og kröfu um útlagningu. Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að í yfirlýsingu stefnanda í umræddu bréfi felist yfirlýsing um það, að hann muni ekki standa við boð sitt, er gert var á uppboðsþinginu 3. desember 1991, þ. e., að til vanefnda komi af hans hálfu. Ljóst þykir af gögnum málsins, að uppboðshaldari hafi einnig litið svo á, þar sem hann ákveður, er mótmæli stefnda við samþykki uppboðshaldara á boði stefnda voru fram komin, að fram fari vanefndauppboð, enda segir í frumvarpi að úthlutunargerð vegna vanefndauppboðsins á dskj. nr. 11: „Eignin var áður seld þriðju og síðustu sölu á nauðungaruppboði þann 3. des. 1991, en hvorki hæstbjóðandi né næsthæstbjóðandi gat staðið við boð sitt og því nauðsynlegt að fá fram vanefndauppboð á eigninni."

Í nefndu frumvarpi segir einnig: „Frumvarp þetta er sent öllum aðilum uppboðsmálsins, og ber að skila athugasemdum við það í skrifstofu uppboðshaldara að Hörðuvöllum 1, Selfossi, fyrir kl. 10.00, föstudaginn 22. maí 1992, en þá verður mál þetta tekið fyrir." Ekki liggur fyrir, að athugasemd hafi verið gerð af hálfu stefnanda við frumvarp þetta.

Staða stefnanda og stefnda var, samkvæmt framansögðu, hliðstæð, þar sem vanefndum var lýst yfir af beggja hálfu, meðan þeir voru bundnir af boðum sínum, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1949. Verður því ekki séð, eins og atvikum var háttað, að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda skv. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949, og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Framkvæmdasjóðs Íslands.

Stefnandi greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 446/1993. **Jón Baldur Baldursson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Erni Valdimarssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kaupsamningur. Skuldabréf. Ógildi samninga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2. október 1992. Áfrýjun málsins er lýst í dómi, sem Hæstiréttur kvað upp 20. janúar 1994 og birtur er á bls. 42 í dómasafni þess árs.

Áfrýjandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 4.032.312 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi, greinir aðila ekki lengur á um kröfur í aðalsök í héraði. Hér fyrir dómi er því einungis deilt um gagnsök í héraði.

Vegna ummæla í héraðsdómi um efni kaupsamnings, sem aðilar máls þessa gerðu 30. nóvember 1989, athugist, að greiðsla áfrýjanda var þríþætt, þ. e. í fyrsta lagi fasteignin Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum, í öðru lagi bifreiðin R 79330 og í þriðja lagi 107.542 krónur í peningum. Gagngreiðsla stefnda auk hinna umdeildu skuldabréfa, sem Þorgils Axelsson gaf út, fólst í því, að stefndi tók að sér að greiða veðskuldir, sem hvíldu á fasteigninni Bjarkarhlíð 5, og eru þessar veðskuldir nánar raktar í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur hvorki leitt í ljós, að stefndi hafi beitt svikum við gerð fyrrgreinds kaupsamnings né að aðrar ógildingarástæður samningaréttar leiði til þess, að áfrýjandi sé ekki skuldbundinn af ákvæði samningsins um greiðslu stefnda með hinum umdeildu skuldabréfum. Að öðru leyti þykir mega vísa til forsendna héraðsdóms og staðfesta niðurstöðu hans.

Fyrir héraðsdómi var málið flutt munnlega og dómtekið 22. júní 1992. Síðan var málið endurupptekið, munnlega flutt og dómtekið 2. október 1992 með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála án nokkurra skýringa á drætti þessum. Ber að finna að þessari meðferð héraðsdómara.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Baldur Baldursson, greiði stefnda, Erni Valdimarssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október 1992, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 28. 8. 1991, af Erni Valdimarssyni, kt. 271259-7279, Steinaseli 8, 109 Reykjavík, á hendur Jóni Baldri Baldurssyni, kt. 271141-4919, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík. Málinu var vikið til almennrar meðferðar 26. nóvember 1991. Hinn 28. febrúar 1992 var gagnstefna þingfest.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök eru, að aðalstefnda verði gert að greiða sér 770.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 18. október 1990 auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi kveðst ekki gera ágreining um endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök, en krefst þess, að tekið verði mið af þessu við ákvörðun málskostnaðar við úrslit málsins.

Gerð var frávísunarkrafa af hálfu stefnda í aðalsök, en frá henni var fallið 28. febrúar 1992.

Í gagnsök eru dómkröfur gagnstefnanda þær, að gagnstefnda verði gert að greiða skuld, að fjárhæð 4.032.312 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu og málskostnaðar.

Vísað verður til aðila í aðalsök og gagnsök með nafni.

I.

Málsatvik í aðalsök voru þau, að stefnandi, Örn Valdimarsson, keypti af stefnda, Jóni Baldri Baldurssyni, einbýlishús að Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum, með kaupsamningi, dags. 30. nóvember 1989, en afsal átti að gefa út eigi síðar en 31. janúar 1990. Afhending var ákveðin 1. desember 1989, og við þann dag skyldi uppgjör miðað.

Umsamið kaupverð var 5.100.000 kr., og var það greitt með bifreið, sem metin var á 359.000 kr., sex veðskuldabréfum, samtals að uppreiknuðum höfuðstól 4.034.312 kr., 107.542 kr. í peningum og með því, að kaupandi tók að sér eftirtaldar áhvílandi veðskuldir, sbr. 5. gr. kaupsamnings:

1. a. Lífeyrissjóður verkstjóra	kr.	670.000
b. Lífeyrissjóður verkstjóra (vanskil)	–	340.230
2. Guðrún J. Sigurðard. (síðar Búnaðarb.)	–	522.000

Til að forða eigninni frá uppboði þurfti Örn hins vegar að greiða talsvert meira vegna ofangreindra veðskulda en umsamið var. Hafa aðilar náð samkomulagi um, að krafa Arnar vegna þessa sé 770.000 kr. og að sú fjárhæð beri vexti frá 18. október 1990. Er því eigi lengur ágreiningur með aðilum í aðalsök að öðru leyti en um málskostnað.

II.

Í gagnsök er deilt um greiðslu gagnstefnda, Arnar, skv. ofangreindum kaupsamningi við gagnstefnanda, Jón Baldur, með sex skuldabréfum, samtals að uppreiknuðum höfuðstól 4.034.312 kr., út gefnum af Þorgilsi Axelssyni og samkvæmt efni sínu tryggðum með veði í fasteigninni Hverfisgötu 105, Reykjavík, 1. hæð, vesturhluta, eign Þorgils Axelssonar. Eignin Hverfisgata 105 var seld þriðju sölu á nauðungaruppboði 14. desember 1989. Við kaupin voru fimm skuldabréfanna afhent, en Örn hafði samningsbundinn haldsrétt í bréfi, að fjárhæð 800.000 kr., þar til hann fengi afhent afsal fyrir fasteigninni Bjarkarhlíð 5, en Jón Baldur var ekki þinglesinn eigandi þeirrar eignar, heldur db. Sigurðar Magnússonar. Örn eignaðist veðskuldabréfin með kaupsamningi við Þorgils Axelsson, dags. 10. ágúst 1989, um efnagerðina „Okkar hf.". Í þeim samningi var gert ráð fyrir, að veðstaða skuldabréfanna yrði bætt verulega. Ekki er vísað til þessa í kaupsamningi aðila þessa máls frá 30. nóvember 1989.

Í atvikalýsingu greinir aðila á um aðdraganda þess, að þessi tilteknu veðskuldabréf voru notuð sem greiðsla í viðskiptum aðila þessa máls, og um það, hvernig Jón Baldur nýtti þau eða hugðist nýta. Jón Baldur kveður áform hafa verið uppi um, að hann notaði veðskuldabréfin til þess að kaupa sig inn í rekstur þann, er Þorgils hafði keypt af Erni, en úr því hafi ekki orðið. Hafi hann ekki keypt reksturinn, heldur hluta hans í formi tækja og vöru, og hafi skuldabréfin ekki nýst sér í þeim viðskiptum. Af hálfu Arnar er því haldið fram, að Jón Baldur hafi sérstaklega óskað eftir að fá bréfin sem hluta af kaupverði til þess að kaupa sig inn í þann rekstur, sem Þorgils hafði keypt af Erni, og að hann hafi notað þau til greiðslu á kaupverði efnagerðar og pökkunarverksmiðju Þorgils Axelssonar. Örn hef-

ur skorað á Jón Baldur að leggja fram í máli þessu samning þeirra Þorgils Axelssonar, en ekki hefur verið orðið við því.

III.

Deila aðila í gagnsök snýst um það, hvort framangreind skuldabréf hafi verið fullgild greiðsla eða verðlausir pappírar, svo að skylda til að greiða þann hluta kaupverðs eignarinnar hafi raknað við að nýju.

Jón Baldur heldur því fram, að inntak samnings málsaðila hafi verið, að verðmæti kæmu fyrir hið selda, en ekki verðlausir pappírar. Kveður hann Örn hafa vitað eða mátt vita, að skuldabréfin væru verðlaus, þ. e. myndu ekki greiðast, og hafi hann þannig beitt launung við kaupin. Gerir hann kröfu til þess, að Örn greiði samningsbundið kaupverð Bjarkarhlíðar 5, Egilsstöðum, þar sem sú greiðsla, sem hann hafi látið af hendi, hafi reynst verðlaus, en að meginreglu beri kaupandi ábyrgð á greiðslu kaupverðs.

Jón Baldur kveðst hafa þekkt persónulega vel til útgefanda veðskuldabréfanna og veðeigandans, Þorgils Axelssonar, en hafi verið grunlaus um erfiða fjárhagsstöðu hans og telur, að hann muni hafa verið úrskurðaður gjaldþrota. Jón Baldur kveður áform hafa verið uppi um, að hann notaði skuldabréfin að hluta til þess að kaupa sig inn í þann rekstur, sem Þorgils hafði keypt af Erni. Fjögur veðskuldabréfanna hafi því verið framseld Þorgilsi, en framsal fellt niður með áritun sama dag, 10. desember 1989. Kveðst Jón Baldur hafa hætt við þessi áform, en í staðinn stofnað eigið fyrirtæki og keypt vélar, hráefni og fullbúna vöru af Þorgilsi, þ. e. a. s. hluta af eigninni. Kveðst hann ekki hafa notað veðskuldabréfin í þessum viðskiptum né öðrum.

Kröfur Jóns Baldurs eru reistar á meginreglum samningalaga nr. 7/1936 og kaupalaga nr. 39/1922 per analogiam.

Af hálfu Arnar er því haldið fram, að Jón Baldur hafi notað bréfin til greiðslu á kaupverði efnagerðar og pökkunarverksmiðju, sem hann hafi keypt af Þorgilsi. Hafi þau verið fullgild greiðsla í þeim viðskiptum Jóns Baldurs og skuldara bréfanna og þannig komið honum að fullum notum, og skipti þá ekki máli, þótt veðið hafi verið selt, án þess að greiðsla kæmi upp í bréfin úr veðréttinum.

Framsal áritað á bréfin og síðari útstrikun þess skipti hér ekki máli eða hvort útstrikunin hafi verið raunhæf.

Örn vísar til fram lagðs kaupsamnings milli sín og Þorgils Axelssonar, dags. 10. ágúst 1989, um efnagerðina „Okkar hf.", en með honum hafi Örn eignast umrædd veðskuldabréf, út gefin af Þorgilsi Axelssyni. Samkvæmt ákvæði í þessum kaupsamningi hafi verið lofað að bæta veðtryggingu bréfanna, svo að þau yrðu tryggð innan við 60% af brunabótamati. Jón Baldur

hafi fengið bréfin afhent 29. nóvember 1989 utan eitt bréf, að fjárhæð 800.000 kr., sem afhent hafi verið við afsal, 14. febrúar 1990. Kveður hann það misskilning, að bréfin hafi verið afhent 8. desember 1989. Nauðungarsala á fasteignarhluta Þorgils í Hverfisgötu 105, sem hafi verið veðsett til tryggingar skuldabréfunum, hafi farið fram 14. desember 1989, kaupandi Útvegsbankinn.

Eftir að fasteignin að Hverfisgötu 105 hafi verið seld og veðrétturinn fallið niður, hafi Jón Baldur gefið Erni veðleyfi í húseigninni nr. 5 við Bjarkarhlíð, Egilsstöðum, 30. janúar 1990 og tekið við einu skuldabréfanna, 800.000 kr., eins og umsamið hafi verið, gegn útgáfu afsals 14. febrúar 1990. Ekki séu höfð uppi mótmæli gegn skuldabréfum Þorgils 30. janúar (útg. veðleyfis) og 14. febrúar (útg. afsals), en þá hafi verið búið að selja veðið undan bréfunum. Það sé ekki fyrr en Örn fari að ganga eftir greiðslu vanskila Jóns Baldurs árið 1991 (sic), sem mótmæli séu höfð uppi. Þó hljóti Jóni Baldri að hafa verið kunnugt um veðstöðu bréfanna þá, hafi hann ekki vitað það áður, en þeir Þorgils hafi áður verið nákunnugir, eins og viðurkennt sé, vafalaust einnig, að því er varðað hafi fjármál beggja.

Eins og fram komi á kredítnótu, sem lögð sé fram í málinu, sé Jón Baldur orðinn umráðamaður og væntanlega einnig eigandi að efnagerðinni, sem áður hét „Okkar", en nú með nýju nafni Efnagerðin Lyngholt hf., kt. 581289-1039, sem sýni, að það félag sé stofnað í desember 1989. Kredítnótan sé dagsett 8. mars 1990, og hafi það verið greiðsla fyrir húsaleigu að Auðbrekku 23, Kópavogi, sem hafi þá enn verið í eigu Arnar, en nýtt af Jóni Baldri.

Augljóst sé af því, sem að framan hafi verið rakið, sbr. fram lögð skjöl, að Jón Baldur hljóti að hafa keypt fyrirtækið, áður „Okkar", síðar Efnagerðin Lyngholt hf., af umræddum Þorgilsi, og í þeim samningum hafi skuldabréf, út gefin af Þorgilsi, verið gild greiðsla. Svo sé að sjá á framsali skuldabréfs, er fylgt hafi greinargerð Jóns Baldurs í aðalsök, að samningarnir hafi verið gerðir 8. desember 1989; það styðji einnig kennitala hins nýja félags.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði hafi bú Þorgils ekki verið þar til gjaldþrotameðferðar, en hann hafi átt heima í Garðabæ. Það sé því ekki sjálfgefið, að skuldabréfin séu ónýt, þótt vera kunni, að Þorgils sé ekki vel gjaldfær nú.

IV.

Kröfur stefnanda í aðalsök eru óumþrættar og því teknar til greina.

Að því er varðar þá kröfu í gagnsök, að viðurkennt verði, að við rakni að nýju krafa um hluta kaupverðs fyrir fasteignina Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum,

samkvæmt kaupsamningi aðila, gerðum 30. nóvember 1989, nánar tiltekið skuldabréf, að fjárhæð samtals 4.032.312 kr., þá þykir rétt að líta til eftirfarandi atriða:

Um er að ræða sex skuldabréf, öll út gefin af Þorgilsi Axelssyni 10. ágúst 1989, tvö til handhafa, hvort að fjárhæð 800.000 kr., fjögur til Arnar Valdimarssonar, hvert að fjárhæð 577.844 kr., öll tryggð með veði í 1. hæð húseignarinnar Hverfisgötu 105, Reykjavík, hin tvö fyrstnefndu með 9. veðrétti samhliða, en hin samhliða á 10. veðrétti. Önnur lán hvílandi á fasteigninni Hverfisgötu 105 eru tilgreind á veðskuldabréfunum, og gefur sú upptalning tilefni til að ætla, að eignin sé þegar fullveðsett.

Hinn 14. desember 1989 fer fram þriðja nauðungarsala á eigninni, og er hún seld. Þriðja nauðungarsala á sér talsverðan aðdraganda, og hefur nauðungaruppboð á eigninni verið margauglýst í Lögbirtingablaði og dagblöðum, áður en til þess kemur. Verður því að ætla, að báðir aðilar hafi vitað eða mátt vita um það, að uppboð á eigninni var yfirvofandi, þegar þeir gerðu kaupsamning sinn.

Upplýst er með framburði Jóns Baldurs Baldurssonar, að hann hafi haft í hyggju að nota veðskuldabréfin í viðskiptum við skuldara þeirra, Þorgils Axelsson. Þannig hefðu bréfin nýst honum sem gjaldmiðill. Kveður hann þetta hins vegar hafa breyst, þar sem hann hafi hætt við að ganga inn í rekstur fyrirtækisins og tekið við svo miklu af öðrum skuldum Þorgils Axelssonar í viðskiptum sínum við hann, að hann hafi horfið frá því að nota veðskuldabréfin. Það virðist því ekki hafa verið forsenda Jóns Baldurs við móttöku bréfanna, að þau yrðu greidd samkvæmt hljóðan sinni. Sú breyting, er þarna verður á forsendum Jóns Baldurs, verður ekki rakin til Arnar Valdimarssonar.

Jón Baldur hefur hafnað áskorun Arnar um að leggja fram í málinu samning sinn við Þorgils. Þykir hann því ekki hafa hrundið þeirri fullyrðingu, að bréfin hafi í raun nýst honum í þessum viðskiptum, eins og hann hefur staðfest fyrir dóminum, að upphaflega hafi staðið til.

Jón Baldur þykir hafa mátt vita um veika veðstöðu skuldabréfanna og slaka fjárhagsstöðu Þorgils vegna þess, sem áður er rakið, og þar sem hann að eigin sögn tók á sig mikið af öðrum skuldum við kaup þau, er hann gerði við hann. Þrátt fyrir það gerir hann engan rekspöl að því að fá greiðslunni með veðskuldabréfum hnekkt.

Samkvæmt framburði Jóns Baldurs fyrir dóminum var honum fyrst ljóst, að bréfin voru vantryggð, í maí eða júní 1990, þegar Búnaðarbanki Íslands hafnar bréfunum. Það er þó ekki fyrr en 25. október s. á. með bréfi lögmanns, að Jón Baldur endurkrefur Örn um fjárhæð skuldabréfanna. Áður,

18. október, hafði lögmaður Arnar farið fram á umræður vegna vanefnda Jóns Baldurs. Ekki verður séð, að reynt hafi verið að innheimta þessi tilteknu bréf á gjalddögum þeirra eða síðar. Ekki þykir liggja fyrir í málinu fullnægjandi staðfesting þess, að þau fáist ekki greidd. Ósönnuð er sú fullyrðing, að bú Þorgils Axelssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með vísan til þessara atriða, sem hér hafa verið rakin, er niðurstaða dómsins sú, að ætla verði, að Jón Baldur hafi ekki verið grandlaus um veðstöðu skuldabréfanna, þegar viðskipti aðila voru gerð, og hann hafi þrátt fyrir það tekið við þeim án fyrirvara sem fullgildri greiðslu og í samræmi við eigin forsendur. Auk þess þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að bréfin séu óinnheimtanleg.

Þegar allt þetta er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, ákvarðast, að stefndi í gagnsök, Örn Valdimarsson, skuli vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Jóns Baldurs Baldurssonar.

Rétt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, en að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jón Baldur Baldursson, greiði aðalstefnanda, Erni Valdimarssyni, 770.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. október 1990 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaður án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndi, Örn Valdimarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Jóns Baldurs Baldurssonar. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 182/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sverri Hólm Reynissyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.) **og**
Sigurjóni Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1995 í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, sbr. a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 37/1994, en meðákærði þeirra í héraði unir dómi. Er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Ákærðu krefjast þess, að refsing þeirra samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verða ákærðu dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærðu, Sverrir Hólm Reynisson og Sigurjón Sigurðsson, greiði sameiginlega allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvor um sig skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmönnunum Páli Arnóri Pálssyni og Hilmari Ingimundarsyni, 20.000 krónur hvorum í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 25. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 357/1995: Ákæruvaldið gegn Sverri Hólm Reynissyni, Sigurjóni Sigurðssyni og X, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars sl., á hendur ákærðu, Sverri Hólm Reynissyni, Öldugötu 12, Reykjavík, kt. 160268-4929, Sigurjóni Sigurðssyni, Melseli 14, Reykjavík, kt. 310564-3039, og X, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1994:

I.

Ákærða Sverri Hólm er gefið að sök að hafa í febrúar keypt kókaín á Costa Rica og 2. mars flutt um 270 g efnisins hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi með hagnaði, í fyrstu haft efnið í sínum vörslum á heimili sínu, en afhent síðan meðákærða Sigurjóni 215 g í söluskyni og selt sjálfur ákærða X 15 g fyrir 100.000 kr. Við handtöku 11. mars hafi hann átt eftir í vörslum sínum á heimili sínu 36,2 g efnisins, sem lagt var hald á ásamt 80.000 kr., sem ákærði hafði þá fengið frá meðákærða Sigurjóni vegna sölu hans á efninu.

II.

Ákærða Sigurjóni er gefið að sök að hafa 5. mars í Skeifunni 19, Reykjavík, tekið við 215 g af kókaíni af meðákærða Sverri Hólm, sbr. I. lið, í því skyni að selja efnið fyrir meðákærða á 7–8000 kr. hvert gramm og fá fyrir í sinn hlut 1000 kr. fyrir hvert selt gramm. Hafi hann selt samtals 45 g ótilgreindu fólki og afhent meðákærða Sverri Hólm 80.000 kr. sem hluta söluandvirðisins og við handtöku 11. mars haft eftir í vörslum sínum á heimili sínu 166,5 g af efninu, sem lagt var hald á.

III.

Ákærða X er gefið að sök að hafa 5. mars keypt 15 g af kókaíni af meðákærða Sverri Hólm í Skeifunni 19, Reykjavík, fyrir 100.000 kr., sbr. I. lið, neytt hluta efnisins og við handtöku 11. mars verið með tæplega 0,1 g af því í fórum sínum og 13,6 g í vörslum sínum á heimili sínu.

IV.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og með-

ferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Ákærði Sverrir Hólm verði jafnframt dæmdur til að sæta upptöku á 80.000 kr., sem hann aflaði með sölu á kókaíni, og enn fremur er þess krafist, að upptæk verði gerð samtals 216,4 g af ofangreindu kókaíni og 0,6 g af hassi og 0,3 g af tóbaksblönduðu hassi, sem lagt var hald á 11. mars. Um upptökukröfu er vísað til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986".

Mál þetta var rekið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Málavextir.

Í mars 1994 bárust ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík upplýsingar þess efnis, að ákærði Sigurjón Sigurðsson væri að dreifa fíkniefnum. Upplýsingar þessar leiddu til þess, að hann var handtekinn 11. mars sama ár. Sýni voru tekin af 0,3 grömmum af tóbaksblönduðu hassi, sem fannst í skáp ákærða Sigurjóns sama dag, svo og 166,5 grömmum af kókaíni, sem hann framvísaði við húsleit á heimili sínu 12. mars 1994. Í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs og auk þess laktósi. Magn kókaínklóríðs var 68%, er svarar til 61% kókaínbasa. Við frekari rannsókn kom í ljós, að vinnufélagi Sigurjóns, ákærði Sverrir Hólm Reynisson, var nýkominn frá Costa Rica í Mið-Ameríku. Var hann handtekinn á vinnustað 11. mars. Játaði hann möglunarlaust, að hann hefði flutt inn kókaín til landsins frá Costa Rica. Við leit á honum fundust 117.000 krónur. Sama kvöld framvísaði hann 36,2 grömmum af kókaíni við húsleit á heimili sínu. Sýni af því var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði. Samkvæmt niðurstöðu hennar er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs auk laktósa. Magn kókaínklóríðs var 67%, er jafngildir 60% kókaínbasa.

Rannsókn leiddi enn fremur í ljós, að ákærði X, sem var vinnufélagi meðákærðu, hafði fengið hluta efnisins. Var hann handtekinn á vinnustað sama dag og meðákærðu. Við leit í skáp hans þar fannst 0,1 gramm af kókaíni og 0,6 grömm af hassi. Sama kvöld var gerð húsleit á heimili hans. Áður en hún hófst, framvísaði hann 13,6 grömmum af kókaíni. Sýni af því var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði. Samkvæmt niðurstöðu hennar er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs auk laktósa. Magn kókaínklóríðs var 69%, er svarar til 62% kókaínbasa.

Að öðru leyti er um málavexti vísað til lýsingar í ákæruskjali, en þar er rétt frá greint samkvæmt gögnum málsins.

Ákærðu voru yfirheyrðir hjá lögreglu og fyrir dómi. Hafa þeir allir skýlaust játað sakargiftir.

Ákærði Sverrir Hólm kvaðst hafa farið til Costa Rica í febrúar 1994 til að heimsækja þar kunningja, en þar hafði hann dvalist sem skiptinemi nokkrum árum áður. Kvaðst hann hafa velt því fyrir sér, áður en hann fór utan, að kaupa þar fíkniefni og selja, er heim væri komið, þar sem hann var mjög skuldugur. Þetta hafi hann fært í tal við meðákærða Sigurjón, vinnufélaga sinn, þar sem hann vissi, að Sigurjón þekkti menn, sem tengjast fíkniefnum. Hafi hann kynnt sér, eftir að hann kom út, hvort hann gæti keypt kókaín, og það mann, sem hann þekkti, að útvega sér efnið. Hafi hann afhent manninum 2.800 $ og maðurinn látið hann hafa efnið, þó ekki allt. Efninu hafði hann pakkað í 110–120 smokka og gleypt þá alla, er hann fór af stað til Íslands. Hafi hann sett um 2 grömm í hvern smokk. Tveir smokkanna láku á leiðinni. Ákærði kvaðst hafa geymt efnið fyrst um sinn heima hjá sér. Hann hafi ekki vitað, hvernig hann ætti að losa sig við efnið, og því haft samband við vinnufélaga sinn, meðákærða Sigurjón. Sigurjón hafi sagt, að hann hefði sambönd, og lofað að losa hann við efnið. Sigurjón hafi fengið 215 grömm af efninu. Kvaðst ákærði hafa átt að fá 7.000–8.000 krónur fyrir grammið. Sigurjón hafi verið búinn að selja a. m. k. 15 grömm og afhenda ákærða andvirði þeirra, 80.000 krónur, sem hann var með á sér við handtöku. Þá viðurkenndi ákærði Sverrir Hólm einnig, að hann hefði afhent meðákærða X 15 grömm af efninu, og átti X að greiða honum síðar 100.000 krónur fyrir það. Ákærði hafi hins vegar ekki verið búinn að fá þá peninga, er hann var handtekinn. Ákærði Sverrir kvaðst hafa gert sér vonir um að fá um 1.500.000 krónur með sölu efnisins, svo að hann gæti losað sig úr skuldum sínum. Hann kvaðst hafa staðið einn að fjármögnun, kaupum og innflutningi efnisins.

Framburður ákærða Sigurjóns var í samræmi við framburð meðákærða Sverris Hólm. Hann kvað þá Sverri hafa rætt um hugsanleg kaup Sverris á fíkniefnum í þessari ferð skömmu fyrir brottför hans. Hann hafi fallist á að hafa samband við tvo menn, sem hann þekkti og tengdust fíkniefnum, en ákærði kvaðst ekki þora að segja til þeirra. Um hafi verið rætt, að hann fengi 1.000 krónur í sinn hlut fyrir sölu á hverju kókaíngrammi. Sverrir hafi rætt um að gleypa efnið, og færi efnismagn eftir því, hversu mikið hann gæti gleypt. Um miðjan febrúar hafi Sverrir hringt í sig og sagt, að hann væri búinn að fá 400 grömm af efninu. Þá hafi hann að nýju haft samband við væntanlega kaupendur efnisins. Hafi hann sótt Sverri við komu hans til Keflavíkurflugvallar og Sverrir tjáð sér, að hann hefði fengið minna efni en hann fyrst taldi, og taldi sig hafa gleypt um 300 grömm. Daginn eftir hafi

Sverrir komið með efnið á vinnustað þeirra og rætt við þá meðákærða X um efnið. Þá fyrst hafi hann vitað, að X væri með í þessu. Daginn eftir hafi Sverrir komið með efnið og vegið það í viðurvist þeirra X. Hafi hann fengið 215 grömm af því, en X 15 grömm. Í sömu viku hafi hann afhent öðrum mannanna, sem ætluðu að kaupa efnið, 45 grömm þess, fyrst 15 grömm og síðar 30 grömm. Hann hafi fengið greitt andvirði 15 grammanna, 80.000 krónur, og afhent meðákærða Sverri þá fjárhæð. Sverrir hafi verið í fjárhagsvandræðum, og því kvaðst ákærði ekki hafa tekið þóknun fyrir þessi 15 grömm. Hin 30 grömmin hafi hann afhent „upp á krít" og enga greiðslu fengið fyrir þau. Um hafi verið rætt, að Sverrir hefði átt að fá 7.000–8.000 krónur fyrir hvert selt gramm, en af þeirri fjárhæð hefði ákærði átt að fá 1.000 krónur í þóknun.

Ákærði X hefur játað sakargiftir á hendur sér. Er framburður hans í samræmi við framburð meðákærða. Með skýlausri játningu allra ákærðu, niðurstöðum efnagreiningar Rannsóknastofu í lyfjafræði og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er að sök gefin í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hafa þeir ekki hlotið refsingu fyrir brot, sem hér skipta máli við ákvörðun refsingar, að því undanskildu, að ákærði X gekkst undir dómsátt árið 1991 vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalögum.

Ákærði Sverrir Hólm flutti inn mikið magn af hættulegum fíkniefnum í söluskyni. Brot hans var skipulagt og brotaviljinn einarður. Ákærði Sigurjón tók við miklu magni framangreindra fíkniefna í því skyni að selja það öðrum gegn gjaldi. Hins vegar játuðu báðir brot sín greiðlega, og þeir hafa bætt líferni sitt. Þegar þetta er virt svo og það, að nokkur dráttur hefur orðið á málinu við meðferð þess hjá ríkissaksóknara, sem ákærðu eiga enga sök á, þykir refsing ákærða Sverris Hólm hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en ákærða Sigurjóns fangelsi í tvö ár. Frá refsingu ákærða Sverris Hólm ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans dagana 12. mars kl. 21.10 til 18. mars kl. 21.50, samtals sjö daga, og frá refsingu ákærða Sigurjóns ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans dagana 12. mars kl. 18.45 til 18. mars kl. 22.55, samtals sjö daga.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, enda er hann einvörðungu ákærður fyrir vörslur efnisins. Vararefsing er ákveðin 45 daga varðhald.

Með vísan til 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna er ákærði Sverrir Hólm dæmdur til að sæta upptöku á 80.000

krónum, sem var hagnaður af sölu 15 gramma kókaíns, en peningarnir fundust við leit lögreglu í fataskáp hans á vinnustað hans, og var hald á þá lagt. Þá skal og með vísan til framangreindra lagaákvæða gera upptæk samtals 216,4 grömm af kókaíni, 0,6 grömm af hassi og 0,3 grömm af tóbaksblönduðu hassi, en hald var lagt á fíkniefni þessi við rannsókn málsins og sýni þeirra send í efnagreiningu, svo sem að framan er lýst.

Ákærði Sverrir Hólm er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í þóknun. Ákærði Sigurjón er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun, og ákærði X er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurbergi Guðjónssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Annan sakarkostnað eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Sverrir Hólm Reynisson sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en frá refsingunni dragist 7 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði Sigurjón Sigurðsson sæti fangelsi í 2 ár, en frá refsingunni dragist 7 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði X greiði 300.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 45 daga.

Ákærði Sverrir Hólm sæti upptöku á 80.000 krónum.

Upptæk skulu gerð samtals 216,4 grömm af kókaíni, 0,6 grömm af hassi og 0,3 grömm af tóbaksblönduðu hassi, er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði Sverrir Hólm greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í þóknun. Ákærði Sigurjón greiði skipuðum verjanda sínum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun, og ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurbergi Guðjónssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Annan sakarkostnað eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 361/1993. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Þinglýsing. Veðskuldabréf. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar bóta, og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi heldur því fram, að Fjárfestingarfélag Íslands hf. hafi framselt veðskuldabréfið, sem um er getið í málinu, samkvæmt varðveittu umboði frá Kaupskipum hf. 19. febrúar 1988 til Verðbréfasjóðsins hf. Samkvæmt gögnum málsins var bréfið út gefið í Reykjavík 28. janúar 1988 af Jóni Steindórssyni fyrir hönd Skipagötu 13 hf., en hann var einnig framkvæmdastjóri Kaupskipa hf. Bréfið var móttekið til þinglýsingar hjá embætti bæjarfógeta á Akureyri 5. febrúar 1988 og þinglýst sama dag án athugasemda. Sama dag kvittaði Jón Steindórsson fyrir hönd Kaupskipa hf. um móttöku á söluverði bréfsins frá Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. Verðbréfamarkaðurinn gaf einnig þann dag út kvittun fyrir því, að bréfið hefði verið keypt af Verðbréfasjóðnum hf., en hann var rekinn af Verðbréfamarkaðnum. Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. höfðaði mál þetta í héraði, en nafni hans var breytt fyrir uppkvaðningu héraðsdóms í Fjárfestingarfélagið Skandia hf.

II.

Stefndi telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af því að treysta athugasemdalausri þinglýsingu bæjarfógetans á Akureyri á framangreindu veðskuldabréfi. Hann reisir skaðabótakröfu á hendur áfrýjanda á 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og telur, að þinglýsingardómara hafi orðið á þau mistök að geta þess ekki í athugasemd á bréfið, að húsið Skipagata 13 væri án lóðarréttinda, en veðsetningin hafi samkvæmt texta bréfsins náð einnig til þeirra réttinda. Fallast verður á það með stefnda, að þinglýsingardómaranum hefði, eins og hér hagaði til, verið rétt að gera þá athugasemd, að þinglýst lóðarréttindi væru ekki fyrir hendi, sbr. 3. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga, en í þinglýsingabókinni hafði verið strikað yfir athugasemd um 10 ára lóðarréttindi samkvæmt yfirlýsingu frá 1958.

Stefndi er fyrirtæki, sem kaupir og selur verðbréf. Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi öfluðu starfsmenn þess engra gagna, áður en veðskuldabréfið var tekið til sölumeðferðar og verðbréfasjóður fyrirtækisins keypti það samdægurs. Veðbókarvottorð fyrir eigninni eða ljósrit úr þinglýsingabókinni á þessum tíma hefði borið með sér, að eitthvað var athugavert við lóðarréttindin, og vottorð frá Fasteignamati ríkisins hefði sýnt, að engin lóðarréttindi fylgdu eigninni. Þá er fram komið, að eignin var í uppboðsmeðferð og þeim, sem fylgdust með málefnum Akureyrarbæjar, mátti vera kunnugt um, að lóðarréttindin voru að minnsta kosti umdeild. Verðbréfafyrirtækið hefði því með þeirri lágmarksaðgæslu, sem krefjast verður af því, komist að raun um, að engin lóðarréttindi fylgdu eigninni. Starfsmenn stefnda sýndu því með háttsemi sinni svo stórkostlegt gáleysi, að fyrirtækið verður sjálft þegar af þeirri ástæðu að bera alla ábyrgð á því tjóni, sem það telur sig hafa hlotið af viðskiptunum. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda, þar sem ekki eru uppfyllt skilyrði 49. gr. þinglýsingalaga um bætur úr ríkissjóði.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal sýkn af öllum kröfum stefnda, Fjárfestingarfélagsins Skandia hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. ágúst 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf., kt. 590787-2089, Hafnarstræti 7, 101 Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. febrúar 1992, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 2.849.205 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 1.518.598 kr. frá 1. ágúst 1988 til 13. janúar 1989, af 2.199.590 kr. frá þeim degi til 16. apríl 1991, af 2.399.590 kr. frá þeim degi til 17. janúar 1992 og af 2.849.205 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, hið fyrsta sinn 1. ágúst 1989. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi frá dómsuppsögu og til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á dómkröfum stefnanda, og í því tilfelli verði málskostnaður látinn falla niður.

Eftir að mál þetta var höfðað, var nafni stefnanda breytt í Fjárfestingarfélagið Skandia hf., kennitala óbreytt.

Málavextir.

Hinn 19. febrúar 1988 framseldu Kaupskip hf., Strandgötu 13, Akureyri, Verðbréfasjóðnum hf. til eignar verðtryggt skuldabréf, upphaflega að fjárhæð 1.250.000 kr., bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1913 og meðalvöxtum verðtryggðra útlána með fyrsta gjalddaga 1. ágúst 1988, tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í Skipagötu 13, Akureyri.

Skuldari skuldabréfsins, Hlutafélagið Skipagata 13, kt. 421157-0149, greiddi ekki af skuldabréfinu á gjalddaga 1. ágúst 1988. Í framhaldi af því

krafðist Verðbréfasjóðurinn hf. nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign með beiðni þar að lútandi 11. nóvember 1988. Þá var í gangi uppboðsmál vegna Skipagötu 13 að kröfu annarra veðhafa í eigninni, undirbúið og rekið sem fasteignauppboð samkv. II. kafla laga nr. 57/1949.

Í stefnu segir, að á uppboðsþingi vegna þriðju sölu 7. desember 1988 hafi bæjarlögmaður Akureyrarbæjar upplýst, að uppboðsandlagið væri án lóðarréttinda. Lögmenn veðhafa hafi mótmælt þessu á uppboðsþinginu og bent á, að samkvæmt fram lögðum veðskuldabréfum næðu veðréttindi þeirra til lóðarréttinda. Við móttöku veðskuldabréfanna og þinglýsingu þeirra hefði engin athugasemd verið gerð af hálfu þinglýsingardómara í þá veru, að lóðarréttindi viðkomandi mannvirkis kynnu að vera takmörkuð með einum eða öðrum hætti. Á uppboðsþinginu hafi uppboðshaldari kynnt uppboðsskilmála vegna fasteignarinnar Skipagötu 13 og skorað á viðstadda að gera boð í uppboðsandlagið Skipagötu 13, Akureyri, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Á uppboðsþinginu varð Verðbréfasjóðurinn hf. hæstbjóðandi og krafðist útlagningar. Uppboðshaldari samþykkti boð Verðbréfasjóðsins hf. og útlagningarkröfu og gaf út uppboðsafsal 24. janúar 1989 að undangenginni greiðslu Verðbréfasjóðsins hf. til uppboðshaldara og veðhafa, er nutu betri réttinda í eigninni en Verðbréfasjóðurinn hf.

Með bréfi, dags. 23. janúar 1989, frá Akureyrarbæ til Verðbréfasjóðsins hf. var krafist brottnáms hússins fyrir 1. júní 1989. Með bréfi lögmanns sjóðsins, dags. 27. janúar 1989, var kröfunni hafnað. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 14. desember 1990, var Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. dæmdur til að fjarlægja húsið nr. 13 við Skipagötu innan tólf vikna frá birtingu dómsins að viðlögðum 10.000 króna dagsektum og til greiðslu 200.000 kr. í málskostnað. Að sögn stefnanda hefur mannvirkið verið fjarlægt og málskostnaður greiddur. Við fyrirtöku málsins í dag upplýsti lögmaður stefnanda, að ekkert hefði fengist fyrir húsið.

Stefnandi kveðst hafa reynt án árangurs að innheimta kröfurnar hjá skuldara skuldabréfsins, Skipagötu 13 hf., m. a. með kröfulýsingu í þrotabú félagsins, dags. 3. janúar 1990.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem sé ótvíræð afleiðing þess, að hann hafi treyst athugasemdalaust þinglýsingarvottorði bæjarfógetans á Akureyri, dags. 5. febr. 1988, er hann keypti veðskuldabréf það, er málið varðar. Samkvæmt texta skuldabréfsins sé sérstaklega tekið fram, að það nái til mannvirkis og lóðarréttinda.

Það sé óskiljanlegt, hvers vegna embætti bæjarfógetans á Akureyri, sem

hafði haft undir höndum gögn um takmörkuð lóðarréttindi mannvirkja við Skipagötu á Akureyri, lét þess ekki getið í fasteignabók embættisins, að mannvirkin á nokkrum lóðum við Skipagötu nutu verulega takmarkaðra lóðarréttinda.

Sú krafa verði ekki gerð til almennings/lánastofnana og/eða annarra fjármálafyrirtækja, að þau kanni sérstaklega öll gögn, er viðkomandi eign varði og þinglýst hafi verið, enda sé þá vandséð, til hvers bæði veðbókar- og þinglýsingarvottorð væru, ef þau ættu ekki að bera með sér allar upplýsingar, sem gætu horft til takmörkunar á réttindum væntanlegra viðsemjenda þinglýsts eiganda t. d. fasteignar. Í því máli, sem hér er til meðferðar, verði að horfa til þess, að kaupandi skuldabréfsins hafi aðsetur í Reykjavík. Hætt sé við, að verðbréfaviðskipti og hvers kyns lánafyrirgreiðsla hér á landi tæki óheyrilega langan tíma og væri í raun óframkvæmanleg, ef einhver sérstök rannsóknarskylda hvíldi á kaupendum veðbréfa umfram það að ganga úr skugga um, að t. d. skuldabréfum sé þinglýst athugasemdalaust, séu innan þeirra verðmarka, sem viðkomandi aðili setur sér, og stafi frá þeim aðila, er sagður er útgefandi og skuldari.

Bæjarfógetinn hafi við meðferð uppboðsmáls vegna þessa mannvirkis styrkt tiltrú stefnanda og annarra veðhafa í þá veru, að mannvirkið nyti óskertra lóðarréttinda, m. a. með undirbúningi uppboðsmálsins og ekki síður því að óska sérstaklega eftir boðum í mannvirki og lóð. Stefnandi hafi gert allt til að verja hagsmuni sína, m. a. með því að hafa uppi mótmæli gegn yfirlýsingu Akureyrarbæjar á uppboðsþingi vegna þriðju sölu. Allt hafi komið fyrir ekki, og hafi hann orðið að þola dóm fyrir brottnámi mannvirkis þess, sem veðréttur hans hafi m. a. náð til.

Þegar tjón verði vegna athafna eða athafnaleysis þinglýsingardómara, eins og reyndin sé í þessu máli, hafi löggjafinn kosið að leggja bótaskyldu á ríkissjóð, og því sé fjármálaráðherra einum stefnt. Bótaákvæði þinglýsingalaga séu sama efnis og almenna skaðabótareglan. Stefnandi eigi því rétt til að fá allt fjárhagslegt tjón sitt bætt, bæði andvirði skuldabréfs þess, sem hann keypti, og eins allt það fé, sem hann hafi lagt út til að verja hagsmuni sína.

Upphafstími dráttarvaxtakröfu á hendur stefnda verði að miðast við gjalddaga skuldabréfsins, að því er varðar þann hluta kröfu hans, sem byggist á verðmæti skuldabréfakröfunnar, og hins vegar við þá daga, sem stefnandi hafi greitt veðhöfum með betri rétti, bæjarfógeta og lögmönnum. Að því er lagarök varðar, vísar stefnandi til 7. gr., sbr. 8. gr. og a-liðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 49/1978, að því er vaxtakröfu varðar, til III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum, en að því er málskostnað varðar, til einka-

málalaga. Vegna kröfu um virðisaukaskatt úr hendi stefnda er tekið fram, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri því nauðsyn til, að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því hafnað, að um einhver mistök hafi verið að ræða hjá þinglýsingardómara á Akureyri, er hann áritaði bréfið um þinglýsingu. Svo sem bréfið á dskj. 5 beri með sér, sé Skipagata 13 sett að veði vegna skuldar, að fjárhæð 1.250.000 kr. Fjárhæðin hafi verið réttilega færð inn á 2. veðrétt í fasteignaregistri, eins og fram komi á dskj. 3. Engin skylda hvíli á þinglýsingardómara að tilgreina, með hvaða hætti lóðarréttindi séu, t. d., að þau séu tímabundin, og þá, til hve langs tíma eða hve mikið sé eftir af þeim tíma. Veðsetningin nái til fasteignarinnar. Lóðarréttindin séu ekki annað en tilgreint fylgifé fasteignarinnar, sem geti verið mismunandi. Eins og fram komi í fram lagðri samþykkt úr gerðabók hafnarnefndar, dags. 20. september 1957, séu lóðarréttindin tímabundin til tíu ára, og því hafi verið þinglýst. Stefnandi geti ekki borið fyrir sig vanþekkingu á efni þinglýsts bréfs. Stefnandi hafi getað kynnt sér, hvernig lóðarréttindum var háttað, og hafi borið að gera það, sérstaklega í ljósi starfsemi sinnar. Á fram lögðu vottorði frá Fasteignamati ríkisins komi fram, að ekkert lóðarmat sé á eigninni. Það sé því stórfellt gáleysi af hálfu stefnanda að hafa ekki kynnt sér efni þinglýsingabóka og fá ekki upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins. Jafnframt sé það gáleysi hjá stefnanda að kaupa skuldabréfið, þar sem í desember 1987 og janúar 1988 hafi verið birt í Lögbirtingablaðinu auglýsing um uppboð á Skipagötu 13. Engin fasteign sé tilgreind á lóðinni Skipagötu 13 skv. deiliskipulagi Akureyrarbæjar. Í Hæstaréttardómum 1985, bls. 519, sé fjallað um lóðarleigusamning við Skipagötu og brottnám húss þar. Því er algjörlega hafnað, að um mistök hafi verið að ræða hjá þinglýsingardómara og bótaskylt sé af hálfu ríkissjóðs það gáleysi, sem stefnandi hafi sýnt af sér.

Í öðru lagi er til þess vísað, að skv. 49. gr. þinglýsingalaga sé það eitt af skilyrðum þess, að bótaábyrgð ríkissjóðs verði virk, að bótakrefjandi eða sá, sem hann leiðir rétt sinn frá, eigi ekki sök á tjóninu. Skuldabréfið beri það ekki með sér, hver hafi samið það. Í sóknarskjölum komi fram, að stefnandi hafi keypt bréfið. Telja verði, að stefnandi hafi ekki samið það, heldur hluthafar Kaupskipa hf. Grandsemi þeirra um lóðarréttindi sé augljós. Framkvæmdastjóri Kaupskipa hf. sé Jón Steindórsson. Það sé sami Jón Steindórsson sem skrifi undir bréfið f. h. Skipagötu 13 hf. Þessi Jón Steindórsson sé sonur Steindórs Jónssonar. Jóni Steindórssyni hafi verið fullkunnugt um það, að lóðarréttindin væru takmörkuð á Skipagötu 13. Hann

eða Kaupskip hf. geti því aldrei átt bótarétt á ríkissjóð vegna þess, að athugasemd hafi ekki verið sett inn á veðskuldabréfið. Sama sé að segja um þá, er leiði rétt sinn frá þeim. Þeir geti aldrei eignast meiri rétt en kröfuhafi átti. Ber því að sýkna stefnda.

Ábyrgð ríkissjóðs sé til vara. Stefnandi eigi a. m. k. kröfu á hendur þeim, sem hann leiði rétt sinn frá. Á ábyrgð ríkissjóðs reyni ekki, fyrr en gjaldþrot Kaupskipa hf. sé sannað.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, er krafist stórfelldrar lækkunar á stefnukröfum. Ef talið verður, að stefndi beri einhverja sök í málinu, sé ekkert því í vegi að skipta sök. Í því tilfelli verði að telja eigin sök stefnanda verulega. Á því sé byggt, að þar sem stefnandi hafi vitað þegar á uppboðsþinginu, að engin lóðarréttindi hafi verið með húsinu, hafi honum borið að takmarka tjón sitt. Það hafi hann ekki gert. Í stað þess hafi hann boðið í eignina og fengið hana sér útlagða.

Því er eindregið hafnað, að bótaregla 49. gr. þinglýsingalaga taki til kostnaðar vegna málaferla við Akureyrarbæ og meðferðar innheimtumáls. Óupplýst sé, hvað hafi orðið um fasteignina Skipagötu 13, hvort hún sé ennþá í eigu Veðbréfamarkaðarins eða hafi verið seld, og þá, fyrir hve mikið. Skorað er á stefnanda að upplýsa það. Ef stefnandi hefur fengið eitthvað greitt fyrir húsið, er gerð krafa um, að sú fjárhæð komi til lækkunar. Vöxtum og upphafstíma vaxta er mótmælt.

Því er mótmælt, að bæjarfógeti hafi við meðferð uppboðsmálsins styrkt tiltrú stefnanda og annarra veðhafa í þá átt, að mannvirki nyti óskertra lóðarréttinda. Uppboðshaldari hafi gert fyrirvara um, að óvíst væri um lóðarréttindi hússins.

Niðurstaða.

Skuldabréfið, sem málið er af risið, var gefið út 28. janúar 1988 af Skipagötu 13 hf. til Kaupskipa hf., að fjárhæð 1.250.000 kr., tryggt með 2. veðrétti í Skipagötu 13, Akureyri, næst á eftir 500.000 kr., sem hvíldu á eigninni á 1. veðrétti. Bréfið var afhent til þinglýsingar 5. febrúar 1988 og þinglýst samdægurs án athugasemda. Þennan sama dag seldu Kaupskip hf. Verðbréfasjóðnum hf. bréfið fyrir 1.133.808 kr. Seljandi fékk í hendur þá fjárhæð að frádregnum sölulaunum, 22.676 kr., eða 1.111.132 kr.

Fram lögð ljósrit úr fasteignabók Akureyrar frá 18. nóv. 1986 og 29. maí 1989 sýna, að við fasteignina Skipagötu 13, Akureyri, hefur verið skráð athugasemd, „lóð til 10 ára". Athugasemd þessi er yfirstrikuð á báðum framangreindum ljósritum. Ekki hefur verið upplýst, hvers vegna athugasemd þessi hefur verið yfirstrikuð.

Í skjölum málsins kemur fram, að 1. október 1957 var lóðin að Skipagötu

13 leigð til tíu ára. Hinn 6. mars 1979 birtist í Degi auglýsing frá Skipagötu 13 hf., þar sem óskað var tilboðs í húseignina Skipagötu 13 og tekið fram, að fjarlægja þurfi húsið fyrir 1. júní 1979. Þetta og annað, sem fram kemur í skjölum málsins, bendir til þess, að á Akureyri hafi ýmsum a. m. k. mátt vera kunnugt, að húseignin Skipagata 13 naut takmarkaðra lóðarréttinda, og ljóst er, að viðsemjanda stefnanda svo og útgefanda bréfsins hefur verið það kunnugt. Það, sem hér hefur verið rakið, leiðir ekkert í ljós um, að starfsmönnum stefnanda hafi mátt vera ljós hin takmörkuðu lóðarréttindi húseignarinnar.

Það skerðir ekki bótarétt stefnanda, þótt viðsemjandi stefnanda hafi verið mala fide. Ekki verður á það fallist, að starfsmenn stefnanda hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að kaupa skuldabréfið án þess að kynna sér sérstaklega, hvernig lóðarréttindum væri háttað. Við mat á gáleysi stefnanda við kaupin á bréfinu verður að líta til þess, að lánið samkvæmt umræddu skuldabréfi var tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir 500.000 kr., sem hvíldu á 1. veðrétti. Telja verður, að bréfið, sem var áritað um þinglýsingu án athugasemda, hafi ekki átt að krefjast sérstakrar athugunar.

Í skjölum málsins kemur fram, að bú Kaupskipa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 22. ágúst 1988 og skiptum lokið 5. desember 1990, án þess að greiðsla fengist í lýstar kröfur, sem samtals voru að fjárhæð 60.019.498,87 kr. auk vaxta og kostnaðar. Skipavík 13 hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember 1989 og skiptum lokið 4. apríl 1990, án þess eignir fyndust í búinu.

Fram kemur í endurriti úr uppboðsbók bæjarfógetans á Akureyri frá 7. desember 1988, að uppboðshaldari gerði í upphafi þann fyrirvara, að óvíst væri um lóðarréttindi hússins, en síðar í réttarhaldinu skoraði uppboðshaldari á viðstadda að gera boð í uppboðsandlagið Skipagötu 13, Akureyri, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Það, að stefnandi, sem hafði í höndum gjaldfallið ógreitt skuldabréf, bauð í eignina, verður ekki metið stefnanda til eiginsakar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að tjón stefnanda megi rekja til þess, að hann treysti athugasemdalausri yfirlýsingu um þinglýsingu skuldabréfsins, sem málið er af risið. Samkvæmt 1. mgr., a-lið, 49. gr. laga nr. 39/1978 ber stefnda að bæta stefnanda það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna kaupa á framangreindu veðskuldabréfi.

Stefnandi hefur sundurliðað bótakröfu sína svo:

1.	Greitt veðhöfum með forgangi fyrir kröfu stefnanda:		
	a) Brunabótafélagi Íslands	kr.	46.274
	b) Bæjarsj. Akureyrar v/fasteignagj.	–	84.339

	c) Ólafi Birgi Árnasyni hrl.	kr.	533.201
2.	Greiddur uppboðskostnaður	–	17.178
3.	Krafa Verðbréfasjóðsins hf. skv. skuldabréfinu á uppboðsdegi með verðbótum og samningsvöxtum	–	1.518.598
4.	Greiddur málskostnaður til Akureyrarbæjar skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. des. 1990	–	200.000
5.	Kostnaður Fjárheimtunnar hf. vegna bæjarþingsmála og meðferðar innheimtumáls	–	449.615
		Kr.	2.849.205

Hinum einstöku liðum bótakröfu stefnanda hefur ekki verið tölulega mótmælt, en því hefur verið sérstaklega mótmælt, að bótaregla 49. gr. laga nr. 39/1978 taki til kostnaðar vegna málaferla við Akureyrarbæ og meðferðar innheimtumáls.

Um leið og talið er, að stefnanda hafi verið rétt að bjóða í eignina Skipagötu 13, verður að telja, að stefnanda hafi verið rétt að reyna að fénýta sér eignina og þá um leið að taka til varna í máli Akureyrarbæjar gegn stefnanda, þar sem Akureyrarbær krafðist þess, að stefnandi fjarlægði húsið á sinn kostnað.

Stefnandi hefur upplýst, að húsið Skipagata 13 hafi verið rifið og ekkert hafi fengist fyrir það.

Niðurstaða málsins er því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 500.000 kr., og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., 2.849.205 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 1.518.598 kr. frá 7. desember 1988 til 17. janúar 1989, af 2.199.590 kr. frá þeim degi til 16. apríl 1991, af 2.399.590 kr. frá þeim degi til 17. janúar 1992, af 2.849.205 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 500.000 kr. í málskostnað.